Þingsályktunartillögur samþykktar.

1. Viðgerð fiskileitartækja.

Á 2. fundi í Sþ., 14. okt., var útbýtt:
Till. til þál. um hreyfanlega viðgerðarþjónustu við fiskileitartæki síldarflotans [18. mál] (A. 18).

Á 3. fundi í Sþ., 16. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 8. fundi í Sþ., 30. okt., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja till. þá til þál., sem prentuð hefur verið á þskj. 18, um hreyfanlega viðgerðarþjónustu við síldveiðiflotann. Eins og fram kemur í grg. till. og öllum er kunnugt, hefur fiskafli þjóðarinnar sífellt verið að aukast, og hefur aukning síldaraflans verið þar veigamest, sér í lagi undanfarin 3 ár. Það er fullyrt af sjómönnum, sem veiðar þessar hafa stundað, að án tilkomu hinna nýju og sífellt fullkomnari veiðitækja hefði aðeins óverulegur hluti þess afla, sem á land hefur komið, veiðzt. Þótt tæki þessi hafi óvefengjanlega gefið bezta raun á síldveiðunum, er einnig fullyrt og talið nauðsynlegt að hafa þau á öllum öðrum veiðum.

Til upplýsingar um aflaskiptingu undanfarinna ára hef ég aflað mér eftirfarandi talna frá Fiskifélagi Íslands, og til skýringar um heitið „þorskafli" er rétt að taka fram, að með því er átt við í skýrslunni nálega allan annan afla en síld og krabbafisk.

Árið 1960 er þessi þorskafli 373 995 tonn, en síldaraflinn það ár er 136 437 tonn. 1961 er þorskaflinn 306 402 tonn, en síldaraflinn 325 911 tonn. 1962 er þorskaflinn 286 912 tonn, en síldaraflinn 478 127 tonn. Til júníloka þessa árs hefur þorskaflinn verið 265 069 tonn, en síldaraflinn 134 497 tonn.

Af framangreindum tölum má glögglega sjá, hve hlutur síldaraflans er sífellt meiri í heildarfiskveiðunum á undanförnum árum. Á s. l. ári reyndist hann t. d. næstum tvöfalt meiri en þorskaflinn. Verðmætasti hluti síldaraflans hefur verið veiddur undanfarin ár, svo sem um áratugi, fyrir Norður- og Austurlandi, en veiðisvæðið þar er mjög reikult í dag og færist e. t. v. um tugi sjómílna á morgun. Til þess að möguleikar eigi að vera á því að veita flotanum alla nauðsynlega þjónustu, þarf því annað tveggja að ske, að setja upp sem flestar þjónustustöðvar um allt Norður- og Austurland eða hafa hreyfanlega þjónustu við flotann, sem gæti fært sig eftir honum og fylgt honum eftir. Fyrir velflestri nauðsynlegri þjónustu er séð í hinum ýmsu bæjum og kauptúnum, er að veiðisvæðinu liggja.

Fyrir einum mikilvægasta lið þessarar þjónustu hefur þó alls ekki verið séð, en það er viðgerðarþjónustan við hin dýrmætu fiskileitartæki. Þrátt fyrir þær staðreyndir, sem fyrir liggja um mikilvægi tækjanna, er þessi þjónusta enn á algeru frumstigi, sem telja verður algerlega ófullnægjandi. Í grg. till. er t. d. vikið að ástandi þessara mála s. l. sumar. Þá reyndist veiðin meginhluta veiðitímans vera fyrir Austfjörðum, en aðeins á einum stað, Norðfirði, var viðgerðarmaður, og mynduðust oft þar heilar biðraðir skipa, sem biðu eftir viðgerð á þessum dýrmætu tækjum. Það lætur að líkum, hve slík bið getur orsakað mikið og ómetanlegt tjón, þegar hverfa verður af miðunum e. t. v. á beztu veiðidögunum.

Með till. þeirri, sem hér er til umr., er til þess ætlazt, að leitað verði úrbóta um lausn hins alvarlega ástands til að forða frekara tjóni af skorti nauðsynlegrar viðgerðarþjónustu. Staðsetning margra viðgerðarstöðva yrði óhjákvæmilega mjög kostnaðarsöm og erfið vegna hinna breytilegu veiðisvæða, jafnvel frá degi til dags. Af framangreindum ástæðum er í till. sérstaklega bent á nauðsyn hreyfanlegrar þjónustu til viðhalds og viðgerðar tækjanna. Með samþykkt till. er úrbóta að vænta um lausn þessa vanda og að einskis verði látið ófreistað, til þess að því takmarki verði náð.

Herra forseti. Ég legg að lokum til, að að loknum umr. nú verði umr. um till. frestað og henni vísað til hv. allshn.

ATKVGR.
Till. vísað til allshn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 40. og 43. fundi í Sþ., 12. og 19. febr., var till. tekin til frh. einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 46. fundi í Sþ., 26. febr., var fram haldið einni umr. um till. (A. 18, n. 243).

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Till. þessi, sem hér er til umr., er fram borin af hv. 12. þm. Reykv. og er á þá leið, að Alþingi álykti að skora á ríkisstj. að láta fram fara athugun á því, hvernig verði bezt fyrir komið hreyfanlegri viðgerðarþjónustu við fiskileitartæki síldveiðiflotans. Það er óþarft að fara um það mörgum orðum, hversu þýðingarmikil þessi fiskileitartæki eru fyrir veiðiskipin og mikið undir því komið, ef eitthvað ber út af með þau, að unnt sé að veita skjóta og góða viðgerðarþjónustu.

Þessari till. var vísað til allshn. og hefur n. rætt hana á nokkrum fundum og sent hana til umsagnar. Það eru fjórir aðilar, sem hafa sent umsagnir um þessa till., þ. á m. er Alþýðusamband Íslands, en það segir svo m. a. í sinni umsögn, sem ég vil leyfa mér að lesa hér upp úr, með leyfi forseta:

„Alþýðusambandið telur sjálfsagt, að slík athugun fari fram, þar eð augljóst er, að árangur síldveiðanna er að mjög miklu leyti háður þessum dýrmætu leitartækjum. Það er því óbætanlegt tjón, ef miklar veiðitafir verða vegna bilana á þessum tækjum. Athuga ber sérstaklega, hvort umboð fiskileitartækjanna verða ekki að teljast skyld til að kosta og sjá um viðgerðarþjónustu í því formi, sem bezt tryggir skjóta viðgerð, ef bilanir verða."

Þetta var úr umsögn A. S. Í. Og nm. vilja einmitt alveg sérstaklega vekja athygli á þessari ábendingu, að þegar að því kemur, að athugun fari fram í sambandi við þessa till., ef hún verður samþykkt, þá sé einmitt mjög rík ástæða til að hugleiða, hvort ekki sé hægt að skylda umboð eða seljendur fiskileitartækjanna til að veita betri þjónustu en gert er nú.

Till. var einnig send til umsagnar Sjómannasambandi Íslands, og það mælir eindregið með því, að hún verði samþykkt.

Þá var hún enn fremur send til umsagnar landssímanum. Landssíminn tekur fram, að hann hafi að vísu ekki með viðgerðarþjónustu á þessum tækjum að gera, en hann hafi hins vegar séð um viðhald radíótækja í skipum. En landssíminn telur, að svipað fyrirkomulag geti hentað um viðgerðarþjónustu vegna fiskileitartækjanna og á þann hátt að hafa viðgerðarmenn í stærstu verstöðvunum með hreyfanlegum verkstæðum og með nægum birgðum varahluta og tækja.

Þá var þessi till. einnig borin undir Landssamband ísl. útvegsmanna, en í umsögn þess segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Vér viljum þó nú þegar greina frá því, að vér teldum heppilegra, að staðsettir yrðu viðgerðarmenn með næga varahluti í fiskileitartækin á þeim 3—4 stöðum á Norður- og Austurlandi, sem mestu síldarmagni er landað á, heldur en komið yrði á hreyfanlegri viðgerðarþjónustu, eins og um getur í bréfi yðar."

Allshn. er sammála um, að það sé nauðsyn á bættri þjónustu í þessum efnum. Hins vegar kunni það að þurfa nánari athugunar við, á hvern hátt sé eðlilegast að bæta þjónustuna, hvort það verði gert t. d. á þann hátt, eins og lagt er til í till., að hún verði hreyfanlegri en áður, eða þá með einhverjum öðrum hætti, og allshn. telur ekki rétt, að það sé í upphafi tekin afstaða til þess, á hvern veg viðgerðarþjónustan verði bætt, heldur sé bezt, að þeir aðilar, sem verði falin athugun þessa máls, ákveði það að þeirri athugun lokinni. Þess vegna hefur allshn. einróma lagt til, að þáltill. yrði samþykkt með þeirri breyt., sem greinir á þskj. 243, sem sagt að tillgr. orðist svo:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta fara fram athugun á því, hvernig bæta megi viðgerðarþjónustu í sambandi við fiskileitartæki síldveiðiflotans, þ. á m. verði athugaðir möguleikar á hreyfanlegri þjónustu."

Þá hefur n. einnig lagt til, að fyrirsögn till. verði breytt í samræmi við þetta.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Ég vil aðeins skýra það, að ég er algerlega samþykkur þeim brtt., sem hv. allshn. hefur gert á þeirri till., sem hér er til umr., og tel, að þær skaði ekki meginhugmyndina, sem að baki till. liggur, um bætta þjónustu í þessum efnum. Ég vil þakka n. skjóta og góða afgreiðslu og tel, að hér sé merkur áfangi stiginn til bættrar þjónustu við þennan mikilvæga atvinnuveg. Ég ítreka það, að ég fellst á þær breytingar, sem n. hefur gert á till., og tel, að þar hafi vel verið að unnið.

ATKVGR.

Brtt. 243,1 (ný tillgr.) samþ. með 38 shlj. atkv.
— 243,2 (ný fyrirsögn) samþ. með 42 shlj. atkv.

Till., svo breytt, samþ. með 42 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 327), með fyrirsögninni:

Þál. um að bæta viðgerðarþjónustu í sambandi við fiskileitartæki síldarflotans.

2. Kal í túnum.

Á deildafundum 18. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um rannsókn á kali í túnum [66. mál] (A. 71).

Á 18. fundi í Sþ., 20. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 22. og 25. fundi í Sþ., 27. nóv. og 11. des., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 30. fundi í Sþ., 18. des., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Till. svipuð þessari var flutt á síðasta Alþingi, en náði þá ekki endanlegri afgreiðslu hér á hv. Alþingi. Þess vegna höfum við flm. viljað freista þess að leggja þetta mál fram að nýju í trausti þess, að Alþingi taki það nú til endanlegrar afgreiðslu.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að túnræktin er sá efnahagslegi grundvöllur, sem afkoma bændastéttarinnar í landinu byggist öðru fremur á. Bregðist túngróðurinn eða minnki töðufengurinn, eru miklir erfiðleikar á næsta leiti. Þetta hefur þrásinnis endurtekið sig í

gegnum aldanna raðir, og síðast bar sumarið 1962 þess ljósan vott, hvað töðufengurinn getur minnkað, ef tíðarfarið er gróðrinum óhagstætt, eins og þá var í stórum hluta landsins. Og þá var talið, að kalskemmdir einar í túnum mundu hafa valdið því, að töðufengurinn var 1/6 hluta minni en þá tvö árin næst á undan og tapið, sem af því hlauzt, var reiknað sem næst 60—80 millj. kr.

Ég ætla mér ekki að fjölyrða hér um þessa till., en ég tel, að þessar staðreyndir, sem ég hef hér nefnt, sýni glögglega, hversu mikils virði er að geta aflað sér nægrar þekkingar og upplýsingar með rannsóknarstarfsemi til þess að fyrirbyggja, ef þess er kostur, að bændastéttin og þjóðfélagið verði fyrir jafnmiklum skaða og ég hef hér drepið á. En till. þessi hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að hlutast til um það við atvinnudeild Háskóla Íslands, landbúnaðardeild, að sérfræðingar hennar í jarðrækt einbeiti sér að rannsóknum á orsökum kals í túnum. Rannsóknunum sé m. a. beint að eftirfarandi atriðum:

1) Að hve miklu leyti má rekja orsakir kals til veðurfarsáhrifa, svo sem snjóa- og svellalaga, og við hvaða aðstæður kal myndast af þeim sökum.

2) Hvort eðlisfræðilegt ástand jarðvegsins, jarðvinnsluaðferðir, þurrkunarásigkomulag ræktunar, haust- og vetrarvatnsstaða í jarðvegi hafa áhrif í sambandi við kalhættu.

3) Hvort misnotkun áburðar, svo sem stórir skammtar köfnunarefnis, og áburðartími, t. d. áburðargjöf seint á sumri milli slátta, eigi sinn þátt í auknum kalskemmdum.

4) Hvort notkun túnanna, svo sem haustbeit og sláttur síðsumars og að hausti, auki kalhættu.

5) Rannsókn á þoli stofna, sem notaðir eru í fræblöndur.

Jafnframt verði í tilraunastöðvum gerðar ræktunartilraunir til að leita að þeirri ræktunaraðferð, svo sem varðandi jarðvinnslu, grastegundir og meðferð landsins, sem bezt standist gegn kalinu.

Að framkvæmd lokinni, sem kostuð verði með sérstöku fjárframlagi til landbúnaðardeildarinnar, séu gefnar út niðurstöður rannsóknanna og leiðbeiningar byggðar á þeim."

Ég vil taka það fram til að fyrirbyggja misskilning, að það eru rannsóknir á þessu sviði nú, en atvinnudeildin hefur takmörkuð fjárráð til að sinna þessum verkefnum, því að þar eru eins og á fjölmörgum öðrum sviðum ótæmandi rannsóknarverkefni. En hér er svo ráð fyrir gert í þessari till., að þessum verkefnum sé sinnt með sérstökum fjárframlögum, sem ríkið veitir í þessu skyni, þannig að ekki þarf að tefja aðrar þær rannsóknir, sem fyrir eru, vegna þessara rannsókna.

Ég vænti þess, að þótt till. þessi kunni að kosta nokkur fjárútlát úr ríkissjóði nú að sinni, þá muni, þegar tímar líða, það fjármagn margborga sig fyrir þjóðarheildina síðar meir. Ég vænti þess, að skilningur hv. alþm. á máli þessu verði góður og málið verði vel til lykta leitt á þessu þingi.

Ég legg til, að till. þessari verði vísað til hv. allshn. að lokinni umr. þessari, þar sem ákveðin er ein umræða.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 40. og 43. fundi í Sþ., 12. og 19. febr., var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 46. fundi í Sþ., 26. febr., var fram haldið einni umr. um till. (A. 71, n. 233).

Frsm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Allshn. hefur haft til meðferðar till. til þál. um rannsókn á kali í túnum o. fl., en till. er prentuð á þskj. 71. Enn fremur hefur n. haft til meðferðar umsagnir um þetta mál frá Búnaðarfélagi Íslands, Stéttarsambandi bænda og atvinnudeild háskólans. Þessar umsagnir eru jákvæðar gagnvart afgreiðslu málsins, og hefur n. samþykkt einróma að þeim athuguðum að leggja til við Alþingi, að till. verði samþykkt eins og hún liggur fyrir á þskj. 71.

Ég skal ekki hafa mörg orð um þetta mál. Þó vil ég leyfa mér að benda á það, sem reyndar kemur fram í nál. á þskj. 233, að samkvæmt upplýsingum atvinnudeildarinnar er áætlað, að tjón af kali í túnum hafi numið um 30 millj. kr. árið 1951 og 50 millj. kr. á árinu 1962, en þessi ár, 1951 og 1962, eru mestu kalár í seinni tíð hér á landi. Ég skal svo að öðru leyti láta mér nægja að vísa til nál. og þeirra þskj., sem fyrir liggja í þessu máli.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Eins og kemur fram í nál. hv. allshn. og raunar í framsöguræðu frsm. n., hafði n. sent nokkrum stofnunum mál þetta til umsagnar og þær allar gefið jákvæð svör. Og á þeim álitum hefur svo hv. allshn. byggt sínar till., sem hér liggja fyrir. Ég vil fyrir hönd okkar flm. þakka hv. allshn. fyrir afgreiðslu málsins og vona, að hæstv. ríkisstj. sjái sér fært að láta framkvæma sem allra fyrst það, sem í till. felst.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 34 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 328).

3. Bann gegn tilraunum með kjarnorkuvopn.

Á 25. fundi í Sþ., 11. des., var útbýtt:

Till. til þál. um heimild fyrir ríkisstj. til að fullgilda alþjóðasamning um takmarkað bann gegn tilraunum með kjarnorkuvopn [101. mál] (A. 128).

Á 30. fundi í Sþ., 18. des., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 35. fundi í Sþ., 22. jan., var till. tekin til einnar umr.

Utanrrh. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Þann 25. júlí 1963 var undirritað af hálfu ríkisstj. Bretlands, Bandaríkjanna og Ráðstjórnarríkjanna samkomulag um takmarkað bann gegn tilraunum með kjarnorkuvopn. Samkomulag þetta hefur verið lagt fyrir löggjafarþing þeirra þriggja þjóða, sem voru upphaflega aðilar að samningnum, og hefur samkomulagið verið staðfest í öllum þremur löndunum. Samkomulagið gerði ráð fyrir því, að ríkisstj. annarra landa væri gefinn kostur á að gerast aðili samkomulagsins, og jafnframt voru öll ríki heims hvött til að gerast aðilar að samkomulaginu.

Ríkisstjórn Íslands taldi, að Íslandi bæri að láta í ljós samþykki sitt og áhuga fyrir þeirri stefnu og þeim sjónarmiðum, sem fram koma í samkomulaginu, sem þarna hafði verið gert. Jafnframt taldi ríkisstj. sjálfsagt að láta í ljós þann vilja sinn, að áfram yrði haldið á þeirri braut, sem í samkomulaginu fólst. Af þessum ástæðum ákvað ríkisstj. Íslands, að Ísland skyldi gerast aðili að þessu samkomulagi, og var samkomulagið undirritað af Íslands hálfu 12. ágúst 1963. Nauðsynlegt er að fullgilda þetta samkomulag hér á hv. Alþingi, og hefur það verið lagt hér fram og lagt til, að það verði fullgilt.

Leyfi ég mér að leggja til, að umr. verði frestað og málinu vísað til utanrmn.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Það hefur margt verið sagt og skrifað um þennan svokallaða Moskvusáttmála seinustu mánuðina. Honum hefur verið tekið með miklum fögnuði af flestum þjóðum og stjórnmálamönnum, og það er vafalaust að bera í bakkafullan lækinn að bæta þar nokkru við. Ég get þó ekki látið hjá líða að minna á, að fáir Íslendingar munu fagna þessum sáttmála af jafnheilum hug og þeir menn á Íslandi, sem barizt hafa gegn vígbúnaði og erlendri hersetu. Ég vil einnig minna á, að samningur þessi hefði aldrei verið gerður og stórveldin hefðu vafalaust haldið áfram sinni glæpsamlegu iðju með kjarnorkuvopn og haldið áfram að eitra andrúmsloftið, ef ekki hefði komið til langvarandi og sterk barátta friðarvina og andstæðinga kjarnorkuvopna, þ. e. a. s. hernámsandstæðinga, um heim allan. Þúsundir friðarvina hafa orðið að þola hnútukast og jafnvel ofsóknir yfirvalda fyrir baráttu sína gegn kjarnorkuvopnum, og það er rétt að minna á það núna, þegar samkomulag hefur tekizt, að um árabil hefur það verið argasti kommúnismi að berjast gegn þessum múgmorðstækjum. En barátta þessi hefur núna borið árangur, og ég vil minna á, að það er ekki fyrir starf stríðsæsingamanna, sem það hefur tekizt, heldur fyrir starf friðarvina. Þess vegna fagna þeir nú meir en aðrir menn.

Þessi staðreynd er vissulega þess verð, að hún gleymist ekki. En samt hef ég ekki staðið hér upp sérstaklega til að minnast á hana. Ég hef staðið hér upp til að minna á, að þetta er fyrsta skrefið á langri og torsóttri leið mannkynsins til fullkominnar afvopnunar. Ég vil minna á, að þegar þjóðir heimsins stíga þetta mikilvæga skref, hljóta þær um leið að hugleiða, hvert muni verða hið næsta skrefið. Þær hljóta að hugleiða, hvað þær geti lagt af mörkum í framhaldi af því, sem þegar hefur áunnizt, til friðarstarfsins í heiminum. Ég hef staðið hér upp til að minna á, um leið og við afgreiðum og fullgildum þennan sáttmála, að þegar þessi samningur var undirritaður í Moskvu í júlí s. l. sumar, beindi framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, U Thant, þeirri áskorun til allra þjóða, að þær reyndu að koma upp kjarnorkulausum beltum sem víðast á jörðinni. U Thant lagði ekki aðeins á það áherzlu, að næsta skrefið í friðarátt ætti einmitt að vera þetta, heldur tók hann auk þess sérstaklega fram, að frumkvæðið að slíkum kjarnorkulausum svæðum í heiminum ætti að koma frá einstökum smáþjóðum. U Thant áleit ekki, að smáþjóðirnar ættu að bíða eftir því endalaust, að stórþjóðunum þóknaðist að semja um deilumál sín og semja um kjarnorkulaus belti, heldur skoraði hann á smáþjóðir eins og Íslendinga að taka einhliða ákvörðun ásamt nokkrum öðrum þjóðum, sem svipað væri ástatt um og ekki hefðu kjarnorkuvopn í landi sínu.

Ég álít, að framkvstj. Sameinuðu þjóðanna sé í slíkri stöðu á jörðinni, að við hljótum að virða orð hans að nokkru og eyða ofur litlum tíma til að hugleiða þau, sérstaklega þar sem svo stendur á, að þessi áskorun hans er einmitt bundin við þennan samning um takmarkað bann við tilraunum með kjarnorkuvopn, sem hér liggur fyrir til umræðu. Ég þarf ekki að minna á það, að hugmyndin um kjarnorkulaus svæði hefur mjög verið á dagskrá víða í heiminum að undanförnu, og ég tel óþarft að fara um það mörgum orðum, hversu þýðingarmikið það er talið af flestum ábyrgum stjórnmálamönnum, að kjarnorkuvopnum verði ekki dreift meir en orðið er.

Sænski utanrrh., Unden, lagði til á þingi Sameinuðu þjóðanna fyrir tveimur árum, að undirbúinn yrði samningur með öllum þjóðum, sem þá höfðu ekki kjarnorkuvopn, og skyldu þær koma sér saman um, að svo yrði ekki heldur í framtíðinni. Var þetta nefnt á blaðamannamáli „klúbbur kjarnorkulausra þjóða". Þessi till. var samþykkt með yfirgnæfandi meiri hl., en hún komst samt ekki í framkvæmd og þá fyrst og fremst vegna andstöðu forusturíkja Atlantshafsbandalagsins. Fyrir nokkru gerðu Afríkuþjóðir þá samþykkt á fundi sínum í Addis Abeba, — en það voru þær þjóðir, sem hlutlausar eru í hernaði og óháðar í átökum stórveldanna, — að þær skyldu tilheyra sérstöku kjarnorkulausu svæði um alla framtíð. Svipuð meirihlutasamþykkt hefur verið gerð hjá Sameinuðu þjóðunum, og þess er væntanlega mjög skammt að bíða, að formlega verði gengið frá því með samningi allra þjóða Afríku, að Afríka verði fyrsta svæðið í veröldinni, þar sem kjarnorkuvopn fá ekki að vera. Hið sama gildir um Suður-Ameríku, þar sem talið er sennilegt, að bráðlega verði gengið frá því á þingi Sameinuðu þjóðanna, að Suður-Ameríka verði kjarnorkuvopnalaust svæði.

Í maímánuði s. l. lagði Kekkonen Finnlandsforseti fram þá hugmynd sína, að Norðurlöndin mynduðu kjarnorkulaust svæði. Það er af þessari hugmynd að segja, að sænska ríkisstj.

tók nokkuð vel í þessa hugmynd, enda þótt hvorki væri svarað neitandi né játandi, og Tage Erlander, forsrh. Svía, komst svo að orði, að þessi hugmynd væri mjög „interessant". Afstaða dönsku og norsku ríkisstj. var aftur á móti öllu kuldalegri. Síðan þetta var, hefur Kekkonen Finnlandsforseti endurtekið þessa ósk sína hvað eftir annað. Þetta mál, hvort Norðurlönd skuli vera kjarnorkulaust svæði, er mál, sem nú er á dagskrá um öll Norðurlönd. Það er vitað, að þessi spurning mun verða á dagskrá Norðurlandaráðs, þegar það kemur saman í Stokkhólmi í miðjum febrúar n. k.

Nú vil ég leyfa mér að leggja fram þá spurningu, um leið og umr. um þann samning, sem hér liggur fyrir, fara fram, hver verði afstaða íslenzku ríkisstj. til þessarar hugmyndar Kekkonens Finnlandsforseta, en hann hefur fengið, eins og ég tók fram, mjög eindreginn stuðning U Thants framkvstj. Sameinuðu þjóðanna. Ég vil samt spyrja að því, vegna þess að það hefur enn ekki komið fram, hver verði afstaða íslenzku fulltrúanna á fundi Norðurlandaráðs, og einnig væri mjög ánægjulegt að heyra skoðanir annarra þeirra hv. þm., sem væntanlega munu sitja þennan fund. Ég vil minna á, enda þótt ekki sé fólgin í því nein sérstök illkvittni, að þegar kjarnorkusprengingar voru á dagskrá hér seinast á hv. Alþingi, fyrir um það bil 2 árum, neituðu núv. stjórnarflokkar að fordæma allar tilraunir með kjarnorkuvopn og létu sér nægja að fordæma þær tilraunir einar, sem Sovétríkin stóðu að. Einnig neituðu þessir sömu flokkar að samþykkja yfirlýsingu um, að aldrei skyldu verða kjarnorkuvopn á íslenzkri grund.

Það er áreiðanlega von meiri hl. íslenzku þjóðarinnar, að íslenzk utanríkisstefna sé stefna friðar og sátta, en ekki stefna striðs og vígbúnaðar. Það er vafalaust, að þessi afstaða íslenzku ríkisstj. og stjórnarflokkanna fyrir tveimur árum varð íslenzku þjóðinni mikil vonbrigði, enda getur hún á engan hátt talizt í samræmi við stefnu friðar og sátta í heiminum. Það er vafalaust von meiri hl. íslenzku þjóðarinnar, að allar aðgerðir í utanríkismálum séu fyrst og fremst við það miðaðar, að þær geti orðið lóð á vogarskál friðarins.

Ég efast ekki um, að margir bera þá von í brjósti, að íslenzka ríkisstj. hafi breytt um stefnu í þessu máli og muni nú styðja afdráttarlaust þá hugmynd, sem fram hefur komið um kjarnorkulaust belti á Norðurlöndum. Hér reynir á friðarvilja íslenzku ríkisstj., og það er eðlilegt, að hv. Alþingi biði eftir því með nokkurri forvitni að heyra svör hæstv. utanrrh. um þetta mikilsverða mál.

Utanrrh. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Á undanförnum tveimur árum hefur vart verið um annað mál rætt meira á alþjóðaráðstefnum, sem haldnar hafa verið í heiminum, en afvopnunarmálin sjálf og kjarnorkuvopn og tilraunir með þau. Þetta mál hefur verið á dagskrá á fundum hjá Sameinuðu þjóðunum á hverju ári, síðan þær voru stofnaðar, og jafnan verið það málið, sem mestan tíma hefur tekið þar af fundunum. Ráðstefnur hafa verið um þetta haldnar og mikið um það rætt, og hygg ég, að ekki sé nokkur vafi á því, að um ekkert eitt mál hafa jafnmörg orð verið sögð og jafnmiklum fundartíma verið eytt í heiminum og þetta eina mál. En árangurinn af öllum þessum umr. er næsta lítill, og þessi till., sem hér liggur fyrir, þó að merkileg sé, er sennilega það helzta, sem sézt hefur jákvætt eftir allar þær umr.

Hv. síðasti ræðumaður byrjaði á því að ræða afvopnunarmálin almennt og vildi nokkuð fara út í þau. Ég býst ekki við, að við bætum okkur neitt á því, þó að við förum að endurtaka hér eitthvað af öllum þeim ósköpum, sem sögð hafa verið um það mál á ráðstefnum og fundum að undanförnu. Ég held, að út úr slíku gæti aldrei komið annað en tímaeyðsla og málþóf, og ég fyrir mitt leyti hef það mikinn áhuga fyrir þeirri till., sem hér liggur fyrir, að ég vildi gjarnan, að umr. um hana þyrftu ekki að fara fram með þeim hætti, að þær drægjust svo lengi, að ekki tækist að samþykkja hana á þinginu. Ég ætla þess vegna að leiða hjá mér almennar umr. í sambandi við hugleiðingar hv. síðasta ræðumanns út af afvopnunarmálunum. Fsp. hans um kjarnorkulaust svæði og Ísland og Norðurlöndin í því sambandi vil ég hins vegar og tel mér skylt að svara aðeins.

Ísland hefur sjálft engin vopn, hvorki kjarnorkuvopn né önnur vopn, og hefur alls ekki í hyggju né nein tök á að koma sér upp neinum vopnum. Varnarlið það, sem er hér á Íslandi, hefur engin kjarnorkuvopn, og það hefur enginn farið fram á það, að hér yrðu höfð kjarnorkuvopn. Ísland er því í dag kjarnorkuvopnalaust land. Það eru engar ráðagerðir uppi um það að gera á þessu neinar breytingar. Íslenzka ríkisstj. hefur ekki áform um neinar breytingar, og þeir, sem hafa hér varnarlið, hafa ekki í hyggju að fara fram á neitt leyfi til að hafa hér kjarnorkuvopn. Aðrar og frekari yfirlýsingar er ekki hægt að gefa í sambandi við þetta mál og framtíðina. Ég get ekki gefið hér neinar yfirlýsingar, sem bindandi eru fyrir þær ríkisstj., sem síðar kunna að koma, auk þess sem það væri með öllu ástæðulaust fyrir mig að fara að gefa hér yfirlýsingar um það, að eitthvað skuli vera svo og svo eða ekki svo og svo um ókomna framtíð, án þess að maður geti vitað, hvernig ástandið verði í heiminum og hvaða tilefni kunna að verða hér til að gera einhverjar ráðstafanir. Ástandið í alþjóðamálum verður að skera úr um það, hvaða ráðstafanir þarf að gera hér til varnar. En í dag eru hér engin kjarnorkuvopn, og það eru engin áform uppi um að hafa nein slík vopn né neinar óskir um, að hér komi nein slík vopn. Þessi afstaða, sem Ísland hefur tekið í málinu, er nákvæmlega sú sama og algerlega hliðstæð við þá afstöðu, sem komið hefur fram opinberlega af hálfu ríkisstj. bæði Danmerkur og Noregs. Þessari afstöðu hefur áður verið lýst hér á hv. Alþingi, hún er ekki ný, og hún er einnig þekkt á Norðurlöndum, að því er varðar afstöðu Noregs og Danmerkur.

ATKVGR.

Till. vísað til utanrmn. með 35 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 46. fundi í Sþ., 26. febr., var fram haldið einni umr. um till. (A. 128, n. 247, 274).

Frsm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Það vakti fögnuð meðal flestra þjóða heims, þegar ríkisstj. Bandaríkjanna, Sovétríkjanna og Stóra-Bretlands komust að samkomulagi á s. l. sumri um takmarkað bann gegn tilraunum með kjarnorkuvopn í gufuhvolfinu, himingeimnum og neðansjávar. Friðelskandi fólk um víða veröld þóttist í þessu samkomulagi stórveldanna í vestri og austri eygja nýja von um batnandi horfur í alþjóðamálum og auknar líkur fyrir afvopnun í stað sívaxandi herbúnaðar kalda stríðsins.

Samningur stórveldanna um takmarkað bann gegn tilraunum með kjarnorkuvopn var fullgiltur af frumaðilum hans 10. okt. 1963. Fulltrúar fjölda annarra þjóða hafa jafnframt undirritað samninginn. Af hálfu Íslands var hann undirritaður í London, Moskvu og Washington hinn 12. ágúst s. l. En gildistaka hans fyrir Ísland er háð fullgildingu og fer till. sú, sem hér liggur fyrir, fram á heimild Alþingis til þess.

Utanrmn. hefur fengið þessa till. til meðferðar og leggur einróma til, að hún verði samþykkt. Hv. 3. þm. Reykv. hefur ásamt tveimur öðrum hv. þm. flutt brtt. við till. á þskj. 274. Meiri hl. utanrmn. mælir gegn þeirri brtt., þar sem hún telur hana fjalla um allt annað atriði en felst í sjálfri megintill., sem enginn ágreiningur ríkir um.

Að svo mæltu leyfi ég mér að ítreka, að utanrmn. leggur til, að till. verði samþykkt óbreytt.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Utanrmn. varð öll sammála um þá till., sem hér liggur fyrir. Ég leyfi mér að taka undir þá yfirlýsingu, sem hv. frsm. og formaður n. kom með um ánægju okkar allra yfir því, að þetta samkomulag skyldi takast og allur þorri þjóða heims hefur sameinazt um þetta bann við tilraunum með kjarnorkuvopn. Við höfum hér þrír þm., hv. 5. þm. Reykn., hv. 5. landsk. og ég, flutt brtt. á þskj. 274 um, að aftan við tillgr. bætist svo hljóðandi mgr.:

„Jafnframt ályktar Alþingi að lýsa yfir því, að það muni aldrei leyfa staðsetningu neins konar kjarnorkuvopna á Íslandi né að slíkum vopnum verði nokkurn tíma beitt frá stöðvum hér á landi."

Það liggur nokkurn veginn í augum uppi, að það er ekki sérstaklega mikið, sem við Íslendingar þurfum að leggja af mörkum til þess að vinna að því að reyna að hindra, að í framtíðinni verði gerðar tilraunir með kjarnorkuvopn eða þeim beitt, með því einu að gerast aðili að Moskvusamningnum frá síðasta sumri. Það liggur nokkurn veginn í augum uppi, að það hefði aldrei komið til greina, að við færum að gera neinar tilraunir með kjarnorkuvopn eða færum að leyfa neinar tilraunir hér með slíkt. Hins vegar finnst okkur flm. þessarar brtt. rétt, að við sýnum það að nokkru í verki, Íslendingar, að við metum það mikils, að það skuli hafa tekizt samkomulag um að banna allar tilraunir með kjarnorkuvopn og það skuli þannig hafa verið stigið visst stórt skref í þá átt að hindra, að kjarnorkuhernaður verði nokkurn tíma háður. Við viljum undirstrika okkar þátt í þessu með því, að Alþingi samþykki, að hér á Íslandi skuli aldrei leyfð staðsetning neins konar kjarnorkuvopna né að slíkum vopnum verði nokkurn tíma beitt frá stöðvum hér á landi. Það er vitanlegt, að það er eins og margoft hefur komið fram, skoðun allra þm. og allrar hæstv. ríkisstj. líka, að hér eigi ekki að staðsetja kjarnorkuvopn, hér hafi ekki verið staðsett kjarnorkuvopn og hér hafi þau aldrei verið leyfð. Hví í ósköpunum ættum við ekki að taka af öll tvímæli um þetta með skorinorðri yfirlýsingu frá Alþingi, að hér verði aldrei kjarnorkuvopn leyfð? Það hefur verið greinilega tekið fram, m. a. af hæstv. utanrrh., ef ég man rétt, að það hafi heldur aldrei verið farið fram á það að staðsetja hér slík vopn. Hví í ósköpunum ætti ekki Alþingi Íslendinga einmitt við þetta hátíðlega tækifæri, þegar yfir 100 af ríkjum heims hafa sameinazt um að banna tilraunir með kjarnorkuvopn, að lýsa yfir, að það komi aldrei til mála, að hér verði leyfð nein staðsetning kjarnorkuvopna né þeim verði beitt héðan? Okkur finnst þetta liggja svo í augum uppi, að þetta sé slík yfirlýsing, sem Alþingi beri að gera. Við getum máske skilið það, að fyrir nokkrum árum, þegar hiti var í þessum málum, hafi ekki allir getað orðið sammála um þetta atriði. Nú aftur á móti, þegar kalda stríðinu er að lykta, nú, þegar það koma yfirlýsingar hverjar á fætur annarri, jafnt frá forseta Bandaríkjanna sem frá forsætisráðherra Sovétríkjanna og forustumönnum Stóra-Bretlands, að til kjarnorkuhernaðar megi ekki koma, hví í ósköpunum skyldum við þá ekki, vopnlaus þjóðin, af okkar litla mætti taka undir þetta á þann máta að lýsa yfir, að það verði aldrei staðsett kjarnorkuvopn hér á Íslandi og þeim verði aldrei beitt héðan, a. m. k. ekki með leyfi Alþingis? Við vitum, að það fer sívaxandi sú hreyfing í heiminum og á sér fylgi hjá fjölda þjóða, að í löndum þeirra þjóða sé lýst yfir, að þau verði kjarnorkuvopnalaus, þar verði aldrei staðsett kjarnorkuvopn og þaðan verði aldrei beitt kjarnorkuvopnum. Það er ekki langt að bíða þess, að stór svæði í heiminum, heilar heimsálfur og hálfar, lýsi yfir, að slíkt komi ekki til greina.

Það hefur alltaf hvílt viss skylda á Íslendingum í þessum málum, að sýna og sanna, að vopnleysi sé óhætt í veröldinni. Við byrjuðum með því sjálfir 1918, þegar við fengum okkar fullveldi, að lýsa yfir, að við værum vopnlausir og vildum vera hlutlausir í hernaði. Og núna, þegar aftur, eftir að nokkuð hefur syrt að um tíma, birtir til í heiminum, ætti það einmitt að vera okkar heiður að ganga jafnvel á undan öðrum þjóðum í því að lýsa því yfir, að kjarnorkuvopnum a. m. k. skuli aldrei beitt frá þessu landi og þau skuli aldrei staðsett í þessu landi. Það er þess vegna ekki fram á mikið farið og þarf ekki að neinu leyti að brjóta í bága við þær mismunandi skoðanir, sem uppi eru, eins og kunnugt er, á meðal þm. um það, hvort hér eigi setu t. d. erlendur her og hvort með því sé veitt einhver hervernd fyrir landið og annað þess háttar. Þetta atriði með kjarnorkuvopnin kemur sem sé því máli ekki við. Við getum stigið þetta stóra spor og gefið öðrum þjóðum for-

dæmi í sambandi við þessa yfirlýsingu alveg án tillits til þess. Meira að segja þeir menn, sem eru bandamenn Íslands í Atlanatshafsbandalaginu, þau ríki, sem eru bandamenn Íslands þar, hafa aldrei fram á það farið, að hér væru staðsett nein kjarnorkuvopn eða þeim væri beitt héðan. Og vissulega er engin heimild til þess heldur að gera það án samþykkis Alþingis. Það er þess vegna skoðun okkar flm. þessarar brtt., að með því að samþykkja hana undirstriki Alþingi Íslendinga anda þeirrar samþykktar, sem hér er verið að gera, og leggi fram mikilvægan skerf af sinni hálfu til þess, að öruggari friður megi komast á í veröldinni. Við viljum þess vegna eindregið, alveg án tillits til þess skoðanaágreinings, sem annars kann að vera hjá hv. þm., fara fram á það, að Alþingi samþykki þessa brtt.

Utanrrh. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Ég vil þakka utanrmn. fyrir skjóta og góða afgreiðslu á þeirri þáltill., sem hér liggur fyrir. Ég get, að því er varðar brtt. þá, sem fram hefur verið borin, tekið undir það, sem hv. frsm. utanrmn. sagði um þá till. Ég er honum og meiri hl. utanrmn. algerlega sammála um, að brtt. sú, sem hér er á ferðinni, á ekki heima í sambandi við þá till., sem hér liggur fyrir. Hér er farið fram á það eitt að staðfesta fullgildingu á alþjóðasamningi, sem íslenzka ríkisstj. hefur ákveðið að gerast aðili að og biður nú um heimild Alþingis til að staðfesta. Sú brtt., sem hér er lögð fram, gengur lengra og inn á víðara svið en samningurinn sjálfur fjallar um, og það er að mínu viti algerlega ótímabært, eins og málin standa, að fara að blanda þessum tveimur atriðum saman.

Því hefur verið hvað eftir annað lýst yfir af hálfu ríkisstj., að hér hafi engin kjarnorkuvopn verið, hér séu engin kjarnorkuvopn og ekki hafi verið farið fram á að hafa þau hér. Þetta er að sjálfsögðu byggt á því ástandi, sem ríkt hefur og ríkir í alþjóðamálum. Tilefni til þess að hafa hér kjarnorkuvopn hafa alls ekki verið fyrir hendi. En það er skoðun ríkisstj., að það sé ekki ástæða til að slá því föstu um alla framtíð, að hér skuli engin kjarnorkuvopn vera. Það er ekkert tilefni til að gefa slíka yfirlýsingu í dag, og maður veit ekki á þessari stundu, hvernig skipast kunni í alþjóðamálum í framtíðinni, og það er því fremur fráleitt að gefa yfirlýsingu eins og þá, sem farið er fram á í brtt., sem að undanförnu hafa staðið yfir og standa enn yfir milliríkjaráðstefnur, þar sem verið er að ræða þessi mál og reyna að komast að samkomulagi um afvopnun og bann við kjarnorkuvopnum. Þessar ráðstefnur hafa lengi staðið yfir, þær standa enn yfir, og menn eru að gera sér vonir um, að þar fáist heildarárangur í þessum málum, árangur, sem ekki snertir okkur eina, heldur allar þjóðir. Og það væri vissulega nokkuð úrhættis fyrir okkur, á meðan málin standa þannig, að fara að gefa yfirlýsingu eins og þá, sem hér er farið fram á, að hér skuli aldrei kjarnorkuvopn vera, til hvaða atburða sem kunni að draga í heiminum.

Ég vil eindregið leggja til, að brtt. verði felld og þáltill. sjálf verði samþykkt óbreytt, eins og hún liggur fyrir.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Hæstv. utanrrh. sagði, að þessi brtt. ætti ekki heima þarna. Ég held, að hún eigi hvergi nokkurs staðar eins vel heima og þarna. Ég sé eiginlega ekki, hvar maður gæti komið henni betur fyrir. Það er verið að ákveða það, að við Íslendingar tökum þátt í samningi um, að við munum ekki gera neinar tilraunir með kjarnorkuvopn og við munum ekki heldur leyfa neinar tilraunir með kjarnorkuvopn í okkar landi, a. m. k. ekki þá nema neðanjarðar. Hvað á nú betur við, þegar maður er að taka ákvörðun um það, að maður ætli ekki að gera neinar tilraunir með kjarnorkuvopn og ekki leyfa neinar tilraunir með kjarnorkuvopn í sínu eigin landi, heldur en ákveða um leið, að maður ætli ekki að láta beita þeim hérna? Ég sé ekki betur en það sé ekkert eins skylt og þetta tvennt. Það væri nú nokkuð hart, finnst mér, ef maður ætlaði að fara að láta líta svo út, að við viljum engar tilraunir með kjarnorkuvopn hérna, a. m. k. ekki ofanjarðar, en við getum ósköp vel hugsað okkur, að til kæmi, að þeim yrði beitt hérna. Ég held, að það sé einmitt sú rökrétta afleiðing fyrir okkur af því að taka þátt í þessum samningi og fullgilda hann, að við lýsum því yfir um leið, að við munum ekki leyfa neina beitingu kjarnorkuvopna frá þessu landi eða neina staðsetningu þeirra hér. Þetta er því eðlilegra og á því betur heima sem viðbót við þessa heimild til hæstv. ríkisstj. sem hæstv. utanrrh. nú eins og áður lýsir því yfir, að kjarnorkuvopn séu ekki staðsett hérna, að það hafi ekki verið farið fram á að staðsetja þau hérna né fá aðstöðu til að beita þeim héðan. Þegar meira að segja okkar bandamenn, sem hafa her hér í landinu, hafa ekki farið fram á það, að hér væru staðsett kjarnorkuvopn, hví í ósköpunum ættum við að vera að gefa undir fótinn með það, að svo framarlega sem þessi ríki færu fram á slíkt, mundu þau ekki verða alveg örugg um afsvar? Hví í ósköpunum ættum við að láta okkur detta í hug að gefa undir fótinn með slíkt? Hæstv. utanrrh. lýsir yfir, að það hefur ekki verið farið fram á það af þessum ríkjum, eins og Bandaríkjunum, og er þá ekki einmitt núna augnablikið til að taka af öll tvímæli, meira að segja til þess að okkar ágætu bandamenn séu ekkert að ónáða sig með það í framtíðinni að fara fram á slíkt eða reikna með neinu slíku? Það getur meira að segja verið bezt fyrir þá að vita það strax, að það komi aldrei til greina. Þeir gera þá kannske sínar ráðstafanir annars staðar, ef það yrði kjarnorkustríð.

Hæstv. utanrrh. segir, að það sé ekki hægt að segja neitt um alla framtíð. Jú, það er einmitt um alla framtíð, sem við þurfum að gefa þessa yfirlýsingu. Við þurfum einmitt að koma í veg fyrir það, að jafnvel þó að það syrti eitthvað í loftinu aftur og eitthvað kólnaði í áróðursstríðinu, þá yrði ekki farið fram á það, að hér séu staðsett kjarnorkuvopn. Við vitum það allir saman, að staðsetning kjarnorkuvopna hér á Íslandi þýðir eingöngu að bjóða kjarnorkusprengjum heim, ef til kjarnorkustyrjaldar kæmi. Það þýðir ekkert annað. Það dettur engum manni í hug að halda, að staðsetning kjarnorkuvopna sé nein vörn. Það er þess vegna einmitt núna, þegar kjarnorkustórveldin sjálf hafa þó

loks komið sér saman um að hætta tilraununum, þá er einmitt um að gera, að smáþjóðir eins og við og það sem allra flestar í veröldinni noti tækifærið til þess að segja við þessi stórveldi: Við viljum ekki láta staðsetja kjarnorkuvopn hér og munum aldrei leyfa það og aldrei leyfa, að þeim sé beitt frá okkar landi. — Og ef þorrinn af þjóðum heims, þeim sem ekki hafa t. d. kjarnorkuvopn, lýsir slíku yfir, er það stórkostlegt framlag af þeirra hálfu til þess að koma í veg fyrir, að kjarnorkustórveldin hyggi nokkurn tíma á kjarnorkustyrjöld. Við vitum það ákaflega vel, að bæði helztu kjarnorkustórveldin, Sovétríkin og Bandaríkin, eru svo óskaplega hikandi í þessum málum einmitt vegna þess, að þeim er kannske ljósara eða þeirra forustumönnum beggja en flestum öðrum, hve ægileg eyðilegging, hvert sjálfsmorð það væri, meira að segja fyrir þessi stóru ríki, að leggja út í slíkt. Og hvað á það þá að vera fyrir okkur, — okkur, sem höfum meiri hl. þjóðarinnar staðsettan hérna í nánd við aðalherflugvöllinn eða mitt á milli aðalflugvallarins og e. t. v. þess, sem gæti orðið eins konar flotastöð? Þess vegna finnst mér satt að segja alveg óðs manns æði af okkur að lýsa ekki yfir, einmitt nota tækifæri, þegar ofur lítið vorar, þegar ofur lítið hlýnar í þessu kalda stríði, til þess að segja: Það kemur aldrei til mála, að hér verði staðsett nein kjarnorkuvopn, — þannig að bæði þeir, sem við værum í bandalagi við, og þeir, sem væru þeirra andstæðingar, vissu af þessu og gætu reiknað með því, hvað sem gerðist í framtíðinni, að hér yrðu aldrei staðsett kjarnorkuvopn. Ég held þess vegna, svo að ég noti orð hæstv. utanrrh., hvaða atburðir sem kunna að koma fyrir í framtíðinni, hvaða atburðir sem kunna að koma fyrir, þá á það að vera skýrt, að á Íslandi verði ekki staðsett nein kjarnorkuvopn, ekki a. m. k. með leyfi Alþingis, þ. e. a. s. með leyfi þjóðarinnar, þannig að bæði vinir og óvinir í stríði, ef sú hörmung skyldi skella yfir, viti það, og ef svo færi, sem við allir erum sammála um og vonum, að ekki verði, að þessi stórveldi ættu eftir að lenda í kjarnorkustríði, og ef það vald, sem við nú erum í bandalagi við, kysi að staðsetja hér kjarnorkuvopn, sé það gert án þess, að Ísland og Íslendingar eigi þar nokkra sök á og kalli nokkra sök yfir sig með því að leyfa slíkt, þá sé það gert þannig, að það sé gert í okkar óleyfi, í okkar banni og án okkar siðferðilegu ábyrgðar. Það þýðir kannske ekki mikið upp á það, hvernig menn drepast, en viðkunnanlegra er það þó a. m. k., ef eitthvað skyldi lifa af Íslendingum eftir úr slíkri styrjöld, að það hafi ekki verið beinlínis kallað yfir landið af forustumönnum sjálfrar þjóðarinnar, heldur hafi þetta þá verið gert af öðrum aðilum, sem við gátum ekki ráðið við.

Ég held þess vegna, að það sé einmitt núna sá rétti tími til að gefa þessa yfirlýsingu og þessi yfirlýsing eigi hvergi betur heima en sem framlag þeirrar vopnlausu íslenzku þjóðar í sambandi við þennan ánægjulega samning, sem stórveldi heimsins þarna hafa gert.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Það voru aðeins örfá orð. — Á nýafstöðnu þingi Norðurlandaráðs lá fyrir þinginu þáltill. frá nokkrum finnsku fulltrúanna, þar sem lagt var til, að Norðurlandaráð lýsti því yfir, að Norðurlönd yrðu í framtíðinni kjarnorkulaust svæði. Þessi till. var á þinginu felld með yfirgnæfandi meiri hl. atkv., ekki vegna þess, að nokkur einasti þingfulltrúa væri þeirrar skoðunar, að Norðurlönd ættu að hafa kjarnorkuvopn, heldur vegna þess, að það var talið algerlega óeðlilegt að gefa neina slíka einhliða yfirlýsingu, og til þess vitnað, að það væri alkunna öllum þjóðum heims, að Norðurlöndin legðu á það áherzlu alla tíð innan samtaka Sameinuðu þjóðanna að vinna gegn notkun kjarnorkuvopna og þau yrðu hvarvetna útlæg gerð og að það yrði unnið að því, eins og Svíar hafa lagt til, að koma á stórum kjarnorkulausum beltum víðs vegar um heiminn og þannig smám saman draga úr áhættu af notkun kjarnorkuvopna og þau yrðu hvarvetna útlæg gerð og að það yrði unnið að því, eins og Svíar hafa lagt til, að koma á stórum kjarnorkulausum beltum víðs vegar um heiminn og þannig smám saman draga úr áhættu af notkun kjarnorkuvopna. Hins vegar var á það bent, og það er kannske fróðlegt að geta þess, vegna þess að Svíar hafa ætíð haft nokkra sérstöðu vegna síns yfirlýsta hlutleysis, — það var á það bent af þeirra hálfu, að þeir væru einnig andvígir að gefa slíka yfirlýsingu, vegna þess að þótt þeir hugsuðu sér ekki að leyfa nein kjarnorkuvopn né framleiða kjarnorkuvopn, teldu þeir mjög hæpið að vera að gefa slíkar yfirlýsingar fyrir mjög afmörkuð landssvæði. Þeirra fyrrv. utanrrh., eins og menn vafalaust vita, hafði frumkvæði að því að leggja til, að komið yrði á stóru kjarnorkulausu belti í Evrópu, og það var af hálfu þeirra forsrh. á það bent núna, að þetta væri áfram þeirra skoðun, en þeir teldu, að það þjónaði engum tilgangi í þessu máli að vera að gefa takmarkaða yfirlýsingu fyrir Norðurlönd, því að þetta þyrfti að skoðast frá miklu víðari sjónarhóli og ætti af eðlilegum ástæðum að vinna að þeim málum með samstarfi Norðurlanda innan Sameinuðu þjóðanna. Það væri öllum kunnugt um það, öllum heimi, að Norðurlönd væru andvíg kjarnorkuvopnum og öllum vopnabúnaði og þau hefðu alltaf hingað til og mundu hér eftir leggja sitt af mörkum til þess að styðja öll þau öfl, sem ynnu gegn slíku á alþjóðlegum vettvangi.

Það var ekki minnzt á Ísland í þessari till. Norðurlandaráðs, en að sjálfsögðu er okkar sjónarmið af eðlilegum og sjálfsögðum ástæðum alveg byggt á sömu forsendum, enda hefur Ísland ætíð staðið með öllum aðgerðum á þessu sviði á alþjóðlegum vettvangi með hinum Norðurlöndunum.

Það má kannske segja sem svo, að það sé meinlaust að gefa yfirlýsingu sem þessa. En ég held nú sannast sagna, að ef menn fara að skoða hana niður í kjölinn, sé hún harla fányt, í fyrsta lagi vegna þess, að það er auðvitað fjarri öllu lagi, að Alþingi geti með þál. bundið þingið um alla framtíð. Það er gersamlega útilokað mál. Það getur orðið skipað á allt annan veg og að sjálfsögðu ekki nokkur möguleiki til þess, að það sé hægt að binda þingið á þennan hátt, og að gefa slíka yfirlýsingu er nánast næsta broslegt. Það er hægt að gefa hana fyrir þann tíma, sem núv. þm. hafa sitt umboð, en það getur auðvitað ekki bundið þingið í komandi framtíð,

þannig að af þeirri ástæðu einni saman er svona till. harla hæpin. Að öðru leyti má svo benda á það, sem ég hygg að muni vera rétt, að þegar lagðar eru hér fyrir Alþingi þál. um staðfestingu alþjóðlegra samninga, á hvaða sviði sem það er, þá held ég, að það hafi aldrei verið venjan að fara að tengja við það aðrar yfirlýsingar, þó að það kunni eitthvað að vera skylt því máli, heldur sé aðeins gefin einföld yfirlýsing um staðfestingu viðkomandi samnings, en ekki farið að taka upp önnur mál í sambandi við það, enda þótt þau kunni að vera meira og minna skyld. Mér sýnist það því vera augljóst mál, að þó að menn geti ekki fallizt á þessa brtt., sem hér er flutt af hv. 3. þm. Reykv., þá auðvitað felur það ekki í sér það, að nokkur einasti þm. hér, og ég þykist þess fullviss, að það sé ekki einn einasti þm. finnanlegur hér á hinu háa Alþingi, sem ekki sé í allan máta andvígur hvers konar notkun kjarnorkuvopna og beitingu þeirra frá okkar landssvæðum eða annars staðar og eigi enga ósk heitari en það sé hægt að útrýma slíkum vágestum úr veröldinni, — þá ber ekki að skoða viðhorf manna til þessarar brtt. sem neina yfirlýsingu um það efni, heldur nákvæmlega á sama hátt og kom fram í Norðurlandaráði hjá þeim mikla þorra þingfulltrúa, sem greiddi atkv. þar gegn till., sem gekk í svipaða átt, en var þó mun vægar orðuð en þessi till. hér.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Það er aðeins út af þeim umr., sem hér hafa orðið í sambandi við þessa brtt., að ég vil taka fram, að Framsfl. hefur tekið afstöðu gegn því, að hér verði leyfð kjarnorkuvopn, verði staðsett kjarnorkuvopn. Á síðasta flokksþingi var samþykkt hér að lútandi orðuð þannig, að Framsfl. lýsir sig andvígan því, að hér á landi sé leyfð staðsetning kjarnorkuvopna. Af þessu leiðir, að ég vil mæla með því, að þessi till., sem hér liggur fyrir, verði samþykkt. Þó að það megi kannske eitthvað setja út á orðalag hennar, þá er meginstefnan í till. sú sama og kemur fram í þessari samþykkt Framsfl. og mæli ég því með henni.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Ég vil aðeins leggja hér orð í belg, þegar um það er rætt, hvort þessi brtt., sem hér liggur fyrir, eigi heima við afgreiðslu á þessari till. um staðfestingu á samningi um bann við kjarnorkuvopnatilraunum. Ég vil benda á það til viðbótar því, sem sagt hefur verið hér, að þegar þessi samningur var undirritaður í Moskvu í sumar, gerðist það einmitt, að U Thant, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, einn helzti valdamaður heimsins, hvatti til þess, að næsta skrefið á afvopnunarbrautinni yrði einmitt að koma upp kjarnorkuvopnalausum beltum sem víðast á jörðinni og að einstakar smáþjóðir reyndu að eiga frumkvæði að slíku. Þess vegna er það að mínu áliti heldur en ekki út í hött að segja, að þessi brtt. eigi ekki hér heima, því að ef við samþykktum þessa brtt., værum við ekki að gera annað en að verða við tilmælum framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna.

Hæstv. utanrrh. sagði hér áðan, að kjarnorkuvopn hefðu ekki verið hér á Íslandi, þau væru ekki hér á Íslandi og það hefði ekki verið farið fram á það, að þau yrðu staðsett hér. En hann vill ekki lýsa því yfir, að þau verði ekki hér í framtíðinni. Mér er spurn: Er þá í rauninni aðeins beðið eftir því, að farið verði fram á, að kjarnorkuvopn verði staðsett á Íslandi? Hver er hin raunverulega ástæða til þess, að ekki er hægt að gefa þessa yfirlýsingu, sem þó allir, sem hér hafa talað, virðast a. m. k. á yfirborðinu telja sig sammála?

Að lokum vil ég nefna það atriði, sem kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, þar sem hann sagði, að ekki væri hægt að gefa slíka yfirlýsingu af hálfu þingsins, ekki væri hægt að binda þingið um alla framtíð. En hvað er verið að gera með samningnum, sem hér liggur fyrir til umr.? Er ekki verið að binda þingið og ríkisstj. eins og allar aðrar ríkisstj. og öll önnur þjóðþing í heiminum, sem hafa þegar samþykkt þennan samning? Erum við ekki að binda hendur okkar um alla framtíð? Og hvers vegna ættum við ekki að geta gefið slíka yfirlýsingu um þetta tiltekna atriði? Ef ekki er unnt að gefa slíka yfirlýsingu og binda hendur þingsins og ríkisstj., þá er í rauninni ekki hægt að gera neina alþjóðasamninga yfirleitt, og sér þá auðvitað hver maður, að þessi skilningur er alrangur.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það er bara út af því, sem hv. 6. þm. Norðurl. e. sagði út af orðinu: aldrei. Ég er ekki lögfræðingur eins og hann. Raunverulega skil ég svona orð, þegar þau standa í stjórnarskrá eða lögum, sem sterkt áherzluorð um, að það skuli ekki gert. Það er að mínu áliti rétt skýring hjá honum, að það er náttúrlega aldrei hægt að binda neinn aðila með slíku. Það getur hver aðili sem er breytt því aftur. Við höfum t. d. í stjórnarskránni ákvæði í 72. gr., að ritskoðun og aðrar tálmanir fyrir prentfrelsi má aldrei í lög leiða. Þetta er held ég eina skiptið, sem þetta orð, aldrei, er notað í stjórnarskránni. Náttúrlega er gefið, að ef þjóðin vill og samþykkir það, getur hún breytt þessari grein stjórnarskrárinnar, og það er náttúrlega ekki hægt að binda hennar hendur þannig upp á framtíðina. En þetta er af hálfu löggjafans, þegar þetta er sett, hugsað sem alveg sérstaklega sterkt atriði, í staðinn fyrir að segja: „má ekki í lög leiða", að setja „má aldrei í lög leiða". Það er hátíðlegri yfirlýsing, en það er náttúrlega hægt að breyta þessu, hægt að breyta stjórnarskránni. Sama er þetta í okkar till. Þetta er sérstaklega sterk yfirlýsing: það má aldrei, Alþingi mun aldrei leyfa það.

Það er rétt, annað Alþingi, sem er kosið, getur náttúrlega gert aðra samþykkt, sem afnemur þessa. En þá þarf að gera slíka samþykkt. Munurinn er sá. Og það hefur meira að segja einu sinni komið fram hér í umr. einmitt um þetta mál, og ég held, að ég fari þar ekki rangt með, að í umr. við hæstv. utanrrh. kom þetta einu sinni til umr. hjá okkur, og ég held, að við höfum spurt hann í þeim umr., hvort hann vildi lýsa því yfir, að ríkisstj. mundi alls ekki gefa svona leyfi án þess að spyrja Alþingi. Ég vitna nú alveg eftir minni, svo að það getur verið, að mig misminni, en hæstv. ráðh. getur þá leiðrétt það eða staðfest. Og ég held, að

hæstv. ráðh. hafi sagt, að hann gæti ekki lofað því að leggja slíkt fyrir Alþingi, því að þetta gæti borið þannig að, að það væri ekki neinn tími eða aðstaða til þess. Og mér skildist, að það, sem fyrir hæstv. utanrrh. hafi vakað, hafi verið þetta: Segjum, að Alþingi er í frii, það er mitt sumar, og engin aðstaða til að ná því saman og allt í einu er kjarnorkustríð að bresta á, og með hálftíma fyrirvara verður ríkisstj. að segja til um, landið er enn þá í Atlantshafsbandalaginu og ríkisstj. verður að segja til um, hvort hún áliti, að það stríð, sem er að brjótast út, fullnægi þeim ákvæðum í Atlantshafsbandalagssamningnum, að ríkisstj. Íslands líti á þetta sem stríð, sem Ísland eigi að vera með í, og bandamenn Íslands fari fram á það alveg tafarlaust, að það séu staðsett kjarnorkuvopn á Íslandi og beitt þaðan, ríkisstj. verði innan hálftíma, skulum við segja, að segja til um það, hvort hún leyfi það, og hún hefur engan tíma til þess að ráðfæra sig við Alþingi og hún segir já eða nei. Ég skildi a. m. k. röksemdafærslu hæstv. utanrrh. þá þannig, þegar hann sagði þetta.

Það er einmitt til þess að koma í veg fyrir slíkt, að við flytjum þessa till. hér. Ef slíkt ástand kæmi upp, Alþingi er hvergi nærri, utanrrh. eða hæstv. ríkisstj. getur ekki ráðgazt við Alþingi um að taka svona veigamikla ákvörðun, en till. eins og þessi brtt. okkar hefur verið samþykkt á Alþingi, þá veit þar með hæstv. ríkisstj. og hæstv. utanrrh., að þeir hafa aðeins einu að svara, ef farið er fram á það af hálfu okkar bandamanna að fá að staðsetja hér kjarnorkuvopn og fá að beita þeim héðan, þeir verða að segja nei. Með þessari ákvörðun, með samþykkt þessarar brtt. er það ákveðið, og hæstv. utanrrh., hver sem hann er á þeim tíma, þarf ekki að fara í neinar grafgötur um það, að hann svari neitandi. Hafi þetta hins vegar ekki verið samþykkt, þá kom það a. m. k. fram, ef ég man rétt, í þessum umr., að ríkisstj. gæti litið þannig á, að jafnvel þó að hún væri út af fyrir sig algerlega andvíg beitingu kjarnorkuvopna og allt saman slíkt, kynni hún með þetta stuttum fyrirvara og í því uppnámi, sem yrði náttúrlega, þegar þessir hræðilegu atburðir gerðust, að ganga inn á þetta út frá einhverjum forsendum, sem hún ímyndaði sér kannske að gætu eitthvað orðið til að bjarga landinu eða eitthvað þess háttar, ég mundi ekki vilja ætla henni nema góðar hvatir í því, en hún gerði þennan hlut með öllum þeim ægilegu afleiðingum, sem hann hefði fyrir landið. Þess vegna vildi ég segja, að einmitt fyrir hæstv. ríkisstj. og fyrir hæstv. utanrrh. væri það það bezta, sem skeð getur, að knýja svona samþykkt í gegn, til þess að taka af öll tvímæli, firra þá allri ábyrgð og allri sök í framtíðinni í sambandi við þetta, ef einhverjir voðalegir hlutir skyldu gerast. Orðalagið á þessari till. er í lagi. Það er í samræmi við það, sem stjórnarskráin tekur sjálf fram um þá hluti, sem löggjafinn á hverjum tíma álítur hvað veigamesta og hvað mesta undirstöðu fyrir líf og frelsi landsbúa.

Utanrrh. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Á það hefur verið bent í umr., að það kynni út af fyrir sig að hafa heldur litið gildi, sérstaklega ekki um alla framtíð, þó að samþykkt yrði þáltill. á Alþingi um, að hér skyldi aldrei leyft að hafa kjarnorkuvopn, vegna þess að auðvelt væri að breyta þessari ályktun, hvenær sem menn sæju tilefni til. Ummæli eins og þessi gáfu hv. 3. flm. brtt. tilefni til þess að gera nokkurn samanburð á gildi þáltill. sjálfrar og brtt., og einmitt þessi samanburður, ef hv. þm. hefði hirt um að rekja hann dálítið lengra, sýnir, hversu gersamlega flm. misskilja þetta mál í eðli sínu og í heild og hversu fjarri því fer, að þeir geri sér grein fyrir því, hvaða munur er á sjálfri þáltill., eins og hún er orðuð frá ríkisstj., og þeirri brtt., sem hér er verið að flytja. Í aðaltill. er lagt til, að Alþingi fullgildi millirikjasamning, sem fjöldi þjóða hefur undirritað. Með þessum samningi skuldbinda öll aðildarríki hans sig gagnvart hvert öðru til þess að hlíta vissum reglum um meðferð kjarnorkuvopna. Hér er um gagnkvæman samning fjölda ríkja að ræða, og einmitt gildi málsins og það öryggi, sem í samningnum kann að felast, liggur fyrst og fremst í því, að hér eru ótal ríki að skuldbinda sig til að gera ekki ákveðna hluti og það fyrst og fremst ríkin, sem ráða yfir kjarnorkuvopnum. Það er þessi skuldbinding, sem færir okkur það öryggi, sem kann að felast í samningnum, og það er þetta, sem gefur honum gildi. Og þetta er ástæðan fyrir því, að ríkisstj. hefur lagt til, að Ísland gerist aðili að samningnum. En í brtt. er farið fram á allt annað. Þar er lagt til, að Ísland lýsi því yfir einhliða, að hér skuli ekki vera höfð kjarnorkuvopn. Á móti þessari yfirlýsingu kemur ekki nein skuldbinding og ekki neitt loforð frá neinum öðrum. Það eina, sem við höfum gert, er að binda okkur, meðan sú ályktun væri í gildi, um, að hér væru ekki kjarnorkuvopn. Allar aðrar þjóðir hefðu jafnóbundnar hendur gagnvart okkur þrátt fyrir þessa till., þótt samþykkt yrði.

Brtt., sem hér er lögð fram, færir okkur þess vegna ekki það öryggi, sem gagnkvæmur samningur færir okkur, og það öryggi, sem við teljum að felist í Moskvusamningnum. Ef eitthvað lægi fyrir um það, að hægt væri að fá samninga við þá, sem yfir kjarnorkuvopnum ráða, að þeir mundu með millirikjasamningi gera eitthvað svipað því, sem farið er fram á í brtt., fælist öryggi í málinu, og þá horfir það allt öðruvísi við. Í þessu liggur sá stóri hnútur. Á meðan móti yfirlýsingu frá Íslandi um, að hér skuli ekki höfð kjarnorkuvopn, kemur ekki neitt, er ástæðulaust og tilefnislaust fyrir okkur að segja annað og meira en það: Hér eru ekki kjarnorkuvopn, hér hafa ekki verið kjarnorkuvopn, og það eru ekki ráðagerðir uppi um að hafa neitt slíkt. Það er vissulega ósk og von íslenzku þjóðarinnar, að aldrei þurfi til þess að koma, að hér né annars staðar þurfi að vera kjarnorkuvopn, þar sem þau eru ekki í dag, og helzt, að þeim verði eytt, þar sem þau eru til. En til þess að hægt sé að ýta undir það, að samkomulag megi takast á milli þeirra ríkja, sem kjarnorkuvopnum ráða, eigum við Íslendingar og þeir aðrir, sem ekki hafa leyft kjarnorkuvopn í sínum löndum, ekki að vera að gefa yfirlýsingar eins og þá, sem farið er fram á í brtt. Við eigum þvert á móti að segja, eins og ríkisstj.

hefur sagt: Við höfum ekki kjarnorkuvopn. Og við getum bætt því við, að við mundum fagna því, ef hægt væri að koma á samkomulagi um allan heim og fyrst og fremst hjá stórveldunum, sem kjarnorkuvopnunum ráða, að gera samkomulag eins og felst í brtt. Þegar slíkt samkomulag fæst, þá er öryggi í því, en fyrr er það ekki.

Það var vitnað til þess, sem U Thant, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, hafði sagt, þegar samkomulagið um bann við tilraunum með kjarnorkuvopn var undirritað á sínum tíma. Það var rétt, framkvæmdastjórinn hvatti allar þjóðir og ekki hvað síst smáríkin til þess að hafa ekki og leyfa ekki kjarnorkuvopn í sínum löndum. Ég efast ekki um, að öll smáríki veraldarinnar og öll þau ríki, sem hafa ekki kjarnorku í dag, væru vissulega reiðubúin til þess að taka undir þessa áskorun framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, ef þau ættu þess kost, að stórveldin vildu gera samkomulag við smáveldin um að banna gersamlega kjarnorkuvopn alls staðar, hvar sem er í heiminum. En því miður er ekki neinu slíku að heilsa, eins og málin standa í dag.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Hæstv. utanrrh. hefur nú sagt mest af því, sem ég vildi hér sagt hafa til svars því, sem fram hefur komið, einkanlega í ræðu hv. 5. landsk. þm. En það var aðeins eitt atriði, sem ég vildi þó benda á, þar sem hv. þm. hélt því fram, að með yfirlýsingu þeirri, sem hér væri lagt til í brtt. að Alþingi gerði, væri verið að gefa sams konar bindingu fyrir þingsins hönd og með þáltill. sjálfri. Á þessu er lagalega séð grundvallarmismunur, vegna þess að með þáltill. sjálfri er Alþingi að heimila ríkisstj. að fullgilda gagnkvæman samning. Slík heimild byggist á lögum, og eins og er um alla gagnkvæma samninga, hljóta þeir að sjálfsögðu, strax og þeir eru fullgiltir, að vera bindandi fyrir þann, sem fullgildir þá, þannig að þessi yfirlýsing út af fyrir sig, sem aðrir geta byggt rétt á, verður auðvitað bindandi fyrir þingið einnig í framtíðinni. Það er ekki hægt að afturkalla slíkt. Það er sama og ráðh. í dag, sem undirritar skuldbindingu fyrir ríkið og byggir hana á gildandi lögum, það getur ekki annar ráðh. afturkallað það. Brtt. er hins vegar um það eitt, að Alþingi gefi einhliða yfirlýsingu af sinni hendi, sem enginn getur byggt neinn rétt á nema Alþingi sjálft. Og það vitum við náttúrlega, að hefur allt aðra þýðingu, og má segja í rauninni, að sé hægt að afturkalla hvenær sem er og getur ómögulega haft þýðingu. Það er aðeins skoðun þingsins, eins og það er skipað í dag, á þessu máli, og það getur ekki haft gildi fyrir framtíðina, nákvæmlega eins og það er mjög hæpið, að yfirlýsing ráðh. um það, að hann eða ráðh. muni ekki gera tiltekna hluti í framtíðinni, sé á nokkurn hátt bindandi fyrir komandi ráðh., ef ekki er hægt að byggja á þeirri yfirlýsingu rétt til handa þriðja manni.

Þetta er aðeins lögfræðileg túlkun á atriðinu, sem ég vildi láta koma fram, af því að hv. þm. hélt því fram, að hér væri um nákvæmlega sama að ræða.

Varðandi svo hitt atriðið, sem hv. 3. þm. Reykv. minntist hér á, að þessi till. hefði gildi að því leyti til, ef ríkisstj. væri sett frammi fyrir þeim vanda að eiga að svara með hálftíma, klukkutíma fresti á örlagaríkri stundu, hvort hér ættu að vera kjarnorkuvopn eða ekki, þá held ég sannast sagna, að jafnreyndur þm. og hv. 3. þm. Reykv. geri sér þess fulla grein, hvort einhver þál., sem er mjög deilt um í stjórnlagarétti, hvort hefur yfirleitt nokkra lögformlega bindingu í för með sér, mundi hafa áhrif á það, ef ríkisstj. á hverjum tíma, hverjir sem hana skipa, yrði á örlagastundu að taka slíkar ákvarðanir, og þeir mundu þá svara því til, að þingið hefði einhvern tíma gert ályktun, sem hindraði það. Vonandi kemur aldrei til, að neinn ráðh. þurfi að svara slíkri spurningu. Við erum áreiðanlega öll sammála um þá ósk og von, að aldrei komi til þess. En auðvitað mundi slík ályktun ekki hafa nokkra þýðingu varðandi ákvörðun á úrslitastundu í þeim efnum. Við vitum ósköp vel, hvað gerzt hefur hér á undanförnum árum í þeim efnum á hernaðartímum, að það er ekki spurt að slíkum hlutum, heldur verðum við að ákveða það eins og hverju sinni líf og hagsmunir þjóðarinnar teljast krefja. Menn geta svo alltaf deilt um það, hvort rétt ákvörðun er tekin eða ekki. Það er önnur saga.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 47. fundi í Sþ., 27. febr., var enn fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Brtt. 274 felld með 31:26 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HV, HB, HermJ, IG, JSk, KK, LJós, PÞ, RA, SE. SkG, ÞÞ, AG, ÁÞ, DÁ, ÓskJ. BJ, BP, EðS, EÁ, EOl, EystJ, GeirG, GilsG, HÁ, HS.

nei: IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, JP, JR, MJ, MB, MÁM, ÓB, AJ, PS, SÁ, SB, SI, SÓÓ, SvJ, ÞK, AuA, BGr, BBen, BGuðm, EggÞ, EI, EmJ, GuðlG, GÍG, GunnG, GTh, GÞG, BF.

ÓlJ greiddi ekki atkv.

2 þm. (DÓ, GíslG) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég er efnislega algerlega sammála yfirlýsingu þeirri, sem í þessari brtt. felst, enda er hún í samræmi við yfirlýsta stefnu Framsfl. Hins vegar tel ég ekki eðlilegt að tengja slíka yfirlýsingu við heimild Alþingis til fullgildingar á samningi um bann við tilraunum með kjarnorkuvopn og hef því í nál. mælt með staðfestingu þess samnings án nokkurs fyrirvara af minni hálfu. Að svo vöxnu máli get ég ekki sagt já við þeirri brtt., sem hér liggur fyrir, og greiði því ekki atkv.

Tillgr. samþ. með 55 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 55 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 334).

4. Örorku- og dánarbætur sjómanna.

Á 2. fundi í Sþ., 14. okt., var útbýtt:
Till. til þál. um sérstakar örorku- og dánarbætur sjómanna [19. mál] (A. 19).

Á 3. fundi í Sþ., 16. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 8. fundi í Sþ., 30. okt., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Á þskj. 19 hef ég ásamt hv. 5. þm. Vestf. (HV) leyft mér að flytja þáltill. um sérstakar örorku- og dánarbætur sjómanna. Till. er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta undirbúa og leggja fyrir þetta þing frv. til l., er tryggi, að allir sjómenn á íslenzkum skipum njóti sérstakrar slysatryggingar, eigi lægri en 200 þús. kr. miðað við fulla örorku eða dauða, vegna allra slysa, er verða um borð í skipi eða í landi."

Eins og getið er í grg. með þáltill., höfum við flm. tvívegis flutt á hv. Alþingi frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar þess efnis, að auk almennra örorku- og dánarbóta njóti sjómenn á íslenzkum skipum sérbóta frá almannatryggingum að upphæð 200 þús. kr. miðað við fulla örorku eða dauða. Ég hef bæði í framsögu fyrir þessum frv. og í umr. um málið gert grein fyrir því og tel þess vegna ekki þörf á að ræða það ýtarlega að þessu sinni, því að ég vænti þess, að málið eigi nú þann hljómgrunn og fái þá afgreiðslu, að ekki gerist þörf að rifja upp alla meðferð þess undanfarin ár hér á hv. Alþingi. Ég stikla því aðeins á hinu stærsta.

Í sambandi við þetta mál hafa staðið deilur um, hvort réttmætt sé, að sjómenn njóti hærri slysa- og dánarbóta en aðrar stéttir í þjóðfélaginu. Við flm. höfum haldið því fram, að á meðan ekki er um það að ræða, að allir landsmenn séu tryggðir sómasamlegum bótum, þá eigi sjómenn og aðstandendur þeirra öðrum fremur rétt á að njóta bóta, sem séu meira en nafnið tómt. Við höfum talið eðlilegt og sjálfsagt, að sjómenn og aðstandendur þeirra finni það í öðru en orðunum einum á sjómannadögum, að þjóðin metur störf sjómannastéttarinnar og gerir sér ljóst, að jafnframt því sem sjómenn vinna erfiðustu og þjóðnýtustu störfin í þjóðfélaginu, þá eru þeir við dagleg störf sín í meiri lífshættu en gerist um aðrar starfsstéttir. Við það að afla þjóðinni þess auðs, sem er undirstaðan undir lífskjörum hennar, ganga þeir í hættuna fyrir landsmenn alla. Þegar af þessum ástæðum tel ég fullgild rök fyrir því, að lögfestar verði sérbætur til sjómanna vegna slysa og dauða.

En eins og mál hafa þróazt, koma þessi rök ekki ein til, heldur jafnvel miklu fremur önnur, þau, að sjómannastéttin fái a. m. k. að njóta innbyrðis jafnréttis í þessu efni, þau rök, að það sé a. m. k. á engan hátt viðunandi, að sjómenn skuli ekki allir njóta jafnhárrar líftryggingar. Hverja skoðun sem menn kunna að hafa á því, hvort sjómenn eigi yfirleitt að njóta hærri örorku- og dánarbóta en aðrir landsmenn, þá held ég, að flestir geti fallizt á, að það er algerlega óviðunandi og vansæmandi, að við sjóslys skuli sumir sjómenn einungis vera bættir hálfum þeim bótum, sem greiddar eru aðstandendum stéttarbræðra þeirra, en þannig var ástandið í þessum málum, þegar við flm. þessarar þáltill. bárum fyrst fram í febr. 1961 frv. það, sem ég gat um áðan, og þannig eru viðhorfin enn.

Þegar við bárum frv. fram fyrst fyrir rúmu 2½ ári, hafði nokkur hluti sjómannastéttarinnar, sjómenn á togurum og farskipum og yfirmenn á vélbátum, náð fram ákvæðum um sértryggingu í tímabundnum kjarasamningum, en stór hluti sjómannastéttarinnar hafði ekki fengið þessi ákvæði í kjarasamninga, og allur sá fjöldi, sem stundar sjómennsku á bátum, sem eru minni en 12 tonn, átti þess enga von að fá að njóta slíkra bóta, þar sem kjarasamningar sjómanna og útgerðarmanna ná ekki til þeirra báta, á þá er ekki lögskráð.

Þegar frv. var lagt fram öðru sinni, höfðu enn fleiri sjómenn fengið sértrygginguna í kjarasamninga, en sjómenn á bátum undir 12 tonn að sjálfsögðu ekki.

Ég ætla að sleppa því að ræða meðferð málsins á hv. Alþingi, en get þess aðeins, að niðurstaðan í fyrra sinnið, sem það var borið fram, var sú, að frv. fékk ekki afgreiðslu í nefnd, en síðara árið var því vísað til hæstv. ríkisstj. með tilvísun til endurskoðunar á almannatryggingalögunum, sem fram fór, og í trausti þess, að almennar örorku- og dánarbætur yrðu hækkaðar.

Auk þess sem ágreiningur var um það, hvort sjómenn ættu að njóta sérbóta eða ekki, var ágreiningur um þá tilhögun, sem lagt var til að höfð yrði á lögfestingu sérbótanna, þ. e. a. s. að almannatryggingarnar greiddu þær. Alþýðusamband Íslands, Sjómannasamband Íslands, Vinnuveitendasamband Íslands og Landssamband ísl. útvegsmanna mæltu með samþykkt frv.

Ég legg áherzlu á það svo sem í bæði þau skipti, er ég gerði grein fyrir því frv., sem við hv. 5. þm. Vestf. fluttum um sérbætur til sjómanna, að sú tilhögun eða það form, sem haft yrði á lögfestingu sérbótanna, er ekkert aðalatriði. Þess vegna höfum við talið rétt að leggja þetta mál nú fyrir í þáltill. þess efnis, að hæstv. ríkisstj. láti, að sjálfsögðu í samráði við félagssamtök sjómanna og útgerðarmanna, undirbúa og leggja fyrir þing það, sem nú situr, frv. til l., sem tryggi öllum íslenzkum sjómönnum sérstakar örorku- og dánarbætur, eigi lægri en hluti sjómannastéttarinnar nýtur nú þegar samkv. kjarasamningum. Vegna verðlagsbreytinga, síðan þeir samningar voru gerðir, þyrfti tryggingin að vera a. m. k. 250 þús. kr. nú.

Ég er í engum vafa um, að ef vilji er fyrir hendi að levsa málið efnislega, þá muni þeir, sem um málið fjalla, finna þá lausn, sem allir geta fellt sig við, — lausn, sem bindur enda á það ófremdarástand, sem ríkir í þessum málum og hefur um of dregizt að ráða bót á. Það má ekki dragast lengur, að endir verði bundinn á þá vansæmd, að hluti sjómannastéttarinnar skuli vera algerlega afskiptur um sérbætur, —

þá vansæmd, að sumir íslenzkir sjómenn falli svo, að þeir séu aðeins bættir hálfum þeim manngjöldum, sem greidd eru aðstandendum stéttarbræðra þeirra.

Það er ekki lengur um það eitt að ræða eða deila um, hvort sjómenn eigi að njóta sérbóta vegna þeirrar sérstöku lífshættu, sem þeir stofna sér í við dagleg störf, heldur er nú fyrst og fremst um það að ræða, hvort það á að viðgangast lengur, að líf sjómanna á minnstu bátunum, þar sem hættan er einna mest, eigi að meta minna en líf annarra sjómanna, sem þegar hafa tryggt sér sérbætur með kjarasamningum. Jafnhliða því að tryggja jafnrétti allra íslenzkra sjómanna með lögfestingu sérbótanna, er á því full þörf, að með lagasetningu sé afstýrt allri hættu á því, að sértryggingin tapist í einstökum tilfellum, vegna þess að útgerðarmenn láti undir höfuð leggjast að kaupa samningsbundnar tryggingar. Á því er ávallt hætta þrátt fyrir ákvæði í lögskráningarlögum um, að óheimilt skuli að lögskrá, nema fyrir liggi yfirlýsing frá tryggingarfélagi um, að trygging sé í gildi, þar sem mjög mun á það bresta víða, að þessa atriðis sé gætt við lögskráningu.

Frá því að þetta mál var fyrst borið fram á Alþingi fyrir nálega 2½ ári, hefur mörg sjómannsekkja goldið þess, að það hefur ekki enn hlotið afgreiðslu. Síðast var hin brýna nauðsyn þess, að það hljóti viðunandi lausn, átakanlega undirstrikuð um seinustu páskahelgi. Þá fórust í aftakaveðri fimm trillubátar fyrir Norðurlandi og einn stór vélbátur fyrir Suðurlandi. 16 sjómenn létu lífið, og meiri hluti þeirra var aðeins bættur með hinum almennu dánarbótum almannatrygginganna, á sama tíma og aðstandendur hinna nutu að auki þeirra 200 þús. kr. sérbóta, sem stéttarfélög sjómanna höfðu tryggt sjómönnum á bátum, sem eru stærri en 12 tonn. Ég held, að eftir þessi hörmulegu sjóslys hafi flestum verið ljóst, að við svo búið gat ekki staðið lengur. Ég held, að flestum hafi orðið ljóst, að ekki var hægt að una því, að slíkt misrétti ríkti um dánarbætur til einstakra sjómannaekkna og barna þeirra, að grípa yrði jafnan til almennra samskota, til þess að eftirlifendur sjómannanna á minni bátunum fengju svipaðar fjárbætur og öðrum voru tryggðar. Skrif dagblaðanna eftir þessa atburði báru glöggt vitni þeim hug í þessum efnum, að ég geri mér vonir um, að þessu réttlætismáli um jafnháar örorku- og dánarbætur til allra sjómanna verði ráðið til farsælla lykta á þessu þingi. Ég vitna hér — með leyfi hæstv. forseta — í skrif formanns Sjómannasambands Íslands í Alþýðublaðinu 17. apríl s. l. Hann sagði:

„Eftir suma þá menn, sem fórust, fást nokkru meiri bætur en aðra, þannig að eftirlifandi ekkjur standa ekki uppi bjargarlausar með barnahópinn. Eftir aðra og þá meiri hluta þeirra, sem fórust í þessum veðurham, fást aðeins þær bætur, sem ákveðnar eru samkv. lögum. Hvernig stendur á þessum mismun? mun margur spyrja. Af hverju eru ekki allir sjómenn jafnhátt tryggðir? Flestir þeirra manna, sem fórust fyrir norðan, voru aðeins tryggðir hinni lögboðnu tryggingu. Bætur eftir þá verða því um 200 þús. kr. minni fyrir hvern og einn en eftir þá, sem fórust af m/b Súlunni. Þetta má ekki svo til ganga lengur, að allir sjómenn séu ekki jafnhátt tryggðir. Það er skylda löggjafans og sjómannasamtakanna að finna leiðir til úrbóta, og það verður að takast, svo að slíkt komi ekki fyrir aftur, að sjómenn séu misjafnlega bættir eftir því, hvort skipið er smærra eða stærra, sem menn farast á eða af."

Og í leiðara Alþýðublaðsins frá 17. apríl s. l. segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Meiri áherzla verður lögð á hvers konar öryggisútbúnað sjófarenda en áður, og félagslega verður að jafna aðstöðu manna, sem sjó stunda, þannig að einn sé ekki bættur helmingi meiri upphæð en annar."

Í Morgunblaðinu hinn 1. júní s. l. segir formaður sjómannadagsráðs, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er áhugi sjómannadagsráðs að finna raunhæfa leið til að koma á slysa- og örorkutryggingum fyrir þá, sem stunda sjó á skipum, sem ekki er lögskráð á. Hinir hörmulegu mannskaðar í páskahretinu eru alvarleg ábending til sjómanna og verkalýðsfélaga um land allt um, að ekki hafi verið staðið sem skyldi að þessu máli, sem við teljum ekki til kjaramála, heldur til velferðarmála þeirrar stéttar þjóðfélagsins, en býr við mestar hættur og erfiðleika í starfi sínu."

Ég ætla, að ekki sé ástæða til að rifja frekar upp þau rök, sem við flm. þessarar þáltill. höfum fyrir löngu og margsinnis flutt við umr. um þetta málefni hér á hv. Alþingi, né að geta frekar þess, sem fram kom, er rædd voru í dagblöðum s. l. vor þau bitru sannindi, sem sjóslysin leiddu í ljós um það misrétti, sem ríkir í tryggingamálum sjómanna. Við vitum ekki, hvaða dag sjóslysin verða. Þau getur hent hvern daginn sem er og misréttið bitnað á þeim, sem sízt skyldi. Þess vegna er brýn nauðsyn að hraða afgreiðslu þessa máls, og ég vænti þess, að um það geti tekizt samstaða.

Herra forseti. Ég leyfi mér að leggja til, að umr. verði nú frestað, en till. vísað til hv. allshn.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 46. fundi í Sþ., 26. febr., var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 49. fundi í Sþ., 4. marz, var fram haldið einni umr. um till. (A. 19, n. 314).

Frsm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Allshn. hefur fjallað um þessa till. á þskj. 19 og sent hana ýmsum aðilum til umsagnar. Svör bárust frá fimm þessara aðila. Landssamband ísl. útvegsmanna, Tryggingastofnun ríkisins og Samband íslenzkra tryggingafélaga tóku ekki beina afstöðu til málsins, en ræddu nokkuð um erfiðleika, sem væru á eftirliti með framkvæmd þeirra slysatrygginga, sem hér er rætt um, og innheimtu á iðgjöldum, bentu á það, að það er alls ekki lögskráð á báta undir 12 tonnum og því getur verið erfitt að finna upp kerfi til þess að hafa eftirlit með því, að l. sé framfylgt. Í svari Sjómannasambands Íslands, sem hér er

prentað sem fskj. með nál. allshn., var bent á auðvelda leið til að tryggja það, að þessum lögum yrði komið í framkvæmd, ef sem sagt væru gerð lög um þetta atriði, bent á auðvelda leið til að halda uppi eftirliti og skorað á hv. Alþingi að samþykkja till. Í svari Alþýðusambands Íslands er m. a. á það bent, að nú sé búið að flytja þetta nauðsynjamál þrívegis og að tími sé til kominn, að það nái fram að ganga.

Í allshn. var fjallað um þetta mál og gerð sú breyting á till., að í stað þess að segja, að ríkisstj. verði falið að undirbúa lagafrv. um þetta mál, er hæstv. ríkisstj. falið að láta athuga, hvernig bezt megi tryggja framkvæmd málsins, og eftir ósk flm. var einnig sett nokkur tímatakmörkun um það, hvenær athugun skyldi vera lokið, og er í till. allshn. gert ráð fyrir, að athugun sé lokið fyrir þinglok vorið 1965. Með þessum breytingum mælir allshn. með því, að till. verði samþykkt.

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Ég leyfi mér að þakka hv. allshn. fyrir það, að hún hefur afgreitt þáltill. okkar hv. 5. þm. Vestf. um sérstakar örorku- og dánarbætur til sjómanna á íslenzkum skipum. Við flm. höfðum áður á tveimur þingum flutt frv. um, að öllum íslenzkum sjómönnum yrðu tryggðar sérstakar dánarbætur og örorkubætur, án þess að þau frv. fengjust afgreidd, og þótti mér þá óvænlega horfa um skilning hv. Alþingis á þessu hagsmunamáli íslenzkra sjómanna og aðstandenda þeirra. Eftir að nauðsyn aðgerða í þessu máli var átakanlega staðfest við hörmuleg sjóslys fyrir tæpu ári, þegar 16 sjómenn fórust á sex skipum, sumir tryggðir með 200 þús. kr. sértryggingu og aðrir ekki, þá satt að segja trúði ég ekki öðru en þetta hagsmunamál sjómanna og réttlætismál fengist afgreitt á hv. Alþingi, ef enn væri reynt á vilja þingsins til að leysa þetta mál. Þótt ég hefði fremur kosið, að þáltill. yrði samþ. óbreytt eða hún yrði nokkru ákveðnari en hv. allshn. leggur til með sinni brtt. og að miðað væri við, að athugun málsins yrði lokið fyrir þingbyrjun, þá er ég samt sem áður ánægður með afgreiðslu málsins nú tveimur árum eftir að það var fyrst flutt. Aðalatriðið er, að með samþykkt þáltill. er staðfest, að það er vilji hv. Alþingis, að öllum íslenzkum sjómönnum verði tryggðar sömu sérstöku örorku- og dánarbætur umfram bætur almannatrygginga, eigi lægri en 200 þús. kr. miðað við fulla örorku eða dauða. Ég efast ekki um og hef aldrei efazt um það, að tilhögun slíkra bóta er leysanlegt vandamál, — vandamál, sem hægt er að leysa farsællega, eftir að með þál. hefur fengizt fram yfirlýsing um, að það er vilji Alþingis, að allir sjómenn á íslenzkum skipum njóti sérbótanna.

ATKVGR.

Brtt. 314 (ný tillgr.) samþ. með 36 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 351).

5. Geðveikralög.

Á deildafundum 29. okt. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um undirbúning geðveikralaga [45. mál] (A. 46).

Á 14. fundi í Sþ., 12. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 15., 18., 22., 24., 25., 30. og 34. fundi í Sþ., 13., 20. og 27. nóv., 4., 11. og 18. des., 16. jan., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 35. fundi í Sþ., 22. jan., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Alfreð Gíslason): Herra forseti. Þessi till. fjallar um setningu löggjafar um geðveikramál. Ég hef á tveim undanfarandi þingum flutt till. sama efnis, en í hvorugt skiptið fékk málið afgreiðslu.

Eins og kunnugt er, eigum við enga samfellda löggjöf um geðveikramál til hér á landi og höfum aldrei átt. Þetta er í mótsetningu við það, sem gengur og gerist hjá öðrum menningarþjóðum, einkum okkar nágrannaþjóðum. Meðal þeirra allra er til meira eða minna ýtarleg löggjöf um geðveikramál, og margar nágrannaþjóðir okkar hafa lagt stolt sitt í að vanda sem mest til þessarar löggjafar. Eins og kunnugt er, eru geðveikramálin meðal þeirra heilbrigðismála, sem hvað viðkvæmust eru og mikilsverðust í þjóðfélaginu. Það er þess vegna furða, að ekki skuli fyrir löngu komin löggjöf, samfelld löggjöf, um þessi mál. Þetta veldur svo að segja daglega margs konar erfiðleikum. Það veldur valdhöfunum erfiðleikum, það veldur læknum erfiðleikum, og það veldur sjúklingum og þeirra aðstandendum erfiðleikum, að ekki skuli vera til sem fullkomnust lög um þessi mál. Vistun sjúklinga á geðveikrahæli, dvöl þeirra þar, dvalarlengd og brautskráning geðsjúklinga af spítölum eru mjög viðkvæm mál, sem þörf er á að fastar og ákveðnar reglur gildi um, þannig að ekki fari á milli mála, hver sé réttur þeirra aðila, sem hér koma við sögu, og hver skylda. Eins og sakir standa nú, er þetta mjög óljóst. Hver er t. d. skylda yfirvalda gagnvart þessum sjúklingum, hver er skylda aðstandenda þessara sjúklinga og hver er skylda lækna og þeirra réttur? Um þetta og annað þessu líkt eru engar ákveðnar reglur til hér á landi. Og þetta veldur ekki aðeins, eins og ég sagði áðan, þeim aðilum, sem að þessum málum vinna, ýmiss konar örðugleikum, heldur getur þetta og hefur valdið stjórnarvöldunum óþægindum og kostnaði. Það hefur sem sagt komið fyrir oftar en einu sinni hér á landi og það einmitt á síðari árum, að málsókn hefur farið fram vegna skorts á lagaákvæðum. Fyrrv. sjúklingar hafa lögsótt viðkomandi spítala og fengið sér dæmdar skaðabætur eingöngu vegna þess, að ekki eru til lagaákvæði um þessi viðkvæmu og mikilsverðu mál.

Ég skal ekki hafa fleiri orð um þetta mál, en ég treysti því, að hv. n., sem væntanlega fær till. til meðferðar, athugi það og afgreiði á þessu þingi.

Herra forseti. Ég legg svo til, að þessari umr. verði frestað og till. vísað til hv. allshn.

ATKVGR.
Till. vísað til allshn. með 35 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 52. fundi í Sþ., 11. marz, var fram haldið einni umr. um till. (A. 46, n. 350).

Frsm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Allshn. hefur fjallað um till. til þál. um undirbúning geðveikralaga á þskj. 46. N. hefur fengið umsögn um till. frá landlækni og Geðlæknafélagi Íslands, og eru þær báðar mjög jákvæðar.

Eins og fram kemur í grg. fyrir till., kom það þegar fram á Alþingi fyrir 30 árum við afnám laga um geðveikrahæli, að slík lagasetning um geðveikramál væri nauðsynleg. Í ýmsum lögum eru einstök ákvæði um þessi efni, en ekki eru til nein heildarlög, eins og víðast erlendis.

Till. sú til þál., sem hér um ræðir, hefur tvívegis áður verið flutt, en ekki náð fram að ganga. Allshn. er sammála um nauðsyn þess, að till. fái jákvæða afgreiðslu, en hefur gert á henni lítils háttar breytingu. Í till. segir:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að skipa nefnd til þess að undirbúa frv. til geðveikralaga og láta leggja slíkt frv. fyrir næsta þing."

Allshn. leggur til, að orðin „að skipa nefnd" falli burt, þar sem eðlilegast sé, að ríkisstj. hafi það í hendi sér, á hvern hátt frv. verði undirbúið, hvort einum manni eða tveimur verði falið verkið eða valin til þess nefnd. Með þessari breytingu leggur n. til, að till. verði samþykkt.

Alfreð Gíslason: Herra forseti. Ég vil aðeins þakka hv. allshn. greiða og skjóta afgreiðslu og jákvæða afgreiðslu á þessari till., og ég skal taka fram fyrir mitt leyti, að ég fellst á þá brtt., sem hv. n. gerir við mína till., og mun greiða henni atkv.

ATKVGR.
Brtt. 350 (ný tillgr.) samþ. með 36 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till., svo breytt, samþ. með 37 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 370).

6. Hefting sandfoks við Þorlákshöfn.

Á 15. fundi í Sþ., 13. nóv., var útbýtt:
Till. til þál. um auknar framkvæmdir til heftingar sandfoks og uppblásturs við Þorlákshöfn [62. mál] (A. 67).

Á 18. fundi í Sþ., 20. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 22. og 24. fundi í Sþ., 27. nóv. og 4. des., var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 25. fundi í Sþ., 11. des., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Sigurður Ó. Ólafsson): Herra forseti. Þessi þáltill., sem hér er til umr., er flutt af mér og tveim öðrum hv. þm. Sunnl. Till. er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að hlutast til um, að auknar verði framkvæmdir til heftingar sandfoks og uppblásturs við Þorlákshöfn."

Það landssvæði, sem þarna er um að ræða, nær frá Ölfusá, þar sem hún fellur um Ölfusið neðanvert til sjávar, og svæðið nær allt út að Selvogi. Þarna er um víðáttumikið land að ræða, sem um áratugi hefur verið í umsjá sandgræðslu ríkisins, afgirt og friðað fyrir ágangi búfjár. Ætla mætti því, að þarna væri orðið gróið land eftir svo langan friðunartíma, en því miður er ekki því að heilsa. Segja má, að þarna sé stöðugt sandfok, þegar vind hreyfir. Vegurinn til Þorlákshafnar liggur þvert fyrir sandfokinu í norðan- og austanáttum og er því oft og tíðum illfær yfirferðar, þar sem hann liggur lægst. Í Þorlákshöfn er nú ört vaxandi byggð og ýmsar stórframkvæmdir þar á döfinni, sem eðlilega skapast með bættum hafnarskilyrðum á staðnum. Fiskmóttaka og fiskverkun fer vaxandi ár frá ári, frysting, söltun og skreiðarverkun. Fyrir alla þessa starfsemi er sandurinn mesti skaðvaldur, sem nauðsynlegt er að útrýma. Hefting sandfoksins á þessum stað er því mjög aðkallandi.

Eins og ég gat um, hefur sandgræðsla ríkisins full umráð yfir því landi öllu, sem þarna er um að ræða. Það má enginn snerta við neinu innan girðingar, nema leyfi sandgræðslustjóra komi til. Þessi skipan er ekki nýtilkomin, eins og ég gat um, heldur hefur hún gilt um tugi ára. Það er því ekki óeðlilegt, þótt fram komi sú spurning, hvort þarna verði ekki um bætt frá því, sem nú er, og þeirri spurningu beint til sandgræðslustjóra. Það skal fram tekið, að nokkuð hefur gróið upp á þessu svæði og þá helzt fyrstu árin, eftir að landið var friðað, en á síðari árum virðist gróðurinn hafa átt erfitt uppdráttar eða staðvazt með öllu. Við flm. þessarar till. óskum eindregið eftir að fá úr því skorið, hvort þarna verði ekki um bætt, þannig að gróðurinn aukist og komið verði í veg fyrir sandfokið og uppblásturinn, og þá, hvað gera þurfi, til þess að sá árangur náist.

Herra forseti. Ég legg til, að umr. um till. verði nú frestað og henni vísað til hv. allshn.

ATKVGR.
Till. vísað til allshn. með 40 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 52. fundi í Sþ., 11. marz, var fram haldið einni umr. um till. (A. 67, n. 346).

Frsm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Allshn. hefur fjallað um till. þessa. N. sendi málið til umsagnar hreppsnefnd Selvogshrepps, sem mælir eindregið með samþykkt hennar. N. sendi einnig sandgræðslustjóra till. til umsagnar, og sandgræðslustjóri hefur sent mjög ýtarlega umsögn um mál þetta. Með leyfi forseta, vil ég fara með niðurlag umsagnar hans, en það er á þessa leið:

„Ég vil eindregið og legg áherzlu á að fela

ríkisstj. að hlutast til um, að auknar verði framkvæmdir til heftingar sandfoks og uppblásturs við Þorlákshöfn, með auknum fjárframlögum til sandgræðslustarfsins í Þorlákshöfn sérstaklega."

Sandgræðslustjóri minnir einnig á, að þingið hafi ákveðið á fjárlögum sérstakar fjárveitingar til sérstakra framkvæmda, svo sem í Meðallandi í Vestur-Skaftafellssýslu og á Hólssandi í Norður-Þingeyjarsýslu. Í grg. með till. þessari benda flm. á, að í Þorlákshöfn sé ört vaxandi byggð og ýmsar stórframkvæmdir þar á döfinni, sem skapist við bætt hafnarskilyrði. Fiskverkun á þessum stað fer vaxandi ár frá ári, bæði frysting, söltun og skreiðarverkun. En fyrir alla þessa starfsemi er sandfokið eða sandurinn hinn mesti skaðvaldur, sem nauðsynlegt er að útrýma. Þeir benda á, að hefting þessa sandfoks sé mjög aðkallandi fyrir starfsemi á þessum vaxandi stað og þess vegna sé þeirra till. fram borin. Á þessar skoðanir hefur allshn. fallizt og mælir því einróma með, að þessi þáltill. verði samþykkt.

Sigurður Ó. Ólafsson: Herra forseti. Ég vil fyrir hönd okkar flm. þessarar till. þakka hv. allshn. fyrir jákvæða afgreiðslu hennar á till. Hér er um nauðsynjamál að ræða, og vænti ég, að nú verði hafizt handa um framkvæmdir til heftingar sandfoksins á þessu svæði, eins og í till. er farið fram á.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 38 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 38 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 371).

7. Efling skipasmíða.

Á deildafundum 3. des. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um eflingu innlendra skipasmíða [93. mál] (A. 106).

Á 24. fundi Sþ., 4. des., var till. tekið til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 25. fundi í Sþ., 11. des., var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 30. fundi í Sþ., 18. des., var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þessi till. til þál. á þskj. 106 um eflingu innlendra skipasmíða er flutt í þeim tilgangi að vekja athygli á þessu máli og fá úr því bætt, að innlendar skipasmíðar verði auknar verulega frá því, sem nú er og hefur verið um allmörg undanfarin ár. Til þess að sýna fram á, hvað hlutur innlendra skipasmíða er í raun og veru lítill, þykir mér rétt að benda á í örstuttu máli, að samkv. upplýsingum frá Skipaskoðun ríkisins áttu Íslendingar samtals 44 fiskiskip í smíðum 20. nóv. s. l. Af þeim eru 26 smíðuð í Noregi, 5 í Danmörku, 4 í Svíþjóð, 3 í Hollandi, 2 í Englandi og 4 á Íslandi. Af þessum 44 skipum eru 4 innan við 100 rúmlestir, 5 innan við 150 rúml., 5 150—200 rúml. og 30 200—300 rúml. Auk þessara skipa eru 6 bátar í smíðum innanlands, og eru þeir allir undir 30 rúml. Þessi skip eru samtals um 8700 rúml. og munu bætast við fiskiskipaflotann nú um áramót og fram á vor 1964.

Allir sjá, að hlutur innlendra skipasmíða er allt of lítill og brýna nauðsyn ber til þess, að hann verði aukinn. Á síðustu árum hafa íslenzkir útvegsmenn keypt meira af stálskipum en nokkru sinni fyrr, en flestar íslenzkar skipasmíðastöðvar hafa ekki enn sem komið er hafið smíði stálskipa, og segja má, að stálskipasmíði hér á landi sé rétt byrjuð hjá örfáum aðilum. Þess ber að sjálfsögðu að geta, að nokkrar nýjar skipasmíðastöðvar hafa verið reistar og nokkrar eldri stöðvar hafa farið í mikla fjárfestingu með auknum húsbyggingum, fullkomnari vélum og áhöldum og nýjar og stærri dráttarbrautir verið byggðar. En allt ber að sama brunni, þessum fyrirtækjum eins og raunar svo mörgum öðrum verður fjármagnsskortur fjötur um fót, eins og alltaf á sér stað, þar sem framkvæmdir eru örar og menn vilja hraða sér að byggja upp, eins og Íslendingar hafa gert og eru að gera.

Sú lánsstofnun, sem hefur því hlutverki að gegna, að veita stofnlán til fiskiskipa, Fiskveiðasjóður Íslands, hefur það takmarkað fé til útlána sinna, að hann getur ekki greitt út þau lán, sem honum er ætlað að lána til skipakaupa, enda hafa skipakaup verið það mikil að undanförnu. Fiskveiðasjóður lánar ⅔ af byggingarkostnaði fiskiskipa, sem byggð eru erlendis, og er sá háttur hafður á, að almennt greiðir sjóðurinn þessi lán út á 7 árum, og verða því kaupendur þessara skipa að taka erlend lán allt að 70% af byggingarverði skipanna til sama tíma. Hinar erlendu skipasmíðastöðvar lána almennt þessi lán, og er þeim gert kleift að fá þetta fé að láni, og á þann hátt styðja þessar þjóðir að aukinni vinnu og viðskiptum hver í sínu landi.

Af skipum, sem byggð eru innanlands, á fiskveiðasjóður að lána ¾ byggingarkostnaðar, og er svo komið, að sjóðurinn getur ekki greitt þetta lánsfé út og líklegt, að hann neyðist til að taka upp sömu eða svipaða reglu og er í sambandi við skipin, sem byggð eru erlendis. Í árslok 1962 námu heildarútlán fiskveiðasjóðs til fiskiskipa tæplega 497 millj. kr. og önnur lán um 7 millj. kr., en innstæður lántakenda hjá fiskveiðasjóði nema á sama tíma rúmlega 125 millj. kr. En það er í raun og veru fé, sem sjóðurinn hefur skuldbundið sig til að endurgreiða, á sama hátt og lánin vegna skipakaupanna erlendis eiga að greiðast.

Hvað svo sem líður viðhorfum manna, hvort skipakaup eru of mikil eða ekki, þá hljóta allir að vera sammála um það, að innlenda skipasmíðin er of lítil og finna verður ráð til að tryggja henni fjármagn, og er það mín skoðun, að það sé ekki síður eðlilegt og sjálfsagt, að opinberri lánastofnun eins og fiskveiðasjóði sé gert kleift að taka lán erlendis, alveg eins og

fjöldi einstaklinga og félaga hefur gert og í raun og veru út á skuldbindingar fiskveiðasjóðs. Þrátt fyrir að nýsmíði hefur verið lítil innanlands hafa nokkrar skipasmíðastöðvar haft næg verkefni árið um kring, en þó munu þær vera fleiri, sem hafa ekki næg verkefni að jafnaði allt árið. Viðhald fiskiskipastólsins fer að verulegu leyti fram á milli vertíða, vor og haust, og eru þá annir mjög miklar og tilfinnanlegur skortur á fagmönnum, og er þá unnið nótt með degi, en svo kemur oft dauður tími, sem hefur orðið til þess, að fólki hefur fækkað verulega í þessari atvinnugrein. Með nýsmíði er hægt að brúa þetta bil og koma í veg fyrir, að fólki fækki í þessari atvinnugrein, og jafnframt, að nauðsynleg fjölgun geti átt sér stað. Samkv. upplýsingum Landssambands iðnaðarmanna voru í sept. 1962 aðeins 192 sveinar og 49 nemar í skipasmíði, en aðrir starfsmenn 199 í þesum iðnaði, eða samtals faglærðir og ófaglærðir 440. Á því sama ári var starfsmannafjöldinn mestur í júnímánuði eða samtals 537 menn. Ef þessi óheillaþróun heldur áfram, er það sannfæring mín, að á þeim takmarkaða tíma, sem skipin hafa til viðgerða á milli vertíða, og með aukningu skipastólsins fer svo fyrr en varir, að fiskiskipin neyðast til að fara til annarra landa til viðgerðar og eyða í það lengri tíma og dýrmætum gjaldeyri. Þetta má ekki koma fyrir, og væri það þjóðinni til stórrar vansæmdar, ef ekki reynist unnt að framkvæma allar viðgerðir á fiskiskipum landsmanna innanlands, og gæti það leitt til stórkostlegs fjárhagslegs tjóns í afla fyrir sjómenn, útgerðarmenn og þjóðarbúið í heild, ef skipin þurfa að eyða lengri tíma til viðgerða og eftirlits með því að sigla til annarra landa. Við verðum að keppa að því að auka útflutningsframleiðslu okkar með því að nýta sem bezt og hagkvæmast okkar framleiðslutæki. Það er því allra hluta vegna bráð nauðsyn á að gera hér úrbætur til þess að bægja þessari hættu frá.

Á flestum stöðum úti um landið er fjölbreytni í atvinnulífinu af skornum skammti, og veit ég um fjöldamörg dæmi þess, að ungt fólk hefur beinlínis leitað þaðan í burtu og til þéttbýlisins hér syðra, vegna þess að það fékk ekki þá vinnu í heimkynnum sínum, sem það helzt kaus sér. Vinnan á þessum stöðum er mest við sjósókn og fiskvinnslu. Fólkið vill fá að skipta um atvinnu, og einhæfir atvinnuhættir geta staðið í vegi fyrir því, að þróun og eðlileg fjölgun eigi sér stað í ákveðnum byggðarlögum. Skipasmíðin er sú atvinnugrein, sem getur gerbreytt þessum einhæfu atvinnuháttum, því að með því að auka skipasmíði, er um leið verið að efla fjölmargar aðrar iðngreinar, svo sem járnsmíði, vélsmíði, rafvirkjun, málaraiðn, húsgagnasmíði, svo að nokkrar iðngreinar séu nefndar. Það hlýtur að vera hverjum iðnaðarmanni mikilvægt í starfi sínu að standa að því að skapa eitthvað nýtt, sjá fyrir sér nýja hluti, tæki, sem eru vönduð og glæsileg og eiga að skapa verðmæti fyrir þjóðarheildina, og finna, að það voru þeir, sem með þekkingu sinni og vinnu höfðu skapað þetta og voru þátttakendur í því að færa þjóð sinni ný framleiðslutæki. Það er nauðsynlegt að gera við það, sem er gamalt og er viðgerðar þurfi, en sú iðngrein, sem ekki fær tækifæri jafnframt að framleiða nýtt og sækja fram veginn með fullkomnari tækni, staðnar, og vinnugleðin hjá flestu því fólki minnkar og að lokum hverfur hún. Nýbygging og nýjar framkvæmdir krefjast aukinnar menntunar og fullkomnari tækni. Það skapar hjá því fólki, sem að því vinnur, meiri vinnugleði, og það keppir að því að afla sér meiri þekkingar, sem bezt mun tryggja framþróun iðnaðar í landinu og um leið meiri fjölbreytni í atvinnulífi landsmanna almennt.

Ég vona, að hv. þm. taki þessari till. vel og hún fái hér samþykki og hæstv. ríkisstj. vinni ötullega að því að fá þessum málum skipað á þann veg, að veruleg aukning verði í skipasmíðum innanlands, og er ég þá sannfærður um, að allar þær iðngreinar, sem hér eiga hlut að máli, muni vaxa og þekking þeirra manna aukast að sama skapi og á stöðum úti um land verði við það meiri fjölbreytni í atvinnulífinu. Að lokum legg ég til, að umr. verði frestað og till. vísað til hv. allshn.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 52. fundi í Sþ., 11. marz, var fram haldið einni umr. um till. (A. 106, n. 348).

Frsm. (Sverrir Júlíusson): Herra forseti. Á þskj. 106 flytur 11. landsk. svo hljóðandi þáltill.:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að tryggja eðlileg stofnlán til smíði fiskiskipa innanlands, er stefni að því, að fiskiskipafloti landsmanna verði í vaxandi mæli smíðaður hérlendis, og skapi um leið stórum bætta aðstöðu innlendu skipasmíðastöðvanna til að framkvæma allt viðhald og endurbætur á fiskiskipaflotanum.“

Allshn. Sþ. hefur haft till. þessa til athugunar og hefur sent hana til umsagnar til nokkurra aðila, til Fiskifélags Íslands, sem bar þetta undir fiskiþing, Landssambands ísl. útvegsmanna, fiskveiðasjóðs, Landssambands iðnaðarmanna, Framkvæmdabanka Íslands, Félags ísl. dráttarbrautaeigenda og Seðlabanka Íslands. Allir þessir aðilar hafa mælt með samþykkt till. þeirrar, sem hér liggur fyrir. Með nál. því, sem lagt hefur verið fram, er umsögn þriggja aðila, og vísast til þess.

Það væri ekki úr vegi að rifja örlítið upp, hvernig þróun bátaflotans hefur verið hér á landi. Ég skal aðeins stikla á stóru, svo að ég tefji ekki fundartíma mikið.

Í árslok 1938 var fiskiskipafloti landsmanna samtals 496 fiskibátar eða tæpar 13 þús. rúmlestir. Af þessum fjölda voru 218 bátar af stærðinni 5—12 rúml., en nærri 400 undir 30 rúml. Á árunum 1947—1949 tvöfaldaðist rúmlestafjöldi vélbátanna og komst þá upp í 25516 rúml., en það er athugandi, að nær helmingur bátaflotans var þá yfir 30 lestir. Ef við lítum á árið 1958, var fjöldi fiskibátanna 625 eða samtals 26650 rúml. og var þá röskum 1000 rúml. hærri en 1949. En á árinu 1958 hafði orðið mikil breyting á og þá sérstaklega á stærðarflokkunum. Fiskibátar yfir 100 rúml. voru þá 42, samtals 5897 rúml. Undir 100 lestum voru 583 bátar,

20753 rúml. Ári síðar, eða 1959, er skiptingin þannig: Bátar yfir 100 rúml. 50, samtals 7658 rúml., en undir 100 rúml. voru þeir 599 eða 20412 rúml. Ef við lítum á skipaskrána í árslok 1963, er skipting þannig: Bátar yfir 100 rúml. eru þá 138 og er rúmlestafjöldi þeirra 22927, en undir 100 voru þeir 678, samtals 22468 rúml. Þetta eru samtals 816 bátar. Nú við síðustu áramót voru í smíðum erlendis 36 bátar, samtals 8181 rúmlest. Innanlands voru í smíðum 12 bátar, 922 rúml.

Það mætti nú segja, að miðað við þá þróun, sem ég hef lýst, þótt farið hafi ég að vísu fljótt yfir sögu, en hv. alþm. sjá, hversu mikil breyting er, þá hljómi það kannske einkennilega að bera fram till. til að efla smíðina innanlands, þar sem það er vitað, að það hefur aldrei orðið jafnmikil aukning á flotanum og á síðustu árum, og það er sannast sagna, að það er ekki í öllum tilfellum hægt að manna minni bátana. En þrátt fyrir þetta ganga málin þannig fyrir sig, að bátarnir ganga mikið úr sér, og það verður alltaf að halda þeim við.

Þeir, sem kynna sér þessi mál, hafa tekið eftir því, að við höfum einmitt mikið leitað til útlanda til byggingar skipa, og það er einmitt til þess að efla skipasmíðina innanlands, sem þessi till. er flutt, og einnig fer þar saman viðhald á skipum og bygging, sem þarf að haldast í hendur. Fiskveiðasjóður Íslands hefur lánað til skipakaupa, hvort sem bátarnir eru byggðir hérlendis eða erlendis. Og ég vil biðja hv. þm. að leiðrétta í nál., þar segir, að í reikningum fiskveiðasjóðs hafi í árslok 1962 verið útistandandi vegna nýbygginga 10.5 millj., en það á að vera 10.9 millj. Þessi tala gefur ekki yfirlit yfir það, hvað fiskveiðasjóður hefur lánað til fiskiskipa, sem byggð eru innanlands. Þetta er eingöngu það, sem fiskveiðasjóður á í þeim bátum, sem verið er að byggja. Það hafði verið áhugamál skipasmíðastöðvanna sérstaklega um nokkuð langan tíma einmitt að fá aðstöðu til þess að fá lánað út á skip, sem væri verið að byggja, svo að þær gætu einmitt á milli þess, sem verið er að lagfæra, útbúa skipin til vertíðar, unnið að byggingum í nýsmíði. Það var fyrir nokkrum árum, sem Fiskveiðasjóður Íslands tók upp þann hátt að lána nokkuð til þessara bygginga, en það má segja, að það sé kannske höfuðtilgangur þeirrar till., sem hér liggur fyrir, að þetta verði endurskoðað, nokkur breyting verði á þessu gerð. Það hefur, eins og hv. alþm. vita, á síðustu árum verið sett það skilyrði fyrir lánveitingum út á nýsmíði, að það væri háð lánum til 7 ára. Fiskveiðasjóður hefur framfylgt þessu, en gagnvart innlendu smíðinni hefur þar af leiðandi verið erfiðara um vik, og eins og flm. þáltill., hv. 11. landsk., tók fram í sinni grg., hefur nýsmíði innanlands dregizt nokkuð saman. Með þeirri aukningu, sem ég hef lýst á bátaflotanum og öllum alþm. er kunnugt um, er ekki þörf stórra breytinga í þessu sambandi, heldur að gera skipasmíðastöðvunum kleift að vinna að nýbyggingu milli vertíða, og að sjálfsögðu er það líka metnaðarmál okkar, að í framtíðinni byggi Íslendingar sem mest af sínum skipum sjálfir, því að það er viðurkennt, að þeirra skip eru jafntraust eða traustari en annarra, enda íslenzku skipasmíðareglurnar mjög strangar.

Það er ekki þörf að orðlengja þetta frekar. Allshn. hefur haft þessa till. til meðferðar og leggur einróma til, að hún verði samþykkt.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég er samþykkur þessari till., sem hér er flutt á þskj. 93, og vil segja aðeins gott eitt um það, að hún er fram komin og vekur athygli á miklu nauðsynjamáli, sem verið hefur um nokkurt skeið nokkurt vandamál til úrlausnar hjá okkur og þarf að leggja mikla áherzlu á að fá úr leyst á næstu árum.

Í þáltill. er í raun og veru tvennt. Það er annars vegar að stuðla að eflingu stofnlána til smíði fiskiskipa innanlands, er stefni að því, að fiskiskipafloti landsmanna verði í vaxandi mæli smíðaður hérlendis. Og til þess að flotinn geti verið smíðaður í vaxandi mæli hérlendis, þarf sjálf bátasmíðin innanlands að aukast og í öðru lagi að vera til skipasmíðastöðvar með dráttarbrautum, sem geti sinnt því verkefni að uppfylla kröfur landsmanna um smíði bátanna hér innanlands. En annað aðalatriðið í tillgr. er, að þetta allt á að skapa um leið stórum bætta aðstöðu til þess að framkvæma viðhald og endurbætur á fiskiskipaflotanum. En í framkvæmdinni hefur verið á það lögð áherzla hjá dráttarbrautunum, sem sumar hverjar hafa annazt skipasmíðar, að stöðvarnar gætu nokkuð jöfnum höndum haft báta í smíðum til þess að grípa til þeirrar vinnu á milli þess, sem eyður skapast, þar sem viðhaldið sjálft er nokkuð árstíðabundið í sambandi við vertíðirnar. Þannig hefur þetta verið, og stundum hafa verið á undanförnum árum, ef farið væri gegnum það, bátar í smíðum í öllum skipasmíðastöðvum hér eða dráttarbrautum, sem nokkra aðstöðu hafa haft til þess. Þetta hefur gert rekstrarmöguleikana jafnari og betri fyrir dráttarbrautirnar. Hitt er svo annað mál, að á þessu hefur kannske orðið núna alveg upp á síðkastið nokkurt hlé, en það stafar ekki eingöngu af lánsfjárskorti, heldur af ýmsum öðrum ástæðum, og þess vegna vildi ég aðeins hafa kvatt mér hljóðs í sambandi við umr. um málið hér, og mér finnst ekki vera hægt að komast hjá því að benda á, að örlítils misskilnings finnst mér gæta í nál. á þskj. 348. Þar er vitnað í umsögn Seðlabanka Íslands um till., þar sem á það er bent, að lánað sé til innlendrar skipasmíði 75% af matsverði skipa í stað 67% af matsverði skipa, sem smíðuð eru erlendis, og þetta er rétt. En um þetta segir, að till. sú, sem hér um ræðir, fjalli ekki um þetta atriði. Að sjálfsögðu fjallar hún um þetta atriði, einmitt að skapa betri aðstöðu til smíði innanlands heldur en erlendis, og það er gert með því, að þeir, sem láta smíða innanlands, geti fengið meiri hluta af kostnaði bátsins að láni sem stofnlán heldur en þeir, sem láta smíða erlendis.

En af hverju hafa menn þá smíðað erlendis? Það er m. a. af því, að skipasmíðastöðvarnar erlendis hafa getað lánað mönnum 7 ára lán á undanförnum árum, þeim sem hafa viljað kaupa báta þar. Í raun og veru er þetta alls ekki þannig vaxið, Þeir, sem smíða bátana er-

lendis, fá 15 ára lán í fiskveiðasjóði. En ásóknin á fiskveiðasjóð varð svo ör, þegar menn vildu fara að stækka bátana og smíða stálbáta fyrst og fremst, sem ekki var þá hægt að smíða hér innanlands, að fiskveiðasjóður hafði ekki nægjanlegt bolmagn, og þess vegna hlutaðist hann til um það og átti nokkurn þátt í því, að mönnum yrði gert kleift að fá lán erlendis í skipasmíðastöðvunum og með aðstoð fjármálastofnana erlendis, og á það sérstaklega við um Noreg, fyrst í stað 7 ára lán þar, sem fiskveiðasjóður síðan tekur við og framlengir til 15 ára. Og þeir, sem fá þessi lán, fá í raun og veru sín fiskveiðasjóðslán og sína innistæðu í fiskveiðasjóði, sem þessi 7 ára erlendu lán eru greidd af. Í eðli málsins er þetta þess vegna ekki annað en það að gera fiskveiðasjóði kleift, sem honum ella hefði ekki verið fært, að veita og lofa mönnum lánum út á bátasmíðarnar erlendis. Munurinn er afar einfaldur. Ef bátur kostar hérlendis 10 millj. kr., þá kemur fiskveiðasjóðslánið þegar báturinn er fullbúinn, og það verður að lána það strax, 7½ millj. kr., 75%. Ef þessi sami bátur er smíðaður erlendis og kostar 10 millj. og með þeim reglum, sem framfylgt hefur verið, verður álagið á fiskveiðasjóð allt annað. Fyrst í stað, þegar báturinn er fullbúinn, er bara búið að greiða 30% af bátnum, og það á að vera eigið framlag kaupandans. Síðan er lánið greitt á 7 árum og það kemur þess vegna ekki fyrr en á næsta ári 1/7 af bátsverðinu, sem greiða verður af innistæðu bátskaupandans hjá fiskveiðasjóði upp í þetta lán, þ. e. a. s. það verður að greiða á öðru ári, eftir að báturinn hleypur af stokkunum, og síðan á 7 árum eitthvað um 1½ millj. úr fiskveiðasjóði vegna þessara erlendu lána, í staðinn fyrir að við innlendu smíðina varð strax að svara út 7½ millj. á 10 millj. kr. bát. Það er þess vegna engan veginn svo, að erlendu skipasmíðastöðvarnar að þessu leyti hafi gefið íslenzkum bátakaupendum nokkuð betri aðstöðu en þeir, sem hafa smíðað hér innanlands. Það má segja, að þeir hafi á vissan hátt lánað fiskveiðasjóði þarna, þó að þeir, sem kaupa bátana, séu hins vegar að forminu til lántakendur og hafi gengisáhættu af þessum lánum, meðan þau eru ógreidd. Og eftirspurnin, eins og ég sagði, eftir erlendu bátasmíðinni kemur ekki nema að áralitlu leyti af því, að það hafi vantað lánsfé og betri aðstaða sé til þess að kaupa bátana úti, heldur að menn vildu kaupa vissar tegundir af bátum á undanförnum árum, s. l. 3 árum, stálskip, og af gerðum, sem við vorum þá ekki viðbúnir að byggja hér innanlands. En hefðum við verið viðbúnir hins vegar að byggja þessa báta hér innanlands, haft dráttarbrautir og haft skipasmíðastöðvar til þess, þá hefði verið stórkostlegur fjárskortur til þess að mæta eftirspurninni. En eftirspurnin var ekki hér, vegna þess að möguleikarnir voru ekki fyrir hendi. En þessi till. stefnir m. a. að því að stuðla að því, að þessir möguleikar verði fyrir hendi hér innanlands, og því er ég alveg samþykkur og það tel ég eitt af þeim stórmálum, sem við höfum til úrlausnar hér á næstu árum.

Nú hafa verið keyptir, eins og fram hefur komið, bátar erlendis frá í gríðarlega ríkum mæli á undanförnum árum, og það eru, ef ég man rétt, eitthvað 40—50 bátar, sem eru í smíðum og koma alveg á næstunni hingað heim. Það má þess vegna segja, að smíðin hafi verið alveg ótrúlega ör, og það kemur fram í álitunum, sem hér fylgja með þessu, að sumum finnst hafa hallað mikið á um jöfnuðinn í lánveitingunum í sambandi við útveginn, að það hefur verið lánað allt of mikið og stuðlað of mikið að bátasmíðinni, og skal ég sleppa því. En það er alveg víst, að það er vel fyrir þessu séð nú fram undan. Það væri hins vegar mjög alvarlegt fyrir okkur, ef yrði stöðvun í endurnýjun bátaflotans, og það er þá sennilega aldrei að mínum dómi heppilegra en nú, þegar við höfum smíðað svo mikið að undanförnu og endurnýjunin þarf ekki að verða mjög ör, einmitt að stuðla að því af öllu megni, að hinar innlendu skipasmíðastöðvar geti tekið við þessu verkefni og hér risið upp í verulegum stíl stálskipasmíði, sem hins vegar er ákaflega ung og ný atvinnugrein hjá okkur, en hefur þó farið af stað með þeim hætti, að vakið hefur eftirtekt. Hún hefur verið samkeppnisfær um verðlag við erlendar skipasmíðastöðvar í sambandi við útboð á stálskipum, sem hafa verið gerð bæði hérlendis og erlendis. Hún hefur verið samkeppnisfær um verðlag og samkeppnisfær um gæði. Það er alveg rétt, nú vantar hana fjármagn, og það er mjög mikið atriði að stuðla að því, að þessi nýja iðngrein geti þróazt hér við eðlileg og hagstæð skilyrði, og svo jafnframt hitt, sem kemur m. a. fram í umsögn frá Félagi íslenzkra dráttarbrautaeigenda, það stóra verkefni, sem þessu er hliðstætt, og það er að stækka þessar gömlu dráttarbrautir okkar, sem hér eru fyrir hendi og voru upphaflega byggðar, eins og frsm. vék að, fyrir miklu minni báta og geta nú ekki sinnt því verkefni að gera við og annast viðhaldið á hinum nýju og stóru stálbátum, nema með því, að þær verði stórkostlega stækkaðar. Til þess þarf töluvert fjármagn á komandi árum líka, en ætti einmitt að vera viðráðanlegra vegna þess, að við ættum ekki að þurfa að festa eins mikið fé í bátasmíði vegna þróunarinnar undanfarin ár og við höfum gert, og mætti þá hnika þessu stofnfé til og láta það í ríkari mæli renna að þessu sama markmiði, að efla bátaútgerðina hérna, en nú að þeirri hliðinni að sjá bátunum fyrir nægjanlegri aðstöðu í landi í sambandi við miklu stærri dráttarbrautir.

Hv. frsm. allshn. leiðrétti í ræðu sinni það, sem fram kemur í nál. um, að samkv. reikningum fiskveiðasjóðs fyrir árið 1962 eigi hann útistandandi í nýbyggingu skipa 10.5 millj. kr., eigi að vera 10.9, en í árslok 1963 9 millj. Ekki aðeins þessi smávilla þarna getur valdið nokkrum vafa, heldur hitt, hvernig ber að skilja það, hvað fiskveiðasjóður eigi útistandandi í nýbyggingum, því að eins og kunnugt er hefur fiskveiðasjóður veitt stórkostlegt fé til nýbygginga árlega í íslenzka bátasmíði og þá fram að þessu fyrst og fremst eikarbáta, en sá háttur hefur venjulega verið hafður á, að meðan bátarnir eru í smíðum, hafa verið veitt út á þá bráðabirgðalán í viðskiptabönkunum, aðallega í Útvegsbankanum og Landsbankanum, sem síðan eru greidd upp með einu láni, sem veitt er frá fiskveiðasjóði, þegar smíðinni er lokið.

Ég veit, að skipasmíðastöðvarnar hafa leitað töluvert á um það, að þær geti strax fengið lán til að hefjast handa um bátasmíðina, og sagt: Ef við getum ekki strax byrjað bátasmíði og fengið lánin eftir hendinni, þá er okkur ekki gagn að þessu. — Á það er að líta, að í raun og veru hafa þær alltaf getað fengið lán eftir hendinni hjá viðskiptabönkunum út á væntanlegt fiskveiðasjóðslán. Það hefur aðeins verið lögð áherzla á það í framkvæmd málsins, að þær hefðu viðsemjendur, menn, sem vildu kaupa bátana, og þeir legðu fram sitt eigið framlag og byrjuðu á því, alveg eins og við erlendu bátasmíðina, þar verða menn að leggja eigið framlag, sem á að vera búið að borga 30%, þegar báturinn er afhentur. Eins hefur verið lögð áherzla á það í framkvæmdinni hér, en þó oft frá því vikið, að skipasmíðastöðvarnar hefðu fengið kaupanda að bátnum og sá kaupandi byrjaði að leggja fram 25%. Eftir það hefur svo gengið alveg sjálfkrafa um þau 75%, sem eftir eru, að þau eru lánuð í smááföngum í viðskiptabönkunum, þangað til fiskveiðasjóðslánið tekur við. Það hefur stundum á þessu staðið, og stundum hefur verið horft fram hjá þessu, og það hefur í einstöku tilfellum skapað erfiðleika. Að nokkru leyti var skipasmíðastöðvunum og dráttarbrautunum hjálpað á vissan hátt með ríkisábyrgð á þessu sviði fyrir nokkrum árum, sem veitti nokkra úrlausn.

Ég tel, að það beri að leggja ríka áherzlu á, að eigið framlag kaupendanna geti komið sem fyrst, þó að ég viðurkenni, að það kunni að einhverju leyti að þurfa að leysa þarna viss vandræði skipasmíðastöðvanna, sem geta fyrst og fremst komið í ljós á þeim tíma, sem ekki er mikil eftirspurn eftir bátum, en þó að gera þeim kleift að hafa báta í smíðum vegna aðstöðunnar til viðgerða, eins og ég vék að í upphafi og hv. frsm. vék að, og það er að sjálfsögðu rétt á það að líta. Hins vegar hafa þetta verið slík forréttindalán sem stofnlán hér á landi, að fá 75% af stofnkostnaði og yfirleitt til nokkuð langs tíma og með hagstæðum kjörum, að það er ekki óeðlilegt að gera kröfu til þess, að menn, alveg eins ef báturinn er smíðaður hér innanlands, séu reiðubúnir í upphafi að koma og leggja sitt eigið framlag, 25%, tilsvarandi 30% framlaginu, sem menn hafa lagt fram í sambandi við smíði bátanna erlendis.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri. Ég mæli eindregið með samþykkt till. og tel, að það sé mjög mikilvægt að stuðla að bættri aðstöðu og nægjanlegu fjármagni eða lánsfjáraðstöðu fyrir dráttarbrautirnar og fyrir þessa nýju iðngrein, stálskipasmíðina, sem er að vaxa úr grasi hjá okkur Íslendingum um þessar mundir.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég skal vera fáorður um þetta mál. Ég tel, að till. sú um eflingu innlendra skipasmíða, sem hér liggur fyrir á þskj. 106, eins og aðrar slíkar till., er fyrr hafa verið fluttar og stundum samþykktar, stefni í rétta átt, og þess vegna hef ég ásamt öðrum meðnm. mínum mælt með samþykkt hennar. Ég tel þó, að málið í heild þurfi að koma undir athugun á breiðara grundvelli. En ég vil aðeins bæta örfáum orðum við það, sem hv. frsm. sagði um þetta mál í umr. hér í dag.

Íslendingar eru þegar orðnir loftferðaþjóð, þeir eru á góðum vegi með að verða siglingaþjóð, og Íslendingar eiga áreiðanlega að stefna að því að verða skipasmíðaþjóð. Skilyrði eru hér þegar fyrir hendi í ríkum mæli til þess, að slík starfsemi megi blómgast hér, þó að þar þurfi að yfirvinna ýmsa erfiðleika. Stöðugur markaður fyrir skip er í landinu sjálfu, hér á landi eru nú mjög vel færir menn í skipasmíði, og hér hafa verið smíðuð fiskiskip úr tré, sem þola, að því er gæði og traustleika varðar, samanburð við fiskiskip, sem smíðuð eru í öðrum löndum, svo að ekki sé meira sagt. Stálskipasmíði er þegar hafin, og járniðnaður er a. m. k. á sumum stöðum, t. d. hér syðra og á Akureyri, e. t. v. einnig á Ísafirði og Austfjörðum kominn á það stig, að þar með hefur skapazt undirstaða undir stálskipasmíði. Og nú hef ég það fyrir satt, að þrjú slík skip séu í smíðum hér syðra. En stálskipin virðast vera það, sem koma skal. Félag ísl. dráttarbrautaeigenda segir í umsögn sinni til n. 29. jan. s. l., að „tími tréskipanna sé að fjara út", eins og það er orðað, og að hin nýju skip séu og verði byggð úr stáli. Eigi að síður mun þekkingin á sviði tréskipasmíðanna hér á landi reynast mikilsverð undirstaða, einnig á hinu nýja sviði. Og ég held, að að því beri að stefna og að því verði stefnt á komandi tímum, að Íslendingar smíði ekki aðeins þau fiskiskip, sem þeir þurfa sjálfir að nota, heldur gerist einnig útflytjendur fiskiskipa. Og sú starfsemi að smíða skip fyrir innlendan og síðar erlendan markað er fyllilega eins athyglisverð og ýmislegt annað, sem nú er rætt um að koma á fót, og efla hér á landi í atvinnulífi þjóðarinnar.

Þetta vildi ég aðeins undirstrika. Og ég vil svo aðeins nefna það, en ætla að öðru leyti ekki að lengja þessar umr., því að hér eru margar till., sem þurfa að komast að, — nefna það, að þegar menn eru að tala um það og margir gera sér tíðrætt um það um þessar mundir, að mikið hafi verið keypt af nýjum fiskiskipum, stórum fiskiskipum, þá heyrast oft ummæli í þá átt, að skipin, sem flutt hafa verið inn, séu bæði óþarflega mörg og óþarflega stór. En í því sambandi verður að hafa það í huga, að fiskiskipaflotinn verður fyrir miklum áföllum ár hvert. Ég hef séð það nýlega í skýrslum, að hvorki meira né minna en 20 fiskiskip hafi farizt við strendur þessa lands á þessu ári. Þetta skarð verður auðvitað að fylla, og það þarf til þess mikið árlega, auk þess sem skipin ganga úr sér. Ef við flettum skipaskránni, sem árlega er birt í Sjómannaalmanakinu, sjáum við, að fjöldi af þeim skipum, sem á skrá eru, er mjög gömul skip, 20—30—40 ára. Jafnvel hefur verið hér til skamms tíma á skrá skip, sem smíðað var um 1870. Það skip mun nú loks á þessu ári hafa verið tekið út af skránni. Og þessi gömlu skip ganga auðvitað úr sér.

Varðandi stærð skipanna, að nú eru keypt til landsins stærri skip en áður, er það auðvitað ekki gert út í bláinn, heldur vegna þess, að aðstaðan til fiskveiðanna og þó sérstaklega síldveiðanna hefur breytzt stórlega. Áður var síldin hér upp við landið og jafnvel inni á fjörðum. Nú er ekki lengur svo. Nú veiðist meiri hluti síldarinnar, ekki sízt við Norður- og Austurland á sumrin, ekki upp við landið, held-

ur á hafi úti, og slíkar veiðar er ekki hægt að stunda nema á stórum skipum, allra sízt, þegar líður að hausti og allra veðra er von. Þetta ættu menn að hafa í huga, þegar menn mikla fyrir sér aukningu skipastólsins og láta orð falla um það, sem stundum á sér stað, að of mikið sé gert að því að auka við skipaflotann og stækka skipin.

Ég vildi aðeins nota tækifærið til að segja þetta hér, vegna þess að aths. af þessu tagi eru svo ákaflega algengar um þessar mundir.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Vegna þeirra ummæla, sem hæstv. dómsmrh. hafði hér í dag í sambandi við umr. um þessa þáltill., þykir mér rétt að taka það fram til þess að fyrirbyggja allan misskilning, að áður en ég lagði þessa till. fram, átti ég ýtarlegar viðræður við framkvæmdastjóra fiskveiðasjóðs um það, hvort fiskveiðasjóður mundi geta greitt út þau lán, sem hann á að lána til skipa, sem byggð eru innanlands, ef skipabyggingar innanlands yrðu auknar, að óbreyttum fjárhagsástæðum fiskveiðasjóðs. Þá sagði framkvæmdastjóri fiskveiðasjóðs mér, að hann sæi ekki fram á annað en að það yrði að taka upp nákvæmlega sama hátt varðandi byggingu skipa, sem væru byggð innanlands, og þeirra skipa, sem væru nú byggð erlendis og fiskveiðasjóður lánar ⅔ af byggingarkostnaði, og þar hefur sá háttur verið hafður á nú í nokkur ár, að erlendu skipasmíðastöðvarnar lána eigendum þeirra skipa lán til 7 ára, sem fiskveiðasjóður endurgreiðir svo af þeim lánum, sem honum ber að lána til nýbygginga skipa, sem byggð eru erlendis. Í árslok 1962 voru inneignir lántakenda hjá fiskveiðasjóði rúmlega 125 millj. kr. samkv. ársreikningum fiskveiðasjóðs fyrir árið 1962. Ég hygg, að með þeim mikla skipainnflutningi, sem átt hefur sér stað á árinu 1963 og á sér stað nú og kemur til með að verða fram eftir þessu ári, þá muni þessi upphæð hafa hækkað verulega, en ekki lækkað, og að óbreyttum ástæðum fiskveiðasjóðs kemur hann til með að berjast í bökkum með að geta staðið við þessar skuldbindingar sínar, og því er brýn nauðsyn þess að efla fiskveiðasjóð á þann veg, að hann geti greitt út þau lán, sem honum ber að veita til þeirra skipa, sem byggð eru innanlands. Og eitt af því, sem ég lagði áherzlu á, þegar ég flutti mína framsöguræðu fyrir þessari till., var þetta.

Út af því, sem hv. 3. þm. Norðurl. e. sagði hér áðan, þá er mikið um það rætt, hvað byggt sé mikið af skipum. En þeir menn, sem hafa hæst um það, hvað mikið sé byggt af skipum, gera sér yfirleitt litla grein fyrir því, hvað skipastóllinn gengur fljótt úr sér og hve mörg skip farast og ganga úr sér á hverju ári. Þróunin, sem hefur átt sér stað í skipabyggingum á undanförnum árum, hefur verið sú, að það hafa verið byggð miklu stærri fiskiskip en áður. Flest af þessum skipum eru frá 160 brúttólestum og upp í 300 brúttólestir. Hitt er mér og mörgum öðrum mikið áhyggjuefni, hve lítið er byggt af skipum af stærðinni 60—100 rúml., og það er mikið atriði, sérstaklega fyrir ýmsar verstöðvar úti um landið, því að stærri skipin eru fyrst og fremst byggð fyrir síldveiðarnar, og þá eru þau staðsett hér við Suðvesturlandið og Faxaflóa meginhlutann af árinu. Ef verstöðvarnar úti um land fara inn á þessa braut, að byggja skip af þessum stærðum, 160—300 rúml., er vá fyrir dyrum heima í byggðarlögunum. Þróunin aftur í byggingu skipa af stærðunum 60—100 rúml. hefur því miður verið mjög lítil, og mætti segja mér það, að þar hafi heldur orðið samdráttur síðustu 2 árin. Og það eru skipin, sem eru gerð út frá sinni heimabyggð, sem skapa atvinnu í þessum byggðum, og þessum byggðum er því miklu meiri nauðsyn á því að halda sér við þessar stærðir skipa, sem eru gerðar út frá sinni heimahöfn og skapa fólkinu í landi þar atvinnu árið um kring.

Það er alveg rétt, sem hv. 3. þm. Norðurl. e. sagði, að við Íslendingar þurfum að fara meira út í stálskipasmíði, vegna þess að bygging tréskipa, sérstaklega stærri fiskiskipa, er mjög stórlega að dragast saman, og það er almenn skoðun útvegsmanna, að það sé heppilegra að gera út og eiga, hvað viðhaldskostnað snertir, stálskip en tréskip. Og margar skipasmíðastöðvar eru að búa sig undir þetta, og stálskipasmíðin er hafin hér á landi, og fleiri skipasmíðastöðvar þurfa að koma á eftir. Það, sem veldur mönnum áhyggjum, er, að á nokkrum skipasmíðastöðvum á landinu er ekki nægileg vinna árið um kring, vegna þess að viðhald fiskiskipaflotans kemur fyrst og fremst á örstuttan tíma á milli vertíða, sérstaklega eftir að vetrarvertíð lýkur og þar til sumarsíldveiðar byrja, og síðan aftur að loknum sumarsíldveiðum. Þessum skipasmíðastöðvum er því mjög mikils virði að geta hafið byggingu skipa og hagað sínum störfum á þann veg, að þær geti annazt nýsmíði þann tíma árs, sem viðhald skipanna er sáralítið eða jafnvel ekkert. Ef þær geta það ekki, verður samdráttur í skipasmíðaiðnaðinum. Eins og raun ber vitni, hefur hann orðið á undanförnum árum á einstaka stöðum, og það hefur ekki verið gróska í þessari iðngrein eins og í mörgum öðrum á síðustu árum.

Það tel ég hina mestu hættu, ef það verður frekari samdráttur í skipasmíðaiðnaðinum. Þá getur það leitt til þess, að útvegsmenn verða að nevðast til að fara með skip úr landi til viðgerðar, og það finnst mér vera til vanvirðu fyrir Íslendinga, ef þannig fer.

Ég vil svo ekki orðlengja frekar umr. í þessu máli, en þakka frsm. allshn. fyrir hans ræðu hér í dag og allshn. fyrir góða afgreiðslu á þessu máli og vænti þess, að Alþingi taki þessu máli á sama veg og allshn. hefur gert, og umfram allt vænti ég þess, þegar þessi till. hefur verið samþykkt, að hæstv. ríkissti. beiti sér mjög ötullega fyrir því að fá þær úrbætur, sem till. gerir ráð fyrir.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Hér er til umr. till. um eflingu innlendra skipasmíða. Ég álít þessa till. þarfa og góða og kem ekki hér í ræðustól til þess að mæla gegn henni, heldur þvert á móti til þess að láta í ljós stuðning minn og fylgi við hana. Og ég fagna því, að nú virðist svo komið, að slík till. eigi nokkru fylgi að fagna á Alþingi. Svo hefur þó ekki verið á tveimur undanförnum þingum, því að ég hef tvívegis flutt till. um sama efni, till. um eflingu innlends skipasmíðaiðnaðar og þá al-

veg sérstaklega með tilliti til þess, að aðstoð væri veitt til, að stálskipasmíði gæti hafizt hér á landi, og þeir, sem slík skip kaupa, öðluðust möguleika til að kaupa skip af innlendum skipasmíðastöðvum ekki síður en útlendum. En á því hefur, eins og hv. flm. málsins vék hér að áðan, gróskan í íslenzkum skipasmíðaiðnaði strandað, að það hefur ekki fengizt fyrirgreiðsla fjárhagslega til að kaupa skip af íslenzkum skipasmíðastöðvum, eins og erlendar skipasmíðastöðvar hafa veitt þeim, sem hafa boðizt til að kaupa skip af þeim. Það er það, sem hefur stöðvað vöxt og viðgang íslenzks skipasmíðaiðnaðar, ekki hitt, að Íslendingar væru ekki færir um að smíða flest sín fiskiskip innanlands, ef fjárhagshliðin hefði fengizt leyst.

Smíði dráttarbátsins Magna fyrir Reykjavíkurborg eða Reykjavíkurhöfn, smíði varðskipsins Alberts, smíði allstórs fiskiskips, sem smíðað hefur verið hér í íslenzkri skipasmíðastöð, og smíði þeirra stálbáta, sem smíðaðir hafa verið nú á árinu 1963, og smíði þeirra skipa, sem nú hafa verið lögð undir í íslenzkum skipasmíðastöðvum, sannar það, að íslenzkar skipasmíðastöðvar eru vel færar um að smíða járnskip, stálskip, sem henta Íslendingum og við þurfum til þess að endurnýja okkar fiskiskipaflota. Það er ekki á vankunnáttu, sem þetta hefur strandað. Íslenzk stálskipasmíði hefur verið í spennitreyju og ekki haft vaxtarskilyrði, af því að þeir, sem kaupa af þeim skipin, gátu ekki fengið sams konar lán til þess að kaupa skipin smíðuð hér eins og erlendar skipasmíðastöðvar buðu. Um þetta hef ég, eins og hv. flm. nú, rætt við forstjóra fiskveiðasjóðs, og hann hefur gefið þessar sömu upplýsingar, og það er sú hlið, sem enn þá er óleyst, og enn kann svo að fara, þó að þessi till. verði samþykkt á hv. Alþingi, að ef hæstv. ríkisstj. beitir sér ekki fyrir því að leysa þennan vanda, þá verður till. því miður að litlu gagni. Það er fjárhagshliðin, sem er óleyst, og ríkisvaldið hefur ekki sýnt áhuga á því til þessa að jafna þarna metin. Þegar menn geta fengið skipin erlendis með því að greiða upp andvirði þeirra á 7 árum og í einstaka tilfellum allt upp í 11 ár, hygg ég, þá er það mikill munur, og þetta hafa íslenzku skipasmíðastöðvarnar ekki getað boðið, því að þær hafa ekki fengið lán til þess að standa undir byggingarkostnaðinum og afla sér rekstrarfjár til þess að geta haldið starfseminni áfram.

Það er dálítið athyglisvert, að þeir, sem nú hafa undirbúið sig hvað bezt undir smíði íslenzkra stálskipa, hafa fært sig út úr Reykjavíkurborg og hafa sett sig niður hér við Arnarnesvog, þar sem í raun og veru engin sérstök aðstaða var önnur en kyrrlátur vogur, og þar byggja þeir nú upp sín mannvirki, og það er einnig athyglisvert, að skipasmíðastöðvarnar í Noregi og Hollandi og þar sem þau skip, sem við höfum verið að kaupa, eru byggð, þar eru ósköp litlar stöðvar með mjög litlum tilfæringum út yfir það, sem alveg nauðsynlega útheimtist til þessarar smíði. Og það hefur sannfært mig um það, að sjá þessa aðstöðu, sem er fyrir hendi, þar sem okkar aðkeyptu skip frá útlöndum eru smíðuð, að það ætti að vera sjálfgefið, að Íslendingar kappkostuðu að smíða sín fiskiskip sjálfir, jafnt stálskipin sem tréskipin, og að þessum iðnaði yrði dreift nokkuð um landið, þ. e. a. s. að þar sem allmikil útgerð er og margir fiskibátar, í fiskiþorpunum okkar hinum stærri og útgerðarbæjunum, ætti að efla á allmörgum stöðum úti um landið skipasmíðastöð, af því að þar verður að tryggja, að þjónusta sé fyrir hendi fyrir flotann að fá viðgerðir, og viðgerðir og nýsmíði verða að haldast í hendur, það er hárrétt, sem flm. hér sagði áðan, það er hárrétt, og meira að segja viðgerðum og viðhaldi fiskiskipaflotans er stefnt í háska, ef ekki verður hafizt handa um að skapa aðstöðu fyrir nýsmíði jafnframt, því að þá er fyrst skapaður möguleiki til þess, að skipasmiðir geti haft stöðuga atvinnu árið um kring. Sé ekki að neinu að halda sér nema igripavinnu við viðgerð báta 1—2 mánuði í senn á ári, þá læra menn ekki skipasmíði og haldast ekki við sem skipasmiðir á stöðunum, þar sem flotinn er þó fyrir hendi og þarf að eiga öruggt viðhald, og þá er stefnt í voða.

Ég tel það gott, að Alþingi samþykki till. sem þessa og færi hæstv. ríkisstj. þannig verkefnið í fang að leysa fjárhagshlið málsins, en án þess að hún verði leyst, þannig að kaupendur fiskiskipa eigi völ á nokkurn veginn sams konar kjörum og hjá norskri eða hollenzkri skipasmíðastöð, færist fiskiskipasmíðin ekki inn í landið. Ég tel sem sé gott, að hæstv. ríkisstj. fái þetta verkefni í hendur, og þetta verkefni verður að leysa. Það er til stórkostlegs vansa fyrir íslenzku þjóðina sem fiskveiðiþjóð að sækja meginþorra sinna fiskiskipa til annarra landa og stofnar í raun og veru möguleikum til viðhalds okkar flota í háska og óvissu. Það er það, sem er óviðunandi hjá okkur, það er, hve lítið er smíðað innanlands af okkar fiskiskipum og hve mikill hluti af þeirri viðbót, sem við þurfum til endurnýjunar ár hvert, er smíðaður erlendis algerlega að óþörfu, því að þessu verkefni orka okkar iðnaðarmenn, og iðnaðurinn er þess konar, að hann væri mjög vel til þess fallinn að vera undirstöðuiðngrein í okkar stærri fiskiþorpum og fiskibæjunum.

Ég held, að þetta sé ágætt, þegar við stjórnarandstöðuþm. erum búnir að flytja till. um góð mál hér á Alþingi tvisvar til þrisvar sinnum fyrir daufum eyrum og fá þær lagðar í glatkistu nefnda á þinginu, þá flytjum við þær ekki í von um það, að stjórnarstuðningsþm. taki þær annaðhvort orðrétt eða efnislega og flytji þær og komi þeim á framfæri, og í þessu tilfelli er ég þakklátur hv. 11. landsk. þm. fyrir að hafa þannig bjargað í land þeirri till., sem ég er búinn að sjá hér tvisvar sinnum svæfða.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja mikið þessar umr., en út af ummælum, sem féllu hér áðan, þykir mér rétt að taka það fram, að auðvitað kemur mér ekki til hugar og sjálfsagt engum, að hér eigi eftirleiðis eingöngu að smíða stór skip til síldveiða á hafi úti. Ég nefndi þetta aðeins um stærri skipin til þess að skýra það mál, sem raunar fleiri hafa gert, hvernig á því stendur, að nú síðustu árin hafa einkum verið flutt inn stór skip og fiskiskipin farið stækkandi. Hitt er svo auðvitað mál, að það þarf að smíða mikið af

öðrum skipum. Það þarf að smíða 50—60 tonna skip og ekki aðeins það, heldur þarf að smíða hér mikið af smærri bátum, og það væri æskilegt að mega vona það, að einmitt útgerð smærri bátanna fari mjög vaxandi í þessu landi, jafnhliða því sem friðun fiskimiðanna eykst. Við þurfum að sjálfsögðu að hafa viðsvegar um land smærri skipasmíðastöðvar, sem smíða bæði hina venjulegu vertíðarbátastærð af skipum, eins og tíðkast hér á vetrarvertíð, og svo einnig hina smærri þilfarsbáta og opna vélbáta, og einmitt þessir minni þilfarsbátar og opnir vélbátar eru og munu verða fyrst um sinn ein aðalundirstaða landsbyggðarinnar.

Í sambandi við vaxandi smíði stórra fiskibáta hér á landi, hvort sem um er að ræða tréskip eða stálskip, og þó einkum stálskip, skiptir það auðvitað mjög miklu máli, að verðið verði sambærilegt við það verð, sem hægt er að fá erlendis á þessum skipum. Og þegar ég talaði hér áðan um byrjunarerfiðleika, sem þyrfti að yfirvinna í þessum efnum, átti ég ekki sízt við það. Ég vil nefna það í þessu sambandi, af því að farið er að tala svona almennt um þessi mál, að fyrir 1—2 árum átti ég tal við allmarga skipasmiði og forstöðumenn skipasmiðja á Akureyri um skipasmíðina þar, sem hefur verið vaxandi, og um framtíð skipasmíða og möguleika fyrir vexti skipasmíða þar sérstaklega og hér á landi almennt. Ég man eftir því, að í þessum viðræðum kom það fram hjá sumum þeirra, sem þarna áttu hlut að máli, og það gæti verið fróðlegt að íhuga það í sambandi við það, sem hér er talað um viðgerðirnar í sambandi við skipasmíðar, að þeir töldu, þessir menn, að til þess að hægt væri að framleiða stór fiskiskip, með sem minnstum kostnaði eða á sem lægstu verði, þyrftu skipasmíðar að vera algerlega aðgreindar frá viðgerðum, og þeir færðu fyrir þessu ýmis rök, sem mér þóttu athyglisverð, að þetta þyrfti að vera svona. Ég ætla ekki að fara að telja fram þau rök hér, enda er ég ekki það fróður á þessu sviði, að ég sé fær um að gera það. En þeir héldu þessu sem sé fram, þessir menn, að til þess að framleiða verulega ódýr skip, til þess að koma framleiðslukostnaði skipanna niður, ættu skipasmíðastöðvar, sem smíðuðu slík skip og ætluðu að framleiða þau á sem lægstu verði, helzt ekki annað að gera en eingöngu að smíða skip. Hitt er svo auðvitað vandamál, eins og ræðumenn hafa bent hér á, hvernig á að halda uppi hér starfsemi viðgerðarstöðvanna, sem inna náttúrlega af hendi mjög mikilsverð og óhjákvæmileg störf við viðgerð fiskiflotans, hvernig á að halda starfsemi þeirra gangandi, þegar, eins og ástatt er, viðgerðir skipa fara einkum fram á vissum árstímum, þannig að vinnan hlýtur að vera misjöfn. En í sambandi við þetta mál og eflingu skipasmíðaiðnaðar hér innanlands þarf áreiðanlega að taka til gaumgæfilegrar athugunar viðfangsefni af þessu tagi annars vegar, hver aðferðin sé til þess að framleiða sem ódýrust skip, og hins vegar, á hvern hátt viðgerðirnar verði tryggðar. Þetta vildi ég nú minnast á í sambandi við þær umr., sem hér hafa farið fram, og til íhugunar fyrir þá, sem við þessi mál fást í sambandi við þá till., sem hér liggur fyrir, og yfirleitt.

Jón Árnason: Herra forseti. Ég skal ekki lengja mikið þessar umr. Ég vil aðeins taka undir það, sem hér hefur komið fram hjá ræðumönnum almennt, að hér er um merka till. að ræða, sem beinist að því að bæta aðstöðu innlendra skipasmíðastöðva frá því, sem nú er. Ég vil þó aðeins koma hér inn á eitt atriði, sem nokkuð hefur verið rætt, og ég ætla, að þar gæti nokkurs misskilnings. En það er það, sem vikið hefur verið að og rætt um þann aðstöðumun, sem sé um að ræða milli innlendra og erlendra skipasmíðastöðva og hvað það sé hagstæðara fyrir Íslendinga fyrir þær sakir að byggja og gera samninga við erlendar skipasmíðastöðvar. Þetta tel ég, að ekki sé rétt.

Þegar maður, sem kaupir skip erlendis frá, gerir samning, verður hann að borga ákveðna upphæð, og það er nákvæmlega það sama, sem verður að eiga sér stað, þegar hann gerir samning við innlenda skipasmíðastöð. Hins vegar liggur það fyrir, að 70% af raunverulegum kostnaði erlendu bátanna er hægt að fá samninga um til 7 ára. Í framkvæmdinni hefur það svo aftur verið þannig, að fiskveiðasjóðurinn hefur tekið að sér að framlengja þessi lán til 15 ára, og það er sami lánstími og um er að ræða hjá innlendu skipasmíðastöðvunum eða hjá fiskveiðasjóði fyrir innlend fiskiskip. Að hinu leytinu er það hagstæðara að byggja skipin innanlands, þar sem viðkomandi fær ¾ að láni, en ekki nema ⅔ hjá erlendu skipasmíðastöðvunum. En það, sem hér þarf að breyta sérstaklega og fram kom í ræðu hjá iðnmrh. hér fyrr í kvöld, álít ég, að sé fyrst og fremst það, að skipasmíðastöðvarnar innlendu geti hafið byggingu á skipum innanlands án þess að hafa fasta samninga við kaupendur. Það er einmitt vegna þess, sem hér hefur fram komið í umr., að það er mikil nauðsyn á því að halda uppi og efla þessa iðnaðargrein, skipasmíðina, vegna okkar þarfar á viðhaldi skipastólsins yfir höfuð, þess vegna er nauðsynlegt, að það sé hægt að halda föstum ákveðnum fjölda iðnaðarmanna í þessari atvinnugrein. En það er því aðeins hægt, eins og hér hefur verið komið inn á fyrr í þessum umr., að næg verkefni séu jafnan fyrir hendi.

Nú getur það verið svo oft, að það eru ekki fyrir hendi kaupendur, þegar hlé skapast á skipasmíðastöðinni, og fyrir þær sakir, þó að skipasmíðurinn eða skipasmíðastöðin sé nokkurn veginn viss um það, að hún muni eignast kaupanda að bátnum fyrr en varir, þá getur hún ekki hafið framkvæmdina vegna þess arna, að hún fær ekki lán til byrjunarframkvæmda. Þetta er nákvæmlega sama, sem á sér stað erlendis. Við vitum það, að yfirleitt er ekki um samning að ræða, sem gengið er inn í. Það er yfirleitt ekki byrjað á þeim bátum, sem byggðir hafa verið fyrir Íslendinga, það er hrein undantekning, hafi það verið fyrr en samningur hefur verið gerður, og þá hefur viðkomandi útgerðarmaður orðið að snara sinni fyrstu greiðslu út. Ég vildi leggja sérstaka áherzlu á, að það, sem hér þarf að breytast frá því, sem verið hefur um aðstöðumuninn fyrir innlendu skipasmíðastöðvarnar, er þetta, að þær geti hafizt handa án þess að hafa fasta samninga. Við vitum, að ef þróunin heldur áfram í rétta

átt, hljóta að skapast kaupendur alltaf öðru hverju að nýjum fiskibátum, og þess vegna ætti ekkert að vera í hættu fyrir fiskveiðiþjóð eins og Íslendinga að leggja kjöl að nýjum bát öðru hverju. Og það er þessi aðstaða, sem þarf að skapa og breyta frá því, sem nú er. Hitt hefur svo verið, að þegar kaupandi hefur komið að fiskibáti innanlands, hefur það jafnan verið fyrir hendi, að sá hluti, sem fiskveiðasjóðurinn lánar lögum samkv., það hefur fengizt loforð um hann og viðskiptabankinn, eins og iðnmrh. sagði hér fyrr í kvöld, hefur þá verið fús á að veita fyrirgreiðslu upp á væntanlegt lán hjá fiskveiðasjóði.

Ég vildi aðeins láta þetta koma fram í þessum umr., en ég skal ekki orðlengja frekar um málið, en aðeins að lokum undirstrika, að það er staðreynd, að þróunin hvað viðkemur skipabyggingum hér innanlands eða eflingu sérstaklega fiskveiðiskipastólsins, þar sem ég tel að Íslendingar séu færir um að hafa framkvæmdina á hendi, — þróunin hefur ekki verið í rétta átt og of mikið af nýjum fiskibátum hefur verið keypt erlendis frá, í stað þess að bátarnir væru byggðir hér heima.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 53. fundi í Sþ., 12. marz, var enn fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 42 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 43 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 375).

8. Iðnrekstur í kauptúnum og kaupstöðum.

Á deildafundum 3. des. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til hál. um athugun á auknum iðnrekstri í kauptúnum og kaupstöðum [94. mál] (A. 107).

Á 35. fundi í Sþ., 22. jan., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 37. fundi í Sþ., 31. jan., var till. aftur tekin til fyrri umr.

Flm. (Björn Pálsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja þáltill. ásamt hv. 2. þm. Norðurl. v. og hv. 5. þm. Vesturl. Till. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela 5 manna nefnd að athuga, hvað hægt sé að gera til að auka iðnvæðingu í kauptúnum og kaupstöðum úti á landi, þar sem ónóg er atvinna. Alþingi kýs tvo menn í þessa nefnd og ríkisstj. skipar þrjá, og skulu þeir vera sérfróðir í iðnaðarmálum. Störf n. skulu vera:

1) Athugun á því, hvar mest þörf er fyrir aukinn iðnað vegna ónógrar atvinnu.

2) Athugun á því, hvaða iðngreinar er hagkvæmast að starfrækja á hverjum stað.

3) Að gera till. um, á hvern hátt eigi að útvega fjármagn, svo að hægt sé að starfrækja iðnfyrirtækin.

4) Að gefa upplýsingar um þá faglegu þekkingu, sem nauðsynleg er, til þess að hægt sé að starfrækja þau iðnfyrirtæki, sem n. leggur til að stofnuð verði."

Ég vil leyfa mér að fara nokkrum orðum um einstaka liði þessarar till. Þá er það fyrsti liðurinn, athugun á því, hvar mest þörf er fyrir aukinn iðnað vegna ónógrar atvinnu. Við vitum það, að hér á landi hefur atvinna við iðnað farið mjög í vöxt, en mikið af þessum iðnaði byggist á því, að hann er tollverndaður. Af fatnaði, eins og kápum, skófatnaði og öðru slíku, munu innflutningsgjöld og tollar vera allt að því 100%, og ef þessir tollmúrar hryndu niður, sem e. t. v. verður í framtíðinni, eru mestar líkur til, að mikið af þessum iðnaði okkar leggist niður og við þurfum að taka annan iðnað í staðinn. Ég hygg, að í framtíðinni verði það þannig, að hagkvæmast verði fyrir okkur að vinna úr okkar eigin hráefni, það yrðu þá landbúnaðarafurðir, ull og skinn sérstaklega, og í öðru lagi sjávarafurðir, og í þriðja lagi kæmi til greina að framleiða hér vöru, sem við þurfum að nota, eins og ýmsar vörur til sjávarútvegs, og má þar t. d. nefna veiðarfæri, tunnur og skipasmíði og annað slíkt. Við erum ekki háþróuð iðnaðarþjóð, því fer fjarri. Við erum algerlega á frumstigi þar.

Það sagði mér t. d. einn kaupmaður hér í bænum, sem verzlar með erlendar kápur, hann sagði, að ef ekki væru þessi innflutningsgjöld og tollar á þennan fatnað, þá stæðumst við engan veginn samkeppnina, því að kápurnar eru ekki eins góðar og miklu dýrari. Það er ekki þar með sagt, að svona þurfi þetta alltaf að vera, að við getum ekki náð þeirri tækni, sem aðrar þjóðir hafa. Það er tiltölulega stutt síðan við höfum okkar iðnað, og þess vegna erum við ekki orðnir iðnþróuð þjóð. Það tekur áratugi og jafnvel aldir að ná hámarki í þeim efnum.

Ég hef athugað tilfærsluna í byggð landsins, þá breytingu, sem orðið hefur frá því árið 1951 til ársins 1962, ég fékk nýjustu skýrslur um þetta, og þá hef ég tekið eftir því, að það fækkar frekar í sveitunum, það fjölgar í einstökum kauptúnum úti á landi og kaupstöðum, en öll aðalfjölgunin er hér í kringum Faxaflóann. Árið 1951 voru íbúar landsins 146 þús., en árið 1962 eru þeir orðnir 183 þús. Fjölgunin hefur því verið 37 þús. eða 25.34% á rúmum einum áratug. Á þessu sjáum við, hve þjóðinni fjölgar ört, og um það er ekki nema gott að segja. Það er ekki útlit fyrir annað en svipuð þróun verði á næstu árum. Ég hef einnig athugað tilfærsluna, og hún er þannig, að í kaupstöðunum bjuggu 1951 90 þús., en 124 þús. árið 1962. Í kaupstöðunum hefur því fjölgað um 34 þús. af þessum 37 þús., sem þjóðinni hefur fjölgað í heild. Í kauptúnum hefur aftur fjölgað úr 21 þús. 1951 í 28 þús. 1962. Ofur lítil tilfærsla hefur orðið vegna breytinga, eins og t. d. í Kópavoginum og Glerárþorpinu fyrir norðan, svo að þetta eru ekki alveg raunhæfar tölur. En staðreyndin er þetta, þegar farið er yfir manntalið nákvæmlega, að það hefur frekar fækkað í sveitunum, fjölgað í vissum bæjum úti á landsbyggðinni, en öðrum ekki.

Þegar við athugum, hvar hefur fækkað í sveitinni, kemur í ljós, að fækkunin var mest í Austur-Barðastrandarsýslu og Strandasýslu og dálítið í Vestur-Skaftafellssýslu. Þetta sýnir, að þar sem samgöngur eru lélegar og langt á milli bæja, fækkar fólkinu í sveitinni, og þar sem ekki eru skilyrði til þess að mynda kauptún úti á landsbyggðinni, þar sem erfið skilyrði eru til sjósóknar, því að hingað til hefur það verið þannig, að iðnaður í kauptúnum og kaupstöðum úti á landinu hefur verið mjög takmarkaður.

Það er dálítið athyglisvert að athuga þetta. Ég hygg, að það séu litlar líkur til, að á næstu 1—2 áratugum a. m. k. fjölgi fólki, sem vinnur að landbúnaði á hinum einstöku og dreifðu bændabýlum, að því fjölgi að mun. E. t. v. er ekkert um þetta að segja, tæknin hefur farið vaxandi, og hver einstaklingur afkastar meira og meira. Hitt er annað mál, að við sjáum, að ef öll fólksfjölgunin streymir hingað til Faxaflóa, ef ekkert er gert fyrir kaupstaði og kauptún úti á landi, til þess að atvinna sé þar örugg og fólkið geti horft björtum augum til framtíðarinnar, þá heldur þessi þróun áfram, sem nú hefur verið s. l. áratug. Ef við athugum hina einstöku kaupstaði og kauptún úti á landi, hvar fólki hefur aðallega fjölgað, þá kemur í ljós, að fjölgunin er mest á Akureyri. Ég get nefnt þar sem dæmi, að í Austur-Barðastrandarsýslu hefur fækkað um 200 manns, og er þetta fámennt hérað. Í Strandasýslu hefur fækkað um 350. Og í Vestur-Skaftafellssýslu hefur fækkað um 79. Ég hef sérstaklega athugað þetta í Norðurlandskjördæmi vestra, því að það er nú svo, að hver lítur til sinna heimabyggða, og þá hefur þróunin í kauptúnunum hjá okkur orðið þannig, að á Hvammstanga hefur fjölgunin verið 45, á Blönduósi 167, á Skagaströnd 35, Hofsósi 22, Sauðárkróki 250, en á Siglufirði hefur fækkað um 350. Á Ísafirði fækkar dálítið, um 94. Aðalfjölgunin er á Akureyri, 1900, og í Vestmannaeyjum, sem eiginlega tilheyra fiskveiðasvæði suðvestanlands frekast, hefur fjölgunin orðið 1070 og í Neskaupstað 130. Staðreyndin er því, að þar sem fjölgar úti á landsbyggðinni, er það fyrst og fremst á Akureyri. Og það er ekki síldarútvegurinn, sem veldur þeirri fjölgun, heldur að þarna hefur þróazt iðnaður. Vafalaust er það frumskilyrði fyrir iðnaðinn þar, að höfn er góð. Auk þess er þarna mikil byggð í kring. Þarna hjálpast að mikil byggð, þróaður landbúnaður og góð hafnarskilyrði. Þar hefur því myndazt mikill iðnaður.

Ég hygg, að ef við ætlum að halda fólkinu í kauptúnum og kaupstöðum úti á landi, verðum við að gera meira að því að gera atvinnulífið fjölbreyttara og atvinnuöryggið meira en verið hefur. Það eru þannig ástæður í okkar kjördæmi, Norðurlandskjördæmi vestra, að síldaraflinn hefur brugðizt, það má segja í 3 missiri, og síldin virðist hafa fært sig austur, verið meira fyrir Austfjörðunum. Þetta hefur valdið því, að atvinna hefur verið takmörkuð í þessum kauptúnum. Eins og ég nefndi áðan, hefur fólkinu fjölgað víðast hvar þar nema á Siglufirði. Við þurfum ekki að fara í neinar grafgötur um, að það, sem veldur því, að fólkinu fækkar á Siglufirði, eru ekki slæm hafnarskilyrði, heldur hitt, að samgöngur til landsins hafa ekki verið eins góðar og skyldi og það hefur ekki verið jafnmikið hlutfallslega um síldarvinnslu þar og áður fyrr.

Það hefur oft verið skrifað um það í blöð, að það væri einhver rígur milli íbúa kaupstaða og sveita. En þetta er mesti misskilningur, að svo eigi að vera eða þurfi að vera. Sannleikurinn er sá, að í þessum efnum eiga þessir aðilar að hjálpa hvor öðrum. Með stækkandi kaupstöðum og kauptúnum eykst markaðurinn fyrir landbúnaðarvörurnar, og sveitafólkið kaupir af íbúum kauptúna og kaupstaða iðnaðarvarning og annað slíkt. Ef við athugum þorpin úti á landi, byggjast þau að mestu leyti á ýmiss konar þjónustu og ýmiss konar vinnu í kringum landbúnaðarafurðirnar. Í öllum kauptúnum, sem eru byggð upp í sveitahéruðum, er meiri og minni iðnaður, sem tilheyrir í raun og veru og er háður bændunum. Svo er t. d. um mjólkuriðnaðinn, vinnslu á kjöti, og svo eru bílflutningarnir, vinna við slátrun og frystingu á kjötinu og annað slíkt, vinna við verzlunina og ótalmargt í kringum þetta allt saman. Þegar verið er að tala um, hve margir lifa á landbúnaði, og bændurnir eru aðeins taldir, þá er það mikill misskilningur. Við getum athugað t. d. kauptúnin hér fyrir austan fjallið. Hér um bil allt þetta fólk lifir svo að segja eingöngu á bændunum, það er þjónusta í kringum framleiðslu bændanna. Ég hygg, að þó að það séu ekki nema 30 þús. manns nú, sem vinna að því að framleiða kjöt og mjólk og aðrar landbúnaðarafurðir, þá séu það engar ýkjur, að það séu 20—30 þús. manns, sem lifa á alls konar þjónustu í kringum þessa framleiðslu.

Það er ósköp mannlegt og eðlilegt, að við, sem úti á landinu búum, óskum þess, að mannfjölgunin í landinu fari ekki öll frá okkur, að nokkuð af henni og helzt öll mannfjölgunin, helzt allt unga fólkið eigi möguleika á því að setjast að í heimabyggðum. Ég skal ekki halda því fram, að það sé ráðlegt að halda hverjum útkjálka í byggð. Það má vel vera, að norðurhluti Strandasýslu leggist í eyði að meira eða minna leyti sem landbúnaðarhérað. Það má líka vel vera, að í bili fari meira eða minna í lauðn af Barðastrandarsýslu. Fólkið virðist sækja þangað sem þéttbýlið er. En þetta er ekki aðalatriðið. Aðalatriðið er, að í þeim byggðum, sem eru blómlegar og hentug landbúnaðarhéruð, þar verði landið nýtt sem bezt og í þessum héruðum myndist kauptún og kaupstaðir, þar sem fólkið hefur örugga atvinnu. Ég skal játa það, að ég og hv. 2. þm. Norðurl. v., — við höfum átt mikið tal um þetta mál, — við höfðum vitanlega hliðsjón af okkar heimabyggð. Við fórum heim í jólafríinu, og þá báðu bæjarstjórn Sauðárkróks og nefnd, sem þar er skipuð, okkur að koma til viðtals við sig. Við héldum þar fund. Svo fór ég út á Skagaströnd og átti fund með hreppsnefndinni og iðnaðarmönnum þar. Það er mikill áhugi hjá iðnaðarmönnum í þessum kauptúnum, og þeir vilja gera allt, sem þeir geta, til að auka atvinnuna og koma af stað sem fjölbreyttustum iðnaði. En það, sem hindrar, er tvennt. Það er takmörkuð tæknileg þekking og fjármagnsskortur. Það má heita, að það sé útilokað fyrir menn utan af landi að

fá hér lán í bönkum. Helzt er að flýja í Framkvæmdabankann og í Iðnaðarbankann. En fjármagnið kemur seint, og það er takmarkað. Auk þess er ekki eðlilegt, að menn úti á landi hafi þá tæknimenntun, sem til þarf, nema að mjög takmörkuðu leyti. Við ræddum ýtarlega á þessum stöðum um, hvað helzt væri ráðlegt að gera til þess að auka iðnaðinn og atvinnuöryggið, og það voru eðlilega skiptar skoðanir um það, eins og gerist. Þeim hafði ýmislegt dottið í hug, t. d. á Sauðárkrók. Þeim hafði dottið í hug að reisa blikksmiðju, þeim hafði dottið í hug að fara að búa til rafmagnstöflur o. fl. viðvíkjandi rafmagnsiðnaðinum. En það, sem virtist vera einhugur um að leggja höfuðáherzlu á, var gærusútun. Það eru mikil landbúnaðarhéruð, Húnavatns- og Skagafjarðarsýslur. Þar eru framleiddar líklega um 200 þús. gærur og verða áreiðanlega 200 þús., áður en langt um líður. Það er mikil vinna við gærusútun. En til þess að þetta sé hægt, þarf mikið fjármagn. Nú er það svo, að það er ofur lítið unnið að gærusútun hér. Sveinn Valfells mun hafa flutt út t. d. eitthvað af sútuðum gærum, og eftir því sem ég hef fengið upplýsingar um, var á þeim tíma söltuð gæra 109 kr. virði, en þegar búið var að súta hana, var hún seld á 241 kr., mismunurinn var 132 kr. Nú skal ég ekki fullyrða, — ég er ekki tæknimenntaður maður, eins og þið vitið, — þess vegna vil ég ekki fullyrða neitt um, hver raunverulegur kostnaður hefur verið. Þetta er mál, sem þarf ýtarlega að rannsaka, og það þarf mikla tæknikunnáttu til þess að gera þetta vel. Mér er sagt, að Svíar, Þjóðverjar og Finnar standi einna fremst í sútun á gærum. Ég hef rætt þetta nokkuð við iðnaðarmenn hér á landi og hefur skilizt, að skynsamlegast væri að reyna að fá menn með faglegri þekkingu, erlenda menn, til að stjórna framkvæmdunum.

Nú er það svo með Sambandið, sem mikið hefur unnið að iðnaði, t. d. ullariðnaði á Akureyri, skógerð og ýmsu fleiru, sem tilheyrir landbúnaðarframleiðslunni, og hefur byggt upp sínar höfuðiðnaðarstöðvar á Akureyri og að nokkru leyti hér, SÍS hefur ekki fjármagn til að ráðast í stórfyrirtæki, nema að því sé stuðlað af ríkisvaldinu á einhvern hátt. Nú er það vitanlega ekkert aðalatriði, hver rekur verksmiðju, ef reist yrði, heldur er hitt höfuðatriðið, að það sé byggt upp á heilbrigðum grundvelli, skynsamlega rekið og þeir, sem vinna við þetta, bæði að hráefnaframleiðslunni og eins að iðnaðinum, beri það úr býtum, sem þeim ber, að þeir séu ekki féflettir. Ég álít því, að þarna sé um stórmál að ræða, sem þyrfti að kynna sér frá grunni.

Við leggjum höfuðáherzluna á, að þetta sé vel undirbyggt. Það er betra að hefja ekki framkvæmdir heldur en að þær mistakist, því að öll mistök mynda vonleysi hjá því fólki, sem verður fyrir óhöppunum. Þess vegna þarf að byggja þetta skynsamlega upp. Það þarf bæði tæknibekkingu, og það þarf líka að tryggja þetta fjárhagslega. Nú er það svo, að ríkisvaldið ræður yfir bönkunum, og það má heita útilokað að fá nokkurt verulegt fjármagn, nema ríkisstj. beint eða óbeint stuðli að því.

Í þessum kauptúnum — ég tek sem dæmi okkar svæði — er þegar talsverður iðnaður. Ungir menn eru að reyna að fara af stað með iðnað. En fjármagnsskorturinn háir þeim. Það eru t. d. ungir menn að byrja á húsgagnaiðnaði á Sauðárkrók, og þeir gætu rekið þetta í miklu stærri stíl, ef þeir fengju fjármagn. Þar er einnig verið að byrja á plastverksmiðju í smáum stíl. Það væri hægt að reka hana í miklu stærri stíl, ef þeir hefðu fjármagn. Á Skagaströnd er þegar byrjað á vélaverkstæði, þar sem hægt er að yfirbyggja bíla, og ég álít, að í kauptúnum úti á landi gæti það verið mjög hentugur iðnaður. Þar er hægt að framkvæma þetta ódýrar en hér. En þessa menn vantar líka fjármagn til þess að geta haft nægilegan lager, nægilega stórt húsrúm og haft menn í vinnu. Það er líka rekið tréverkstæði á Skagaströnd, sem býr til eldhúsinnréttingar og annað slíkt. Þetta er hægt að gera á þessum stöðum fyrir minna fé, en mennina vantar fjármagn til að geta gert þetta.

Ég álít, að við eigum fyrst og fremst að stuðla að því að efla þær iðngreinar, sem fyrir eru og þar sem er nokkur tæknibekking fyrir höndum. Þar næst eigum við að taka þær iðngreinar, sem við álítum hagkvæmast að reka á hverjum stað, og leggja höfuðáherzlu á að byggja þær skynsamlega upp, þannig að þetta gæti orðið hagkvæmt, bæði fyrir þá, sem búa í þessum héruðum, og eins fyrir þjóðfélagið í heild. Skoðun okkar er því, að það sé eðlilegt, að þingið eða ríkisstj. kjósi eða skipi nefnd til þess að athuga þetta gaumgæfilega, í fyrsta lagi, eins og segir í okkar þáltill., að athuga, hvar mest sé þörf vegna atvinnunnar, og í öðru lagi að athuga, hvaða iðngreinar sé hagkvæmast að starfrækja á hverjum stað. Eins og ég nefndi áðan, getur margt komið til greina.

Ullin er nú t. d. eitt af okkar beztu hráefnum. Ég hef átt tal um þetta við Stefán Aðalsteinsson. Við hv. 2. þm. Norðurl. v. áttum tal um þetta við hann. Hann hefur fengið styrk til þess að reyna að aðgreina tog og þel, eins og þm. vita. Hann gerir sér miklar vonir um, að þetta takist. Skoðun hans er, að þelið hjá okkur sé að sumu leyti í vissan fatnað hentugra en Merino-ullin, sem er talin bezta og dýrasta ull í heimi. Hann telur, að okkar þel sé fjaðurmagnaðra og sé hentugra í kvenkápur, barnakápur og annað slíkt. Hann telur togið vera sérstætt að því leyti til, að það sé hentugt að því leyti að það hrindi frá sér óhreinindum, það sé sterkt og þess vegna mjög hentugt í teppi. Hann telur einnig, að finna togið væri mjög hentugt í áklæði á húsgögn. Þetta er allt órannsakað mál, en þarna er mikið verkefni fyrir hendi, og vitanlega er eðlilegt, að við leggjum höfuðáherzlu á að gera okkar hráefni sem verðmætast. Enn fremur hefur Stefán haldið því fram við mig, að það væri mjög álitlegt að setja upp spunavélar til þess að vinna lopa, Íslendingar gætu svo búið til lopapeysur, því að íslenzka ullin væri sérstaklega hentug í það, og í köldum löndum er mikil þörf fyrir hlýjan fatnað að vetrinum. Við verðum að athuga það, að þó að við séum norðarlega á hnettinum, er lítill kuldi hér miðað við í meginlöndunum, eins og í Síberíu og Ameríku og jafnvel í Mið-Evrópu, þar stígur frostið miklu hærra að vetrinum en hér hjá okkur. Skinnin álítur Stefán Aðalsteinsson að megi nota til hanzkagerðar, í skinnstakka og

töskur. Allt er þetta iðnaður, sem gæti byggzt á okkar eigin hráefni, og það skulum við athuga, að ef tollum verður aflétt að meira eða minna leyti og við myndum eitthvert samband við EBE og tollmúrinn hrynur, sem við umlykjum okkur með, þá er ekki nema eðlilegt og skynsamlegt að fara þegar að undirbúa þá breytingu, sem hlýtur að verða á okkar iðnaði við þá þróun.

Næsti liður, sem gæti komið til greina, bæði á Norðvesturlandi og víðar, er að vinna meira úr sjávarafurðum. Ég átti tal um daginn við mann, sem er mjög kunnugur útflutningi á síld. Hann segir, að Svíar geri mikið að því að flaka síld, sem þeir kaupa af okkur, — þeir kaupa mjög mikið magn af okkur, — þeir flaki hana í Svíþjóð, þá vanti vinnukraft til að gera þetta, og hann hefur staðið í sambandi við menn í Svíþjóð um það að fara að gera þetta á Íslandi. En það hefur staðið á því, að þeir hafa ekki viljað borga nóg fyrir það. Nú sagði hann mér, að það væru miklar líkur til þess, að það væri hægt að semja við Svía um, að nægileg greiðsla fengist fyrir að gera þetta hér, þá væri hægt að vinna hér meira af síldinni en gert hefur verið og það væri rétt að taka saltsíldina að vetrinum og flaka hana, setja hana aftur í tunnur, þá þarf færri tunnur undir hana, og senda hana þannig unna. Síldin er unnin á margan hátt, og þótt ég nefni þetta dæmi, eru ótal leiðir til að gera síldina verðmætari en hún er, þegar við flytjum hana út, og minni kostnað við að flytja hana líka. Um hrognin má sama segja. Þau eru aðeins söltuð í tunnur, og svo eru þau send út, en úr þessu er unninn kaviar og ýmislegt fleira. Ef iðnaður okkar þróaðist í þá átt að vinna þetta fullkomlegar, þá gæti þannig skapazt mikil vinna í kauptúnum og kaupstöðum úti á landi. Ég nefni þetta aðeins sem dæmi. Með tunnusmíðið er það þannig, að íslenzku tunnurnar hafa alltaf verið seldar í kringum 40 kr. dýrar en norsku tunnurnar, en ég hef tekið eftir því í landsreikningunum, raunar eru það ekki svo nákvæmir reikningar, sem við fáum yfir þessi fyrirtæki, að við getum fullyrt neitt um, hvernig þau hafa borið sig, en mér hefur virzt, að t. d. tunnuverksmiðjan á Siglufirði hafi getað svarað afskriftum og jafnvel skilað hagnaði. Aftur hefur það borið sig verr, að því er virðist, á Akureyri. En nú er það svo með þetta blessað ríki, að það hefur ánægju af því og vilja til að snuða viðskiptamennina ekki síður en einstaklingarnir. T. d. virðast ríkisverksmiðjurnar vera ánægðastar með að borga sem minnst fyrir síldina, sem notuð er í bræðslu, og tunnuverksmiðjan virðist hafa mikinn áhuga á að selja tunnurnar það dýrt, að þar sé frekar um afgang að ræða.

Nú er brunnin verksmiðjan á Siglufirði, og mér hefur dottið í hug, að hagkvæmt mundi vera að byggja t. d. helmingi stærri tunnuverksmiðju á Siglufirði en var, þannig að hún geti veitt allt að því 100 mönnum vinnu. Ég held endilega, að ef verksmiðjan stækkar, væri hægt að reka hana ódýrar en hafa verksmiðjurnar í fleiri stöðum og minni. Og þó að vinna væri fyrir 100 menn í tunnuverksmiðjunni á Siglufirði, þá er ekki víst, að yrðu framleiddar þar fleiri tunnur en þyrfti þar að nota, svo að um flutningskostnað yrði ekki að ræða.

Á Skagaströnd er mikill áhugi fyrir að reisa tunnuverksmiðju. Það eru vissir menn þar, sem hafa haldið því mjög fram, að það væri hyggilegast. Ég hef sagt þeim, að ég hefði takmarkaða trú á slíku, því að ég álít, að það sé ekki hægt að fá nægilega marga menn til þess að vinna í tunnuverksmiðju þar, til þess að hún geti borið sig. Hins vegar gæti verið þar um ýmsar minni iðngreinar að ræða, eins og t. d. yfirbyggingu bíla og að flaka síld og ýmislegt fleira. Sannleikurinn er sá, að það væri vegur, ef vilji er fyrir hendi, að flytja síld í tunnum fyrir tiltölulega lítið verð, því að bátar í þessum kauptúnum, þar sem á að vinna síldina, gætu undir vissum kringumstæðum, ef einhver samtök yrðu um það, flutt þessa síld fyrir tiltölulega lítið verð og reynt að spara framskipun og uppskipun, eftir því sem unnt væri. Það er ótalmargt, sem gæti komið til greina.

Svo er skipasmíði. Ég álít, að Sauðárkrókur henti mjög vel til skipasmíða. Sannleikurinn er sá um okkar skipasmíðastöðvar nú, að þær eru ekki samkeppnishæfar, og það er í rauninni eðlilegt. Þær skortir fjármagn. Það rekstrarfé, sem þær hafa verið með, er með háum vöxtum. Sennilega skortir líka nægilega tæknifjálfaða menn og ýmislegt fleira. En hitt er annað mál, að ég er sannfærður um, að með minni báta ættum við að geta verið samkeppnishæfir og e. t. v. með stærri skip, þegar tímar líða. Við skulum athuga það, að úti á landsbyggðinni er búið að byggja íbúðarhús. Víða eru þar góð skilyrði. Grunnarnir eru ódýrir, og ég get nefnt sem dæmi á Sauðárkrók, þar eru alveg óvenjulega hentug hússtæði. Þar er sjávarmöl, og grunnar eru miklu ódýrari þar en í flestum öðrum stöðum. Þeir hafa líka heitt vatn, sem væri mjög hentugt við ullariðnað og sútun o. fl. Þarna er tiltölulega ódýrt að búa hvað snertir húsnæði og upphitun húsa. Það er atriði út af fyrir sig, að við getum rekið ýmsar iðngreinar ódýrar þar en hér í fjölmenninu.

Þriðja atriðið er að leggja áherzlu á iðngreinar, þar sem við framleiðum ekki hráefnið, en þurfum að nota iðnaðarvörurnar. Má þar t. d. nefna það, sem er verðmætast, en það eru veiðarfæri. Þeir eru byrjaðir í Hafnarfirði að framleiða dálítið af önglum. Það er ekki reynsla komin á, hvernig það gengur. Vafalaust getur það gengið mjög sæmilega, hvort sem þeir verða ódýrari en aðrir. Næst eru net og nætur. Mundi þá sennilega vera byrjað á netunum, því að þau eru einfaldari, minni vandi að búa þau til. Nú er það svo, að Norðmenn framleiða ekki hráefnið í þetta, og þeir fóru að framleiða sín net sjálfir og sínar nætur og borguðu niður hráefnið til þess að hjálpa þessari iðngrein af stað, og þeir hindruðu innflutning á þessu, eftir því sem þeir sáu ástæðu til. Ég held því ekki fram, og ég tel ekkert vit í því, af því að sjávarútvegurinn er það þýðingarmikill hér á landi og hefur svo mikla þörf fyrir að fá sín veiðarfæri og annað með sem lægstu verði, að ég held því ekki fram, að við getum bannað innflutning á svona hlutum með það fyrir augum, að hægt sé að selja það fyrir hærra verð hér. En hitt gefur auga leið, að úr því að Norðmenn eru komnir inn á það að framleiða sín net og sínar nætur að mestu leyti sjálfir, þá ættum við í

framtíðinni að geta framleitt a. m. k. þorskanetin, hvað sem nótunum líður, áður en langt um líður. Ég nefni þetta sem dæmi um, að það eru ótal leiðir, sem hægt er að fara í þessum iðnaðarmálum. Ég drep í grg. á allmörg atriði, en iðngreinarnar eru svo margar, að það er ástæðulaust í raun og veru fyrir mig að vera að telja þær upp hér í ræðu. En það, sem við leggjum höfuðáherzlu á, er, að eitthvað sé gert í þessum málum.

Þess vegna leggjum við til, að ríkisstj. skipi þrjá menn í nefnd, sem séu fagmenn, og þingið kjósi tvo. Hugmynd okkar er sú, að þeir, sem verða kosnir af þinginu, yrðu fyrst og fremst sem fulltrúar fólksins, en hinir leggi til hina fræðilegu þekkingu. Það heldur því ef til vill einhver fram, að rétt væri, að þingið kysi alla þessa menn. En mér hefur virzt ráða úrslitum, þegar þingið er að kjósa í nefndir, að þá sé oft farið eftir því, að menn hafi þörf fyrir að fá aura fyrir starf sitt eða komi sér vel við flokksstjórnir, en ekki það, að þeir hafi betra vit á hlutunum en aðrir. En í þessari nefnd, sem ætti að starfa í iðnaðarmálum og að nokkru leyti í skipulagsmálum fyrir landsbyggðina í heild, yrði að minnsta kosti m. a. að hafa faglega þekkingu. Það er ekkert aukaatriði, hvort við byggjum okkar iðnað upp á skynsamlegum grundvelli, bæði hvað snertir dreifingu hans út um landið og tæknihliðina, eða menn séu að flana í þetta án tæknikunnáttu og án þess að hafa tryggt fjármagn til þess að geta rekið fyrirtækin á heilbrigðan hátt og án tillits til þess, hvort hagkvæmt er að staðsetja þau í þessum eða hinum staðnum.

Ég veit, að það er víðar þörf fyrir aukinn iðnað úti á landsbyggðinni en í Norðurlandskjördæmi vestra. Ég benti t. d. hv. 5. þm. Vesturl. á það, að Stykkishólmur hefði þörf fyrir iðnað. Hann liggur innarlega, og við verðum að gera okkur það ljóst, að bæir eins og Sauðárkrókur og Blönduós og Stykkishólmur liggja innarlega í fjörðunum, og það verður aldrei jafngóð aðstaða til siávarútvegs í bæjum, sem liggja innarlega í fjörðum, eins og þeim, sem liggja úti á annesjum, liggja vel við úthafinu. Annað er það, að fiskur í innfjörðum er yfirleitt lakari, hann er smærri og ormameiri en úthafsfiskurinn. Þess vegna verður aðstaða þeirra kauptúna alltaf lakari hvað sjávarútveg snertir. Ég ætla ekki að fara að telja upp bæi í kringum allt land, sem hafa þörf fyrir aukinn iðnað, það er vafalaust misjafnlega mikil þörf nú, en það getur verið breytilegt, því að við vitum, að síldargöngur geta verið breytilegar og þó að t. d. Austfirðirnir hafi haft mikla atvinnu undanfarin ár, er ekki víst, að svo verði alltaf. Till. okkar er því ekki bundin við neitt einstakt kjördæmi, heldur landið í heild. Ég taldi hyggilegra og í raun og veru sjálfsagt að láta þá athugun fara fram á landinu í heild og n. yrði þá að virða það, hvar mest væri þörfin og hagkvæmast að byrja, ef hún yrði skipuð.

Ég vildi ekki taka þetta mál flokkslega, því að við þekkjum allir andann hér í þessari virðulegu samkomu, að það er eins og allir flokkar séu á nálum um það, að hinn flokkurinn geti unnið atkv., ef eitthvert mikilvægt mál kemst fram. Ég fékk því hv. 2. þm. Norðurl. v. til að flytja þessa till. með mér og hv. 5 þm. Vesturl. Það er þá einn maður úr hverjum flokki, þannig að enginn flokkur ætti sérstaklega að geta hagnazt atkvæðalega, þó að eitthvað yrði gert að gagni í þessum málum. Ég álít það þýðingarmikið mál fyrir byggðirnar úti á landinu, að þegar sé hafizt handa að efla atvinnuna og tryggja atvinnuöryggið, svo að fólkið, sem vex þar upp, geti að meira eða minna leyti haldið áfram að búa þar, og ég vildi ekki gera þetta mál pólitískt. Ég er ekki í vafa um, að þetta er stórmál, og ég vona, að þingið taki skynsamlega á því og ríkisstj. hrindi því í framkvæmd sem allra fyrst, því að það má ekki bíða, Ástandið er þannig víða á landsbyggðinni og m. a. í okkar kjördæmi, að ef ekkert verður gert til að auka og tryggja atvinnulífið í kauptúnunum og kaupstöðunum, flytur meira og minna af fólkinu í burtu. Það sýnir sig t. d. á Siglufirði, þar hefur fækkað um 350 manns nú síðasta áratuginn. Á Sauðárkrók hefur fólkinu fjölgað þrátt fyrir takmarkaða atvinnu, og það sýnir sig þess vegna, að í Skagafirðinum vill fólkið vera, ef það aðeins getur verið þar, enda elska Skagfirðingar sína heimabyggð og una þar vel, ef þeim er gert kleift að búa þar.

Gunnar Gíslason: Herra forseti. Ég hef í sjálfu sér engu við ræðu hv. 1. flm. að bæta, stóð nánast upp til þess að taka undir þær óskir hans, að þessi till. okkar og hv. 5. þm. Vesturl. fái greiða og jákvæða afgreiðslu hér í þinginu.

Við erum víst öll sammála um, að það fer ekki allt sem skyldi í þjóðlífi okkar Íslendinga og þar er við margs konar vanda að glíma, svo sem glögglega hefur komið fram í miklum umr. hér á Alþingi nú undanfarna daga. Því verður hins vegar ekki neitað, að þrátt fyrir sífellda örðugleika, sem við hefur verið að fást í efnahagslífi okkar á undanförnum árum og raunar áratugum, ríkir mikil velmegun í landinu, þegar á heildina er litið. Atvinna hefur verið mikil yfirleitt og jafnvel meiri en hægt hefur verið að sinna, og það hlýtur vissulega að vera okkur öllum svo sem allri þjóðinni hið mesta fagnaðarefni, að við höfum ekki átt að stríða við atvinnuleysi og allar þær illu afleiðingar, sem það hefur í för með sér. En því miður er í þessum efnum ekki hægt að segja nákvæmlega sömu sögu úr öllum byggðarlögum eða öllum landshlutum. Í því kjördæmi, sem ég og hv. 1. flm. erum umboðsmenn fyrir hér á þingi, hefur ríkt, sérstaklega á s. l. ári og raunar lengur, annað og verra ástand í atvinnulífi en víðast hvar annars staðar á landinu, og því miður er ekki hægt að segja, að á þessari stundu sé bjart fram undan hvað atvinnuhorfur snertir í þessum landshluta, og þá auðvitað fyrst og fremst í kaupstöðum og kauptúnum.

Fólkið, sem þessi sveitarfélög byggir, hefur að verulegu leyti, eins og annars staðar er víða gert við sjávarsíðuna, byggt afkomu sína á þeim afla, sem úr sjó hefur fengizt, og þeirri vinnu, sem vinnsla sjávaraflans hefur skapað. Þegar það svo gerist, sem gerzt hefur á vestanverðu Norðurlandi, að sjávaraflinn bregzt, hlýtur það óhjákvæmilega að leiða til þess, að verulegt atvinnuleysi haldi innreið sína og fólkið neyðist

til þess annaðhvort að leita sér atvinnu fjarri heimahögum sínum sér til mikilla óþæginda og kostnaðarauka eða þá hitt, að það yfirgefur heimabyggðir sínar, flytur þangað sem atvinnuöryggi er meira og lífsafkoma tryggari, en verður um leið að ganga frá eignum sínum án þess í mörgum tilfellum að fá fyrir þær það verð, sem það hefur í þær lagt og það þarf að fá fyrir þær. Við, sem byggjum þennan landshluta, eigum bágt með að sætta okkur við þá hugsun, að við, sem þarna erum, þurfum að búa við önnur og lakari atvinnuskilyrði og verri afkomu en fólk í öðrum landshlutum, og er þó síður en svo, að velgengni annarra sé okkur nokkurt öfundarefni. Og við trúum því, að þetta þurfi ekki svona til að ganga, ef bæði heimamenn sameinast um úrbætur og fá til þess nauðsynlegan stuðning hins opinbera.

Eins og hv. flm. benti réttilega á og við þekkjum öll, hefur þessi landshluti, Norðurlandskjördæmi vestra, vissulega upp á að bjóða fjölmörg skilyrði til góðrar lífsafkomu fólksins, sem þar býr. Þar eru einhver okkar frjósömustu og blómlegustu landbúnaðarhéruð með ótæmandi möguleikum til aukinnar ræktunar og framleiðslu. Þar er eitt mesta jarðhitasvæði á landi okkar, sem er Skagafjörður. Þar eru skilyrði til aukinnar raforku, en það er að sjálfsögðu ein meginforsenda fyrir því, að hægt verði að byggja upp verulegan iðnað í þessum landshluta, að raforkan verði aukin. Hún rétt nægir okkur, eins og er, og helming þeirrar orku, sem við notum nú, fáum við frá dísilstöðvum. Meginundirstaðan fyrir því, að iðnaði sé hægt að koma upp þarna, verður það að auka raforkuna, hvort heldur það verður gert með því að reisa ný raforkumannvirki heima fyrir eða leiða þangað rafmagn frá væntanlegri stórvirkjun.

Við vitum, að aflaleysi er tímabundið, og þótt hin gjöfulu síldveiðisvæði fyrir Norðvesturlandi hafi brugðizt um skeið, þarf ekki svo ávallt að verða. En reynslan hefur kennt okkur að skilja, hversu mikið öryggisleysi býr í einhæfu atvinnulífi. Og till. okkar þremenninganna miðar einmitt að því að leita eftir leiðum til þess að efla atvinnu og ekki sízt til þess að auka fjölbreytni í atvinnuháttum á þeim stöðum í landinu, þar sem atvinna er ónóg, ekki aðeins í kjördæmi mínu, þótt mér af skiljanlegum ástæðum sé hugstæðast atvinnuástandið þar, þegar ég ræði þessi mál, heldur hvarvetna í landinu, þar sem þörf er á umbótum í þessum efnum og þar sem skilyrði eru fyrir hendi, til þess að fólkið geti notið góðra lífskjara. Ég tel því þessa till. mjög athyglisverða og hér sé um aðkallandi málefni að ræða. Þess vegna er það, að ég treysti því, að hið háa Alþingi taki þetta mál til rækilegrar athugunar og afgreiði það þannig, að til nytja megi verða fyrir fólkið í landinu.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Mér þykir hlýða, að það séu ekki eingöngu þingmenn úr Norðurlandskjördæmi vestra, sem taka til máls um þá till., sem hér er um að ræða og hér liggur fyrir á þskj. 107, því að það er eins og hv. 1. flm. málsins sagði hér áðan, að þó að sá landshluti, Norðurlandskjördæmi vestra, sé táknrænn fyrir þá byggð, þar sem sérstök þörf virðist vera fyrir iðnað, eru slíkar byggðir fleiri hér á landi. Þetta er sem sé, eins og hann líka gerði grein fyrir í sinni ýtarlegu og fróðlegu ræðu hér áðan, landsmál, en ekki mál neins einstaks landshluta.

Í þessari till., sem hér liggur fyrir á þskj. 107, er lagt til, að Alþingi feli 5 manna nefnd að framkvæma athugun og gera till. og gefa upplýsingar samkv. því, sem nánar er tiltekið í fjórum töluliðum, sem þar fara á eftir. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir athugun á því, hvar mest sé þörf fyrir aukinn iðnað vegna ónógrar atvinnu, í öðru lagi athugun á því, hvaða iðngreinar sé hagkvæmast að starfrækja á hverjum stað, í þriðja lagi að gera till. um, á hvern hátt eigi að útvega fjármagn, svo að hægt sé að starfrækja iðnfyrirtækin, og í fjórða lagi að gefa upplýsingar um þá faglegu þekkingu, sem nauðsynleg er til þess, að hægt sé að starfrækja þau iðnfyrirtæki, sem nefndin, þ. e. a. s. sú nefnd, sem þarna er lagt til að skipuð verði, leggur til að stofna.

Ég ætla, að hér sé hreyft þarflegu máli, sem ástæða sé til að gefa gaum hér á hinu háa Alþingi. Ég tók ekki eftir því, hvort hv. flm. lagði til, að málið yrði athugað í einhverri nefnd, en að sjálfsögðu verður það gert. Eigi að síður vil ég minnast á örfá atriði, áður en málið fer til nefndar.

Ég hygg, að af þeim 4 töluliðum, sem taldir eru upp í þáltill., skipti 3. töluliðurinn mestu máli, þ. e. a. s. að gerðar verði till. um, á hvern hátt eigi að útvega fjármagn, svo að hægt sé að starfrækja iðnaðarfyrirtækin. Eins og hv. frummælandi tók fram, er það víða svo, þar sem menn hafa viljað stofna til iðnrekstrar, að þá hafa þeir ekki getað það vegna skorts á fjármagni eða þá að það, sem framkvæmt hefur verið, hefur vegna fjármagnsskorts orðið minna í sniðum en það ella hefði þurft að vera, til þess að reksturinn verði hagkvæmur. Það er sérstaklega ein tegund iðnaðarfyrirtækja, sem ég vildi leyfa mér að benda á í þessu sambandi, og það eru vélaverkstæði. Fyrir nokkru voru vélaverkstæði, sem gera við bátavélar og bifreiðar og landbúnaðarvélar, ekki nema tiltölulega fá hér í landinu. Síðan hefur þeim verið að smáfjölga, þeim er verið að koma upp víðar og víðar á landinu, enda er það svo, að með aukinni bifreiða- og vélanotkun um land allt er þörfin eiginlega alls staðar ákaflega brýn á þessum verkstæðum eða viðgerðarstöðvum. Slíkar viðgerðarstöðvar eða verkstæði þurfa að verða til í hverju einasta þorpi á landinu eða a. m. k. í flestum þorpum í landinu, því að það er gífurlegt óhagræði að því fyrir eigendur bifreiða og véla að þurfa að fara með þær langar leiðir eða senda með skipum eða á landi langar leiðir á verkstæði annars staðar til viðgerðar, auk þess sem þá þarf oft og tíðum að bíða lengi — til stórtjóns — eftir því, að viðgerðirnar verði framkvæmdar. Og þetta hygg ég, að sé eitt af því, sem er mest aðkallandi, eins og sakir standa, að stuðla að því með fjármagni, að á þeim stöðum, sem hafa ófullnægjandi uppbyggingu þessara verkstæða, sé hægt að gera þessi verkstæði betur úr garði en þau eru nú gerð og skapa þeim meiri möguleika. Ég nefni þetta að-

eins sem dæmi um iðnað, sem á sér mjög víða grundvöll og víða eru verkefni fyrir, en ekki hefur náð eðlilegum þroska vegna skorts á fjármagni. Hins vegar er það auðvitað þannig, að það þarf, eins og í till. er gert ráð fyrir, að fara fram athugun á því varðandi aðrar hugsanlegar iðngreinar, á hvaða stað hver iðngrein kann að vera bezt sett eða hvaða iðngreinar henta þeim stað, sem um er að ræða í hvert sinn, því að þar á ekki alls staðar við hið sama, þótt segja megi, að það sé í sjálfu sér mjög víða, af því að aðstæðurnar í þorpum hér á landi eru á margan hátt mjög svipaðar. Ég hygg, að af þeim þorpum og kaupstöðum, sem nú eru hér á landi, sem ég man nú ekki nákvæmlega í svipinn, hve mörg eru, svo að ég þori að nefna það, séu um 60, sem byggjast á sjávarútvegi. Ég held, að í útflutningsskýrslunum, sem nýlega eru komnar út í Hagtíðindum, sé útfluttur fiskafli talinn á 60 stöðum á landinu, og það er auðsætt, að á öllum þessum stöðum er það náttúrlega tvennt, sem fyrst og fremst verður að leggja áherzlu á, það gefur auga leið, þ. e. að efla útgerðina eftir föngum og að efla sjávarvöruvinnsluna, gera hana sem bezt úr garði. Það er sú tegund iðnaðar, sem þar liggur beinast við að efla. Svo eru aftur aðrir staðir, eins og þeir, sem hv. frummælandi nefndi hér áðan, staðir eins og Blönduós. Blönduós hefur verið nokkuð vaxandi staður að undanförnu, mun hafa nú um 500 íbúa og kannske rúmlega það, en þar er engin útgerð. Þessi vöxtur íbúafjöldans á Blönduósi um síðustu áratugi byggist að nokkru leyti á landbúnaði. Það er töluvert um landbúnað þar, og þótt merkilegt sé allmikil hrossaeign, ef ég man rétt, en atvinnulífið byggist líka að verulegu leyti á viðskiptum við sveitirnar og svo að öðru leyti á iðnaði og samgöngum. Mjög margir menn á þessum stað hafa atvinnu sem bifreiðastjórar á flutninga- og fólksbifreiðum, og það er líka tiltölulega margt, að ég ætla, af íbúum þessa staðar, sem vinnur við vega- og brúargerð yfir sumarið, það vill nú þannig til. Eins er um Hvammstanga, þar er ekki teljandi útgerð, eins og sakir standa, þótt hafnarskilyrði séu þar allgóð frá náttúrunnar hendi. Þá eru staðir eins og Vík í Mýrdal í Vestur-Skaftafellssýslu. Þar í Vestur-Skaftafellssýslu er engin útgerð talin nú, þótt menn stunduðu þar veiðar fyrrum á róðrarbátum, og þess vegna gefur það auga leið, að það þyrfti að efla iðnað í því þorpi og í fleiri þorpum, sem upp kynnu að koma þar eystra. Sama er að segja um Kangárvallasýslu, þar er heldur enginn útgerðarstaður, svo að dæmi séu nefnd. En ég ætla nú ekki að fara að bollaleggja um mörg atriði í þessu sambandi, en ég vil nefna það aftur, að ég tel, að af þeim atriðum, sem hér eru talin upp í till., skipti 3. töluliðurinn mestu, þ. e. a. s. að gera till. um, á hvern hátt eigi að útvega fjármagn til að starfrækja iðnfyrirtækin. Og það er þar, sem hnífurinn stendur í kúnni, að fá fjármagnið til uppbyggingar atvinnulífsins á landsbyggðinni, — það er þar, sem hnífurinn stendur í kúnni og þar sem að mínum dómi og okkar margra hefur verið of lítið að gert. Menn hafa ekki sinnt nægilega þeirri aðvörun, sem hinir miklu fólksflutningar undanfarandi ára hafa gefið stjórnendum þessa lands.

Ég vil í þessu sambandi minna á það, að á öndverðu þessu þingi fluttum við 6 þm. hér í hv. d. frv. til l. um ráðstafanir til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Þetta er 23. mál á þessu þingi, og má af því marka, að það er búið að liggja nokkuð lengi fyrir þinginu. Ég man ekki gerla, hvenær þetta mál var tekið til 1. umr., en langt er nú síðan liðið. Því var vísað til hv. fjhn. þessarar d. og hefur ekki komið þaðan enn. (**Forseti**: Hv. þm. er staddur í Sþ.) Já, ég bið afsökunar, við tölum nú svo oft í Nd., því var vísað til hv. fjhn. í Nd. Alþingis og hefur ekki komið þaðan enn. En á þessum fundi er meiri hlutinn úr þeirri hv. d., og ef það kemst gegnum hana, þá væntanlega fær hinn hlutinn það einnig til meðferðar í Ed., og ég vildi nota tækifærið til þess að minna á þetta mál og nauðsynina á því, að þingið fari að snúa sér að því að sinna þessu máli og afgreiða það.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir því, að sett verði á stofn eða komið verði upp fastri stofnun á vegum þjóðfélagsins, sem hafi það verkefni með höndum að stuðla að jafnvægi í byggð landsins með rannsóknarstörfum, áætlunargerð og fjárhagslegum stuðningi til framkvæmda og eflingar atvinnulífi í landshlutum, þar sem bein hlutfallsleg fólksfækkun hefur átt sér stað undanfarið eða er talin yfirvofandi. Og í frv. er enn fremur gert ráð fyrir sérstakri tekjuöflun árlega til þessarar starfsemi. Það er gert ráð fyrir, að sjóðurinn fái til starfsemi sinnar tiltekinn hluta af ríkistekjunum ár hvert, 1½%, sem er þannig sett í frv. til þess að koma í veg fyrir, að tekjur þessarar stofnunar og þar með framkvæmdamöguleikar hennar rýrni með vexti dýrtíðarinnar. Ég hygg, að það eitt verði að fullu gagni í þessu máli að koma upp slíkri stofnun, sem ekki aðeins starfar nokkra mánuði eða eitt ár og skilar svo till. til ríkisstj. og Alþingis, heldur hefur líka með framkvæmdir að gera og hefur fjármagn til þeirra í samræmi við þær till. og áætlanir, sem um er að ræða. Ég segi þetta ekki til að kasta neinni rýrð á þessa till., sem hér liggur fyrir, eða það, sem hv. flm. hafa verið að mæla hér fyrir henni, því að hún út af fyrir sig er merkilegt mál, en tekur aðeins til hluta af því viðfangsefni að stuðla að jafnvægi í byggð landsins.

Hv. flm. þessarar till., sem hér töluðu, annar eða kannske báðir, drápu á það, sem líka er vikið að í 4. tölulið till., að til uppbyggingar iðnaði í bæjum og þorpum landsbyggðarinnar þurfi sérþekkingu. Það er alveg rétt. Til þess að byggja upp slíka starfsemi þarf sérþekkingu, verklega þekkingu og stundum jafnvel verkfræðiþekkingu líka. Og í því sambandi vil ég vekja athygli á því, að sums staðar er svo ástatt á þessum stöðum, að þó að tilraunir séu gerðar til þess að útvega slíka menn, iðnaðarmenn eða aðra sérfróða menn, til að standa fyrir svona fyrirtækjum, t. d. verkstæðum, þá strandar það sums staðar á því, að þar skortir húsnæði fyrir þessa menn, til þess að þeir geti flutt sig á þessa staði. Sveitarfélögin eða fyrirtækin, sem menn vilja stofna, hafa ekki umráð yfir slíku húsnæði, sem þau geti boðið nauðsynlegum starfsmönnum. Þess vegna er það eitt af því, sem taka þarf til meðferðar í sambandi við þetta mál og önnur jafnvægismál, að sjá um, að alltaf

sé til íbúðarhúsnæði fyrir sérfróða menn, sem vilja standa fyrir einhverri uppbyggingu í þessum landshlutum.

Ég hef veitt því athygli í nýútkomnu norsku blaði, sem einhver benti mér á hér um daginn, — það er eitt af stórblöðum Noregs, Aftenposten, ef ég man rétt, — þar er verið að segja frá greinargerð, sem ríkisstj. hefur nýlega lagt fyrir Stórþingið norska um framkvæmd þess, sem kalla mætti jafnvægismál þeirra Norðmanna. En Norðmenn hófu fyrir nær hálfum öðrum áratug að setja löggjöf, sem varð upphaf að starfsemi þeirra á þessu sviði, og á ég þar við hina svokölluðu Norður-Noregsáætlun. Nú fyrir fáum árum, eftir að Norður-Noregsáætluninni var lokið, hefur þessi löggjöf verið færð út á víðari grundvöll og nær ekki aðeins til Norður-Noregs, heldur yfirleitt til þeirra landshluta í Noregi, þar sem hættan á brottflutningi fólks er talin mest og hefur sýnt sig að er mest. Og ég tók eftir því, og þess vegna nefni ég það í þessu sambandi, að eitt af því, sem norska stjórnin gerir nú ráð fyrir sem jafnvægisráðstöfun í Noregi, er að koma upp húsnæði á ýmsum stöðum á landsbyggðinni fyrir faglærða menn og sérfróða. Og einmitt í þessu frv., sem er búið að liggja fyrir þinginu í eina 2—3 mánuði eða fyrir hv. Nd., svo að ég nefni það rétt, í 2—3 mánuði eða vel það, er einmitt ákvæði, sem að þessu lúta og ég nota nú tækifærið til að minna á, um leið og ég nota tækifærið til að minna á þetta stórmál í heild, sem enn þá hefur ekki hlotið neina afgreiðslu á þessu þingi.

Ágúst Þorvaldsson: Herra forseti. Ég vil lýsa ánægju minni yfir þessari till. og stuðningi mínum við málið. Ég vil jafnframt láta þess getið, að mál af þessu tagi er ekki alveg nýtt hér, þetta er ekki í fyrsta sinn, sem till. af svipuðu tagi er borin fram hér, því að fyrir 2 árum, — það var á þinginu 1961—62, — var lögð hér fram till. sama efnis af okkur þremur þm. úr Suðurlandskjördæmi, Bergþóri Finnbogasyni, Birni Fr. Björnssyni og mér. Sú till. var svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að kjósa 5 manna nefnd í sameinuðu þingi til þess að rannsaka og gera till. um, á hvern hátt ríkisvaldið getur bezt stuðlað að auknum, hagkvæmum iðnaði í kauptúnum og þorpum, sem byggja ekki afkomu sína á sjávarútvegi. N. skal skila áliti og leggja till. sínar fyrir næsta reglulegt Alþingi. Allur nefndarkostnaður greiðist úr ríkissjóði."

Þannig hljóðaði sú till., en hún hlaut ekki afgreiðslu hér á hv. Alþingi.

Ég álít, að þetta mál, sem hér er til meðferðar, sé eitt af þýðingarmestu málefnum dreifbýlisins og landsbyggðarinnar í heild. Það er víða, sem hafa vaxið upp þorp, sem þannig er háttað til í, að þar er næg og góð atvinna nokkurn tíma ársins, en svo koma önnur tímabil, þar sem lítið eða ekkert er að gera. Á þessum stöðum er vitanlega mikil nauðsyn á því, að komið verði upp einhverri þeirri starfsemi, sem tryggi það, að fólkið geti haft næga atvinnu árið um kring. Og mjög víða verða mikil vandamál með æskuna, hvað hún eigi að starfa þann tímann, sem hún er ekki í skólum. Ég veit, að t. d. á Suðurlandi er það þannig í sumum þorpum þar, að þetta er að verða vandamál, t. d. á Selfossi, sem er nú að verða um 2000 manna þorp. Í Suðurlandskjördæmi eru mörg þorp. Ég ætla að telja þau upp. Það er Þorlákshöfn, Hveragerði, Selfoss, Eyrarbakki, Stokkseyri, Hella, Hvolsvöllur, Vík, þarna eru 8 þorp, og mörg þessara þorpa mundu hafa þörf fyrir að fá einhverja iðngrein til þess að veita atvinnu, a. m. k. einhvern tíma ársins, því fólki, sem þá hefur ekki öðrum störfum að sinna. Ég tel þess vegna, að það sé mjög þýðingarmikið atriði, að nú sé hafizt handa um það, eins og till. gerir ráð fyrir, sem hér liggur fyrir, nú sé hafizt handa um það að rannsaka, á hvern hátt megi bæta úr þessu ástandi víðs vegar um landið. En þá vil ég einmitt taka það fram, og til þess stóð ég nú fyrst og fremst upp, — taka það fram, að þessi mál þarf að skipuleggja vel. Ég var nýlega að líta í bók, sem segir frá því, hvernig ýmsir bæir og borgir mynduðust í Bandaríkjunum á þeim tíma, þegar mest landnámið var þar. Og sumir bæirnir og borgirnar þar í landi mynduðust þannig, að fólk, sem hafði setzt að á einhverjum vissum stað til búsetu, tók upp á því til þess að hafa eitthvað fyrir stafni að vinna ýmsa hluti á mjög frumstæðan hátt þá, sem síðan hefur orðið í þessum stöðum að stóriðnaði og stórbæir hafa vaxið upp í kringum þennan iðnað. T. d. á einum stað fóru íbúarnir í einhverju smáþorpi að sauma skyrtuflibba, og síðan hefur það farið þannig, að þessi staður framleiðir næstum alla eða alla þá skyrtuflibba, sem Bandaríkjamenn þurfa að nota. Á öðrum stað t. d. tóku íbúarnir upp á því, einhverjir fáeinir borgarar, sem höfðu setzt að á einhverjum vissum stað, að sauma hanzka, og síðan hefur vaxið þar upp bær, sem sér þessu stóra ríki fyrir mestöllum þeim hönzkum, sem íbúarnir þurfa. Við þurfum einhvern veginn svona að byggja upp iðnaðinn í okkar landi, smáiðnaðinn. Við eigum ekki að setja upp sams konar iðnað í hverju þorpinu við annað, heldur eigum við að reyna að skipta þessu þannig, að eitt þorpið hefur þessa grein iðnaðar, annað þorpið hina o. s. frv., því að í okkar litla landi, sem ekki þarf að gera ráð fyrir að verði mikill útflytjandi iðnaðarvara á næstunni, megum við ekki sóa fjármunum í það að setja upp verksmiðjur og koma upp iðnaði í sömu iðngreininni á mörgum stöðum, því að það eru líkur til, að mjög lítið þorp geti framleitt og fullnægt þjóðinni um ýmsan smávarning, sem þar væri hægt að framleiða.

Þetta vildi ég leggja áherzlu á, ef úr því yrði, sem ég vona fastlega, að þessi till. yrði samþ. og ríkisstj. skipaði nefnd til þess að rannsaka þetta mál, að sú nefnd einmitt sérstaklega hefði þetta sjónarmið í huga, þegar hún færi að rannsaka þetta mál.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 38. fundi í Sþ., 5. febr., var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv. og til fjvn. með 36 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Sþ., 11. marz, var till. tekin til síðari umr. (A. 107, n. 361).

Frsm. (Gunnar Gíslason): Herra forseti. Fjvn. hefur haft til meðferðar till. til þál. um athugun á auknum iðnrekstri í kaupstöðum og kauptúnum, þar sem ónóg er atvinna. Við sendum till. þessa til umsagnar til Sambands ísl. sveitarfélaga, Efnahagsstofnunarinnar og Landssambands iðnaðarmanna og óskuðum eftir því, að umsagnir frá þessum aðilum bærust n. fljótlega. En þegar við tókum till. til afgreiðslu nú fyrir nokkrum dögum í fjvn., höfðu þessar umsagnir ekki borizt, og við sáum þá ekki ástæðu til þess að bíða eftir þeim og afgreiddum málið, og er fjvn. sammála um að mæla með samþykkt till., þó með þeirri breytingu, að upphaf hennar orðist svo, eins og segir í nál. á þskj. 361:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að skipa 5 manna nefnd til þess að athuga, hvað hægt sé að gera til þess að auka iðnað í þeim kauptúnum og kaupstöðum, þar sem ónóg er atvinna. Störf n. skulu vera“ o. s. frv. eins og stendur í till. upphaflega.

Eins og sést af þessu, er breytingin í því fólgin, að ríkisstj. er falið að skipa þá nefnd, sem till. gerir ráð fyrir að verði sett á laggirnar til þess að vinna að þeim verkefnum, sem tillgr. telur upp, en í till. upphaflega var lagt til, að þrír nm. yrðu skipaðir af ríkisstj., en tveir kjörnir af Alþingi. Ég segi fyrir mig, sem er einn af flm. þessarar till., að ég er ásáttur um þessa breyt., enda stóð ég að henni ásamt öðrum hv. fjvn.-mönnum, því að ég vænti þess fastlega, að hæstv. iðnmrh., sem ég hygg að komi til með að skipa þessa nefnd, geri það þannig, að sem mestur einhugur verði um það starf, sem n. er ætlað að vinna, og að beztur árangur náist af störfum hennar fyrir þau byggðarlög, sem búa við ónóga atvinnu og búa við öryggisleysi í atvinnulífi sínu.

Því miður er það svo, þó að atvinna hafi verið mikil í landi okkar á undanförnum árum, þá eru þó nokkur byggðarlög í landinu, sem hafa átt, ég vil segja: við atvinnuleysi að búa síðustu missirin, og þarf ég ekki að lýsa því neitt, það hefur verið gert hér áður, bæði þegar þessi till. var flutt hér á sínum tíma og eins í sambandi við aðra þáltill., sem hefur verið flutt í þinginu, og við væntum þess, flm. og fjvn.-menn, að skipun þessarar n. verði hraðað, svo að hún geti farið sem fyrst að sinna þeim verkefnum, sem brýn nauðsyn er á að verði unnin.

Ég sé ekki neina ástæðu til þess að fara að halda langa ræðu um þetta mál nú. Hv. 1. flm., 5. þm. Norðurl. v., flutti ýtarlega ræðu um málið hér við fyrri umr., og ég tók þá undir mál hans, og ef ég færi að segja eitthvað frekar um það nú, þá yrðu það endurtekningar, sem ég sé ekki ástæðu til að fara að þylja hér nú. Ég vænti þess, að hv. Alþingi geti fallizt á að samþykkja till. og þá brtt., sem fjvn. flytur.

Björn Pálsson: Herra forseti. Ég vil þakka fjvn. fyrir afgreiðslu á þessari till. Þeir hafa raunar breytt henni ofur lítið, þannig að þessi n. verði alveg stjórnskipuð, en ég get fyrir mitt leyti fallizt á það. Aðalatriðið er, að n. verði skipuð, og ég treysti ríkisstj. til þess að skipa hana þannig, að sem mest gagn verði að henni. Fyrir mér vakti a. m. k. það viðvíkjandi því, að þingið kysi tvo menn, að þeir væru fulltrúar fólksins, en hinir hefðu aftur faglega þekkingu, sem ríkisstj. skipaði. En þó að ríkisstj. skipi alla, er ekki ólíklegt, að hún taki tillit til þess, að það verði menn, sem hefðu skilning á kjörum fólksins úti á landsbyggðinni. En aðalatriðið er, að eitthvað verði gert í þessu máli síðar.

Ég geri ráð fyrir, úr því að n. stóð einhuga að þessu, að þá verði þessi þáltill. samþykkt, og þá er aðalatriðið, að hafizt verði handa sem fyrst. Við vitum það, að fyrir menn úti á landi, sem langar til að gera eitthvað í iðnaðarmálum, er það svo að segja ókleift, eins og lánakjörum er nú háttað. Þegar þeir leita til bankanna, fá þeir annaðhvort enga fyrirgreiðslu eða það ófullkomna, að það er algerlega ófullnægjandi. Ef við látum unga fólkið flytja úr kauptúnunum úti á landi til Reykjavíkur eða Faxaflóasvæðisins, er mjög erfitt að fá það til að flytja út á landsbyggðina aftur, þegar það er búið að stofna heimili sín hér. Þess vegna verður að hefjast handa í tíma. Þetta er höfuðmál dreifbýlisins. Það er ekki aðalatriðið, að hvert fjallakot sé í byggð. Aðalatriðið er, að við nýtum þann hluta landsins, sem er hagkvæmast að nýta. Við getum ekki búizt við því, að Hornstrandir byggist aftur í bráð. Þar eru léleg landbúnaðarskilyrði, og þannig er með firðina milli Skjálfanda og Eyjafjarðar. **(Gripið fram í:** Það er misskilningur.) Jú, það eru ekki ræktunarskilyrði á Hornströndum, og það er ekki hægt að koma þar við véltækni og nútíma búskaparháttum. Við verðum að athuga, að kjörin eru breytt frá því, sem var fyrir 50 árum. Þá gat verið gott að búa á Hornströndum. Þar var reki, þaðan er stutt á miðin og þá voru heimilin svo mannmörg, að það var hægt að róa árabát út á sjóinn og fiska. Þá var á margan hátt bezt að lifa á þessum stöðum. En þetta er breytt, og við verðum að líta á aðstöðuna eins og hún er. Látum vera, þó að t. d. 2—3 hreppar norðast á Vestfjörðunum séu ekki í byggð, það er ekki aðalatriðið, heldur að stöðva flóttann frá aðalsvæðunum, eins og t. d. Ísafirði, fjörðunum þar fyrir sunnan og jafnvel Hólmavík og þar í kring. Og reynslan sýnir það, að fólkið er að flytja úr þeim sveitum, þar sem ekki eru skilyrði fyrir vaxandi kauptún. Þar fækkar fólkinu mest. Það þarf þegar í stað að stöðva þennan flótta.

Ég álít, að þessi n., sem væntanlega verður skipuð, eigi fyrst og fremst að skipuleggja atvinnulífið hvað iðnaðinn snertir úti í byggðum landsins, þannig að í þessu kauptúninu eða kaupstaðnum eigi að reka þessa iðngrein og í öðrum hina, svo njóti þessi fyrirtæki hæfilegs fjárhagslegs stuðnings. Við er nokkur iðnaður fyrir, og þá á að efla hann með hæfilegu lánsfé, þannig að það sé hægt að starfrækja hann. Ég veit það, að í mörgum kauptúnum og kaupstöðum úti á landi eru menn með nokkra tæknilega þekkingu, sem gætu rekið iðnað í miklu stærri stíl en nú er, aðeins ef þeir fengju fjárhagslega fyrirgreiðslu. En þetta þarf allt að athugast. Þó að einstakir þm. fari að koma með till. um þessi efni, þá vitum við, að það er næsta lítið gert með það. Þess vegna verður að fá stjórnskipaða nefnd, sem leggur sitt tillögukerfi

fyrir, og það sé svo endurskoðað og athugað af þingi og ríkisstj. Svo sé hafizt handa um framkvæmdir. Það er ekki hentugt, að sama iðngreinin sé rekin í mörgum kauptúnum, það verður að skipta þessu niður eðlilega. Skilyrði fyrir blómlegum sveitabúskap er, að það myndist bæjarfélög, hæfilega stór bæjarfélög. Við skulum bara taka niðurlagningu síldar á Siglufirði. Ég er ekki í nokkrum vafa um, að þar voru stórfelld mistök. Í fyrsta lagi er óhentugt að leggja síld niður, ef á að flytja hana út, vegna þess, hve hún þolir litla geymslu. Í öðru lagi höfum við áreiðanlega gert vitleysu eða réttara sagt gert of lítið eða jafnvel ekki neitt til að koma henni á markaðinn, ekki kynnt okkur, hvaða skilyrðum þyrfti að fullnægja til að geta selt hana, og ekki starfað nóg á því sviði. Ég sé ekkert athugavert við það, eins og er verið að undirbúa nú, að hafa samband við Bjelland um að sjóða niður síld. Við skulum segja, að hann hafi dreifingarhringinn í sinni hendi, og við skulum segja, að hann græði eitthvað á því, en það er allt í lagi í bili, ef okkar fólk lærir iðn sína. Við erum á algeru frumstigi í iðnaðarmálum, við þurfum að læra. Þegar við erum búnir að læra að sjóða niður þessar síldarvörur, þurfum við ekkert að vera upp á Bjelland komin og getum brotið okkur leið inn á fiskmarkaðinn. Við þurfum fyrst og fremst að fá menn, sem standa okkur framar í iðngreinunum, til að kenna okkur.

Þannig er með allan iðnað hér, hann er á frumstigi. Það var verið að tala um skipasmíðar áðan. Við þurfum ekkert að vera að blekkja okkur á því, við höfum ekki svipað því eins mikla æfingu og erlendar skipasmíðastöðvar og enga möguleika til að gera þetta jafnfljótt og jafnvel. En ég er sannfærður um, að við getum lært þetta. Þar að auki er aðbúnaðurinn að þessum skipasmíðastöðvum miklu lakari hér. Hér eru okurvextir, og skipasmíðastöðvum er ekki tryggt rekstrarfé, þannig að skilyrðin til að gera þetta eru alls ekki eins góð hér og víða annars staðar. Við þurfum að byggja skip og halda þeim við, því er sjálfsagt að byggja þessa atvinnugrein skynsamlega upp, bæði tæknilega og fjárhagslega, þannig að við séum samkeppnishæfir. Timburskip eru til mikilla muna dýrari hér en í Danmörku.

Þannig er með fleiri iðngreinar. Það er mikið af iðnaðarvörum okkar verndað með allt að 90% tollum. Hvaða vit haldið þið, að sé í þessu? Annaðhvort er iðngreinin lakar rekin en annars staðar eða þá að iðnrekandinn hirðir ágóðann. Þannig er fjöldamargt af okkar iðnvarningi. Það er ekkert vit í að vernda nokkra iðngrein með 90% innflutningsgjöldum, það er ekki nokkurt hóf á því, það væri hæfilegt 20—30%. Svo er fólkið í landinu skattlagt, það verður að borga vöruna. Og þar að auki nær iðnaðurinn ekki nægilegri þróun á þennan hátt. Það á að hafa hæfileg innflutningsgjöld, ekki allt of há. Annaðhvort leggur fólkið sig ekki fram með að reka iðngreinarnar eða iðnrekandinn hirðir óhóflegan gróða. Það er hægt að nefna kvenkápur í þessu sambandi. Það eru fluttar inn erlendar kvenkápur og seldar svo á svipuðu verði og þær íslenzku. Tollurinn á þeim er 90%. Ég hef átt tal um þetta við mann, sem selur slíkar kvenkápur. Hann segir, að við saumum ekki jafnvel. Þannig er með ótal atriði.

Iðnþróunin hér á landi er skammt á veg komin. En ég er sannfærður um, að við getum orðið iðnaðarþjóð. Það tekur talsverðan tíma, en við eigum að vinna að því að efla þá atvinnugrein. Hraðinn og þróunin hefur verið svo ör, að vandvirknin er ekki nógu mikil. Við þurfum að reka alla okkar höfuðatvinnuvegi á hagkvæmari hátt en nú er gert, bæði landbúnað, sjávarútveg og iðnað. En þetta er allt saman eðlilegt. Við erum á byrjunarstigi, og það er ekki von, að við séum búnir að ná tæknikunnáttu á við þær þjóðir, sem hafa stundað þetta áratugum og jafnvel öldum saman.

Ég er þakklátur n. fyrir að hafa staðið einhuga að þessu máli og vona, að vel verði unnið að þessu máli í framtíðinni og það megi verða okkar dreifðu byggðum og þjóðinni í heild til góðs.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Ég tel fyllstu ástæðu til þess að fagna því, að till. sú, sem hér liggur fyrir, er komin til síðari umr. og útlit fyrir, að hún verði samþ. Það gleður mig einnig, að fjvn. hefur haft skjót umsvif í þetta sinn og afgreitt till. á fáum vikum, og væri sannarlega gott, að aðrar starfsnefndir þingsins tækju sér þessi vinnubrögð til fyrirmyndar. Og ég vil eindregið mæla með því, að oftar verði eins og í þetta sinn, að mál verði afgreidd, jafnvel þó að umbeðnar umsagnir komi ekki til skila.

Ég er algerlega sammála þeim þm. Norðurl. v., sem hér hafa talað um þetta mál og rökstutt nauðsyn þess, að þessi till. sé samþykkt. En um leið og ég lýsi yfir mínum fögnuði yfir þessari till., vil ég taka fram, að ég tel nú samt, að á henni sé einn heldur leiðinlegur annmarki. Ég tel afleitt, að ekki sé í till. neitt tímatakmark varðandi þá rannsókn, sem fram á að fara, og ég tel það ekki gott, að n. geti í rauninni leyft sér að dunda við þetta mál mörg ár, án þess að henni sé strax í upphafi ákveðinn einhver tími til að vinna að því. Það er ekkert tímatakmark sett í till. Auk þess vil ég bæta því við, að ég tel ekki verulega til bóta þá breytingu, sem fjvn. hefur lagt til að verði á till., þ. e. a. s. að ríkisstj. hafi málið algerlega í sinni hendi og skipi n. ein. Ég held, að ég þurfi ekki að rökstyðja frekar, að betra hefði verið, að till. hefði verið eins og flm. gerðu ráð fyrir, því að það er þá meiri von til þess, að hinir þingkjörnu menn mundu reka á eftir því, að till. næði tilgangi sínum.

Eins og sjá má á till., er hún nokkuð yfirgripsmikil, þ. e. a. s. hún nær til alls landsins, og það eru ekki aðeins staðir, þar sem hreint neyðarástand er ríkjandi, eins og t. d. Siglufjörður, Skagaströnd eða Hofsós eða aðrir slíkir staðir, það er ekki eingöngu ætlazt til þess, að athugað sé með iðnrekstur á slíkum stöðum, heldur almennt, þar sem atvinna er ótrygg, þar sem atvinnuástandið er óöruggt, þar sem skortir á atvinnuöryggi. Ég þarf varla að taka fram, að það hafa verið skipaðar margar nefndir, sem hafa oft haft svipuð verksvið. Þær hafa átt að spanna yfir breitt verksvið, og ég held, að það hafi oftlega viljað brenna við, að n. hafi annað-

hvort dagað uppi og þær hafi ekki skilað neinum till. eða verk þeirra hefur aðallega verið rannsókn á ástandinu eins og það er, ásamt nokkrum almennum vangaveltum og hugmyndum, en ekki svo vandlega farið út í að ákveða, hvaða framkvæmdir skuli hefja og fara út í og það tafarlaust. Ég er alls ekki að segja, að þetta verði útkoman á störfum þeirrar ágætu nefndar, sem hér á að taka til starfa. En ég vil aðeins vara við því, að svo verði í þetta sinn, eins og svo oft hefur verið.

Ég vil sízt af öllu draga úr því, að þessi ályktun verði samþykkt og n. taki til starfa. En ég hef dregið fram þennan ágalla af sérstakri ástæðu, og það er vegna þess, að ég hef hér leyft mér að bera fram þáltill., sem miðar að ýmsu leyti í sömu átt og sú till., sem hér liggur fyrir, enda þótt hún hafi ekki hlotið jafnskjóta afgreiðslu og þessi. Þessi till. mín er að vísu að ýmsu leyti frábrugðin og þá fyrst og fremst það, að hún er eingöngu miðuð við Norðurlandskjördæmi vestra. Það er tvímælalaust hvergi jafnillt ástand í atvinnumálum og einmitt á þessum stað og veruleg hætta á því, eins og þróunin hefur verið núna allra seinustu árin, að mjög alvarlegur afturkippur komi í allt atvinnulíf í þessum landshluta. Þessi till., sem ég hef leyft mér að flytja, er miklu takmarkaðri og miðuð eingöngu við þennan ákveðna stað, og ég gerði mér vonir um það, að þegar verksvið nefndar væri þetta þrengra, mundu þeir önnum köfnu menn, sem veljast til að rannsaka þessi mál, kannske gera því eitthvað betri skil en oft hefur verið áður með samsvarandi nefndir. Einnig er í þeirri till. gert ráð fyrir því, að n. skili störfum fyrir þingbyrjun næsta haust, og það er ekki miðað við, að um smáiðnað verði að ræða, heldur fyrst og fremst, að n. vinni að skipulegri atvinnuuppbyggingu, eins og tvímælalaust er þörf á á þessum slóðum.

Ég vil endurtaka það, að ég fagna þessari fljótu afgreiðslu þessarar ágætu till. En ég vil einnig leyfa mér að vona, að till., sem ég hef hér flutt, fái jafnhlýlegar viðtökur hjá fjvn., vegna þess að ég tel, að þrátt fyrir samþykkt þessarar till. sé ekki síður nauðsyn, að hún nái einnig fram að ganga.

Frsm. (Gunnar Gíslason): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. — Hv. 5. landsk. fann það helzt að till. okkar, að í henni væri ekkert tímatakmark, ekkert ákvæði um það, hvenær þessi nefnd ætti að hafa lokið störfum. Mér virðist nú reynslan hafa sýnt það oft og tíðum, að það hafi ekki mikið að segja, þótt slíkt tímatakmark sé sett inn í þáltill., og kom það raunar ljóslega fram í umr. um aðra þáltill., og kom það raunar ljóslega fram í umr. um aðra þáltill., sem var til umr. hér í þinginu í dag, svo að ég legg ekki mikið upp úr því. Hitt er aðalatriðið, að það veljist í n. góðir menn, sem taka störf sín alvarlega, og ef þeir gera það, er ég viss um, að þeir hraða störfum sínum eftir beztu getu.

Þá fann hv. 5. landsk. að því, að till. væri of viðtæk. Ég get ekki fallizt á, að það sé neinn ljóður á okkur flm., þó að við sjáum örlítið lengra en fram fyrir nefið á sjálfum okkur. Það er alveg rétt hjá hv. þm., og það vitum við og það vita allir hv. alþm. og raunar þjóðin öll, að atvinnuástand hefur verið einna erfiðast í því kjördæmi, sem við erum fulltrúar fyrir, og þá gefur það auga leið, að þeir menn, sem taka að sér þessi störf, athuga, hvað hægt er að gera til að bæta atvinnuástandið í þeim landshlutum eða þeim byggðarlögum, þar sem vitað er að mest er þörfin. En ástæðan til þess, að við bundum okkur ekki einvörðungu við okkar kjördæmi, var t. d. sú, að okkur var það fyllilega ljóst, að ástandið við vestanverðan Húnaflóa í Strandasýslu er sízt betra en hjá okkur og það þarf alveg eins að hugsa um fólk, sem byggir Strandasýslu, og fólk, sem byggir Norðurlandskjördæmi vestra, svo að ég nefni dæmi.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Á fyrsta þinginu, sem ég sat hér, flutti ég ásamt einum af þeim hv. þm., sem eru flm. að þessari till., Benedikt Gröndal, till. til þál., sem var hliðstæð þessari að efni. Enda þótt mér sé ljóst, að sú till. gerði ekki neina stóra hluti, vakti hún þó athygli á því, að hér er nauðsynjamál á ferðinni og Íslendingar eiga að gefa meiri gaum að iðnaði en þeir hafa áður gert. Ég er sannfærður um það, að sú till. átti þá nokkurn þátt í því, að ný iðnfyrirtæki risu upp úti um byggðir landsins, og við eigum að halda áfram á þeirri braut.

Það hefur verið nokkuð ríkjandi skoðun í þessu landi, að þéttbýli gæti ekki orðið til nema í kringum sjávarútveg. Á síðari árum hefur það hins vegar sýnt sig, að þessi skoðun hefur ekki við rök að styðjast og hafa orðið til þéttbýlissvæði, þar sem afkoma manna hefur ekkert verið síður góð, þótt þau hafi ekki stuðzt við sjávarútveg, og í framtíðinni eigum við jöfnum höndum að byggja okkar þéttbýli upp í sambandi við sjávarútveginn, iðnaðinn og landbúnaðinn. Þó að slíku máli hafi verið hreyft hér fyrir nokkrum árum, er það jafnnauðsynlegt nú. Þess vegna var það, að við fulltrúar Framsfl. í fjvn. vorum á einu máli um stuðning við þessa tillögu.

Sú breyting, sem þar var gerð um það, að hæstv. ríkisstj. skipaði alla nm., um hana vil ég segja það, að eins og við tókum fram í fjvn., höfðum við framsóknarmenn ekki ástæðu til að sýna hæstv. ríkisstj. traust, sem fólgið væri í því, að hún skipaði alla mennina. Að vísu var í raun og veru ekki nema eitt sæti í n., sem um var að ræða, sem ríkisstj. hefði ekki ráðið eftir till., eins og hún var upphaflega orðuð. Hins vegar skal það sagt með glöðu geði, að samstarf við meiri hl. fjvn. á þessu þingi hefur verið með ágætum um afgreiðslu mála. Þar hefur ekki orðið ágreiningur nema um höfuðmálefni, eins og ég gerði grein fyrir við fjárlagaumræður í vetur. Þess vegna vildum við framsóknarmenn ekki, að þetta mál yrði til þess að rjúfa þá samstöðu, ekki sízt þar sem meiri hl. tók fram, að að því yrði vikið í framsögu, að því væri treyst, að hæstv. ríkisstj. mundi reyna að hafa þessa n. það víðtæka, að hún næði til sem flestra, svo að árangurinn yrði sem beztur, eins og hv. frsm. n. vék að hér í framsöguræðu sinni og uppfyllti þar með það fyrirheit, sem hann gaf okkur í sambandi við afgreiðslu málsins. Þess vegna varð samstaða um það, til þess að nauðsyn málsins væri undir-

strikuð og samstaða fjvn. um málaafgreiðslu einnig.

Mér er það fullkomlega ljóst, að hraða verður athugun á þessu máli, eins og fram hefur komið hér í þessum umr., og því verður treyst, að þeir menn, sem um framkvæmdina sjá, vinni að því, ekki síst þar sem það er undirstrikað svo greinilega sem gert hefur verið í þessum umr. og ég vil einnig taka undir. En það skulum við gera okkur ljóst, að til þess að verulegur árangur verði af störfum n., verður að rýmka um í sambandi við lánsútveganir fyrir iðnaðinn í landinu. Það er lítt mögulegt að koma á nýjum iðnaði, nema breytt verði aðstöðu hans til lánsmöguleika. Þar verður að rýmka verulega frá því, sem nú er. Og einn þáttur í störfum n. verður að vera fólginn í því að vinna að því.

Út af því, sem fram hefur komið hér um það, að þessi till. hefði átt að takmarkast aðeins við Norðurlandskjördæmi vestra, vil ég segja það, að mér finnst það með öllu fráleitt. Enda þótt nú séu þar meiri erfiðleikar en annars staðar, þó undantekin þorpin eða kauptúnin að vestanverðum Húnaflóa, þá varðar það erfiðleikana, sem við er að fást í dag. En þetta er ekki mál, sem aðeins er hugsað út frá deginum í dag, heldur á að vinna að því að skipuleggja uppbyggingu iðnaðarins víðs vegar úti um landið, og þannig treystum við betur en áður hefur verið atvinnugrundvöllinn og komum í veg fyrir, að slíkt ástand skapist, eins og nú á sér stað í kauptúnum og kaupstöðum í Norðurlandskjördæmi vestra, eftir því sem hér hefur verið lýst. Og það er það, sem á að vera höfuðmarkmið okkar, og þess vegna eigum við að fylgja þessari till. fullkomlega eftir við afgreiðslu hér nú og þó fyrst og fremst í framkvæmdinni.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Ég stend upp til að leiðrétta nokkurn misskilning, sem fram kom í ræðum hv. 2. þm. Norðurl. v. og hv. 3. þm. Vesturl. Það er hreinn misskilningur, að ég telji það nokkurn ljóð á þeirri þáltill., sem hér er til umr., að hún sé bundin við allt landið. Ef menn hafa skilið orð mín svo, þá er það algerlega rangt. Ég er algerlega samþykkur því, að þessi till. verði samþykkt. Ég stóð hér aðeins upp til þess að bera upp þá bón, að till. mín varðandi Norðurlandskjördæmi vestra fengi jafnhlýlegar viðtökur og skjóta afgreiðslu og þessi till. hefur fengið. Ég taldi, þegar ég flutti mína þáltill., og tel enn þá, að alveg sérstakar ráðstafanir séu nauðsynlegar og það tafarlaust varðandi málefni þessa margnefnda kjördæmis, Norðurl. v., þar sem óvenjulegt ástand ríkir í heilum landshluta, sem ekki þolir bið, ekki þolir neina bið. Niðurstaða mín var sem sagt og er enn þá sú, að ég tel það fagnaðarefni, ef hægt er að fá afgreiddar báðar þessar till., í fyrsta lagi, að skipuð verði nefnd til þess að athuga um að koma upp iðnaði í kaupstöðum og kauptúnum víða úti um landið og þá væntanlega gert ráð fyrir því, að sú nefnd fái alldrjúgan tíma, úr því að ekkert tímatakmark er í till., til þess að finna ákjósanlega lausn á vandamáli hverrar byggðar fyrir sig og að sú n. hafi með höndum landið allt, en á hinn bóginn verði núna tafarlaust samþ. að kjósa nefnd til þess að reyna í sumar — og ég vil undirstrika það — strax í sumar eða með haustinu að finna og benda á lausnir varðandi vandamál Norðurl. vestra.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 53. fundi í Sþ., 12. marz, var fram haldið síðari umr. um till.

ATKVGR.

Brtt. 361 samþ. með 42:1 atkv.

Tillgr., svo breytt, samþ. með 43 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 44 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 376).

9. Úthlutun listamannalauna.

Á 49. fundi í Sþ., 4. marz, var útbýtt:

Till. til þál. um úthlutun listamannalauna 1964 [181. mál] (A. 341).

Á sama fundi var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Of skammt var liðið frá útbýtingu till. — Afbrigði leyfð og samþ. með 33 shlj. atkv.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 50. fundi í Sþ., 5. marz, var till. tekin til einnar umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Í fjárlögum fyrir yfirstandandi ár eru veittar 3 millj. kr. til listamannalauna, þ. e. a. s. til að launa rithöfunda, skáld og aðra listamenn. Fjárveitingar til listamannalauna hafa aukizt mjög verulega á undanförnum árum. S. l. 10 ár hafa þær numið sem hér segir: 1954 630 þús., 1955 800 þús., 1956 992 608 kr., 1957 og 1958 1 millj. og 200 þús., 1959, 1960 og 1961 1 millj. 260 þús., 1962 var fjárveitingin aukin upp í 1 millj. 550 þús., 1963 upp í 2 134 456 kr. og nú á yfirstandandi ári upp í 3 millj. kr. Þessum fjárhæðum hefur mörg undanfarin ár verið skipt af þingkjörinni nefnd 5 manna. Efni þessarar till. er, að Alþ. ályktí, að sami háttur skuli vera hafður á þessu sinni, að 5 manna þingkjörin nefnd skipti fjárveitingunni.

Stundum undanfarið mun till. um þetta efni ekki hafa farið til nefndar, heldur verið afgreidd við eina umr. nefndarlaust. Ég legg hins vegar nú til, að till. verði vísað til hv. allshn. í trausti þess, að nefndin afgreiði málið fljótlega. Legg ég því til, að umr. verði frestað og till. vísað til hv. allshn.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 37 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 55. fundi í Sþ., 19. marz, var fram haldið einni umr. um till. (A. 341, n. 397).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 35 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Þessari till. um að kjósa 5 manna n. til að úthluta listamannalaunum var vísað til allshn. N. hefur haft þessa till. til athugunar og er sammála um að mæla með því, að hún verði samþykkt, þó með þeirri breytingu, sem gerð er í samráði við flm. till., hæstv. menntmrh., að í stað 5 manna verði kosin 7 manna nefnd til að úthluta þessum listamannalaunum til skálda, rithöfunda og annarra listamanna. Er allshn. sammála um þá afstöðu að mæla með samþykkt till. með þessari breytingu.

ATKVGR.
Brtt. 397 samþ. með 43 shlj. atkv.
Tillgr., svo breytt, samþ. með 41 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 42 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 405).

10. Tryggingar gegn uppskerubresti og afurðatjóni í landbúnaði.

Á deildafundum 11. febr. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um tryggingar gegn uppskerubresti í landbúnaði [141. mál] (A. 255).

Á 43., 49. og 52. fundi í Sþ., 19. febr., 4. og 11. marz, var till. tekin til fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá
Á 54. fundi í Sþ., 18. marz, var till. enn tekin til fyrri umr.

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Allshn. hefur leyft sér að flytja hér á þskj. 255 till. til þál. um tryggingar gegn uppskerubresti og afurðatjóni í landbúnaði, en till. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að skipa 4 menn í nefnd, einn tilnefndan af stjórn Bjargráðasjóðs Íslands, annan af Búnaðarfélagi Íslands, hinn þriðja af Stéttarsambandi bænda og hinn fjórða án tilnefningar, til að endurskoða lög um búfjártryggingar og önnur lög, er málið varða, í því skyni, að komið verði á fót fyrir landbúnaðinn tryggingu gegn uppskerubresti og afurðatjóni með hliðsjón af aflatryggingum sjávarútvegsins. Sá nm., sem skipaður er af ríkisstj. án tilnefningar, skal vera formaður nefndarinnar."

Snemma á þessu þingi voru fluttar þrjár þáltill. varðandi tryggingamál landbúnaðarins. Þessum þremur till. var öllum vísað til allshn., og ég tel raunar óþarft að gera grein fyrir þeim hér, því að þær eru öllum þingheimi kunnar. Allshn. sendi þessar þrjár till. til umsagnar til stjórnar Bjargráðasjóðs Íslands, til Stéttarsambands bænda og til Búnaðarfélags Íslands. Frá öllum þessum aðilum komu jákvæðar undirtektir, og ég vil alveg sérstaklega leyfa mér að lesa hér örstuttan kafla úr umsögn Stéttarsambands bænda, með leyfi hæstv. forseta, en þar segir svo:

„Tryggingamálið er þýðingarmikið fyrir landbúnaðinn, og mælum við eindregið með því, að Alþingi afgreiði þessi mál þannig, að skriður komi á gerð áætlana um tryggingar gegn margvíslegu búskapartjóni. Það, sem við teljum að sé nauðsynlegast fyrir bændur að tryggja gegn, er, þegar búfé ferst í hópum, svo sem flæðir, fennir, brennur eða verður afurðalaust af vissum ástæðum, svo sem lambaláti, kal í túnum, heybruni og heyfok. Mörg fleiri atriði koma til greina."

Allshn. taldi það skynsamlegustu vinnubrögðin að semja nýja till. í stað hinna þriggja og sameina þar þau meginsjónarmið, sem koma fram í hinum þremur till., sem ég hef áður greint frá, og það er einmitt þessi nýja till. á þskj. 255, sem allshn. hefur samið af þessu tilefni og n. er sammála um að flytja.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 55. fundi í Sþ., 19. marz, var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.
Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Sþ., 1. apríl, var till. tekin til síðari umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 33 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 417).

11. Ráðstafanir til, að hlunnindajarðir haldist í ábúð.

Á deildafundum 28. okt. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um ráðstafanir til að tryggja, að hlunnindajarðir haldist í ábúð, og athugun á því, hvers vegna góðar bújarðir fari í eyði [41. mál] (A. 41).

Á 8. fundi í Sþ., 30. okt., var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 41 höfum við 4 þm. úr Vesturlandskjördæmi flutt till. til þál. um ráðstafanir til að tryggja, að hlunnindajarðir haldist í ábúð, og athugun á því, hvers vegna góðar bújarðir fara í eyði. Mál þetta var til meðferðar hér á hv. Alþingi, því er síðast sat, en náði þá ekki fram að ganga. Till. okkar var þá flutt sem brtt. við fram komna till. í þessu máli. Við höfum á þessu þskj. flutt hana óbreytta frá því, sem hún var þá fram lögð.

Það hefur áður verið skýrt hér á hv. Alþingi, hvaða breytingar hafa á orðið á hinum síðari árum í sambandi við laxveiðijarðirnar. Mjög hefur verið á það sótt að kaupa slíkar jarðir til þess eins að stunda þar laxveiði, en ekki til þess að halda slíkri jörð í ábúð. Hefur svo farið, að jafnvel í hinum beztu héruðum, eins og Borg-

arfirði, er þetta orðið mjög áberandi. Í kringum eitt vatnasvæði þar, Langá, er nú mikill hluti af jörðum orðið í eigu annarra en ábúenda þeirra, og hafa þessar jarðir eingöngu verið keyptar vegna hlunnindanna. Þetta er áhyggjuefni þeirra bænda, sem þarna búa, og er það að vonum, að svo er. Hér er stefnt til auðnar, ef framhaldið verður eins og nú horfir.

Till. okkar gerir ráð fyrir því, að skipuð verði nefnd til þess að rannsaka þetta mál og í þeirri nefnd verði búnaðarmálastjóri, landnámsstjóri og þriðji maður verði svo skipaður af hæstv. landbrh. Verkefni þessarar nefndar er í fyrsta lagi að kynna sér ástæður fyrir því, hvers vegna jarðir fara í eyði, og fyrst og fremst á að snúa sér að þeim jörðum, þar sem hlunnindi eru, í öðru lagi að safna gögnum um áhrif slíkrar þróunar á landbúnað annarra þjóða og ráðstafanir, sem þær þjóðir hafa gert til þess að sporna gegn þessari þróun.

Við gerum ráð fyrir því, að þegar þessi athugun hefur farið fram, semji n. frv., sem síðar verður lagt hér fyrir Alþingi, að lögum um þetta efni. Í sambandi við væntanlegt frv. bendum við á það, hvort ekki sé eðlilegt, að jarðakaupasjóður ríkisins sé skyldaður til þess að kaupa þessar jarðir, sem þannig er ástatt um, og selja þær svo aftur ábúanda, þegar ábúandi fæst á þær. Hér er um mikilvægt mál að ræða, sem nauðsyn ber til að verði rannsakað eins gaumgæfilega og tök eru á og leitað eftir skynsamlegum leiðum til úrbóta. Þá bendum við einnig á það, hvort ekki sé eðlilegt, að meðan þessar jarðir eru ekki í ábúð, sé eigendum þeirra gert að skyldu að greiða í hreppssjóð viðkomandi sveitarfélags útsvar, sem svaraði meðalútsvari þriggja ára næst á undan. Eins og nú er komið útsvarslögum, er ekki hægt að leggja útsvör á eigendur slíkra jarða.

Ég ætla ekki að sinni að orðlengja þetta, en legg til, herra forseti, að till. verði vísað til síðari umr. og hv. fjvn.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 31 shlj. atkv. og til fjvn. með 31 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Sþ., 8. apríl, var till. tekin til síðari umr. (A. 41, n. 421).

Frsm. (Jón Árnason): Herra forseti. Fjvn. hefur haft til athugunar þáltill. á þskj. 41, um ráðstafanir til að tryggja, að hlunnindajarðir haldist í ábúð, og athugun á því, hvers vegna góðar bújarðir fari í eyði. Þáltill. þessi hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að skipa 3 manna nefnd og sé hún þannig skipuð, að búnaðarmálastjóri og landnámsstjóri séu sjálfkjörnir, en landbrh. skipi þriðja nm. án tilnefningar.

Verkefni nefndarinnar séu:

1) Að kynna sér ástæður fyrir því, að jarðir fara í eyði, og sé einkum athugað, að hve miklu leyti þær fara í eyði vegna þess, að einstakir menn kaupi þær eða sleppi ekki eignarrétti sínum af þeim vegna laxveiði eða annarra hlunninda.

2) Að safna gögnum um áhrif slíkrar þróunar á landbúnað annarra þjóða og ráðstafanir þeirra þjóða til varnar gegn henni.

3) Að semja frv. til l., sem tryggi það, svo sem auðið er, að komið sé í veg fyrir slíka þróun.

Í sambandi við undirbúning að lagafrv. skal n. athuga eftirfarandi:

1) Hvort ekki sé eðlilegt, að jarðakaupasjóður ríkisins sé skyldaður til að kaupa slíkar jarðir, ef ekki fæst kaupandi, sem tryggir það, að þær séu í ábúð, og þá sé kveðið á í lögum um þessi jarðakaup jarðakaupasjóðs.

2) Hvort ekki sé jafnframt eðlilegt, að jarðakaupasjóður selji þessar jarðir aftur, þegar ábúandi fæst.

3) Hvort ekki sé eðlilegt og réttmætt, þar til lög þau taka gildi, er hér um ræðir, að gera eigendum þeirra laxveiðijarða, sem í eyði eru og síðar verða, að greiða til sveitarsjóða viðkomandi sveitarfélaga skatt, sem svarar meðalútsvari af viðkomandi jörð síðustu 3 árin, sem hún var í byggð, þó með þeim hlutfallslegu breytingum, sem orðið hafa á útsvari til hækkunar eða lækkunar í sveitarfélaginu á því tímabili.

Nefndin hraði störfum svo sem auðið er og skili áliti og lagafrv. eigi síðar en á árinu 1964.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði."

Fjvn. er á einu máli um, að hér sé um mikið vandamál að ræða, og nauðsyn þess, að athugun verði látin fram fara. Hins vegar sá nefndin ekki ástæðu til að afmarka verksvið væntanlegrar nefndar og hefur því leyft sér að flytja brtt. á þskj. 421, en þar segir, með leyfi forseta, og eru till. um breytingar:

1) Við fyrri hluta tillgr. Í stað 3. tölul. komi tvær málsgr., er orðist svo:

Nefndin hraði störfum, svo sem auðið er, og skili till. til úrbóta svo fljótt sem verða má.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

2) Síðari hluti tillgr.: „Í sambandi við undirbúning að lagafrv." o. s. frv. til loka tillgr. falli niður.

Á undanförnum árum hafa verið nokkur brögð að því, að þær jarðir, sem hlunnindi hafa og þá sérstaklega í sambandi við laxveiði, hafa verið keyptar af einstaklingum og jafnvel félögum í því skyni að hagnýta einungis laxveiðina, en ekki hirt um, að jarðirnar væru setnar og starfræktar með venjulegan búrekstur fyrir augum. Í sumum tilfellum hefur þessi þróun gengið svo langt, að margar jarðir í einu og sama sveitarfélaginu hafa lagzt í eyði. Hefur slík þróun að sjálfsögðu komið hart niður og verið tilfinnanleg í fámennum sveitarfélögum. Til þess að rétta hlut sveitarfélaganna, þegar svona stendur á, kemur vissulega til greina, að eigendur laxveiðijarðanna verði látnir greiða til sveitarsjóðs opinber gjöld í hlutfalli við það, sem bændur með meðalbú í sveitinni verða að greiða í útsvar og annað þess háttar til sveitarsjóðs. Með þeim ráðstöfunum væri komið í veg fyrir, að fjárhagslegar byrðar legðust með of miklum þunga á þá bændur, sem eftir væru í sveitarfélaginu, og kæmu þá um leið í veg fyrir, að þeir flosnuðu upp af búum sínum vegna óeðlilega mikilla gjalda til sveitarsjóðs, sem vissulega geta skapazt, þegar svona stendur á.

Ég sé svo ekki ástæðu til að orðlengja frek-

ar um málið, en mæli með því, að það hljóti afgreiðslu, svo sem fjvn. hefur lagt til.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 60. fundi í Sþ., 9. apríl, var fram haldið síðari umr. um till.

ATKVGR.

Brtt. 421 samþ. með 37 shlj. atkv.

Tillgr., svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 38 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 441).

12. Stofnlánasjóðir sjávarútvegsins.

Á deildafundum 2. des. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um athugun á sem hagkvæmastri skipan og um aukningu stofnlánasjóða sjávarútvegsins [90. mál] (A. 103).

Á 30. fundi í Sþ., 18. des., var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Sverrir Júlíusson): Herra forseti. Virðulegi þingheimur. Á þskj. 103 hef ég borið fram till. til þál. um athugun á sem hagkvæmastri skipan og aukningu stofnlánasjóða sjávarútvegsins. Með till. er í fyrsta lagi óskað, að ríkisstj. láti fram fara rannsókn á því, á hvern hátt auka megi fé það, er stofnlánasjóðir sjávarútvegsins hafa til umráða á hverjum tíma til tryggingar eðlilegri aukningu og uppbyggingu fiskiskipaflotans, svo og aukningu og uppbyggingu þeirra fiskvinnslustöðva og verksmiðja, er vinna úr hvers konar sjávarafla, og eigi síður til nauðsynlegra endurbóta á þessu sviði, svo að við getum hagnýtt okkur þá tækniþróun, sem á sér stað á hverjum tíma í þessum efnum, svo að unnið verði að skipulagningu og vinnuhagræðingu við veiðar og vinnslu sjávaraflans, en það verður til hagsbóta fyrir alla þá aðila, er þessa atvinnugrein stunda, sem og þjóðina í heild og kemur fram í auknum þjóðartekjum. Í öðru lagi gerir till. jafnframt ráð fyrir, að nefnd sú, ef skipuð verður, athugi, hvort hægt sé að koma á hagkvæmari skipan þessara mála en nú er og þá á hvern hátt, t. d. með samræmdri eða sameinaðri starfsemi stofnana þeirra, er nú veita sjávarútveginum stofnlán. Eins og segir í grg., hefur sjávarútvegurinn haft mikla þörf fyrir fjármagn, vegna þeirrar miklu og öru uppbyggingar, er átt hefur sér stað á undanförnum áratugum hjá okkur Íslendingum.

Það er skoðun mín, að um langa framtíð verðum við Íslendingar að treysta á sjávarútveginn sem traustasta hlekkinn við gjaldeyrisöflun fyrir þjóðarbúið, en það er vel, að þeir verði sem flestir, og að fjölgun þeirra er vissulega unnið. Að mínu viti er höfuðnauðsyn, að þannig sé að þessum höfuðatvinnuvegi búið varðandi aðgang að lánsfé, að hann geti þess vegna innt sitt mikilvæga hlutverk af hendi. Í okkar þjóðfélagi, sem hefur takmörkuð fjárráð til uppbyggingar, en verkefnin blasa alls staðar við og vissulega er þeirra full þörf á mörgum sviðum, er nauðsyn, að þess sé gætt, að það fé, sem varið er til uppbyggingar og endurbóta sjávarútvegsins, nýtist á sem beztan hátt, bæði fyrir þá, sem fjárhagslega ábyrgð bera á rekstrinum, svo og með þjóðarhag fyrir augum.

Í grg. er getið þeirra fjögurra stofnana, er veita sjávarútveginum stofnlán lögum samkv. Ég vil gera nokkru nánari grein fyrir þessum stofnunum.

Fiskveiðasjóður Íslands var stofnaður með lögum nr. 52 10. nóv. 1905. Flm. frv. var Valtýr Guðmundsson, 2. þm. Gullbringu- og Kjósarsýslu. Í 3. gr. l. segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Tilgangur fiskveiðasjóðs er að efla fiskveiðar og sjávarútveg landsmanna.“ Stofnfé var 100 þús. kr., sem landssjóður lagði fram að mestu leyti í skuldabréfum árið 1906. Aðaltekjustofn fiskveiðasjóðs hefur frá upphafi verið útflutningsgjöld af sjávarafurðum, er ríkissjóður innheimtir. Lögum um fiskveiðasjóð hefur nokkrum sinnum verið breytt, ekki alltaf sami hundraðshluti af útflutningsverðmæti sjávarafurða gengið til sjóðsins. En þær breytingar, sem hæstv. Alþingi hefur gert á lögum um fiskveiðasjóð, er ekki ástæða til þess að rekja á þessu stigi málsins, þar sem sama tilgangi hefur verið fylgt frá upphafi, þ. e. a. s. að styðja sjávarútveg Íslendinga, einkum bátaútveginn, með hagkvæmum stofnlánum. Eins og í grg. segir, hafa aðaltekjur sjóðsins af útflutningsgjöldum numið frá stofnun hans og til ársloka 1962 um 265 millj. kr., vaxtatekjur og aðrar tekjur hafa numið um 73.8 millj. kr., en framlag ríkissjóðs frá upphafi hefur numið 35 millj. 250 þús. kr. Þá hefur sjóðnum verið séð fyrir lánum, sérstaklega nú á síðari árum, er nema háum fjárhæðum. Í árslok 1962 skuldar sjóðurinn af lánum þessum, miðað við núv. gengi íslenzku krónunnar, um 114 millj. kr. Sjóðurinn á útistandandi, miðað við árslok 1962, lán með veði í fiskiskipum og vegna skipa í smíðum innanlands um 507.9 millj. kr., en með veði í fiskvinnslustöðvum útvegsmanna um 37 millj. kr. Þessi merka stofnun hefur því á þeim 50—60 árum, sem hún hefur starfað, stuðlað verulega að uppbyggingu sjávarútvegsins.

Stofnlánadeild sjávarútvegsins var upphaflega sett á stofn af nýsköpunarstjórninni. Stofnfé hennar var 100 millj. kr. frá Seðlabanka Íslands. En fé þetta varð að endurgreiða Seðlabankanum, jafnóðum og það innheimtist. Þá var stofnlánadeildinni einnig séð fyrir fjármagni, er hún fékk í gegnum sölu á almennum vaxtabréfum, og vann hún sitt hlutverk á svokölluðum „nýsköpunarárum“, lánaði til fiskiskipakaupa, þar með taldir botnvörpungar, svo og til fiskvinnslustöðva með hóflegum vöxtum.

Þegar gamla stofnlánadeildin hafði lokið þessu hlutverki, var henni lokað, hún varð að endurgreiða Seðlabankanum sitt fé svo og vaxtabréfaeigendum. Það er ekki fyrr en á árinu 1961, er núv. hæstv. ríkisstj. beitti sér fyrir setningu laga nr. 48 29. marz 1961, þar sem stofnlánadeild sjávarútvegsins var opnuð að nýju og lausaskuldum sjávarútvegsins breytt í föst lán. Skuldir sjávarútvegsins við stofnlánadeildina námu í árslok 1962 383.4 millj. kr. Það sést ekki af reikningum deildarinnar, hvernig fjárhæð þessi skiptist milli veiðiskipa og fiskvinnslu-

stöðva. Seðlabanki Íslands gerði stofnlánadeildinni það kleift, að standa undir þessum lánabreytingum, en gert er ráð fyrir endurgreiðslu til Seðlabankans á þessum lánum, jafnóðum og þau innheimtast, eins og upphaflega var við stofnun deildarinnar 1945 eða 1946. Eftir að lánabreytingar þessar höfðu verið framkvæmdar, var ekki um neinar nýjar lánveitingar frá stofnlánadeildinni að ræða. Þó er rétt að taka fram, að lán þau, er veitt voru af enska framkvæmdaláninu á þessu ári, 50 millj. kr., auk þeirra 5 millj. kr., er atvinnuleysistryggingasjóður veitti til uppbyggingar sjávarútvegsins, en þetta fé fór að verulegu leyti til síldariðnaðarins. Má segja, að þessu hafi verið ráðstafað í samráði við stjórn stofnlánadeildarinnar, en lánunum var úthlutað af fulltrúum viðskiptabankanna (gjaldeyrisbankanna) og Seðlabanka Íslands.

Hæstv. núv. ríkisstj. hafði skilning á því, að full þörf væri á, að stofnlánadeildin fengi fjármagn til umráða til stuðnings sjávarútveginum, til uppbyggingar og hagræðingar, því að í lögum nr. 28 17. apríl 1962, um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu, í 7. gr., segir m. a., með leyfi hæstv. forseta, þar sem talin er upp skiptingin á útflutningsgjaldinu, að 30% af útflutningsgjaldi sjávarafurða skuli ganga til stofnlánasjóðs sjávarútvegsins eftir nánari ákvörðun ríkisstj., og mun þá hafa verið ráðgert, að þessi hluti útflutningsgjaldsins gengi til stofnlánadeildarinnar. En við nánari athugun var ekki talið kleift, að sjávarútvegurinn gæti staðið undir svo stórum hluta með beinum skatti á reksturinn til uppbyggingar lánasjóða sinna, eins og þar var gert ráð fyrir. Fyrir forgöngu heildarsamtaka útvegsmanna, L. Í. Ú., féllst ríkisstj. á að beita sér fyrir því við hæstv. Alþ., að þessi hluti útflutningsgjaldsins rynni til greiðslu vátryggingariðgjalda fiskiskipanna til viðbótar þeim hundraðshluta, er lög þau, er ég nefndi áðan, gera ráð fyrir. Sá, er þessi orð flytur, átti vissulega þátt í því ásamt öðrum forsvarsmönnum L. Í. Ú. að fá hæstv. ríkisstj. til að beita sér fyrir þessari breytingu. En ég fullyrði, að þessar óskir útvegsmanna voru ekki fram bornar vegna þess, að þeir teldu ekki fulla þörf á auknu fjármagni til stofnlána, heldur fram komnar í ljósi þeirra staðreynda, að sjávarútveginum væri ekki kleift að standa undir svo háum útflutningsgjöldum með öðru móti en að verulegur hluti þeirra rynni beint til greiðslu á rekstrarútgjöldum fiskiskipanna, en eins og kunnugt er, ganga 3.72% af útflutningsgjaldinu, eða við það helmingur, til greiðslu vátryggingariðgjalda samkv. reglum, er sjútvmrn. hefur sett. Útvegsmenn höfðu og hafa fullan skilning á þörf aukinna tekna til stofnlánasjóða sjávarútvegsins. Það verður því annað meginverkefni þeirrar nefndar, sem hér er lagt til að skipuð verði, að kanna leiðir og benda á tekjustofna til eflingar stofnlánasjóðum sjávarútvegsins.

Í lögum nr. 17 frá 10. febr. 1953, um Framkvæmdabanka Íslands, segir svo í 2. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Hlutverk bankans er að efla atvinnulíf og velmegun íslenzku þjóðarinnar með því að beita sér fyrir arðvænlegum framkvæmdum, sem gagnlegar eru þjóðarbúinu, og styðja þær. Skal starfsemi bankans í meginatriðum miðuð við það að stuðla að auknum afköstum í framleiðslu og dreifingu.“

Eins og sjá má af þessu, er hlutverk banka þessa mjög víðtækt, og hafa ýmsar stórframkvæmdir og verksmiðjubyggingar notið stuðnings bankans. En frá stofnun hans og til ársloka 1962 voru lánveitingar til fiskveiða og vinnslu fiskafurða 13.95% af heildarlánveitingum bankans. Ef við tökum með lánveitingar til hafnarframkvæmda, sem óbeint er hægt að segja að þjóni því hlutverki, sem hér um ræðir, þá nema lánveitingar til þessara hluta 15.25% af heildarlánveitingum bankans. Ekki er sundurliðað í reikningum bankans 1962, hve háar fjárhæðir af þessu eru enn þá útistandandi hjá sjávarútveginum.

Fiskimálasjóður var stofnaður með lögum nr. 89 5. júní 1947. Sjóðurinn tók við eignum fiskimálanefndar, er stofnuð var með lögum nr. 75 31. des. 1937 og með breytingum frá 1948, og tók hann að nokkru leyti við verkefnum fiskimálanefndar, en hefur sínar tekjur af útflutningsgjaldi sjávarafurða. Hlutverk sjóðsins er, eins og segir í 4. gr. l. frá 1947, með leyfi hæstv. forseta:

„Fiskimálasjóður veitir styrki til: a) hafrannsókna, b) rannsókna á fiskigöngum og fiskistofnum, c) tilrauna til að veiða með nýjum aðferðum eða nýjum veiðarfærum, d) tilrauna við verkun og vinnslu sjávarafurða, e) markaðsleitar fyrir sjávarafurðir, f) annarra rannsókna og nýjunga í þarfir sjávarútvegsins. Öll styrktarstarfsemi sjóðsins skal vera í samráði við ríkisstjórnina.“

Auk þessa hefur hv. Alþ. samþykkt lög, þar sem ákveðið er, að sjóðurinn greiði ⅛ hluta kostnaðar við síldarleit úr lofti yfir Norður- og Austurlandi, og einnig samþykkti hv. Alþ. með lögum nr. 97 18. des. 1961, að sjóðurinn greiði kostnað af rekstri verðlagsráðs sjávarútvegsins. Varðandi lánveitingu úr sjóðnum segir svo í 5. gr. l. frá 1947, með leyfi hæstv. forseta:

„Fiskimálasjóður má veita viðbótarlán gegn síðari veðrétti til stofnunar alls konar fyrirtækja, er horfa til eflingar fiskveiðum og hagnýtingu sjávarafurða, og séu lán þessi einkum veitt til þeirra staða, þar sem er tilfinnanleg vöntun slíkra fyrirtækja, en lítið fjármagn fyrir hendi. Hvert þessara lána má ekki fara fram úr 25% af stofnkostnaði fyrirtækisins og ekki að viðbættum lánum með betra veðrétti nema meiru en 85% af stofnkostnaði. Engin lánveiting má nema yfir 150 þús. kr. Lánskjörin séu þau sömu og hjá Fiskveiðasjóði Íslands.“

Upphæð hámarkslánsins var breytt með lögum 6. apríl 1962 í 400 þús. kr. Sjóðurinn átti útistandandi lán hjá ýmsum fyrirtækjum sjávarútvegsins í árslok 1962 um 37.7 millj. kr.

Ég hef nú að nokkru rakið, hvernig mál þessi standa hjá sjóðum þeim, sem lögum samkv. hafa heimild til að veita sjávarútveginum stofnlán. En þó að það liggi ekki fyrir, hve háum fjárhæðum stofnlán sjávarútvegsins nema í öðrum stofnunum, viðskiptabönkum svo og atvinnuleysistryggingasjóði, ýmsum lífeyrissjóðum og víðar, þá er það fullvíst, að upphæðir þessar eru mjög háar.

Eins og segir í grg., vakir það fyrir flm. till. þessarar, að athugun fari fram á eðlilegri aukningu stofnlána til eflingar og breytinga á vinnutilhögun hjá þessum undirstöðuatvinnuvegi landsmanna og jafnframt girða fyrir, að óumsamdar lausaskuldir verði sjávarútveginum fjötur um fót, eins og komið var, þegar lögin um heimild stofnlánadeildar sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands til að opna nýja lánaflokka voru sett samkv. lögum nr. 48 29. marz 1961.

Í öðru lagi vakir það fyrir flm., að athugaðir verði möguleikar á því, hvort það væri ekki hagkvæmara að færa saman starfsemi þessara stofnana að því er lánveitingar til sjávarútvegsins snertir, og vitna ég hér til þess, er í grg. segir um þetta atriði. Ég tel, að ef þessi skipan kemst á, þá yrði það eðlileg vinnutilhögun, að aðrir sjóðir, er nú veita stofnlán til sjávarútvegsins, haldi því áfram, á þann hátt annað tveggja að veita hinni nýju stofnun lán í stærri stíl eða að lánveitingar yrðu framkvæmdar í samráði við væntanlega stjórn. Þetta tel ég vera hliðstætt framkvæmd lána til húsnæðismála. En ganga verður út frá því, að sú stjórn eða sá aðili, sem kæmi til með að annast það hlutverk, sem hér er hugsað, komi til með að hafa þá yfirsýn, hvað fjárhagsgeta þjóðarinnar leyfir í þessum efnum, og þá einnig, hvar framkvæmdanna er mest þörf hverju sinni, einnig að lánveitingum verði hagað þannig, að umráðaaðilum vinnslustöðvanna, verksmiðjanna, veiðiskipanna eða vegna aukningar og endurbóta á iðjuverum verði gert kleift að ljúka framkvæmdum á eðlilegum tíma til hagsbóta fyrir alla aðila. Fyrirkomulag það, sem hér er hugsað, mundi verða mjög til hagræðis fyrir þá aðila, sem í framkvæmdir þurfa og vilja ráðast af þessu tagi, og jafnframt auka öryggi þeirra, því að þeir, sem á annað borð þurfa að leita eftir lánsfé, en það eru flestir, ef ekki allir, sem þennan atvinnuveg stunda, yrðu að leita eftir því fyrir fram, hvaða lánsmöguleikar væru fyrir hendi, og mundu þá haga sér eftir því.

Ég tel, að sú skipulagsbreyting, er ég hef hér talað um, sé hliðstæð breytingu þeirri, er gerð var á lánasjóðum landbúnaðarins á s. l. ári. Ef hv. Alþ. fellst á tillögu þá, sem ég hef hér reifað, teldi ég eðlilegt, að þær 4 stofnanir, sem ég hef rætt um hér á undan, kæmu til með að eiga fulltrúa í nefnd þeirri, er athugaði þessi mál, þótt að sjálfsögðu ráði ég engu þar um.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu, en legg til, að þáltill. á þskj. 103 verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og allshn.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og til allshn. með 33 shlj. atkv.

Á 54., 56., 57. og 59. fundi í Sþ., 18. og 20. marz, 1. og 8. apríl, var till. tekin til síðari umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 68. fundi í Sþ., 22. apríl, var till. enn tekin til síðari umr. (A. 103, n. 364).

Frsm. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Allshn. hefur haft til athugunar þessa till., sem flutt er af hv. 7. landsk. þm., um athugun á sem hagkvæmastri skipan og um aukningu stofnlánasjóða sjávarútvegsins, og hefur n. leitað umsagna frá allmörgum aðilum, sem um stofnlán sjávarútvegsins hafa fjallað, svo sem Framkvæmdabanka Íslands, Seðlabanka Íslands, fiskimálasjóði, Fiskveiðasjóði Íslands og enn fremur hjá sölusamtökum útvegsins og Landssambandi ísl. útvegsmanna. Öll sölusamtök útvegsins og L. Í. Ú. og fiskimálasjóður mæla einróma með samþykkt till., og Seðlabankinn og Framkvæmdabankinn mæla einnig með því, að till. verði samþykkt, en gera báðir nokkrar aths. við stofnlán útvegsins almennt og framkvæmd þeirra, en fiskveiðasjóður lýsir yfir í sinni umsögn, að hann hafi fyrir sitt leyti ekkert á móti því, að umrædd athugun fari fram, en bendir á nauðsyn þess, að fiskveiðasjóður fái aukið fjármagn til umráða.

Það er einróma álit allshn. að leggja til, að till. verði samþ. óbreytt og að sú athugun fari fram, sem till. gerir ráð fyrir, en það er að rannsaka möguleika á auknum stofnlánum til sjávarútvegsins til þess að tryggja eðlilega uppbyggingu og fjárfestingu í þessari mikilvægustu framleiðslugrein þjóðarinnar, og jafnframt að láta fara fram athugun á sem hagkvæmastri skipan með samræmdri eða sameinaðri starfsemi stofnana þeirra, sem veita stofnlán til sjávarútvegsins.

Eins og fram kemur í aths. Framkvæmdabankans í umsögn um till. og sömuleiðis í aths. Seðlabanka Íslands, þá benda þessir aðilar á það, að stofnlán til skipabygginga séu mikil og hafi verið örugg, því að eins og hv. þm. er sjálfsagt öllum kunnugt, lánar fiskveiðasjóður 75% af byggingarkostnaði skipa, sem byggð eru innanlands, og ⅔ af byggingarkostnaði skipa, sem byggð eru erlendis. Hins vegar er rétt, að það komi hér fram, sem er auðvitað það, sem mikið hefur verið rætt um af fjölmörgum aðilum, að ýmsar aðrar greinar sjávarútvegsins njóta ekki nándar nærri sömu fyrirgreiðslu, svo sem bygging og uppbygging hinna almennu fiskvinnslustöðva í landinu. Bæði frystihús og saltfiskverkunarhús og yfirleitt allar aðrar tegundir fiskverkunarstöðva, þær njóta ekki neitt nálægt því sömu fyrirgreiðslu um stofnlán og hafa því orðið mjög undir, og þessa starfsemi hefur mjög skort stofnlán til sinnar uppbyggingar. En eins og öllum hlýtur auðvitað að vera ljóst, þá er ekki síður nauðsynlegt að byggja upp starfrækslu til þess að vinna úr sjávarafla í landi, ekki síður en að sækja aflann í sjó, með uppbyggingu bátaflotans. Og sömuleiðis er eitt, sem er mjög alvarlega á eftir hjá okkur, og það er að sýna aukinn og betri skilning fyrir öllum nýmælum á sviði sjávarútvegs, öllu því, sem getur orðið til þess að nýta betur framleiðsluverðmæti, sem á land kemur, og auka verðmæti þess í útflutningi og þar með stuðla að auknum útflutningstekjum þjóðarinnar. Eitt af því, sem hefur mjög orðið á eftir, eru öll slík nýmæli, eins og t. d. niðursuðuverksmiðjur og annað slíkt, sem getur gert það að verkum, að við getum hagnýtt á miklu betri hátt okkar útflutningsafurðir og gert þær verðmætari fyrir þjóðarbúskapinn en nú er.

Okkur er ljóst, að margar af okkar útflutningsafurðum eru seldar úr landi lítt eða ekki unnar, og það eru möguleikar á því, með því

að taka upp skynsamlega fjárfestingarstefnu, að auka og efla útflutningsverðmæti þessara afurða, möguleikar á því allt að því að þrefalda verðmæti sumra þessara afurða frá því, sem nú er.

Allshn. telur, að þessi till. sé nauðsynleg, að þessi athugun fari fram á því, hvaða möguleikar eru á því að auka stofnlán til sjávarútvegsins og þá um leið jafna stofnlánin á milli hinna einstöku greina sjávarútvegsins. Þá er, eins og annar höfuðþáttur í till. hv. 7. landsk. mælir fyrir um, rétt að athuga það, hvort ekki sé réttara að sameina eitthvað þessa stofnlánasjóði sjávarútvegsins og hvort það mundi verða hagkvæmara í framkvæmd og betra, þegar fram í sækti. Þess vegna mælir allshn. einróma með samþykkt þessarar till. og telur hana geta orðið mjög gagnlega fyrir áframhaldandi þróun íslenzks sjávarútvegs, sérstaklega með því að jafna stofnlánin á milli hinna einstöku greina innan sjávarútvegsins.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að hafa um þetta fleiri orð og vænti þess, að þessu áliti allshn. á till. verði almennt vel tekið af hv. þingmönnum.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 32 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 491).

13. Varnir gegn tjóni af völdum Kötluhlaups.

Á deildafundum 5. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um varnir byggðanna í Álftaveri og Vík í Mýrdal gegn hugsanlegu tjóni af völdum Kötluhlaups [59. mál] (A. 62).

Á 14. fundi í Sþ., 12. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 15. fundi í Sþ., 13. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Ragnar Jónsson): Herra forseti. Till. til þál. um varnir byggðar í Álftaveri og Vík í Mýrdal gegn hugsanlegu tjóni af völdum Kötluhlaups á þskj. 62 hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að heimila ríkisstj. að láta undirbúa og hefja þegar á næsta ári nauðsynlegar aðgerðir til varnar mannvirkjum og gróðurlöndum í Álftaveri og Vík í Mýrdal með tilliti til hugsanlegs Kötluhlaups, á grundvelli þeirra athugana, sem þegar hafa verið framkvæmdar og fyrir liggja."

Það fer ekki hjá því, að sérstök tilfinning hljóti að grípa menn, sem fara yfir Mýrdalssand og verður hugsað til þess, að við upphaf Íslandsbyggðar var þessi mikla auðn öll gróðri vafin. Allir þekkja frásögn Landnámu um það, er Dufþakur, þræll Hjörleifs, bruggaði húsbónda sínum banaráð með því að telja honum trú um, að skógarbjörn hefði komið og drepið uxa hans. Og er þeir Hjörleifur dreifðu sér um skóginn að leita bjarnarins, réðust þrælarnir að þeim og drápu. En þó að saga Hjörleifs yrði ekki löng á Íslandi, þá komu brátt fleiri landnámsmenn í hans kjölfar. Þar kom Hrafn hallalykill og nam land á þessu svæði, sem núna er Mýrdalssandur. Og hann nefndi bæ sinn að Dynskógum. Á eftir honum komu svo hver á fætur öðrum og nefndu bæi sína fallegum nöfnum, eins og Loðinsvíkur, Atlaey, Keldur, Laufskála o. s. frv. Þessi nöfn gefa nokkurt tilefni til þess að ætla, að landið hafi verið gróðurmikið. En byggðin með þessi fallegu bæjanöfn átti sér skamman aldur. Árið 894 gaus Katla, og mjög snemma á öldum eyddist allt land milli Hafurseyjar og Hólmsár, ofan frá jökli og suður að Skálm, sem rennur fyrir norðan Álftaverið, og þar hefur aldrei verið byggð síðan. Gosið 894 er fyrsta gos Kötlu, sem vitað er um, en síðan hefur hún gosið 15 sinnum, síðast haustið 1918, eins og öllum er kunnugt.

Til eru góðar heimildir um Kötlugos frá upphafi Íslandsbyggðar, skráðar af Markúsi Hjörleifssyni bónda í Hjörleifshöfða. Hann bjó í Höfðanum um langa ævi og lézt árið 1906. Hann gaf út bók um þetta efni, sem hann kallaði „Rit um jarðelda á Íslandi". Þar er mikinn fróðleik að finna, og geta menn lesið þar, hvernig jökulhlaupin, sem jafnan fylgja Kötlugosunum og venjulega hafa átt sér stað tvisvar á öld, hafa smáeytt landið og skapað þá eyðimörk, sem við blasir í dag og við nefnum Mýrdalssand. En Katla hefur þó þyrmt Álftaverinu að nokkru leyti fram á þennan dag, þótt hún hafi mjög að því sorfið á köflum.

Ég vil aðeins nefna hér tvö dæmi úr fyrrnefndri bók Markúsar Loftssonar, en þar segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta, um gosið 1580:

„Þá sprakk sundur Mýrdalsjökull með eldingum og reiðarslögum, sem heyrðust víða um land, en vatnið flóði um allan sandinn vestan frá Mýrdal og austur að Þykkvabæjarklaustri. Skemmdust þá nokkrar jarðir í Álftaveri, en urðu þó flestar næstum jafngóðar að fáum árum liðnum."

Og um gosið 1660 segir svo:

„Skemmdist Álftaverið mikið. Eyðilögðust þar fjórar jarðir um nokkur ár: Hraunbær, Skálmarbær, Hraungerði og Sauðhúsnes."

Ég vil geta þess, að þrjár þessar fyrrnefndu jarðir eru enn í byggð. Álftaverið er láglend sveit og hefur af þeim sökum alltaf legið undir miklum áföllum, þegar Mýrdalsjökull sprakk. Nú eru þar 11 byggðar jarðir. Fyrir austan er Kúðafljót, að vestan Mýrdalssandur, að norðan Skálm. Það er því ekki að furða, þótt þessi litla sveit hafi oft orðið fyrir þungum búsifjum á liðnum öldum af völdum jökulhlaupanna.

Á jörðum þeim í Álftaveri, sem nú eru í byggð, er búskapur góður og afkoma fólksins þar sízt lakari en gerist og gengur. Það er því full ástæða til þess að beita þeirri tækni, sem við höfum yfir að ráða í dag, til þess að tryggja framtíð þessarar sveitar, sem staðið hefur eins og vin í eyðimörk allt frá landnámstíð. Sem bet-

ur fer, eru líkurnar til þess, að það sé hægt, mjög sterkar og það án tilfinnanlegs kostnaðar. En eins og fram er tekið í grg. með till. þeirri, sem hér er til umr., eru mestar líkur til þess, að Álftaverið verði umflotið um nokkurn tíma, ef Katla skyldi gjósa enn einu sinni, og það er barnaskapur að hugsa sér, að hún sé sofnuð fyrir fullt og allt. Á 17. öldinni gaus hún þrisvar, en síðan hefur hún gosið tvisvar á öld. Jökulhlaupin, sem gosunum fylgja, hafa verið misjafnlega mikil. Á síðustu áratugum hefur Mýrdalsjökull hopað mjög eins og aðrir jöklar á landi hér, og þess vegna eru líkur til þess, að næsta hlaup verði ekki eins tröllaukið og stundum áður. En eins og fyrr mundi Álftaverið eigi að síður verða umflotið og einangrast um lengri eða skemmri tíma, vegna þess að þá yrðu allar brýr af ánum á Mýrdalssandi, eða Blautukvísl, Múlakvísl og Skálm. Sumarið 1955 kom hlaup úr Mýrdalsjökli, sem stóð ekki í sambandi við eldsumbrot, og það ruddi í burtu brúnum á Múlakvísl og Skálm, og vatnselgurinn í þessum ám var svo mikill allt sumarið, að til stórvandræða horfði. Þessu var þó bjargað, áður en í algert óefni var komið, með því að fá stóra herbíla, sem svömluðu yfir torfærurnar og fluttu fólkinu nauðsynjar þess. Nú er allgóður flugvöllur í Álftaveri, sem byggður var fyrir nokkrum árum. Hann mundi geta bjargað frá miklum vandræðum, ef hann yrði varinn. Til þess þarf að gera garða á tveim stöðum. Annar þessara garða þarf að koma vestan við völlinn og hinn fyrir norðan hann, en þar kom einmitt vatn fram 1918 og flæddi yfir land jarðanna Holts og Heriólfsstaða. Ég hef rætt við eldri menn, sem þarna áttu heima þá og búa þar enn. Þeir fullyrða, að ef þá hefði verið varnargarður, þar sem hugsað er að byggja hann núna, mundi vatnið ekki hafa brotið hann. Við ána Skálm var fyrir fáum árum gerður allmikill varnargarður. Hann hefur nú þegar forðað frá landbroti, gerði það í vatnavöxtunum miklu, sem urðu á Mýrdalssandi sumurin 1959 og 1960. Til frekara öryggis teljum við flm. þessarar till., að efla beri varnirnar við Skálm með nýjum garði, sem yrði byggður ofar með ánni en gamli garðurinn, eða fyrir vestan túnið í Skálmarbæ. Enn fremur teljum við sjálfsagt að fela verkfræðingi að gera enn frekari athuganir á því, hvað hægt er að gera meira Álftaverinu til varnar en það, sem þegar hefur verið framkvæmt og getið er um í grg. með till. þessari. En þær verkfræðilegu rannsóknir, sem þarna fóru fram s. l. sumar, gefa mjög góðar vonir um, að mikið megi gera til varnar byggðinni án tilfinnanlegs kostnaðar.

Þá vil ég fara nokkrum orðum um varnir fyrir Víkurkauptún í Mýrdal, en þær eru ekki síður nauðsynlegar en varnirnar við Álftaverið.

Við flm. till. höfum í grg. lýst nokkuð staðháttum í Vík, og ég tel ekki ástæðu til að orðlengja það. En það er staðreynd, að í mörgum Kötlugosum hefur flóðið komið vestur með Höfðabrekkuhálsi út að Víkurhömrum, alla leið vestur að Reynisfjalli og kaffært sandsléttuna, sem þorpið hefur að mestu byggzt á. Þetta skeði í gosinu 1755 og aftur 1823, einnig, en þó minna 1860. En árið 1918 munaði ekki nema litlu, að vatnið bryti sér leið vestur til Víkur, eftir því sem kunnugir menn hafa sagt mér. Að ekki fór verr, var að þakka allháum bakka vestan við Múlakvísl. Lágu ísjakar uppi á bakkanum eftir hlaupið. Nú hefur farvegur Múlakvíslar hækkað mikið síðan vegna sandburðar. Er bakkinn því ekki líkt því eins mikil vörn og áður. Auk þess hefur landið frá fjalli til sjávar breikkað mikið, því að Kötlutangi, sem myndaðist við gosið 1918, hefur stöðugt verið að eyðast og sandurinn að berast vestur að ströndinni. Þá er og sjávarkamburinn þarna nokkuð hár og allmiklu hærri en landið fyrir ofan. Allt þetta gerir það að verkum, að hugsanlegt jökulhlaup, sem brytist gegnum skarðið, sem þjóðleiðin liggur um milli Höfðabrekkuháls og Höfðabrekkujökuls, ætti ógreiða leið til sjávar og mundi þá óneitanlega leita vestur með fjallinu til Víkur. Öll nýbyggðin í Vík að heita má og nokkur hluti eldri byggðarinnar einnig stendur mjög lágt. Þarna eru mikil verðmæti, sem gætu orðið fyrir eyðileggingu, ef jökulhlaup kæmist enn einu sinni vestur að Reynisfjalli. En það, sem hefur skeð, getur skeð aftur og það er skylt að gera ráð fyrir þeim möguleika. Á sléttunni eru auk margra íbúðarhúsa öll verzlunarhús staðarins ásamt vörugeymslum, bifreiðaverkstæðum, trésmiðjum, tveimur frystihúsum, sem meginhluta ársins eru full af kjötvörum, margra milljóna virði.

Nú spyrja menn eðlilega: Getur nokkurt mannvirki staðizt þann tröllskap, sem losnar úr læðingi, þegar eldfjöll taka að gjósa? Því er vitanlega erfitt að svara, fyrr en á reynir. En það er staðreynd, að jökulhlaup flytur ætíð með sér mikla jakahrönn, og ef hún mætir verulegri fyrirstöðu, þá hjálpar hún til að mynda stíflu. Þess vegna standa vonir til, að garður, sem gerður yrði milli Höfðabrekkuháls, — ég vil taka það fram fyrir þá, sem ókunnugir eru þarna, að það, sem kallað er Höfðabrekkujökull, eru sandöldur, gamlar jökulleifar rétt austan við Höfðabrekkuháls, — ef varnargarður yrði gerður milli Höfðabrekkuháls og Höfðabrekkujökuls, er sennilegt, að það gæti orðið sú vörn, sem dygði. Líka er von til þess, að næsta jökulhlaup, sem hugsanlega kæmi, yrði ekki eins kraftmikið og það hefur stundum verið áður, vegna þess, hve jökullinn hefur gengið mikið saman á síðustu áratugum, eins og ég hef minnzt á áður. En hér er um vandamál að ræða, sem við flm. teljum nauðsynlegt að taka til athugunar án tafar.

Ég vænti þess, að hv. Alþ. sjái sér fært að samþykkja till. Herra forseti. Ég vil leggja til, að umr. verði frestað og till. vísað til hv. fjvn.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 70. fundi í Sþ., 29. apríl, var fram haldið einni umr. um till. (A. 62, n. 366).

Frsm. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Á þskj. 59 flytja þeir Ragnar Jónsson, hv. 1. varaþm. Sunnl., og Sigurður Ó. Ólafsson, hv. 5. þm. Sunnl., svo hljóðandi till. til þál., með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að heimila ríkisstj. að láta undirbúa og hefja þegar á næsta ári nauðsynlegar aðgerðir til varnar mannvirkjum og gróðurlöndum í Álftaveri og Vík í Mýrdal með til-

liti til hugsanlegs Kötluhlaups, á grundvelli þeirra athugana, sem þegar hafa verið framkvæmdar og fyrir liggja."

Till. var á sínum tíma vísað til fjvn., og hefur n. haft hana til athugunar, sent hana til umsagnar ýmissa aðila og borizt frá þeim svör. Þeir aðilar, sem till. var send til umsagnar til, voru vegamálastjóri, Slysavarnafélag Íslands og Búnaðarfélag Íslands, og eru allir þessir aðilar því fylgjandi, að till. verði samþykkt.

Eins og flm. þessarar till. réttilega benda á í grg., sem henni fylgir, hafa Kötluhlaup oft og tíðum á undanförnum öldum valdið miklu tjóni í sveitum Vestur-Skaftafellssýslu austan Víkur í Mýrdal, og hefur tjónið aðallega orðið af völdum jökulhlaupa. Ef Kötlugos brýzt út, er að sjálfsögðu ekki hægt að segja um það fyrir fram, hvar vatnsflóðið eða jökulhlaupið muni ryðjast fram. En reynsla sú, sem fengizt hefur í undanförnum Kötlugosum, gefur þó nokkra bendingu um, hvar hættan sé mest, og hafa flm. till. í huga varnir ákveðinna byggða og ákveðinna mannvirkja, þ. e. byggðanna í Álftaveri og Vík í Mýrdal og flugvallarins í Álftaveri. Eins og fram kemur í sjálfri till. og einnig í grg. hennar, hafa þegar farið fram nokkrar athuganir á því, hvernig vörnum verður helzt við komið, sem flm. till. hafa í huga. Um þetta segir vegamálastjóri í umsögn sinni, með leyfi forseta:

„Á s. l. vori var að beiðni samgmrh. gerð lausleg athugun á því, hvaða aðgerðir væru tiltækar til varnar mannvirkjum og gróðurlöndum í Álftaveri og Vík í Mýrdal með tilliti til hugsanlegs Kötluhlaups. Athuganir þessar gerði Helgi Hallgrímsson verkfræðingur, og voru niðurstöður hans sendar samgmrn. með bréfi, dags. 9. maí s. l." (þ. e. 1963).

Niðurstöður umræddrs verkfræðings vegamálastjóra varðandi hugsanlegar varnir við Vík í Mýrdal eru svo hljóðandi:

„Hlaup þau, sem jafnan hafa fylgt Kötlugosum, hafa stundum farið vestur með Höfðabrekkuhálsi og Víkurhömrum og allt til Víkur, og er meginhluti þorpsins í hættu, ef slíkt skeði nú. Í gosi 1918 komst gosið ekki þessa leið, og olli því allhár bakki, sem er vestan við farveg Múlakvíslar á þessum kafla. Mun þó litlu hafa munað, þar sem ísjakar lágu uppi á bakkanum eftir hlaupið.

Að sögn kunnugra manna hefur farvegur Múlakvíslar nokkuð hækkað síðan fyrir hlaupið 1918 og áðurnefndur bakki því ekki eins mikil vörn og þá var. Til að hindra hlaupið í því að fara vestur kemur einkum til greina að gera varnargarð við svonefndan Höfðabrekkujökul, sem er skammt vestan Múlakvíslar. Í þessu sambandi má geta þess, að raddir hafa verið uppi um það í Vík að gera varnargarð við Víkurklett, sem er um 4 km vestan við Höfðabrekkujökul. Garður þarna kæmi að sömu notum fyrir þorpið og yrði nokkru ódýrari en garðurinn við Höfðabrekkujökul. Hins vegar eru verðmæti milli Víkurkletts og Höfðabrekkujökuls, sem fara mundu forgörðum í jökulhlaupi, og má þar nefna flugvöll, 95 m langa brú, 4 km af vegi, fjárhús, tún o. fl. Ber því tvímælalaust fremur að gera garð við Höfðabrekkujökul. Garður þar yrði 320 m langur og 6 m hár og kostar lauslega áætlað um 850 þús. kr. Þrátt fyrir þennan garð er hins vegar nokkur hætta á, að hlaup færi í ósa Kerlingardalsár sunnan við Höfðabrekkujökul og stíflaði þá. Mundi áin þá lóna vestur með Víkurhömrum, og til að hindra það vatn í að komast til Víkur þyrfti að gera garð rétt austan við þorpið. Mundi hann kosta um 50 þús. kr. Þessir garðar ættu að hafa verulega möguleika til að hindra hlaup af svipaðri stærð og 1918 og þar með bjarga þeim verðmætum, sem hér eru í húfi, ef gos brytist út."

Þetta er umsögn verkfræðings vegamálastjóra, Helga Hallgrímssonar, varðandi varnir Víkurkauptúns. Um varnir í Álftaveri segir sami aðili orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Landslagi er svo háttað í Álftaveri, að byggðin hefur verið umflotin í Kötluhlaupum og ógerlegt að hindra, að svo verði einnig framvegis, þar sem mikið af landi í Álftaveri er mjög lágt. Er heldur ekki mögulegt að veria það í heild. Með tilliti til reynslunnar frá 1918 má þó eftir lauslega athugun á staðháttum benda á eftirfarandi atriði, sem verða mættu Álftveringum til hjálpar í Kötluhlaupi. Svo sem raun hefur á orðið við fyrri Kötlugos, mun Álftaver væntanlega einangrast um lengri tíma eftir gos, þar sem brýr yrðu þá af öllum ám og Mýrdalssandur ófær. Til að bæta úr þessu hefur verið gerður flugvöllur, sem þá yrði eina samgönguleið Álftveringa, og veltur mikið á, að hann sé eins öruggur fyrir hlaupi og unnt er, svo og samband hans við byggðina. Í því skyni þarf að gera varnargarða á tveimur stöðum, annan við vesturenda flugvallarins og hinn norðaustan hans. Á síðastnefnda staðnum kom mikið vatn fram 1918, og flæddi það yfir mikið land jarðanna Hóls og Herjólfsstaða. En með garðinum yrði komið í veg fyrir það. Farvegur Skálmar undan Skálmarbæ mun hafa hækkað allmikið síðan 1918 og Skálmarbæ því hættara en þá. Þar sem gera þarf varnargarð við Skálm norðan við bæinn vegna ágangs árinnar, ætti að gera þann garð öflugan með tilliti til þess, að hann veitti bænum nokkurt skjól í Kötluhlaupi. Lauslega áætlað kosta garðarnir við flugvöllinn um 50 þús. kr. og garður við Skálmarbæ um 125 þús. kr."

Þetta var umsögn verkfræðings vegamálastjóra og lausleg kostnaðaráætlun um varnir þær, sem gera þarf vegna hugsanlegs Kötluhlaups, sem till. þessi hljóðar um.

Eins og áður er sagt, er að sjálfsögðu aldrei hægt að segja til um með neinni vissu, hvenær Kötluhlaup kann að bera að höndum. Hitt er nokkurn veginn víst, að ef slíkt skeður, mun fylgja gosinu jökulhlaup, sem ryðjast mun fram Mýrdalssand og allt til sjávar. Slíkt mun ávallt hafa skeð við hvert gos, sem upp hefur komið, og hafa þessi hlaup án undantekningar valdið meira eða minna tjóni og oft og tíðum mjög miklu tjóni. Það verða því að teljast skynsamleg viðbrögð, sem flm. þessarar till. leggja til, að nú þegar verði hafizt handa um nauðsynlegar aðgerðir til varnar íbúum og mannvirkjum í þeim sveitum Vestur-Skaftafellssýslu, sem nokkurn veginn er fyrir fram vitað, að fyrir mestum ágangi verða, ef Kötlugos verður.

Kostnaður við varnir í Álftaveri hefur af verkfræðingi vegamálaskrifstofunnar verið áætl-

aður lauslega 175 þús. kr., og hefur sú fjárhæð verið tekin inn á fjárlög yfirstandandi árs. Kostnaður við varnir Víkurkauptúns er af sama aðila lauslega áætlaður 900 þús. kr., og verður ekki með nokkrum rökum sagt, að hér sé um óviðráðanlegan kostnað að ræða, allra sízt ef tekið er tillit til allra þeirra verðmæta, sem í húfi eru, ef ekkert er að gert. Enn fremur ber að líta á, að flugvöllurinn í Álftaveri mun sennilega verða eina samgönguleið þeirra, sem þar búa, og einnig nærliggjandi byggðar um lengri eða skemmri tíma, ef Kötlugos brýzt út.

Fjvn. fellst í öllu á rök flm. í grg. till., sem í grundvallaratriðum eru staðfest í umsögn vegamálastjóra og þeirra annarra, sem till. fengu til umsagnar, og leggur n. einróma til, að till. verði samþykkt óbreytt. Einn nm., Geir Gunnarsson, hefur þó áskilið sér rétt til að flytja eða fylgja brtt., er fram kynnu að koma.

Sigurður Ó. Ólafsson: Herra forseti. Ég vil aðeins fyrir hönd okkar flm. þakka hv. fjvn. fyrir jákvæða afgreiðslu á þessari þáltill.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 34 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 36 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 528).

14. Umferðarmál í Kópavogi og Garðahreppi.

Á deildafundum 31. okt. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um staðsetningu og lagningu tvöfaldrar akbrautar milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar [53. mál] (A. 54).

Á 18. fundi í Sþ., 20. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 22. fundi í Sþ., 27. nóv., var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 24. fundi í Sþ., 4. des., var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Ég hef leyft mér, ásamt tveimur hv. þm., 1. landsk. þm. (SI) og 7. landsk. þm. (SvJ), að flytja á þskj. 54 till. til þál. um staðsetningu og lagningu tvöfaldrar akbrautar milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar. Tillagan er þannig:

„Alþ. ályktar að skora á ríkisstj. að láta, svo fljótt sem auðið er, hefjast handa um undirbúning að staðsetningu og lagningu tvöfaldrar akbrautar frá Reykjavík um Kópavog og Garðahrepp til Hafnarfjarðar."

Þessi till. var flutt á síðasta þingi, en var þá ekki útrædd og ekki afgreidd. Henni fylgdi sú greinargerð, sem einnig fylgir þessari till., og ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða um till. hér. Í greinargerðinni kemur það skýrt fram, hversu rík ástæða er til þess, að þær framkvæmdir, sem hér er farið fram á að Alþ. álykti um, verði gerðar.

Ég legg til, að umr. verði frestað og málinu verði vísað til hv. fjvn.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 25. fundi í Sþ., 11. des., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.
Till. vísað til fjvn. með 45 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 68. fundi í Sþ., 22. apríl, var till. tekin til frh. einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 70. fundi í Sþ., 29. apríl, var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 54, n. 442).

Frsm. (Jónas G. Rafnar): Herra forseti. Fjvn. hefur athugað till. og orðið sammála um að mæla með samþykkt hennar með þeirri viðbótartill., sem um getur á þskj. 442.

Allir munu vera sammála um, að bæta þurfi samgönguleiðina á milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, þar sem núverandi akbraut fullnægir hvergi nærri umferðarþörfinni. Með viðbótartill. n. er bent á, að æskilegt væri, að ný umferðarleið kæmi ofan við mesta þéttbýlið í Kópavogi og Garðahreppi.

N. leitaði umsagnar vegamálastjóra um till., og þar sem umsögn hans er stutt, en á margan hátt fróðleg, ætla ég að leyfa mér að lesa hana, með leyfi hæstv. forseta:

„Fjvn. Alþingis hefur með bréfi til mín, dags. 5. þ. m., sent mér til umsagnar ofangreinda till. til þál., þar sem skorað er á ríkisstj. að láta, svo fljótt sem auðið er, hefjast handa um staðsetningu og lagningu tvöfaldrar akbrautar frá Reykjavík og Kópavogi til Hafnarfjarðar. Í grg. með till. er nánar vikið að nauðsyn þessara framkvæmda, og fæ ég ekki betur séð en að flest af því, sem þar er sagt, sé á rökum reist.

Geta má þess þó, að umferð um Reykjanesbraut í Fossvogi var á s. l. hausti komin nokkuð á 14. þús. bifreiða á dag og umferð um Kópavogslæk á sama tíma var tæpur helmingur umferðarinnar um Fossvogslæk. Er það augljóst, að núv. vegur um Fossvog annar alls ekki þessari umferð með neinu skynsamlegu móti, enda eru daglega orðnar verulegar tafir fyrir umferðina í Fossvogi og norðanverðum Kópavogi. Vegagerð ríkisins hefur lengi verið það ljóst, að stefnt er að fullkomnu umferðaröngþveiti í Fossvogi og Kópavogi, ef ekkert verður að gert til þess að auka afkastagetu núv. vegar á þessu svæði. Innan fárra ára verður umferðin sunnan Kópavogs komin í 10 þús. bifreiðar á dag, og verður þá að hefja lagningu fleiri akbrauta þaðan og til Hafnarfjarðar, eða a. m. k. að vegamótum hjá Engidal.

Hins vegar er þess að geta, að það hefur ekki staðið á vegagerð ríkisins að gera nauðsynlegar áætlanir um lagningu fleiri akbrauta á Reykjanesbraut á þessum slóðum, þó að það eitt út af fyrir sig sé mjög umfangsmikið verk. Það, sem tafið hefur fyrir því, að ráðizt hafi verið í þessar áætlunargerðir, er fyrst og fremst það, að heildarskipulag í Fossvogsdalnum og

miðbiki Kópavogskaupstaðar, á Digraneshálsi, hefur ekki verið fyrir hendi og er það raunar ekki enn. Meðan ekki er ákveðið, hvort umferð sú, sem nú er um Reykjanesbraut frá Miklatorgi um Öskjuhlíð og Fossvog, verði í framtíðinni látin fara þá leið eða um hina fyrirhuguðu Kringlumýrarbraut eða jafnvel að nokkru leyti um nýjan veg sunnan Öskjuhlíðar, er engin leið að hefja mælingar og gera áætlanir um lagningu nýrra akbrauta. Vonir standa þó til, að á komandi vori verði lagt fram heildarskipulag af þessu svæði í megindráttum og lega aðalumferðaræða þar með ákveðin.

Um legu Reykjanesbrautar í Kópavogskaupstað er þess að geta, að núv. vegur klýfur kaupstaðinn í tvo hluta, og yrðu byggðar tvær akbrautir til viðbótar þeim, sem fyrir eru, með sama hætti og nú er, þá yrðu allar samgöngur milli bæjarhlutanna algerlega óviðunandi. Bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar er þetta fyllilega ljóst, og hefur bæjarstjórnin ákveðið í samráði við skipulagsnefnd ríkisins að láta fara fram nú í vor hugmyndasamkeppni um skipulag að miðbæ Kópavogskaupstaðar á Digraneshálsi. Í slíkri samkeppni yrði ein meginkrafan sú, að samgöngur milli bæjarhlutanna yfir Reykjanesbraut gætu verið hindrunarlausar af umferð eftir Reykjanesbraut. Jafnframt er að sjálfsögðu gert ráð fyrir því, að Reykjanesbraut verði skipt í 4 akbrautir. Lítil von er þó til þess, að nothæft skipulag fáist úr slíkri samkeppni, og tel ég litlar líkur á því, að slíkt skipulag verði fullgert fyrir árið 1965, og fyrr verður ekki hægt að hefja gerð endanlegra áætlana um framtíðarlegu vegarins í Kópavogi.

Undanfarin ár hafa verið gerðar nokkrar ráðstafanir á Reykjanesbraut í Kópavogi til þess að tryggja öryggi vegfarenda og þá sérstaklega gangandi fólks, sem fara þarf yfir veginn. Haldið verður áfram við slíkar aðgerðir. En þær auka ekki afkastagetu vegarins, nema síður sé. Með hinum nýju vegalögum fæst nokkur fjárhagslegur grundvöllur til þess að hefja byrjunarframkvæmdir við lagningu fleiri akbrauta á Reykjanesbraut á ofangreindu svæði. Hins vegar er enginn vafi á því, að þessar framkvæmdir verða mjög fjárfrekar. En vonandi verður hægt að gera eitthvað nánari grein fyrir þeirri hlið málsins, er vegáætlunin fyrir tímabilið 1965—1968 verður lögð fram á Alþingi á hausti komanda. En fullnaðaráætlanir um þessar framkvæmdir geta þó alls ekki legið fyrir þá af þeim ástæðum, sem að framan greinir."

Eins og ég gat um, mælir fjvn. með samþykkt till. með þeirri brtt., sem fyrir liggur á þskj. 442.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hv. fjvn. afgreiðslu á þeirri till., sem við höfum flutt hér á þskj. 54. Ég er fyllilega sammála þeirri breyt., sem n. leggur til að gerð verði, og tel, að þetta mál, eins og það er nú vaxið, sé orðið slíkt nauðsynjamál, að það verði ekki á nokkurn hátt hægt að draga að hefja framkvæmdir um bættar samgöngur á þessu svæði.

Eins og frsm. benti á, kom það fram í umsögn vegamálastjóra, að á s. l. hausti hefði umferðin í Kópavogi verið komin á 14. þús. Hún fer ört vaxandi, og síðustu talningar, sem áttu sér stað eftir áramótin, sýna, að hún hefur komizt suma daga upp í tæpar 16 þús. bifreiðar. Þetta sýnir og sannar, að tvöföld akbraut, sem talið er að þoli 10 þús. bifreiðar á dag til umferðar, getur tæpast annað þeirri umferð, sem hér er komin, enda umferðin oft og tíðum í slíkum hnút, að þeir, sem þurfa á sæmilegan hátt að komast leiðar sinnar, sjá alls ekki, á hvern hátt þessum málum verður borgið, ef ekkert verður að gert.

Ég endurtek svo þakkir mínar til nefndarinnar, og ég veit, að núv. ríkisstj. og sá ráðh., sem með þessi mál fer, hefur mikinn skilning á þessu máli og að framkvæmdir verði hafnar hið allra fyrsta.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 71. fundi í Sþ., 30. apríl, var enn fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Brtt. 442,1 samþ. með 37 shlj. atkv.

Tillgr., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv.

Brtt. 442,2 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 537), með fyrirsögninni:

Þál. um umferðarmál í Kópavogi og Garðahreppi.

15. Fiskiðnskóli.

Á deildafundum 24. jan. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um fiskiðnskóla [121. mál] (A. 207).

Á 40., 43., 46., 49. og 52. fundi í Sþ., 12., 19. og 26. febr., 4. og 11. marz, var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 54. fundi í Sþ., 18. marz, var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Ég vil, með leyfi forseta, lesa hér stutta forustugrein, sem birtist í dagblaðinu Vísi nú ekki alls fyrir löngu. Hún hljóðar svo, þessi stutta grein, og fyrirsögnin er: Skólalaus fiskiþjóð:

„Það er ekki fjarri lagi, að auka megi verðmæti þess afla, sem íslenzkir sjómenn bera á land, um helming, ef meðferð fisksins batnar og tækni við vinnslu hans eykst. Í landinu eru tveir bændaskólar og fjölmargir iðnskólar. Hins vegar er enginn fiskiðnaðarskóli hér til, og lifir þó þjóðin á verðmæti hafsins. Auðvitað er það fráleitt, að slíkur skóli skuli ekki vera risinn fyrir löngu, þar sem allt varðandi fiskverkun, frystingu, reykingu, niðursuðu og aðra vinnslu væri kennt af sérfræðingum. Slík menntastofnun þarf að rísa af grunni, áður en ár líða. Hún mun fljótt skila kostnaði sínum aftur í þjóðarbúið, og jafnframt mun hún lyfta íslenzkum fiskiðnaði upp á það svið, sem Norðmenn og Svíar hafa lengi staðið á."

Þessi stutta grein ritstjóra Vísis er mjög já-

kvæð undirtekt undir till. þá til þál. um fiskiðnskóla, sem hér er til umr. nú. Ég vil geta þess, að till. sama efnis hefur verið flutt nú mörg undanfarin þing af sömu flm., en ekki hefur hún náð fram að ganga. Till. er því flutt enn einu sinni, að vísu með dálítið breyttu orðalagi frá því, sem verið hefur, í þeirri vissu von, að hún fái nú fullnaðarafgreiðslu. Ég vil leyfa mér að lesa þessa till., eins og hún nú hljóðar:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að skipa 7 manna nefnd, í samráði við fiskmatsstjóra, ferskfiskeftirlitið og helztu samtök fiskiðnaðarins, til þess að gera fyrir næsta reglulegt Alþingi till. um stofnun og starfstilhögun almenns fiskiðnskóla í landinu. Skal nefndin m. a. kynna sér eftir föngum skipan fræðslumála fiskiðnaðarins í öðrum löndum."

Till. felur það þannig í sér, að ríkisstj. skipi 7 manna nefnd, í samráði við fiskmatsstjóra og ferskfiskeftirlitið og helztu samtök fiskiðnaðarins, til þess að undirbúa stofnun fiskiðnskóla. Með þessum hætti næst samstarf um þetta mál milli ríkisvaldsins og samtaka fiskiðnaðarins, en telja verður æskilegt, að slíku samstarfi verði komið á á undirbúningsstigi. Mun það áreiðanlega auðvelda framgang málsins og stuðla að því, að vel verði að því unnið og vandað til undirbúnings.

Við flm. höfum rökstutt þetta mál í grg. með till. og framsöguræðum fyrir málinu undanfarin þing, og má segja, að uppistaðan í þeirri röksemdafærslu hafi verið með líkum hætti og fram kemur í forustugrein Vísis, sem ég vitnaði til áðan. Við höfum bent á þá staðreynd, að Íslendingar byggja afkomu sína að mjög verulegu leyti á fiskiðnaði, og jafnframt höfum við lagt á það áherzlu, hvílík nauðsyn það sé að efla enn að mun fiskiðnað okkar og gera hann fjölbreyttari. Nú hefur það hins vegar komið í ljós, að verulegur skortur er á sérhæfðu starfsfólki, sem tekið getur að sér verkstjórn og leiðbeiningastörf innan fiskiðnaðarins, og það er álit kunnugra, að ómæld verðmæti fari í súginn hjá okkur árlega vegna mistaka í fiskiðnaðinum, sem að verulegu leyti stafa af kunnáttuleysi og slæmri verkstjórn í fiskiðjuverunum. Við rannsókn á nýtingu hráefnis í hinum ýmsu fiskiðjuverum hefur m. a. komið í ljós, að nýtingin er mjög mismunandi og getur í mörgum tilfellum leikið á háum tölum, sem aftur varðar mjög afkomu viðkomandi fiskiðjuvera. Flestir eða allir þeir aðilar, sem þekkingu hafa á þessum málum, telja það eitt af höfuðskilyrðum framfara og endurbóta í fiskiðnaðinum, að stofnaður verði sérstakur fiskiðnaðarskóli, sem hafi með höndum kennslu fyrir verkstjóra og leiðbeinendur í fiskiðnaði, svo og fiskmatsmenn. Fiskiðnaðarstörfin eru orðin það margbrotin og fjölþætt, að það er óverjandi að gefa mönnum ekki betra færi á sérmenntun í þessari grein en nú er. Þetta er forustumönnum fiskiðnaðarins vel ljóst, og ég held, að augu manna séu almennt að opnast fyrir nauðsyninni á aukinni fiskiðnfræðslu. Í því sambandi hefur verið rætt um að auka kennslu í gagnfræðaskólum og öðrum slíkum almennum skólum í ýmiss konar verknámi, sem varðar fiskframleiðslu og vinnu í þágu sjávarútvegsins. Það mál er vissulega hið mikilsverðasta og mun með tímanum verða mikilvæg námsgrein í verknámsdeildum gagnfræðaskólanna. En ég vil benda á það í þessu sambandi, hvílík nauðsyn það er fyrir slíka þróun í kennslumálum, að til séu kennarar, sem færir séu um að veita unglingunum þá fræðslu, sem til er ætlazt. Undirstaðan undir auknu verknámi á þessu sviði er því sú, að hæfir menn hljóti sérmenntun í fiskiðnskóla. t. d. þess háttar skóla, sem við tillögumenn höfum í huga og líklegt er að hér verði stofnsettur, ef þessi till. verður samþykkt. Þannig mundi fiskiðnskóli gegna margþættu hlutverki: í fyrsta lagi í þágu fiskiðnaðarins beinlínis með því að þjálfa verkstjóra og leiðbeinendur í fiskiðjuverunum, í öðru lagi í þágu fiskmatsins með því að þjálfa fiskmatsmenn, og í þriðja lagi í þágu alþýðufræðslunnar með því að leggja til kennara í verknámi.

Ég hef hér í höndunum mikilsverð gögn, sem styðja algerlega þá till., sem hér er fram borin. Þar á ég við umsagnir og álit, sem Alþingi bárust í fyrra, þegar till. sama efnis var til meðferðar hér í þinginu. Ég vil sérstaklega nefna umsagnir frá eftirtöldum aðilum, sem allar eru jákvæðar: í fyrsta lagi fiskmatsstjóra, í öðru lagi ferskfiskeftirlitinu, í þriðja lagi Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, í fjórða lagi sjávarafurðadeild SÍS, í fimmta lagi Samlagi skreiðarframleiðenda, í sjötta lagi Fiskifélagi Íslands. Ég vil leyfa mér að lesa nokkuð af þessum umsögnum hér og benda á aðrar. Hér er t. d. umsögn fiskmatsstjóra, rituð í Reykjavík 19. febr. 1963, til allshn. hæstv. Alþingis:

„Með bréfi, dags. 1. febr. 1963, sendi hv. allshn. Alþingis mér til umsagnar till. til þál. um fiskiðnskóla. Umsögn mín um málið í aðalatriðum fer hér á eftir:

Sem stjórnandi fiskiðnaðarnámskeiða sjútv.-mrn., frá því að þau hófust árið 1947, hef ég litið og lít á þau sem nauðsynlega ráðstöfun til bráðabirgða, en ekki sem fullnaðarlausn mikilsverðs málefnis. Jafnframt því sem álitið er, að námskeiðin hafi gegnt sínu hlutverki vel miðað við aðstæður, hefur einmitt gegnum námskeiðin orðið ljóst, að stærra átaks er þörf. Hraði undanfarinna ára í framþróun og fjölbreytni á gæðum og framleiðslu sjávarafurða krefst meiri og samræmdari þekkingar við mat hinnar margþættu framleiðslu, og ekki sízt þegar hér er um að ræða aðalútflutningsframleiðslu þjóðarinnar. Nauðsynleg framþróun þessara mála hlýtur því að verða fastur skóli fyrir fiskmatsmenn og fiskverkunarmenn til undirbúnings slíkum lífsstörfum, enda væru störf kennara að mestu aðalstörf, en ekki aukastörf embættismanna og annarra, svo sem á námskeiðunum hefur verið.

Um tilhögun fiskiðnskóla leyfi ég mér einkum að benda á eftirfarandi:

1) Fiskiðnskóli verði rekinn sem sjálfstæð fiskvinnslustöð, þar sem framleiðsla færi fram allt árið, frysting, söltun, herzla og fleiri framleiðslugreinar, eftir því sem heppilegt þætti. Uppistaða starfsliðs við framleiðslu afurðanna væri nemendur skólans. Á einu ári yrði unnt að ná til allra fisktegunda, svo sem bolfisks, síldar og flatfisks, eftir árstíðum og samkvæmt því framleiða með ýmsum verkunaraðferðum. Þegar fiskframleiðsla skólans yrði metin til útflutnings, væru nemendur skólans jafnan látnir meta

með löggiltum fiskmatsmönnum undir stjórn yfirfiskmatsmanna, hver í sinni grein. Tækju þá nemendur próf, eftir því sem ákveðið yrði um æfingu þeirra og hæfni.

2) Skólann mætti miða við tvennt: a) Þá, sem ætluðu sérstaklega að leggja stund á fiskmat, b) Þá, sem ætluðu sérstaklega að leggja stund á umsjón með framleiðslu fyrir sjálfa sig eða aðra.

3) Kennsla væri bókleg og verkleg eftir skiptingu, sem rétt þætti eða hagkvæmust.

4) Með þannig skipulagðan fiskiðnskóla væri öll þjálfun og kennsla í fullkomnu samræmi við þau störf, sem nemendur væru að undirbúa sig undir. Auk þess gæti skólinn leyst af hendi ómetanlega upplýsingaþjónustu almennt, auk þess sem framleiðsla skólans gæti að miklu leyti staðið undir kostnaði við reksturinn.

5) Ekki væri ástæða til, að framleiðslustöð skólans yrði stórt fyrirtæki, en með möguleika til sem flestra framleiðslugreina.

Samkv. framanrituðu leyfi ég mér að telja fiskiðnskóla á Íslandi einu jákvæðu lausnina á umræddum málefnum, en ekki neina lausn, þó að námskeiðin yrðu flutt frá einni stofnun yfir á aðra. Ef nauðsynlegt reynist að halda áfram námskeiðum eftir tilkomu skólans, féllu þau að sjálfsögðu undir starfsemi hans sem hliðarráðstafanir."

Þetta var álit Bergsteins Á. Bergsteinssonar, fiskmatsstjóra ríkisins.

Hér ætla ég einnig að leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa umsögn frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, sem hefur sýnt þessu máli mikinn áhuga, allt frá því að við fyrst hreyfðum því hér á Alþingi, og lagt því mjög gott lið.

„Allshn. Sþ. hefur með bréfi, dags. 1. febr. s. l., beiðzt umsagnar vorrar um till. til þál. um fiskiðnskóla. Eins og fram kemur í grg. með till., ályktaði aðalfundur Sölumiðstöðvarinnar 1960 að skora á Alþingi að samþykkja till. sama efnis. Afstaða Sölumiðstöðvarinnar hefur ekki breytzt síðan.

Fiskmat ríkisins hefur um nokkurt árabil haldið námskeið fyrir verðandi fiskmatsmenn. Námskeið þessi hafa staðið um hálfan mánuð og einkum verið við það miðuð, að fólk með nokkra verklega reynslu úr fiskiðnaði gæti haft þar af gagn. Vér teljum oss ekki gera að ómaklegu lítið úr þessari leiðbeiningarstarfsemi, þótt vér teljum, að gagnsemi námskeiðanna hafi einkum verið í því fólgin, að tækifæri hafi gefizt til nokkurrar viðkynningar við það fólk, sem námskeiðin hefur sótt. Á þann hátt hefur tekizt að ná sambandi við marga, sem hæfileika hafa haft til verkstjórnar. Tíminn, sem námskeiðunum hefur verið ætlaður, hefur hins vegar verið allt of stuttur og námsárangur þar af leiðandi mjög yfirborðskenndur.

Fiskvinnsla er mjög sérhæft starf, og vér teljum, að skortur á hæfu fólki til verkstjórnar og ýmiss konar leiðbeiningastarfa hái frystihúsarekstri nú mjög mikið. Vér teljum, að stofnun fiskiðnskóla mundi, ef vel tækist til, geta haft mikla þýðingu fyrir fiskiðnað landsmanna. Vér leyfum oss því enn á ný að skora á hæstv. Alþingi að samþykkja nú till. til þál., sem fyrir Alþingi liggur um stofnun fiskiðnskóla.

Virðingarfyllst,
Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna,
Einar G. Kvaran."

Þannig gæti ég lesið fleiri slík bréf og umsagnir frá þeim aðilum, sem hafa með fiskiðnað að gera í landinu, en það er langt mál og óþarfi að rekja það nánar. En eins og við sjáum, ber hér allt að sama brunni, og þessar álitsgerðir og umsagnir kunnáttuaðila tala sínu máli og miklu skýrara máli en við flm. raunar getum gert. Ég sé því ekki ástæðu til þess að lengja þetta mál mitt, en ég vil enn einu sinni undirstrika þá ósk mína, að hv. Alþ. afgreiði þessa till. nú jákvætt, þar sem hér er um mikilsvert mál að ræða, sem allir hljóta að geta orðið sammála um, án tillits til stjórnmálaskoðana.

Í framsöguræðum mínum á fyrri þingum fyrir þessu máli hef ég stundum minnzt á fiskiðnskóla Norðmanna í Vardö, og enn vil ég leyfa mér að minna á þennan skóla sem mjög líklega fyrirmynd fiskiðnaðarskóla hér á landi. Við flm. höfum enn fremur birt sem fskj. nr. VIII með till. reglugerð eða starfsskrá fyrir Vardöskólann frá 28. jan. 1938. Þessari reglugerð verður nú breytt, þar sem skólinn hefur verið endurskipulagður, þ. e. a. s. námstími hefur verið lengdur, þannig að honum er héðan í frá ætlað að verða eins árs skóli, en var áður lengst hálfs árs skóli í reynd hin síðari ár. Markmið og eðli skólans er þó enn hið sama, og munu brottskráðir nemendur hans halda áfram að njóta forréttinda sem yfirmenn í fiskiðnaði og fiskmati Norðmanna. Þessi norski fiskiðnskóli átti nýlega 25 ára starfsafmæli, og er það sammæli þeirra, sem til þekkja, að hann hafi unnið mikið starf í þágu fiskiðnaðar Norðmanna. Væri það vissulega mikill sómi fyrir okkur Íslendinga að taka Norðmenn til fyrirmyndar í þessu efni.

Ég vil leyfa mér, herra forseti, að leggja til, að málinu verði vísað til síðari umr., og einnig, að málinu verði vísað til hv. allshn., sem áður hefur fjallað um þetta mál.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og til allshn. með 33 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Sþ.. 22. apríl, var till. tekin til síðari umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 70. fundi í Sþ., 29. apríl, var till. aftur tekin til síðari umr. (A. 207, n. 450).

Frsm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Allshn. hefur haft til meðferðar till. til þál. á þskj. 207 um fiskiðnskóla. Nm. hafa orðið sammála um afgreiðslu málsins og leggja til, að till. verði samþ. Það skal tekið fram, að einn nm., hv. 5. landsk. þm., var fjarverandi, þegar málið var afgreitt frá n. Með orðalagi n. hljóðar till. svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að skipa nefnd, í samráði við fiskmat ríkisins, fiskmatsráð og önnur samtök fiskiðnaðarins, til þess að gera fyrir næsta reglulegt Alþingi till. um stofnun og starfstilhögun almenns fiskiðnskóla í

landinu. Skal nefndin m. a. kynna sér eftir föngum skipan fræðslumála fiskiðnaðarins í landinu.“

Hér er um lítils háttar breytingu að ræða frá till. á þskj. 207. Nú er gert ráð fyrir, að í till. verði ótiltekið, hve fjölmenn sú nefnd verði, sem skipuð verði af ríkisstj., en að öðru leyti er í raun og veru um orðabreytingar að ræða.

Það er vissulega svo. að Íslendingar eiga mikið undir því, að úr hinum mikla sjávarafla, sem kemur hér á land ár hvert, sé hægt að vinna sem bezta og verðmætasta vöru. Fiskurinn, sem hér kemur á land, er að mestu leyti veiddur á miðum umhverfis landið og gott hráefni til vinnslu. Að því leyti standa Íslendingar ýmsum öðrum fiskframleiðsluþjóðum betur að vígi. En það eitt nægir ekki. Það er sem sé að miklu leyti undir fiskiðnaðinum komið, hvernig aflinn nýtist, hvernig vörugæðin reynast, þegar á markaðinn kemur, og hver framleiðslukostnaðurinn verður. Í því sambandi veltur mjög mikið á tækniútbúnaði fiskiðnaðarfyrirtækjanna, en vélar og tæki koma þó ekki að fullu gagni, nema nægileg kunnátta, æfing í starfi og vinnuhagræðing sé einnig til staðar.

Ég vil árétta það, sem stendur í nál. á þskj. 450, að nú, þegar ríkissjóður ver á einu ári rúmlega 400 millj. kr. til skólamála, virðist ekki óeðlilegt, að gerð verði gangskör að því að sjá þeim mönnum fyrir starfsmenntun, sem eiga að inna af hendi það mikilsverða hlutverk að bera ábyrgð á miklum hluta þeirrar framleiðslu, sem utanríkisviðskipti þjóðarinnar byggjast á.

N. hefur við athugun þessa máls kynnt sér viðhorf helztu samtaka í fiskiðnaðinum og annarra aðila. sem þar koma einkum við sögu, og haft undir höndum álitsgerðir frá þeim. Fiskmatsstjórinn segir m. a. í álitsgerð sinni, að hraði undanfarinna ára í framþróun og fjölbreytni á gæðum og framleiðslu sjávarafurða krefjist meiri og samræmdari þekkingar um mat hinnar margþættu framleiðslu og nauðsynleg framþróun þessara mála hljóti að verða fastur skóli fyrir fiskverkunarmenn við undirbúning að slíkum lífsstörfum. — Fiskmatsráð segir, að mikil þörf sé fyrir aukna fræðslu, sem miðuð sé við þarfir matsmanna og verkstjórnarmanna í fiskiðnaðinum, enda mikill hörgull á sérhæfðum mönnum í flestum greinum þessa undirstöðuatvinnuvegar. — Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna segir í sínu áliti, að skortur á hæfu fólki til verkstjórnar og ýmiss konar leiðbeiningastarfa hái frystihúsrekstri mjög mikið og stofnun fiskiðnskóla mundi, ef vel tækist til, geta haft mikla þýðingu fyrir fiskiðnað landsmanna. Í sama streng tekur sjávarafurðadeild Sambands ísl. samvinnufélaga og bendir á það í sínu áliti, að rétt sé að leita upplýsinga um starfsemi tiltekins fiskiðnskóla erlendis, þ. e. a. s. skóla, sem rekinn er í Vardö í Noregi. Að þeim skóla er vikið í grg. þessarar till. og skýrt nokkuð frá starfsháttum hans, en þar kemur m. a. fram, að skólinn hefur fiskiðjuver til umráða. — Sölusamband ísl. fiskframleiðenda, sem hefur með höndum sölu saltfisks, segir, að framleiðsla gæðavöru verði bezt tryggð með aukinni þekkingu þeirra manna, sem hafa umsjón með framleiðslunni, og með leiðbeiningastarfsemi kunnáttumanna í hverri grein, og að nauðsyn beri til að stofna fiskiðnskóla hér til að búa menn undir fiskmatsstörf, verkstjórn og leiðbeiningastarfsemi í fiskiðnaði og fiskvinnslu. Svipað álit hefur komið fram hjá Samlagi skreiðarframleiðenda og raunar fleiri aðilum.

Ég skal svo ekki hafa um þetta fleiri orð, en endurtek það, sem ég hef áður sagt, að allshn. leggur til, að till. verði samþ.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Ég vil þakka allshn. fyrir afgreiðsluna á þessu máli. Eins og fram kemur í till., er það álit okkar tillögumanna, að heppilegast sé, að samstarf takist milli hins opinbera og samtaka fiskiðnaðarins um málið. Það er greinilegt af því, sem fram hefur komið í þessu máli, að samtökum fiskiðnaðarmannanna er ljós nauðsynin á aukinni skólafræðslu allra þeirra, sem vinna að verkstjórn og leiðbeiningu varðandi vinnslu sjávarafurða, og ég tel, að það sé mjög æskilegt einmitt, ef farið verður að vinna að því að koma á fiskiðnskóla eða undirbúa stofnun slíks skóla, að þá verði komið á slíku samstarfi sem gert er ráð fyrir í þessari till. Sú lítilvæga breyt., sem hv. allshn. hefur gert, breytir í engu þeim grunni, sem lagður var upphaflega með till. okkar flm.

Um þetta mál er það annars almennt að segja, að telja má, að fiskiðnaður okkar sé síður en svo vel rekinn. Það er ýmislegt, sem skortir á um vinnutilhögun og verkstjórn, og óhætt að segja, að þar sé úr mörgu að bæta. Það liggur e. t. v. ekki mikið fyrir opinberlega um samanburð á nýtingu hráefnis á milli einstakra vinnslustöðva í landinu, en ég hygg þó, að nógu mikið sé komið í ljós af slíkum athugunum til þess að sýna, að það er um stórkostlega mikinn mun að ræða í nýtingu á afla, og það mun líka vera samdóma álit þeirra, sem þetta hafa athugað, að ástæðan til þess sé sú, hversu vinnutilhögun er illa fyrir komið í fiskvinnslustöðvum okkar, hreinlega um að ræða þekkingarleysi, kannske hirðuleysi þeirra, sem hafa með að gera verkstjórn þessara fiskiðjufyrirtækja.

Um okkur Íslendinga er það sagt, að við séum mesta fiskveiðiþjóð í heimi, og mun það e. t. v. láta nærri, og e. t. v. eigum við eða fiskimenn okkar sumir hverjir aflamet á fiskveiðum. En hins vegar er miklu minna talað um það, að við séum fiskiðnaðarmenn á borð við aðra. Við höfum miklu fremur verið haldnir veiðimannshugarfari en því, sem telja má þroskaðra hugarfar, ræktunarhugarfari, ef svo mætti segja. En einmitt í sambandi við fiskiðnaðinn þurfum við að taka upp miklu ræktaðra hugarfar en við höfum til þessa tamið okkur og leggja niður veiðimannshugarfarið í svo ríkum mæli sem verið hefur. Og þess vegna er áreiðanlega nauðsynlegt, að lögð verði stórmikil áherzla á að auka fiskiðnaðinn og stefnt að því að flytja fiskinn út sem allra mest í fullunnu ástandi.

Það hefur verið venja hér býsna lengi m. a. að flytja fisk ísvarinn á markaði, í Englandi og í Þýzkalandi aðallega, en í sjálfu sér er þetta mjög frumstæð aðferð til sölu á fiski, vegna þess að þessi fiskur er að mjög verulegu leyti unninn í Englandi og í Þýzkalandi og breytt í aðra vöru. Og raunverulega ættum við að vinna að því, að svo megi takast, að við getum flutt

allan okkar fisk út fullunninn eða sem allra mest unninn, því að það mun sannast mála, að atvinnuuppbygging okkar í framtíðinni mun að verulegu leyti, ég vil segja að langmestu leyti, byggjast á því að efla iðnað úr okkar íslenzku afurðum, úr afurðum sjávarútvegs og landbúnaðar. Það er sú þróun, sem hefur verið hér í þessu landi, og ég hygg. að við munum halda áfram að byggja upp iðnað úr þessum meginafurðum okkar, og hygg ég, að það verði sú farsælasta atvinnuuppbygging, sem við getum stefnt að. Þó að á hitt beri að líta líka, hvað hægt sé að gera til þess að vinna úr innfluttu hráefni, verður þó alltaf höfuðatriðið, höfuðmarkmið okkar að vinna sem bezt úr afurðum landbúnaðar og sjávarútvegs, því að möguleikar á því sviði eru áreiðanlega mjög miklir, og ég hygg, að þeir séu, þegar allt kemur til alls, flestir lítt eða ekki notaðir.

Ég vona líka, að samþykkt þessarar till., sem væntanlega verður, verði til þess, sem við flm. höfðum í huga, að bætt verði úr hinum brýna skorti hæfra manna til þess að hafa með höndum verkstjórn í fiskiðjuverum og þá jafnframt almenna stjórn þeirra. Í þessu sambandi er þó ástæða til að geta þess, að án efa þurfum við á því að halda að fá æðri fiskiðnfræðslu hér inn í landið. Við verðum að stofna okkar fiskiðnaðardeild við Háskóla Íslands, og að því hlýtur að koma, og einnig er eðlilegt, eins og gert er ráð fyrir, að ég hygg, í lögunum um Tækniskóla Íslands, að þar verði sérstök deild, sem fjallar um fiskiðnað. En okkur vantar líka, eins og við tillögumenn höfum fremur gert ráð fyrir, almennan verkstjóraskóla fyrir fiskiðnaðinn, og vona ég, að hann rísi fljótlega á legg hér, eftir að athugun þess máls hefur farið gaumgæfilega fram.

Aðrar fiskveiðiþjóðir hafa skipað fiskiðnaðarmálum sínum miklu betur en við höfum gert, og vil ég þar sérstaklega nefna Norðmenn. Ég get líka nefnt Japani, sem ég hef haft örlitlar spurnir af í sambandi við uppbyggingu fiskiðnaðarskóla. Þeir leggja mjög mikla áherzlu á að kenna vel undirstöðuatriði fiskiðnfræði. Þeir gera það á ýmsum stigum fræðslunnar, hafa m. a. víða um landið, — því að Japan er stórt land og mikið fiskveiðiland, — þeir hafa víða um landið það, sem einn kunningi minn hefur skrifað mér í bréfi að þeir kalli „high schools", fiskiðnaðar „high schools". Að vísu þýðum við „high school" venjulegast með gagnfræðaskóli, og sjáum við af því, að þarna er ekki um að ræða neina æðri fiskiðnfræði, heldur hagnýta fiskiðnfræði, sem kemur væntanlega þeim að gagni, sem hafa með leiðbeiningar að gera í fiskiðjunni sem daglegir verkstjórar og slíkir.

En sem sagt, ég vil þakka hv. allshn. fyrir jákvæða afgreiðslu þessa máls og vona, að þetta verði til þess, sem við flm. höfum vænzt, að bæta úr brýnum skorti, sem er á sérhæfðum mönnum til að hafa með höndum stjórn fiskiðjuvera.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 71. fundi í Sþ., 30. apríl, var fram haldið síðari umr. um till.

ATKVGR.

Brtt. 450 (ný tillgr.) samþ. með 36 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 538).

16. Unglingafræðsla utan kaupstaða.

Á deildafundum 2. marz var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um endurskoðun á reglum um unglingafræðslu utan kaupstaða [177. mál] (A. 335).

Á 49. fundi í Sþ., 4. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 52., 54., 56. og 57. fundi í Sþ., 11., 18. og 20. marz, 1. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 59. fundi í Sþ., 8. apríl, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Björn Pálsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt 2. þm. Norðurl. v. að flytja till. til þál. um endurskoðun á reglum um unglingafræðslu utan kaupstaða. Ég skal ekki verða langorður, vegna þess að það er orðið áliðið og ég lofaði forseta því að tala stutt. Ég vil vísa til grg., þeim sem vildu lesa hana, og sé ekki ástæðu til að endurtaka það, sem í grg. er, en till. hljóðar þannig:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að gefa út nýja reglugerð um unglingafræðslu utan kaupstaða, þar sem m. a. séu ákvæði um eftirtalin atriði: a) Aðstoð vegna ólögboðinnar unglingafræðslu utan kaupstaða verði aukin. þannig að kennarar við hana njóti svipaðra launakjara og við hliðstæða skóla í kaupstöðum, enda sé lágmarkstala nemenda ákveðin. b) Ákveðið verði um skiptingu á kostnaði við milliferðir, húsnæði o. fl. milli nemenda, sveitarfélaga og ríkissjóðs. c) Reglur verði settar um námsgreinar og próf, sem tryggi það, að unglingafræðsla í heimangönguskólum sé hliðstæð og í tveimur fyrri bekkjum gagnfræðaskóla og miðskóla."

Þetta er orðalag till. Till. er endurflutt. Við fluttum hana í fyrra, en hún var þá ekki afgreidd í nefnd, en þáltill. er samin í samráði við fræðslumálastjóra, og var enginn ágreiningur við hann um orðalagið, því að þær breytingar, sem hann lagði til að við gerðum á orðalagi till., þær gerðum við, og umsögn hans lá hér fyrir í fyrra, en eins og ég tók fram áðan, þá var málið ekki afgreitt frá nefndinni. Við fluttum þessa till. í fyrra og endurflytjum hana nú samkv. óskum heiman úr okkar héruðum.

Það er eins og þm. vita, að unglingaskólarnir eru ekki það stórir, að þeir geti tekið við öllum unglingum, sem æskja að stunda nám þar. Það má vera, að í stærri kauptúnum og kaupstöðum þurfi ekki að vísa unglingum frá, en við vitum það, að í sveitunum a. m. k. er það algengt, og það verður þá til þess, að nám þeirra dregst, og þó að þeir komist í skólann eftir að hafa beðið eitt eða tvö ár, þá eru það bara aðrir, sem sitja á hakanum. Nú voru fræðslulög

samþ. 1946, þar sem var ákveðið, að unglingar væru skyldaðir til að stunda tveggja ára nám að loknu barnaprófi. Svo hafa verið veittar undanþágur frá þessu víða í dreifbýli, í minni kauptúnum og í sveitum, — allverulegar undanþágur. Sem sagt, þessu hefur ekki verið framfylgt fyllilega. Nú er það ekki sæmandi að semja slíka löggjöf, en svo standi á þjóðfélaginu að hafa þá skóla og það kennaralið, sem þarf, til að hægt sé að fullnægja þessu lagaákvæði. Og það er ekki heldur sæmandi, að þeir, sem í dreifbýlinu búa, geti ekki notið nokkurn veginn sömu skilyrða til menntunar og uppfræðslu og þeir, sem búa í þéttbýlinu. Nú vitum við, að það er dýrara fyrir fólk í sveitinni að senda börn sín í skóla heldur en fyrir þá, sem í kaupstöðum eða kauptúnum búa, þar sem skólar eru þannig settir, að unglingarnir geta gengið í þá daglega. Þetta er allmikill útgjaldaliður fyrir bændur, því að meðan unglingarnir eru 14—16 ára, þá eru þeir í flestum tilfellum ekki færir um að vinna fyrir skólakostnaði sínum. Ég hygg, að það sé ekki ofmælt, að unglingar muni eyða, ef þarf að senda þá frá heimilum sínum, um 20 þús. í námskostnað. Það hefur verið talsvert um þessa heimangönguskóla, en engin reglugerð í raun og veru um þá. Árið 1961—62 var meðalstyrkur, sem ríkið veitti til námskostnaðar þessum nemendum, 1740 kr., en eitthvað hærri í fyrra, eða nálægt 2000 kr. En kostnaður við nám í unglingaskólunum eða þessum landsprófsskólum var af ríkisins hálfu um 10 þús. kr. árið 1962, en er sennilega orðinn um 13—14 þús. nú. Ég hygg, að ef væri hægt að koma fyrir heimangönguskólum í sveitum, eins og áreiðanlega er hægt, þar sem þéttbýli er, t. d. eins og í Skagafirði og ég get einnig nefnt Austur-Húnavatnssýslu, þá muni vera hægt að spara allt að helmingi námskostnaðar unglinganna fyrir foreldrana, og þar að auki mætti mikið bæta aðstöðu heimangönguskólanna, til þess að það yrði ekki tvöfalt ódýrara fyrir ríkissjóð. En vitanlega þarf í öllum tilfellum að hafa einhverjar reglur fyrir þessu.

Ef við hefðum t. d. 30 nemendur í heimangönguskóla, þá þarf fleiri en einn kennara. Nú er það svo, að prestarnir hafa jafnan átt mikinn þátt í því að stuðla að uppfræðslu unglinga í sveitum landsins fyrr og síðar. Og það er þannig með þá presta, sem enn þá eru búsettir í sveitum, að þeir vilja gjarnan hafa eitthvað meira starf en prestsstörfin. En það er hvorki sanngjarnt, að þeir leggi til húsnæði og kennslu fyrir mjög lítið endurgjald, né heldur eðlilegt, að þeir geti annað því að kenna allt að því 30 nemendum. Þess vegna þarf að setja einhverjar reglur um það. Það er ekki nema eðlilegt og sanngjarnt, að prestarnir, þó að þeir hafi prestslaun, hafi þá einhverja þóknun fyrir að kenna líka, og í öðru lagi þarf að vera eitthvert ákvæði um ræstingu á húsum og jafnvel leigu fyrir húsnæði, sömuleiðis um milliferðir unglinga, og fyndist mér í því tilfelli ekkert óeðlilegt, að sveitarfélögin tækju einhvern þátt í því. Eðlilegast og ódýrast væri, að unglingarnir væru fluttir á bílum til og frá að einhverju leyti, eða a. m. k. styrktir eitthvað til þess, annaðhvort af viðkomandi byggðarlögum eða þá af ríkissjóði. En það er áreiðanlegt, að ef ekki verður gert stórt átak, sem ekki lítur út fyrir að gert verði, að stækka héraðsskólana eða byggja nýja, þá munu verða erfiðleikar fyrir þá, sem í dreifbýlinu búa, að geta útvegað börnum sínum nægilega kennslu. Og það er þannig með bændur, jafnvel þá bændur, sem hafa fengið þá menntun, að þeir gætu kennt unglingum tvo vetur eftir barnapróf, að heimilin eru þannig sett, að foreldrarnir hafa tæpast tíma til þess, þannig að heimakennsla barna er orðin minni og erfiðara að inna hana af höndum en meðan fleira fólk var á heimilunum. Ég held því, að það sé mjög aðkallandi að semja einhverjar ákveðnar reglur um þetta og styrkja heimangönguskóla meira en verið hefur, og jafnvel þó að skólarnir stækkuðu og fjölgaði, þá yrði það miklu ódýrara fyrir bændur að geta haft aðstöðu til að láta börn sín læra t. d. frá 13—15 ára aldri í heimangönguskólum heldur en þurfa að senda þau í skóla, sem bæði eru dýrari og fjær heimilunum.

Ég vil leyfa mér að óska þess, að þessari till. verði vísað til allshn. Ég hef rætt þetta við formann allshn., og ég veit, að hann hefur fullan skilning á þessu máli. Ég veit, að fyrirgreiðslu í þessum efnum er þörf víðar en í okkar kjördæmi. Stærstu heimangönguskólarnir hafa verið í Barðastrandarsýslu og á Staðastað á Snæfellsnesi. Og þannig mun það víðar vera. Það gæti víðar komið að miklum notum, ef samdar væru um þetta ákveðnar reglur og meira gert fyrir heimangönguskólana en gert hefur verið. Ég veit, að fyrir þinginu liggur þáltill. um svipað efni, en henni hefur ekki verið sinnt. Við tökum bara þessa einu grein, heimangönguskólana, og ég vona, að þingið taki með skilningi á þessu máli, því að það er fullkomlega tímabært og hefur verið um of vanrækt.

Gunnar Guðbjartsson: Herra forseti. Ég vil taka undir með flm. og frsm. þessarar till. um nauðsyn þess, að sett verði reglugerð um unglingafræðslu utan kaupstaða, því að vissulega er rétt að styðja þá viðleitni, sem víða er um það að reyna að skapa unglingum aðstöðu til fræðslu í dreifbýlinu, án þess þó að þar sé um sérstaka skóla að ræða. En þetta mál allt er miklu stærra en svo, að það verði leyst með slíkri reglugerð einni. Það vantar skólahús í mörgum héruðum landsins, til þess að hægt sé að fullnægja skyldunámi unglinganna, og það er raunar alveg óviðunandi aðstaða, sem unglingar dreifbýlis eiga við að búa í þessu efni, og þess vegna er nauðsynlegt að taka málið allt upp til meðferðar og athugunar, og þess vegna hefði ég viljað beina þeim tilmælum til þeirrar nefndar, sem fær þetta mál til umsagnar, hvort ekki væri ástæða til þess, að Alþingi gerði ráðstöfun til þess, að skipulag unglingafræðslu almennt utan þéttbýlisins yrði tekið til athugunar og gerðar nýjar ráðstafanir til úrbóta, þannig að tryggt verði, að fullnægt verði skyldunámi unglinga alls staðar, hvar sem er á landinu, og líka sköpuð betri aðstaða til miðskólanáms en núna er víða. Ég ætla, að það væri í mörgum héruðum auðveldast að leysa þetta með því að byggja heimavistarbarnaskóla fyrir börnin og hafa skyldunámið allt í þeim skólum. En sums staðar mundi þurfa að byggja sérstaka skóla, héraðsskóla og aðra slíka

skóla, til þess að hægt væri að koma þessu í viðunandi horf. En málið er stórt, og þess vegna er nauðsynlegt að gera sérstakar ráðstafanir til þess, að það verði leyst.

Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þetta, vegna þess að fundartíminn er búinn. Ég vildi aðeins beina þeim tilmælum til hv. n., sem fær þetta mál væntanlega til meðferðar, að hún athugi, hvort þetta er ekki rétt leið.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 60. fundi í Sþ., 9. apríl, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 36 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 70. fundi í Sþ., 29. apríl, var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 335, n. 504).

Frsm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Allshn. hefur haft til meðferðar till. til þál. á þskj. 335 um endurskoðun á reglum um unglingafræðslu utan kaupstaða. Efni þessarar till. er það að fela ríkisstj. að gefa út nýja reglugerð um unglingafræðslu utan kaupstaða, og nefnd nokkur atriði, sem í till. er gert ráð fyrir, að þessi reglugerð fjalli um.

Í fyrsta lagi, að aðstoð vegna ólögboðinnar unglingafræðslu utan kaupstaða verði aukin þannig, að kennarar við hana njóti svipaðra launakjara og við hliðstæða skóla í kaupstöðum, enda sé lágmarkstala nemenda ákveðin.

Í öðru lagi, að ákveðið verði um skiptingu kostnaðar við milliferðir, húsnæði o. fl. milli nemenda, sveitarfélaga og ríkissjóðs.

Og í þriðja lagi, að settar verði reglur um námsgreinar og próf, sem tryggi það, að unglingafræðslan í heimangönguskólunum sé hliðstæð og í tveim fyrri bekkjum gagnfræðaskóla og miðskóla.

Till. gerir sem sé ekki ráð fyrir lagabreytingu, heldur reglugerðarbreytingu á grundvelli gildandi laga um þessi mál.

N. hefur sent frv. til umsagnar fræðslumálastjóra, og er umsögn hans um till. dagsett 8. apríl s. l. Fræðslumálastjóri segir í þessari umsögn m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Um nokkurra ára skeið hefur verið 200 þús. kr. fjárveiting til unglingafræðslu í þeim skólahverfum, þar sem fræðsluskyldu lýkur við 14 ára aldur. Venjulega hafa verið starfandi 10—12 unglingaskólar, sem hafa hlotið styrk þennan. Meiri hluti skólanna hefur starfað í beinu sambandi við barnaskóla viðkomandi staða, en nokkrir hafa verið einkaskólar, svo sem skólar, sem fáeinir prestar hafa haft á heimilum sínum."

Síðan segir svo í umsögn fræðslumálastjóra:

„Aðsókn að héraðsskólum landsins hefur verið mjög mikil á síðustu árum, og hafa þeir orðið að synja mörgum nemendum um skólavist. Augljóst er því, að mikil þörf er á að bæta aðstöðu til unglingafræðslu í ýmsum byggðarlögum landsins."

En niðurstaðan er sú, að fræðslumálastjóri mælir með samþykkt þáltill. á þskj. 335.

Að þessari umsögn athugaðri og eftir að hafa rætt málið mælir allshn. með því, að till. verði samþ.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 71. fundi í Sþ., 30. apríl, var enn fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 37 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 34 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 539).

17. Efling byggðar á Reykhólum.

Á 20. fundi í Sþ., 25. nóv., var útbýtt:

Till. til þál. um ráðstafanir til eflingar byggðar á Reykhólum [79. mál] (A. 86).

Á 22. og 34. fundi í Sþ., 27. nóv. og 16. jan., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 35. fundi í Sþ., 22. jan., var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Till. sú, sem hér liggur fyrir og flutt er af okkur 4 þm. Vestf., felur í sér áskorun til ríkisstj. um að láta fram fara nýjar athuganir á því, hvernig hagnýta megi hið forna höfuðból, Reykhóla á Reykjanesi, þannig, að byggð þar eflist og verði jafnframt nálægum sveitum til stuðnings. Í till. er tekið fram, að sérstaklega skuli athuga möguleika á eftirfarandi: Í fyrsta lagi auknum stuðningi við hagnýtingu jarðhita á staðnum til gróðurhúsaræktunar. Í öðru lagi uppbyggingu iðnaðar, t. d. mjólkuriðnaðar og þangvinnslu. Í þriðja lagi umbótum í skólamálum, t. d. með bættri aðstöðu til unglingafræðslu og stofnun héraðsskóla. Í fjórða lagi lendingarbótum á Stað á Reykjanesi eða á öðrum þeim stað, sem hentugur yrði talinn. Loks er lagt til í till., að ríkisstj. skipi 5 manna nefnd til þess að gera tillögur um framkvæmdir á Reykhólum og hvernig stuðla megi að aukinni byggð þar. Skal einn nm. tilnefndur af hreppsnefnd Reykhólahrepps, annar af sýslunefnd Austur-Barðastrandarsýslu, en þrír skipaðir án tilnefningar. Er gert ráð fyrir því, að n. hafi lokið athugun sinni og skilað till. sínum fyrir 1. okt. þ. á.

Reykhólar á Reykjanesi eru glæsilegt og merkilegt höfuðból allt frá fornu fari. Þar eru lönd víð og góð. Hiti er mikill í jörðu og náttúrufegurð og víðsýni mikið. En þessi fagri og svipmikli staður og náttúruauðæfi hans hafa ekki verið hagnýtt sem skyldi. Á undanförnum árum hafa þó verið uppi ýmsar till. og hugmyndir um framkvæmdir þar. T. d. beitti Gísli Jónsson, þáv. þm. Barðstrendinga, sér fyrir því árið 1943, að sett var á stofn sérstök nefnd til þess að gera nákvæmar athuganir og till. um framtíðarnot jarðarinnar Reykhóla sem skólaseturs og tilraunaseturs fyrir Vesturland. Þessi nefnd skilaði allýtarlegu áliti, og á grundvelli

þess flutti Gísli Jónsson frv. til l. um skólasetur og tilraunastöð í jarðrækt á Reykhólum. Í framhaldi af þessu frv. var svo árið 1944 flutt frv. til l. um tilraunastöð í jarðrækt á Reykhólum. Var slík stofnun síðan sett á laggirnar og hefur verið rekin þar síðan. Enn fremur hefur Landnám ríkisins unnið miklar ræktunarframkvæmdir á staðnum.

Af öðrum framkvæmdum, sem unnar hafa verið á þessum stað á seinni árum, má nefna, að þar hafa verið reistir embættisbústaðir fyrir lækni og prest, byggð ný og myndarleg kirkja, heimavist fyrir barnaskóla og sundlaug. Má því segja, að allmiklar umbætur hafi verið unnar á Reykhólum á undanförnum árum. En sú staðreynd verður þó ekki sniðgengin, að aðalnáttúruauðæfi staðarins, jarðhitinn, hafa ekki enn verið hagnýtt nema til upphitunar örfárra íbúðarhúsa. Íbúar Reykhóla munu nú vera rúmlega 60, og ríkir mikill og vaxandi áhugi á því, að haldið verði áfram uppbyggingu staðarins. Í sveitum Austur-Barðastrandarsýslu verður þess einnig mjög vart, að fólkið byggir miklar vonir á Reykhólum og ýmislegri starfsemi í þágu héraðanna, sem þar sé auðvelt að reka.

Það er skoðun okkar flm. þessarar till., að brýna nauðsyn beri til þess að stuðla að aukinni hagnýtingu jarðhitans og þá fyrst og fremst til gróðurhúsaræktunar, sem hægt væri að reka á Reykhólum í stórum stíl. Á Vestfjörðum er hiti í jörðu í flestum sveitum, en á aðeins 2 eða 3 stöðum er hann hagnýttur til ræktunar. Vestfirðingar verða árlega að kaupa grænmeti og blóm úr öðrum landshlutum, á sama tíma og jarðhitinn ólgar ónýttur við fætur þeirra. Á þessu hlýtur að verða breyting. Staður eins og Reykhólar, þar sem jarðhiti er svo að segja ótakmarkaður, verður að fá aðstöðu til þess að hagnýta þessi auðæfi í þágu íbúa sinna og aðliggjandi héraða og raunar þjóðarinnar allrar. Hið opinbera verður að sinna hagnýtingu jarðhitans í vaxandi mæli, ekki aðeins í þéttbýlinu, heldur einnig úti í strjálbýlinu, sem getur haft margvísleg not af þessum náttúruauðæfum.

Á Reykhólum kemur enn fremur til greina uppbygging iðnaðar, og hefur nú þegar verið hafizt handa um byggingu mjólkurbús á staðnum. Er ákveðið, að þeirri framkvæmd verði haldið áfram og starfræksla mjólkurbús hafin, þegar grundvöllur hefur myndazt fyrir rekstri þess með aukinni mjólkurframleiðslu bænda í Austur-Barðastrandarsýslu. Þá hefur verið rætt um möguleika þangvinnslu við norðanverðan Breiðafjörð, og telja sumir, að hún væri vel sett á Reykhólum.

Undanfarin ár hefur verið haldið uppi unglinga- og barnafræðslu á Reykhólum við erfiðar aðstæður. Byggð hefur verið heimavist fyrir barnaskóla, en kennsluhúsnæði skortir. Er nauðsynlegt að ljúka sem fyrst byggingu þess, og kemur þá einnig til athugunar, hvort ekki sé tímabært að koma upp héraðsskóla á staðnum. En eins og kunnugt er, er aðsókn nú orðin svo mikil að þeim héraðsskólum, sem fyrir eru í sveitum landsins, að árlega verður að vísa frá fjölda nemenda.

Þá er talið, að samgöngum við norðanverðan Breiðafjörð og sambandinu við Breiðafjarðareyjar, sem nú eru aðeins örfáar eftir byggðar, væri veruleg bót að ferjubryggju á Reykjanesi. Í því sambandi hefur helzt verið rætt um bryggjugerð á Stað. Var á s. l. sumri lagður akvegur frá Stað niður að sjónum og hugsanlegu bryggjustæði.

Það er ósk og vilji okkar flm. þessarar till., að öll þessi atriði og ýmis fleiri varðandi framtíð Reykhóla og sveitanna í Austur-Barðastrandarsýslu verði tekin til ýtarlegrar athugunar. Við leggjum til, að sú nefnd, sem gert er ráð fyrir að hana framkvæmi, hafi lokið störfum sínum og skilað till. fyrir 1. okt. n. k.

Það er einnig álit okkar flm., að það sé mjög þýðingarmikið fyrir strjálbýlið á Vestfjörðum, að mynduð verði ný þéttbýlishverfi á einstökum stöðum, þar sem framleiðsluskilyrði eru góð og aðstaða til félagslegs samstarfs og samgangna hagstæð. Það er einmitt slík þéttbýlismyndun í strjálbýlinu, sem getur að okkar áliti á marga lund orðið því til ómetanlegs gagns og eflingar, t. d. á sviði menningar-, heilbrigðis-, fræðslu- og félagsmála. Það, sem fyrir okkur vakir með þessari till., er, að á Reykhólum verði byggður upp þróttmikill skólastaður með gróðurhúsarækt, iðnaði og greiðum og öruggum samgöngum á öllum árstímum. Ef þetta tækist, mundi það hafa mikla þýðingu, ekki aðeins fyrir byggðina í Austur-Barðastrandarsýslu, heldur fyrir alla Vestfirði. Það er von okkar flm., að till. megi verða til þess að koma nýjum skriði á framkvæmdir á Reykhólum, stuðla að eflingu byggðarinnar þar og aukinni trú á framtíðina í þessum fögru og kjarnmiklu sveitum.

Ég vil að lokum geta þess, að fyrir nokkru er hafin athugun á því, hvernig unnið skuli að eflingu byggðar á Vestfjörðum yfirleitt. Fer sú athugun fram á grundvelli þáltill., sem samþykkt var á síðasta Alþingi. Er það von okkar flm., að jákvæður árangur verði af þeirri athugun og henni ljúki innan skamms. Til þess ber brýna nauðsyn, að byggð haldist alls staðar þar í okkar landi, sem aðstaða er góð til framleiðslu og fólkið getur lifað við góð og þroskavænleg lífskjör. Vestfirðingar hafa jafnan tekið þróttmikinn þátt í framleiðslustarfsemi þjóðarinnar. Það væri þess vegna mikið tap fyrir þjóðarheildina, ef byggð þar héldi áfram að eyðast og fólki að fækka. Einskis má láta ófreistað til að gera aðstöðu fólksins í þessum landshluta sem bezta. Eina leiðin til þess, að fólkið uni við framleiðslustörfin úti um land, er að tryggja því jafngóð lífskjör og fólkið nýtur í þéttbýlinu. Á þeirri grundvallarstaðreynd verður stefna ríkisvaldsins á hverjum tíma að byggjast.

Ég leyfi mér svo að óska þess, að þessari till. verði að lokinni fyrri umr. vísað til hv. allshn.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og til allshn. með 33 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Sþ., 22. apríl, var till. tekin til síðari umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 73. fundi í Sþ., 6. maí, var till. aftur tekin til síðari umr. (A. 86, n. 461).

Frsm. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Allshn. hefur haft til athugunar þáltill., sem prentuð er á þskj. 86, um eflingu byggðar á Reykhólum, og hefur n. orðið sammála um að mæla með samþykkt till. með þeirri breytingu, að einn nm. skal tilnefndur af hreppsnefnd Reykhólahrepps, annar af sýslunefnd Austur-Barðastrandarsýslu og þriðji af fjórðungsþingi Vestfirðinga, en hinir tveir skipaðir án tilnefningar. Breytingin frá upprunalegu till. er sú, að í staðinn fyrir að skipa þrjá menn í n. án tilnefningar, verði einn af þeim skipaður af fjórðungsþingi Vestfirðinga, en tveir án tilnefningar.

Nokkru eftir að þessi till. var flutt hér, var haldinn almennur bændafundur í Reykhólasveit í Austur-Barðastrandarsýslu, eða 2. febr. 1964, og var samþykkt á þessum fundi, sem var mjög fjölmennur, að lýsa ánægju sinni yfir fram kominni þáltill. og skora á alla þm. kjördæmisins að fylgja henni einhuga eftir og vinna að því, að hún verði afgreidd og samþykkt á þessu þingi. Þessi till. felur í sér að athuga möguleika í fyrsta lagi á auknum stuðningi við hagnýtingu jarðhita á Reykhólum, í öðru lagi uppbyggingu iðnaðar, t. d. mjólkuriðnaðar og þangvinnslu, í þriðja lagi umbótum í skólamálum, t. d. með bættri aðstöðu til unglingafræðslu og stofnun héraðsskóla, og í fjórða lagi með lendingarbótum á Stað á Reykjanesi eða á öðrum þeim stað, sem hentugur yrði talinn.

Austur-Barðastrandarsýsla er eitt minnsta sýslufélag landsins. Þar hefur fólki fækkað nokkuð á síðustu árum. Á árinu 1951 voru 725 íbúar í Austur-Barðastrandarsýslu, en á árinu 1960 var íbúatalan 527. Mest fækkunin varð í Flateyjarhreppi eða í Flatey og þeim eyjum, sem tilheyra Flateyjarhreppi, eða um 110. Aftur hefur byggð haldizt mun betur í Reykhólasveit og í Geiradalshreppi. Í Reykhólasveit er tæpur helmingur íbúa sýslunnar, eða 226, og á Reykhólum einum eru nálægt því 60 íbúar.

Á síðustu áratugum hefur sú þróun orðið alls staðar og í öllum byggðarlögum, að þó að strjálbýli hafi áður verið, er nauðsynlegt fyrir strjálbýlið að eiga í hverju sýslufélagi einhvern samastað fyrir alla sína félagsstarfsemi og miðstöð, bæði í atvinnulegu og menningarlegu tilliti. Og það er mikill áhugi fyrir því í þessu sýslufélagi, Austur-Barðastrandarsýslu, að Reykhólar verði miðstöð fyrir sýsluna í heild, og að því var unnið. Á árinu 1943 var að frumkvæði þáv. þm. Barðstrendinga, Gísla Jónssonar, sett á stofn sérstök nefnd til þess að gera nákvæmar athuganir og till. um framtíðarnot jarðarinnar Reykhóla, og þegar álit þetta lá fyrir, flutti Gísli Jónsson frv. til l. um skólasetur og tilraunastöð í jarðrækt á Reykhólum, og á grundvelli þeirra laga var tilraunastöðin stofnuð, og hún hefur starfað æ síðan.

Jafnframt tilraunastöðinni hefur Landnám ríkisins unnið miklar ræktunarframkvæmdir á jörðinni Reykhólum, og ýmsar aðrar umbætur hafa verið unnar þar á seinni árum. Það hafa verið reistir embættisbústaðir bæði fyrir lækni og prest byggðarlagsins, byggð ný og glæsileg kirkja, heimavist fyrir barnaskóla og sundlaug. Má því segja, að á staðnum hafi orðið veruleg uppbygging og framfarir. En það, sem má segja að lítið hafi verið gert í, er að hagnýta jarðhitann, því að hann hefur ekki verið hagnýttur til annars en upphitunar á þeim húsum, sem eru á staðnum. En á Reykhólum er mikill jarðhiti, og þar ætti að geta verið mikil gróðurhúsarækt, og möguleikar á þessum stað eru miklir og enginn staður kemur frekar til greina til þess að verða menningarmiðstöð þessa héraðs en Reykhólar. Og ég hygg, að mér sé óhætt að fullyrða, að það sé samhljóða álit allra íbúa í sýslunni eða allra þeirra, sem um þessi mál hafa fjallað á opinberum vettvangi, að vinna að því að gera Reykhóla að miðstöð fyrir sýslufélagið Austur-Barðastrandarsýslu.

Allshn. leitaði umsagnar hjá tveimur aðilum í sambandi við þessa till., landnámsstjóra og fræðslumálastjóra, hvað snertir skólamál í héraðinu. Landnámsstjóri mælir með samþykkt till. og vísar í sinni umsögn til þess starfs, sem hefur verið unnið þar á grundvelli l. frá 1944, og er umsögn hans prentuð hér með nál. Fræðslumálastjóri er mjög hlynntur því, að till. verði samþ. og að áframhaldandi framkvæmdir verði gerðar í sambandi við unglinga- og barnafræðsluna, en hvað snertir að setja á stofn héraðsskóla, þá telur hann það vera hlutverk væntanlegrar n., ef till. þessi verði samþ., að gera till. um héraðsskóla á Reykhólum.

Ég held, að ég hafi svo ekki fleiru við þetta að bæta, en endurtek það, að innan allshn. voru allir nm. á einu máli um að mæla með samþykkt þessarar till.

ATKVGR.
Brtt. 461 samþ. með 36 shlj. atkv.
Tillgr., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 36 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 601).

18. Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna.

Á 25. fundi í Sþ., 11. des., var útbýtt:
Till. til þál. um heimild til aðildar Íslands að Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) [100. mál] (A. 127).

Á 38. fundi í Sþ., 5. febr., var till. tekin til fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 39. fundi í Sþ., 6. febr., var till. aftur tekin til fyrri umr.

Utanrrh. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Árið 1945 stofnuðu Sameinuðu þjóðirnar til Menningarmálastofnunar, sem hlotið hefur nafnið UNESCO. Í stofnskrá þessarar stofnunar segir, að tilgangur hennar sé að stuðla að friði og öryggi með því að efla samstarf þjóða í milli með fræðslu-, vísinda- og menningarstarfsemi. Í þau ár, sem þessi stofnun hefur starfað, hefur hún orðið mjög kunn af störfum sínum um allan heim. Ég þykist

ekki þurfa að rekja þessi störf hér, enda er stofnskrá Menningarstofnunarinnar birt með þeirri þáltill., sem hér liggur fyrir. Ég vil aðeins geta þess, að á liðnum árum hefur Menningarmálastofnunin veitt mjög stórar fjárhæðir í styrki til fræðslu-, vísinda- og menningarstarfsemi í þeim löndum, sem hafa verið aðilar að Menningarmálastofnuninni.

Það er álit manna, að ef Ísland væri aðili að þessari stofnun, mundum við á margan hátt geta notið þarna styrks og stuðnings og að styrkir þeir, sem líklegt er að hingað fengjust til að efla fræðslu-, vísinda- og menningarstarfsemi, mundu nema nokkru hærri fjárhæð en árlegur kostnaður okkar af þátttöku í þessari stofnun. Samkv. fjárhagsáætlun Menningarmálastofnunarinnar fyrir árin 1964, 1965 og 1966 er talið, að árgjald okkar mundi nema eitthvað um 400 þús. kr. Á þeim tíma, sem liðinn er, síðan Menningarmálastofnunin komst á fót, hafa allar þjóðir, sem aðild eiga að Sameinuðu þjóðunum, gerzt þarna meðlimir nema Suður-Afríka, Portúgal og Ísland. Á tímabili var þó Suður-Afríka meðlimur, en sagði sig úr UNESCO. Portúgal hefur nú áheyrnarfulltrúa hjá UNESCO. Við erum þannig orðnir næstum eina þjóðin, sem ekki er meðlimur í Menningarmálastofnuninni.

Ríkisstj. er þeirrar skoðunar, að það sé skynsamleg og hagkvæm ráðstöfun fyrir Ísland að gerast þarna aðili, og þess vegna var það lagt til í sambandi við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1964, að fé yrði veitt í því skyni, að Ísland gerðist aðili að Menningarmálastofnuninni á árinu 1964. Við afgreiðslu fjárlaga var á þessa till. fallizt og fé veitt. Með þeirri þáltill., sem hér liggur fyrir, fylgir ríkisstj. þessari hugmynd sinni eftir og leggur til, að formleg heimild sé veitt fyrir ríkisstj. til þess að sækja um upptöku fyrir Ísland í Menningarmálastofnunina.

Þetta er fyrri umr. um till. Það hefur verið ákveðið að hafa umr. í tvennu lagi vegna þeirra útgjalda, sem till. fylgja, og legg ég til, að málinu verði vísað til síðari umr. og utanrmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 46. fundi í Sþ., 12. febr., var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til utanrmn. með 33 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Sþ., 6. maí, var till. tekin til síðari umr. (A. 127, n. 519).

Frsm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Utanrmn. hefur rætt till. þá til þál., sem hér liggur fyrir, um heimild til aðildar Íslands að Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna. Leggur n. einróma til, að hún verði samþykkt óbreytt.

Samkv. till. þessari er ríkisstj. heimilað að gerast fyrir Íslands hönd aðili að Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, United Nations Educational, Scientific and Cultural Organization, og takast á hendur skyldur þær, sem samkv. stofnskrá Menningarmálastofnunarinnar eru aðildinni samfara. Gert er ráð fyrir, að kostnaður Íslands af þátttöku í UNESCO muni á árinu 1964 nema rösklega 335 þús. kr. auk byrjunarframlags, sem er að upphæð 57 þús. kr. Fyrir árið 1965 og 1966 er gert ráð fyrir, að árgjaldið muni nema um 387 þús. kr. hvort árið.

Tilgangur Menningarmálastofnunarinnar er að stuðla að friði og öryggi með því að efla samstarf þjóða í milli með fræðslu-, vísinda- og menningarstarfsemi, til þess að auka almenna virðingu fyrir réttlæti, lögum og mannréttindum og mannfrelsi, sem staðfest er í stofnskrá Sameinuðu þjóðanna fyrir þjóðir heimsins, án tillits til kynþáttar, kynferðis, tungu eða trúarbragða. Öll aðildarríki Sameinuðu þjóðanna eru nú aðilar að Menningarmálastofnun samtakanna, að tveimur undanteknum, Suður-Afríku og Portúgal. Frá því að stofnunin var sett á laggirnar árið 1945, hefur hún haldið uppi fjölþættri starfsemi á sviði fræðslu-, vísinda- og menningarmála. Er óhætt að fullyrða, að íslenzku þjóðinni geti orðið mikið gagn að aðild að þessum víðtæku alþjóðasamtökum. Stofnunin veitir t. d. margs konar styrki, sem íslenzkir námsmenn, listamenn og vísindamenn geta orðið aðnjótandi. Má gera ráð fyrir, að Ísland muni hafa af þessu allmiklu meiri hagnað en sem nemur kostnaðinum af aðildinni að samtökunum.

Samkv. framansögðu leggur utanrmn. til, að till. verði samþykkt óbreytt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 74. fundi í Sþ., 8. maí, var fram haldið síðari umr. um till.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 39 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 39 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 622).

---

19. Vegáætlun 1964.

Á deildafundum 14. apríl var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um vegáætlun fyrir árið 1964 [211. mál] (A. 453).

Á 63. fundi í Sþ., 15. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Skúli Guðmundsson: Hér er um mjög stórt mál að ræða, þar sem er vegáætlunin, og ég teldi miklu eðlilegra, að um þetta stóra mál færu fram tvær umr. heldur en ein, og ég vil gera það að till. minni, að það verði tvær umr. ákveðnar um vegáætlunina, en ekki ein.

ATKVGR.

Till. um tvær umr. um málið samþ. með 41 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Sþ., s. d., var till. tekin til fyrri umr.

Of skammt var liðið frá ákvörðun umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 37 shlj. atkv.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Till. sú til þál., sem hér um ræðir, er lögð fram samkv. ákvæði vegalaganna um það, að lögð skuli fram þáltill. um vegáætlun um sama leyti og fjárlög, en þessi till. er lögð fram samkv. bráðabirgðaákvæði vegalaga, sem samþ. voru í des. s. l., þ. e. aðeins fyrir árið 1964, en eins og kunnugt er, skal vegáætlun gerð til 4 ára í senn, og verður þá á næsta hausti lögð fram vegáætlun til 4 ára. Bak við þessa þáltill. og þau fskj., sem með henni eru prentuð, liggur allmikil vinna, og þess vegna er það, að ekki hefur þótt fært að leggja till. fyrr fram en raun ber vitni. Mér er kunnugt um það, að starfsmenn vegamálaskrifstofunnar hafa unnið að samningu þeirra fskj., sem með till. eru prentuð, frá því um áramót, og má segja, að eðlilegt sé, að í fyrsta sinn, eftir að ný vegalög hafa verið sett og breytingar gerðar á öllu kerfinu, sé mikið verk að semja slíka áætlun sem hér um ræðir.

Samkv. vegal. er gert ráð fyrir í III. kafla þeirra, að allir almennir vegir séu upp taldir og flokkaðir. Það hefur og verið gert, eins og hv. þm. sjá á fskj. með þessari tillögu.

Samkv. þessari áætlun eru tekjur á árinu 1964 áætlaðar vera 242.1 millj. kr. Tekjurnar sundurliðast, eins og sjá má, þannig, að tekjur brúasjóðs á s. l. ári hafa orðið 10.4 millj. kr., og af þeim tekjum munu 0.6 millj. kr. ganga til greiðslu umframkostnaðar vegna framkvæmda 1963. Reikningsskilum er þó ekki enn lokið, eftir því sem vegamálastjóri upplýsir, en hann telur, að handbært fé af tekjum brúasjóðs frá árinu 1963 muni nema 9.8 millj. kr. Af tekjum vegasjóðs árið 1963, sem urðu 7.66 millj. kr., var ráðstafað á árinu 3 millj. 950 þús., og eru þá til ráðstöfunar af fé vegasjóðs frá árinu 1963 3.7 millj. kr. Tekjur af gamla benzíngjaldinu eru áætlaðar 1964, þ. e. gjaldinu 1.47 kr. á hvern lítra, að verða 84.5 millj. kr., en tekjur af nýja gjaldinu eru áætlaðar að verða á árinu 56 millj. kr., þ. e. ¾ tekna af þessu gjaldi, þar sem talið er, að gjaldið innheimtist ekki fyrr en 3 mánuðum eftir á. Tekjur samkv. framansögðu, þ. e. benzíntekjurnar og tekjur brúasjóðs og vegasjóðs, verða því 154 millj. kr. Til viðbótar þessu er áætlað, að gúmmígjald verði á árinu 10 millj. kr. Það var hækkað, eins og hv. þm. muna, um 50%, úr 6 kr. á kg í 9 kr. á kg. Þá er gert ráð fyrir, að þungaskatturinn verði á árinu 31 millj. kr., hækki um 10 millj. kr. Ríkisframlag samkv. 89. gr. vegalaga er 47.1 millj. kr. Þessar tekjur munu vera um 105 millj. kr. hærri en var á fjárl. 1963. Er það óneitanlega veruleg viðbót við það fé, sem er til ráðstöfunar í vegaframkvæmdir, á árinu 1964, miðað við s. l. ár. Þó hygg ég, að hv. þm. finnist þessi upphæð ekki vera of há, þegar til þess kemur að skipta henni á hina ýmsu vegi og brýr í hinum ýmsu kjördæmum.

Vegáætlun gerir ráð fyrir skiptingu útgjalda aðeins í stórum dráttum. En í hinum smærri dráttum er gert ráð fyrir, að hv. Alþingi ráðstafi fénu. Samkv. þeirri þáltill., sem hér er um að ræða, er gert ráð fyrir að verja tekjum vegasjóðs á þann veg, sem hér skal rakið: Það er stjórn og undirbúningur vegamála. 4 millj. 167 þús. eru launagreiðslur samkv. launaskrám. Eftirlaunagreiðslur til fyrrv. verkstjóra og ekkna þeirra 600 þús. kr., skrifstofukostnaður 1.6 millj. og verkfræðilegur undirbúningur framkvæmda 2.5 millj. Þetta eru 8 millj. 867 þús. kr. Verkfræðilegur undirbúningur framkvæmda var á fjárlfrv. því, sem lagt var fyrir á s. l. hausti, 1.7 millj. kr., og var þá gert ráð fyrir, að kostnaðurinn væri færður á ýmis verk. En þessi tilhögun á greiðslu kostnaðar þykir ekki heppileg, þar sem oft er um smærri verk að ræða, og þykir því eðlilegt að taka verkfræðilegan undirbúning framkvæmda í einu lagi sem útgjaldalið samkv. tillögunni.

Þá er viðhald þjóðvega. Það er gert ráð fyrir, að viðhald þjóðvega á árinu 1964 verði 85 millj. kr. Það var í fjárl. 1963 63 millj. kr., en á árinu voru notaðar 67 millj., 4 millj. umfram fjárlög, vegna brýnnar nauðsynjar. Þótt nú sé reiknað með 85 millj. kr., er það ekki hærri upphæð en rétt til þess að halda vel í horfinu, og verður þá að hafa í huga, að þjóðvegirnir hafa lengzt samkv. nýju vegalögunum um 1046 km. Það er því að áliti þeirra, sem um þessi mál hafa fjallað, ekki frambærilegt að ætla minna í vegaviðhaldið en 85 millj. kr., þótt það sýnist í fljótu bragði vera allmikil hækkun frá s. l. ári. Þá er gert ráð fyrir að nota til vegmerkinga 1 millj. kr. á árinu 1964, en á s. l. ári var varið í þessu skyni 600 þús. kr. Það er enginn vafi á því, að það getur forðað frá slysum, ef vegmerkingar eru nákvæmar og glöggar, og það er mikið ógert enn í því efni að setja vegmerki á ýmsa hættustaði víðs vegar um landið. Það má því ekki vera lægri upphæð, sem til þessa verður varið á yfirstandandi ári, heldur en hér er um að ræða, þyrfti að vera meira en hér er lagt til.

Til nýrra þjóðvega er gert ráð fyrir að verja samkv. þessari áætlun 57 millj. 595 þús. kr., þar af til hraðbrauta 10 millj. kr., þjóðbrauta 23 millj. kr. og landsbrauta 24 millj. 595 þús. kr.

Til hraðbrauta hefur ekki þótt fært að leggja til, að meiri upphæð væri varið en hér ræðir um, og er þá aðallega um að ræða vaxtagreiðslur vegna Reykjanesbrautarinnar. Þá þykir og rétt að leggja til, að nokkur upphæð verði lögð til Austurvegar af þessu fé, enda var á s. l. ári varið til þessa vegar 1.5 millj. kr. umfram fjárlög.

Þá er gert ráð fyrir að verja til þjóðbrauta, eins og áður er sagt, 23 millj. kr., og er, eins og hv. þm. geta séð fyrir sér á bls. 36, tilgreint, hvernig þetta skiptist. Hér er um allverulega hækkun að ræða frá fyrra ári, ef reiknað væri með lántökum, eins og tíðkazt hefur mörg undanfarin ár. Ef hins vegar væri gert ráð fyrir að greiða lánin, sem tekin voru á s. l. ári, með fjárveitingu þessa árs, yrði ekki um neina aukningu að ræða í framkvæmdum til þjóðbrauta. Það er svo vitanlega álitamál, hvort það þykir eðlilegt að greiða lánin að fullu á einu ári eða tveimur eða jafnvel þremur. Það er vitanlega samkomulagsatriði milli þeirra, sem lánin hafa tekið, og hinna, sem lánin hafa veitt. En framkvæmdirnar á næsta sumri í vegamálum verða vitanlega auknar eftir því, hvort lánin þurfa að greiðast upp á þessu ári eða hvort greiðslufrestur fæst á þeim.

Þá er gert ráð fyrir að verja til landsbrauta, eins og áður er sagt, allmiklu hærri upphæð en

í fyrra, eða 24 millj. 595 þús., en það gegnir sama máli um landsbrautirnar og þjóðbrautirnar, að til framkvæmda í þeim vegum hefur verið tekið allmikið að láni á s. l. ári, og er það vitanlega mats- og samkomulagsatriði, hvort þessi lán verða greidd að fullu upp á þessu ári eða ekki, og hefur það vitanlega mikil áhrif á vegaframkvæmdir í þessum þjóðvegaflokki.

Þá er gert ráð fyrir að verja til fjallvega, reiðvega og ferjuhalds nokkrum upphæðum. eins og hér er tilgreint, og hefur þar verið farið að verulegu leyti eftir óskum hv. þm., sem fram hafa komið á undanförnum þingum. Til aðalfjallvega eru talin Sprengisandsleið og Kaldidalur, en gert ráð fyrir að verja allmiklu fé til kláfferjunnar á Tungnaá, sem lengi hefur verið í undirbúningi, og einnig til Sprengisandsleiðar. Þessi liður er samtals 2 millj. 315 þús. kr. Þá hefur verið komið til móts við óskir Landssambands hestamanna, sem hefur eindregið óskað eftir því, að til reiðvega verði varið 200 þús. kr. Þá er til annarra fjallvega 800 þús. og til ferjuhalds 15 þús.

Þá er til brúargerða. Það er gert ráð fyrir að verja til brúargerða samtals 31 millj. kr., og er það veruleg aukning frá fyrra ári, eins og hv. þm. munu hafa gert sér ljóst. Það er gert ráð fyrir að verja til stórbrúa 13 millj. kr., og er því fé varið á sama hátt og fé brúasjóðs áður. Vegamálastjóri mun senda þeirri nefnd, sem fær þetta mál til meðferðar, rökstuddar till. um skiptingu þessa fjár, eins og vegafjárins yfirleitt, og mun n. þá fá ýmsar upplýsingar, sem er nauðsynlegt að hafa viðvíkjandi þessum framkvæmdum. Eins og áður er sagt, voru tekjur brúasjóðs á s. l. ári 110.4 millj., en af þeirri upphæð fara um 600 þús. til fyrirframgreiðslu frá fyrra ári, og eru þá til ráðstöfunar af fé brúasjóðs 9.8 millj., og þegar þetta er allt tekið með í reikninginn, verður um 25% hækkun að ræða á því fjármagni, sem verður varið til stórbrúa, miðað við s. l. ár. Þá eru brýr lengri en 10 m, hinar svokölluðu fjárlagabrýr. Það er gert ráð fyrir að verja til þeirra 12 millj. kr., en fjárveiting til þessara brúa var á árinu 1963 10 millj. 705 þús. kr., og er endurbyggingarfé gamalla brúa meðtalið. Till. um 12 millj. kr. fjárveitingu er því ekki nema samsvarandi þeirri upphæð, sem varið var í þessu skyni á s. l. ári, þegar tekið er tillit til kaup- og verðhækkana, sem orðið hafa síðan. Og þá eru það smábrýrnar, en til þeirra er gert ráð fyrir að verja 6 millj. kr., og er till. um 6 millj. 50% hærri upphæð en var á fjárl. s. l. ár, en ég býst við, að hv. þm. finnist, að hér sé ekki of langt gengið, því að í öllum kjördæmum mun það vera svo, að margar smábrýr er eftir að gera yfir ár og læki.

Þá eru það sýsluvegirnir. Það er gert ráð fyrir að verja til þeirra 10 millj. kr., en á fjárl. s. l. ár voru aðeins 3.3 millj. kr., og það fé, sem sýsluvegirnir höfðu þá til umráða, var nálægt 6 millj., en sýsluvegirnir munu samkv. þessu hafa til umráða á þessu ári um 15 millj. kr., nærri þrefalt hærri upphæð. Það má því segja, að það sé tiltölulega vel gert við sýsluvegina, en inn í sýsluvegina eru komnir allir hreppavegir og einnig ýmsir einkavegir, sem áður voru taldir. En þótt hér sé um verulega lagfæringu að ræða, er enginn vafi á því, að mikil þörf er fyrir þetta fé, og ég hef reyndar þegar heyrt það frá sýslumönnum, sem hafa kynnt sér tekjuhækkun sýsluvegasjóðanna, að þeir eru mjög ánægðir með þá breytingu, sem hefur orðið á þessu.

Þá er gert ráð fyrir að verja til vega í kaupstöðum og kauptúnum samkv. lögum þar um 31 millj. 473 þús. kr. Ekki er að efa það, að mikil þörf er fyrir þetta fé, enda hefur það komið í ljós, að götur í kauptúnum og kaupstöðum eru oft verri fyrir umferðina heldur en vegirnir úti á landsbyggðinni, en það er nýmæli í vegal., sem samþ. voru á þessum vetri, að leggja nokkurn hluta af benzínskattinum til þessara mála. Það sýnist vera sanngjarnt, um leið og það er nauðsynlegt til þess að bæta úr því ófremdarástandi, sem er í mörgum kauptúnum.

Til véla- og verkfærakaupa verður varið á þessu ári samkv. þessum till. 17.4 millj. kr. Eins og hv. þm. er ljóst, hefur mörg undanfarin ár verið allt of lítið fé til véla- og áhaldakaupa fyrir vegagerðina og vegagerðin hefur verið með gömul verkfæri, 20 ára gamla veghefla, ónýtar ýtur, ónýtar ámoksturssköflur, og mest af þessu hefur verið keypt af Keflavíkurflugvelli, sölunefndinni, þá gamalt og uppgert og hefur verið dýrt í viðhaldi. Á s. l. ári var gert allmyndarlegt átak í því að bæta vélakost vegagerðarinnar og varið til þess 18 millj. kr. Það hefði vitanlega þurft að vera meira, en það þótti ekki fært að því sinni, og á þessu ári verður varið til vélakaupa 17.4 millj., en þess ber að geta, að nokkur hluti af þessari upphæð er þó greiðslur, afborganir vegna lána, sem tekin voru á s. l. ári, þannig að heildarfjárhæð til vélakaupa á þessu ári verður ekki nema tæplega 14 millj. kr., og mér er alveg ljóst, að það er allt of lítið. Það þyrfti að vera meira. Það mundi borga sig, ef fé væri fyrir hendi, að hætta að nota elztu vegheflana, elztu ýturnar og mörg þessi gömlu tæki og kaupa nýtt, því að viðhaldið á gömlu tækjunum er allt of dýrt, til þess að það borgi sig að nota þau. En það er ljóst, að það tekur nokkurn tíma að endurnýja allan vélakostinn, en með því að verja verulegri upphæð árlega í þessu skyni, þá vitanlega lagast þetta smám saman, og má segja, að ef við gætum varið 15—20 millj. kr. á ári til tækja- og vélakaupa fyrir vegagerðina, mundi vélakosturinn verða sæmilegur innan fárra ára, og að því ber vitanlega að keppa.

Svo eru hér smáfjárveitingar samkv. till., þ. e. til bókasafns verkamanna, það er í samræmi við það, sem áður hefur verið, til tilrauna við vega- og gatnagerð, það er nýtt ákvæði, gert ráð fyrir að verja ½% af heildartekjum vegamála, og ég geri ráð fyrir því, að það hafi á undanförnum árum verið of lítið að því gert og þetta hálfa prósent, sem hér er lagt til að verja í þessu skyni, geti borgað sig, þegar frá líður, því að tilraunastarfsemi í vegagerð, brúabyggingum og öðru því tilheyrandi á auðvitað alveg eins rétt á sér þar eins og annars staðar. Þá er iðgjald til slysatrygginga, gjöld samkv. l. um orlof verkamanna og atvinnuleysistryggingagjöld. Þetta er allt samkv. lögum og venjum, sem gilt hafa um þessi efni.

Þá eru um flokkun vega upplýsingar á fskj. með þessari till. og greint frá því, hvernig flokkun vega hefur verið framkvæmd. Það er kveðið glögglega á um það í vegalögunum, hvernig vegirnir skuli flokkaðir. Og þeir skulu flokkaðir í þrjá flokka, það eru hraðbrautir, þjóðbrautir og landsbrautir. Það er að vísu gert ráð fyrir hraðbrautum A og B, og mætti því segja, að vegaflokkarnir væru fjórir, en aðalþjóðvegaflokkarnir verða þó að teljast aðeins þrír. Ég sé ekki ástæðu til að fara að gera grein fyrir því, hver þessi ákvæði eru í vegalögunum, hvernig vegaflokkunin er gerð, því að hv. þm. hafa bæði lög og till. ásamt öllum fskj., sem greina glögglega frá um þetta. Hér eru allir almennir þjóðvegir upp taldir, hvert kjördæmi fyrir sig, og skýringar fylgja með hverjum vegi, hvort það er óbreytt frá fyrri l. eða hver breyting hefur á orðið. Og mér sýnist, að hér sé þetta sett mjög glögglega fram, þannig að fljótlega sé unnt að átta sig á þeim breytingum, sem orðið hafa frá fyrri vegalögum.

Þá er einnig hér prentað með og gerð grein fyrir hliðarvegum vegna undanþágu 12. gr. vegalaganna um kirkjustaði, félagsheimili, opinbera skóla eða heilsuhæli, fullgerð raforkuver, kauptún með færri en 300 íbúa eða tengivegi á milli aðalleiða. Þessir vegir, sem koma undir þessi undanþáguákvæði, eru taldir upp í hverju kjördæmi fyrir sig og prentað hér á fskj. með till. Þetta er, að ég tel, mjög upplýsandi fyrir hv. þm. og greiðir fyrir því, að unnt sé í fljótu bragði að átta sig á öllum þeim breytingum, sem orðið hafa. Tel ég ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um það, því að það liggur allt saman ljóst fyrir.

Það kemur einnig fram á þeim fskj., sem fylgja með, hvaða breyting hefur orðið, hvað þjóðvegirnir hafa lengzt mikið við þær breytingar, sem orðið hafa. Það er, eins og áðan var sagt, 1046 km, sem þjóðvegirnir hafa lengzt. Það kemur og fram, hvað sýsluvegirnir hafa lengzt, og er það tekið fram í grg., sem prentuð er með frv. Sýsluvegir voru taldir fyrir breytinguna 2387.8 km, en eru taldir eftir breytinguna 2200 km og hafa þá styzt um 8 km. En hreppavegirnir hafa allir verið lagðir niður, eins og áður er fram tekið.

Þá eru aftast á þessu þskj. töflur, sem eru merktar fskj. I—X, sem gefa ýmsar upplýsingar, eins og hv. þm. sjá, og sé ég ekki ástæðu til að vera að rekja þær ýtarlega.

Fskj. I, viðhaldskostnaður þjóðvega, sýnir það, hver aukning hefur orðið á bifreiðaeign landsmanna frá 1949, þegar bifreiðaeignin var 10520, en áætluð að vera í árslok 1964 29244. Það er aukning um nærri 200%. Svo er reiknað út, hve mikið viðhaldsfé hefur verið látið á hvern ekinn km og hvern lengdarkm o. s. frv., og ef miðað væri við hvern ekinn km, þá er viðhaldsféð ekki aukið frá því, sem verið hefur, enda þótt það hafi verið hækkað upp í 85 millj. úr t. d. 33 millj. 1958. En ég hygg þó, að þessi mikla bílafjölgun, sem orðið hefur og þá ekki sízt í hinum stærri kaupstöðum, íþyngi ekki þjóðvegunum eins mikið hlutfallslega og var áður, á meðan bílarnir voru færri. Ég hygg, að mikill hluti af þessari aukningu sé meginhluta ársins á götum bæjanna og það væri t. d. ekki nema einn mánuð af hverjum 12 árlega, sem þeir íþyngdu þjóðvegunum, og þeir, sem gerðu þessa töflu, hafa vitanlega gert sér grein fyrir því, þótt það sé öðrum þræði fróðlegt og gaman að stilla þessu upp eins og hér hefur verið gert.

Þá eru hér fskj. II, um hraðbrautir A og B, sem eru taldar upp, fskj. III, þjóðbrautir, og fskj. IV, um landsbrautir, og fskj. V, bæir, sem hafa ekkert eða ófullkomið vegasamband 1. jan. 1964. Þar sést, hversu margir bæir eru í hverju kjördæmi, sem þannig stendur á um, og er það nokkuð misjafnt, en ég býst við, að það verði að segja, að ástandið sé öllu betra í þessum málum en menn höfðu áður reiknað með. Við sjáum t. d. í Reykjaneskjördæmi, þar er bílfært heim á hvern bæ, en í Vesturlandskjördæmi er ekki nema einn bær, sem alls ekki er akfært heim á, en það eru að vísu slæmir vegir heim á 31 bæ í þessu kjördæmi. Þá er það Vestfjarðakjördæmi. Þar er 21 bær, sem ekki hefur akveg, og það eru 3 bæir, sem hafa erfiðan og vondan veg, og svo er akfært að bryggju eða flugvelli, það eru 25 bæir. Ef við tökum Norðurl. v., þá eru það 13 bæir, sem hafa alls ekki akfært, og 23 bæir, sem hafa vonda vegi. Norðurl. e., 5 bæir alls ekki akfært og 5 bæir með slæma vegi. Austurlandskjördæmi, 5 bæir, sem alls ekki hafa akveg, 20 bæir, sem hafa erfiða vegi, og 26 bæir, sem hafa veg að bryggju eða flugvelli. Suðurlandskjördæmi, þar eru 3 bæir, sem hafa ekki akfært heim, og 7 bæir, sem hafa vonda vegi. Þannig eru þetta hátt á annað hundrað bæir í landinu, sem ýmist hafa alls ekki akveg eða slæma vegi. En ég verð að segja það, að áður en þessi skýrsla var tekin saman, hafði ég búizt við, að ástandið væri þó nokkru verra en hér er um að ræða, og ég vil segja, að það er vonandi, að þessir bæir, sem enn hafa ekki fengið akveg eða hafa mjög slæma vegi, úr því verði nú bætt mjög fljótlega.

Þá eru á fskj. VI taldar upp óbrúaðar ár á þjóðvegum 1. jan. 1964, og er það tekið eftir kjördæmum. Þessi skýrsla er vitanlega mjög fróðleg og gefur upplýsingar um það, sem hv. þm. vitanlega vissu ekki áður nákvæmlega. Í Reykjaneskjördæmi eru 3 ár óbrúaðar. Í Vesturlandskjördæmi eru 20, sem eru 4—10 m, og 4 brýr, sem eru 10 m eða lengri. Í Vestfjarðakjördæmi eru 56 ár óbrúaðar frá 4—10 m og 13 ár, þar sem brúin þyrfti að vera 10 m eða lengri. Í Norðurlandskjördæmi vestra eru 16 ár óbrúaðar, þar sem brúin væri 4—10 m, og 5 ár, þar sem brúin þyrfti að vera 10 m eða lengri. Í Norðurlandskjördæmi eystra eru 22 ár óbrúaðar, þar sem brúin væri 4—10 m, en 6, þar sem brúin væri 10 m eða lengri. Og í Austurlandskjördæmi eru 62 ár óbrúaðar, þar sem brúin væri 4—10 m, og 29, þar sem brúin væri 10 m eða lengri. Í Suðurlandskjördæmi eru 9 ár óbrúaðar, þar sem brúin væri 4—10 m, og 12, þar sem brúin þyrfti að vera 10 m eða lengri. Af þessu má sjá, að þetta er ærið misjafnt í hinum ýmsu kjördæmum.

Svo er hér fskj. VII, þar sem taldir eru upp þjóðvegir í þéttbýli, fskj. VIII, lenging þjóðvega með nýju vegal. Þjóðvegirnir lengjast í hverju kjördæmi fyrir sig. Ég sé ekki ástæðu

til þess að vera að lesa það upp og ekki heldur töflur á fskj. IX og fskj. X, yfirlit yfir þjóðvegi, eins og þeir eru í hverju kjördæmi 1. janúar 1964. Þetta skýrir sig allt saman sjálft, þegar hv. þm. athuga það.

Þar sem þjóðvegur er talinn byrja eða enda í kaupstað eða kauptúni með eða yfir 300 íbúa, er aðeins nefnt nafn staðarins, þar sem enn hefur ekki unnizt tími til þess að semja reglugerð samkv. 30. gr. vegal. um það, hvaða vegir í kaupstöðum og kauptúnum skuli teljast þjóðvegir. Og þess vegna hefur ekki verið talið fært að þessu sinni að skilgreina eða ákveða mörkin nákvæmlega til frambúðar í þessu skyni. En það verður að gerast með þeirri vegáætlun, sem lögð verður fram á næsta hausti til 4 ára. Þá verður væntanlega búið að semja þá reglugerð, sem hér um ræðir, og ákveða takmörkin, eins og þau skulu verða til frambúðar.

Eins og ég sagði áðan, er vegáætlun sú, sem hér er um að ræða, aðeins fyrir þetta ár, og hún er nokkuð seint fram komin. Ég hef oft heyrt hv. þm. spyrja: Hvenær kemur vegáætlunin? En það liggur í augum uppi, að mesta vinnan hjá vegamálastjórninni var að semja fyrstu vegáætlunina, þ. e. að draga línurnar samkv. vegalögunum um flokkun veganna og telja upp alla þá staði, sem til greina koma, og það verk, sem hér hefur verið unnið, notast vitanlega til frambúðar, þótt þessar áætlanir geti tekið breytingum, og vegáætlun til 4 ára verður vitanlega með allt öðrum hætti en sú, sem hér er um að ræða og er til eins árs.

Ég hygg, að hv. þm. séu sammála um það, að till. sú, sem hér hefur verið borin fram, ásamt öllum þeim fskj., sem með eru, gefi glöggt og gott yfirlit yfir vegamálin og brúamálin í landinu og hv. þm. hafi nú betri aðstöðu til þess að setja sig inn í öll þessi mál en oft áður.

Eins og ég sagði, er hér gerð till. um grófa skiptingu á því fé, sem er til umráða. Það er aðeins lagt til, hversu mikið fé skuli fara í stórbrýr, í brýr lengri en 10 m og í smábrýr. Það er lagt til, hversu mikið fé skuli fara í vegaviðhald og vegmerkingar. Það er lagt til, hversu mikið fé skuli fara til nýbyggingar vega, í hraðbrautir, þjóðbrautir og landsbrautir. Og það er lagt til, hversu mikið fé skuli fara til fjallvega o. s. frv. En svo er það hv. Alþingi, sem deilir þessu niður nánar á hinar ýmsu framkvæmdir í kjördæmunum og viðs vegar um landið. Og að því leyti verður unnið að skiptingu vegafjárins með svipuðum hætti og áður var.

Till. þessari verður væntanlega vísað að lokinni þessari umr. til hv. fjvn., sem tekur málið til meðferðar á svipaðan hátt og áður. Og vegamálastjóri mun senda fjvn., eins og á undanförnum þingum, sundurliðaða grg. og till. um það, hvernig fénu skuli skipt á hinar ýmsu framkvæmdir á þessu ári. Við höfum að þessu sinni rúmlega 100 millj. kr. meira fé til umráða en var, þegar fjárlög fyrir árið 1963 voru samin, og það, sem var á fjárl. 1963. Ég er hins vegar alveg viss um það, að hv. þm. finnst hér ekki um of ríflega upphæð að ræða, þegar farið verður að skipta fénu, því að þarfirnar eru alls staðar miklar og kröfurnar stöðugt vaxandi um að bæta samgöngurnar. Og það út af fyrir sig er ekkert undrunarefni, þótt þeir bæir, þær sveitir, þau héruð, sem hafa erfiðar og lélegar vegasamgöngur, leggi áherzlu á það, að úr því verði bætt sem allra fyrst. En það er enginn vafi á því, að nýju vegalögin marka tímamót, þau marka þáttaskil í þessum málum og með þeim er gengið inn á nýjar brautir, sem munu reynast vel og farsællega. Og það er von mín, að vegaféð muni eftirleiðis nýtast betur en áður með breyttri vinnuaðferð og með því að fá bættan vélakost fyrir vegagerðina og taka til meðferðar hverju sinni stærri verk en oft hefur áður verið gert.

Ég vil svo, herra forseti, leggja til, að þessari till. verði að lokinni umr. vísað til síðari umr. og hv. fjvn.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Þá er komin fyrsta vegáætlunin samkv. nýju vegalögunum. Ég verð að játa, að ég hef ekki haft tækifæri til að athuga til fullrar hlítar öll einstök atriði, sem upplýsingar eru gefnar um í þeim miklu skilríkjum, sem birt eru með þessari fyrstu vegáætlun. En ég hef samt sem áður verið þess hvetjandi, að þetta mál yrði tekið strax á dagskrá, og mun stuðla að því, að fyrri umr. þurfi ekki að verða löng, og það er af áhuga á því, að málið komist sem allra fyrst í fjvn., til þess að hún geti farið að vinna að því.

Okkur er öllum ljóst, að það er mjög liðið á þingtímann og hver mínúta dýr svo að segja fyrir fjvn. að vinna að þessu, því að hún á fram undan mikið og örðugt verkefni, en það er að skipta því fé, sem hér er stungið upp á, í einstakar framkvæmdir í landinu. En það er ekki auðvelt verk, eins og mun koma fram að sumu leyti í þeim fáu orðum, sem ég ætla að koma hér á framfæri við þessa fyrri umr.

Fyrst vil ég minna á, að Framsfl. fylgdi því eindregið, að lagðar yrðu nýjar álögur á, u. þ. b. 100 millj. kr., og þeim varið til veganna og brúanna. Þetta er nýstárlegt, að stjórnarandstaða fylgi þannig stórum nýjum álögum, og ekki sízt þegar þannig stendur á, að við teljum, að ríkisstj. hafi sópað af fólki óþarflega miklu fé með hinum nýjustu samþykktum í því efni. En við gerðum þetta, eins og við sögðum greinilega, vegna þess að okkur var ljóst, að það mundi ekki fást nýtt fé til veganna og brúnna nema með því að leggja á í því skyni nýjar álögur. Þegar við vorum alveg sannfærðir um þetta, vildum við heldur vera með í því að leggja nýju álögurnar á og að þær rynnu þá í vegina til viðbótar en að horfa lengur upp á ástandið eins og það var orðið. Og þegar við nú sjáum þessa vegáætlun, sem hér er lögð fram, og þær skýringar, sem henni fylgja, vænti ég, að mönnum skiljist, að það var ekki einkennilegt, þó að við tækjum þennan kostinn. Við sjáum nefnilega nú, jafnvel enn greinilegar en áður hefur legið fyrir nokkurs staðar, í hvert óefni vegamálin og brúamálin voru komin, og sannast að segja verð ég að játa, að þótt ég teldi mig dálítið kunnugan þessum málum, hnykkir mér við, þegar dregin er upp af þessu jafnskýr og vafalaust sönn mynd og gert hefur verið í fskj. þessa frv. Ég held, að okkur hljóti að hnykkja við, þegar við sjáum, hvað þessar miklu nýju álögur hrökkva skammt til þess að bæta úr þörfinni.

Ég ætla ekki að fara langt út í þetta mál, vegna þess áhuga, sem ég hef fyrir því, að það komist í n., þar sem það á að fá þýðingarmikla athugun, og stikla því á stóru.

Í fyrsta lagi vil ég benda á, að það kemur greinilega í ljós af þessum upplýsingum, sem hér liggja fyrir, að vegagerð hefur að verulegu leyti verið haldið áfram með því að taka lán. Bæði hefur ríkið sjálft tekið lán upp á framtíðina, og eins hafa sveitarfélögin unnvörpum tekið stórlán til þess að halda vegagerðinni gangandi. Það kemur í ljós, að sveitarfélögin hafa dregið og draga á eftir sér skuldaslóðann, og þau hafa tekið þessi lán til að reyna að koma í veg fyrir, að vegagerð stöðvaðist alveg.

Ríkið hefur svo í vaxandi mæli einnig farið inn á þá braut að taka lán til vegagerða, eins og við sjáum á því, að nú þarf stórfé til að greiða af þeim lánum, og áhöld handa vegagerðinni hafa verið keypt með lánum, og nú þarf stórfé til þess að greiða af þeim. Þannig hefur þessu upp á síðkastið verið draslað áfram og byrðarnar lagðar á framtíðina, og getum við því nokkurn veginn séð, hvað hefði beðið okkar, ef menn hefðu þó ekki rifið sig upp og lagt á þessar nýju álögur til að fá aukið fé inn í þessi mál, fyrst ekki var látið meira af ríkisfénu sjálfu, sem þó hefði verið eðlilegt.

En það er til marks um þessi efni, að samkv. þeim skýrslum, sem hér liggja fyrir, er ráðgert, að ætti að borga upp skuldaslóðann, sem sveitarfélögin draga á eftir sér, og greiða fastar afborganir og vexti af þeim lánum, sem ríkið hefur tekið vegna vegagerðar, mundi þurfa 43 millj. af vegafénu í að koma þessu í kring. Og þannig er dæminu í raun og veru stillt upp í grg., að 43 millj. af vegafé þessa árs fari til þess að greiða skuldir, sumpart skuldir ríkisins sjálfs, afborganir og vexti af þeim, bæði vegna Keflavíkurvegar og fleiri vega, enn fremur vegna áhaldakaupa, og svo þær skuldir, sem sveitarfélögin hafa stofnað til.

Hitt er svo annað mál, eins og hæstv. ráðh. sagði, hvort það er hugsanlegt, þó að þessu sé stillt svona upp til þess að sýna ástandið, að klípa svo mikið af fjárveitingunum til nýju veganna, jafnvel þó að þær hækki eitthvað, sem þær væntanlega gera, til þess að sveitarfélögin geti greitt þessar skuldir sínar á einu ári eða tveimur. Um það skortir mig þekkingu til að dæma. En þetta er sú mynd, sem blasir við, af þeim hnút, sem þessi efni voru í komin. Auðvitað veit ég, að það hefur áður komið fyrir, að sveitarfélög hafa tekið lán til að greiða fyrir vegagerðum, en það er augljóst af þessu, að þetta hefur orðið sí og æ í vaxandi mæli, eftir því sem þessi mál urðu erfiðari viðfangs vegna stórvaxandi dýrtíðar, en lítið eða ekki hækkandi fjárveitingar.

Ef ætti að greiða upp allar þessar skuldir og dæmið væri tekið bókstaflega, eins og það er í grg., þá færu aðeins 24 millj. í nýlagningar á þessu ári, í nýja þjóðvegi af öllu tagi. En sem sagt, þetta fer þó eftir því, hversu langt verður gengið í að reyna að ryðja af strax hinum gömlu skuldum sveitarfélaganna, en auðvitað verður að greiða föstu greiðslurnar af ríkislánunum, sem tekin hafa verið til vegagerðanna. Það kemur nú í ljós, að það hafa verið um 18½ millj., sem sveitarfélögin voru búin að taka að láni samtals til að fleyta vegagerðunum áfram og standa nú að sjálfsögðu straum af.

Þá er fleira, sem sýnir, hve mikill vandi er á höndum þrátt fyrir þennan tekjuauka í vega- og brúamálin. T. d. það, að fjárveiting til brúa yfir 10 m er hugsuð 12 millj. í þessari vegáætlun, og er það í raun og veru engin hækkun frá því, sem áður hefur verið, eins og upplýst er í grg. Það er aðeins hækkun, sem svarar auknum stofnkostnaði við brýrnar. Það eru því ekki auknar fjárveitingar til þessara brúa. En þó er þannig ástatt um þessi mál, að óbrúaðar ár á þjóðvegum yfir 10 m að lengd, sem eiga að koma þarna til greina, eru hvorki meira né minna en 70 talsins og ástandið í þessum efnum víða mjög alvarlegt og búið að vera alvarlegt undanfarið. En þrengslin í vegáætluninni eru svona ofboðsleg, að jafnvel þeir, sem hafa fullkomlega opin augu fyrir þessu vandamáli, treysta sér ekki til að stinga upp á hærri fjárhæð en 12 millj. í þessu skyni, eða óbreyttum fjárveitingum til þessa þáttar í brúarmálunum. Það er að vísu dálítið meiri hækkun ráðgerð á smábrúnum, enda hefur ástandið verið ömurlegra en hægt er að lýsa, að því er varðar framkvæmdir í þeim efnum.

Þá enn eitt dæmið, sem sýnir vandamálið, og það er vegaviðhaldið. Það er gert ráð fyrir að hækka vegaviðhaldið í 85 millj. kr., en samkv. þeim upplýsingum, sem fyrir liggja í málinu, er ekki þar um neina raunverulega aukna fjárveitingu að ræða til vegaviðhalds, því að sérfræðingar gera ráð fyrir, að vegna aukins kostnaðar við vegaviðhald og lengingar þjóðvegakerfisins verði í raun og veru hægt að halda vegunum álíka vel eða réttara sagt álíka illa við með 85 millj. nú og 70 millj. áður, eða þannig skil ég dæmið. En samt sem áður verða í þetta að fara 15 millj. af þeim peningum, sem aflað var til viðbótar í vegina. Og þó að 15 millj. fari í þetta af þeim, þá á ástandið samt sem áður að verða eins í viðhaldsmálunum og það hefur verið. Og því miður er þá óhætt að segja: eins slæmt og áður. Ég held, að það sé enginn ágreiningur um, að í raun og veru hafi ekki verið hægt með því fé, sem veitt hefur verið til viðhaldsins, að halda vegunum við. Þeim hefur víða hrakað vegna skorts á viðhaldi.

Lítum svo enn á einn lið, áhaldaliðinn. Hæstv. ráðh. lýsti áðan með sterkum orðum, hversu lélegur væri áhaldakostur vegagerðarinnar, en hefði þó verið bætt talsvert úr í fyrra. En þá kemur í ljós, að þær úrbætur hafa verið gerðar fyrir lánsfé, sem nú þarf að greiða af vegafénu, og meginhlutinn af þeirri hækkun, sem gert er ráð fyrir á áhaldaliðnum, er til þess að greiða upp í þessar skuldir, sem stofnað hefur verið til vegna áhaldakaupa.

Eins og ég sagði áðan, er það ekki ætlun mín að fara að setja hér á langa ræðu um þessi efni, því að efnið er í sjálfu sér nálega ótæmandi, ef ætti að fara að ræða það í einstökum atriðum. En ég vildi bregða upp þessum myndum, sem mér hnykkti nokkuð við að sjá, þó að ég teldi mig dálítið kunnugan þessum málum. Og þær sýna okkur, hversu ódrjúgar verða í framkvæmdinni, því miður, miðað við hina stórkostlegu þörf, þessar 100 millj., sem við

vorum að sameinast um að taka með nýjum sköttum.

Það er ekki nein ástæða til þess að fara að ræða hér um skiptingu á þessu fé á milli liða, og í raun og veru er ekki heldur hægt að skapa sér fullkomlega skoðun á þessu, fyrr en öll gögn eru komin fram frá vegamálastjóra, t. d. tillögur um skiptinguna á þessu fé í einstaka liði. Þess vegna fer ég ekki út í þau efni núna. En ég er að benda á þetta, sem ég hef dregið fram, til að sýna mönnum, að allar upplýsingar hníga nú í þá átt, að það verður að halda áfram baráttunni fyrir því, að það fáist meira fé til veganna og brúnna en gert er ráð fyrir í þessari vegáætlun. Þetta er sýnilega alveg óhjákvæmilegt og lífsnauðsyn. Og það er einmitt á þeirri hugsun, sem fær nú stórum aukinn stuðning við þær upplýsingar, sem hér eru lagðar fram, sem byggð hefur verið barátta okkar framsóknarmanna hér á hv. Alþingi fyrir því, að þær álögur, sem raunverulega eru lagðar á umferðina í landinu, fái að renna til vega- og brúargerða, a. m. k. í vaxandi mæli, ef menn geta ekki fallizt á, að það verði gert í einu stökki, að það verði a. m. k. í áföngum stefnt að því, að svo verði í raun og veru. En mér taldist þannig til í vetur eftir upplýsingum góðra manna, að það mundu vera um 200 millj., sem ríkissjóður hefði til almennra þarfa af því fé, sem raunverulega er lagt á umferðina, og það alveg jafnt fyrir því, þótt það fé gangi til veganna og brúnna, sem greint er í þessari vegáætlun. Ég vil þess vegna lýsa yfir því, — og það var í raun og veru erindi mitt hingað til viðbótar því að benda á þau atriði, sem ég hef greint, — lýsa yfir því, að við munum halda áfram viðleitni okkar til þess að fá meira og meira af þessum álögum til vega- og brúamálanna.

Að lokum vil ég svo taka undir það með hæstv. ráðh., að þó að við höfum verið óþolinmóðir að bíða eftir vegáætluninni, þá sjáum við auðvitað, þegar við athugum þetta mál og þau skilríki, sem prentuð eru með henni, hvílík óhemju vinna það hefur verið að setja upp þetta nýja kerfi, og þurfum því ekki að undrast, þó að það hafi tekið mikinn tíma á vegum vegamálastjórnarinnar, enda sýnist þetta allt vera glöggt og skilmerkilega fyrir lagt og gefa góðan grundvöll til þess að sjá, hvernig ástandið er í þessum málum. Þetta er mjög skýr mynd af ástandinu, sem nú kemur fram, og þarna er lagður nýr grundvöllur til að byggja á frekari sókn, einmitt í þessum málefnum. Ég vil því alls ekkert finna að því, þó að þetta hafi dregizt.

Þá vil ég minna á eitt, sem ég gleymdi áðan, og það er þetta: Ég hafði staðið í þeirri meiningu, að í vegáætluninni ættu að vera greindar allar fyrirhugaðar vega- og brúargerðir, líka þær, sem fyrirhugað væri að gera fyrir lánsfé. En ég sé ekki, að þetta sé ráðgert. Hér í þessari vegáætlun eru ekki ráðgerðar neinar nýjar framkvæmdir, svo að ég fái séð, fyrir lánsfé á vegum ríkisins, þ. e. a. s. af lánum, sem ríkið tæki. Í því sambandi vil ég leyfa mér að spyrja: Er ekki meiningin að halda áfram með Keflavíkurveginn, og er ekki hugsunin sú að ljá máls á því að taka líka lán í ýmsar aðrar aðkallandi vegaframkvæmdir í öðrum landshlutum einnig, nokkuð til jafnvægis á móti því, sem gert hefur verið? Ég hef staðið í þeirri meiningu, að þetta væri hugsunin, og þá hef ég ætíð skilið það svo, að þetta eigi að koma inn í vegáætlunina. Þar ættu að koma allar vegagerðir og allar brúargerðir, bæði þær, sem kostaðar eru af beinum fjárveitingum á fjárl., einnig þær, sem kostaðar eru af skattinum, sem við lögleiddum í vetur, og loks þær, sem áætlaðar væru með lántökum. Með þessu eina móti fæst auðvitað alveg fullt yfirlit yfir þetta mál, að þetta sé allt saman greint. Þá kæmu hér til viðbótar þær vegagerðir, sem greiddar yrðu af lánsfé ríkisins, og aftur teknamegin þau lán, sem til þeirra ætti að taka. Ég vil beina þessu sérstaklega til hæstv. ráðh. og hv. fjvn., að þessi háttur verði á hafður, þannig að með þessari aðferð verði öll vega- og brúamálin tekin til meðferðar og engu þar undan skotið, það komi allt í einni mynd og verði allt í heild gert upp. Og ég vil vona, sannast að segja, að um þetta geti náðst samkomulag.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Vegáætlun sú, sem lögð er nú hér fyrir Alþingi samkv. nýjum vegalögum, er lögð fram í þál.-formi, og er það í samræmi við það, sem ráðgert hafði verið í hinum nýju vegalögum. Eins og þessi þáltill. ber með sér, er hún í allmörgum liðum, og ekki kæmi mér á óvart, miðað við það, sem á undan er gengið hér á Alþingi, að ýmsir kynnu að óska atkvgr. hér um hina einstöku liði þessarar þáltill., þar sem annars vegar eru gerðar till. um fé til brúarframkvæmda og fé til ýmiss konar vegaframkvæmda. En því minnist ég nú á þetta, að hér fyrr á fundi í dag voru framin alveg einstæð þingskapaafglöp í sambandi við afgreiðslu þáltill. Ef ætti nú að fara eitthvað svipað að við afgreiðslu þessarar till. eins og hinnar, sem hér fékk raunverulega enga þinglega afgreiðslu, þá mundi sá háttur vera á hafður að bera upp til atkvgr. í sambandi við þessa þáltill. þann hluta af fyrstu setningu till., þar sem segir: „Alþingi ályktar samkv. ákvæði til bráðabirgða og III. kafla vegal., nr. 71 20. des. 1963“, þetta yrði borið upp, þó að þetta sé ekki nema hálf setning, og þar með væri allt málið úr sögunni. Ég er alveg viss um það, af því að ég hef verið hér á Alþingi í 22 ár, að það mun reynast vandfundinn forseti, sem ber þáltill. upp á slíkan hátt sem þennan oftar en einu sinni eða hann léti ekki fara fram leiðréttingu á slíku, þegar slík mistök henda forseta. Ég er auðvitað alveg fullviss um það, að þessi þáltill. hlýtur að verða þannig borin upp, eins og aðrar hliðstæðar þáltill. hafa áður verið bornar upp hér á Alþingi, að hinir einstöku efnisliðir till. geti fengizt bornir upp út af fyrir sig, og um þá á að fara fram efnisleg atkvgr., um efnisatriði málsins, og það hlýtur að verða gert. Ég er sannfærður um það, að þm. mundu telja, að ómögulegt væri að standa að afgreiðslu þessa máls, ef þannig ætti að fara að eins og hér var gert fyrr á fundi í dag. Við vitum, að allar þáltill. svo að segja einmitt hefjast á slíkum orðum sem þessum: „Alþingi ályktar að“, og svo kemur vitanlega efnisatriði málsins, en svo ætti að fara að taka upp þann hátt að bera aðeins upp þetta: „Alþingi ályktar að“, bera slíkt upp

út af fyrir sig til þess að koma sér hjá því að greiða atkv. um efnisatriði málsins. En ég vil sem sagt vænta þess, að þegar þessi þáltill., sem hér er til meðferðar, kemur til atkvgr., verði hafður á gamli hátturinn við að afgreiða þáltill., en ekki sá nýi, sem tekinn var upp hér í dag, og ég vona, að ekki muni finnast annað forsetaefni hér á Alþingi, sem viðhefur slíka reglu, því að það jafngildir vitanlega því að koma í veg fyrir það, að þm. fái að taka afstöðu til þeirra efnisatriða málsins, sem fyrir liggja.

En svo langar mig að víkja hér nokkrum orðum að nokkrum aðalefnisatriðum þeirrar till., sem hér liggur fyrir.

Þegar nýju vegalögin voru samþ. á Alþingi rétt fyrir jólin, var þar gert ráð fyrir nýjum tekjustofnum til þess að standa undir útgjöldum til vegamála í landinu og brúargerða og gert ráð fyrir því, að sú gjaldahækkun, sem þar var ákveðin, mundi veita nýjar tekjur á ári hverju, sem næmu í kringum 100 millj. kr. Og það var hér skýrt fram tekið, bæði af mér og fleirum, sem þátt tóku í þessum umr., að algert skilyrði fyrir því, að við stæðum með því að leggja á þessar nýju álögur, væri, að það mætti telja tryggt, að öll þessi fjárhæð kæmi sem viðaukaframlag til vega- og brúargerða í landinu, m. ö. o. að það væri alveg tryggt, að ríkissjóður drægi ekki til sín höndina frá því, sem áður hafði verið, miðað við þá tekjustofna, sem hann hafði þá þegar fengið. Og þannig var afgreiðsla málsins skilin á sínum tíma, að þetta mundi eiga að verða svo í framkvæmdinni. En nú eru sem sagt fyrstu till. í samræmi við hin nýju vegalög komnar hér fram. Mér sýnist, að þessar till. séu þannig, að eins og a. m. k. þær koma hér fram í grg. með þessari þáltill., leiki allmikill vafi á því, að hér verði um að ræða 100 millj. kr. meiri fjárveitingar til vega- og brúargerða en verið hefur í framkvæmd að undanförnu, t. d. á s. l. ári.

Ég skal þá víkja hér að nokkrum helztu liðunum.

Sá liðurinn, sem er stærstur og fyrirferðarmestur í sambandi við fjárveitingar til vegamála, er varðandi viðhald þjóðvega. Samkv. þessari till. er gert ráð fyrir, að varið verði til viðhalds þjóðvega á þessu ári 85 millj. kr., og er þar um að ræða 15 millj. kr. hærri fjárhæð en um var rætt í sambandi við afgreiðslu fjárl. fyrir yfirstandandi ár. En í grg., sem fylgir þessari till., er tekið fram, að þó að þessi hækkun verði nú samþ., sé þarna ekki um neinn viðauka að ræða í rauninni frá því, sem áður hafi verið, vegna þess að á tímanum hefur farið fram veruleg verðhækkun, viðhaldið verður dýrara í framkvæmd, og má því aðeins búast við því, að haldið verði í horfinu með þessari upphæð frá því, sem áður var. Mér sýnist því, að þessi fyrsti liður komi þannig fram í till., að það er ekki gert ráð fyrir meira viðhaldi en áður hefur verið, í bezta falli er gert ráð fyrir svipuðu viðhaldi og áður var. Þó er það rétt á mörkunum, því að núna er gert ráð fyrir því, að þjóðvegirnir verði allmiklu lengri en áður var, eða í kringum 11% lengri en áður var, þ. e. fleiri vegir í landinu flokkist undir þennan lið, og vitanlega krefst það miklu meiri fjárhæðar en áður var. M. ö. o.: á þessum veigamesta lið útgjaldanna, sem er viðhald þjóðvega, verður ekki um neina aukningu að ræða. Að vísu eru þar veittar heldur fleiri krónur til, en í bezta falli verður um það að ræða, að viðhaldið verði svipað og það var áður.

Annar liðurinn af þeim stærri í sambandi við vegamálin er svo framlög til nýrra þjóðvega. Þeim er skipt í þrennt í þessum till.: í fyrsta lagi hraðbrautir svonefndar, í öðru lagi þjóðbrautir og í þriðja lagi landsbrautir.

Um hraðbrautirnar er það að segja, að í grg. kemur fram, að nú er lagt til að verja til þeirra 10 millj. kr. En jafnframt er þess getið, að af þessu fé verði að greiða í vexti og afborganir af lánum, sem tekin hafa verið til Keflavíkurvegar, 6 millj. 778 þús. kr. og einnig verði að greiða til ríkissjóðs vegna fyrirframnotkunar á fé til Austurvegar, austur yfir fjall, 1.5 millj., eða af þessum 10 millj. verði að taka, vegna þess að þegar er búið að ráðstafa þeim, 8 millj. 278 þús. kr. Eftir eru þá til þessara hraðbrauta 1 millj. 722 þús. kr., eftir því sem grg. skýrir frá. Það er því alveg augljóst, að eins og þessi gögn liggja fyrir, er þarna ekki um aukningu að ræða frá því, sem áður hefur verið. Ef þannig á að verja fénu, sem kemur fram í þessari grg., þá verður greinilega um beinan samdrátt að ræða í sambandi við þessar framkvæmdir. Hér hefur að vísu verið á það minnzt, að það sé ekki endilega víst, að það þurfi að greiða upp öll þau lán, sem tekin hafa verið. Þó býst ég við því, að það verði ekki hægt að komast hjá því að borga umsamdar afborganir og vexti af lánum, sem tekin hafa verið, eins og t. d. í sambandi við Keflavíkurveginn.

Um annan liðinn í þessum efnum, þ. e. þjóðbrautir, samkv. áætluninni er gert ráð fyrir að verja til þeirra 23 millj. kr. En síðan er tekið fram, að af þessum 23 millj. kr. verði að renna í afborganir og vexti af lánum, sem tekin hafa verið, 4 millj. 685 þús. kr. og greiðsla til ríkissjóðs vegna fyrirframnotkunar 1 millj. 450 þús., og síðan eru talin bráðabirgðalán, sem tekin hafa verið til þessara framkvæmda úr hinum ýmsu héruðum, 5 millj. 150 þús., eða samtals 11 millj. 285 þús. kr. Og þá eru eftir af þessum lið 11 millj. 715 þús. kr., en til þessara vega höfðu verið veittar áður, á árinu 1963, 13 millj. 340 þús. kr., eða nokkru hærri fjárhæð en þarna er gert ráð fyrir, eins og í grg. segir, að varið verði til þessara framkvæmda. Þarna er því ekki um aukningu að ræða, heldur beinlínis um minnkun að ræða.

Þriðji liðurinn í sambandi við framkvæmdir við þjóðvegi eru hinar svonefndu landsbrautir. Samkv. þáltill. er gert ráð fyrir, að til þeirra verði varið á þessu ári 24 millj. 595 þús. kr., og síðan er fram tekið, að greiða þurfi ríkissjóði vegna fyrirframnotkunar 1 millj. 850 þús. og vegna bráðabirgðalána, sem tekin hafa verið í héruðum, 13 millj. 350 þús., eða þetta er samanlagt 15.2 millj., og þá eru eftir af þessum lið 9 millj. 395 þús. kr. En jafnframt er upplýst, að til þessara brauta hafi verið varið á s. l. ári, ekki 9 millj. 395 þús. kr., eins og þarna er eftir, heldur 18 millj. 400 þús. kr. Þarna er því greinilega um verulegan samdrátt að ræða, svo framarlega sem á að haga framkvæmdinni

á þann hátt, sem hér er stillt upp í þeirri grg., sem fylgir með till.

Þetta er engan veginn eins og til hafði verið ætlazt af þeim, sem stóðu með því að hækka verulega álögur á umferðina í landinu til þess að tryggja á þann hátt 100 millj. kr. í auknar tekjur á ári, sem ættu að öllu leyti að renna sem viðbótarframlög við það, sem áður hafði verið varið til vega- og brúargerða í landinu.

Um framlög til brúargerða segir í þessari ályktun, að til stórbrúa svonefndra sé áætlað að verja 13 millj. kr., en hins vegar upplýst, að árlegar tekjur brúasjóðs, sem áður stóð undir slíkum framkvæmdum, hafi verið í kringum 10.4 millj. kr. Virðist því greinilegt, að hér sé um litla hækkun að ræða frá því, sem hafði verið í tíð brúasjóðs, a. m. k. fram yfir það, sem samsvarar beinni verðhækkun, sem orðið hefur á byggingarframkvæmdum. Um fjárveitingar til brúa, sem eru 10 m og lengri, er lagt til nú að varið verði 12 millj. kr., en var á s. l. ári varið 10 millj. 705 þús. kr., en þess er síðan getið, að nú þurfi af fjárveitingunni í ár, af þessum væntanlegu 12 millj. kr., að greiða 2.2 millj. kr. til ríkisins og upp í bráðabirgðalán, þar sem þarna hafi verið unnið fyrir meira en búið var að veita til framkvæmdanna. Og til smábrúa er síðan áætlað að verja 6 millj. kr., en mun hafa verið 4 millj. kr. árið 1963, og þar er því um nokkra hækkun að ræða.

Ég veitti því athygli, að hæstv. samgmrh. gat þess, þegar hann talaði hér fyrir málinu, að þó að uppsetningin í grg. till. væri á þessa lund, að gert væri ráð fyrir því að greiða bæði umframnotkun, sem fram hefði farið, endurgreiða ríkinu það, og einnig væri gert ráð fyrir því að greiða upp bráðabirgðalán, sem tekin hefðu verið í héruðum, væri ekki þar með sagt, að þessu þyrfti að haga svona í framkvæmdinni, og vel má það vera. En eins og málið er lagt hér fyrir Alþingi, er þessi grein gerð fyrir því, og það er ekki hægt að sjá annað en til þess sé ætlazt, að þessar fjárhæðir verði goldnar á þennan hátt, því að það er ekki heldur gert ráð fyrir því í þessari vegáætlun, að tekin séu nein ný lán, því að þá þyrfti auðvitað að geta þess hér í áætluninni um leið.

En það er alveg ljóst af þessari till. til þál., að hins vegar stendur það, að um allverulegar úrbætur verður að ræða í sambandi við fjárveitingar til vegagerðar í kauptúnum og kaupstöðum. Til vegagerða á þeim stöðum er nú áætlað að verja rúml. 30 millj. kr., en í því skyni var svo að segja engu fé varið áður. Þar er um mjög verulega bót að ræða frá því, sem áður hafði verið.

Einnig er greinilegt, að framlög til sýsluvega hækka talsvert frá því, sem áður var. Ríkið mun hafa greitt til sýsluvega í kringum 3 millj. kr., en nú er gert ráð fyrir að verja í því skyni um 10 millj. kr.

Það er líka ljóst, að ætlað er að verja nokkru meira fé en áður hefur verið gert til véla- og áhaldakaupa hjá vegagerðinni. Og það er vitanlega ekkert nema gott um það að segja.

En það, sem mér sýnist af þessu vera aðalatriðið, er, að það þarf að halda þannig á þessu máli nú við afgreiðslu þess hér á hv. Alþingi, að ráðstafanir séu gerðar til þess, að þau bráðabirgðalán, sem tekin hafa verið til vegaframkvæmda í héruðum, verði greidd af ríkissjóði. Það er löngu búið að vinna fyrir þetta fé, og það var ekki meiningin að leggja á þennan nýja skatt, það var ekki túlkað þannig, að það væri verið að leggja á þennan nýja skatt til þess að borga upp skuldir, sem upp höfðu safnazt áður vegna þeirra framkvæmda, sem höfðu verið gerðar í vegamálum. Ríkið verður að taka að sér þessar greiðslur, semja um lánin eða þá nota umframtekjur ríkisins nú til þess að greiða þessar skuldir upp, og eins verður að koma því þannig fyrir, að þær umframgreiðslur, sem orðið hafa hjá vegamálastjórninni fram yfir það, sem fé hafði verið veitt til beint á fjárlögum, af því, sem ríkissjóður hefur beinlínis greitt, það verði flokkað undir umframgreiðslur hjá ríkissjóði, en ekki farið að taka hinn nýja tekjustofn til þess að borga það upp. Þetta álít ég, að sé höfuðatriði í málinu, að þessar ráðstafanir þurfi að gera, svo að það sé hægt að standa við það, sem hér kom greinilega fram við afgreiðslu hinna nýju vegalaga, að það verði sannanlega hægt að verja til framkvæmda í vega- og brúargerðum á þessu ári a. m. k. 100 millj. kr. hærri fjárhæð en gert var t. d. á árunum 1962—1963. Stórframkvæmdir eins og að leggja Keflavíkurveg og reyndar fleiri vegi verða að vinnast að verulegu leyti með því að halda áfram að taka lán til þeirra, svo að hægt sé að dreifa stofnkostnaði þeirra á mörg ár. Ef á að fara að taka fé af þessum takmörkuðu tekjustofnum, sem fyrir hendi eru til vega- og brúargerða almennt í landinu, til þess að leggja þá vegi, eins og nú standa sakir, þá vitanlega yrðu margir menn fyrir vonbrigðum, sem hafa gert sér vonir um það, að almennar framkvæmdir í öllum héruðum landsins gætu farið talsvert vaxandi einmitt við setningu hinna nýju vegalaga frá því, sem áður hafði verið.

Ég skal ekki, bæði af því, að það er komið nokkuð fram yfir venjulegan fundartíma, og eins af því, að ég vil mjög gjarnan, að þetta mál geti komizt til fjvn., svo að öll gögn, sem því hljóta að fylgja, fái að koma fram í málinu, lengja hér umr. frekar en orðið er, en vil leggja á það höfuðáherzlu, að ráðstafanir verði gerðar til þess að standa við það meginloforð, sem gefið var við setningu vegalaganna, að séð verði um það, að til framkvæmda verði a. m. k. 100 millj. kr. hærri fjárhæð á þessu ári heldur en var t. d. að meðaltali árin 1962 og 1963 og þá gert ráð fyrir því, ef fé hrekkur ekki að öðru leyti, að tekin verði nauðsynleg lán, til þess að hægt verði að standa við það meginloforð.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það er nú ekki ýkjamargt, sem ég þarf að ræða í tilefni af ræðum þeirra tveggja hv. þm., sem hafa talað, eftir að ég lauk minni framsöguræðu.

Hv. 1. þm. Austf. minntist á það, að hann saknaði þess, að það væri ekkert í sambandi við þessa till. varðandi lánsfé og framkvæmdir, sem unnar væru fyrir lánsfé, og það var nú ekki meiningin, við höfðum ekki skilið það svo, sem með samgöngumálin förum, að það ætti að koma fram í þessari áætlun, heldur einungis þau verk, sem tekjur samkv. þessari áætlun

eiga að fara í. Hins vegar liggur það vitanlega í augum uppi, að einhvers staðar verður það að koma fram fyrir augu þingmanna, hvaða framkvæmdir á að vinna fyrir lánsfé, t. d. Reykjanesbrautin, Strákavegurinn og Ennisvegurinn, sem lokið var við á s. l. ári. Vegamálastjóri mun senda grg. til hv. fjvn. um þetta og gera grein fyrir því um þær framkvæmdir, sem fyrirhugað er að vinna að eftir framkvæmdaáætlun ríkisstj., hvernig ætlað er að vinna samkv. þeirri áætlun og afla fjár í því skyni. Og það hefur aldrei verið meiningin að taka af tekjum þessarar vegáætlunar til þess að framkvæma verk eins og Reykjanesbrautina og ekki heldur Strákaveginn. Til þeirra framkvæmda verður að taka lán, og það mun verða gerð grein fyrir því á öðrum vettvangi.

Hv. 5. þm. Austf. flutti hér ræðu, sem mér kom dálítið einkennilega fyrir eyru, því að hann vildi gefa í skyn, að það hefði ekki verið staðið við þau fyrirheit, sem gefin voru, þegar gengið var frá vegalögunum fyrir jólin í vetur. Þetta er vitanlega alveg fráleitt, að halda slíku fram, því að ríkisstj. eða vegamálastjórnin hefur á engan hátt brugðizt því fyrirheiti. Það er í fjárl. sú upphæð, 47.1 millj. kr., sem heitið var þá, og út frá því hefur ekki verið brugðið. Og það er rúml. 100 millj. kr. meira fé til ráðstöfunar vegamálanna 1964 heldur en var á fjárlögum fyrir árið 1963. Þetta kemur allt heim og saman við það, sem talað var um, þegar verið var að afgreiða vegalögin. Og mér dettur ekki í hug að ætla það, að hv. þm. hafi vísvitandi viljað halda þessu fram og bera það á vegamálastjórnina, að hér hafi eitthvað verið út af brugðið. Hér hlýtur að vera um einhvern misskilning að ræða hjá hv. þm. Það getur ekki verið annað.

Hv. þm. gerði að umtalsefni lánin, sem hefðu verið tekin á s. l. ári til margs konar framkvæmda, til þess að hrinda verkum áfram í hinum ýmsu kjördæmum, og leggur þessi lán við fjárveitingarnar, og þegar hann hefur lagt lánin við fjárveitingarnar, sem eru á fjárlögunum, þá kemst hann að raun um, að þetta er allhá upphæð og miðað við það sé nú um óverulega hækkun að ræða samkv. vegáætluninni. Þetta gæti nú staðizt að nokkru leyti, ef ekki hefði verið tekið lán til vegaframkvæmdanna fyrr en á árinu 1963. En hv. 5. þm. Austf. gleymdi að geta þess, hversu há upphæð af fjárlagafénu 1963 var notuð til þess að greiða skuldir, sem stofnað var til á árinu 1962. Og þegar hv. þm. gerir sér grein fyrir því, að veruleg upphæð af fjárlagafénu 1963 var notuð til þess að greiða skuldir frá árinu 1962, þá kemst hv. þm. að raun um það, að sú upphæð, sem hann nefndi að hefði verið til ráðstöfunar 1963, til framkvæmda það ár, er miklu lægri. Það var ekki byrjað á að taka lán til vegaframkvæmda 1963. Þetta hefur tíðkazt í mörg, mörg undanfarin ár. Ég held, að þetta hafi tíðkazt síðan ég kom á þing, fyrir 22 árum, en misjafnlega mikið á hverju ári, og það er rétt, sem sagt var hér í dag, að þetta hefur farið í krónutölu vaxandi með hverju ári undanfarið.

Ég er sannfærður um það, að hv. 5. þm. Austf. hefur flutt þessar staðhæfingar hér í dag að lítt athuguðu máli, og þegar hann reiknar dæmið til enda, þá sér hann, að fullyrðingar hans geta ekki staðizt. Það var ekki á árinu 1963 unnið fyrir fjárlagafé og lánin, heldur var unnið fyrir það, sem afgangs var, eftir að búið var að greiða það, sem tekið var að láni 1962. Ég hef það ekki hér fyrir framan mig, hvað þetta var mikið, en það man ég, að þessi lán voru allhá 1962, skiptu mörgum milljónum og voru áreiðanlega hátt á 2. tug milljóna til brúa og vega.

Ég ætla nú, að þegar hv. þm. gerir sér grein fyrir þessu, hætti hann að fullyrða, að það hafi eitthvað brugðizt af þeim fyrirheitum, sem gefin voru í vetur við afgreiðslu vegalaganna. Það er nú eins og þá rúmlega 100 millj. kr. meira til ráðstöfunar en var samkvæmt fjárlögum 1963. Það eru 47.1 millj. kr. greiddar úr ríkissjóði til framkvæmdanna, eins og talað var um, þegar við vorum að afgreiða fjárlögin.

Hv. þm. talar um, að það hefði verið unnt að leggja eitthvað meira fram úr ríkissjóði en var á fjárlögum. Og það má geta þess, að það voru greiddar úr ríkissjóði fram yfir fjárlög til viðhaldsins 4 millj. kr., eins og ég tók fram í dag, en það voru ekki miklar upphæðir að öðru leyti, sem ríkissjóður greiddi fram yfir fjárlög til þessara framkvæmda.

Hv. þm. talaði um, að það væri eðlilegt, og reyndar sagði hann, að það væri sjálfsagt, að ríkissjóður greiddi bráðabirgðalán, sem ýmsir hreppar og héruð hefðu tekið til framkvæmda á s. l. ári. Það væri ekki réttmætt að taka fé, sem úthlutað væri úr vegáætluninni til ýmissa héraða, til þess að greiða þessar skuldir. Ég er hræddur um, að það verði erfitt að skapa réttlæti með því að greiða þetta úr ríkissjóði, því að eitt er víst, að hin ýmsu kjördæmi létu undir höfuð leggjast að stofna til skulda, að taka lán á s. l. ári til vegaframkvæmda, ekki af því, að það væri ekki brýn þörf á slíkum framkvæmdum í kjördæminu, heldur var þetta látið ógert, og kannske er það vegna þess, hversu þm. hafa verið misjafnlega mikið aðgangsharðir og duglegir við lántökurnar. Sumir þm. hafa e. t. v. haft möguleika til útvegunar á lánum, sem aðrir höfðu ekki. Ég spyr nú: Fyndist mönnum það réttlátt, að þeir, sem tóku mest af lánum í fyrra, fengju það nú greitt úr ríkissjóði og úthlutað af hinu almenna vegafé samkv. áætlun eftir sem áður, en þeir, sem tóku ekki lán í fyrra, þótt brýn þörf væri fyrir framkvæmdir, ættu að gjalda þess og fá miklu minna fé í ár vegna framkvæmda heldur en hinir, sem tóku lánin í fyrra? Ég býst við, að hv. 5. þm. Austf. sjái, þegar hann fer að hugsa um þessa fullyrðingu, að hún getur ekki staðizt og er engan veginn réttlát. Ef ástæður væru fyrir hendi að auka framlag ríkissjóðs til vegaframkvæmda, þá ætti vitanlega sú greiðsla að koma inn í vegáætlunina, svo að það yrði meira til þess að skipta upp til hinna ýmsu kjördæma og ýmsu framkvæmda um landið, en sú aukagreiðsla, ef til kæmi, ætti ekki að koma sem verðlaun til þeirra, sem tóku lán í fyrra, eða verka sem refsivöndur á þá, sem tóku ekki lán.

Nú geri ég ráð fyrir því, og ég held, að það sé rétt að taka það hreinlega fram hér, að ég geri ekki ráð fyrir því, að í þetta sinn sé til nokkurs hlutar að fara fram á aukafjárveitingu

til vegaframkvæmda á þessu ári. Það er langt liðið á árið, og fjárlög voru afgreidd fyrir áramót, eins og hv. þm. vita, og ég geri ráð fyrir því, að hv. þm. verði að bíða til haustsins með frekari kröfur á ríkissjóð til vegaframkvæmda en orðið er nú. Þá er vitanlega öllum hv. þm. frjálst að koma með brtt. og frekari kröfur á ríkissjóð, og þá með afgreiðslu fjárlaganna verður tekið til athugunar, að hve miklu leyti verður hægt að verða við því að hækka þá fjárupphæð, sem ríkissjóður greiðir í þessu skyni.

Að öðru leyti tel ég ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta. Þetta voru smávegis athugasemdir í tilefni af því, sem hér var sagt í dag, og ég fagna því, að báðir þeir ræðumenn, sem til máls tóku, vilja stuðla að því, að málið komist sem fyrst til n., því að það er enginn vafi á því, að nefndarinnar, sem fær þetta mál, bíður mikið starf, og það er nauðsynlegt, að hún fái málið sem fyrst til meðferðar.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég tók eftir því, að hæstv. samgmrh. gerði það að till. sinni í dag, þegar hann fylgdi þessu máli úr hlaði, að því yrði vísað til síðari umr. og fjvn. Nú vildi ég leyfa mér að gera þá till., að fyrri umr. yrði ekki lokið, áður en málinu verður vísað til fjvn., þannig að framhald fyrri umr. yrði, eftir að n. hefur fjallað um málið. Þetta er í samræmi við það, sem gert er, þegar fjárlög eru á ferð, eins og við vitum, að þá er fjárlagafrv. ætíð vísað til n. áður en 1. umr. er lokið. Og till., sem samþ. var í dag um að hafa tvær umr. um málið, nær ekki fyllilega tilgangi sínum, nema þessi háttur sé á hafður. Ég minntist á þetta við hæstv. ráðh., og hann kvaðst láta það afskiptalaust, þannig að hann fyrir sitt leyti hefur ekkert á móti því, að þessi háttur verði á hafður, og ég held, að þetta sé heppilegra vegna þess, hvað hér er um stórt mál að ræða.

Ég ætla ekki að þessu sinni að ræða almennt um þetta mál, en í sambandi við það vil ég gera eina framkvæmd í vegamálum að umtalsefni í fáum orðum, sem er sérstaklega þýðingarmikil fyrir margt fólk í Norðurl. v. Það er lagning Siglufjarðarvegar ytri, öðru nafni Strákavegar.

Það var fyrir u. þ. b. ári, sem ríkisstj. lagði fram þjóðhags- og framkvæmdaáætlun fyrir árin 1963—66, og er ákveði í þeirri áætlun um þessa vegagerð. Ég vil — með leyfi hæstv. forseta — lesa hér upp stutta málsgrein úr þeirri bók, bls. 55. Þar segir svo:

„Þá er einnig ætlunin að vinna á þessu og næsta ári að byggingu Strákavegar á milli Siglufjarðar og Fljóta og ljúka byggingunni að fullu á árinu 1965. Aðalkostnaður við þessa framkvæmd er fólginn í jarðgöngum. Ráðgert er, að bygging þeirra hefjist vorið 1964, en hún krefst rækilegs tæknilegs undirbúnings. Lagning vegar úr Fljótum að göngunum mun halda áfram á þessu sumri, og er áætlað að verja til þess 3 millj. kr. Sá vegur mun síðar fullbyggður sumarið 1964 og göngunum lokið í ágústmánuði 1965. Heildarkostnaður allrar framkvæmdar er áætlaður um 21 millj. kr."

Þannig segir í þessari áætlun. En nýlega hefur komið upp orðrómur um, að meiri dráttur geti orðið á því að ljúka vegargerðinni, og ég vil því leyfa mér að spyrja hæstv. samgmrh. að því, hvort horfur séu á, að ekki verði staðið við fyrirheitið um að ljúka vegargerðinni sumarið 1965. Takist ekki að standa við þetta fyrirheit, mun það valda ákaflega miklum vonbrigðum hjá Siglfirðingum og einnig hjá Skagfirðingum. Menn þar norður frá hafa lengi beðið eftir þessari nauðsynlegu samgöngubót. Þeir leggja fyllstu áherzlu á, að allt sé gert, sem unnt er, til að ljúka vegargerðinni á næsta ári.

Ég minni á, að árið 1959 voru gerðar tilraunasprengingar í Strákafjalli Siglufjarðarmegin, og voru þá sprengdir um 25 m í jarðgöngunum. Síðan er nú liðið hátt á fimmta ár, og hefði sá tími átt að nægja til að gera allar nauðsynlegar rannsóknir í sambandi við jarðgangagerðina.

Ég vona, að orðasveimurinn um, að vegargerðinni muni ekki lokið sumarið 1965, sé ástæðulaus, en vildi óska upplýsinga hæstv. ráðherra um þetta þýðingarmikla mál.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég vil fyrir mitt leyti taka undir þessa ósk, sem kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, að umr. verði hagað þannig, að fyrri umr. verði frestað, eins og gert er með fjárl. Það er á allan hátt miklu eðlilegra og fer betur á því, og ég vona, að um það geti orðið samkomulag.

Þá ætla ég að segja það út af því, sem hæstv. ráðh. sagði í tilefni af ummælum mínum um lánsfé til vegagerða og vegáætlunina, að ég tel eðlilegt að setja inn í vegáætlun, eins og ég sagði í dag, allar vegagerðir, sem fyrirhugaðar eru, og á móti tekjur til þeirra, bæði þær, sem eiga að koma inn samkv. ákvæðum vegalagafrv., og þær, sem veittar eru á fjárl., einnig það, sem hugsað er að taka að láni til þess að standa undir vegagerðarkostnaði, og loks það, sem kann að vera veitt beinlínis til viðbótar fjárlagafjárveitingum í sjálfri vegáætluninni, því að það er líka hægt að veita viðbótarfé þannig, ef hv. Alþingi vill.

Í því sambandi vil ég leyfa mér að lesa 10. gr. vegalaganna, en hún er þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Vegamálastjóri semur till. að vegáætlun fyrir þjóðvegi, aðalfjallvegi og aðra fjallvegi til 4 ára í senn til leiðbeiningar um skiptingu þess fjár, sem til ráðstöfunar er hverju sinni til vegagerðar. Skal áætlunin annars vegar gera grein fyrir þeim framkvæmdum, sem fyrirhugaðar eru á tímabilinu, en hins vegar þeirri fjáröflun, sem gert er ráð fyrir vegna þeirra."

Ég skil þetta lagaákvæði þannig, að þegar talað er um fjáröflun, sé það ekki eingöngu það, sem dregið er saman samkv. ákvæðum sjálfra vegalaganna, heldur einnig annað það fé, sem á að ná saman til vegagerða. Þetta er minn skilningur á því, hvernig ætlazt sé til að framkvæma þessi mál. Þetta vil ég biðja um að verði athugað í hv. fjvn., því að þetta finnst mér á allan hátt eðlilegast.

Á hinn bóginn heyrist mér á hæstv. ráðh., að hann vilji frekar hafa þann háttinn á að hafa aðeins í vegáætluninni það, sem á að greiða beinlínis af tekjum ríkissjóðs samkv. vegalögunum og af því fé, sem beinlínis er veitt á sjálfum fjárl., en síðan skuli annars staðar, í einhverj-

um öðrum samþykktum af hálfu hv. Alþingis, ákveða, hvaða fjármagn skuli lagt í vegina af lánsfé.

Ég þori ekki að segja, að þetta væri lagabrot, að haga þessu á þessa lund, eins og hæstv. ráðh. gerir ráð fyrir, — það þori ég ekki að segja. Það má vera, að lögin geri mögulegt að hafa tvenns konar hátt á þessu, annars vegar þann, sem ég tel eðlilegan, og hins vegar þennan, sem hæstv. ráðh. talaði um. En á hinn bóginn er sá ágalli á þeirri málsmeðferð, sem hæstv. ráðh. talar um, að þá eru vegamálin til meðferðar alveg í tvennu lagi. Það verða þá tvær vegáætlanir til meðferðar, og það er slæmt, að slíkur klofningur verði í framkvæmdinni. Annað verður þá hin reglulega vegáætlun skv. vegalögunum í þessum þrengra skilningi, sem hæstv. ráðh. heldur fram. En hins vegar yrði svo annaðhvort sérstök löggjöf um lántöku til vegagerðar eða þá kafli í fjárl., t. d. í 22. gr., heimildagr. fjárl., um sérstakar heimildir til að taka lán í ákveðna vegi. Það verður þá eins konar önnur vegáætlun alveg sér. Verður þá tekizt á um hana í sambandi við fjárlagaafgreiðsluna. Ég skal að vísu játa, að það vottar fyrir þessari framkvæmd nú þegar, því að í fjárl., sem gilda fyrir þetta ár, eru nokkrar heimildir um lántökur í vegi. Þarna vottar fyrir þessum tvískinnungi í þessu og að þetta verði alveg tvískipt, sem ég tel óheppilegt. Ég tel, að það verði miklu heppilegra að taka inn í vegáætlunina allt saman og þá einnig nú í þetta sinn það, sem búið var að samþykkja af lántökum til vega í fjárl. Það væri réttast að taka þetta allt saman inn í vegáætlunina og hafa vegamálin og brúamálin undir í einu lagi. — Ég kvaddi mér hljóðs til að vekja nánari athygli á því, hvað fyrir mér vekti í þessu, og gera greinilegri í hugum manna þá aðferð, sem mér finnst eðlilegust.

Hæstv. ráðh. sagði, að það væri rétt, að það yrði einhvers staðar að koma fram, hvaða framkvæmdir væri fyrirhugað að vinna fyrir lánsfé, og enn fremur skýrslur um það, hvað fyrirhugað væri í því. Við skulum segja, að þetta sé eðlilegt, að þetta komi fram. En það þarf meira en skýrslur um, hvað fyrirhugað sé í þessu sambandi. Það verður að samþykkja á Alþingi sjálfu, hvað heimilt er að taka af lánum til vegagerða, hvaða vegagerðir er heimilt að vinna fyrir vegalán. Ríkisstj. getur ekki tekið neina ákvörðun í því að réttu lagi, hvorki eina né neina, þótt hún hafi raunar leyft sér það í frægu dæmi. En ríkisstj. getur það alls ekki. Það er brot á stjórnarskránni að gera slíkt. Þetta verður að ákveðast með lögum eða annarri alþingissamþykkt, a. m. k. þál. Það verður því engan veginn komizt fram hjá Alþingi í því efni, enda býst ég varla við, að það sé það, sem hæstv. ráðh. meinar. En hann vill tvískipta málinu og fjalla um lánin í vegina og vegagerðir fyrir lánsfé út af fyrir sig og aftur aðrar vegagerðir sér. En það tel ég óheppilegt og ekki í anda vegalaganna nýju.

Lúðvík Jósefsson: Það eru hér nokkur orð í tilefni af því, sem hæstv. samgmrh. sagði hér. Fyrst vík ég þá að ummælum hans, þeim sem hv. 1. þm. Austf. var nú að ljúka við að ræða um, en það kemur einmitt inn á meginatriði þess, sem ég vildi ræða hér um að öðru leyti af því, sem hæstv. ráðh. talaði um.

Hæstv. samgmrh. sagði, að ætlunin væri ekki að greina hér í vegáætluninni frá hugsanlegum lántökum og vegaframkvæmdum í þeim efnum. En ég vil í þeim efnum upplýsa það, að þetta kemur alveg þvert gegn þeim upplýsingum, sem mér voru gefnar, þegar vegalögin voru sett. Þá átti ég kost á því að mæta hjá þeim nefndum, sem þá höfðu með undirbúning málsins hér að gera, og þá bar þetta einmitt sérstaklega á góma, hvernig gert væri ráð fyrir að haga einmitt lántökum og vegaframkvæmdum fyrir lánsfé til meiri háttar framkvæmda. Og ég einmitt spurði sérstaklega um það í nefndum þeim, sem höfðu málið til athugunar, hvort ekki væri þörf á að taka upp sérstök ákvæði um þetta. Ég fékk þá þau svör alveg skýr og greinileg hjá þeim, sem höfðu unnið að undirbúningi málsins, að þannig bæri einmitt að skilja 10. gr. l., að í vegáætluninni ætti að telja upp allar vegaframkvæmdir, sem ráðgerðar væru á tímabilinu, eins og er í rauninni alveg greinilegt samkv. þessari grein, orðalagi greinarinnar, þar sem segir: „En hins vegar þeirri fjáröflun, sem gert er ráð fyrir vegna þeirra" — að þar sem talað er um að gera grein fyrir fjáröflun, þá ætti það jöfnum höndum við þá föstu tekjustofna, sem byggt væri á, og þær lántökur, sem þyrfti að byggja á í sambandi við framkvæmdir. Sem sagt, um þetta atriði voru gefnar alveg skýlausar yfirlýsingar í þeirri nefnd, sem fjallaði um málið, að svona væri þessu háttað. En nú segir hæstv. ráðh., að hans hugmynd sé, að um þær framkvæmdir, sem hægt yrði að ráðast í fyrir lánsfé, eigi að fjalla alveg sérstaklega. Þetta fær ekki staðizt, miðað við það, sem upplýsingar voru gefnar um á sínum tíma, þegar málið lá hér fyrir til afgreiðslu í þinginu.

Hæstv. ráðh. ræddi svo nokkuð um það, að ég hefði í rauninni látið orð liggja að því, að vegamálastjórnin væri með þessari vegáætlun, eins og hún væri nú lögð fyrir, að bregðast þeim fyrirheitum, sem gefin voru í sambandi við samþykkt vegalaganna og þá nýju fjáröflun, sem þá var samþykkt til vega- og brúargerða. Það er rangt skilið hjá hæstv. ráðh., að ég hafi deilt á vegamálastjórnina fyrir það, að hún hafi brugðizt í þessum efnum. Það, sem ég sagði varðandi þetta atriði, var, að ég teldi, að ef svo færi við afgreiðslu þessa máls, að ekki yrði varið 100 millj. kr. eða þar um bil nú á þessu ári umfram það, sem áður hefði verið varið til framkvæmda, þannig að framkvæmdirnar yrðu sem þessu næmi meiri nú en áður, þá væru það raunverulega brigður á því, sem lofað hefði verið. Og ég skýrði þetta nokkuð frekar með því, að þó að þessum 100 millj. kr., sem nú er aflað umfram það, sem áður var, til þessara mála, yrði nú að mestu leyti varið til þess að greiða upp gamlar skuldir, en sem sagt ekki til þess að auka framkvæmdir, þá hefði það ekki verið sú skýring, sem gefin var, þegar var verið að leggja á þessi nýju gjöld. Því var bæði beinlínis og óbeinlínis heitið, að hér skyldi verða um tilsvarandi meiri framkvæmdir að ræða en áður var. En þá vildi hæstv. ráðh. gera lítið úr því, — þar sem nú væri ætlað að verja 100 millj. kr. meiri upphæð en áður var til vega- og

brúargerða, þá vildi hann gera heldur lítið úr því, að þetta ætti í raun og veru að ganga til greiðslu á gömlum skuldum eða umframgreiðslum hjá ríkissjóði, sem orðið hefðu við vegaframkvæmdirnar, — þá vildi hæstv. ráðh. gera heldur lítið úr því, að þetta mundi verða svona. En það, sem ég hafði fyrir mér í þessum efnum, var beinlínis orðalag þeirra fskj., sem fylgja með þessari þáltill. Þar er ekki talað neinni tæpitungu í þessum efnum. Hæstv. ráðh. hlýtur að hafa veitt því athygli, að þar sem gerð er grein fyrir því í grg. till., hvernig t. d. 23 millj. kr. skuli verða varið til svonefndra þjóðbrauta, þá segir í grg.: „Fjárveiting í ár að upphæð 23 millj. kr. mundi skiptast þannig.“ Og síðan er beinlínis upp talið: „1) Til greiðslu vaxta og afborgana af föstum lánum samkv. framkvæmdaáætlun 1963 4 millj. 685 þús. kr. 2) Til greiðslu bráðabirgðalána: a) Fyrirframgreiðslur úr ríkissjóði 1 millj. 450 þús. b) Bráðabirgðalán úr héraði 5 millj. 150 þús. Samanlagt 6 millj. 600 þús. 3) Til nýrra framkvæmda í ár 11 millj. 715 þús.“ Þetta er sem sagt nákvæmlega eins og ég greindi frá því. Hér er bara sagt alveg fullum hálsi, að þannig verði þessu fé varið á þessu ári. Ég dró svo þá ályktun af þessu, að ef ætti að haga þessu á annan veg en þarna væri tilgreint, þá yrði vitanlega að gera ráð fyrir nýjum lántökum, sem kæmu þá í greiðslur upp í eldri lánin, svo að hægt væri að halda áfram einhverri aukningu í framkvæmdunum.

Sams konar orðalag er um hina leiðina. Varðandi fjárveitingu til landsbrauta segir alveg á sama hátt: „Fjárveiting í ár að upphæð 24 millj. 595 þús. kr. mundi skiptast þannig.“ Og þegar búið er svo að ráðstafa upp í fyrirframgreiðslur og áður tekin lán 15 millj. 200 þús. kr., þá stendur í þessari grein: „Til nýrra framkvæmda 9 millj. 395 þús.“ En jafnframt er greint frá því, að til sams konar framkvæmda hafi árið 1963 verið varið 18 millj. 440 þús. kr. Þá reynir hæstv. ráðh. að smeygja sér út úr þessu með því, að ég hafi misreiknað mig í þessum samanburði með því að halda, að öll fjárveitingin árið 1963 hafi farið til framkvæmda, en það hafi áður verið búið að taka lán og af því hafi farið allmikið af fjárveitingu ársins til þess að greiða þetta erlenda lán, en verður þó að viðurkenna í næstu setningu á eftir, að lántökurnar hafi alltaf farið hækkandi frá ári til árs, m. ö. o. að lántökurnar árið 1963 voru meiri en lántökurnar á undan. Það fór því beinlínis til framkvæmda minna en það, sem áætlað var á fjárlögum. Það er sannleikur málsins. Aðeins með þeim hætti getur þetta orðið, þegar lántökurnar fara hækkandi. Nú er því spurningin um það, eins og ég greindi frá, og hér þarf því að koma fram, að það standi til að taka ný lán, a. m. k. jafnmikil og þau lán voru, sem tekin höfðu verið áður, ef ekki á beinlínis að draga saman framkvæmdirnar frá því, sem áður var. Ég er ekki að segja og hef ekki sagt hér í þessum umr., að vegamálastjórnin sé að svíkja þau loforð, sem hér voru gefin, en ég mundi hiklaust segja, að það væri verið að svíkja þetta, ef svona yrði farið með framkvæmdina, eins og þetta bendir til. Ég vona, að það verði ekki, og ég hafði skilið hæstv. ráðh. þannig, að hans meining væri sú að haga þessu á annan hátt, að reyna að koma því þannig fyrir, að það yrðu tekin ný lán. En þá tel ég, að það vanti algerlega ákvæði um það inn í ályktunina, sbr. þær upplýsingar, sem mér voru gefnar og fleirum um það, hvernig ætti að semja vegáætlunina fyrir hvert tímabil og gera þar grein fyrir öllum framkvæmdum á tímabilinu og allri fjáröflun til framkvæmdanna. Ég vil nú eins og áður leggja á þetta höfuðáherzlu, að það, sem skiptir máli í þessum efnum, er, að þeir nýju skattar, sem voru lagðir á umferðina í landinu með mjög viðtæku samkomulagi hér á Alþingi og voru lagðir á með þeim yfirlýsingum, að nú ætti að gera stærra átak til framkvæmda í vegamálum en gert hefði verið til þessa, — ég legg áherzlu á það, að þessi upphæð skili sér nú þegar á þessu ári í auknum framkvæmdum, en að þetta aukna fjármagn gangi ekki til þess að borga upp gamla skuldahala, sem myndazt hafa. Það tel ég að ganga verulega á snið við það, sem bæði beint og óbeint var lofað í þessum efnum. Sem sagt, aðalatriði málsins er, að það verði unnið í landinu að vega- og brúamálum fyrir um það bil 100 millj. kr. hærri fjárhæð en unnið var t. d. að meðaltali árin 1962 og 1963, eins og ég sagði hér fyrr í þessum umr. Það er aðalatriðið. Hitt er ekki í mínum augum aðalatriðið, hvort það er varið 100 millj. kr. hærri upphæð en áður var til vega- og brúamála og að mjög verulegur hluti upphæðarinnar gangi, eins og ég sagði, til þess að borga vissar umframgreiðslur úr ríkissjóði eða borga upp eldri lán.

Þá sagði hæstv. samgmrh., að sú ábending mín að fara þá leið, að ríkissjóður ætti hreinlega að taka á sig, vegna þess að við vitum nú, að hann hefur fyllilega fjárhagsgetu til þess, þær upphæðir, sem hann er búinn að láta til vega- og brúargerða í landinu umfram beinar fjárveitingar, þ. e. umframgreiðslur, — að ríkissjóður ætti að taka þetta á sig án þess að fara að klípa þetta af þeim tekjum, sem hér er gert ráð fyrir að gangi til brúa- og vegaframkvæmda í landinu, — þá vildi hæstv. ráðh. telja, að þetta væri í rauninni alveg óframkvæmanlegt, eins og einnig að gera þá ráðstöfun, að ríkissjóður sjálfur tæki á sig að greiða upp þau bráðabirgðalán til vegaframkvæmda, sem tekin hafa verið í einstökum héruðum, vegna þess að ef ríkið gerði þetta, þá væri hinum ýmsu aðilum í landinu svo herfilega mismunað. Vitanlega er engin þörf á að mismuna neinum í landinu, þó að þessi háttur verði á hafður. Þeir hafa þá unnið fram að þessu fyrir allmiklu hærri fjárhæð en þeim hafði verið úthlutað á fjárlögum, en þá er vitanlega ekkert annað en taka tillit til þess við næstu úthlutanir. Það er allur vandinn, og það er vitanlega það eðlilega, en ekki, eins og hæstv. ráðh. bætti við, að úthluta þeim síðan eftir sem áður. Aldrei hef ég látið slík orð falla. Það var það, sem hæstv. ráðh. bjó sjálfur til í þessum efnum, en slíkt kom mér vitanlega ekki til hugar. En ekki ætla ég, að aðrir þeir, sem ekki hafa treyst sér til þess að taka lán til vegaframkvæmda eða brúargerða og þannig hafa ekki haft eins mikinn hraða á framkvæmdum og hinir, verði miklu bættari, þó að tekið verði af

því fé, sem nú er fastur tekjustofn til brúa- og vegaframkvæmda í landinu, upphæð til þess að borga þessar lánaskuldir, sem vitanlega verður til þess, að minna verður eftir til skiptanna, og kemur þetta niður á hinum, sem ekki hafa ráðizt í það að taka þessi lán. Sú aðferðin, sem er beinlínis gert ráð fyrir að fara með grg. þessarar till., mundi einmitt koma mjög ósanngjarnlega niður, því að hún mundi beinlínis bitna, ef ekki yrði tekið tillit sérstaklega til þess við úthlutunina, þá mundi hún auðvitað bitna einnig á þeim, sem hafa farið nákvæmlega eftir fjárveitingu.

Nei, það er staðreynd, sem liggur fyrir, að það hefur verið á undanförnum árum unnið fyrir nokkru meiri fjárhæð úr ríkissjóði en ráðgert hafði verið á fjárlögum og þannig hefur myndazt bráðabirgðaskuld vegagerðarinnar við ríkissjóð. Þessa upphæð álít ég að ríkið eigi nú að leggja fram sem aukaframlag, en innheimta ekki af þessum tekjum, sem hér eru nú til skiptanna í þessum efnum, og ég álít, að hitt væri einnig eðlilegt, að ríkissjóður tæki að sér að greiða þessi bráðabirgðalán, sem tekin hafa verið vegna framkvæmda í hinum ýmsu héruðum, en það yrði ekki gengið inn á þessa tekjustofna, sem hér eru til skipta nú samkv. vegáætluninni, til þess að borga slík lán. Ég sem sagt endurtek þetta sem skoðun mína, því að ég álít, að þetta sé undirstaðan undir það, að hægt sé að vænta þess, að hér geti orðið um að ræða auknar framkvæmdir í þessum málum í hlutfalli við það, sem menn hafa gert sér vonir um miðað við þau hækkuðu gjöld, sem hér voru samþykkt á umferðina.

Ég þarf svo í rauninni ekki að lengja þetta mál meira, en undirstrika aðeins, að það, sem ég sagði hér viðvíkjandi því, hvernig ráðgert er að verja tekjum til vegaframkvæmda, var beinlínis miðað við það, sem segir í grg. till., og að verulegu leyti orðrétt tekið upp af mér upp úr grg. till., svo að hæstv. ráðh. má ekki koma það neitt á óvart, þó að í þetta sé vitnað, því að þarna er gerð till. beinlínis um að haga framkvæmdinni á þennan hátt.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Einn liður vegáætlunarinnar hefur orðið sérstakt umræðuefni hér í kvöld, en það eru vegaframkvæmdir fyrir lánsfé, bæði fyrr, nú og í framtíðinni. Er þetta ekki óeðlilegt, því að unnið hefur verið fyrir fram fyrir tugi milljóna á síðustu árum, og er sérstaklega áberandi, hve misjafnlega mikið hefur verið gert að þessu í hinum ýmsu kjördæmum.

Hv. síðasti ræðumaður virtist skilja vegáætlunina þannig, að fyrst eigi að borga upp þessar skuldir og síðan eigi afgangur þess fjár, sem fyrir hendi er, að skiptast á milli kjördæmanna til nýrra framkvæmda á svipaðan hátt og áður, þannig að þau kjördæmi, sem mest hafa unnið fyrir lánsfé hingað til, mundu þar með fá sínar skuldir greiddar, en það yrði því minna eftir til skiptanna í hlut þeirra, sem ekki hafa tekið lánsfé.

Þetta held ég að hljóti að vera misskilningur, því að slíkt kerfi væri illþolanlegt, — og ætti ég þó ekki að halda slíku fram, því að mitt kjördæmi er eitt af þeim, sem mest hafa unnið við vegi fyrir lánsfé.

Ég held, að greiðsla á lánum, sem unnið hefur verið fyrir við vegi, komi hér í þinginu fram hreinlega sem fjárveiting til vegarins, og sé ómögulegt að framkvæma þetta mál öðruvísi en að skipta fyrst heildarupphæðinni á milli kjördæma, eins og þinginu þóknast, og skipta því síðan á milli vega í hverju kjördæmi. Ég geri ráð fyrir því, að þm. kjördæmanna fái að hafa einhver áhrif á fjárveitingar í sínu kjördæmi eins og áður og þeir taki þá tillit til þess í sínum till., hvort þeir telja sig þurfa að veita féð að einhverju leyti eftir því, hvar skuldir hvíla á vegunum. En segjum svo, að t. d. Vesturlandsvegur hafi á einhverjum kafla skuld, 500 þús. Ég held, að ekki komi til greina neinar sérstakar ráðstafanir hér til að greiða þá skuld. Kemur aðeins fram fjárveiting til þess vegar, eins og þinginu þóknast og þegar því þóknast. Og segjum svo, að þessi vegur fengi 500 þús. kr. fjárveitingu, þá hlyti það að verða nú eins og áður á valdi viðkomandi þm. og endanlega ráðh., hvort þessar 500 þús. yrðu allar notaðar til að borga upp skuldina, hvort skuldinni yrði velt áfram eða greiddur hluti af henni og unnið fyrir einhvern hluta.

Ég held, að það hljóti að hafa vakað fyrir vegamálastjórninni og hæstv. ráðh. að sýna þinginu, hversu langt við erum komnir í þessum lántökum, og e. t. v. veita okkur eitthvert aðhald um að reyna að greiða þessi lán með því að setja málið upp eins og gert er í áætluninni. Ég tel, að framsetningin þar sé eins fróðleg og hún getur verið, hvað þetta snertir. Ég held, að við verðum að fallast á það, að skynsamlegt sé af okkur nú, þegar nýtt kerfi kemur til skjalanna, að reyna að minnka þessar skuldir, losna við þær og komast á skömmum tíma á hreint. Þá þyrftum við ekki í allan þorra vega að nota mikið lánsfé og getum þá beint því fé, sem hugsanlegt er að taka að láni, að einstökum, stórum verkefnum, sem ekki er hægt að ýta fram með átökum hvers árs.

Í sambandi við lántökur til vega vaknar enn eitt vandamálið í sambandi við þessa áætlun. Hér eru teknar inn vaxtagreiðslur af þeim lánum, sem ríkið hefur tekið til að leggja vegi, og er sýnilegt, að það á að greiða þá vexti af almannafé. Þá vaknar gamalt vandamál: að héruðin eru látin greiða vexti af því fé, sem þau taka að láni til að ýta vegaframkvæmdum áfram. Við þekkjum af reynslu, að oft eru það tiltölulega fámennir hreppar, sem neyðast til að taka slík lán til að þoka vegaframkvæmdum áfram. Ég velt, að þetta er viðkvæmt og erfitt vandamál, en það opnast til umr. við það, að nú er sett inn í áætlunina, að allmikið fé skuli fara í vaxtagreiðslur fyrir vegalán.

Í sambandi við það, hvort taka eigi lán til vegaframkvæmda inn á áætlunina eða ekki, vil ég segja nokkur orð. Vil ég þá í fyrsta lagi staðfesta það, sem hv. 5. þm. Austf. sagði um þær upplýsingar, sem hann fékk um þetta mál, og ég er þeirrar skoðunar, að sú nefnd, sem samdi frv. til vegalaga, hafi hugsað sér, að orðið „fjáröflun“ í 10. gr. ætti að geta náð til lántöku líka. Hins vegar er ýmislegt vandasamt við þetta í framkvæmd, t. d. það, að ég hygg, að lögum

samkvæmt sé þál. ekki nóg til þess að heimila lántöku. Þar af leiðandi er ekki hægt að gera það að fastri reglu, að heimildir til lántöku til vegaframkvæmda séu í áætluninni, því að hún er aðeins þál. Heimildir til lántöku verða einhvers staðar að vera í lagaformi eftir sem áður og þá eðlilegast, að þær séu í fjárlögum, þar sem þær hafa verið. Þetta er eitt framkvæmdaratriði, sem þarf að íhuga vel. Ég held, að það sé rétt, að við minnumst þess, að það hefur verið stuttur fyrirvari og þetta er aðeins áætlun til eins árs, kjarni málsins sé sá, hvernig sem lántökunum verður komið fyrir, að við teljum rétt að halda áfram að nota lántökur til stórátaka í vegaframkvæmdum, eins og gert hefur verið á síðustu árum, vegna þess að við okkur blasa mörg verkefni, sem við getum ekki leyst á annan hátt en gera stórátak á stuttum tíma. Við verðum að fá lánsfé til þeirra átaka.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það hefur komið hér fram ósk um það frá hv. 1. þm. Norðurl. v., að fyrri umr. verði ekki lokið, áður en málið fer til n., og hv. 1. þm. Austf. hefur tekið undir þessa ósk. Ég sé ekki ástæðu til annars en verða við því til samkomulags, ef menn leggja mikið upp úr því, og get alveg fyrir mitt leyti fallizt á, að sá háttur verði við hafður.

Hv. 1. þm. Norðurl. v. gerði hinn svokallaða Strákaveg hér að umtalsefni, vitnaði í framkvæmdaáætlun ríkisstj., sem lögð var fram á s. l. ári, þar sem gert er ráð fyrir að ljúka þessum vegi seint á árinu 1965, og hann spyr: Verður ekki staðið við þetta fyrirheit?

Strákavegurinn, jarðgöngin og vegurinn að göngunum um Fljótin, það er gert ráð fyrir, að þetta kosti um 1 millj. kr. Það er gert ráð fyrir, að ólagður vegur að fjallinu um Fljótin með brúm muni kosta hátt á fimmtu millj. kr. Það er gert ráð fyrir að ljúka þessari framkvæmd í sumar eða á þessu ári og gert ráð fyrir að útvega lánsfé að miklum hluta til þess verks. Hins vegar hefur komið í ljós, að það hefur ekki verið fullnægjandi athugun á berglögunum í fjallinu, til þess að mögulegt sé að bjóða þetta verk út, og það þykir ekki forsvaranlegt að byrja á þessu verki, fyrr en frekari athugun hefur farið fram. Þekktur jarðfræðingur hér hafði athugað þetta nokkuð gaumgæfilega og gefið upp álit sitt á því, hvernig hér væri til hagað, og var talið, að sú rannsókn, sem fram hefði farið, væri fullnægjandi. En við nánari athugun kemur fram, að það liggur ekki ljóst fyrir, hvernig berglögin liggja. Ætla má, að mikið hrun verði í göngunum, og það liggur ekki ljóst fyrir, hvernig vinnunni skuli hagað þarna, þannig að ef bjóða ætti út verkið eins og það er nú, þá yrðu að vera svo margir fyrirvarar á því, að það væri ekkert vit frá stjórnarvaldanna hendi að leggja í það. Hins vegar er fyrirhugað að láta þessa fullnaðarrannsókn fara fram sem allra fyrst og vinna verkið eins og áætlað hefur verið, en hvort því verður þá lokið á árinu 1965, það get ég ekkert fullyrt um. En víst er um það, að tafir á þessum framkvæmdum eru ekki stjórnarvöldunum að kenna, vegna þess að þegar til átti að taka að fara að bjóða út þetta verk, þá kom í ljós, að sú jarðfræðilega athugun, sem átti að vera lokið, var ekki fullnægjandi að dómi kunnáttumanna á þessu sviði.

Hv. 1. þm. Austf. gerði áætlunina að umtalsefni og tekur fram, að hann telji eðlilegt, að allar vegaframkvæmdir, þótt þær séu unnar fyrir lánsfé, verði hafðar með í áætluninni. Hv. þm. vitnaði í 10. gr. vegalaganna, þar sem tekið er fram, með leyfi hæstv. forseta: „Skal áætlunin annars vegar gera grein fyrir þeim framkvæmdum, sem fyrirhugaðar eru á tímabilinu, en hins vegar þeirri fjáröflun, sem gert er ráð fyrir vegna þeirra."

Ég skal viðurkenna, að það er vel hægt að skilja þessa grein á þann veg, sem hv. þm. vildi skilja hana, en hins vegar vil ég taka það fram, að sú vegáætlun, sem við nú ræðum um, er aðeins til eins árs, bráðabirgðavegáætlun, og í bráðabirgðaákvæðunum segir, með leyfi hæstv. forseta: „Fyrir reglulegt Alþingi haustið 1964 skal leggja tillögu til vegáætlunar skv. III. kafla laga þessara og nái hún yfir árin 1965—1968." Í III. kafla vegalaganna er 10. gr., og það er sýnt, að þótt við vildum skilja 10. gr. eins og hv. 1. þm. Austf. leggur til, þá nær 10. gr. ekki til þeirrar áætlunar, sem við nú erum að ræða um, sem er bráðabirgðaáætlun, því að það er eins og tekið er fram í bráðabirgðaákvæðinu, að þegar fjögurra ára áætlunin er samin, þá skal hún semjast skv. III. kafla vegalaganna.

Ég tel alveg sjálfsagt, að það verði athugað fyrir næstu fjögurra ára áætlun, hvort heppilegt er að hafa allar framkvæmdir, líka þær, sem unnar eru fyrir lán, með í vegáætluninni, og ég sé út af fyrir sig ekki, að það ætti að vera nokkur ástæða fyrir vegamálastjórnina að mæla gegn því, að þessar framkvæmdir væru hafðar þar með og gerð grein fyrir því þar, hvernig fjáröflun til þeirra verður. En hér er með þetta eins og svo margt annað, að það er ekki fullmótað, þetta nýja kerfi, það er í byrjun hjá okkur, og það má vel vera, að reynslan sýni, að það sé heppilegt að haga þessu eins og hv. 1. þm. Austf. ræddi hér um áðan, hv. 5. þm. Austf. og hv. 5. þm. Vesturl. Mér finnst alveg sjálfsagt að taka það til rækilegrar athugunar, hvort þetta getur ekki verið með þeim hætti, sem hér hefur verið óskað eftir, þegar næsta vegáætlun verður lögð fyrir.

Hv. 5. þm. Austf. talaði hér áðan og var nú á ýmsan hátt mildari en hann var í dag og er það út af fyrir sig ekki nema ánægjulegt, að hann vildi ekki hafa sagt það, að vegamálastjórnin hafi brugðizt þeim fyrirheitum, sem gefin voru í vetur, og ég vil þakka hv. þm. fyrir það, að hann vill ekki halda þeirri kenningu fram. En hins vegar verð ég að segja það, að ýmislegt, sem fram kom í ræðu hans, varð mér undrunarefni, vegna þess að hv. þm. ætlast til, að það verði varið allmiklu meira fé til framkvæmdanna, það verði sem sagt loforð gefið um það, að það verði varið allmiklu meira fé til framkvæmdanna en vegáætlunin gerir ráð fyrir, og hv. þm. telur, að það þurfi að vera í vegáætluninni tekið fram, að það megi taka lán til framkvæmda á þessu ári eins og gert hefur verið. Ég held, að það sé alveg ónauðsynlegt að hafa nokkuð um það í vegáætluninni. Ég hygg, að ef menn vilja yfirleitt halda þeim hætti áfram að taka lán til vegaframkvæmda,

þá megi það gerast með sama hætti og áður, ef samgmrh. getur að athuguðu máli leyft þessar lántökur, því að öll þessi vegalán hafa verið tekin með samþykki samgmrh. Og þegar hv. þm. er í öðru orðinu að gefa í skyn, að það sé eiginlega hér önnur mynd upp dregin í þessari vegáætlun en búizt hefði verið við í vetur, þá verð ég að segja það, að slíkt er vitanlega alls ekki, því að samkvæmt tekjuöflunaráætlun, sem hér liggur fyrir, er nákvæmlega sú upphæð, sem gert var ráð fyrir í vetur, þegar rætt var um vegalögin, og það eru rúmlega 100 millj. kr., sem er hærri upphæð nú en var á fjárl. 1963.

Það er ekkert leyndarmál, að lántökurnar 1963 voru nokkru hærri en 1962. Ég man ekki þessar tölur, efast um, að það muni mörgum milljónum, en eitthvað var það meira, og lánin 1962 voru greidd ýmist með nýjum lánum, sem voru tekin á s. l. ári, eða með því fé, sem veitt var til hinna einstöku framkvæmda á fjárlögum.

Ég get vel hugsað mér það, að framkvæmdin í þessum málum verði með svipuðum hætti og áður, og það er vitanlega alveg rétt, sem hér var tekið fram áðan, að skuldirnar, sem stofnað var til á s. l. ári, verða að greiðast með þeim fjárveitingum, sem hver vegur eða framkvæmd fær samkvæmt vegáætluninni, þegar farið verður að skipta milli hinna ýmsu kjördæma og jafna því á hin mörgu verk í kjördæmunum.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta. Það er einhver smávegis misskilningur, sem er á þessum málum frá hendi hv. 5. þm. Austf., en misskilningur, sem ekki er djúpur og ég veit að hv. þm. á eftir að átta sig á og sannfærast að fullu um, að vegáætlunin er algerlega í samræmi við það, sem um var talað í vetur.

Hitt kemur mér ekkert á óvart, þó að hv. þm. finnist þrátt fyrir þessa miklu hækkun, sem um er að ræða frá síðustu fjárl., að þetta þyki í rauninni of lítið, þegar á að fara að skipta því á hin mörgu verk og leitast við að uppfylla þarfirnar og kröfurnar, sem vitanlega koma úr öllum áttum.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Mér bókstaflega brá, þegar ég sá þessa vegáætlun og leit þar, að til nýbyggingar þjóðvega ættu að koma 57½ milljón yfir allt landið utan kaupstaða. En þetta var ekki nóg. Það kemur sem sé í ljós, að það er búið að eyða talsverðu af þessari upphæð. Mér sýnist, að það verði ekki nema 24 millj. til umráða á yfirstandandi sumri, ef af fjárveitingunum verða greidd upp lán og vextir og afborganir af lánum, eins og greint er frá í áætluninni.

Það er skýrt svo frá í grg., að vextir og afborganir af lánum, sem tekin hafa verið og þurfi nú að greiða, — það var rétt tekið fram af hv. 5. þm. Austf., að svo er skýrt frá í grg., að það, sem nú mun eiga að greiða í vexti og afborganir, sé 11 463 000 kr. Í öðru lagi eru bráðabirgðalán, er veitt hafa verið úr ríkissjóði, 3 300 000 kr. Og loks lán úr héruðum 18 500 000 kr. Þarna eru þá 3 upphæðir upp á 33 263 000 kr., sem í grg. segir að muni dragast frá fjárveitingum til nýbyggingar þjóðvega.

Nú þætti mér fróðlegt að vita hjá hæstv. ráðh., hvernig er með þessar 3.3 millj. úr ríkissjóði. Ætlar hann að fara að innheimta þetta núna á þessu ári? Í öðru lagi: Hvað er mikið af þessum 18½ millj. kr., sem lánað var úr héruðum, sem greiða á á þessu ári eða réttara sagt á þessu sumri? Ég spyr að þessu til þess að fá að vita, hvað verður nú til ráðstöfunar. Hins vegar hefur mér skilizt á hæstv. ráðh., að vextir og afborganir af lánum verði ekki tekin af fjárveitingum þessa árs. Sé það svo, að vextir og afborganir af lánum, þ. e. a. s. lánum, sem ríkissjóður hefur tekið til vega, verði ekki tekin af þessu fé, en bráðabirgðalánin verði greidd, þá verða um 35 millj. til ráðstöfunar á árinu, 35 795 000. Verði hins vegar allt saman borgað, líka vextir og afborganir af lánum, þá yrðu ekki til ráðstöfunar nema 24 332 000. Ég er að vona, að það sé einhver misskilningur hjá mér í þessu, það geti ekki átt sér stað, að svo skerðist þessar 57 millj., sem eiga að fara til nýbyggingar vega.

Annars er það mjög áberandi, hvað árið í fyrra hefur verið frekt á fé til vega, þar sem bráðabirgðalán eru nú tæpar 22 millj. kr., það er kannske eitthvað af þessu frá 1962, en varla í stórum stíl, — 22 millj., þar sem engin stóráföll urðu á vegum, enda var veturinn þar áður mjög góður.

Hér hefur nokkuð borið á góma 10. gr. vegal., og greinir þá nokkuð á um skilning á þeirri gr., hæstv. ráðh. og hv. 1. þm. Austf. og jafnframt hv. 5. þm. Austf. Ég skildi hæstv. ráðh. svo, og það munu hinir hv. þm. hafa gert líka, að það sé ætlunin að blanda ekki lántökum til vega inn í vegáætlun. Hann sagði þetta ótvírætt áðan. Hins vegar undirstrikaði hv. 1. þm. Austf. það, að hann hefði skilið 10. gr. vegal. á þá leið, að það bæri að taka upp í vegáætlun öll fjárframlög til vega, allar framkvæmdir og öll fjárframlög til vega. Á þetta benda orðin í 10. gr.: „Skal áætlunin annars vegar gera grein fyrir þeim framkvæmdum, sem fyrirhugaðar eru á tímabilinu, en hins vegar þeirri fjáröflun, sem gert er ráð fyrir vegna þeirra."

Ég átti sæti í þeirri nefnd, sem fjallaði um vegalagafrv., og man það mjög glöggt, að þetta bar á góma og oftar en einu sinni, og ég man það áreiðanlega rétt, að það var oft tekið skýrt fram, að inn á vegáætlun ættu að koma allar vegaframkvæmdir og fjárframlög til þeirra. En það er líka til nokkur sönnun í þessu efni, og hún kemur fram í næstu grein á eftir, í 11. gr. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Í vegáætlun skulu taldir allir þjóðvegir svo og nýbyggingar þjóðvega á þeim tíma, sem áætluninni er ætlað að gilda." En þessari grein frv. var nefnilega breytt í meðferð n. til samkomulags við okkur stjórnarandstæðinga, sem þar áttum um að fjalla. Hún var nefnilega öðruvísi í frv. Í frv. hófst 11. gr. þannig, með leyfi hæstv. forseta: „Vegagerð ríkisins semur vegáætlun fyrir þjóðvegi, aðalfjallvegi og fjallvegi til 5 ára í senn, til leiðbeiningar um skiptingu þess fjár, sem til ráðstöfunar er hverju sinni til vegagerðar. Skal áætlunin annars vegar gera grein fyrir þeim framkvæmdum, sem fyrirhugaðar eru á tímabilinu, en hins vegar þeim fjár-

öflunum, sem gert er ráð fyrir vegna þeirra.“ En nú hljóðar hún svona í l. eftir þá samninga, sem fóru fram í n.: „Í vegáætlun skulu taldir allir þjóðvegir svo og nýbyggingar þjóðvega á þeim tíma, sem áætluninni er ætlað að gilda.“ Hér er ekki um neitt að villast. Það eru bein fyrirmæli vegal., að allir vegir skuli koma inn í vegáætlunina ásamt þeim nýbyggingum, sem á að framkvæma á tímabilinu. Annars hefði greininni ekki verið breytt. Þetta var nefnilega eitt samkomulagsatriðið. Á því grundvallaðist samkomulagið m. a., að allar framkvæmdir til vega kæmu inn í vegáætlunina annars vegar og að allt vald á þessum framkvæmdum væri í höndum Alþ. Til þess var frv. breytt, og um þetta var fullt samkomulag milli allra aðila.

Hæstv. ráðh. sagði í ræðu sinni hér áðan, að í bráðabirgðaákvæðum vegal. væri sagt, að leggja skyldi fyrir Alþ. till. til bráðabirgðavegáætlunar, sem gildi fyrir árið 1964, og vildi líta svo á, að 10. gr. og 11. gr. tækju ekki til þessa ákvæðis. Vegáætlun er alveg eins vegáætlun, þó að hún sé ekki nema til eins árs. Það eru engin sérlagaákvæði um vegáætlun til eins árs önnur en til fjögurra ára. Hún er ekki til nema ein, skiptir engu máli, hvað lengi hún á að gilda á hverjum tíma. Ég held, að hér sé ekki um neitt að villast. Þetta var skilningur nefndarmanna, á þessu byggðist samkomulagið, og ég verð að líta svo á, að það sé ekki í samræmi við vegal., ef á að fara að tvískipta fjármagni til vegaframkvæmda í landinu, annars vegar það, sem vinna á fyrir lán og yrði þá væntanlega fyrst og fremst á valdi ríkisstj., hvernig hún ráðstafaði því, þvert ofan í það, sem segir í þessum greinum l., hins vegar þær fjárveitingar og þær framkvæmdir, sem eiga að koma inn í vegáætlun. Vegáætlun á ekki að vera nema ein, hún á að vera tæmandi, og um það var samkomulagið, sem gert var.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svarið við fsp. minni um Strákaveginn, þó að það, sem hann hafði um það að segja, séu ekki gleðitíðindi. Hann segir, að ekki hafi farið fram fullnægjandi athugun á berglögum í fjallinu og þeim athugunum þurfi að ljúka, áður en hægt sé að hefjast handa um að gera jarðgöngin.

Hæstv. ráðh. segist ekki geta fullyrt um, hvort hægt muni að ljúka verkinu á þeim tíma, sem lofað var í fyrra, og hann segir, að tafir, sem verða kunna, séu ekki stjórnarvöldum að kenna, það sé fyrir það, að jarðfræðilegum athugunum sé ekki lokið.

Senn eru liðin 5 ár, síðan byrjað var á jarðgöngum í Strákafjalli í tilraunaskyni, og ég verð að líta svo á, að fullnægjandi rannsóknum, sem nauðsynlegar voru, til þess að hægt væri að halda verkinu áfram, hefði mátt ljúka á þeim tíma, sem síðan er liðinn, og auðvitað átti hæstv. ríkisstj. að hlutast til um, að rannsóknirnar væru framkvæmdar.

Siglfirðingar verða vonsviknir og mjög óánægðir, sem vonlegt er, ef ekki verður unnt að standa við fyrirheitið um að ljúka vegargerðinni sumarið 1965. Ég vil því skora á hæstv. ríkisstj. að gera allt, sem í hennar valdi stendur, til þess að verkinu verði lokið á þessum tíma.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 65. fundi í Sþ., 16. apríl, var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 44 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 73. fundi í Sþ., 6. maí, var enn fram haldið fyrri umr. um till.

Frsm. (Jónas G. Rafnar): Herra forseti. Fjvn. hefur athugað till. til þál. um vegáætlun fyrir árið 1964. Skilar n. áliti á þskj. 580 og brtt. við till. á þskj. 586. N. leggur til, að till. verði núna vísað til síðari umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Sþ., 8. maí, var till. tekin til síðari umr. (A. 453, n. 580, 586).

Frsm. (Jónas G. Rafnar): Herra forseti. Hinn 21. des. s. l. voru afgreidd frá Alþingi fjárlög fyrir árið 1964. Þar var m. a. ákveðið, að verja skyldi til nýrra akvega um 20.4 millj. kr., til greiðslu af vegalánum 10.4 millj. kr., til vegaviðhalds 70 millj., til millibyggðavega 7.1 millj., til samgöngubóta á landi 5.4 millj., til brúargerða 13.2 millj., til endurbygginga gamalla brúa 1.4 millj. og til sýsluvega 3.3 millj. kr. Útgjöld til vegamála á 13. gr. A voru talin samtals um 139.4 millj., en voru á fjárl. 1963 121.6 millj. kr. Ástæðan fyrir því, að fénu var ekki deilt niður, eins og áður hafði verið, er sú, að ákveðin hafði þá verið ný skipan vegamálanna og stórfelld ný fjáröflun til þess að standa undir framkvæmdum.

Daginn áður en Alþingi afgreiddi fjárlög samþykkti það ný vegalög. Með l. voru teknir upp nýir starfshættir, sem ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða um, en vil þó minna á, að í 10. gr. nefndra l. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Vegamálastjóri semur till. að vegáætlun fyrir þjóðvegi, aðalfjallvegi og aðra fjallvegi til 4 ára í senn til leiðbeiningar um skiptingu þess fjár, sem til ráðstöfunar er hverju sinni. Skal áætlunin annars vegar gera grein fyrir þeim framkvæmdum, sem fyrirhugaðar eru á tímabilinu, en hins vegar þeirri fjáröflun, sem gert er ráð fyrir vegna þeirra.“

Í 11. gr. segir:

„Í vegáætlun skulu taldir allir þjóðvegir svo og nýbyggingar þjóðvega á þeim tíma, sem áætluninni er ætlað að gilda. Enn fremur áætlaður kostnaður við vegaviðhald og annar kostnaður Vegagerðar ríkisins á sama tímabili. Í vegáætlun um nýbyggingar skal vera sundurliðuð áætlun um heildarkostnað hvers mannvirkis, kostnað þess á öllu áætlunartímabilinu og á hverju ári þess.“

Síðan segir í 12. gr., að í vegáætlun skuli þjóðvegum skipt í flokka eftir þeim reglum, sem taldar eru. Um málsmeðferðina fjallar 14. gr., en þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Leggja skal fyrir sameinað Alþingi till. til þál. um vegáætlun samkv. 10. gr. samtímis frv. til fjárl. Sama gildir um till. til þál. um endur-

skoðun vegáætlunar, sbr. 15. gr. Vegáætlun öðlast gildi, þegar Alþingi hefur samþykkt hana."

Þar sem enginn tími var til þeirrar meðferðar, sem l. gerðu ráð fyrir, voru sett í þau ákvæði til bráðabirgða, en þar segir:

„Svo fljótt sem auðið er eftir gildistöku laga þessara skal leggja fyrir Alþingi till. til bráðabirgðavegáætlunar, er gildi fyrir árið 1964. Framkvæmdaáætlanir fyrir sýsluvegi samkv. 17. gr. l. þessara skulu einnig gerðar til bráðabirgða fyrir árið 1964. Fyrir reglulegt Alþingi haustið 1964 skal leggja till. til vegáætlunar samkv. III. kafla l. þessara og nái hún yfir árin 1965—1968. Framkvæmdaáætlanir fyrir sýsluvegi 1965—1969 skulu gerðar fyrir 1. júní 1965. Enginn vegur skal falla úr þjóðvegatölu næstu 5 ár eftir gildistöku l. þessara, nema nýr vegur hafi komið í stað gamals."

Með nýju vegal. er tekið upp það fyrirkomulag bæði við þjóðvegi og sýsluvegi, að unnið verði eftir áætlun, sem gerð er til 4 ára í senn, og ekki verði lengur bundið í vegal., hvaða vegir teljist þjóðvegir, heldur verði það ákveðið í vegáætlun hverju sinni innan þeirra marka, sem sett eru í l. Varla verður um það deilt, að öll vinnubrögð verða hagkvæmari, ef unnið er eftir áætlun og vinnustöðum fækkað. Á undanförnum árum hefur framkvæmdaliðum vegna vegagerðar fækkað á fjárl., stærri verkefni verið tekin fyrir. Munu nú allir telja það rétta stefnu, sem dregið hafi verulega úr kostnaði við einstakar framkvæmdir.

Hinn 14. apríl s. l. var lögð fram hér á hv. Alþingi till. til þál. um vegáætlun fyrir árið 1964, og var till. vísað til fjvn. tveimur dögum síðar. N. hefur rætt till. á mörgum fundum, og hefur vegamálastjóri setið suma þeirra, en hann skilaði strax ýtarlegum till. til n. varðandi gjaldahlið áætlunarinnar. N. stendur sameiginlega að áliti á þskj. 580, en einstakir nm. hafa áskilið sér rétt til að flytja og fylgja brtt., sem fram kunna að koma.

Ég vil upplýsa, að fulltrúar Framsfl. og Alþb. í n. héldu því fram, að samkv. 10. og 11. gr. vegal. ætti nú að taka á vegáætlun framkvæmdir þær í vegamálum, sem gera ætti fyrir lánsfé, og lögðu áherzlu á, að það yrði gert við næstu vegáætlun. Yrði horfið að því fyrirkomulagi, munu væntanlegar lántökur að sjálfsögðu koma inn á tekjuhlið till. á móti gjöldum.

I. kafli vegáætlunar fjallar um tekjurnar, þ. e. a. s. þar er gerð grein fyrir fjáröfluninni, sem standa á undir kostnaði við vega- og brúargerðir. Tekjuliðirnir eru fjórir: 1) Benzíntekjur eru samtals áætlaðar 154 millj. kr., en þar af eru óráðstafaðar tekjur brúasjóðs frá 1963 9.8 millj. og óráðstafaðar tekjur vegasjóðs frá sama ári 3.7 millj. kr. 2) Gúmmígjald er áætlað 10 millj. 3) Þungaskattur 31 millj. 4) Ríkisframlag samkv. 89. gr. vegal. 47.1 millj. Í 89. gr. vegal. er gert ráð fyrir, að auk þeirrar fjáröflunar til vegamála, sem vegal. tryggja, skuli árlega veita sérstakt framlag úr ríkissjóði til vegamála. Í þáltill. um vegáætlun fyrir 1964 er gert ráð fyrir, að framlag þetta nemi, eins og ég gat um áðan, 47.1 millj. kr. árið 1964. og er það í samræmi við það, sem gert var ráð fyrir í frv. því til vegalaga, sem samþykkt var á yfirstandandi Alþingi, sbr. bls. 40 í frv. og skýringar við 96. gr. þess. Svo sem þar er rakið, er upphæð þessi talin vera jöfn hagnaði ríkissjóðs við kerfisbreytingu þá, sem nýju vegal. fylgir, miðað við það, sem áður var. Samkv. útreikningum vegalaganefndar, sem hún kveður byggða á áætlunum Efnahagsstofnunarinnar um benzínsölu og aðra tekjustofna, nema þær tekjur, sem ríkissjóður áður hafði, en missir við nýju vegal., samtals 92.2 millj. kr. árið 1964. Er þar um að ræða 114 aura gjald pr. lítra af benzínskatti, sem áætlaður er af Efnahagsstofnun og vegalaganefnd 64.5 millj. árið 1964, gúmmígjald 6.7 millj. og þungaskattur 10 millj. kr. Gjöld þau, sem ríkissjóður hefur áður greitt samkv. fjárl., en verða nú greidd með því fé, sem vegamálin fá samkv. hinum nýju vegal., nemur í fjárlagafrv. fyrir árið 1964 139.3 millj. kr. Mismunur er því 47.1 millj. kr., og skyldi gengið út frá þeirri tölu sem framlagi úr ríkissjóði. Samtals nema tekjurnar 242.1 millj. kr. Í aths. við þáltill., á bls. 33 og 34, eru tekjuliðir þessir rökstuddir. Efnahagsmálastofnunin mun ásamt vegamálastjóra hafa unnið að þessum áætlunum. Fjvn. flytur engar brtt. við nefnda tekjuáætlun.

II. kafli vegáætlunar fjallar um skiptingu útgjalda. Við 1. útgjaldalið, stjórn og undirbúning vegamála, flytur n. engar brtt. Við 2. útgjaldalið, viðhald þjóðvega, flytur n. þá brtt., að viðhaldskostnaður þjóðvega lækki um 5 millj. kr., verði þannig 80 millj. N. leggur til, að þessu fé verði varið til nýbyggingar vega og brúa. 3. útgjaldaliður fjallar um framlög til nýrra þjóðvega. Skiptist hann í þrennt: til hraðbrauta, til þjóðbrauta og til landsbrauta. Við skiptingu vegafjárins hafði n. samráð við þm. hinna einstöku kjördæma. Ræddu þeir skiptinguna á fundum sínum, og má segja, að n. hafi tekið till. þeirra um skiptingu upp sem sínar till. að langsamlega mestu leyti. Þm. hafa haft till. vegamálastjóra til hliðsjónar.

Framlag til hraðbrauta er áætlað í till. 10 millj. kr. og leggur n. til samkv. till. vegamálastjóra, að upphæðin deilist þannig: Reykjanesbraut 6 millj. 778 þús., Þrengslavegur 3 millj. 227 þús. kr. Sá hluti Reykjanesbrautar, sem byrjað var á að endurbyggja haustið 1960, liggur norðan frá Hafnarfirði að bæjarmörkum Keflavíkur og mun verða alls nálægt 38 km langur. Um s. l. áramót var búið að fullgera um 14.8 km af veginum með varanlegu slitlagi og undirbyggja að mestu 7.4 km til viðbótar. Kostnaður við þessar framkvæmdir frá byrjun mun vera nálægt 100 millj. kr. Fjár til framkvæmda hefur verið aflað með lánum, og einnig hefur fengizt um 5.6 millj. framlag frá varnarliðinu. Afborganir og vextir af föstum lánum verða í ár 6 millj. 778 þús. kr. eða sama upphæð og tekin er upp í vegáætlun. Miðað við fjárveitingu 3.2 millj. kr. til Þrengslavegar, verður handbært fé til framkvæmda á árinu 1.7 millj. kr., sem varið verður til þess að fullgera undirbyggingu vegarins.

Samkv. vegáætlun verða þjóðbrautir alls 2857 km eða um 31% af þjóðvegakerfinu öllu. Lagt var til í vegáætlun, að framlag til þjóðbrauta næmi samtals 23 millj. kr. N. leggur til hækkun um 1 millj. 730 þús. og verði þannig

varið samtals til þjóðbrautanna 24 millj. 730 þús. kr., sem skiptist á þá vegi, sem taldir eru upp á þskj. 586. Við þessa skiptingu er stuðzt við till. vegamálastjóra. Eins og fram kemur í grg. vegamálastjóra, eru þessir vegir meginkjarninn í vegakerfi okkar, þ. e. Vesturlandsvegur, Vestfjarðavegur, Norðurlandsvegur, Austurlandsvegur og Suðurlandsvegur. Til þessara vega námu fjárveitingar á s. l. ári nálægt 5 millj. kr., en eru nú um það bil tvöfaldaðar samkv. vegáætluninni. Ég vil taka það fram, að till. vegamálastjóra fylgdu tölulegar upplýsingar um einstaka vegi og m. a. um skuldir, sem á þeim hvíldu. En ég tel ekki ástæðu til að rekja þessar upplýsingar, þar sem þm. geta að sjálfsögðu kynnt sér þær hjá n., ef þeir óska eftir.

Samkv. vegáætlun verða landsbrautir alls 6275 km eða 68% af þjóðvegakerfinu öllu. Lagt er til í vegáætlun, að framlag til landsbrauta nemi samtals 24 millj. 595 þús. kr. N. leggur til hækkun um 2 millj. 565 þús. kr. og liðurinn verði þannig 27 millj. 160 þús. kr., sem deilist niður á vegi eins og tilgreint er á þskj. 586. Við þessa skiptingu er einnig að miklu leyti farið eftir till. vegamálastjóra. Í grg., sem hann lagði fyrir n., segir m. a.:

„Samkvæmt framangreindri skiptingu fær hvert kjördæmi sama hundraðshluta af heildarupphæðinni til landsbrauta og það hefur haft undanfarin ár af heildarupphæðinni til nýrra þjóðvega á 13. gr. A í fjárl. Þessi hlutföll þarf þó að endurskoða fyrir vegáætlun 1965—1968."

Við skiptingu n. hafa tilgreind hlutföll nokkuð raskazt, enda mjög óeðlilegt að halda þeim óbreyttum frá ári til árs, sbr. orð vegamálastjóra um nauðsyn endurskoðunar, sem ég vil fyrir mitt leyti taka undir.

4. útgjaldaliður fjallar um fjárveitingar til fjallvega, reiðvega og til ferjuhalds. Samkv. áætlun eru aðalfjallvegir 444 km að lengd og lagt til að veita til þeirra samtals 1.3 millj. kr., sem fjvn. gerir till. um að skiptist þannig: Kaldadalsvegur 80 þús., Kjalvegur 130 þús., Sprengisandsleið 1 millj., Fjallabaksvegur nyrðri 90 þús. Um Kaldadalsveg upplýsir vegamálastjóri, að vegur þessi sé 37 km langur ruðningsvegur, æði fjölfarinn að sumarlagi. Upphæðin er eingöngu ætluð til lágmarksviðhalds. Kjalvegur er alls 164 km langur og fjölfarinn að sumarlagi, einkum inn á Hveravelli. Fjárframlagið er eingöngu til viðhalds. Leiðin um Sprengisand er 291 km á lengd. M. a. vegna kláfferju á Tungnaá hjá Haldi er nauðsynlegt að verja til þessa vegar 1 millj. kr., og færu þá 100 þús. til merkinga á leiðinni. Fjallabaksleið nyrðri er 116 km að lengd, og fer greind fjárveiting til viðhalds leiðarinnar. Til annarra fjallvega, þ. e. a. s. þeirra, sem ekki verða þjóðvegir eða aðalfjallvegir samkv. vegáætlun, er lagt til að veita 800 þús., og skiptir ráðh. þeirri upphæð. Til reiðvega fara 200 þús. og til ferjuhalds 15 þús. kr. Samtals nemur þá fjárveiting samkv. 4. útgjaldalið vegáætlunar 2 millj. 315 þús. kr.

5. útgjaldaliður vegáætlunar fjallar um brúargerðir, og skiptist hann í þrennt: Í fyrsta lagi: til stórbrúa er lagt til að veita 13 millj. og því verði varið á sama hátt og fé brúasjóðs áður, eins og fram er tekið í grg. Fjvn. leggur til, að fé þessu verði skipt á brýr, sem taldar eru upp á þskj. 586. Í þessari skiptingu er alveg farið eftir till. vegamálastjóra. Í öðru lagi: til brúa, sem eru 10 m og lengri, er lagt til að verja 12 millj. kr. Fjvn. leggur til 705 þús. kr. hækkun. Á þskj. 586 eru þær brýr taldar upp, sem fjárveitingu fá samkv. till. n. Í þriðja lagi er lagt til að verja til smábrúa, þ. e. a. s. brúa, sem eru 4—9 m að lengd, 6 millj. kr. Af þessari upphæð ganga 2 millj. til greiðslu kostnaðar við smábrýr, sem byggðar voru á s. l. ári gegn væntanlegri fjárveitingu í ár. Gert er ráð fyrir, að smábrúafé verði skipt af ráðh., svo sem verið hefur, enda ekki fært að skipta þessu fé, fyrr en sýslufundir hafa verið haldnir og till. þeirra um smábrýr hafa verið athugaðar.

6. útgjaldaliður er framlag til sýsluvegasjóða, og er það áætlað 10 millj. kr. Byggist gjaldið á ákvæðum IV. kafla vegal., um sýsluvegi, en þar er í 21. gr. kveðið á um gjaldskyldu hreppsfélaga til sýsluvegasjóða og í 28. gr. l. um mótframlag af tekjum vegamála, en þar segir, að veita skuli til sýsluvega upphæð, sem sé eigi lægri en tvöföld heildarupphæð innheimtra sýsluvegasjóðsgjalda um allt land næsta ár á undan því ári, er fjárlög eru samin.

7. útgjaldaliðurinn fjallar um framlag til vega í kaupstöðum og kauptúnum. Er það áætlað 32 262 500 kr., en í 32. gr. vegal. er tekið fram, að veita skuli árlega ákveðna fjárhæð til lagningar þjóðvega í kaupstöðum og kauptúnum, sem hafa 300 íbúa eða fleiri, og skal skipting fjárins fara eftir íbúafjölda. Skal árlegt framlag vera 12½% af heildartekjum vegamála það ár samkv. XIV. kafla l. Varðandi þennan lið má vísa til útreikninga í grg. á bls. 38 og 39.

8. útgjaldaliðurinn er um fjárveitingu til véla- og áhaldakaupa, 11 millj. 200 þús. Í grg. með till. á bls. 39 eru ýtarlegar upplýsingar um þennan útgjaldalið, sem m. a. sýna, að nú er ætlunin að stórauka fjárveitingar í þessar þarfir.

Eins og fram kemur í nál., flytur fjvn. engar till. varðandi útgjaldaliði 6—12, og sé ég því ekki ástæðu til að ræða þá nánar.

Með vegáætluninni fyrir yfirstandandi ár hefur mikið verk verið unnið. Grundvöllur áætlunarinnar er nýju vegal., sem samþykkt voru hér á hv. Alþingi 20. des. s. l. Síðan hefur vegamálastjóri og starfslið hans unnið að áætlunargerðinni. Eins og bent hefur verið á, munu vegamálin í heild koma til endurskoðunar, áður en vegáætlun fyrir 1965—1968 verður lögð fram. Þá verður unnt að byggja á fenginni reynslu og leiðrétta annmarka, sem fram kunna að koma, m. a. varðandi flokkun vega og margt annað. Mestu máli skiptir, að með nýju vegal. hafa stórauknar tekjur verið tryggðar, og munu allir landsmenn fagna því átaki. Þá má einnig ganga út frá því, að eftirleiðis verði unnið að vega- og brúargerðum með hagkvæmara móti en áður var, þar sem hægt verði að taka fyrir stærri verkefni og ljúka þeim á tiltölulega skömmum tíma. Reynslan mun eiga eftir að sýna, að verulegur sparnaður fæst með slíkum vinnubrögðum.

Æskilegt hefði verið, að fjvn. hefði haft lengri tíma til þess að athuga vegáætlunina, þar sem

um allflókið mál er að ræða, a. m. k. þegar það er í fyrsta skipti lagt fram hér á hv. Alþingi, en við það verður að sitja.

Ég vil svo að lokum þakka vegamálastjóra og ráðuneytisstjóranum í samgmrn. fyrir ágætt samstarf og meðnm. mínum öllum. Góð samvinna við þá hefur mjög orðið til þess að auðvelda afgreiðslu málsins í nefndinni.

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Samkv. nýlega settum vegal. ber að leggja fyrir Alþingi till. um vegáætlun til 4 ára í senn, þar sem gerð er grein fyrir framkvæmdum í vegamálum og fjáröflun til þeirra. Sú vegáætlun, sem hér liggur fyrir, gildir þó aðeins fyrir yfirstandandi ár og er því ekki eiginleg vegáætlun samkv. vegal., heldur bráðabirgðasamþykkt, og ber öll afgreiðsla hennar eðlilega þess merki. Ég mun því ekki að þessu sinni ræða þessi mál svo sem ella væri ástæða til, heldur aðeins drepa á örfá atriði.

Með setningu hinna nýju vegal. voru lögð ný gjöld á notendur ökutækja með hækkun á benzínskatti, þungaskatti og gúmmígjaldi. Auknar álögur á notendur ökutækja og þá um leið auknar tekjur til vegaframkvæmda voru taldar nema um 100 millj. kr. á þessu ári. Í umr. um afgreiðslu hinna nýju vegal., sem gerðu ráð fyrir svo stórauknum álögum, lagði ég áherzlu á mikilvægi þess, að við setningu l. og framkvæmd þeirra yrði þess gætt og það fyllilega tryggt, að allt þetta nýja fé kæmi þegar fram sem viðbót við þær vegaframkvæmdir, sem unnar voru fyrir það fé, sem fyrri gjaldstofnar áður gáfu.

Það, sem ekki er sízt athugavert við afgreiðslu hinnar nýju vegáætlunar, eftir að álögurnar voru samþykktar, þeirrar áætlunar, sem hér liggur fyrir, er, að hún ber það með sér, ef athuguð eru þau gögn, sem henni fylgja, að álögurnar nýju, 100 millj. kr. skattarnir, komu ekki fram sem auknar framkvæmdir, eftir að farið var að innheimta þær, heldur sem greiðsla á skuldum sveitarfélaga vegna vegaframkvæmda, sem búið var að vinna, áður en hækkun gjaldanna kom til, svo og sem endurgreiðslur til ríkissjóðs sjálfs. Í fyrra var unnið fyrir miklu meira fé en veitt var á fjárl. til vegamála, en í ár mun verða unnið fyrir minna fé en innheimt er til vegamála, þar sem mjög stór hluti fjárins fer til greiðslu skulda, auk þess sem minni framkvæmdir fást fyrir hverja krónu vegna verðhækkana. Það er þess vegna því miður sýnt, að vegaframkvæmdir munu ekki aukast á þessu ári þrátt fyrir stóraukna skatta á ökutæki, og mun það án efa valda mörgum þeim, sem greitt hafa hin nýju gjöld, vonbrigðum. Till. innan fjvn. í þá átt, að umframgreiðslur úr ríkissjóði til vegaframkvæmda í fyrra yrðu teknar inn á fjáraukalög fyrir s. l. ár, en ekki endurgreiddar af vegafé í ár, fengust ekki teknar til greina.

Annað, sem athugavert er við afgreiðslu þessarar vegáætlunar, er, að hún uppfyllir ekki ákvæði 10. gr. vegalaga um, að áætlunin skuli annars vegar gera grein fyrir þeim framkvæmdum, sem fyrirhugaðar eru á áætlunartímabilinu, en hins vegar þeirri fjáröflun, sem gert er ráð fyrir vegna þeirra. Þetta ótvíræða ákvæði l. veldur því, að í vegáætlun á tvímælalaust að tilgreina alla þá fjáröflun, sem gert er ráð fyrir, þ. á m. lántökur og þær framkvæmdir, sem ætlað er að vinna fyrir þær. Í fjvn. fengust engar ákveðnar upplýsingar um, hvað fyrirhugað er að taka af lánum til vegamála úr héruðum eða annars staðar að, nema að því leyti sem upplýst er í grg. vegamálastjóra með till. hans um skiptingu á fé til hraðbrauta, að vegna framkvæmda í ár hafi verið samið við Íslenzka aðalverktaka um lán til að greiða að mestu 15.7 millj. kr. framkvæmdir við Reykjanesbraut. Jafnvel þetta lán, sem þegar hefur verið samið um, fékkst ekki sett inn í vegáætlunina þrátt fyrir skýlaus lagaákvæði, sem kveða á um, að svo skuli gert. Í nál. fjvn. um vegáætlunina er greint frá því, að í n. hafi fulltrúi Alþb. ásamt fulltrúum Framsfl. lagt til, að farið yrði að lögum í þessu efni, þannig að allt lánsfé til vegamála og framkvæmdir fyrir það yrði tilgreint í vegáætlun, og verður að vænta þess, að sá háttur verði hafður á við afgreiðslu vegáætlunar næsta haust.

Þriðja atriðið, sem ég tel ástæðu til að vekja athygli á við afgreiðslu þessarar fyrstu vegáætlunar, eftir að lagður hefur verið á nýr, 100 millj. kr. árlegur skattur á notendur ökutækja í landinu, er, að svo til ekkert af þessu viðbótarfé fer til þess að leysa það vandamál, sem er langsamlega alvarlegast í umferðarmálum á Íslandi í dag og brýnust þörf er á að bæta úr og fullkomin nauðsyn væri að gengi fyrir öllum öðrum framkvæmdum. Þar á ég við Hafnarfjarðarveginn og þó einkum og sérstaklega þann hluta hans, sem liggur um Kópavogskaupstað. Það er í sjálfu sér furðulegt og sýnir bezt, hve mjög skortir á, að hin nýju vegalög og vegáætlun séu fullnægjandi, að það skuli vera unnt að leggja 100 millj. kr. viðbótarskatta á ökutæki í landinu á einu ári, án þess að einni krónu af því sé varið til þess að leysa það stórhættulega öngþveiti, sem umferðin um Kópavog er, að undanskildu því, sem Kópavogskaupstaður fær í sinn hlut af þeim 31 millj. kr., sem ætlaðar eru til þjóðvega um þéttbýli.

Áðan gat ég þess, að annað af þeim tveim atriðum, sem ég lagði við umr. um vegalögin áherzlu á, að gætt yrði við setningu og framkvæmd l., væri, að allur viðbótarskatturinn á ökutæki kæmi fram sem viðbót við þær vegaframkvæmdir, sem til þessa hafa verið unnar á hverju ári. Vegáætlun þessa árs staðfestir, að þetta mikilvæga atriði verður ekki uppfyllt í ár a. m. k. Annað höfuðatriðið, sem ég lagði áherzlu á við umr. um vegal., var, að það yrði að tryggja notendum ökutækja, sem nú tækju á sig 100 millj. kr. nýjar álögur á ári, að framkvæmdum í vegamálum yrði þannig hagað, að þeir fengju sem allra fyrst og bezt til baka sitt fé með bættum vegum og aukinni þjónustu, þar sem umferðin er mest. Til þess að sem flestir fengju þannig sem mest til baka á sem styztum tíma, þyrfti því ekki síst að leggja áherzlu á að hraða óhjákvæmilegum úrbótum, þar sem umferðarþunginn er mestur og umferðarmálin eru nú í öngþveiti og valda vegfarendum jafnvel stöðugri lífshættu. Þetta höfuðatriði er einnig sniðgengið með því, eins og ég áður lýsti, að í þessari fyrstu vegáætlun er ekki gert ráð fyrir að sinna þessu verkefni í neinu.

Við 1. umr. um frv. til vegalaga, sem var til umr. skömmu fyrir s. l. áramót, vakti ég athygli á þessu vandamáli og hinni knýjandi þörf, sem er á því, að annars vegar verði Hafnarfjarðarvegurinn endurbættur samkv. þeim kröfum, sem umferðin gerir til hans, og hins vegar verði hafizt handa um lagningu nýs vegar ofan við hina þéttu byggð í Kópavogi. Sé ég ekki ástæðu til að rifja það frekar upp að þessu sinni, en það er naumast unnt að komast hjá því að vekja á því athygli, að þrátt fyrir 100 millj. kr. nýja skatta á einu ári verður lausn þessa vandamáls alveg út undan. Til þess að leysa það er ekki einu sinni áætlað að geyma fé.

Við umr. um vegal. um s. l. áramót taldi ég miður farið, að þeim um það bil 20 millj. kr., sem ætlaðar eru til þjóðvega í kaupstöðum og kauptúnum, skyldi samkv. l. vera dreift í framkvæmdir á öllum þessum stöðum í einu, og taldi þá tilhögun ganga þvert gegn þeirri viðleitni, sem hin síðari ár hefur verið höfð í frammi í sambandi við nýtingu á vegafé, að leggja það fremur í færri framkvæmdir í einu, en þá þeim mun verulegri og hagkvæmari. Ég er enn á þeirri skoðun, að þessari upphæð og þó fremur meira fé ætti að verja til framkvæmda einmitt á þessum afmarkaða hluta þjóðveganna, þ. e. a. s. um kaupstaði og kauptún, en féð ætti, a. m. k. fyrstu árin, að koma til skipta eftir því, sem þörfin segir til um, þannig að það yrði notað til stærri átaka í einu og hægt væri að verja því til myndarlegri og árangursríkari framkvæmda, þar sem þörfin er mest hverju sinni, taka þannig verkefnin í skynsamlegri röð eftir því, hve þau eru aðkallandi, og láta framkvæmd á hverjum stað ganga greitt. Ég held, að það væri a. m. k. full nauðsyn, að þessi háttur væri á hafður um tiltekinn árafjölda, t. d. 5 ár, til þess beinlínis að vegagerðin gæti skilað þessum þjóðvegaspottum, sem um bæina liggja og hún hefur a. m. k. suma séð um, hún gæti skilað þeim í sem tiltölulega líkustu ástandi alls staðar, þannig að það geti ekki gerzt, sem gerzt hefur með Kópavogskaupstað og e. t. v. fleiri staði, að vegagerðin arfleiði kaupstaðinn að öngþveitisástandi, sem hann á að leysa fyrir tiltölulega lítinn hluta þess heildarfjár, sem ætlað er til að endurbæta þjóðvegi, sem liggja gegnum kaupstaði og kauptún. En til þess að leysa slík vandamál þarf jafnvel milljónatugi, svo að framlag bæjarins og jafnvel viðbótarframlag, sem fengist af þeirri upphæð, sem vegagerðin heldur eftir af þessu fé, fer um ófyrirsjáanlega langan tíma til þess að endurbæta þennan hluta þjóðvegarins vegna umferðar, sem a. m. k. að hálfu leyti er umferð utanbæjarmanna, sem fara um þveran kaupstaðinn á leið sinni til annarra byggðarlaga. Ef ekki kemur annað til en ákvæði núgildandi vegalaga, er sýnilegt, að löngu áður en Kópavogskaupstaður getur lokið framkvæmdum við þjóðveginn, hafa önnur sveitarfélög getað notað sinn hluta af þessu fé til gatnagerðar hvar sem er í sínum íbúðarhverfum, og er þó enginn vafi á því, að fáum kaupstöðum væri meiri nauðsyn á því að geta einmitt notað þetta fé til þess að bæta gatnakerfið annars staðar í sveitarfélaginu.

Eins og ég gat um áðan, er ljóst, að afgreiðsla þessarar vegáætlunar ber þess eðlileg merki, að hún er bráðabirgðaáætlun, sem ekki verða gerðar sömu kröfur til og hinnar væntanlegu áætlunar, sem tekur til lengra tímabils og getur jafnframt hlotið ýtarlegri undirbúning. Þess vegna er erfitt um vik um þær brtt., sem þó væri knýjandi nauðsyn að gera. En ég vil þó á þessu stigi málsins benda á þau atriði, sem ég hef hér rakið, í þeirri von, að þeim verði hægt að gefa meiri gaum við undirbúning næstu áætlunar.

Þeim till. um skiptingu vegafjár, sem fjvn. fékk til meðferðar, reyndist erfitt að hnika, hversu auðsæjar sem þarfirnar voru til úrbóta á ýmsum sviðum, m. a. vegna þess, að þegar n. fékk málið til afgreiðslu, höfðu verið gerðar till. um ráðstöfun hverrar einustu krónu, þannig að væri bætt við ákveðnar framkvæmdir eða lagðar til nýjar, varð ekki hjá því komizt að skera niður till. um fjárveitingu í eitthvert ákveðið, tiltekið verk. Þegar engar undirtektir fengust um hækkað framlag ríkisins eða að umframgreiðslur frá fyrra ári yrðu teknar inn á fjáraukalög til þess að bæta við fjárveitingar til brýnna verkaefna, var því gripið til hálfgerðra loddarabragða, að lækka um 5 millj. kr. fé til viðhaldskostnaðar á þjóðvegum, sem þó var sízt of mikið fyrir, og dreifa þeirri upphæð þangað, sem þörfin var talin mest við nýjar vegaframkvæmdir. Með þessu móti átti að vera hægt að bæta úr, þar sem mest var þörf leiðréttingar, án þess að skera niður tillögur um framkvæmdir á ákveðnum, tilteknum stöðum. Á mig verkuðu þessar aðferðir eins og að horfa upp á það, að hundur væri fóðraður með því að stinga upp í hann bita af rófunni af honum sjálfum, og ég gat þess vegna fyrir mitt leyti sætt mig þolanlega við það, að Reykjaneskjördæmi fengi ekkert af slíku fóðri, og varla samglaðzt þeim, sem bitana fengu.

Ég er þeirrar skoðunar, að tekjuáætlun vegáætlunarinnar sé of lág, m. a. gert of lítið ráð fyrir tekjum vegna bílainnflutnings á árinu, svo að þess vegna hefði verið hægt að hækka framlag til nýrra vegaframkvæmda án þess að skera niður af viðhaldsfénu.

Út af þeim erfiðleikum, sem það hefur valdið fjvn. að hnika til tillögum um framkvæmdir á frumdrögum vegáætlunarinnar, held ég, að úr þeim ætti að draga með þeim hætti, að í næsta skipti gangi vegamálastjóri þannig frá tillögum sínum, að hann skilji eftir ákveðna upphæð, t. d. 5—10 millj. kr., óráðstafaða, sem mætti nota til leiðréttinga og úrbóta, án þess að hægt sé að benda á ákveðinn niðurskurð á tilteknum framkvæmdum á móti. Ég held, að það væri öllu skárri aðferð en sú, sem nú er gripið til.

Ég endurtek það að lokum, að vegna þess að vegáætlun sú, sem hér liggur fyrir, er bráðabirgðaáætlun fyrir aðeins eitt ár og undirbúningur hennar ófullnægjandi af eðlilegum orsökum, er erfiðara en ella að gera till. um nauðsynlegar úrbætur. Jafnvel verður að samþykkja hana, án þess að flokkun vega sé rétt, en þess er að vænta, að við afgreiðslu næstu vegáætlunar, sem ætlað er að gilda í 4 ár, verði bætt úr ýmsu því, sem mest er ábótavant í þeirri, sem hér liggur fyrir. En ljóst er, að þessi fyrsta

vegáætlun mun valda þeim, sem 100 millj. kr. nýju skattana greiða á ári, verulegum vonbrigðum, því að þeir hafa án efa átt von á því, að sköttunum yrði fyrst og fremst varið til nýrra framkvæmda, sem kæmu sem viðbótarframkvæmdir við það, sem unnið hefur verið í vegamálum á einstökum undanförnum árum.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Eins og fram kemur á þskj. 580, hefur fjvn. skilað sameiginlegu áliti um vegáætlunina. Af hálfu okkar framsóknarmanna í fjvn. verður þess vegna engin framsaga haldin hér, og erindi mitt verður aðeins að benda á 2—3 atriði, sem ég vildi leggja áherzlu á. Í upphafi máls míns vil ég taka undir það með formanni og frsm. n., að það létti mikið störf n., sem voru nægjanlega erfið, að samstarfið var gott, og þakka ég honum og öðrum fyrir það. Það orkar ekki tvímælis, að þetta verk, sem hér hefur verið unnið, fyrst og fremst af embættismanninum, vegamálastjóra, og hans starfsliði og síðar í fjvn., hefur á margan hátt verið erfitt og ekki sízt þar sem var verið að vinna það verk í fyrsta skipti. Og ég vil taka undir það, sem kom fram í ræðu hv. síðasta ræðumanns, Geirs Gunnarssonar, að nauðsyn ber til að hafa það hugfast, þegar gerðar eru tillögur til skiptingar í fjvn. næst, að skipta ekki upp allri fjárhæðinni, eins og gert hefur verið að undanförnu og gert var nú. Það er nógu erfitt að vinna slíkt verk sem hér er á ferðinni, þó að eitthvert svigrúm sé fyrir n. til þess að taka tillit til þeirra atriða, sem upp kunna að koma í meðferð málsins hér á hv. Alþ., og á þann hátt leiðrétta stærstu ágallana án þess að þurfa að klípa það af öðru.

En þau atriði, sem ég vildi mega leggja áherzlu á fyrir hönd okkar framsóknarmanna, eru í fyrsta lagi, að við athugun á vegáætluninni kom í ljós, að niður höfðu fallið vegir, sem að okkar dómi eiga að vera teknir upp í vegáætlunina. N. afgreiddi það mál, eins og fram kemur í nál., með því að leggja áherzlu á, að við endurskoðunina fyrir næsta Alþ. yrði það grandskoðað, að ekki yrðu eftir þjóðvegir, sem í þjóðvegatölu eiga að vera. Og ég vil undirstrika það, að nauðsyn ber til, að þetta verði gert, áður en vegáætlun sú, sem gilda á um næstu ár, verður lögð fyrir Alþ., því að það er ekki framkvæmanlegt innan veggja Alþ. að grandskoða þetta, það verður að gerast af embættismönnum og starfsmönnum vegamálastjóra, sem hafa kunnugleika til. En nauðsyn ber til, að sveitarstjórnir og aðrir þeir aðilar, sem hér eiga hlut að máli, láti til sín heyra um þessi atriði í sumar, svo að vegáætlun sú, sem næst verður lögð fyrir, verði að þessu leyti gallalaus.

Í öðru lagi, eins og fram er tekið hér í nál., lýstum við fulltrúar Framsfl. og Alþb. yfir í n., að við álitum, að samkvæmt 10. og 11. gr. vegalaganna ætti að taka inn í vegáætlunina framkvæmdir þær í vegamálum, sem gera ætti fyrir lánsfé, og lögðum á það áherzlu, að það yrði gert, þegar vegáætlun fyrir næsta tímabil yrði samin. Ég vil undirstrika þetta og leggja á það áherzlu, að þetta er skilningur okkar á ákvæðum þessara lagagreina í vegalögunum, og nauðsyn ber til þess, að vegáætlunin greini frá þeim heildarverkum, sem á að vinna á því tímabili, sem hún gildir fyrir, og lánsfé verði einnig tekið með. Því treysti ég, að þetta verði gert, þegar undirbúningur að vegáætlun fyrir næsta tímabil verður gerður, og þegar Alþ. afgreiðir næstu vegáætlun, þá verði einnig þessi þáttur með. Vegna þess takmarkaða tíma, sem við höfðum að þessu sinni, töldum við ekki ástæðu til að gera ágreining um þetta mál, heldur undirstrika það, eins og er gert í nál.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Þegar vegáætlun er í fyrsta skipti afgreidd samkvæmt hinum nýju vegalögum, get ég ekki látið hjá líða að fara um hana örfáum orðum, bæði almennt og að því er snertir þann landshluta, sem ég er sérstaklega fulltrúi fyrir.

Eftir vegalagabreytinguna í vetur teljast allir þjóðvegir í landinu, hraðbrautir, þjóðbrautir og landsbrautir, samtals 9263.8 km, en þar af eru 634.5 km alls ekki bílfærir. 2471.9 km eru aðeins ruddir og því illa akfærir. Samtals er því rúmlega þriðji hluti þjóðvegakerfisins ýmist óbílfær eða aðeins ruddur. Má af því marka, hversu gevsilegt verkefni er fram undan í vegamálum okkar. Þess má enn fremur geta, að tæplega 200 sveitabæir mega heita án alls akvegasambands. 187 brýr 4—10 m að lengd og 70 brýr lengri en 10 metrar eru óbyggðar. Með hinum nýju tekjustofnum til vega-, brúa- og gatnagerðar hefur verulega aukið fjármagn fengizt til þessara nauðsynlegu framkvæmda. Er vissulega ástæða til að fagna því. Í því felst mikilvæg viðurkenning á nauðsyn þess, að leggja beri aukna áherzlu á þessar framkvæmdir, og jafnframt á þeirri staðreynd, að greiðar og öruggar samgöngur á landi séu lífæð atvinnu- og félagslífs í landinu til sjávar og sveita. Það land, sem býr við vegleysi eða ófullkomið og lélegt vegakerfi, hlýtur að verða talið lítt numið og vanþróað. Með hinum nýju vegalögum er stefnt að verulega auknum umbótum á þessu sviði.

Engu að síður verður ekki fram hjá þeirri staðreynd gengið opnum augum, að brátt fyrir hina nýju tekjustofna og auknu fjárframlög til vegaframkvæmda og brúargerða horfir engan veginn eins vel og skyldi um þessar framkvæmdir í þeim landshlutum, sem við verst ástand búa í vegamálunum. Á ég þar sérstaklega við Vestfirði og Austfirði. Af hálfu vegamálastjórnarinnar og fjárveitingavaldsins hefur gætt undarlegrar tregðu á að viðurkenna þessa staðreynd, og þessarar tregðu verður enn greinilega vart í þeirri vegáætlun, sem hér liggur fyrir til umr. og afgreiðslu. Fjárframlög til vegagerða og vegaframkvæmda í þessum landshlutum hækka að vísu allverulega í krónutölu og verða nú hærri en nokkru sinni fyrr, en þau hækka ekki hlutfallslega nándar nærri eins og vera bæri, þegar á það er litið, hversu mikil verkefni eru þar óunnin og hversu langt þeir eru á eftir í þessum málum. Þess vegna er óhjákvæmilegt, að það komi hér fram við umræður um þessa fyrstu vegáætlun, að nýjar leiðir verður að fara til uppbyggingar vegakerfisins í þessum landshlutum. Þessi vegáætlun nær aðeins til yfirstandandi árs. Næsta vegáætlun, sem samin verður á næsta þingi,

á hins vegar að gilda í 4 ár, að vísu með endurskoðun eftir 2 ár. Í þeirri áætlun verður að taka frekara tillit til þeirra landshluta, sem við verstar aðstæður búa. Við annað verður ekki unað.

Að loknum þessum almennu athugasemdum vil ég leyfa mér að fara nokkrum orðum um vegamál Vestfjarða sérstaklega. Þar eru enn heil byggðarlög, sem ekkert akvegasamband hafa. Stendur það atvinnu- og félagslífi stórlega fyrir þrifum. Við þetta bætist svo, að flest byggðarlög þessa landshluta mega heita vegasambandslaus og gersamlega einangruð marga mánuði á ári hverju. Þannig er ástatt um Ísafjarðarkaupstað og flest kauptúnin á Vestfjörðum. Vegirnir milli þeirra og aðliggjandi sveita lokast oftast í fyrstu snjóum, stundum í septembermánuði, stundum í október. Stafar þetta að sjálfsögðu af því, að vegirnir um þessi héruð eru lélegir og víða hálfgerðir ruðningsvegir. Meginhluti vegarins um Þorskafjarðarheiði, sem tengir Ísafjarðardjúpið við akvegakerfi landsins, er t. d. óupphleðinn ruðningsvegur. Sama máli gegnir um veginn um Þingmannaheiði í Barðastrandarsýslu, sem þó er á aðalþjóðbrautinni til Vestfjarða. Vegurinn yfir Breiðadalsheiði er einnig ákaflega lélegur, enda er hann jafnan lokaður 7—8 mánuði ár hvert. Stærstu verkefnin, sem nú verður að leysa í vegamálum Vestfjarða, eru lagning nýs vegar meðfram fjörðum í Barðastrandarsýslu. Kemur hann í stað vegarins um Þingmannaheiði og verður miklu snjóléttari og því lengur fær. Þessi nýi vegur lengir þjóðbrautina að vísu nokkuð, en hann skapar mjög aukið umferðaröryggi og bætt vegasamband við Vestfirði, bæði norður um firðina að Djúpi og vestur til kauptúnanna í Barðastrandarsýslu. Gert er ráð fyrir, að þessi vegagerð með fjörðum kosti um 20 millj. kr., miðað við núverandi verðlag. En til þess að full not verði af þessari vegabót, verður að stórbæta veginn um Breiðadalsheiði milli Önundarfjarðar og Ísafjarðar. Sambandið milli Ísafjarðarkaupstaðar og kauptúnanna í Vestur-Ísafjarðarsýslu veltur einnig á þessum vegi. Óhjákvæmilegt er talið að gera jarðgöng gegnum hæsta hrygg Breiðadalsheiðar til þess að hafa full not vegar um hana. En áður en í slíkt mannvirki yrði ráðizt, verður að endurbyggja veginn beggja vegna við heiðina. Er það verkefni að sjálfsögðu nærtækast og þolir enga bið. Á s. l. sumri var ruddur vegur úr Trostansfirði í Arnarfirði upp á Vestfjarðaveg á Dynjandisheiði. Sá vegur er stórfelld samgöngubót fyrir Bíldudal og byggðarlögin í Arnarfirði, og er nauðsynlegt að fullgera hann á komandi sumri eða gera hann a. m. k. skaplega akfæran.

Við Ísafjarðardjúp er lagning vegarins meðfram sunnanverðu Djúpinu stærsta og mest aðkallandi verkefnið. Með honum mun skapast nýtt og greiðfærara akvegasamband við Ísafjarðarkaupstað og kauptúnin við utanvert Djúpið: Bolungarvík, Hnífsdal og Súðavík, en í þessum byggðarlögum búa hátt á fimmta þúsund manns, akvegasambandslausir 7—8 mánuði á árinu. Af Djúpveginum er nú um 70 km vegalengd ólögð. Gert er ráð fyrir, að sú vegagerð kosti um eða yfir 40 millj. kr., miðað við núverandi verðlag. Með smáfjárveitingum til þessa vegar á ári hverju mundi lagning hans taka óratíma.

Í Strandasýslu hlýtur að verða lögð megináherzla á að ljúka vegagerð norður í nyrzta hrepp sýslunnar, Árneshrepp, sem nú er akvegasambandslaus. Er þar eftir að leggja um 15—20 km kafla, til þess að akvegasamband skapist norður í Djúpuvík í Reykjarfirði. En vegagerð þangað að norðan úr Ingólfsfirði um Trékyllisvík, kringum Reykjarfjörð er nú að verða lokið. Loks þarf að bæta verulega vegasambandið við kauptúnin við Steingrímsfjörð, Hólmavík og Drangsnes.

Ég hef aðeins leyft mér að nefna hér nokkur stærstu verkefnin í vegamálum Vestfjarða. Ég vænti, að af þeirri upptalningu megi verða ljóst, hversu mikla erfiðleika vegleysið og einangrunin skapa því fólki, sem byggir þennan landshluta. Mér er vel ljóst, að mikil verkefni bíða einnig annars staðar á landinu, en ég held, að enginn sanngjarn maður komist hjá að viðurkenna sérstöðu Vestfirðinga í þessum efnum. Þess vegna hlýtur þing og stjórn að taka í vaxandi mæli tillit til óska Vestfirðinga um ný stórátök í vegamálum.

Við þm. Sjálfstfl. á Vestfjörðum munum með góðri samvinnu við aðra hv. þm. Vestfjarðakjördæmis leggja höfuðáherzlu á það við samningu næstu vegáætlunar, að sérstaða Vestfirðinga í vegamálunum verði greinilegar viðurkennd og að ný og stærri skref verði stigin í þessum málum. Það er ekki aðeins eðlilegt vegna hagsmuna Vestfirðinga, heldur þjóðarinnar í heild, sem þarfnast þess, að aðstaða fólksins og framleiðslunnar sé sem jöfnust í öllum landshlutum.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég mun ekki endurtaka neitt af því, sem ég sagði almennt um vegamálin við fyrri umr. málsins, en ég vil taka undir það með hv. þm. Vesturl., Halldóri E. Sigurðssyni, að þessari vegáætlun er ábótavant í þeim atriðum, sem hann greindi. Bæði er það, að ekki eru taldir upp allir þjóðvegir í henni, eins og á að vera, en vonandi stendur það til bóta, og svo hitt, sem er þó enn þá stórfelldara atriði, að inn í hana vantar fyrirhugaðar lántökur ríkisins til vegagerða tekjumegin og aftur gjaldamegin þær fjárveitingar til vega, sem eiga að vera af lánsfé. En ég hef skilið það svo, að það sé að verða ríkjandi skilningur á því, að þannig eigi þetta að verða framvegis, þó að það sé ekki svo núna. Ég mun því ekki beita mér fyrir því að flytja brtt. um þetta efni nú, enda skortir mig í raun réttri nokkuð skilyrði til þess að geta beitt mér fyrir því, að slíkar brtt. komi fram, miðað við hve tíminn er stuttur til undirbúnings. Ég vil vona, að úr þessum atriðum verði bætt, þegar eiginleg vegáætlun kemur fram fyrir 4 ár næsta haust.

En ég kvaddi mér hljóðs til að benda á, að hlutur Austurlands er ekki góður í þessari nýju vegáætlun og ekki eins góður og við höfðum gert okkur vonir um. Ég vil í þessu sambandi benda á, að okkur reiknast þannig til, þm. að austan, að Austurlandskjördæmi hafi haft um 18.5% af því fé, sem veitt hefur verið til nýlagningar þjóðvega. En nú reiknast okkur svo til, að þrátt fyrir þá leiðréttingu, sem hv. fjvn.

gerir á málinu, muni Austurlandskjördæmi ekki fá í sinn hlut nema sem allra næst 17.6% af því fé, sem ætlað er til nýrra þjóðvega utan kaupstaða og kauptúna. Þetta finnst okkur þunnur þrettándi, að eiga að færast þannig aftur á bak varðandi þann hlut, sem við eigum að fá til þessa landshluta af nýlagningarfé þjóðvega.

En við höfum talað okkur saman um, að það muni ekki hafa þýðingu að gera útrás í þessu efni nú við þessa umr. eða flytja brtt. út af þessu, og munum því ekki gera það í þetta sinn. En við viljum mega vonast eftir því, að þetta verði ekki látið standa svona nema í þetta eina skipti og að þegar vegáætlun fyrir næstu 4 ár verði lögð fram, þá verði tekið tillit til sérástæðna Austurlands, sem ég skal nú greina frá í örfáum setningum. Þannig er ástatt hjá okkur, að ef teknar eru þjóðbrautir, eins og vegamálastjórnin ætlar þær orðnar nú, þá eru ruddar þjóðbrautir 611 km að lengd, en af þessum 611 km, sem eru ruddir af þjóðbrautunum, þ. e. a. s. ólagðar vegaslóðir, eru hvorki meira né minna en 286 km í Austurlandskjördæmi einu. Á þessu geta menn svona hér um bil séð, hvort það muni vera eðlilegt að haga vegafjárskiptingu á þá lund, sem hér er ráðgert. Enn fremur vil ég benda á, að af landsbrautum eru 559 km taldir ólagðir, óbílfærir með öllu, og af þessari vegalengd er 141 km í Austurlandskjördæmi einu. En ruddar landsbrautir, þ. e. a. s. slarkfærir ruðningar, eru taldar vera samtals 1860 km, en af þessari vegalengd eru hvorki meira né minna en 529 km í Austurlandskjördæmi einu eða milli þriðjungs og fjórðungs af þessari vegalengd, en nálega helmingur af öllum ruddum þjóðbrautum. Á þessu sjá menn vegaþörfina í þessum landshluta, og hér má þess vegna ekki ganga aftur á bak, heldur verður að fá meira fjármagn á næstunni í vegina.

Sú er ein ástæðan fyrir því, hvernig ástatt er, að því var ætíð haldið fram, að við yrðum að sætta okkur við, að hinum fjölfarnari leiðum, t. d. á aðalleiðinni umhverfis landið, yrði sinnt fyrst, t. d. þjóðleiðinni til Akureyrar yrði sinnt fyrst, við yrðum að sætta okkur við þetta og beygja okkur fyrir þeim rökum, sem fyrir því voru lögð fram. Þá var alltaf sagt: Síðan kemur röðin að ykkur í vaxandi mæli. Það verður haldið áfram að leggja volduga þjóðbraut umhverfis allt landið, og þá kemur röðin að ykkur, þegar búið er að ganga vel frá eða sæmilega að sunnan norður á Akureyri. Þá kemur röðin að ykkur, og þá verður ekkert stigið smærra en áður. — En þetta hefur ekki reynzt þannig. Við höfum ekki fengið því ráðið, að stigið yrði jafnrösklega áfram, eftir að búið var að leggja veg til Akureyrar, og nú er heildarniðurstaðan þessi, sem ég var að lýsa. En gegnum okkar landshluta liggur auðvitað aðalleiðin umhverfis landið. Nú er hún að vísu tekin út úr og sett undir þjóðbraut, en samt sem áður er ekki lengra gengið með fjárveitingar en ég var að greina frá.

Séu svo brúamálin athuguð, þá er ástandið þannig, að það er eftir að byggja 70 brýr á þjóðvegum yfir 10 metra, og af þessum 70 brúm eru 29 brýr í þessu eina kjördæmi, Austurlandskjördæmi, — 29 brýr af 70. Þetta kemur af því, hvernig landslagið er á þessum slóðum, og okkur hefur aldrei auðnazt að fá nema sem svarar einni brú á sýslu á ári um langa hríð. Aðrir hafa líka fengið oftast eina brú á ári á sýslu, þó að þeir ættu eftir að brúa miklu færri vatnsföll en Austfirðingar. Niðurstaðan er svo þessi, að þarna eru 29 óbrúuð vatnsföll á þjóðvegunum, þegar miðað er við 10 metra brýr og lengri. En sé miðað við smábrýr, sem kallaðar eru, þ. e. 4—10 metra, þá eru þær alls óbyggðar 187, og af þeim eru 62 í þessu eina kjördæmi, þ. e. a. s. þriðjungur af þeim óbyggðu í þessu eina kjördæmi.

Nú er að vísu heldur skárra hlutfall, sem við fáum af brúafjárveitingum en öðrum, enda væri það skárra, ef svo væri ekki, eins og ástatt er, en samt alls ekki fullnægjandi miðað við kringumstæðurnar.

En við höfum sem sagt ákveðið að flytja ekki brtt. núna og setjum allt okkar traust á sanngirni þeirra, sem undirbúa þessi mál fyrir aðaláætlunina, vegáætlunina til 4 ára, sem lögð verður fram í haust, og svo til hv. þm., sem um hana fjalla þá og væntanlega verða þeir sömu, sem nú hlýða á þessi orð.

Ég skal svo að lokum minnast á enn einn þátt þessara mála, og það eru vegagerðir af lánsfé. Nú hefur verið ákveðið að leggja Reykjanesbraut, þ. e. a. s. Keflavíkurveginn, fyrir lánsfé. Það kostar um 240 millj. kr., og ég ætla ekki að telja það eftir og hef aldrei gert, þó að ég hafi fundið að því, að heimildar Alþ. væri ekki leitað, því að það voru býsn, að það skyldi ekki vera gert. Ég tel, að það sé lífsnauðsyn að byggja upp þennan veg. Enn fremur hefur verið ákveðið að leggja fyrir lánsfé veg um Ólafsvíkurenni, sem er afar merkileg framkvæmd, ein allra merkilegasta framkvæmd á landinu, því að það sameinar Ólafsvík og Rif í eitt byggðarlag, og þarna verður auðvitað borg, sem styðst við skilyrðin í Rifi. Þetta er ákaflega merkilegt, og það er gert fyrir lánsfé. Enn fremur á að grafa í gegnum Stráka fyrir lánsfé, og það er prýðilegt og aðkallandi. En enn sem komið er hefur ekki verið ákveðið að taka nein lán til vegagerðar á Austurlandi eða Vesturlandi.

Ég nefni þetta, sem mér kemur í hug. Þetta eru vitanlega rangindi og nær ekki nokkurri átt. Það verður að taka ákvörðun um það á þessu ári að taka vegalán og verja til einhverra myndarlegra framkvæmda í þessum byggðarlögum til jafns við þær framkvæmdir, sem verið er að vinna annars staðar og sómi er að. Það er ekki hægt að skiljast við þessi mál svona, og það verður að greiða úr þessu fljótt og vel á næsta hausti.

Ég skal svo ekki eyða meiri tíma til að gera grein fyrir þessu, þó að það væri í raun og veru þess vert að gera miklu ýtarlegri grein fyrir ástandi vegamála á Austurlandi en ég hef gert með þessum örfáu orðum. En ég vil ekki þreyta þm., því að ég veit, að þeir eru allir það vanir að fást við málefni af þessu tagi, að málalengingar eru óþarfar, en meira um vert, að þeim sé bent á aðalatriðin.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Hinn 10. apríl 1963, nokkru fyrir seinustu alþingiskosningar,

gaf hæstv. ríkisstj. út svokallaða þjóðhags- og framkvæmdaáætlun fyrir næstu 3 árin. I þessari framkvæmdaáætlun var ekki mikið rætt um vegamál, en þó var getið um þrjár vegaframkvæmdir, og var ein þeirra bygging Strákavegar milli Siglufjarðar og Fljóta. Siglfirðingum og Austur-Skagfirðingum hefur lengi verið lofað, að gerður yrði öruggur vetrarvegur um svonefnda Stráka, en lítið hefur orðið um efndir. Þó hefur verið unnið nokkuð við veginn nú seinustu árin, en kostnaður við þær framkvæmdir, sem búnar eru, nemur aðeins litlum hluta af þeim kostnaði, sem eftir er að leggja í. Þetta hátíðlega loforð ríkisstj. í fyrravor vakti nokkrar vonir Siglfirðinga, sérstaklega þar sem tilkynnt var í framkvæmdaáætluninni, á hvaða ári verkinu skyldi lokið og meira að segja í hvaða mánuði. Í þessu fræga plaggi hæstv. ríkisstj. stóð þessi setning:

„Sá vegur (þ. e. Strákavegur) mun síðan fullbyggður sumarið 1964 og göngunum lokið í ágústmánuði 1965."

Að vísu voru þeir margir, sem litu tortryggnum augum á þessi hátíðlegu loforð, einkum vegna þess, að engar ráðstafanir höfðu verið gerðar til að tryggja fé til framkvæmdanna. Eninig þótti mönnum grunsamlegt, að eftir svo margra ára bil skyldi hæstv. samgmrh. loksins rjúka til og lofa veginum 1½ mánuði fyrir kosningar. En öllum etasemdum og tortryggni var mætt af fyllstu einurð af hálfu stjórnarflokkanna. Þannig var forsíðufyrirsögnin um Strákaveg í blaði sjálfstæðismanna á Siglufirði um þessar mundir: „Gerð Strákavegar með tilheyrandi jarðgöngum verði lokið í ágúst 1965. Nær eina framkvæmd áætlunarinnar, sem sérstaklega er fastmælum bundið, hvenær lokið verði." Og til að undirstrika þetta hátíðlega loforð enn frekar sendi ríkisstj. hæstv. samgmrh. norður á Siglufjörð, og kom hann þar fram á geysifjölmennum fundi. Á þessum fundi var ég einnig staddur, og hélt ég því fram í ræðu, að heitstrengingar og loforð ráðh. væru byggð á sandi og víst væri, að hæstv. samgmrh. tryði ekki einu sinni sjálfur á loforð sitt um, að Strákavegur yrði opnaður til umferðar í ágústmánuði 1965. Eins og nærri má geta, þóttist hæstv. ráðh. vera afskaplega hneykslaður yfir þessum efasemdum og afgreiddi þær sem slúður af versta tagi.

Nú liggur vegáætlunin 1964 fyrir þinginu. Eins og hv. þm. er kunnugt af skýrslu vegamálastjóra, sem birt hefur verið í blöðum, er núna eftir kosningar búið að breyta öllum áætlunum um Strákaveg. Nauðsynlegur tæknilegur undirbúningur er alls ekki fyrir hendi, segir vegamálastjóri. Það er ekki ætlunin að hefja vinnu við hin margumtöluðu og marglofuðu jarðgöng sumarið 1964, eins og sagt var fyrir kosningar, og það er ekki einu sinni búið að ákveða, hvar göngin verða grafin og hvernig þau eiga að liggja.

Við athugun á skýrslu vegamálastjóra kemur í ljós, að aðeins einu sinni hefur verið unnið af einhverjum krafti við þessa mikilvægu vegagerð. Þá var unnið af nokkrum krafti í fáeina mánuði og grafnir um 30 m af þessum 900 m jarðgöngum. Og hvenær skyldi nú þetta hafa verið? Jú, þetta var einmitt sumarið 1959, mánuðina fyrir haustkosningarnar 1959. Þá var slíkur gangur í málunum, að enginn Siglfirðingur gat leyft sér að efast um, að vegurinn yrði fullgerður á stuttum tíma á næsta kjörtímabili. Svo lauk kosningunum haustið 1959, og þá lögðust framkvæmdirnar niður.

Í 4 ár gerðist ekkert í málinu, nema hvað sendur er sérfræðingur að skoða vegagerðina og Strákafjallið og komst hann að sömu niðurstöðu og áður. Og árin líða. Það er að vísu unnið lítils háttar í veginum að göngunum sjálfum, en jarðgöngin bíða ósnert í tæp 4 ár. Og þá allt í einu eru kosningar á ný, og nýtt loforð er gefið. Vegurinn skal nú vera tilbúinn til umferðar í ágústmánuði 1965. Þá mega menn aka í gegnum göngin. Takk fyrir. Síðan er kosið, og þegar það er afstaðið, kemur í ljós, að nægilegur tæknilegur undirbúningur hefur ekki farið fram og öll hin fögru kosningaloforð eru byggð á sandi.

Ég vil taka það fram, að ég tel enga ástæðu til að efast um þá fullyrðingu vegamálastjóra, að nægilegur tæknilegur undirbúningur sé ekki enn fyrir hendi. Einmitt af þeirri ástæðu mun ég ekki flytja neina brtt. við þá grein vegáætlunar, sem hér liggur fyrir, — þá grein, sem fjallar um Strákaveg, enda verða menn víst að sætta sig við orðinn hlut, þótt illt sé, úr því að nægilegur tæknilegur undirbúningur er ekki fyrir hendi. Hins vegar er engin furða, þótt menn áfellist hæstv. samgmrh. fyrir þær stórkostlegu blekkingar og sýndarmennsku, sem boðið var upp á fyrir seinustu alþingiskosningar í því skyni að veiða nokkur saklaus atkv. norður á Siglufirði í kosninganet stjórnarflokkanna. Hæstv. ráðh. hefur þegar reynt að þvo af sér alla sök í þessu máli og mun vafalaust reyna það hér á eftir á sama veg og áður, þ. e. a. s. með því að skella allri skuldinni á vegamálastjóra og tæknimennina. En er þetta rétt? Er sökin þeirra? Í grg. vegamálastjóra er frá því sagt, hver voru tildrög þess, að hin fyrri áætlun um vegagerðina var lögð á hilluna. Þar segir, með leyfi forseta:

„Á s. l. vori var gerð áætlun um framkvæmd vegagerðar á Siglufjarðarvegi ytri, og í henni var gert ráð fyrir, að byrjað væri á grefti jarðganganna sumarið 1964. Þar sem mjög kom til álita að bjóða jarðgöngin út, var fenginn annar jarðfræðingur, starfsmaður atvinnudeildar Háskóla Íslands, til að gera nauðsynlegar athuganir og mælingar vegna væntanlegrar útboðslýsingar."

Síðan kemur fram í skýrslunni, að niðurstaðan varð sú, að tæknilegur undirbúningur var alls ónógur.

Eins og sjá má af þessum orðum vegamálastjóra, var það höfuðástæðan fyrir stefnubreytingunni núna, að tekin var loksins ákvörðun um að bjóða verkið út. En nú er það spurningin, sem hæstv. ráðh. mætti gjarnan svara: Hvers vegna var ekki fyrr ákveðið að bjóða verkið út? Hvers vegna var það ekki gert fyrir 4 árum? Ef það hefði verið gert fyrir 4 árum og ef vegamálastjóri hefði fyrir 4 árum fengið um það fyrirskipun frá hæstv. samgmrh. að hefja framkvæmd verksins, þá er ekki vafi á því, að jarðgöngin til Siglufjarðar væru þegar orðin að veruleika. En málið er svo skammt á veg

komið í dag sem raun ber vitni vegna þess eins, að hæstv. samgmrh. beið með það í 4 ár að ákveða, hvort bjóða skyldi verkið út.

Í dag er staðan í þessu máli sú, að enginn getur um það sagt, hvað verkið kostar, enginn veit, hvar á að afla fjárins og hvort peningar fást frekar en fyrri daginn, og þar að auki vita menn alls ekki, hvar á að grafa. Fyrir rúmum 4 árum eða árið 1959 var málið vissulega nokkuð skammt á vegi statt. En núna, 4 árum seinna, er Strákavegsmálið að því leyti enn skemmra á veg komið en haustið 1959, að þá vissu menn a. m. k., hvar grafa skyldi, en nú vita menn það ekki lengur. Það er því ljóst, að hæstv. samgmrh. ber alla sök í þessu máli. Hann ber ekki aðeins ábyrgð á því, að legið hefur verið á málinu í 4 ár, heldur einnig á því, að nú er undirbúningur málsins enn skemmra á veg kominn en virtist vera fyrir 4 árum.

Ég vil að lokum skora á hæstv. samgmrh. að sjá sóma sinn í því að láta nú hraða tæknilegum undirbúningi að jarðgöngunum gegnum Stráka sem mest má vera. Nógur dráttur er þegar orðinn á framkvæmdum. Það er margrætt hér í þinginu, hve geysistórt hagsunamál þessi nýi vegur er fyrir Siglfirðinga og Austur-Skagfirðinga, og engin ástæða er til að tefja þingfund þess vegna. Byggðarlagið er einangrað, eins og allir vita, frá vegakerfi landsmanna a. m. k. 8—9 mánuði á hverju ári, og yfir sumarið teppist Siglufjarðarskarð venjulega hvað eftir annað. Ég vil því aðeins segja að lokum: Siglfirðingar eru búnir að bíða nógu lengi.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Það hefur borið nokkuð á góma í umr. þeim, sem þegar hafa farið fram, að ekki er gerð grein fyrir því í þessari vegáætlun, sem á að vinna á þessu ári fyrir lánsfé, en hv. fjvn.-menn hafa, að því er virðist, sætt sig sæmilega við það að þessu sinni og telja, að úr þessu verði að bæta næst. Ég mundi ekki í þeirra sporum hafa sætt mig við það, því að það er ómögulegt að lesa svo 10. og 11. gr. vegal., að ekki sé sýnilegt, að hér er verið að brjóta þær með því að taka ekki fram í vegáætlun, að hvaða vegum á að vinna fyrir lánsfé á þessu ári. Ef hægt er að láta þetta undir höfuð leggjast í þetta sinn, hvers vegna er þá ekki hægt að gera það áfram? Ég hef ekki heyrt neinn draga það í efa, að 10. og 11. gr. vegal. *mæla skýrum stöfum fyrir um* það, að allt fé til nýbyggingar vega skuli tekið inn í vegáætlun, framkvæmd hvers vegar, ekki aðeins hvert ár fyrir sig, heldur líka allt tímabilið, sem áætlunin á að gilda fyrir, og þessi áætlun á ekki að gilda nema fyrir þetta eina ár. Tilgangurinn með því að setja þessi ákvæði svo skýr inn í vegal. í vetur var auðvitað sá, að Alþingi hafi fullt vald á því, að hvaða nýbyggingum vega skuli unnið hvert ár fyrir sig og hvernig fjár til vega skuli aflað. En ef þessu á að halda áfram, að ríkisstj. geti tekið lán og varið því í einhverja vegi, sem henni líkar, þá hefur Alþingi ekki lengur það vald, sem það á að hafa í þessum málum samkv. hinum nýju vegalögum.

Annars var erindi mitt í ræðustólinn aðeins það að minnast nokkuð á Vestfirði í sambandi við þessa vegáætlun og gera grein fyrir brtt., sem ég hef leyft mér að flytja ásamt hv. 1. þm. Vestf. og hv. 5. þm. Vestf. Ég ætla, að það sé búið að útbýta till. núna og hún liggi fyrir hjá hv. þm. Hún er á þskj. 621.

Vestfirði hefur oft borið á góma hér á Alþingi á undanförnum árum og samgöngumálin þar og það ekki alveg að ástæðulausu. En sjaldan held ég, að hafi verið meiri ástæða til að minnast á Vestfirði en í sambandi við þær till. hv. fjvn., sem núna liggja fyrir. Þegar lagður var hinn þungi skattur á alla umferð með vegal. í vetur, urðu menn sannarlega bjartsýnir, þeir sem lengi höfðu búið við lélega vegi eða kannske enga vegi, eins og fjölmargir Vestfirðingar búa við enn. En það lækkaði á mönnum brúnin, þegar þeir sáu, úr hverju var að spila, og enn þá meir þó, þegar það kom í ljós, hvernig átti að skipta þessu, sem úr var að spila. Það hefur verið svo undanfarin ár, allmörg að ég ætla, og það einnig á s. l. ári, að Vestfjörðum hefur verið úthlutað um 19½% af nýbyggingarfé því, sem hefur verið á fjárl. hvert ár fyrir sig. Og þetta eru engin ósköp, þegar litið er á ástand veganna þar, hvernig það er. En líti menn á till. hv. fjvn. núna, eiga það ekki að vera 19½%, sem Vestfirðingar eiga að fá í vegamálin sín. Nei, nú á að lækka hlutfallið, ekki um 0.4%, eins og hv. 1. þm. Austf. var að kvarta undan fyrir þá, heldur á að lækka það úr 19½ niður í 14.4%. Það á að lækka hlut Vestfirðinga í nýbyggingarfénu um 26%. Þetta eru till., sem liggja núna fyrir. Og þegar ég segi þetta, miða ég við þá heildarupphæð til nýbyggingar vega, sem er í þessari vegáætlun. Nú er nýbyggingarféð samtals miklu meira en þetta, þegar með er talið lánsfé, því að það er ekki þarna inni í, og ég tala nú ekki um, hver útkoman yrði, ef hlutur Vestfirðinga verður reiknaður út úr öllu nýbyggingarfénu, ef lánsféð væri tekið með líka. Samt er hlutfallið svona. Ég get ekki varizt því, að það virðist vera að hefjast ný stefna í vegamálum eða fjárveitingum til vega, kannske ekki með þessum nýju vegal., heldur fyrr, en núna á allra síðustu árunum. Það hafa verið heimilaðar lántökur og það allríflegar til byggingar einstakra vega, sérstaklega Reykjanesbrautar. Það er búið að samþykkja á fjárl. fyrir 1963, að mig minnir, 70 millj. til þessa vegar og á fjárl. 1964, að ég ætla, andvirði 300 þús. dollara til viðbótar við 70 millj. Ekki er ég að finna að þessu, það er nauðsynlegt að leggja þennan steypta veg. Síðan er framkvæmd sú stórkostlega breyting með vegal. í vetur, að kaupstöðum og kauptúnum er ætlaður tekjustofn til vegagerðar hjá sér, sem nemur á þessu ári um 30 millj. Þeir hafa ekkert af þessu fengið áður. Einnig þetta var mjög sanngjörn og réttlát ráðstöfun. En þegar maður fer svo að líta á dreifbýlið, hvernig hlutur þess er, versnar sagan. Þá er rausnin ekki alveg eins mikil.

Við höfum, hv. 1. þm. Vestf. og ég, flutt frv. hér á Alþingi, ég ætla í 5 ár í röð, um heimild fyrir ríkisstj. til þess að taka lán til vegabóta á Vestfjörðum, og stundum a. m. k. hafa Austfjarðaþm. sumir verið með okkur í að flytja sameiginlega till. um lántöku handa Austurlandi. Hvernig hefur verið tekið undir kröfur þessara landshluta um vegabætur móts við aðra? Hvernig var tekið undir þetta í þéttbýl-

inu? Á hverju einasta ári var málið svæft eða drepið af stjórnarliðinu, — hverju einasta ári. Og síðast í vetur flytjum við brtt. við fjárl., hv. 1. þm. Vestf., hv. 5. þm. Vestf. og ég, um að taka allt að 10 millj. kr. lán til vegabóta á Vestfjörðum, og í öðru lagi að verja úr ríkissjóði allt að 10 millj. kr. til þess að koma í veg fyrir fólksflótta og eyðingu byggða á Vestfjörðum. Hvaða undirtektir fékk þetta? Mér liggur við að spyrja hv. 2. þm. Vestf., sem var að tala hér áðan og var að kvarta undan því, hver hlutur Vestfjarða hefði orðið: Man hann nokkuð eftir því, hverjir greiddu atkv. með þessum till. okkar í vetur og hverjir á móti? Hún var drepin, vegatill., í vetur. Alveg um sama leyti og við vorum allir sammála um að veita heimildir til lántöku til að koma áfram dýrum og stórum verkefnum í vegagerð, um leið og við vorum að samþykkja löggjöf um að láta alla kaupstaði og kauptún fá milljónatugi til vegagerðar hjá sér, alveg sömu dagana voru þessar till. okkar drepnar og það af sömu mönnunum, sem eru núna að kvarta undan því, hve hlutur Vestfirðinga sé slæmur.

Síðasti þátturinn í þessari baráttu okkar fyrir hagsmunum Vestfjarða er svo sú brtt., sem við flytjum, hv. 1. þm. Vestf. og 5. þm. Vestf., á þskj. 621. Við leggjum til, að á eftir D-lið komi nýr liður, E-liður, svo hljóðandi:

„Viðbótarframlag úr ríkissjóði til vegabóta á Vestfjörðum, er þm. Vestfjarðakjördæmis skipta til þjóðbrauta og landsbrauta í samráði við vegamálastjóra, 3.8 millj. kr.“

Þetta þykir kannske stór till. Hún verður samt ekki ýkjastór, þegar hún er borin saman við Reykjanesbraut eða eitthvað þess háttar. En hún er svona stór af því, að þetta er nákvæmlega það, sem vantar upp á, að Vestfirðir eigi að fá í vegáætluninni sama hlutfall til nýbyggingar vega og þeir höfðu í fyrra. Það er ekki hærra sett markið. Ef Vestfirðir eiga að fá 19½% af nýbyggingarfénu á þessu ári, þarf að bæta þessari upphæð við, og við sjáum ekki aðra heppilegri leið til þess en að flytja till. eða heppilegra form en þetta.

Það er búið að neita Vestfirðingum um lán í 5 ár. Það er búið að drepa allar hækkunartill., sem við höfum flutt við afgreiðslu fjárl. undanfarin ár. Nú flytjum við þessa till. Ég geri ekki ráð fyrir, að það verði fundið að forminu, það hafa oft verið fluttar brtt. við útgjöld ríkisins með þál., svo að það er ekki nýtt. Spurningin er: Á að sýna Vestfjörðum þá sanngirni að halda sínum hlut frá því, sem verið hefur, af nýbyggingarfénu, eða á nú að lækka hann um 26%, þegar flestir halda sínum hlut nokkurn veginn, fyrir utan hina, sem fá miklu ríflegri framlög með lánveitingum ríkisins?

Ég tel mig ekki þurfa að vera að rökstyðja nauðsyn Vestfirðinga. Ég vil vísa til ræðu hv. 2. þm. Vestf., sem talaði hér áðan. Það var, held ég, í öllum aðalatriðum rétt, sem hann sagði, þó að hann sleppti því, hvers vegna þetta hefur gengið svona erfiðlega undanfarin ár, en ég get skilið það. Í skýrslu vegamálastjóra í þessari vegáætlun segir, að óbílfærir þjóðvegir, þ. e. a. s. í þjóðbrauta- og landsbrautaflokkum, séu 624½ km. Þetta eru vegir, sem eru hvergi nokkurs staðar til nema á pappírnum, hvergi annars staðar til, ekkert farið að hreyfa við að gera neinn veg. Hvað ætli Vestfirðingar eigi mikið í þessari upphæð? Þeir hafa vafalaust reiknað það í fjvn., það efast ég ekki um. Þeir hafa 226½ km af þessu. Þeir eiga 36.3% af öllum ógerðum þjóðvegum í landinu. Það segir einnig í þessari skýrslu vegamálastjóra, að ruddir vegir í landinu, þ. e. a. s. þjóðvegir, séu um 2470 km. Vestfirðir eiga þar ekki nema tæpa 500, svo að það þykir okkur ekki mikið móts við annað. Austurland er miklu hærra með rúma 800, en bæði þessi kjördæmi til samans eiga 53% af ruddu vegunum.

Það má nefna eitt dæmi enn um ástandið á Vestfjörðum. Í skýrslu vegamálastjóra stendur, að á landinu öllu séu 48 sveitabæir, sem séu ekki í neinu vegasambandi, einangraðir alveg. Hvað eru margir af þeim á Vestfjörðum? Það er 21, það er hér um bil helmingurinn. Og ég get bætt því við, að þessir bæir, sem ekki hafa neinn veg, hafa ekki heldur rafmagn. Er ekki glæsilegt að búa í sveit, hafa engan veg og ekkert rafmagn, og drepnar allar till. á Alþ. um að ráða bót á þessu? Það er ekki dularfullt, að það skuli vera fólksflótti af Vestfjörðum. Er ekki von, að mönnum detti í hug, að nú þurfi að reyna að leita fyrir sér hjá flóttamannasjóði Evrópu til þess að reyna að stöðva eitthvað þarna fyrir vestan? Kannske flóttamannasjóðurinn komi með peninga í vegi? Það væri betra en að fá kannske flóttamenn til að setja þá þar niður.

Það mæla öll rök með því, að Vestfjörðum verði veittur ríflegri hlutur úr nýbyggingarfénu en áður vegna þess, hve ástandið er þar vont, hversu fólksstraumurinn þaðan er mikill, þrátt fyrir að svo að segja hver einasti vinnandi maður á Vestfjörðum vinnur að framleiðslustörfum og leggur tiltölulega meira til þjóðarbúsins en annars staðar gerist. En við förum ekki einu sinni fram á það. Við förum fram á það eitt, að hlutur Vestfjarða sé bættur frá því, sem er í till. n., að hann verði ekki verri en hann var í fyrra.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 621, sem var of seint fram komin, leyfð og samþ. með 37 shlj. atkv.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Bráðabirgðavegáætlun fyrir árið 1964 er nú komin á lokastig hér í þinginu. Síðari umr. um þáltill. fer nú fram, og af hálfu hv. fjvn. hefur verið gerð grein fyrir málinu, eins og það horfir nú, og fyrir till. hennar, sem fyrir liggja á þskj. 586. Nokkrir hv. þm. utan fjvn. hafa nú tekið til máls við þessa umr., bæði til þess að ræða málið almennt og einnig til þess að gera grein fyrir vegamálum í kjördæmum sínum og þá sérstaklega óunnum framkvæmdum þar, sem fé vantar til að vinna að. Það hefur verið vakin athygli á því, að þessi bráðabirgðavegáætlun fyrir árið 1964 sé frumsmíð, og það er hún vissulega. Ég hygg, að Alþ. þurfi ekki að kvarta yfir því, að ekki hafi verið unnið að þessari áætlun af hálfu vegamálastjóra og vegamálaskrifstofunnar, eftir því sem tími var til. Þar var mikið verkefni fyrir höndum, eftir að vegal. höfðu verið samþ., í fyrsta lagi að gera sér grein fyrir

því, hvaða vegir yrðu þjóðvegir samkvæmt þeim reglum, sem settar voru í l., og í öðru lagi að afla ýmiss konar gagna til stuðnings þeim till., sem lagðar voru fyrir þingið, og upplýsinga fyrir hv. fjvn. En það er svo um alla frumsmíð, að á henni finnast venjulega gallar í byrjun, og hér hefur verið bent á það, að í þá upptalningu á þjóðvegum, sem gerð er í grg. þáltill. á þskj. 443, vanti vegi, sem að réttu lagi ættu að teljast þjóðvegir samkv. reglum vegal. Ég vil nota tækifærið til að benda á, að ég hygg, að það kunni einnig að vanta brýr í þá upptalningu, sem gerð hefur verið í grg. þeim, sem þm. hafa haft til athugunar, og ég vil nefna það til dæmis, að við lauslega athugun í því kjördæmi eða þeim landshluta, sem ég er fulltrúi fyrir, þá man ég nokkur vatnsföll á þjóðvegum, sem eru ekki talin í þessum skjölum, en eru þar eigi að síður til staðar og þarf að brúa fyrr eða síðar. Þetta er eðlilegt um slíka frumsmíð sem hér er um að ræða, og verður að sjálfsögðu úr því bætt síðar.

Það er nú svo, að menn eru orðnir vanir háum tölum hér á landi, háum krónutölum, og þegar maður fær upplýsingar um það, að einn vegur, sem að vísu er kallaður hraðbraut og er með sérstakri gerð, sem er 38 km langur, kosti hálft þriðja hundrað millj. kr. eða líklega um 240 millj. kr. eftir áætlun og að verið sé að vinna að því að fullgera þennan veg fyrir lánsfé, sem ekki er nema gott um að segja, fer manni að finnast, að upphæðin, sem verja á til nýbyggingar á þjóðvegum samkv. þessari þáltill., 57½ millj. kr. á öllu landinu, nái ekki langt. En hún verður ekki meiri en þetta, þegar búið er að taka það, sem til annarra hluta þarf af tekjum vegasjóðsins. Og við þetta bætist svo það, að vegagerðarkostnaðurinn hefur hækkað um 10—12% frá því í fyrra og víða hvíla á vegum lán, sem tekin hafa verið innanhéraðs á undanförnum árum, og þar sem svo stendur á, verður annað hvort, að ekki verði unnið í þessum vegum á þessu ári eða lánin að meira eða minna leyti standi áfram og lengur en búizt var við.

Þannig eru nú staðreyndirnar, að verkefnin eru mikil, en fjármunirnir litlir. Og þó vitum við í raun og veru ekki, hver verkefnin eru, því að það er nú svo, að þó að gerð hafi verið mæling á þjóðvegum, mæling, sem sýnir, hvað þjóðvegir séu langir samtals, og þó að það liggi fyrir, hve mikið af því séu hraðbrautir, hve mikið séu þjóðbrautir, sem eru fjölfarnir vegir, og hve mikið landsbrautir, og þó að það liggi fyrir, hve búið sé að byggja mikið upp af þessu, að því er talið er, og hve mikið sé rutt og hverjar leiðir séu veglausar, þá hefur samt ekki, svo að mér sé kunnugt, verið gerð áætlun um það, hvað allir þessir þjóðvegir, sem nú eru í l., með þeirri gerð, sem gert er ráð fyrir að á þeim verði samkv. vegal., muni kosta, t. d. miðað við núverandi verðlag. Og á meðan slík framkvæmdaáætlun eða kostnaðaráætlun um vegagerð á Íslandi, gerð þeirra þjóðvega, sem búið er að lögfesta, liggur ekki fyrir, þá vitum við í raun og veru ekki, hvert verkefnið er. Það, sem við þm. segjum um þetta, verður meira og minna handahófskennt. En hins vegar vitum við víða af reynslunni og getum sýnt fram á það, svo að ekki verður um villzt, að verkefnin eru mikil víða um landið og fjármunirnir litlir til þess að vinna fyrir.

Tveir hv. þm. Vestf. og einn hv. þm. Austf. hafa skýrt frá ástandi vega í sínum kjördæmum og lýst því á þann hátt, sem hv. þm. hafa heyrt og vafalaust veitt athygli, enda ekki með öllu ókunnugt áður. Því miður er það víðar á landinu, sem mikil verkefni eru fyrir hendi. Ég skal nefna það sem dæmi, að í því kjördæmi, sem ég er einn af fulltrúum fyrir, er einn kafli á þjóðbrautinni þar, — ég man þetta dæmi glögglega, — í austanverðu kjördæminu, sem er rúml. 200 km langur, en af þessum 200 km er nálega helmingur aðeins ruddir vegir. Þetta er nú dæmi um ástand þjóðbrautanna og raunar landsbrauta líka í þeim landshluta. Og auk þess er það nú svo, að þó að talið sé, að ýmsir vegir teljist uppbyggðir í skýrslu, þá er það svo um suma af þessum vegum, að þeir hafa verið byggðir upp fyrir löngu, byggðir upp með gömlum aðferðum, þegar tækin voru reka, kvísl og haki, hestur og kerra, og þá var reynt að hafa vegina sem efnisminnsta, þeir voru hafðir svo mjóir sem mögulegt var og svo lágir sem mögulegt var og ofaníburðurinn það lítill sem frekast varð komizt af með, vegna þess að tæknin var ekki meiri en svo á þeim tímum. Ýmsir af þessum vegum, þó að þeir teljist uppbyggðir, eru þannig, að það þarf að byggja þá upp, þeir eru of mjóir, þeir eru of lágir og þeir eru of efnislitlir. Og ég get sagt það til dæmis um okkar kjördæmi, Norðurl. e., að það er nú þannig ástatt þar, að þar er t. d. í Eyjafjarðarsýslu og S.-Þingeyjarsýslu töluvert af þessum gömlu vegum, sem ég nú var að nefna. Í báðum þeim sýslum er stunduð mjólkurframleiðsla um mikinn hluta svæðisins, og þar eru ferðir með þungavöru, þungar bifreiðar og þungavörur, allan ársins hring. Eins og kunnugt er, þá er mjólkurframleiðslan nú að breiðast mjög út í landinu, og liggja til þess ýmsar ástæður, sem ekki verða raktar hér. Í héruðum eins og t. d. í austanverðu þessu kjördæmi, sem ég var að nefna, var til skamms tíma eingöngu stunduð sauðfjárrækt. Þá var ekki eins mikil nauðsyn og kannske annars staðar á vegum, sem væru færir allan veturinn. Nú er þetta að breytast, þarna er að koma mjólkurframleiðsla líka, og verður þörf á því, að vegir séu færir allt árið, og einmitt í þessum hluta, þessu byggðarlagi er nú þetta ástand þjóðbrautanna svona, eins og ég sagði, að af 200 km rúmlega eru milli 90 og 100 km, ef ég man rétt, aðeins ruddir vegir. Ég segi þetta almennt í framhaldi af þeim umr., sem hér hafa farið fram um ástand veganna víðs vegar um land, og ég veit það, að þetta er misjafnt eftir landshlutum, en í flestum landshlutum a. m. k. er eitthvað af vegum, sem eru í mjög alvarlegu ástandi miðað við samgönguþörfina, eins og hún er nú á tímum.

Hér hefur verið vikið að því og var tekið fram sérstaklega af hv. 3. þm. Vesturl., að samkv. vegal. ætti í raun og veru að taka inn í vegáætlunina þær framkvæmdir, sem gert er ráð fyrir að verði unnar fyrir lánsfé á þessu ári, og ég er því alveg sammála. Ég hygg, að það sé ótvírætt samkv. vegal., að þessar fram-

kvæmdir eigi að taka inn í vegáætlunina. Nú hefur þetta ekki verið gert að þessu sinni, og vegna þess að það er ekki gert að taka lánsfjárframkvæmdirnar inn í vegáætlunina, þá snúast umr. minna um þá hlið málsins eða hafa snúizt minna um þá hlið málsins en þær mundu hafa gert, ef lánsfjárframkvæmdirnar hefðu líka verið inni í þessu þskj., sem hér er fram komið.

Ég hefði haldið, að í vegáætlun, sem næst verður gerð til 4 ára, verði lánsfjárframkvæmdirnar að koma inn líka, enda heyrist mér, að því sé nú ekki beinlínis andmælt af neinum. Ég heyrði ekki a. m. k., að hv. frsm. fjvn. hefði neitt á móti því, að það yrði gert, og ég hefði haldið, að þegar þannig verður gengið frá áætluninni, þá þurfi að vera fyrir hendi möguleikar til þess að koma inn í áætlunina heimildum fyrir ríkisstj. til að taka lán í því skyni, þannig að Alþ. geti fjallað í einu lagi um vegamálin í heild og jafnframt í þeirri sömu málsmeðferð aukið þá fjármuni, sem til ráðstöfunar verða. En að sjálfsögðu fær sú aðferð í slíku máli sem þessu, sem nú er uppi, ekki staðizt. Ef ríkisstj. byrjar á því að útvega lánsfé til þess að vinna að einhverri ákveðinni vegaframkvæmd og síðar er samþ. á þingi eitthvað fleira af slíkum lánsheimildum til vegaframkvæmda á einhverjum stöðum, þá fær það ekki staðizt, ef þetta á að gera sums staðar á landinu, að það eigi ekki einnig að gerast annars staðar á landinu, þar sem líkt stendur á. Auðvitað er tekið lán til Reykjanesbrautar og annarra slíkra vega, sem heimilað er að taka lán til og sumpart búið, vegna þess að þarna er um óvenjulegar framkvæmdir að ræða, óvenjulega dýrar framkvæmdir miðað við vegalengdir. Reykjanesbrautin er ekki nema 38 km, hún kostar 240 millj. kr., það er auðvitað alveg óvenjulegur kostnaður á km og langt umfram það, sem er í venjulegum þjóðvegum. Ennisvegur mun hafa kostað um 15 millj., og einhvers staðar stóð, að hann væri 6 km. Það er líka alveg óvenjulega mikill kostnaður á km. Um Strákaveginn, sem ég var að ræða áðan, er hið sama að segja, það er líka óvenjulega dýr framkvæmd miðað við vegalengd. Og þar sem svo stendur á, að þar þarf að framkvæma slíka óvenjulega mannvirkjagerð, alveg óvenjulega dýra, þá er sýnilegt, að það er ekki hægt að vinna að slíkum framkvæmdum með sæmilegum hraða og með tilliti til annarra framkvæmda nærlendis öðruvísi en taka til þeirra sérstök lán. Það er ekki hægt að taka það fé, sem til þess þarf að ljúka slíkum verkum á hæfilegum tíma, af venjulegum fjárveitingum til þess landshluta, sem þar á hlut að máli. Og ég vil t. d. segja það í þessu sambandi í framhaldi af því, sem ég nefndi áðan, að svokallaður Múlavegur milli Ólafsfjarðar og Svarfaðardals er ein af slíkum framkvæmdum. Það, sem eftir er að leggja af Múlavegi, er svo dýr framkvæmd, að ég held, að það sé ekki fjarri því, að hver km kosti í kringum 2 millj. kr. Þessi vegur er í flokki með þeim vegum, sem lán hafa verið tekin til.

Við leyfðum okkur í sambandi við umr. hér um fjárl. í vetur, hv. 1. þm. Norðurl. e., hv. 5. þm. kjördæmisins og ég, að flytja till. um þrjár lántökuheimildir, sem varða okkar kjördæmi. Ein þeirra var einmitt um lántöku til Múlavegarins umfram þá lágu upphæð, sem samþ. var í fjárl., önnur var um lántöku til Tjörnesvegar og hin þriðja var um lántöku til Hálsavegar milli Raufarhafnar og Þistilfjarðar. Á Tjörnesi, sem er ákaflega fjölfarin leið nú orðið, stendur þannig á t. d., að þar eru nokkur djúp gil, sem eru mikil torfæra á vetrum, og varanleg umbót á þessari leið er ekki önnur en sú að brúa gilin, sem kalla má, þ. e. a. s. byggja svo háan veg með uppfyllingu, að þessi hætta sé ekki lengur fyrir hendi. Það er búið að brúa eitt af þessum giljum, og það á að brúa annað næsta sumar. Það er ætlazt til þess, að þessar brýr séu byggðar af almennu vegafé, að öðru leyti en því, að ræsin sjálf niðri í gilbotninum munu vera kostuð af brúafé, en kostnaðurinn er miklu meiri en það. Á svona stað er auðvitað eðlilegt að lán sé tekið til þess að koma þessum framkvæmdum áfram og ljúka þeim þá á styttri tíma en nú er hægt að gera. Þriðji vegurinn, sem ég nefndi, er Hálsavegur. Ég ræddi nokkuð um hann í fjárlagaumr. í vetur, en það er vegur, sem liggur með sjó fram eða nærri sjó, milli Raufarhafnar á Austursléttu og Þistilfjarðar. Þessi vegur er talinn akfær, en er það í raun og veru ekki. Mikill hluti af honum er aðeins rudd leið, og það gerði nú ekki svo mikið til, ef þarna væri lítil umferð. En á þessum vegi er einmitt feikimikil umferð, a. m. k. nokkurn tíma ársins, á sumrin, á síldarvertíðinni, feikimikil umferð milli Raufarhafnar og næstu kauptúna og milli síldarstöðvanna fyrir norðan og austan. Þegar búið er að opna Hellisheiðarveginn milli Vopnafjarðar og Fljótsdalshéraðs, eykst þessi umferð enn. Það nær í sjálfu sér ekki nokkurri átt að ætlast til, að það taki kannske áratug — eða þótt ekki væri nema hálfur áratugur — að byggja slíkan veg. Hann þyrfti að byggjast á tiltölulega skömmum tíma, og það verður ekki gert öðruvísi en með lánsfé. Og það er alveg sama ástæða til þess að veita ríkisstj. heimild til þess að taka lán til slíkrar framkvæmdar, þó að hún sé norður á Sléttu eða norður við Þistilfjörð, eins og hér suður við Faxaflóa. Ég tel á sama hátt rétt að gera það.

Nú skal ég ekki hafa um þetta fleiri orð, en ég vildi mega vænta þess, að þegar hæstv. ríkisstj. og vegamálastjórnin undirbýr næstu vegáætlun, sem væntanlega verður lögð fyrir þing í haust, þá hafi hún athugað þau sjónarmið, sem ég nú hef gert að umræðuefni.

Einar Ingimundarson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð, sem ég ætlaði að segja í tilefni af þeirri ræðu, sem hv. 5. landsk. þm. (RA) flutti hér áðan út af Strákavegi. Mest af hans ræðu snerist nú raunar upp í hnútukast og persónulegar skammir á hæstv. samgmrh. Ég ætla ekki að fara að elta ólar við þær skammir, enda veit ég, að hæstv. ráðh. mun svara því hér á eftir, sem hann telur svaravert af því, sem fram kom í ræðu hv. þm. En þess vil ég þó geta, að það var ekki hæstv. samgmrh., sem gerði vinnuáætlunina um framkvæmd jarðgangagerðarinnar fyrir Stráka, en þessi vinnuáætlun var gerð í fyrra, heldur voru það allt aðrir embættismenn, sem þar til eru settir.

Hins vegar var það hæstv. samgmrh., sem gaf fyrirmæli um það, að þessi vinnuáætlun skyldi gerð, og hann mun einnig hafa tekið að sér að tryggja fé til þessara framkvæmda, þ. e. a. s. til jarðgangagerðarinnar, og má segja um það, að hvort tveggja þetta var þó meira en fyrirrennarar hans í embætti samgmrh. höfðu gert. Þeir höfðu engin fyrirmæli gefið um að gera vinnuáætlun um framkvæmd þessa verks og ekki heldur útvega fé til framkvæmdarinnar. Og líka get ég fullyrt, að það var ekki hæstv. samgmrh., sem hefur hrært svo í berglögunum í Strákafjalli, að þau reynast nú við rannsókn vera allt öðruvísi en áður hafði verið áætlað af faglærðum mönnum að undangenginni rannsókn.

Annars þykist ég alveg vita það, hvers vegna hv. 5. landsk. þm., sem mér þykir verst að hlýðir ekki á mál mitt, er svo bitur og sár í garð hæstv. samgmrh. og honum verður tíðrætt um þann fund, sem var haldinn um þetta vegamál á Siglufirði í fyrra, en á þeim fundi mun það hafa verið allra manna mál, að hv. þm. hafi ekki sótt gull í greipar hæstv. samgmrh. Annars held ég, að það þurfi engum að koma svo mjög á óvart, þótt nánari tæknileg athugun hafi farið fram og þurfi að fara fram í sambandi við hina fyrirhuguðu jarðgangagerð um Stráka, vegna þess að í framkvæmdaáætlun ríkisstj. frá því í fyrra er einmitt sagt berum orðum, að það verk þarfnist rækilegrar tæknilegrar athugunar og undirbúnings við, áður en það yrði hafið, og það er einmitt sú tæknilega athugun, sem þar var boðuð, sem nú stendur yfir. Hitt hlýtur hins vegar að valda öllum þeim, sem áhuga hafa fyrir því, að vegagerðinni um Stráka ljúki sem fyrst, hinum mestu vonbrigðum, að sú jarðfræðilega athugun, sem fram fór á s. l. sumri, leiddi til allt annarrar og óhagstæðari niðurstöðu en fyrri rannsóknir gerðu, og af þessu leiðir, að jarðgangagerðinni mun eitthvað seinka, en þó vonandi sem allra minnst.

Annars tel ég, að öllum aths. hv. 5. landsk. þm. um framkvæmd jarðgangagerðarinnar um Stráka sé raunverulega fullkomlega svarað í grg. þeirri, sem vegamálastjóri sendi fjvn. með vegáætluninni fyrir 1964, en þar er nákvæmlega rakið og gerð grein fyrir, hvers vegna vinnuáætlun vegamálastjóra frá 1963 um framkvæmd verksins hafi raskazt. Þessi grg. hefur ekki, svo að mér sé kunnugt um, verið birt í málgögnum hv. 5. landsk. þm. Ég skal ekki beint leiða neinum getum að því, hvers vegna það hafi ekki verið gert, en þó mætti segja mér, að það sé vegna þess, að sannleikurinn um þróun þessa máls er sagður þar.

Þá lét hv. ræðumaður, eftir því sem ég bezt skildi það, liggja að því, að vegamálastjóra og e. t. v. fleirum hafi verið kunnugt um það, þegar vegamálastjóri gerði vegáætlun sína um jarðgangagerðina í fyrra, að verkið væri óframkvæmanlegt á þeim tíma, sem vinnuáætlunin ráðgerði, og þar hafi hann sjálfur, þ. e. a. s. hv. þm., séð betur en vegamálastjóri og starfsmenn hans, því að hann hafi sagt á þessum fræga Siglufjarðarfundi í fyrra, að það væri ekki hægt að standa við loforð framkvæmdaáætlunarinnar um, að verkinu yrði lokið á svona stuttum tíma. Í sambandi við þessar aðdróttanir í garð vegamálastjóra verð ég að segja það, að mér finnst þær vera bæði ósæmilegar og ómaklegar aðdróttanir í garð samvizkusams opinbers starfsmanns, sem áreiðanlega hefur gert sitt bezta í þessu efni sem öðrum.

Eins og segir í grg. vegamálastjóra, sem ég áður nefndi, var ekki vitað um það fyrr en á s. l. vetri, eftir að skýrsla jarðfræðings um framhaldsathugun á jarðlögum í Strákafjalli lá fyrir, að neinir erfiðleikar væru á því að gera jarðgöngin eftir áætluninni frá 1963, og ég kalla það ekki svik á framkvæmdaáætluninni 1963, þótt jarðgangagerðinni seinki af ástæðum, sem þá voru gersamlega ókunnar, vegna tæknilegra erfiðleika, sem þá var ómögulegt að sjá fyrir.

Ég vil svo að lokum spyrja hv. þm., — og segi ég það þá aftur, að mér þykir það leitt, að hann skuli ekki hlýða á mál mitt, svo að ég viti, — mig langaði til að fá svör hans við því, hvort það sé raunveruleg skoðun hans, að hefja eigi nú jarðgangagerðina af fullum krafti, þótt fróðustu menn telji nauðsynlegt, að frekari rannsóknir á fjallinu, sem á að grafa í gegn, fari fram.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð, sem ég vildi segja í sambandi við vegáætlunina, sem nú er verið að ljúka umr. um. Strákaveginn þarf ég ekki að gera að umtalsefni, þar sem hv. 4. þm. Norðurl. v. hefur skýrt það mál rækilega, og ég ætla ekki heldur að fara í orðakast við hv. 5. landsk. þm. (RA). Ég minnist þess, að ég gerði það dálítið á fundi á Siglufirði í vor, og man nú, hvernig hv. þm. bar sig þá, þegar deilt var, og málflutningur hans hér áðan var með líkum hætti og á þeim fyrrnefnda fundi.

Hv. þm. segir t. d., að ég hafi komið norður á Siglufjörð og slegið um mig með loforðum um Strákaveginn. En ég var nú að fletta upp í Þjóðviljanum, hvað hann sagði um þennan fund. Þjóðviljinn segir 18. maí 1963 sem frétt af þessum fundi, að samgmrh. hafi talað í 70 mínútur, en ekki minnzt á Strákaveginn. Það var ekki vegna þess, að ég vildi ekki kannast við þjóðhagsáætlunina, sem gerð var, og það loforð, sem í henni fólst, það var ekki vegna þess, heldur vegna þess, að það var ástæðulaust að ræða um það, sem stóð þar svart á hvítu, enda gerði 4. þm. Norðurl. v. greinileg skil fyrir þessu máli. En þetta er bara dæmi upp á málflutning þessa hv. þm. og hvernig hann fer með heimildir. Annaðhvort veit þessi hv. þm. ekki, hvort hann er að segja satt eða rangt, eða honum er algerlega sama, og það er vissulega leiðinlegt, að ungur hv. þm. skuli ekki reyna að temja sér siðsamari og betri málflutning en þetta. Ég vildi óska þess, að hann gæti lært eitthvað á því sviði og að það væri ekki rétt, sem hv. þm. Björn Pálsson hefur fullyrt, þegar hann hefur haft stærstu lýsingarorðin um þennan mann, því að ég óska honum alls ekki ills.

Ég hef hlustað á umr. um vegáætlunina, og mér finnst eðlilegt, að hv. þm. geri sér grein fyrir því, að það, sem vegáætlunin gerir ráð fyrir, er vitanlega undir engum kringumstæð-

um fullnægjandi til þess að mæta óskum þm. í kjördæmunum, því að þarfirnar eru vitanlega alls staðar miklar. Hitt er svo augljóst, að með þeirri vegáætlun, sem nú er verið að ræða um og á að staðfesta, er miklu meira fé til ráðstöfunar en áður, og það er vitanlega alveg dæmalaus málflutningur hjá hv. 10. landsk. þm. (GeirG), þegar hann fullyrðir, að það sé ekki um neitt meira fé að ræða á þessu ári til framkvæmda en áður, af því að nú eigi að greiða skuldir, sem til var stofnað á s. l. ári, rétt eins og það hefði ekki þurft að greiða þessar skuldir, ef ekki hefðu verið ný vegalög og ef ekki hefði verið bætt við nýju fé. Ég veit ekki, fyrir hvern þessi hv. þm. var að tala, þegar hann segir, að það sé ekki aukið vegafé, vegna þess að það þurfi að greiða skuldir. Skuldirnar hefði vitanlega þurft að greiða, hvort sem við hefðum fengið ný vegalög eða ekki, það er alveg augljóst mál. Og skuldir hefur þurft að greiða fyrr en nú, því að það var ekki í fyrsta skipti á árinu 1963, sem lán voru tekin til vegaframkvæmda, og það vildi ég segja við þessa umr., að það er ekki nauðsynlegt að greiða þessar skuldir að fullu á þessu ári. Það er örugglega hægt að komast að samkomulagi um það að greiða þær á tveimur og jafnvel þremur árum, ef héruðin óska eftir því að fá endurlánað. Ég vil, að þetta komi fram, og er þá lengra gengið nú heldur en áður, því að undanfarið hefur þurft að greiða þessar skuldir að fullu, en að vísu verið þá veitt lán að nýju, til þess að framkvæmdir yrðu ekki stöðvaðar. Þetta yrði vitanlega gert eftirleiðis einnig.

Hv. þm. Geir Gunnarsson var að tala hér um Hafnarfjarðarveginn. Það er vitanlega alveg rétt, að það er mikil nauðsyn á því að bæta úr því ófremdarástandi, sem er að skapast á þessari leið. Umferðarþunginn er svo mikill þarna, að einfaldur vegur annar því ekki. Það eru um 14 þús. bílar á dag. En nú er það svo, að í Kópavogi hefur ekki verið gerður skipulagsuppdráttur eða gengið frá skipulaginu, þannig að það er ekki unnt, hve mikið sem væri til af fjármunum, að vinna í Hafnarfjarðarveginum, vegna þess að það stendur á skipulaginu, og mér er tjáð, að það muni ekki vera mögulegt að vinna neitt þarna í sumar af þessum ástæðum. En ég held, að vegamálastjórnin hafi alveg fullan skilning á því, að það er brýn þörf á því að bæta úr þessu, og það hefur verið rætt um það, hvernig væri hægt að létta á umferðinni á Hafnarfjarðarveginum, hvort það væri hægt t. d. með því að fara fram hjá Kópavogi, fara leiðina úr Sogamýrinni og þvert yfir hæðina ofan við Kópavog og létta þannig á umferðinni að einhverju leyti og svo í framtíðinni að leggja veg úr Blesugrófinni að Setbergi. Það er vitanlega kostnaðarsamt að gera slíkt, en þannig mætti vitanlega létta mikið á umferðinni, og vitanlega verður Hafnarfjarðarvegur að vera endurbyggður og fá tvöfalda akbraut við fyrsta tækifæri. En ég vil aðeins út af þessum ummælum hv. þm. Geirs Gunnarssonar upplýsa, að það stendur á skipulaginu í Kópavogskaupstað, til þess að það sé hægt að nota það fé, sem hægt væri að láta í þessar framkvæmdir að þessu sinni.

Þá talaði þessi hv. þm. um, að það væri ekki rétt að vera að dreifa þessari 31 millj., sem er til gatnagerðar í kaupstöðum og kauptúnum, um allt land, heldur ætti að vinna á einum eða tveimur stöðum, til þess að það kæmi að sem fyllstum notum. Vegalögin eru nú svona eins og þingið hefur gengið frá þeim, og þar er gert ráð fyrir því, að þessu verði jafnað niður eftir vissum reglum, eins og l. ákveða, og víst er um það, að í öllum kaupstöðum og kauptúnum er mikil þörf á endurbótum gatna.

Hv. þm. gerði lítið úr því, að það var hækkað um 5 millj. kr. til nýbyggingar vega, vegna þess að það væri tekið af því, sem ætlað var til viðhaldsins. En það var gert núna að þessu sinni, vegna þess að vegirnir eru óvenjulega góðir, þegar þeir koma undan vetrinum. Það er enginn klaki í vegunum núna, og það hefur sparazt mikið viðhaldsfé í vetur og vor, og aðeins þess vegna þótti fært að lækka viðhaldsfé frá því, sem vegamálastjóri gerði upphaflega ráð fyrir, og með tilliti til þess, að þá er vitanlega mjög sæmilega séð fyrir viðhaldsfé að þessu sinni.

Ég sé hér, að þrír hv. þm. úr Vestfjarðakjördæmi hafa flutt brtt., þar sem þeir leggja til, að hækkun til Vestfjarðakjördæmis verði 3.8 millj. kr. Ég get vel skilið það, að þessir hv. þm. óska eftir að fá meiri fjárveitingu í kjördæmið. En eins og þetta ber að, þá verður ekki hægt að segja, að það sé með eðlilegum hætti. Fjvn. hefur skilað sameiginlegu áliti og úthlutað öllu því fé, sem er til ráðstöfunar, og þess vegna er ekki um neitt fjármagn að ræða í þessu sambandi. Ég ætla ekki að ræða um það hér, hvort réttlátlega er úthlutað eða ekki. Ég geri ráð fyrir, að menn líti sitt hverjum augum á það. Ég hygg þó, að það hafi verið farið í það, eftir því sem menn bezt sáu, og að fyrir fram hafi hvorki vegamálastjóri né fjárveitinganefndarmenn viljað níðast á einu kjördæmi frekar en öðru. Ég vil alls ekki ætla það. Og 5 millj. kr., sem voru teknar af viðhaldsfénu til nýbygginga, voru vitanlega ætlaðar til þess að leiðrétta, ef mönnum þætti þörf á því. Ég vil undirstrika það, að fjvn. hefur skilað sameiginlegu áliti og úthlutað öllu fénu, og ég held, að það yrði ákaflega skrýtin afgreiðsla á þessu máli, ef nú væri farið að samþ. brtt. til stórfelldrar hækkunar fyrir eitt kjördæmi. Ég held, að það gæti orðið til þess að skapa mjög vafasamt fordæmi og gæti orðið til þess, að ýmsir héldu sem svo, að það væri til lítils að gera samkomulag í n., en það er það, sem við alþm. verðum að kappkosta, að standa við það samkomulag, sem við höfum gert hverju sinni, hvort sem við erum ánægðir með það eða ekki. Ef við temjum okkur þá reglu, þá a. m. k. greiðir það áreiðanlega fyrir því að leysa ýmsa erfiða hnúta, sem oft koma upp í þinginu. Og mig undrar vitanlega ekkert, þótt einstakir þm. séu óánægðir eða misjafnlega ánægðir með það, sem þeir hafa fengið. En ég lít svo á, að hv. fjvn. hafi komið sér saman um eina till. í þessu og hún hafi jafnað metin a. m. k. að nokkru með þeim 5 millj., sem teknar voru af viðhaldsfénu, og ég hafði vonað, að hv. þm. gætu eftir atvikum sætt sig við þessa till., sérstaklega með tilliti til þess, að það er nú ekki nema fyrir eitt ár og aðstaða er þá í haust til þess að leitast við að rétta hlut sinn fyrir þá,

sem telja sig hafa orðið að fara halloka að þessu sinni.

Það hefur verið tekið fram við þessa umr., að það hafi verið mikið verk að undirbúa þessa fyrstu vegáætlun, og það er sannleikur. Það væri þess vegna ekkert undarlegt, þótt þessi vegáætlun bæri með sér að einhverju leyti, að hún er frumsmíð. Ég ætla þó, að vankantarnir á henni séu minni en ætla hefði mátt, með því að þetta er fyrsta áætlun, sem gerð er eftir nýju vegalögunum, og það er enginn vafi á því, að vegamálastjóri og starfslið hans hefur lært mikið á því að gera þessa fyrstu áætlun og er miklu færara um að gera næstu áætlun, vegna þess að það hefur smíðað þessa.

Það hefur verið talað um, að lánsfé ætti að koma fram í vegáætluninni. Það má vel vera, að það sé eðlilegt. Það er þó vafasamt, að það sé skylt skv. lögunum. En ég segi: jafnvel þótt það sé ekki, þá gæti ég fallizt á, að það væri eðlilegt, að það kæmi fram í vegáætluninni, hvað ætti að vinna fyrir lánsfé og hvernig þetta lánsfé ætti að greiðast. Ég tel, að það sé eðlilegt, þegar gerð er áætlun til fjögurra ára, hvað sem lögin kunna um það að segja, því að það er þó alltaf heimilt að gera svo.

Ég vil svo að lokum þakka fjvn. fyrir það, að hún hefur komið sér saman um þessa áætlun, og mér er kunnugt um það, að einstakir nm. hafa teygt sig til samkomulags, slegið af, eins og þar stendur, til þess að ná samkomulagi, og formaður fjvn., hv. alþm. Jónas G. Rafnar, hefur lagt sig fram til þess að ná samkomulagi og notað til þess þá lipurð, sem honum er lagin.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta. Ég tel, að flest af því, sem hér hefur komið fram í umr., sé eðlilegt og það sé skiljanlegt, að hv. þm. vilji fá meira en kostur er á skv. þessu. En allir erum við nú sammála um að athuguðu máli, að við höfum meira fé til ráðstöfunar og það er stefnt í rétta átt með því, sem hefur verið gert, með því að fá ný vegalög og með þeirri vegáætlun, sem hér liggur fyrir.

Jón Kjartansson: Herra forseti. Það er ekki ætlun mín að lengja verulega þær umr., sem fram hafa farið hér um vegáætlunina. Þó hafa þau tíðindi gerzt síðustu vikur í sambandi við framkvæmd viss þáttar vegamála, að ég tel mér skylt að segja hér nokkur orð. Ég á þá við þá yfirlýsingu stjórnarvalda, að framkvæmd við jarðboranir í Strákafjalli verði frestað um óákveðinn tíma. Tilkynning um þetta barst til Siglufjarðar með sumarkomunni og var öllum þar og mörgum fleiri mikið harmsefni. Það er ekki tími til þess hér í kvöld að rekja sögu Siglufjarðarvegar ytri eða svokallaðs Strákavegar s. l. 10 ár hér á Alþingi og í framkvæmd. Þó er það freistandi ýmissa hluta vegna. Á þessa punkta vil ég þó leyfa mér að minna í sambandi við þetta mál:

Fyrir 9 árum var samþykkt að taka umræddan veg í þjóðvegatölu. Sama ár, 1955, leiðir rannsókn í ljós, að tiltækilegt sé að sprengja veginn utan í klettabeltið. 1956 fer fram enn á ný rannsókn, sbr. síðustu skýrslu vegamálastjóra um þetta mál til fjvn., og vil ég leyfa mér — með leyfi hæstv. forseta — að lesa hér ofur lítið upp úr þessari skýrslu, en þær staðreyndir varpa nokkru ljósi yfir þetta mál. Í þessari skýrslu segir vegamálastjóri m. a.:

„Í júlí 1956 var gerð nánari athugun á Strákum, og framkvæmdi hana jarðfræðingur frá atvinnudeild háskólans. Mælti hann með því, að gerð yrðu jarðgöng gegnum fjallið, enda var það ekki álitið dýrara en fara framan í það, m. a. vegna þess, að í það eru djúpar skorur, sem brúa þurfti. Í skýrslu sinni segir jarðfræðingurinn: Enda þótt bergið sé nokkuð myndbreytt og sprungið vegna jarðhita, virðist ekki ástæða til að óttast mikla erfiðleika við gröft ganganna." Þetta er sagt og fullyrt 1956. Og enn segir: „Má þess vegna gera ráð fyrir, að unnt verði að grafa mestöll jarðgöngin, án þess að grípa þurfi til dýrra varúðarráðstafana." Og enn segir í skýrslu jarðfræðingsins: „Jarðgöngin um Stráka verða einkum að vetrinum miklu öruggari leið en opinn vegur framan í klettunum."

Var því horfið að því ráði að grafa jarðgöng hallandi um það bil 4% upp á við frá Siglufirði. Á árunum 1957—1958 var vegur ruddur að þeim stað, sem ákveðið var að byrja jarðgöngin á, en sumarið 1959 voru sprengd um 30 m löng göng til reynslu. Í okt. 1960 voru svo þessi göng athuguð af sama jarðfræðingi og áður, og gaf hann síðar skýrslu um þá athugun. Í lok hennar segir svo:

„Reynslutími þessi, þótt skammur sé, virðist styðja þá skoðun, sem látin var í ljós í áliti, dags. 5. ágúst 1956, að unnt verði að grafa mestöll jarðgöngin, án þess að grípa þurfi til dýrra varúðarráðstafana."

Þetta er síendurtekið í bréfum og skjölum í rn., hér á hv. Alþingi og á skrifstofu vegamálastjóra. Frá því að þessari rannsókn lauk og með hana sem leiðarljós hefur öðru hverju verið unnið að framkvæmdum við þessa vegargerð. En því miður verður það að segjast eins og er, að það hefur alltaf verið gert með hangandi hendi. Þó ber að geta þess, sem gert hefur verið, að nokkur fjörkippur hefur komizt í framkvæmdir fyrir síðustu tvennar alþingiskosningar.

Þegar samþykkt var lántökuheimildin á Alþingi til að fullgera þennan veg, sem mun kosta um 20 millj. eða rúmar 20 milli. kr., jók það bjartsýni allra þeirra, sem þrá þessa vegargerð og bíða eftir henni, og enn jók það á gleði manna, þegar það var tilkynnt á Siglufirði af frambjóðendum þáv. stjórnarflokka og núverandi og því lofað, að Strákavegurinn skyldi verða fullgerður í ágúst 1965. Hinir varkárari stuðningsmenn stjórnarinnar töldu, að þetta yrði þó ekki fyrr en hinn 30. eða 31. ágúst, en gárungarnir bættu við, að það yrði kl. 3. Ég varð því nokkuð hissa, þegar hv. 4. þm. Norðurl. v., Einar Ingimundarson, sagði hér í ræðu nokkru fyrir kl. 7, að það væru engin svik við neinn, að Strákaveginum yrði ekki lokið í ágúst 1965. Þessi hv. þm. man það eins vel og ég, að á framboðsfundunum á Siglufirði, — ég skal ekki segja, hvað samgmrh. hefur fullyrt á fundinum á Siglufirði, sem minnzt var hér á, því að ég var ekki á þeim fundi, — en ég fullyrði, að á framboðsfundunum á Siglufirði fyrir síðustu alþingiskosningar var því haldið fram, að þessari vegarlagningu yrði lokið í ágúst 1965, og það var varað við að kjósa

bæði mig og aðra, vegna þess að þá mundi það koma á daginn, að þessi vegur yrði ekki tilbúinn í ágúst 1965. Ég hafði því miður ekki tíma í dag til að fletta upp í blaðinu Siglfirðingi, stuðningsblaði hv. þm., sem ég er hér að ræða sérstaklega við, en ég er alveg viss um, að þar get ég fundið línur máli mínu til stuðnings. Og hvers vegna var þessu haldið svona blákalt fram? Var það ekki vegna þess, að þeir voru að reyna að fá atkv. út á þetta? Ég þekki tiltekna menn, sem sagt var við af stuðningsmönnum ríkisstj., að eina tryggingin fyrir því, að Strákavegur yrði akfær í ágúst 1965, væri að kjósa stjórnarsinna í kosningunum í júní 1963. Þess vegna eru þetta svik við þá fullyrðingu og þau loforð, sem voru gefin. Ég er ekki að segja, að það sé vísvitandi, það leyfi ég mér ekkert að fullyrða. Hér hafa orðið alvarleg mistök, sem Siglfirðingar og Skagfirðingar og aðrir þeir, sem telja nauðsyn á þessum vegi, harma mjög mikið.

Ég lofaði því í upphafi, að ég skyldi ekki draga þessar umr. á langinn, og ég skal standa við það. En ég vil að lokum segja við þessa hv. norðlenzku meðþm. mína í stjórnarliðinu, að þegar ég minnist þeirra orða, sem þeir höfðu í sambandi við þennan veg, og skrifa blaða þeirra í júní 1963, þá dettur mér í hug eitt orð, það er orðið strákapör.

Að lokum vil ég leyfa mér að beina eftirfarandi spurningum til hæstv. samgmrh. í trausti þess, að hann sé þess umkominn að svara þeim nú eða þá síðar, áður en þinginu lýkur. Í fyrsta lagi: Er hin svokallaða fullnægjandi athugun á berglögunum í Strákafjalli hafin, og ef svo er, hvaða aðili hefur þá athugun með höndum? Og í öðru lagi: Má ekki treysta því, að veginum Fljótamegin, frá Heljartröð að jarðgangaopinu fyrirhugaða, verði lokið í sumar? Ég vil svo að lokum skora á hæstv. samgmrh. að gera allt, sem í hans valdi stendur, til þess að flýta því, að lokaframkvæmdir í Strákaveginum geti hafizt sem allra fyrst.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Það má segja, að það sé nokkur atburður á hv. Alþingi, þegar hin nýja skipan í vegamálum þjóðarinnar er tekin upp, fyrsta vegáætlun afgreidd. Það er því ekkert óeðlilegt, þó að þm. ræði nokkuð þetta mál, hina nýju tilhögun og þá fyrstu afgreiðslu, sem málið fær í því formi.

Vegamálin, skipting fjár til framkvæmdanna á því sviði, hafa oft og tíðum verið allmikið umræðuefni hér á Alþingi, þegar afgreiðsla fór fram með þeim hætti, sem venja hefur verið allt til þessa, í sambandi við afgreiðslu fjárl. Ég hef heyrt það í dag, að það hafi verið friður góður um afgreiðslu vegáætlunarinnar, og er sjálfsagt ekkert nema gott um það að segja. Formaður hv. fjvn. er friðarins maður og elskulegur í samstarfi, býst ég við, og hann hefur fengið sína meðnm. í þessu máli sem öðrum til þess að sætta sig við það góða og sumt hið minna góða, sem frá virðulegri fjvn. hefur komið á þessu ári, og það ber lagni hans vitni. En þó finnst mér, að það séu viss takmörk fyrir því, hvað til friðarins megi vinna, og ég skil a. m. k. ekki þá þm. Vestfjarða eða þann þm. Vestf., hæstv. forseta sameinaðs Alþingis, sem setið hefur getað í fjvn. á friðarstóli um það að láta hlutfall Vestfjarða til vegamála lækka frá næstliðnu ári. Helzt hefðu fulltrúar Vestfjarða í hv. fjvn. þurft að muna það, að þeir þurftu að vilja eitthvað í vegamálum Vestfjarða. Þeir máttu gjarnan vinna allnokkuð til friðar og góðs samstarfs, en ekki játast undir það, að hallað væri á Vestfirði í fjárveitingum til vegamála frá því, sem verið hefur, með allar vegleysurnar, miklu fremur vegleysurnar heldur en vegina í huga. Ef rætt er um samgöngumál á Vestfjörðum, er þar miklu meira efni í ræðu um vegleysur heldur en um vegi. Hv. 1. þm. Austf. sagði í dag, að það fyndist sér þunnur þrettándi, að Austfirðir hefðu tæpast haldið því hlutfalli, sem þeir hefðu hingað til haft um úthlutun vegafjár, og ég tek undir það með honum. Það er anzi þunnur þrettándi fyrir Austfirðinga og Vestfirðinga að verða að sætta sig við það nú, þegar þessi nýja skipun er tekin upp, og kannske þannig að verða að horfast í augu við það til frambúðar, að þeirra hlutfall af því fé, sem varið er til vegamála, skuli nú skert við þessi tímamót og þeir settir meira hjá en áður.

Þegar við lítum yfir vegina um Vestfjarðakjördæmi hérna á vegáætluninni, allt frá nr. 1 til 41, eru fáir þeirra, ef það er þá nokkur einn einasti, sem er að öllu leyti fullgerður vegur. Maður getur farið yfir allt svæðið, og það eru aðeins partar úr þessum vegum, sem eru uppbyggðir og þannig eiginlega teljandi í vegatölu, en allur þorri þessara vega, sem þarna eru nefndir, er niðurgrafnir troðningar og ólagðir og óbyggðir vegir. Það var minnt á það hér í dag, að áður hefðu Vestfirðir fengið til vegamálanna 19.5% af heildarupphæðinni, en nú yrðum við að sætta okkur við 14%, eins og hv. þm. sagði, lækkun um 26%. Það er fjórðungsskerðing í hlutfallinu við aðra. Ég verð, þó að mér sé það ekki ljúft, að segja það sérstaklega við hv. Vestfjarðaþm. í stjórnarliðinu, að mér finnst þeirra frammistaða slæleg í þessu máli. Þeir hafa verið að skýra okkur frá, að þeir hafi barizt hraustlega, en við hvern skrattann voru þeir að berjast? Voru það öfl í stjórnarflokkunum, sem vildu okkar hlut enn þá minni? Það hlýtur að vera, ef þeir eru að segja satt, og er það þó lítt trúanlegt. Svo mikið er víst, að hversu hraustleg sem þeirra barátta hefur verið, þessara góðu félaga okkar, er árangurinn sorglega lítill. Það er ekki of mikið sagt, þótt maður fullyrði, að ef þeir hefðu beitt sér, sett hnefann einu sinni í borðið við þessi öfl, sem þeir voru að berjast við, þá hefði það verið á þeirra valdi að fá a. m. k. hlutfall Vestfjarða óskert, því að til þess lágu hin fyllstu rök, sem ekki var hægt að ganga gegn nema með ósanngirni og ranglæti. Ég verð því að segja, að hv. þm. Vestfjarða í stjórnarliðinu hafa verið of lítilþægir í þessu máli, því að það má ætla, að það hefðu orðið og verði þeirra atkvæði hér á hv. Alþingi, sem ráða úrslitum um það, að hlutur Vestfjarða er ekki skárri en þetta. Það vekur ekkert samúð mína með þeim, þótt þeir á eftir berji í vænginn og segi: Það er farið illa með okkur.

Ég held, að það megi fullyrða, að stjórnarandstöðuflokkarnir mundu hafa staðið að því

að sýna Vestfjörðum réttlæti í þessu höfuðmáli þeirra, því að samgöngumálin ásamt atvinnumálunum eru höfuðmál fyrir hvaða landshluta sem er. Og það vita allir, að þannig er Alþingi skipað, að ef stjórnarandstaðan stendur saman um mál og 2—3 þm. úr stjórnarliðinu bætast þar við, þá er góðu máli borgið. Ef sú till., sem hér er nú frammi, flutt af hv. 1. og 3. þm. Vestf. auk mín, fellur hér á hv. Alþingi, þá er það af því, að okkur vantar hendur okkar samþingismanna á loft með þeirri till., sem ekki fer fram á meira en það, að Vestfirðingar fái að halda hlutfallinu 19.5 af heildarupphæð til vegamála, eins og Vestfirðirnir höfðu áður, og þeir tjá sig þá með þeirri atkvgr. um það, að það þyki þeim of mikið.

Hæstv. samgmrh. gerði þessa litlu till. að umtalsefni fyrir kvöldmatinn og hafði lítil rök fram að færa fyrir því, að ógerningur væri að samþ. hana. Upphæðin er 3.8 millj. kr. Svo tæpt getur hagur ríkissjóðs ekki staðið, að hann geti ekki, ef vilji er með, tekið á sig 3.8 millj. kr. umfram það fé, sem skammtað var til vegamála við afgreiðslu fjárlaganna síðastliðið haust.

Hér er bara um það að ræða, hvort hv. stjórnarflokkar og hæstv. ríkisstj. vilja játa þá staðreynd, að það hafi orðið þarna mistök, og mistök ber að leiðrétta. Það hefur áreiðanlega ekki verið ætlunin að skerða hlut þess landshlutans, þess kjördæmisins, sem langverst er á vegi statt í vegamálum og samgöngumálum, umfram öll önnur kjördæmi. Svo illa er ekki komið réttlætistilfinningu hv. alþm. Hér hafa því mistök orðið, og þau ber að leiðrétta, og það er fyrst og fremst á valdi hæstv. samgmrh. að leggja þarna lóð á vogarskálina, þegar þessi atkvgr. fer fram, og þó helzt nokkru fyrr að tjá vilja sinn til að leiðrétta þessi mistök, eða hv. þm. Vestf. í stjórnarliðinu enn að beita sér fastar og fá þessi mistök leiðrétt, því að það er á þeirra valdi.

Ég man eftir því einu sinni, þegar ég var kennari, þá fór fram skriflegt próf í minum skóla, og þá sagði einn pilturinn, að rjúpan væri spendýr, en skrifaði neðan á úrlausn prófblaðsins hjá sér: „Ég veit, að þetta er nú ekki gott hjá mér, en ég ætla nú að reyna að gera það betur næst.“ Og það sama segja hv. þingbræður minir fyrir Vestfjarðakjördæmi: Við vitum, að þetta er nú ekki gott hjá okkur, en við ætlum að reyna að gera betur næst. — Og þeir segjast hafa loforð fyrir því, að það verði gert anzi vel við Vestfjarðakjördæmi, þegar næsta áætlun, aðalvegáætlunin, þriggja ára vegáætlunin, verður gerð. Það var búið að segja mér það og mörgum fleirum, að það mundi nú heldur verða réttíng á okkar málum, þegar vegáætlunin yrði afgreidd, og ég trúði því, en ég hef orðið fyrir sárum vonbrigðum. Nú get ég ekkert gert annað en að halda mér dauðahaldi í þessa fullyrðingu þeirra, að þeir viti, að þetta hafi ekki farið vel hjá þeim, en þeir ætli að gera betur næst, og ég ætla að halda mér dauðahaldi í þessa von, þangað til afgreiðsla næstu vegáætlunar fer fram. Og þá vona ég, að þeir missi ekki af takinu á þessu hálmstrái. Það verður full þörf á því að gera betur næst, þó að samþykkt verði till. okkar þriggja Vestfjarðaþingmanna um, að Vestfirðir haldi því hlutfalli, sem þeir áður höfðu.

Um afgreiðslu vegáætlunar vil ég segja það, að það ber að harma, að hún liggur svo seint fyrir hv. Alþingi sem nú ber raun vitni. Það er enginn möguleiki til að afgreiða hana með neinum eðlilegum eða sómasamlegum hætti, þannig að menn séu frjálsir gerða sinna. Vegáætlunin verður að liggja fyrir Alþingi í framtíðinni, áður en fjárl. eru afgreidd, og þetta undirplagg fjárl. hafa fengið sína afgreiðslu, áður en fjárl. eru afgreidd. Annars eru allir þm. með bundnar hendur, eins og hér hefur verið játað í dag, meira að segja af stjórnarsinnum, að heildarákvörðun hefur verið tekin með afgreiðslu fjárl. um það fjármagn, sem til vegamála eigi að fara. Það er ekki hægt að hækka, segja þeir, og þá er ekkert um annað að ræða, hið þinglega frjálsræði í þessu máli til afgreiðslu er ekkert annað en það að færa frá einum vegi til annars, og það er ekkert skemmtilegt verk. Ég játa hins vegar, að vegamálaskrifstofan var í nokkrum vanda stödd í fyrsta sinn, er setja skyldi saman vegáætlun, og þess vegna má fyllilega afsaka það, að hún sé seint á ferðinni núna. En í framtíðinni má það ekki ske. Í framtíðinni þarf og verður vegáætlunin að liggja fyrir Alþingi að haustinu til, áður en fjárl. eru afgreidd. Að öðrum kosti væri alveg eins hægt að láta hana fara fram hjá sölum hv. Alþingis og afgreiða hana inni á vegamálaskrifstofu til fulls eða niðri í rn. hjá hæstv. samgmrh. Hún á í raun og veru ekkert erindi inn á Alþingi, ef á að afgreiða hana framvegis með sama hætti og nú.

Þetta vildi ég segja sem mína skoðun um tilhögun við afgreiðslu vegáætlunar nú. Ég fellst á afsakanir, sem fyrir því liggja, að hún er seint fyrir Alþingi nú, en tel, að þau vinnubrögð megi ekki viðhafa framvegis.

Með Vestfjarðakjördæmi verður það þannig á komandi sumri, að ég hygg, að það verði jafnvel minni framkvæmdir í vegamálum þar fyrir það fé, sem nú er ætlað til þeirra mála, heldur en oft áður, svo miklu er það orðið dýrara að framkvæma slík verk, að fjárveitingin nú, þótt hún sé hærri að krónutölu, eins og sumir eru að hugga sig við, þá hafi upphæðin minna framkvæmdagildi, og þá þýðir það í raun og veru afturför frá því, sem verið hefur. Það var unnið fyrir kosningarnar seinustu að vegaframkvæmdum og mikið látið af því, að þarna væri verið að útvega fé til þessa og hins vegar og þetta væru þannig auknar framkvæmdir. En það var bara verið að taka frá fjárveitingum næsta árs. Það var skammgóður vermir, og það er þetta m. a., þessi kosningaherkostnaður, sem veldur því, að það verður minna úr framkvæmdunum en menn hefðu vænzt á fyrsta framkvæmdaári vegáætlunar. Ég er þeirrar skoðunar, að það hefði verið langsamlega myndarlegast og mennilegast að taka þennan kosningaherkostnað til hliðar, setja hann á fjáraukalög og hafa upphæðir fyrstu vegáætlunar óskertar til framkvæmda.

Hæstv. ráðh. vék að þessu í kvöld og sagði, að þetta væri nú ekki svo slæmt, því að héruðin þyrftu ekki að borga lánsupphæðirnar á einu ári, nú ættu þau kost á því að borga lánsupphæðirnar á 2—3 árum. Má ég þá spyrja: Er

það ríkissjóður, sem ætlar að borga vaxtabyrðina, borga vextina, eða eiga héruðin að standa undir vöxtum af þessu þrjú ár í viðbót við það eina, sem þau hafa borið vexti yfirleitt af þessu, þannig að þau fái á þetta fjögurra ára vaxtabyrði? Ekki drýgir það framkvæmdamátt upphæðanna. Ég vil vona, að það verði ríkissjóður, sem taki á sig vextina af þessu fé, af þessum framkvæmdum frá kosningaárinu, og teldi ég það þó billega sloppið.

Ýmsir hafa rætt um, að það sé einn af brestum þessarar áætlunar, að lánsfé til vega hafi ekki verið tekið inn á áætlunina, en það beri tvímælalaust að gera. Ég er sammála þeim hv. þm., sem hafa haldið því fram, að lánsfé til vegagerða á að sjást og þeirra framkvæmda á að geta, sem framkvæmdar eru með lánsfé, og vænti ég þess, að svo verði framvegis. Það kemur héraði eða kjördæmi alveg í sama stað niður, hvort framkvæmdin er innt af hendi fyrir fjárveitingar, sem teknar hafa verið inn á fjárl. eða vegáætlun, eða hvort það er útvegað að láni. Þegar um vegaframkvæmdir sérstaks eðlis er að ræða, sem ekki verða unnar öðruvísi en í stórátökum, þá er þetta eðlileg leið, enda þegar farin í fleiri en einu tilfelli.

Ég hefði eiginlega átt að minnast á ræðu hv. 4. þm. Norðurl. v., sem talaði hér í kvöld og beindi máli sínu til hv. 5. landsk. þm., sem var þá fjarverandi, en það var út af Strákaveginum, sem síðasti hv. þm. ræddi hér um líka. Ég hefði átt að minnast á þetta í raun og veru fyrr í ræðu minni, þegar ég minntist á þau gullnu loforð, sem hefðu verið gefin einnig í Vestfjarðakjördæmi um það stóra og mikla, sem skyldi ske, þegar vegáætlunin kæmi með allri þeirri fjáröflun, sem stæði til að framkvæma samtímis því. Það fer ekkert á milli mála, að það hafa verið gefin anzi ákveðin, gullin loforð um framkvæmd á jarðgöngunum í gegnum Stráka, og þess vegna gat ég ekkert skilið í því, þegar hv. 4. þm. Norðurl. v. var svo hjartanlega ánægður, hann iðaði bara af fögnuði og ánægju yfir því, að öll loforðin höfðu verið svikin. Þegar stjórnarstuðningsmenn haga sér svona, þegar mál kjördæma þeirra eru annars vegar, mala eins og kettir yfir því að vera sviknir og leiknir grátt, er þá von til þess, að þeir nái miklu fram? (**Gripið fram í:** Hver sveik?) Nú, þeir, sem loforðin gáfu. Hér hafa komið tveir þm. og sagt, að loforðin hafi verið gefin, og þau eru ekki orðin framkvæmd enn. Hvað heitir það? Hvað heitir það, þegar loforð hafa verið gefin og ekki framkvæmd? Heitir það ekki svik á íslenzku máli? (**Gripið fram í:** Af óviðráðanlegum ástæðum.) Eru það óviðráðanlegar ástæður, þegar hampað er framkvæmdaáætlun, sem hér er sagt að ráðh. hafi látið gera af sérfræðingum fyrir kosningar, og sagt við kjósendur: Þessi framkvæmdaáætlun verður framkvæmd á ákveðnu ári, lokið í ákveðnum mánuði, — að menn segi nú ekki eins og síðasti hv. þm.: klukkan þrjú á ákveðnum degi? (**Gripið fram í:** Kosningaloforð eru engin loforð.) Kosningaloforð eru svik, ég veit það, þau eru ekki loforð, þau eru svik þessara herra. Strákavegurinn er staðfesting á því. Nei, ég er hræddur um það, að því bregði fyrir víðar en í Norðurlandskjördæmi vestra, að stjórnarstuðningsmenn hafa verið of ánægðir með að láta misbjóða sér og þannig verið of lítilþægir. En þeir þurfa ekki að vera að tala, þeir þurfa ekki að vera að lýsa þessu í ræðum, þeir ættu að fara betur með þetta.

Það má vel vera, að það þurfi nú að rannsaka jarðlög og að það þurfi kannske að fóðra göngin innan. En var það ókunnugt sérfræðingum, sem gerðu framkvæmdaáætlunina fyrir hæstv. ráðh.? Gat það ekki flögrað að þeim og að það þyrfti því að hafa einhverja fyrirvara á loforðunum? En þá hefðu þau ekki verið eins líkleg til þess að vera eins konar flugnaveiðari fyrir kosningar, ef það hefðu verið margir fyrirvarar í bak og fyrir. Þess vegna hefur fyrirvörunum verið sleppt og framkvæmdaáætlunin, sem þá var hampað, það er sagt, að hún sé bara frumathugun núna og allt sé eftir að rannsaka, það sé ekki búið að rannsaka þetta enn, og er þó góður tími liðinn síðan. Ég held, að það þýði ekkert að segja, að allt sé af því, að það komi eitthvað óvænt fyrir. Það er engin afsökun í því.

Ég skal nú láta mínum lestri um þessa fyrstu vegáætlun Alþingis lokið. Ég get tekið undir það, að það má afsaka ýmsa bresti á henni, af því að hún er frumsmíð. Ég tel, að það hafi verið hallað sérstaklega á Vestfjarðakjördæmi, og hef ekkert farið dult með það, að ég tel, að stuðningsmenn ríkisstj. í hópi Vestfjarðaþm. hefðu getað og hefðu átt að beita sér fastar fyrir því, að a. m. k. óbreytt hlutfall héldist, og ég tel, að þeir eigi einn möguleika enn, þann að greiða atkv. með þessari litlu till., sem hér liggur fyrir um 3.8 millj. kr. úr ríkissjóði, til þess að hlutfall Vestfjarðakjördæmis standi óhaggað og óbreytt. Að öðru leyti ætla ég að lifa í voninni, eins og ég áðan sagði, um það, að Vestfirðingar verði samstæðari og standi sig betur og þá sérstaklega þeir, sem þá verða stjórnarstuðningsmenn, þegar á að afgreiða þriggja ára vegáætlunina. Verður hún ekki þriggja ára næst eða verður hún fjögurra ára næst? Það læt ég alveg liggja á milli hluta, hvort hún verður þriggja ára eða fjögurra ára, það er sjálfsagt framkvæmdaatriði hjá stjórnarvöldum, úr því að þessi hefur verið afgreidd til eins árs til bráðabirgða.

En ég skal að lokum segja það, að ég tel það ákaflega lítils vert að vinna mikið fyrir fram í vegum og yfirleitt tel það óviðkunnanlegt, þegar sá háttur er sérstaklega hafður á árið fyrir kosningar, upp á svo að skerða framkvæmdamöguleikana á fyrsta og öðru ári eftir kosningar stórlega. Það er engin úrbót og ekkert til þess að gleðja kjósendur með, a. m. k. ekki þegar þeir eru búnir að átta sig á því, að þessu er svona varið. Ég tel miklu eðlilegra, að framkvæmt sé undir stjórn vegamálastjóra nokkurn veginn það, sem fjárveitingar hvers árs leyfa, nema þá alveg sérstaklega standi á, að ljúka þurfi einhverjum sjálfsögðum áfanga, þá geti vegamálastjóri gengið þar frá. Og alveg fráleitt tel ég það, þegar þm. einn og einn ráða því með einkaviðtölum við ráðh. eða vegamálastjóra, að vikið sé frá þeirri skiptingu, sem þm. hafa komið sér saman um. Til þess eiga þeir ekki heimildir að mínu áliti, og við mig var a. m. k. ekki haft neitt samráð um það að vinna

fram á haust og kasta þannig fé til lítils gagns fyrir kosningarnar, eins og gert var í Vestfjarðakjördæmi í ýmsum tilfellum. Það hefur skilað litlu, það fé, nema kannske atkv.

Ég skil svo við þetta mál að sinni, en svo mikið er víst, að hlutur Vestfjarða er illa tryggður með afgreiðslu þessarar fyrstu vegáætlunar og þar þarf mikið úr að bæta, til þess að Vestfjarðaþm. geti verið upplitsdjarfir, þegar þeir koma til sinna kjósenda, og það geta þeir a. m. k. ekki allir verið að afloknu þessu þingi, ef ekki verður a. m. k. úr bætt með það litla, sem hér er farið fram á.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Ég ætlaði ekki að bæta neinu við þessar umr., eftir að ég hafði gert grein fyrir helztu staðreyndum Strákavegarmálsins hér í dag, en vegna ummæla hæstv. ráðh., sem svaraði mér hér rétt fyrir kvöldmatinn, og vegna fsp. frá hv. 4. þm. Norðurl. v. sé ég mig neyddan til að eyða fáeinum mínútum af dýrmætum tíma hv. þm.

Almennt má segja það, að málflutningur ráðh. hér rétt fyrir kvöldmatinn hafi verið eins aumlegur og hugsazt gat, þegar hann var að reyna að verja sig í þessu margumræddа Strákavegsmáli. Hann lét sér nægja að minnast á eitt atriði úr ræðu minni. Ég rifjaði hér upp í dag í ræðu minni, hverjar hefðu verið heitstrengingar ráðh. á Siglufjarðarfundi hér rétt fyrir kosningarnar, og í því tilefni dró ráðh. fram ummæli Þjóðviljans um þennan fund, þar sem sagt var í fyrirsögn, að ráðh. hefði haldið ræðu í 70 mínútur án þess að minnast á Strákaveginn. Þetta var nú það eina, sem hann hafði fram að færa. En hvernig kemur þetta heim og saman, ummæli mín og ummæli Þjóðviljans? Minntist ráðh. á veginn, eða gerði hann það ekki? Var ég kannske að ljúga upp á hæstv. ráðh. hér í dag? Ráðh. sagði, að þar sem augljóst væri, að frásögn mín stangaðist á við ummæli Þjóðviljans, hlyti ég að fara með rangt mál. Síðan afgreiddi hann málið í eitt skipti fyrir öll með því að segja, að þarna sæju menn, hvernig ég meðhöndlaði sannleikann, og þyrfti ekki að eyða frekari orðum að því. Björn Pálsson hefði alveg rétt fyrir sér, það væri ekkert mark takandi á því, sem ég segði. Og þar með var Strákavegur afgreiddur í eitt skipti fyrir öll. Og það var greinilegt á glotti hæstv. ráðh., að hann þóttist hafa sloppið vel í þetta skiptið. En athugum málið svolítið betur.

Eins og hv. 4. þm. Norðurl. v., Einar Ingimundarson, veit jafnvel og ég, því að hann var líka staddur á þessum fundi, talaði hæstv. ráðh. ekki einu sinni, heldur tvisvar. Auðvitað varð enginn hissa á því, að hann skyldi tala tvisvar, því að það gera margir, sem eru ekki jafntungulipрir og þessi hæstv. ráðh. Í fyrri ræðunni talaði ráðh. í 70 mínútur, eins og Þjóðviljinn segir, og minntist ekki einu orði á Strákaveg, og það voru margir undrandi á þeirri háttvísi. Seinni ræðan var hins vegar örstutt, en þá voru þeir svardagar í frammi hafðir af hálfu ráðh., sem lengi munu í minnum hafðir, og voru áreiðanlega hundruð Siglfirðinga til vitnis, þ. á m. hv. 4. þm. Norðurl. v. Ég vil benda hæstv. ráðh. á, að hann sleppur alls ekki frá fyrri blekkingum sínum í þessu máli með því einu að vitna í rétt ummæli Þjóðviljans af margumtöluðum fundi. Það getur oft verið gott að vitna í Þjóðviljann, og sannarlega ætti hann að gera meira af slíku. En þá þarf maður líka að hafa sannleikann sín megin. Það er merginn málsins.

Hv. 4. þm. Norðurl. v. ræddi nokkuð um Strákavegsmálið áðan í tilefni af ræðu minni. Því miður vildi nú svo illa til, að ég var ekki staddur hér í þingsalnum af óviðráðanlegum orsökum, þegar hv. þm. flutti ræðuna. En ég hef haft spurnir af innihaldinu, og mér er sagt, að hv. þm. hafi verið stóránægður með þróun málsins núna seinustu árin og hafi helzt viljað áfellast þá, sem gagnrýna allan hinn furðulega seinagang þessa máls. Hv. þm. átti ekki sæti á þingi árin 1956—1959, en náði kjöri það ár, og eins og ég sagði við umr. hér í dag, voru anzi góðar horfur í Strákavegsmálinu einmitt um þetta leyti, þegar hann var kosinn, eða rétt í þann mund, sem Siglfirðingar kusu hann til þingsetu. Þá vissu menn, hvar skyldi grafa gatið, og horfðu björtum augum inn í kolsvart myrkrið í þessari 30 m holu, sem var búið að sprengja fyrir þá rétt fyrir kosningar. En nú, þegar hv. þm. er búinn að standa trúan vörð um hagsmunamál Siglfirðinga hér á Alþingi í 4½ ár, þá er myrkrið í holunni það sama og áður, og ekki er hún einni tommu dýpri, en það bætist við, að nú veit enginn lengur, hvort þetta er rétta gatið eða ekki. Það er von, að þm. sé glaður og innilega stoltur af ráðh. sínum, eins og fram kom hér í dag.

Hv. þm. lagði fyrir mig þá spurningu, hvort ég vildi láta hefja framkvæmdir við Strákaveg, enda þótt færustu sérfræðingar teldu rétt að athuga málið um stund. Ég held, að þessi spurning sé vægast sagt út í loftið, a. m. k. fyrir þá, sem hlustuðu á ræðu mína hér í dag. Ég tók það skýrt fram, að ég teldi enga ástæðu til þess að efast um þá fullyrðingu vegamálastjóra, að tæknilegur undirbúningur væri ekki fyrir hendi, og ég bætti því við, að einmitt þess vegna hefði ég ekki í huga að flytja neina brtt. við till. fjvn., því að auðvitað dugir ekki að grafa gat, sem enginn veit, hvar á að vera. Ég lagði hins vegar fyrir hæstv. ráðh. þá spurningu, hvers vegna ekki hefði fyrr verið hugsað til þess að bjóða út verkið og hvers vegna sá tæknilegi undirbúningur, sem hér hefur svo mikið verið talað um og nú mun skorta, hafi ekki verið framkvæmdur á þeim 4 árum, sem liðu í algeru aðgerðaleysi. Þessari spurningu hefur enn ekki verið svarað, og væri ekki rétt fyrir hæstv. ráðh. og hv. 4. þm. Norðurl. v. að svara þessari spurningu, því að þetta er vissulega kjarni málsins. Svo hlýt ég að bæta því við, að það væri einnig viðeigandi, að þeir báðir bæðu Siglfirðinga afsökunar á þeim blekkingum, sem þeir höfðu í frammi fyrir seinustu kosningar.

Axel Jónsson: Herra forseti. Umferðarvandamálið á Reykjanesbraut milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur hefur borið hér á góma. Hv. 10. landsk. þm. (GeirG) virtist óánægður með það, að á þessari vegáætlun, sem hér liggur fyrir, er ekki gert ráð fyrir fjárframlagi til endur-

bóta á Reykjanesbraut gegnum Kópavog. Hæstv. samgmrh. hefur upplýst það hér síðar á fundinum, að ástæður fyrir því, að ekki er hægt að hefjast handa um framkvæmdir við Reykjanesbraut á umræddu svæði, eru þær, að ekki er búið að ganga frá skipulagi á þessum slóðum. Það er vissulega ástæða til þess að lýsa óánægju sinni yfir því, að það skuli ekki hafa verið gert. En hverjum er það fyrst og fremst að kenna, að svo er ástatt? Hverjum er það fyrst og fremst að kenna, að ekki er búið að ganga frá skipulagi á Kópavogshálsinum, þannig að hægt sé að hefja nú þegar eða jafnvel fyrr framkvæmdir um endurbætur í því mikla umferðarvandamáli, sem þar er? Ég vil hiklaust staðhæfa, að það er fyrst og fremst að kenna flokksbræðrum hv. 10. landsk. þm., sem farið hafa með stjórn bæjarmála í Kópavogi. Það mun hafa verið í apríl 1961, sem fulltrúi Sjálfstfl. í bæjarráði þar bar fram till. um það, að efnt yrði til samkeppni um hið svokallaða miðbæjarsvæði í Kópavogi, þ. e. a. s. svæði það, sem Reykjanesbrautin liggur um. Þetta var fellt. En 22. jan. 1963 samþykkir bæjarráð að efna til samkeppni um þetta svæði, og þá þegar var hafinn undirbúningur að því, að hægt yrði að bjóða þessa samkeppni út. En það er mikið verk. Þarna er mikil umferðargata, sem liggur í gegnum miðjan Kópavogsbæ, og margar umferðaræðar úr bænum, sem þarf að tengja við hana á viðunandi hátt. Og svo er komið málum, að þessum undirbúningi að útboði er ekki lokið enn, en má vænta þess, að fljótlega verði því lokið, þannig að hægt verði að auglýsa samkeppnina, en það er þó augljóst, að niðurstaða byggð á úrslitum þeirrar samkeppni mun vart liggja fyrir fyrr en undir næstu áramót, og þá fyrst er hægt að fara að vinna nauðsynleg verkfræðileg undirbúningsstörf, til þess að þessi vegagerð geti hafizt. Ég trúi ekki öðru en hv. 10. landsk. þm. hafi verið þetta kunnugt og hann hafi vitað, hvar sökin lá í þessu efni.

Ég skal ekki eyða mörgum orðum að því mikla vandamáli, sem þarna er um að ræða, það hefur verið margrætt hér á hv. Alþ. í vetur. Ég man það, að á Alþingi 1960 voru þessi mál einnig til umr. hér, og þá þótti þetta mikið vandamál, og þá var vitnað til síðustu umferðartalningar á þessum vegi og þá talið, að færu um þennan veg milli 10 og 11 þús. bifreiðar á dag. Núna er þessi tala 14—15 þús. og mun fara ört vaxandi, þannig að allir, sem þekkja til aðstæðna þarna, sjá, að nauðsyn er á að bæta úr. En sýndartillöguflutningur og óánægja yfir því, að ekki sé ráðizt í framkvæmd, sem ekki er einu sinni búið að ákveða, hvar eigi að vera, það finnst mér vera hins vegar ástæðulítið af þeim, sem eiga að gjörþekkja til aðstæðna.

Það hefur einnig borið á góma að leggja aðra braut austan núverandi byggðar í Kópavogi, og það er tvímælalaus nauðsyn, að hún komi einnig, þrátt fyrir það þó að lögð verði tvöföld akbraut í gegnum Kópavog, um miðbæjarsvæði hans. En það er einnig þá sögu að segja gagnvart lagningu þessa vegar, að skipulagi á innanverðum Kópavogshálsi er ekki lokið. Ég vonast til þess, að yfirvöld í Kópavogi svo og vegamálastjórnin taki höndum saman um það að leysa þetta erfiða vandamál á sem farsælastan hátt fyrir þá mörgu, sem þarna eiga hlut að máli.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Það er ekki óeðlilegt, þó að nokkrar umr. falli um þá vegáætlun, sem hér liggur fyrir, því að ég held, að það hafi ekki einungis verið þm., sem biðu spenntir eftir því að sjá, hvað kæmi út úr hinni breyttu löggjöf, sem ríkir nú í vegamálum, heldur hafi einnig þjóðin beðið mjög spennt eftir að vita, hvað fjármagni til framkvæmda liði samkv. þeirri nýju löggjöf. En hins vegar verðum við að horfast í augu við þá bitru staðreynd nú, að við fáum litlu um þokað þeirri áætlun, sem hér liggur fyrir, og að sjálfsögðu liggja að því margar ástæður, sem ég skal ekki rekja nú, en þm. hafa ýmiss konar sjónarmið um, og sjálfsagt hefur hver eitthvað til síns máls. En ég get tekið undir það með hv. 2. þm. Vestf., að mér finnst þó allar horfur á, að við fáum minna út úr þessu vegafé en vonir stóðu til.

En það er nú eitt að gera áætlun, og annað er að láta hana standast í framkvæmd. Við höfum haft áætlanir um vissar framkvæmdir hér á landi. Við höfum t. d. haft áætlanir í raforkumálum. Og sjálfsagt hefur það verið að einhverju leyti til bóta, en hitt held ég, að flestir séu sammála um, að hún hafi engan veginn staðizt, og fyrir því liggja margar orsakir, og að sjálfsögðu verka sömu lögmál á þá áætlun, sem við gerum um vegamál, eins og aðrar áætlanir. Á ég þar ekki sízt við vaxandi dýrtíð og svo vaxandi þarfir hins vegar fyrir vegi um byggðir landsins. Það má segja, að þjóðvegakerfið hafi nokkurn veginn fylgt framleiðslunni. Þar sem þörf hefur verið fyrir góða vegi vegna framleiðsluaðstöðunnar, þar hafa vegirnir komið af sjálfu sér fyrr en annars staðar á landinu. Það er því ekki undarlegt, þótt hróflað sé nú úr hinum dreifðu byggðum, sem tiltölulega nýlega hafa komizt í akvegasamband, um, að þar verði vegakerfið bætt til jafns við það, sem það er annars staðar á landinu. Og sú vegáætlun, sem nú liggur fyrir, fjallar að vísu ekki nema um hluta af þeim framkvæmdum, sem gerðar verða, og ber þar tvennt til, vegna þess að það er búið fyrir fram að eyða verulegum hluta af því fé, sem hér er verið að ráðstafa, í fyrsta lagi, og í öðru lagi reikna ég með, að það verði ekki hjá því komizt að hefja nýjar lántökur vegna vegagerðar og það einnig á þessu ári, og um það fjallar þessi áætlun ekki neitt. En því aðeins hefur áætlun sitt gildi, að þar séu öll þau atriði, sem til greina koma, að með þeim sé reiknað, en svo er ekki hér. En á þetta vil ég benda nú við þetta tækifæri, til þess að sú vegáætlun, sem gerð verður á þessu sumri og lögð fyrir Alþingi í haust, verði að öllu betur útbúin en sú áætlun, sem hér liggur fyrir. Og ég efast ekki um, að hugur allra stendur til, að svo megi verða. En því aðeins getur sú vegáætlun orðið nokkurn veginn til samræmis við óskir Alþingis, að þm. sjálfir geri áætlun hver og einn fyrir sitt kjördæmi, þar sem þeir eru kunnugir, og verði þannig í ráðum með vegamálastjóra, sem að sjálfsögðu hefur aðalframkvæmdina með höndum í þeim efnum, eins og eðlilegt er.

Það er einkum þrennt, sem kemur til greina varðandi áætlun samkv. hinum nýju vegal., og á ég þar við, að það sé þrískipt það fjármagn, sem þar er til umráða. Það er í fyrsta lagi til þess að byggja nýja vegi um landið, hvort heldur þeir eru steyptir eða ósteyptir, í öðru lagi til að brúa óbrúuð vatnsföll, og í þriðja lagi fer mikill hluti og vaxandi hluti til að halda því þjóðvegakerfi við, sem þegar er komið og kemur á næstu árum. Og eftir reynslunni verður sá hlutinn, sem fer til viðhalds þjóðveganna í landinu, ört vaxandi, og eigi maður ekki nýtt fjármagn árlega, sem til skipta kemur, verður vegaviðhaldið framkvæmt á kostnað brúargerða og nýbygginga. Þetta liggur ljóslega fyrir af þeirri áætlun, sem hér er, og fyrir þetta verður að byggja þegar á næsta hausti, jafnframt því sem ríkið verður hverju sinni að taka á sig þær auknu byrðar, sem koma af völdum vaxandi dýrtíðar, þannig að það verður ekki hægt að inna sama verk af hendi fyrir það fjármagn, sem upphaflega var áætlað. Sé þetta ekki allt tekið með í reikninginn í fyrstu og endurskoðað með tilliti til þessa árlega, um leið og fjárlög eru afgreidd, hefur áætlun slík sem þessi ákaflega lítið gildi og missir fljótlega marks. Áætlun t. d., sem hefði verið samin um þjóðvegina fyrir rúmu ári, hefði strax, að því er ég hef heyrt og bezt veit, rýrnað að verðgildi um rúm 12%. Og þess vegna verður að hafa í huga hverju sinni dýrtíðarmálin í landinu og mæta dýrtíðinni með því að taka inn nýtt fjármagn, þannig að framkvæmdirnar, eins og þær voru upphaflega áætlaðar, geti gengið fyrir sig á hverju ári, án þess að neitt hindri það.

Það er nú eins með mig og gömlu konuna, sem kunni bezt við „gömlu aðferðina“, að ég finn óneitanlega til þess og hef gert, síðan kjördæmabreytingin varð, að ég kynni bezt við að skipta því vegafé, sem til fellur, í mínu gamla kjördæmi einn og óháður og þurfa ekki að skipta mér af hjá öðrum. En að sjálfsögðu þýðir ekki um það að fást, því að mikið af þeim vandamálum, sem við eigum hér við að etja á Alþingi, eru afleiðingar af þeirri kjördæmabreytingu, sem gerð var 1959 og hefur að flestu leyti, að mér finnst, ekki orðið landsfólkinu í heild til bóta.

Þótt ég gjarnan óski þess, að við þm. Vesturl. fengjum miklu meira fjármagn þangað, ætla ég ekki að flytja um það brtt. nú, vegna þess að ég álít slíkt tilgangslaust, og er það ekki fyrir það, að það sé ekki þörf fyrir vegi og þörf fyrir brýr. Það er síður en svo, því að þar er í mörg horn að líta, engu síður en þótt við ferðumst til Austur- eða Vesturlands, og lætur það að vonum, að þar sem nýjar leiðir hafa opnazt, eru auknar þarfir fyrir meira fjármagn og miklu meira fjármagn en nokkru sinni hefur verið fyrir auknar vegaframkvæmdir, enda gefur það auga leið, að við þurfum ekki annað en koma hér út á göturnar í Reykjavík, og við sjáum það fljótt, hve bílafjölgunin er mikil hér í bænum, og sama gildir um landsbyggðina, að þar hefur umferðin stórum vaxið, og það sem meira er, að þær bifreiðar, sem nú þjóta yfir landið, eru miklu stærri og miklu þyngri en við reiknuðum með og þurfa því miklu sterkari og betri vegi en áður hefur verið, þannig að mikið af þeim vegum, sem byggðir hafa verið á undanförnum árum, þótt ekki sé farið nema 10 ár aftur í tímann, eru ekki fullnægjandi fyrir þá bifreiðastærð, sem nú ríkir yfirleitt við völuflutninga og fólksflutninga út um landsbyggðina. Og þetta á eftir að sýna sig betur á næstu árum, að við verðum, jafnframt því sem við byggjum nýja vegi, þar sem vegleysur eru nú, að endurbyggja mikið af því vegakerfi, sem á undanförnum árum hefur verið talið að væri fullnægjandi til frambúðar.

Ég bendi á þetta, og ég bið þm. að athuga það, að sú vegáætlun, sem lögð verður fyrir Alþingi á næsta hausti, verður því aðeins til bóta og því aðeins hefur hún sitt gildi, að þm. verði þar sjálfir með í ráðum, þar sem þeir bezt þekkja til, jafnframt því sem Alþingi tekur þessi mál til endurskoðunar árlega með hliðsjón af breyttu verðlagi og öðrum aðstæðum, sem þar koma til greina.

Björn Pálsson: Herra forseti. Ég skal ekki halda langa ræðu. Ég var ofur lítið hissa á þessari miklu ræðu, sem hv. 5. þm. Vestf. hélt áðan. Hann er reyndari þm. en ég, hefur meiri reynslu í þessum efnum, en mín reynsla er sú, að eftir að mál eru komin úr n., þýði lítið að vera með mjög mikinn hávaða hér í pontunni. Ég álít, að yfirsjón þessa hv. þm. hafi legið í því, að hann hafi ekki fylgzt nógu vel með úthlutuninni, þegar vegamálastjóri var að gera áætlunina. Það þýðir ekki annað en vakna á morgnana og fylgjast með því, sem gerist fyrri part dagsins. Í öðru lagi átti hv. þm. að fylgjast með þessu í n. og reyna að fá það lagað þar. Í þriðja lagi var ekki til neins að koma hér upp í pontu og óskapast þar yfir þessu. Sannleikurinn er sá, að ég býst við, að það mætti skamma þessa hæstv. ríkisstj. fyrir margt fleira, jafnvel flest eða allt, meira en þessa vegafjárskiptingu. Við höfum þetta fé. Er ástæða til að ætla, að það verði meira en þetta? Ef það er, eiga þær raddir að heyrast. Ef það er ekki, er að deila um skiptinguna. Í raun og veru er lítil von til þess og í sjálfu sér ekki eðlilegt, að farið sé að taka meira fé úr ríkissjóði en áætlað var á fjárl. Það er ekki við því að búast. Þá er um það að deila: Á að taka þetta frá einhverjum öðrum og láta hinn hafa það? Ég efast ekkert um þörfina fyrir Vestfirði að fá meira vegafé, og það eru víða þarfir, en það verður ekki gert allt á einu ári, og ég álít, að menn verði að sakast við sjálfa sig að fylgjast ekki í tíma með úthlutuninni.

Ég hef ekki verið með hávaða eða rifrildi hér út af vegafé eða brúafé í Austur-Húnavatnssýslu. Ég átti enga brú að fá þar og hef ekki haldið neina ræðu hér í pontunni, en nú hef ég von um tvær brýr. Þetta gerðist allt þegjandi og hljóðalaust. Það er ekki von, að vel gangi, þegar menn standa hér uppi í pontunni og skamma starfsfélaga sína og þm. úr sama kjördæmi í von um einhver atkv., í staðinn fyrir að hjálpa hver öðrum að leysa hlutina. Þetta er eins og hver önnur vitleysa. Við höfum þetta ekki svona í Norðurl. v., nema bara drengurinn, hann er dálítið hortugur. Við vinnum saman og erum ekki með neinn hávaða og erum ekki að rægja hver annan að drengnum undanskildum.

Og af því tekst okkur að leysa hlutina og erum ekkert að þessu. Svo skiptum við atkv. í bróðerni á milli okkar. Jón Þorsteinsson lýsti því yfir, og ég veit, að hann stendur við það, á Sauðárkróksfundinum síðast og því var útvarpað um Skagafjörðinn, að hann gæti ekki hugsað til að vera á Alþingi, ef ég væri þar ekki. Svona eiga menn að haga sér, en ekki vera að rífast og skammast og rægja hver annan, — vinna heiðarlega og skynsamlega að nauðsynjamálum hvers kjördæmis. Það er ekki von, að vel gangi, þegar menn láta svona.

Þá kem ég nú að drengnum. Mér var sendur þessi piltur af Einari Olgeirssyni, og það kemur fyrir beztu menn, að þeim eru sendir draugar. Þetta kemur af öfund, illgirni og ýmsum eiginleikum, sem menn bera í brjósti. Ég verð nú að segja það, að mér líkaði ekki ræða hans, ekki það, að hann var nógu hávaðasamur að tala með Strákaveg, þessi hv. uppbótarþm., hvaða númer er hann nú aftur? 5. landsk., en það var nefnilega vitleysa. Ég efast nú um, að drengurinn hafi mikinn áhuga fyrir atvinnumálum í Norðurl. v. Hann hefur ekki lengi dvalizt þar, en mikið amlað. Hann var á Siglufirði í sumar, pilturinn, og ég spurði einhvern félagann, hvort hann hefði ekki verið duglegur. Ekki fór nú óskaplega mikið fyrir því, enda var lítið að gera á Siglufirði. En hann datt í sjóinn, það var það eina sögulega, og var dreginn upp. Ég er nú lítill sundgarpur, en mér hefði þótt skömm að láta draga mig úr vatninu, ég hefði buslað upp úr fjörunni heldur en láta draga mig upp á bryggju. Þetta kom í Mjölni og Þjóðviljanum, þetta afrek. Hann drukknaði ekki þarna við bryggjuna. Jæja, en hann fær þennan eldlega áhuga fyrir Norðurl. v., er sendur þangað norður, búsettur á Sigló, er nú raunar hér með heimili, en fær fæðispeninga eins og fleiri góðir menn samt, sem eru nýfluttir út á landið, — en ekkert með það. Hann er búinn að fá þennan eldlega áhuga fyrir öllum atvinnumálum hjá okkur. Lítið hefur hann samt fengizt við þau, blessaður, baslað fyrir því að afla brauðs fyrir fátæka verkamenn þarna í þessu kjördæmi. En hann hefur vit á öllu, þessi ungi maður. Ég held, að hann hafi komið með þáltill. um það að búa til þaramjölsverksmiðju á Skagaströnd. Mér datt nú í hug, hvar hann ætlaði að taka þara, hvort hann ætlaði sjálfur að sækja hann út á sjóinn, því að það er eiginlega enginn þari þarna, og væri þá miklu eðlilegra að hafa þaramjölsverksmiðju þar, sem væri mikil fjara og hægt að ná í mikinn þara, heldur en þar sem enginn þari er. (**RA:** Ég hef enga slíka till. flutt.) Er það ekki? (**RA:** Nei.) Nú, það var skrifað um þetta í blað, þú skrifaðir a. m. k. um þetta í Mjölni, það var ábyggilegt. Annað var að stofna bankaútibú á Sauðárkróki, og þar narraði hann vin minn hv., Jón Þorsteinsson, ég man nú ekki, hann er uppbótarþm. líka, — þ. e. 9. landsk., — til að vera með sér. Ekki átti nú Landsbankinn samt að gleypa sparisjóðinn, heldur bara koma með svona 20—30 millj., það þarf, til þess að útibúið beri sig, og stofna þarna bankaútibú. Svo var nú það. Við, sem þekkjum þennan ágæta banka dálítið, vitum, að hann flytur ekki klyfjaðar kistur af seðlum út á landsbyggðina, þó að hann sé ávarpaður einu sinni í þinginu af ungum manni, en það er nú aukaatriði. En hann hefur þennan brennandi áhuga. En það, sem ég er óánægður við þennan hv. þm. fyrir, er að tala ekki á móti Strákaveginum. Þá væri von til, að honum yrði hraðað, en að vera að tala með honum, það yfirtók allt, því að tal í þessum tón með máli er til að spilla fyrir því, það skilja allir lifandi menn. En hitt er, að mér er annt um þennan dreng og lít á hann sem nokkurs konar fóstursson minn, og tilfellið er, að honum er orðið betur við mig en flesta aðra, og kærleikar okkar eiga eftir að verða miklu meiri en þeir eru nú. En ég vil bara koma honum í skilning um, að hann er ekki orðinn neinn spekingur. Það getur skeð, að hann verði sæmilega vitiborinn, en hann er það ekki enn þá. Hann hefur ekki vit á neinu enn sem komið er nema bara stóryrðum og hávaða, sem ekki er eðlilegt, drengurinn hefur enga reynslu. Þegar hann var nýfermdur, fór hann í skóla hjá Einari Olgeirssyni, lærði þar kommúnistafræði, pjakkaði um landsbyggðina og talaði um helsprengjur og herinn ætti að fara, eldheitur ættjarðarvinur. Svo var hann nú sendur þarna norður til að kála mér, fór um kjördæmið og fullyrti, að ég væri fallinn, og svo fór það nú öðruvísi en ætlað var. En mér er annt um piltinn, og ég vil, að hann vitkist, og þá getur hann orðið bara dágóður, og svo ef hann færi að vinna, t. d. að draga þorsk úr sjó og hirti kindur einn vetur og væri fjósamaður annan vetur, þá færi honum að aukast vit og þekking og ekki sízt, ef hann ynni t. d. í banka einn vetur, t. d. Landsbankanum, og vissi, hvað þeir væru áhugasamir að koma peningunum út á landsbyggðina. Þetta skapaði allt reynslu og þekkingu.

Ég veit, að við þurfum miklu meira vegafé og miklu fleiri brýr. En það verður bara ekki allt gert í einu, og ég held, að það sé ekki til neins að koma hér upp, þegar búið er að ráðstafa þessu fé, og deila miklu um það. Það verður þá að taka það af einhverjum öðrum. Um að gera er að fylgjast með þessu í tíma, og ef einhver er órétti beittur, þá að benda þessum mönnum, sem vinna að úthlutuninni, fyrst og fremst vegamálastjóra eða n., sem hefur með þetta að gera, á, að þetta sé ekki réttlátt. En það er ekki til neins að koma með einhverjar hækkunartill. og segja ekki, hvar eigi að taka peningana, því að við getum ekki búizt við því, að það verði neinar sérstakar aukafjárveitingar hér. Ég er ekki í neinum vafa um það, að Vestfirðir og Austfirðir eru illa settir með vegasamband, og þar er landslagið þannig, að það er ákaflega erfitt að halda vegum opnum og raunar ómögulegt á mörgum tímum, það er yfir heiðar og fjallvegi að fara, og þá verður að nota skipin. En það er ekki af því, að ég efist um, að þessir menn, sem að þessu vinna, vilji vel og reyni að gera sitt bezta. En við, sem til þekkjum, verðum bara að taka hluti í tíma, benda þeim, sem með þessi mál hafa að gera, á, að þetta sé ekki sanngjarnt og ekki rétt. En það er of seint að koma, þegar búið er að ákveða hlutina, og deila þá um þá.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Hv. þm. hafa rætt nokkuð um vegamálin. Það er að

vonum. Samgöngurnar eru í vaxandi mæli lífæð hvers byggðarlags. Hv. þingmenn Vestf. nokkrir og hv. 1. þm. Austf. hafa bent á sérstöðu þá, sem Vestfirðir og Austfirðir hafa í vegamálunum. Ég vil leyfa mér að árétta þau ummæli með örfáum orðum.

Á löngu árabili höfðu fjárveitingarnar til vegamála til gömlu kjördæmanna haldizt í mjög líku hlutfalli, og það virtist ákaflega erfitt að fá því hlutfalli breytt. Það var löngum svo á þessu árabili að vísu, að hæstar fjárveitingar í einstakar sýslur voru til sýslnanna á Austurlandi og Vestfjörðum, t. d. Múlasýslna og Barðastrandarsýslu. En engu að síður hallaði í rauninni undan fæti hlutfallslega fyrir þessi héruð vegna þeirra gífurlegu erfiðleika, sem þar mæta vegagerðinni, og þeirra miklu vegalengda, sem þar er við að glíma. Eins og ég sagði, voru hlutföllin milli gömlu kjördæmanna í ákaflega föstum skorðum, og virtist erfitt að hnika nokkru til. Nú eru spilin stokkuð upp. Það er gert æðistórt átak í þessum málum, og þá hafði maður vænzt þess, að unnt yrði að mæta þörfum þeirra verst settu að nokkru. En þá kemur það á daginn, þegar málið er nú lagt fyrir þing eftir svo ýtarlegan undirbúning sem tök voru á á þeim tíma, sem til umráða var, að hlutfall hinna verst settu landshluta hefur versnað, en ekki batnað. Það hefur versnað og það svo, að um munar. Þetta er í rauninni alveg óviðunandi, og þá gildir það einu, hvort litið er á þær tölur, sem hér hafa verið birtar í umr. í dag um lengd ólagðra vega, fjölda óbyggðra brúa í hinum ýmsu landshlutum, — það gildir einu, hvort litið er á þessar tölulegu staðreyndir eða á hitt, ástandið eins og það er raunverulega í hverri sveit og eins og þeir þekkja það, sem eru þar staðkunnugir.

Ég ætla að leyfa mér að bregða upp myndum til þess að sýna, hvernig ástandið er í raun og veru á Austurlandi í þessum sökum. Strandbyggðin frá Borgarfirði suður til Eskifjarðar, sveitabyggðin á þessu svæði, er nánast alveg eydd. Þessi héruð hafa vegna legu sinnar og fámennis orðið síðust í röð um vegina og með þessum afleiðingum, því að vissulega er það m. a. og ekki sízt samgönguleysið, sem þessu veldur. Á allt öðrum stað, við allt aðrar aðstæður uppi á Fljótsdalshéraði er ein frjósamasta sveitin, Hróarstunga, mjög illa sett í þessum efnum. Víða eru vegirnir þar algerlega malarlausar og niðurgrafnar moldargötur, þó að einnig megi þar finna nýja og betri vegarkafla. Þarna hagar svo til, að fremur erfitt er um sauðfjárrækt, en ræktanlegt land er mikið, og þetta er sérstaklega heppileg sveit til mjólkurframleiðslu, en vegleysið hindrar vöxt hennar. Það hefur eðlilega verið unnið meira að vegum fyrir þéttbýlustu staðina austur þar, eins og venja er, en einnig þar eru verkefnin ákaflega brýn. Neskaupstaður, fjölmennasta byggðarlagið, býr við þannig vegasamband, að á venjulegum vetrum er nær óhugsandi að halda þar opnum vegi hálft árið. Þar bíður það verkefni að gera jarðgöng undir eggina á Oddsskarði. Mundi sú framkvæmd leysa vegaþörf Neskaupstaðar. Í snjóavetrum er að vísu ekki unnt að halda þar neinum vegum opnum, en eftir að göng væru komin gegnum fjallseggina, yrði þarna ævinlega fær snjóbílsleið. Ég nefni annað byggðarlag þarna við sjávarsíðuna, Fáskrúðsfjörð. Það hefur mikið verið unnið að vegi þangað báðum megin við Staðarskarð, en enn þá er notazt við gamlan veg yfir skarðið, sem er hinn mesti tröllavegur. Hefur ekki reynzt unnt að byrja á því, sem þegar er áformað, nýjum vegi út fyrir Vattarnes. Þá má enn nefna það, að vegaviðhaldið á Fljótsdalshéraði hefur verið með þeim endemum hin síðustu árin, að aðalvegir þeir, sem næst liggja miðpunkti, svo sem Eiðavegurinn og fleiri og fleiri, verða svo gersamlega ófærir í aurbleytum á vorin, að bændur koma jafnvel ekki einu sinni traktorum sínum um vegina, heldur eru þess dæmi, að það hafi þurft að nota jarðýtur á auðum vegi til þess að koma mjólkinni. Ég skal láta þessi dæmi nægja til þess að sýna, hversu þörfin er brýn.

Nú er mikið aukið fjármagn til veganna og gerð stór átök. En fyrsti áfanginn á þeirri braut er ekki glæsilegur fyrir Austfirði og Vestfirði, því að hlutfall þeirra versnar enn. Eftir því sem ég bezt fæ séð, er ekki hægt að byrja á neinum nýjum verkefnum, t. d. á Austurlandi, og margir vegir þar, sem væri mjög brýn nauðsyn á að sinna verulega, þeir hafa ekki fengið hækkun sem nokkru nemur í hinum nýju tillögum.

Menn fagna því vitanlega, að mjög veruleg aukning verður nú á fjárveitingum til veganna — í krónutölu. Að vísu hefur verðbólgan séð fyrir nokkrum hluta af þeirri hækkun fyrir fram, og þeir landshlutar, sem hallastir standa, Austfirðir og Vestfirðir, fá verra hlutfall en áður, eins og ég hef tekið fram.

Það virðist tilgangslaust nú að flytja brtt. Það hefur verið gert samkomulag um þessi mál í hv. fjvn., sem fulltrúar allra þingflokka standa að, og málið þegar á lokastigi. En þessi áætlun er aðeins fyrir eitt ár, og þingmenn þeirra landshluta, sem hallast standa, hljóta að leggja hina ríkustu áherzlu á það við samningu nýrrar áætlunar í haust að fá sinn hlut réttan frá því, sem nú er.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð og þá sérstaklega um Strákaveginn, af því að hér hefur verið rætt dálítið um hann með fullyrðingum og að ég ætla frekar af misskilningi heldur en menn séu að fara með vísvitandi ósannindi. Stóryrðum kæri ég mig ekkert um að svara, þegar talað er um kosningaloforð og svik, fullyrðingar á Siglufjarðarfundi o. s. frv. Hv. 5. landsk. viðurkenndi, að ég hefði ekki talað um Strákaveginn í minni fyrri ræðu, en í seinni ræðunni las ég upp úr þjóðhagsáætlun ríkisstj., sem lögð var fram í fyrra, og lét hana tala. Annað sagði ég ekki um Strákaveginn. En nú spyrja menn: Hvernig stendur á því, að þessi þjóðhagsáætlun var gerð og gengið var út frá því í henni að hefja framkvæmdir á jarðgöngunum á þessu ári og ljúka þeim á næsta ári? Vegamálastjóri hefur gert grein fyrir því, hvers vegna áætlunin var gerð og gert var ráð fyrir, að hægt væri að hefja jarðgöngin á þessu ári. Og grg. vegamálastjóra birtist í Morgunblaðinu 23. apríl s. l. Í henni segir, og ég geri ráð fyrir, að flestir hv. þm. hafi lesið þessa grg., — segir skýrt, að jarðfræðingur atvinnudeildar háskólans hafi gert

ýtarlega rannsókn á berglögunum 1956 og aftur 1960, sami jarðfræðingur. Og með leyfi hæstv. forseta, segir eftir þessum sama jarðfræðingi: „Í okt. 1960 voru svo þessi göng athuguð af sama jarðfræðingi og áður, og gaf hann síðar skýrslu um þá athugun.“ Í lok hennar segir svo: „Reynslutími þessi (þ. e. af þessum 30 m jarðgöngum, sem búið var að gera), þótt skammur sé, virðist styðja þá skoðun, sem látin var í ljós í áliti, dags. 5. ágúst 1956, að unnt verði að grafa mestöll jarðgöngin án þess að grípa þurfi til dýrra varúðarráðstafana.“ Á þessum ummælum jarðfræðings atvinnudeildar háskólans, sem byggjast á rannsóknum, sem hann hafði tvisvar gert, var framkvæmdaáætlun ríkisstj. byggð. Og það var á áliti þessa jarðfræðings byggt, að það mætti hefja framkvæmdir við jarðgöngin á þessu ári. Nú var öðrum jarðfræðingi falið að undirbúa útboðslýsingu og rannsaka þetta mál í leiðinni, þar sem sérstaklega þurfti að undirbúa útboðslýsinguna. Og þá kemur aths. frá þessum ágæta jarðfræðingi, þar sem hann telur, að það sé rétt að haga framkvæmdum á allt annan veg, byrja á öðrum stað en áður hafði verið ráðgert og gera framkvæmdina með allt öðrum hætti. Og það er þess vegna, sem vegagerðin í janúarmánuði s. l. bar það undir forstöðumann rannsóknarstofu norsku vegagerðarinnar, hvernig standa ætti að þessu máli. En niðurstaðan af þeim umr. varð sú, að Norðmennirnir töldu, að enn nákvæmari rannsókn þyrfti að gera, til þess að hægt sé að áætla, hve miklu kostnaðarsamari varúðarráðstafanir þyrfti að gera á þeirri leið, sem upprunalega var ráðgert að fara, en á þeirri, sem jarðfræðingurinn stingur upp á, þ. e. seinni jarðfræðingurinn, og sjá, hvort þær vega upp þann kostnað, sem er því samfara að vinna göngin á Sauðanesi. Verður því ekki hjá því komizt, segir vegamálastjóri, að fresta grefti jarðganga til ársins 1965, meðan endanleg rannsókn fer fram, og er af þeim ástæðum aðeins gerð till. um fjárveitingu til að ljúka undirbyggingu vegarins á Strákum á þessu ári.

Ég held, þegar þetta liggur nú fyrir, að það sé eðlilegt, að menn spari stóryrði um þetta og annað því um líkt, enda hafa hinir gætnari þm., sem áhuga hafa fyrir því að koma málinu sem fyrst í höfn, sparað sér það. Og mig undrar ekki, þótt Siglfirðingar hafi orðið fyrir nokkrum vonbrigðum, því að vitanlega höfðu þeir ástæðu til þess að ætla, að byrjað yrði á jarðgöngunum á þessu ári, eins og áætlað var í þjóðhagsáætlun ríkisstj. En það, sem fram hefur komið samkv. skýrslu vegamálastjóra, gefur ekki tilefni til þess að ásaka ríkisstj. eða stjórnarflokkana um svik í þessu máli. Það getur enginn ásakað ríkisstj. eða vegamálastjóra, þótt þjóðhagsáætlunin árið 1963 væri byggð á áliti jarðfræðings atvinnudeildar háskólans, sem var gert 1956 og aftur 1960, og ummælum hans, sem staðfestu það, að sú reynsla, sem væri fengin af hinum 30 m jarðgöngum, sem gerð voru 1957, væri þannig, að það væri ekki ástæða til annars en hér væri um fullnægjandi rannsókn að ræða. Ég þarf ekki að fjölyrða meira um þetta. Ég veit, að hv. þm. hafa gert sér fulla grein fyrir því, hvernig í málinu liggur, og eins og ég sagði áðan, að hinir gætnari þm. hafa forðazt öll stóryrði í þessu máli, þótt þeir hafi rætt um það.

Ég ætla ekki að fara út í ræðu hv. 5. þm. Vestf., þegar hann var að tala um þetta vegamál, og þau orð, sem hann viðhafði í samræmi við það, sem hv. 5. landsk. hafði viðhaft. Það er engin ástæða til þess að fara að mótmæla þessum stóryrðum. (**HV:** Þetta voru ekki stóryrði.) Nei, það voru ekki stóryrði, en þeir, sem hlustuðu, eru nú kannske á öðru máli. Það voru fullyrðingar um það, að hér hefði verið um svik að ræða, fullyrðingar um það. Og úr því að hv. þm. var það svona geðslegt að viðhafa þetta, eftir að hafa þó lesið skýrslu vegamálastjóra, því að það er ég alveg sannfærður um, að þessi þm. hefur gert, og hann hefur alveg vitað, hvernig í málinu lá, þá kemur hann hér upp í ræðustólinn — og er þó reyndur þm. — með fullyrðingar og slagorð, sem ekkert hafa við að styðjast. Það væri hægt að taka undir með hv. 5. þm. Norðurl. v., að það væri hægt frekar að fyrirgefa hv. 5. landsk., vegna þess að hann hefur ekki slíka reynslu sem hv. 5. þm. Vestf., og líka að fyrirgefa honum, vegna þess að hann er nú svo oft í sömu stofu og hv. 5. þm. Vestf. og þess vegna ekki eðlilegt, að hann læri vel mannasiði.

En að öðru leyti vil ég þakka fjvn. enn á ný fyrir það, að hún hefur lagt sig fram í þessu máli, og ég verð að segja það, að hv. þm. yfirleitt hafa rætt af hófsemi og skynsemi, raunsæi um þetta mál. Vegamálin, samgöngumálin eru viðkvæm. Fólkið heima í héruðunum heimtar meiri framkvæmdir, þm. vilja sem mestar framkvæmdir og vinna að því. Þess vegna er eðlilegt, að hver þm. haldi kröfunum fram. En við þessar umr. hefur með örlitlum undantekningum allt farið fram með hófi og spekt.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Þegar vegal. voru sett hér í desembermánuði s. l., tókst gott samstarf á milli þm. úr öllum flokkum um setningu vegal., og allir voru bjartsýnir á það, að tekjur til vegamála mundu hækka stórkostlega, eins og raun ber vitni, þegar við lítum á þessa till. til þál. um vegáætlun, sem hér liggur fyrir. En þó ber að hafa það í huga í sambandi við þessa vegáætlun fyrir árið 1964, að tekjur af 13 aura gjaldinu eru reiknaðar af ¾ hlutum ársins eða 75% og gefa á þessu ári 56 millj. kr., en ef þessar tekjur hefðu komið á allt árið, mundi þessi liður teknamegin í vegáætluninni verða um 18.7 millj. kr. hærri, og ef það hefði orðið, hefði verulegur hluti af þessari upphæð farið til nýbyggingar vega í landinu, og þá hefðu menn yfirleitt orðið ánægðari með skiptinguna á vegafénu, sem mjög hefur komið hér í ljós óánægja með, þó að flestir menn skilji, hvernig ástandið er. Mér finnst rétt að fara nokkrum orðum um þessa skiptingu.

Samkv. till. á að skipta í hraðbrautir, þjóðbrautir og landsbrautir 57 595 000 kr. Og skiptingin á þessu fé á milli kjördæmanna er sem hér segir: Reykjaneskjördæmi 7.3 millj. kr., Vesturlandskjördæmi 12.5 millj. kr. tæpar, Vestfjarðakjördæmi 7.5 millj. kr., Norðurl. v. 4.8 millj. kr., Norðurl. e. 7 millj. kr., Austf. 9.7 millj. kr. og Suðurl. 8.6 millj. kr. Þannig er skipting

samkv. till. vegamálastjóra á þessum 57 595 000 kr.

Þegar við þm. Sjálfstfl. og stjórnarsinnarnir frá Vestfjörðum sáum þessar till., sem við sáum ekki fyrr en þær höfðu verið lagðar fram í fjvn., og þar á aðeins fulltrúi Alþfl. sæti, en enginn af okkur þm., sem erum frá Vestfjarðakjördæmi fyrir Sjálfstfl., en við fengum fljótlega að okkar beiðni sjálfra að sjá þessar till., þá urðum við mjög óánægðir með þessa skiptingu, sérstaklega hvað snertir skiptingu á fé til þjóðbrauta. Hins vegar gátum við að mestu leyti fallizt á skiptingu vegamálastjóra á fé til landsbrauta, en vegamálastjóri hafði nokkuð annað sjónarmið, sem mér finnst rétt að komi hér fram, þó að ég sé ekki á sömu skoðun og hann, að þjóðbrautafé yrði ekki skipt á milli kjördæma, heldur færi það í ákveðna vegi. Og það, sem deilu olli á milli okkar og vegamálastjóra, var skiptingin til Vesturlandsvegar. Þar ætlaði hann verulegan hluta eða mestan hluta framlagsins til Vesturlandsvegar á þeim hluta hans, sem er í Vesturlandskjördæmi. Við töldum, að þörfin væri ekki síður fyrir bætta vegi á Vestfjarðavegi í okkar eigin kjördæmi, og þar stóð töluverð deila á milli. Fyrsta verk okkar var að ræða við vegamálastjóra, við samgmrh., formann fjvn. og láta í ljós óánægju yfir þessari skiptingu á vegafénu, og við töldum það miklu vænlegra en að sitja þegjandi hjá, á meðan fjvn. var að afgreiða till. um vegáætlun, og töldum það vera hyggilegra til þess að fá einhverju um þokað í þessum efnum. Reyndin varð svo sú, að það verður samkomulag um að lækka viðhaldsfé um 5 millj. kr. og verja því til nýbyggingar vega. Og í skiptingu á þessum 5 millj. kr. verður hlutur Vestfjarðakjördæmis 1.5 millj. kr., hlutur Austurlands 1.3 og hlutur Norðurl. v. og Norðurl. e. og Suðurl. 500 þús. kr. til hvers kjördæmis, en Reykjaneskjördæmi fékk ekkert. Þrátt fyrir það að fá þessar 5 millj. vorum við ekki ánægðir. Og við héldum áfram að vinna að lausn málsins, og við áttum algera sérstöðu hvað snertir framkvæmdir á s. l. ári, að skuldir í hinum ýmsu vegum í Vestfjarðakjördæmi voru meiri en í nokkru öðru kjördæmi á landinu, og það hefur áunnizt, að vilyrði hafa verið gefin fyrir því, að þessar skuldir verði eðlilega að greiðast upp af fjárveitingu samkv. vegáætluninni, sem hér er til afgreiðslu á þessu ári, en hins vegar hefur samgmrh. dregizt á það, að helming til tveggja þriðju af þessum upphæðum fái að taka aftur að láni, til þess að framkvæmdir í vegamálum dragist ekki verulega saman í þessu kjördæmi. Og ég verð að segja það, þó að ég og við sjálfstæðismennirnir úr Vestfjarðakjördæmi séum ekki ánægðir með þessa skiptingu, að þá tel ég, að hér hafi verið miklu hyggilegra að vinna á þennan hátt að lausn þessa máls heldur en að bíða og kasta hér fram á síðustu stundu óraunhæfri till., eins og hv. stjórnarandstæðingar úr þessu kjördæmi hafa gert nú á lokastigi umr. um vegáætlun. Og till. þeirra er eingöngu sett fram til þess að geta haft eitthvað til að tala um, þegar menn koma aftur og ferðast um þetta kjördæmi og segja frá því, að stjórnarsinnarnir, sem sitja á þingi fyrir kjördæmið, hafi alls ekki viljað fá meira fé. Og það er eftirtektarvert, að þó að þm. séu almennt óánægðir með skiptingu og hafi látið það hér í ljós, þm. frá öllum flokkum eða bæði frá stjórn og stjórnarandstöðu, þá hefur enginn þm. úr öðru kjördæmi flutt sýndartill., nema hv. stjórnarandstæðingar úr Vestfjarðakjördæmi.

En þegar við ræðum um mál, sem við erum óánægðir með, er líka rétt að muna eftir því að nefna einnig það, sem menn eru ánægðir með, og ég ætla að segja það, að ég er mjög ánægður með framlagið til brúargerða á Vestfjörðum í þessari áætlun. En hv. stjórnarandstæðingar, hvorki 3. þm. Vestf. né 5. þm. Vestf., minntust einu orði á það. Af 13 millj. kr. fjárveitingu til stórbrúa samkv. áætluninni er veitt í eina brú á Vestfjörðum 2.1 millj., til að byggja brú á Mórillu í Kaldalóni. Þessi brú er 50 m löng, og þetta er í fyrsta skipti, sem Vestf. fær fjárveitingu til brúargerðar af stórbrúafé. Og takið eftir því, hv. þm., að það kom aldrei fram nein till. eða nein ábending á þeim árum, sem þessir tveir hv. þm. voru í stjórnaraðstöðu, hv. 3. þm. Vestf. og hv. 5. þm. Vestf., um að fá fjárframlag til stórbrúa á Vestfjörðum. Þeir eru núna fyrst eftir öll þessi ár að sjá, að það er í fyrsta skipti, sem þetta kjördæmi fær framlag til stórbrúa. En það er ekki nóg að hafa áhuga aðeins við lokaafgreiðslu mála og það aðeins þegar menn eru í stjórnarandstöðu, en sofa á verðinum, þegar þeir eru í stjórnaraðstöðu, eins og þessir hv. 2 þm. hafa löngum gert. Sömuleiðis vil ég geta þess og tel mér skylt að gera það, að af framlagi til annarra brúa af brúafé, brúa, sem eru 10 m eða lengri, eru veittar nú 820 þús. kr. í þetta kjördæmi, og auk þess er greidd fjárveiting af brú, sem var byggð á s. l. ári á Grjótá í Gilsfirði, sem er rétt handan við Vestfjarðakjördæmi og er í raun og veru í Vesturlandskjördæmi, og sú brú var byggð fyrir tilstuðlan þm. Vestf., eins og segir í till. vegamálastjóra.

Samkv. þessu, sem ég nú hef nefnt, verða framlög til Vestfjarða af þjóðbrauta- og landsbrautafé 9 millj. 35 þús., stórbrúafé 2.1 millj., aðrar brýr 820 þús. kr., framlag af fé til gatnagerðar í kaupstöðum og kauptúnum yfir 300 íbúa er samkv. áætlun vegamálastjóra um 1 millj. 268 þús. kr., og svo kem ég að síðasta liðnum, sem er framlag til sýsluvega í kjördæminu, sem mér þykir líka rétt að geta um, að það framlag hefur stórkostlega hækkað í okkar kjördæmi. Ég hef átt tal undanfarið, frá því að þessi vegáætlun kom fram, við nokkra oddvita og fyrirsvarsmenn í ýmsum sveitum í kjördæminu, og allir þessir menn hafa látið í ljós mikla ánægju yfir framlagi til sýsluvega í kjördæminu. Það er reiknað með, að til sýsluvega fari 2 millj. 279 þús. kr., þar af kemur ríkissjóður til með að greiða 1 millj. 644 þús. kr. af sýsluvegafé, og til samanburðar skal ég geta þess, að í Árnessýslu eru 820 þús. frá ríkissjóði, en 848 þús. heimaframlag. Hér ræður skiptingunni strjálbýli, íbúafjöldi, hvort það eru ruddir eða óruddir vegir, og þetta finnst mér vera ánægjulegt, og það er nauðsynlegt, að það komi fram, þegar mönnum líkar eitthvað vel, en ekki alltaf jagazt á því, sem miður fer og menn eru óánægðir með. Samkv. skiptingunni á s. l. ári af 33 millj. kr., sem þá var varið til nýbygg-

ingar vega, var hluti Vestfjarða 6.4 millj. kr. eða 19.4%. Í þessari áætlun voru upprunalega af 57.6 millj. kr. 7.5 millj. kr. til Vestfjarða eða 13.1%, en með hækkuninni 1½ millj. kr. hækkar prósentan í 14.43%. Og þegar tekið er tillit til framlags samkv. vegáætlun til brúa og sýsluvega, er hlutur okkar ekki eins slakur og hann sýnist vera við fyrstu yfirsýn.

Ég vil segja það í sambandi við framtíð þessa máls, að í sambandi við setningu vegáætlunar, sem gilda á í 4 ár, sé ég ekki ástæðu til þess að ríghalda sér við einhverja ákveðna prósentu til vega, sem einu sinni hefur verið. Finnst mér, að hv. Alþingi og hv. fjvn. eigi í fyrsta lagi að taka tillit til þess, hve mikið er ólagt af vegum í þessu kjördæmi, eða hins, hvað er eftir að gera og hverjir eru verst á vegi staddir. Þá má einnig taka tillit til þess, að í tvo áratugi var svo að segja engu fé varið í þetta kjördæmi, þegar var verið að leggja vegi annars staðar um þéttbýlustu héruð landsins, svo að það má segja, að við setningu nýrrar vegáætlunar, sem gilda á í 4 ár, megi taka fullt tillit til þessa og jafnvel hafa prósentuna hærri en var á s. l. ári.

Hv. 5. þm. Vestf. sagði, að það hefði verið kastað fé fyrir kosningarnar í vegi, þegar komið var fram á haust. En ég vil nú minna þennan hv. þm. á það, að kosningarnar fóru fram 9. júní, og eftir því sem ég bezt veit, er sumar 9. júní, en ekki haust. En það er einhvern veginn þannig með suma menn, jafnvel þótt þeir séu komnir á sjötugsaldur, að þeir þurfa að hafa mikinn hávaða í kringum allt, og það er ekki vænlegt til þess að ná árangri í þeim málefnum, sem á að vinna að hverju sinni. Ég vil sömuleiðis minna á það, að þriðji flm. brtt. var í 14 ár vegamálaráðh., lengur en nokkur annar maður, og ég get ekki séð það eða aðrir Vestfirðingar, að hlutur Vestfjarða hafi verið mikill á þeim árum, heldur öfugt. Og ég vil líka geta þess, að þegar Framsfl. tapaði Barðastrandarsýslu 1942, var þessi sýsla svo að segja vegalaus með öllu. Þá fyrst hófust framkvæmdir í þessu kjördæmi í vegamálum. Sama er að segja um Norður-Ísafjarðarsýslu. Þegar Sigurður Bjarnason, hv. 2. þm. Vestf., varð þm. Norður-Ísfirðinga 1942, þá hófust fyrst vegaframkvæmdir í Norður-Ísafjarðarsýslu. Og þetta eru tvær einhverjar erfiðustu sýslur, sem þurfa mest fé, til þess að vegir og brýr geti tengt sveitir og bæi innan þessara kjördæma.

Og þó að það sé að fara nokkuð út fyrir ramma þessara umr., get ég ekki stillt mig um það að gefnu tilefni eftir glamurræðu hv. 5. þm. Vestf. að geta þess, að í framkvæmdum í vegamálum í Norður-Ísafjarðarsýslu, í þeim stóru átökum, sem áttu sér stað í að tengja kauptúnin með vegum við Ísafjarðarkaupstað, bæði Súðavík og Bolungarvík, þá var þessi hv. þm. alltaf með fýlu, á meðan var verið að vinna að þessari vegagerð. Þegar var farið að leggja veginn inn með Arnarnesi og sprengja gegnum hamarinn, nei, hann vildi ekki fara þá leið, hann vildi fara upp í fjall, nógu hátt upp í fjall, yfir Arnarnesháls, skrifaði um það grein í Skutul. Þegar verið var að leggja veginn um Óshlíð til Bolungarvíkur, skrifaði hann aðra grein. Hann hafði betur vit á þessum framkvæmdum en nokkur annar maður. Þá átti að senda loftpressuna á undan á vírstreng, sem átti að strengja. Nú hlæja menn að því, þegar þeir lesa þessar greinar. Nú dettur engum slíkt í hug, að það hefði átt að velja aðra leið en valin var inn í Súðavík. Þannig hefur hann verið öfuguggi í öllum framkvæmdum og alltaf verið með fýlu, þegar verið var að vinna að umbótamálum. Og það er kominn tími til fyrir menn, þegar þeir eru komnir á sjötugsaldur, að fara að taka upp jákvæða stefnu, þótt ekki væri nema einu sinni.

Ég er alveg óhræddur við það að greiða atkv. um þessa sýndartill. þeirra þremenninganna og sálufélaganna. En ég ætla að segja það sérstaklega við þann þeirra, sem hyggnastur er og er með mesta reynslu og stilltastur, hvort hann hefði talið það hæfa fyrir þm. úr hans flokki, ef hann hefði verið ráðh., að greiða atkv. með till., sem flutt er við lokaafgreiðslu máls, og benda ekki á neinn tekjustofn annan en að greiða fé úr ríkissjóði. Ég býst við því, að þessi reyndi stjórnmálamaður, og hér á ég við hv. 1. þm. Vestf., hefði ekki talið það vera hægt fyrir mann í hans flokki að gera það, eftir að búið er að semja um hlutina. Og ég vil meira að segja segja við þennan vanstillta mann, 5. þm. Vestf., sem er alvanur maður í samningum um kaup og kjör verkafólks, að þegar menn eru að semja, þá verða yfirleitt báðir að slá af, bæði hann sem samningsaðili fyrir launþegann og samningsaðilinn fyrir atvinnurekendur. Þá þýðir ekki, þegar á að staðfesta samkomulagið, að flytja þá einhverja aðra till. til hækkunar. Það er aðeins til þess að spilla fyrir. Ef við ætlum að samþykkja till. um það, eftir að við erum hér búnir að gera samkomulag við okkar flokka um málið og leita til hins ýtrasta eftir því, að það sé komið til móts við okkar óskir, þó að við séum ekki að öllu leyti ánægðir, þá hygg ég, að það yrði nú losarabragur á afgreiðslu þingmála, ef þm. hinna einstöku kjördæma geta farið að flytja þá til samans till. um tugmilljóna útgjöld úr ríkissjóði. Ég er hræddur um, að Hermann Jónasson, hvað þá heldur Eysteinn Jónsson, vildi ekki vera fjmrh. í þeirri ríkisstj., þar sem slík vinnubrögð væru viðhöfð.

Þessir hv. tveir þm. stjórnarandstöðunnar úr Vestfjarðakjördæmi, sem hafa talað, hafa gengið lengra en allir aðrir. Allir aðrir þm., að undanskildum 5. landsk., hafa talað um þessi mál af skilningi og velvilja. Þetta er í fyrsta skipti, sem verið er að setja vegáætlun samkv. hinum nýju vegal., og þessi áætlun á aðeins að gilda fyrir þetta eina ár. Og það ríður á miklu að reyna að hafa sem bezt samstarf í þessum efnum og halda því góða samstarfi áfram, þegar setzt verður niður hér að hausti til þess að vinna að undirbúningi vegáætlunar, sem gilda á næstu 4 ár.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Það er mjög eðlilegt, að það spinnist talsverðar umr. um það mál, sem hér er fjallað um, vegamálin. Það eru mál, sem snerta alla landsmenn mjög. Það er nú að þessu sinni farið inn á nýjar brautir í þessu efni, þar sem tekinn er upp sá háttur að setja vegáætlun, og þetta er fyrsta vegáætlunin, sem fjallað er um. Ég held, að þar sé að ýmsu leyti farið inn á nýjar og heppilegar

brautir. Hitt er eðlilegt, að í fyrsta skipti, sem þessi vegáætlun er sett, megi sitt hvað þar að finna og það megi sjá ýmsa agnúa á þeirri frumsmíð, sem hún er. Ég held, að það geti staðið til bóta, og ég býst við því, og við flestir vonum það, að með þessum hætti, sem nú er upp tekinn, verði stefnt í rétta átt og náð betri árangri í þessum málum en áður hefur verið.

Ég ætla annars ekki, eins og tíma er nú hér varið, að fara að ræða almennt um þessi mál. En ég ætla aðeins að víkja með örfáum orðum að máli varðandi mitt kjördæmi, sem nokkuð hefur borið á góma í þessum umr., þ. e. a. s. hinum svokallaða Strákavegi. En það hefur, þótt undarlegt megi heita, verið dálítið deilt um það, hvaða fyrirheit hafi verið gefin í sambandi við framkvæmdir í Strákavegi. Þar hafa menn ekki verið á einu máli, og menn hafa vitnað í kosningafundi og kosningaloforð og blaðaskrif. En það er nú eins og gengur, að þegar á að fara að segja frá kosningafundum, ber þeim, sem þá hafa sótt, ekki alltaf saman um, hvað þar hafi gerzt.

Það vill þess vegna afskaplega vel til hér, að það eru fyrir hendi órækari gögn um það, hvaða fyrirheit voru gefin um framkvæmdir í Strákavegi, heldur en það, sem sagt var á kosningafundum, og jafnvel enn traustari gögn en stjórnmálablöðin. Það vill nefnilega þannig til, að þetta mál, framkvæmdir í Strákavegi, bar á góma hér á hv. Alþingi 19. apríl 1963. Þá var hér til umr. fsp. frá þáv. þm. Gunnari Jóhannssyni, þar sem hann spurðist fyrir um, hvers mætti vænta um framkvæmdir í Strákavegi á því ári, sem þá var að líða, og á næstu árum. Og þessari fsp. svaraði hæstv. samgmrh., Ingólfur Jónsson. Og ég ætla aðeins að leyfa mér að vitna ofur lítið í það, sem hann sagði þá, til þess að það fari ekkert á milli mála, hvaða fyrirheit voru gefin í sambandi við Strákaveg. Með leyfi hæstv. forseta, sagði hæstv. landbrh. eða samgmrh. þá svo m. a.:

„Hv. fyrirspyrjandi hefur fengið svar, a. m. k. að nokkru leyti, við þessari fsp. með því að lesa á bls. 45 í þjóðhagsáætlun, þar sem ráðgert er að gera Strákaveg. En til þess að gera svarið fyllra þykir rétt að lesa hér upp bréf frá vegamálastjóra máli þessu viðvíkjandi.

Í samræmi við það, sem sagt er í þjóðhagsáætluninni, er gert ráð fyrir, að verkið verði unnið á 3 árum og því lokið haustið 1965. Fjárþörfin verður þá hvert ár þannig, að 4 millj. þarf á yfirstandandi ári, 10.5 millj. 1964 og 6.5 millj. 1965. Þetta eru 20 millj., sem vegamálastjóri reiknar með. Hins vegar er gert ráð fyrir 21 millj. í þjóðhagsáætluninni. En á svona miklu verki getur náttúrlega alltaf skeikað um 1 millj. kr. eða 5%. Þótti eðlilegra að áætla upphæðina heldur ríflegri heldur en minni.

Vegamálastjóri segir enn fremur, að ráðgert sé að fella niður vinnu við jarðgöngin á tímabilinu desember—febrúar 1964—1965, þar sem nokkur hætta er á því, að snjóar og byljir geti torveldað hagkvæma nýtingu efnis þess, sem úr göngunum kemur, til vegfyllingar á veginum frá göngunum til Siglufjarðar. "

Þetta voru orð hæstv. landbrh. þá. Hv. fyrirspyrjandi gerði nokkrar aths. við þetta. En ég ætla aðeins að lesa ofur lítið meira í þessari ræðu hæstv. ráðh., lokaorðin þar. Þar segir hæstv. ráðh., með leyfi forseta:

„Ég ætla, að hv. 11. landsk., fyrirspyrjandi, hafi fengið nægileg og skýr svör við fsp. Ég tel ekki óeðlilegt, að Siglfirðingar og aðrir séu orðnir óþolinmóðir að bíða eftir því, að þessi vegur komi. Ég held, að það séu 15—16 ár síðan þáv. þm. Siglf. var með till. um að gera Strákaveg, þannig að þetta mál hefur verið nokkuð lengi á leiðinni, og ég vil samfagna Siglfirðingum og öðrum, sem eiga að njóta þessa vegar, að sjá loksins fyrir endann á þessu máli, þar sem það hefur verið tekið upp í þjóðhagsáætlunina, eins og raun ber vitni."

11. landsk. þm. gerði svo, eins og ég áðan sagði, nokkrar aths. við þetta, tæpti m. a. á því, að svo gæti verið, að tæknilegur undirbúningur yrði ekki unninn á svo skömmum tíma sem gert var þarna ráð fyrir. En hæstv. samgmrh. taldi það alveg óþarft hjá þeim þm. að vera með nokkurn efa í þessum efnum. Og hann sagði, hæstv. ráðh., síðar í ræðu um þetta mál, með leyfi forseta:

„Og þess vegna er eðlilegt, að hann eigi erfitt með að átta sig á því, að þetta mikla hagsmunamál Siglfirðinga er nú að verða að veruleika, að draumurinn er að rætast. Þetta finnst mér allt saman skiljanlegt.

Það er mesti misskilningur hjá hv. fyrirspyrjanda, að hér sé um kosningaloforð að ræða. Þetta er ekkert kosningaloforð. Þetta mál er tekið upp í framkvæmdaáætlunina, og þetta á að framkvæma. En hitt er svo annað mál með tæknilegan undirbúning. Mér virtist hv. þm. jafnvel efa, að það væri hægt að ljúka tæknilegum undirbúningi á þeim tíma, sem gert er ráð fyrir í bréfi vegamálastjóra. Ég held nú, að hv. fyrirspyrjandi sé ekki fær um að dæma um það, eigi yfirleitt að láta vegamálastjóra um það, á hve löngum tíma hann treystir sér til þess að ljúka hinum tæknilega undirbúningi. Ég held, að það fari bezt á því, og ég treysti því, að vegamálastjóri fari þar með rétt mál, og eins að vegamálastjóri og verkfræðingar hans hafi nægilega verkþekkingu til að gera sér grein fyrir því, hversu langan tíma þarf til þess að sprengja göngin."

Og að lokum sagði svo hæstv. ráðh. nokkur falleg og vel valin orð um hv. 4. þm. Norðurl. v. og hrósaði honum fyrir áhuga hans á þessu máli og dugnað við að vinna að því. Og þá sagði hæstv. ráðh., og það skal vera mín síðasta tilvitnun:

„Og það er með þessum hætti, sem hv. 4. þm. Norðurl. v. hefur viljað vinna að málinu, og það er ánægjulegt, að með þeim vinnubrögðum hefur hann komið málinu í höfn."

Það er því ekkert um að villast, hvaða fyrirheit voru gefin í sambandi við þetta mál. Þar verður ekki aftur snúið frá þeim ummælum, sem um það voru höfð á þingi. Það þarf því ekkert að deila um staðreyndir þessa máls, og það þarf ekkert að vera að delia um það, hvaða loforð hafa verið gefin í sambandi við Strákaveg. Það liggur allt hér fyrir. En það er eðlilegt, þegar Siglfirðingum og Skagfirðingum verður hugsað til þeirra fyrirheita, sem gefin voru í sambandi við þetta mál, að það séu þeim mikil vonbrigði, að það hefur nú komið á dag-

inn, að það hefur ekki farið fram fullnægjandi rannsókn á jarðvegi í Strákum, þar sem jarðgöngin eiga að liggja, og tæknilegur undirbúningur virðist því miður ekki hafa verið fullnægjandi. Honum er því miður ekki lokið enn, og af þessum sökum er fyrirsjáanlegt, að framkvæmdir í þessu mikla nauðsynjamáli þessara héraða, sem þarna er um að tefla, hljóta að dragast nokkuð. Það dettur vitaskuld engum manni í hug að saka hæstv. ríkisstj. eða telja hæstv. ríkisstj. bera ábyrgð á því, að jarðlögin þarna reynast nú öðruvísi en menn gerðu sér í hugarlund. En það, sem má með réttu saka hæstv. samgmrh. um og fleiri reyndar, er að hafa sagt of mikið um þetta mál á sínum tíma, að hafa lofað allt of miklu. Og reyndar er það ekki svo, að það komi öllum á óvart, því að ég tók til máls í þessum umr., og ég fagnaði að vísu þessari yfirlýsingu, sem hæstv. ráðh. gaf þá, en lét jafnframt í ljós, að ég teldi fullsnemmt að samfagna Siglfirðingum með það, að málið væri þá þegar komið í höfn. Og reyndin hefur nú orðið sú, að það var fullsnemmt.

Þetta vildi ég aðeins rifja upp, til þess að það þyrfti ekki að vera svo mjög um þetta að deila, og frá þessu verður ekki snúið. Þó að hæstv. ráðh. komi hér á eftir og haldi um þetta langa ræðu og af mikilli mælsku, kemst hann ekki frá þessum ummælum sínum, sem hann hafði þá á þingi um þetta mál. Úr því sem komið er, þýðir náttúrlega ekki annað en þeygja sig fyrir því, að það verður að láta fara fram fullnægjandi rannsókn á þessum stað. Það dettur vitaskuld engum í hug, að það væri til bóta að fara að flana að framkvæmdum þarna í algerri óvissu um það, hvernig þarna háttar til. Það verður þess vegna að sjálfsögðu að láta fara fram nauðsynlegar rannsóknir, og það þýðir ekki annað, úr því sem komið er, heldur en sætta sig við það, að framkvæmdir við þessi jarðgöng dragist eitthvað. En ég vil bara að lokum — og ætla ekki að tefja þessar umr. meira — segja það, að við þm. Norðurl. v. treystum því áreiðanlega allir, að þessum rannsóknum, sem þarna þarf nauðsynlega að gera, sé hraðað svo sem kostur er, og jafnframt treystum við því eða treysti ég því a. m. k., að það verði á þessu ári lokið við veginn um Fljótin og veginn Fljótamegin út að Strákum. Það er að vísu á þessari vegáætlun ekki gert ráð fyrir nema 1500 þús. kr. í Siglufjarðarveg, en hann nær nú samkv. þessari vegáætlun alla leið frá Sauðárkróki til Siglufjarðar, og af þessum 1500 þús. kr. er talsverð skuld, svo að það er vitaskuld auðséð, að þær hrökkva skammt einar sér til þeirra framkvæmda, sem þarna þarf að gera, ef veginum á að verða lokið út að Strákum. En þá ber þess að minnast, að það er til heimild til lántöku allt að 6 millj. kr. Og ég vil að lokum segja það, að við treystum því, að þessi lánsheimild, sem þarna er fyrir hendi varðandi þennan veg, verði að fullu notuð eða eftir því sem þarf til þess að koma þessum framkvæmdum, veginum um Fljótin og veginum Fljótamegin út að Strákum, í höfn á þessu ári.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Hæstv. ráðh. kvartaði eiginlega undan því áðan, að ég hefði haft of hátt, það hefðu bara verið tveir þm., sem hefðu haft of hátt hérna í dag. Ég held, að ég hafi ekki haft neitt sérlega hátt núna, en ég hygg, að heldur hafi látið illa í eyrum hæstv. ráðh. það, sem ég hafði að segja um t. d. orðheldni hans, en ég sá enga ástæðu til þess að hvísla því.

Ég kem aftur að hæstv. ráðh. á eftir, en ég ætla að víkja nokkrum orðum að hv. 5. þm. Norðurl. v., sem kom hér að því er virtist eingöngu til þess að draga dár að því, að við Vestfjarðaþm. vildum standa fast á því, að á okkur væri ekki hallað í þeim málum, þar sem við höfum sterkastan réttargrundvöll til þess að krefjast mikils. En hann ætti að snúa gamansemi sinni að einhverju öðru. Hann ráðlagði mér að fara fyrr á fætur. Ég er ekkert morgunsvæfur fremur en hann sjálfsagt. En í einn og sama stað hefði komið niður, hversu snemma ég hefði farið á fætur í allan vetur, ég hefði enga aðstöðu fengið til þess að hafa áhrif á afgreiðslu vegáætlunarinnar fyrir því. Einn hv. stjórnarstuðningsmaður talaði hér á eftir honum og sagði: Við sáum ekki þessa áætlun, fyrr en hún var lögð fram í fjvn. — Og þannig var það auðvitað með mig og alla aðra þm. Það var ekkert svigrúm til þess að koma neinu til vegar til breytinga á þessari áætlun, fyrr en hún lá hér fyrir í þinginu. Og samkomulag mun hafa verið gert um það í fjvn. að hafa engar umr. um hana við fyrri umr. nema framsögu formanns. Umr. um hana skyldu fara fram við síðari umr. og þá auðvitað, ef ekki átti að binda hendur þm. á bak aftur í þessu þýðingarmikla máli, að gefa okkur rétt til þess að bera fram till. á þessu stigi málsins og aldrei endranær. Allt það, sem hv. þm. um þetta sagði, er því af fávizku mælt og hann fleiprar, þótt aldraður sé. (**BP:** Við fengum að sjá hana.) Þú hefur ekkert fengið að sjá hana á undan neinum öðrum, og þó að það sé háttur þinn að nudda þér upp að stjórnarflokkunum við og við, þá hef ég ekki séð þau stórvirki, sem þú hefur fengið út á það. En það er enginn mannsbragur að því, og ég held, að svona aldraður þm., sem ber einhverja virðingu fyrir sjálfum sér, ætti að hætta því nuddi. (**BP:** Ég held, að ég hafi aldrei nuddað neitt.) Jú, þú nuddar þér utan í stjórnarflokkana og heldur þig hafa einhvern ábata af því.

Annað höfuðerindi þessa hv. þm. hér í ræðustól virtist vera að atyrða og skensa ungan þm. Það fór heldur illa hjá þessum fullorðna og aldraða þm. að gera slíkt. Þegar tilefnið var nú ekki meira en það, að þessi ungi þm. hefur mjög á sínu fyrsta þingi spurzt fyrir um ýmis þýðingarmikil mál og fengið svör. Hann hefur ekki með þessum vinnubrögðum sínum verið að spila sig neinn speking. En það er einn þm. hér innan veggja, sem stundum á það til að spila sig sem speking, — aðeins einn. Og hv. 5. þm. Norðurl. v. þekkir þennan mann eða á að þekkja hann.

Hann vildi kenna mér þau vinnubrögð, að það ætti ekki að vera að skammast út í það, sem orðið væri, ekki að vera með deilur, eftir að málið væri búið að vera í n. Til hvers eru umr., eftir að mál hefur verið athugað í n.? Þær eru auðvitað til þess að koma fram brtt. við málið,

og brtt. má bera fram skv. þingsköpum allt til lokameðferðar máls. Um þetta þarf hv. þm. ekkert að kenna mér, þó að hann sé spekingur. Og við áttum þess ekki kost að bera fram neinar till. við þetta mál fyrr en nú við þessa umr., og það höfum við leyft okkur, og sú till. er ekkert ósanngjörn. Það er algerlega rangt að kalla þetta yfirboðs- eða sýndartillögu. Þetta er hógvær till., byggð á sanngirnisgrundvelli.

Svo fór þessi hv. þm. að skensa hinn unga þm., sem hann mælti til, með því að hann væri landsk. þm., uppbótarþingmaður. Eru þeir landskjörnu þm. hér nokkuð önnur manntegund eða óæðri en þeir, sem hafa slampazt inn í kjördæmi? Ég veit ekki annað en að sumir ráðh. hafi verið og séu sumir landsk. þm. Þetta er alls óviðeigandi af hv. þm., sem ekki á að vera með neinn ungæðisskap, af því að hann er maður kominn á efri ár. Hann var nú ekki fjær því að verða landsk. þm. en það, að hann er í síðasta sæti hinna kjörnu þm. í Norðurl. v. og hangir þannig á horriminni rétt eins og ég. En það hefði enginn þm. litið neinum öðrum augum á hann eða talið hann neitt lakari þm. eða þurft að tala um hann í óvirðingartón fyrir það, þótt hann hefði orðið landsk. þm.

Í hvors hlutverki vilja nú þm. heldur vera, drengsins, sem hann nefndi, sem hefur notað ýmis tækifæri hér til að ýta á málefni kjördæmisins til þess að reyna að þoka þeim fram, svo sem þm. ber að gera, eða í hans sporum, sem kemur hér og segir: Ég þurfti ekki að biðja um neina brú í Austur-Húnavatnssýslu, ég þurfti ekki að biðja um neitt, ég er ánægður, ég er ekki að skammast neitt? — Það hefur verið sýnt fram á það áður, að það væri óviðeigandi, að stjórnarþingmenn færu einmitt að mala eins og ánægðar kisur, þegar það væri misgert þeirra kjördæmi og þeirra umbjóðendum. En að stjórnarandstöðuþingmenn fari líka að taka upp þennan hátt kattarins og mala, það tel ég enn þá meira óviðeigandi. Og svo ætla ég nú ekki að offra meiru á okkar spaka hv. 5. þm. Norðurl. v.

Ég fór um það nokkrum orðum í minni fyrri ræðu, að mér fyndist Vestfjarðaþm. í stjórnarliðinu hafa fylgt málum kjördæmisins, að því er snertir framlög til vegamála, í þetta sinn of linlega eftir, og þetta byggi ég á því, að ég trúi því ekki, ég trúi því bókstaflega ekki, að þeir séu lítils metnir í stjórnarflokkunum, forseti sameinaðs Alþingis, forseti neðri deildar nú og hv. 11. landsk., skrifari Nd., sem oft og tíðum hafði orð á því, að þeir væru linir í sóknum, Kjartan J. Jóhannsson og Gísli Jónsson, það skyldi nú verða einhver annar skriður á skútunni, þegar hann væri kominn á þing, hann skyldi hvorki láta mýla sig né beizla, hann ætlaði svo sem að sýna það, að hann mundi fylgja málum kjördæmisins eftir, þegar hann væri kominn þangað. Og segi mér því hver sem vill, ég trúi því bara ekki, að ef þessir menn hefðu sagt með sinni hógværð: Við sættum okkur ekki við það, að hlutfall Vestfjarðakjördæmis um fjárframlög til vegamála lækki, lækki stórkostlega, ef það er ekki tekið tillit til þessarar sameiginlegu kröfu okkar, þá áskiljum við okkur rétt til þess að fylgja hverri hógværri till., sem fram kann að koma frá stjórnarandstöðunni, — það þarf enginn mér að segja, að ef þeir hefðu haldið þannig á máli, og það var engin ósvífni í því, að þeir hefðu haldið svona á máli, þegar svo var hallað á þeirra kjördæmi sem raun bar vitni um, að það hefði ekki verið tekið tillit til þeirra. Þá eru þeir áhrifaminni í sínum flokkum en ég vil ætla. Þessu hefðu þeir því getað komið fram, og þeir geta enn komið fram þeirri litlu lagfæringartillögu, sem hér liggur fyrir. Ef þeir gera það ekki, þá er það bara af því, að þá skortir til þess viljann.

Þá aðeins örfá orð um hæstv. ráðh. og frammistöðu hans. Síðan ég talaði hér seinast, hefur hv. 3. þm. Norðurl. v. lesið hér upp úr þingtíðindum kafla úr ræðu hæstv. ráðh. viðvíkjandi Strákaveginum, og þar var sannað með ekki ómerkara plaggi en þingtíðindum, að hæstv. ráðh. hafði lofað ákveðnum fjárveitingum á ákveðnum árum og sagt, að þessum vegi skyldi lokið ekki síðar en á árinu 1965. Og hann átti að vera búinn að fá meginhlutann af sínum fjárveitingum á árunum 1963 og 1964, og þegar á það var minnzt, hvort tæknilegur undirbúningur væri nú nægilega traustur, var sagt við þann þm., sem dró það í efa: Þú hefur ekki vit á þessu, það er búið að ganga vel frá þessu af sérfræðingum. — Það voru slegnar niður allar efasemdir. Nú kemur hæstv. ráðh. aftur og les upp úr Morgunblaðinu, — það var þá líka biblía, biblía sannleikans, — og svo sagði hann, þegar hann hafði lokið Morgunblaðslestri sínum: Þetta liggur nú fyrir, og hver getur nú áfellzt okkur fyrir það, að verkinu er ekki komið lengra en raun ber vitni og enginn veit neitt, hvar göngin á að gera? — Ég segi: Þetta, sem nú liggur fyrir, þurfti að liggja fyrir, áður en hæstv. ráðh. gaf loforðin. Hann talaði áðan um það, hvað hinir gætnari þm. hefðu gert og hvernig þeir hefðu hagað sér hér við þessa umr. Ég segi: Hinir gætnari ráðh. hefðu ekki lofað Strákaveginum eða lýst því yfir, hvenær sæi fyrir endann á honum, fyrr en þeir hefðu nákvæma vitneskju um það, hvernig tæknilega þyrfti að búa verkið undir, en hæstv. ráðh. gat gert það, af því að hann er ekki meðal hinna gætnari ráðh. Hann kveinkaði sér undan því, að þessi frammistaða hans hefði verið nefnd svik, en vanefnd loforð, sem nú hafa verið sönnuð á þennan hæstv. ráðh., hvað heita þau á íslenzku máli? Þau heita svik. Vanefnd loforð heita svik, og það er þinglegt að segja sannleikann.

Svo fór hæstv. ráðh., eftir að hann stóð uppi og sönnuð á hann þessi loforð, sem enn eru vanefnd, og taldi okkur skorta mannasiði að vera neitt að ónáða sig með því að minna á þetta. Ég vil nú segja, að það eru ýmsir hér innan veggja, sem eru betur til þess fallnir að gerast kennarar í mannasiðum en hæstv. ráðh., og allra sízt ætti hann að gera það eftir þessa frammistöðu í Strákavegarloforðunum vanefndu.

Hv. 11. landsk. hélt hér allskörulega ræðu áðan og sagði í upphafi hennar þann sannleika, að hann og þeir stjórnarþm. í þingliði Vestfirðinga væru sáróánægðir. En svo fóru þeir samt að sætta sig við orðinn hlut. Það varð að samkomulagi að lækka viðhaldsfé vega um 5 millj. kr. Jú, og við sjáum það, að það er till. um það að skera 5 millj. af viðhaldsfénu. Nú er það

vitað, að viðhaldsfé hefur á undanförnum árum, síðan vegakerfið fór nokkuð að þenjast út, verið ófullnægjandi, og það var sízt hægt að skerða viðhaldsfé vega, það var ekkert vit í því. Þetta er svo vitlaus till. sem hugsazt getur. Og Vestfirðingar hafa orðið einna harðast úti með það að fá sómasamlegt viðhald á sína vegi. En af því voru teknar 5 millj., og af því fékk Vestfjarðakjördæmi svo 1½ millj., og þá fóru þeir að verða nokkuð ánægðir. Ég segi: Þeir voru of lítilþægir.

Það hefur sem sé verið ætlunin, þegar vegáætlunin var lögð fram, að skerða hlut Vestfjarðakjördæmis enn meir en nú er þó niðurstaðan, taka meir en 26% frá fyrra árs fjárveitingum af kjördæminu, og þetta fæst lagað að litlum hluta með því að taka það af vegaviðhaldsfénu, sem kannske bitnar harðast einmitt á okkar kjördæmi að hinu leytinu.

Ég álít, að það hafi verið lítil ástæða fyrir þá að verða ánægða, þó að þessi breyting væri á ger. Hún er ekki skynsamleg þessi till., og það er ekkert nýtt fé, sem þarna kom til, en það var það eitt, sem þurfti. Og ef þeir hefðu allir samtaka beitt sér fyrir því og tilkynnt, að þeir sættu sig ekki við, að hlutfall Vestfjarðakjördæmis, sem verst er vegað allra kjördæma, væri lækkað, þá veit ég, að þeir hefðu haft mátt til þess að koma því í gegn. En á því liði sínu hafa þeir legið, því miður.

Hv. 11. landsk. þm. sagði, að svo hefðu þeir gert annað til þess að bæta úr þessu ópolandi ástandi, sem þeir voru sáróánægðir með, og það var það að biðja hæstv. ráðh. að hlutast til um, að það fé, sem tekið var að láni af héruðunum, það þyrfti ekki að borgast á einu ári, og ráðh. hefði haft góð orð um, að það væri rétt að borga upp öll lánin núna, en svo fengju tveir þriðju eða helmingur að standa, þ. e. a. s. að héruðin fengju að borga eftirstöðvarnar á einu eða tveimur árum hér á eftir. Og hvers vegna sögðust þeir hafa gert þetta? Til þess að framkvæmdir drægjust ekki verulega saman, til þess að framkvæmdir í vegamálum Vestfjarða drægjust ekki verulega saman, sagði hv. 11. landsk. M. ö. o.: þeir viðurkenna það, að þeir horfðu fram á, að vegaframkvæmdirnar í okkar kjördæmi drægjust verulega saman. Og þetta er sannleikur. Það verða minni framkvæmdir í þessu kjördæmi en áður, ef þetta fé, sem tekið var fyrir fram og eytt í framkvæmdir s. l. sumar, á að borgast á einu ári. En ég spurði áðan hæstv. ráðh., áður en hann talaði: Verður það ríkissjóður, sem ætlar að bera vaxtabyrðina af því fé, sem á þá að greiða á næstu tveimur árum, eða á að taka það af vegafénu og ætla héruðunum þannig að greiða það? — Við því fékkst ekki svar.

Hv. 11. landsk. kallaði till. okkar þriggja Vestfjarðaþingmanna sýndartillögu og sagðist ekki vera hræddur við að rétta upp hendurnar á móti henni. Við þessa einu umr., sem við eigum þess kost að bera fram brtt. við áætlunina, höfum við lagt fram þessa till.:

„Viðbótarframlag úr ríkissjóði til vegabóta á Vestfjörðum, er þm. Vestfjarðakjördæmis skipta til þjóðbrauta og landsbrauta í samráði við vegamálastjóra, 3 millj. og 800 þús. kr.“

Er þetta sýndartillaga? Er það rétt að nefna það svo? Sýndartillaga er að mínum skilningi till., sem er ósanngjörn, yfirboðstillaga á litlum rökum fram borin. Af hverju nefnum við 3 millj. og 800 þús., en ekki t. d. 30 millj., sem væri full þörf á í Vestfjarðakjördæmi? Við nefnum 3 millj. og 800 þús. af því, að við erum einungis að fara fram á þann hóflega hlut, að heildarfjárveitingar til vegamála í hinu illa vegaða Vestfjarðakjördæmi verði þær sömu og s. l. ár, í hlutfalli við heildarfjárveitinguna. Og þetta leyfir hv. 11. landsk. þm. sér að kalla sýndartillögu. Nei, þetta er engin sýndartillaga. Þetta er eins hógvær till. eins og hugsazt getur og borin fram á þeirri einu stundu, sem hægt er að bera fram till. við þetta mál. Og ég segi, að það mundu engir gullhringar detta af hv. þm. stjórnarflokkanna, þó að þeir nú beittu sér fyrir því, að þessi till. væri samþ., og það verður aldrei rökstutt af hæstv. samgmrh. eða ríkisstj., að hún hafi ekki efni á því að jafna hlutfall Vestfjarðakjördæmis með 3 millj. og 800 þús. kr. Því getur hæstv. ráðh. komið til leiðar, ef hann vill. Það er með þessari till. hvorki verið að setja Vestfjarðaþingmenn né samgmrh. né ríkisstj. í neinn gapastokk, það er ekki verið að heimta af þeim neina óframkvæmanlega hluti. Til þessa þurfa þeir aðeins eitt: réttsýni, sannsýni, vilja til þess að bæta úr mistökum, sem hér hafa á orðið.

En hv. 11. landsk. þm. þurfti að láta í ljós ánægju sína með fleira, af því að hann hafði gerzt svo djarfur að segja í upphafi ræðu sinnar, að hann væri sáróánægður fyrir hönd síns kjördæmis, og það var þá í tilefni af því, að nú er fjárveiting til einnar brúar á Vestfjörðum, og fyrir það flutti hv. þm. þakkarávarp. Þetta brúaróhræsi er svo langt, svo stórt, það kostar með fyrirhleðslu, sem þarf að fylgja, til þess að komizt verði að brúnni, 2 millj. kr. Hefði nú ekki verið sanngjarnt, að við hefðum fengið þarna hálfa brú, hefði það nú ekki verið nóg, þessi er svo dýr? Jú, úr því að við fengum fjárveitingu í heila brú, og það var nú ekki gott að minnka hana, þá þarf að flytja þetta þakkarávarp. Þetta kalla ég að mala. Svo fór hann að hreyta skætingi í okkur fyrir það, að við hefðum ekki séð fyrir fjárveitingu í brú yfir ána Mórillu, þegar við hefðum verið í valdastóli. Þá var nú þannig ástatt, að það var enginn vegur kominn neitt í námunda við þetta brúarstæði. En það er fyrst þegar vegur er kominn að vatnsfalli, að það er aðkallandi að brúa vatnsfallið. Þó vildi ég vera með fyrra fallinu með tillögur um brú á þetta vatnsfall, og ég hef, að ég hygg, einn þingmanna flutt nokkrum sinnum till. um brú á Mórillu, svo að hv. þm. er orðið þetta nafn, þetta sérkennilega vatnsfallsnafn nokkuð kunnugt. Það var nánast till. vegamálastjóra s. l. ár, að Mórilla yrði brúuð. Þá var því aftur vikið í tvær aðrar smærri brýr, sem voru líka aðkallandi í okkar kjördæmi. Og núna, ég játa það, er staðið við fyrri fyrirheit um, að þessi á skuli brúuð, og það hefur ekki verið sett fjárveiting núna til hennar hálfrar, heldur í heilu lagi. Það finnst mér ákaflega eðlilegt, og ég sé ekki nokkra minnstu ástæðu til þess að fagna og færa neitt þakkarávarp fyrir það. Hér er um það að ræða að koma einum af þeim mörgu sveitarfélögum Vestfjarða,

sem enn þá eru ekki í vegasambandi, í samband við akvegakerfi landsins, og þeir mega hæla sér af því, sem vilja, því að það er til skammar, að mörg sveitarfélög Vestfjarða skuli enn þá vera afskorin frá vegasambandi við akvegakerfi landsins. Snæfjallahreppur verður tengdur akvegakerfinu á árinu 1964 með brúnni á Mórillu, sem hér er verið að flytja þakkarávörp fyrir, að loksins komi.

Og enn þurfti að þakka, og það var það, að sýsluvegaframlögin væru núna meiri í Vestfjarðakjördæmi en til annarra kjördæma. Af hverju eru sýsluvegaframlögin meiri þangað? Ætli þau séu ekki eftir svipaðri reglu og um önnur kjördæmi? Af því að það er bara meira af sýsluvegum, alveg eins og það er meira af ógerðum þjóðvegum, þjóðbrautum og landsbrautum, eins og það nú heitir, í Vestfjarðakjördæmi en í nokkru öðru kjördæmi.

Það er alveg rétt, sem hv. 11. landsk. þm. sagði, það er ekki rétt að ríghalda sér í fyrri skiptingu vegafjár. Það á að líta á, hvað eftir er að gera og hve mikil sé þörfin í hverju kjördæmi. En þá má sízt af öllu sætta sig við, að hlutfall Vestfjarðakjördæmis standi ekki í stað, heldur lækki, því að það er þarna meira eftir að gera en í nokkru öðru kjördæmi. Ef menn áttu að víkja frá reglunni um að ríghalda sér við fyrri skiptingu, þá átti það eingöngu að vera vegna þess, að menn teldu sig hafa réttlætisgrundvöll til að heimta meira, að hlutfallið hækkaði. Það er því alveg óviðunandi, að einmitt þar sem vegaþörfin er mest, þar skuli nú fara hlutfallslega minna til vegaframkvæmda en annars staðar.

Þegar ég hafði sagt, að það hefði verið unnið til þess að uppfylla kosningaloforðin fram á haust, þá minnti hv. þm. mig á það, að kosningarnar hefðu verið um vorið, hvað ég mundi nú. Það er alveg rétt hjá honum, þær voru á vordögum, en svo var unnið fram á haust, þegar lítill árangur varð af vegagerðinni. Hvers vegna var unnið á svona óskynsamlegum tíma? Það var af því, að það var verið að myndast við að efna kosningaloforð. Þeim þótti ekki rétt að svíkja þau. (**Gripið fram í:** Er það ekki fallegt?) Það er lofsamlegt, jú, það var fallegt, en það var ekki skynsamlegt að vera að eyða fénu í bleytu og hafa tvær ýtur til þess að draga eina upp úr. Nei, það var ekki skynsamlegt, en síðferðilega standa þeir sig anzi vel með þetta, að þeir voru að efna kosningaloforð. Og það var hægt að gera það að hausti, þó að loforðin hefðu verið gefin á vordögum, svo að það er ekkert hægt að hanka mig á þessu.

Svo tók hv. 11. landsk. þm. sprett, því að þá fór hann að tala um hluti, sem tilheyrðu ekki nútímanum, og sagði: Það voru vegleysur í Barðastrandarsýslu, þangað til framsóknarmaðurinn féll og sjálfstæðismaðurinn komst að, og það voru anzi miklar vegleysur í Norður-Ísafjarðarsýslu, áður en kappinn Sigurður Bjarnason náði kosningu, en síðan ekki söguna meir, því að þá kom sá, sem gat rutt vegina og byggt brýrnar.

Er þetta nú frambærilegt? Erum við allir Vestfjarðaþingmenn, sem erum að lýsa vegleysunum á Vestfjörðum, að ljúga afrekin af sjálfstæðisþingmönnunum, þeir búnir að vega allt og brúa allt þarna? Ég ætla ekki að þreyta þm. með að lýsa vegleysunum á Vestfjörðum. En hann á bara að geta nærri, hvernig vegirnir eru þar, þegar næsti fjallgarður við Ísafjarðarkaupstað sjálfan er með niðurgrafinn bráðabirgðaveg, þegar vegurinn milli Ísafjarðarkaupstaðar og næsta stórkauptúns, Bolungarvíkur, er ekki hálfgerður, þar hefur aðeins verið höggvið í fjallshlíðina með ýtu, en aldrei ofan í hann borið, vegurinn til hinnar handarinnar, inn til Súðavíkur, einnig hálfgerður. Hvað halda menn þá um hina fjarlægari vegi í hinum fámennari sveitum, þegar þetta er svona í kringum höfuðstað Vestfjarða? Og þó var það, held ég, 1942, sem berserkurinn Sigurður Bjarnason var kosinn á þing. Þá var búið með vegleysurnar, þegar þm. hinna flokkanna féllu og sjálfstæðisþm. voru kosnir, sagði hv. 11. landsk. þm. Nei, það er því miður ekki satt. Ég vildi bara, að hamingjan gæfi, að þeir hefðu verið svona atorkusamir. En þá þyrftu þeir áreiðanlega að hafa upplitsdirfsku til þess að biðja um, að hlutfall þeirra kjördæmis sé ekki lækkað við afgreiðslu fjárl. eða vegáætlunar.

Nú skulum við segja, að það hefur meira áunnizt á síðari árum í vegamálum á Vestfjörðum en áður fyrr. Er það að þakka þm. Sjálfstfl. sérstaklega, eða er það því að þakka, að í gamla daga var unnið með haka og skóflu og þá unnust vegagerðir frekar seint í erfiðu fjalllendi? Það fór ekki að miða, þegar sjálfstæðisþm. voru kosnir, heldur þegar jarðýtur komu. Það munaði nefnilega meira um jarðýtur en hv. þm. Sjálfstfl. í vegagerðum á Vestfjörðum; og það er miklu nær sannleikanum, að það hafi verið jarðýturnar, sem hafi þarna sett skrið á vegagerð á Vestfjörðum, það lítið það er fremur en hv. þm. Sjálfstfl. Þetta kann nú að verða rengt, en svona held ég, að þetta sé.

Þegar hv. 11. landsk. var þarna af mælsku og þrótti að lýsa þessu lofi á sjálfstæðismennina, datt mér í hug gamall Vestfirðingur, sem reri á Arnarfirði við annan mann, og hann sagði og það var sannleikur hjá honum: „Þá fór að ganga, þegar Ólafur lagði upp.“ Hann reri meira á tvær árar heldur en þegar hinn, Ólafur, reri á borðið á móti honum. Hann var kraftamaður, ekkert síður en hv. 11. landsk. þm. segir, að þm. Sjálfstfl. séu.

En þó hefur hv. 11. landsk. ljóta sögu af mér að segja í sambandi við vegamál Vestfjarða, ég hafi aldrei haft áhuga á þeim málum og það lítið, sem ég hafi í þeim gert, hafi verið að þvælast fyrir og vera með ólund, illa lyntur og fúll. Þegar Sigurður Bjarnason var að böðlast í vegunum þarna og ryðja burt björgum, þá var ég með fýlu. Þá voru þm. Sjálfstfl. að leggja veg fyrir Arnarnes frá Ísafirði og inn til Súðavíkur, og ég var alveg á móti þessu. Þeir voru þá að fást við að gera fyrstu jarðgöng á Íslandi, en höfðu bara engin tæki til þess, það bognuðu allir borarnir og það hjakkaði allt í sama farinu í tvö ár. Og þá var það, sem ég leyfði mér að spyrjast fyrir um það í blaðagrein, hvort það hefði ekki verið við þessar aðstæður t. d. hyggilegt að leggja veginn yfir Arnarnesháls, sem er 100 m hár, og vera ekkert að bögglast við að bora gegnum Arnarneshamar, þegar þeir höfðu engin tæki til þess. Það er

rétt, vegurinn er ekkert verr kominn nú með sjó gegnum Arnarneshamar heldur en hann hefði verið yfir hálsinn. En ákaflega lítill munur hefði verið á því, hvað það hefði verið óhagstæðara vegarstæði yfir Arnarneshál, sem er ekki hár fjallvegur, heldur en þarna niðri. En nú er því gefið nafn og því er lýst hér á Alþingi, að ég hafi verið á móti vegi til Súðavíkur, af því að ég leyfði mér að skrifa um það á sínum tíma, hvort ekki hefði verið hyggilegra að leggja veginn á einu sumri, það væri gott vegarstæði uppi á hálsinum, heldur en að tefja vegagerðina í 2 ár í 15—20 m hörðu berglagi, sem þeir höfðu þá ekki tæki til að vinna. Ég álít, að þessi sagnfræði hv. 11. landsk. um afrekin í vegamálum Vestfjarða annars vegar, það séu afrek sjálfstæðisþm., en ekki jarðýtunnar, og það, sem ógert sé í vegamálunum, sé af því, að ég hafi verið með ólund og fýlu og verið á móti öllum umbótum í vegamálum á Vestfjörðum, — ég álít, að þetta sé afbragð að kenna þetta við Sjálfstfl. og kalla þetta vegamálasagnfræði Sjálfstfl.

Að lokum svo þetta: Það hefur verið talið hér óviðeigandi af okkur 3 Vestfjarðaþm. að flytja till., hógværa till. til breyt. á vegáætluninni til leiðréttingar á misrétti fyrir okkar kjördæmi. Þetta tek ég ekki nærri mér. Ég tel mig hafa og hygg, að eins sé um meðflm. mína, að við teljum okkur vera að gera okkar þingmannsskyldu með þessu og reyna að sannprófa, hvort ekki fáist leiðrétting á þessu máli, því að það er ekki litlafingursátak fyrir hæstv. samgmrh. að verða við óskum okkar Vestfjarðaþm. um það, að við fáum sama hlutfall og áður. Og mitt síðasta orð er svo það, að ég held, að það sé bezt, að við segjum það allir í einum kór: Þetta er ekki gott hjá okkur, — eins og drengurinn sagði, sem gerði rjúpuna að spendýri, — þetta er ekki gott hjá okkur, það er ekki góð afgreiðsla á þessari fyrstu vegáætlun okkar, en við skulum reyna að gera það betur næst.

Forseti (BF): Áður en umr. er haldið áfram, vildi ég geta þess í sambandi við brtt. á þskj. 621, að ég hef skýrt hv. flm. frá því, að í því formi, sem brtt. er, er hæpið, að hún fái staðizt samkv. vegal. og einkum 10. og 89. gr. Ég hef hins vegar bent hv. 1. flm. á það, að flm. er í lófa lagið að breyta till. í það form, að hún fái staðizt, og vænti ég, að flm. taki þá ábendingu til athugunar, áður en umr. lýkur.

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Ég ræddi um vegáætlunina hér áður í kvöld og hafði ekki hugsað mér að fara að karpa við hv. 1. þm. Reykn. (AJ) um umferðarmálin í Kópavogi, við afgreiðslu þessarar vegáætlunar. En ég get ekki látið hjá líða að leiðrétta mestu rangfærslurnar í ræðu hans hér áðan. Hann hélt því fram, sem er rétt, að enn hefur ekki verið ákveðið endanlegt vegarstæði Hafnarfjarðarvegarins, þar sem hann liggur yfir Kópavogsháls. En hann vildi kenna bæjaryfirvöldum Kópavogs um, að málin stæðu svo. Hér skýtur nokkuð skökku við. Eins og ég hef margrakið, hefur vegagerð ríkisins ávallt séð um Hafnarfjarðarveginn, jafnt þar sem hann liggur yfir Kópavogsháls og annars staðar. Þessi umferðarbraut hefur algerlega verið mál vegagerðarinnar, þar til ný vegalög voru sett s. l. vetur, og vegagerðin átti að sjá um, að þessi vegur fullnægði jafnan kröfum umferðarinnar. Bæjaryfirvöld Kópavogs hafa á undanförnum árum og fyrir langa löngu gert þá kröfu til vegagerðarinnar, að hún ákvæði vegarstæðið, eins og það ætti endanlega að vera. Þessu verkefni vildi vegagerðin aldrei sinna, og hún sinnti veginum ekki meira en svo, að með vaxandi umferð hefur skapazt algert öngþveiti á þessari leið. Og er það verkefni bæjaryfirvalda Kópavogs að sjá um, að skipulagning vegarstæðisins sé nú ákveðin? Ónei, samkv. núgildandi skipulagslögum eiga stjórnarvöld landsins og skipulagsnefnd ríkisins að sjá um, að skipulagsuppdrættir séu gerðir „í samráði við bæjarstjórnir," eins og segir orðrétt í l. Það er því ekki til neins fyrir bæjarstjórn Kópavogs að fara á eigin spýtur að staðsetja Hafnarfjarðarveginn um Kópavogsháls, veg, sem vegamálastjórnin hafði algerlega með að gera. Þess má einnig geta, að samkv. l. á vegamálastjóri sæti í skipulagsnefnd ríkisins ásamt vitamálastjóra og húsameistara ríkisins. Hann er ⅓ nefndarinnar. Og þegar á það er litið, að þessi nefnd átti samkv. l. í umboði stjórnarvalda að sjá um skipulagsuppdrætti í kaupstöðum, held ég, að hv. þm. muni ganga illa að koma sökinni yfir á samborgara sína.

Sannleikurinn er sá, að af hverju sem það stafar, sinnti vegamálastjórnin aldrei kröfum bæjaryfirvalda Kópavogs um, að hún ákvæði staðsetningu vegarins yfir Kópavogsháls, og tíminn leið, án þess að vegamálastjórnin sinnti því neinu að endurbæta veginn, og þegar umferðin var komin í algert öngþveiti, gerist það með nýju vegal. frá í vetur, að Kópavogskaupstaður er arfleiddur að þessu öngþveiti, sem skapazt hefur, af því að vegamálastjórnin sinnti þessu máli aldrei, og til þess að leysa þetta vandamál, sem er vandamál miklu fleiri aðila en Kópavogsbúa og kostar tugi millj. kr. að leysa, fær Kópavogsbær um 1.3 millj. kr. á ári, samtímis því, að um 30 millj. kr. er dreift um allt landið til að endurbæta samtímis alla þá þjóðvegarspotta, sem liggja um kaupstaði og kauptún á öllu landinu. Og mér þykir miður, að það skuli finnast fulltrúi þessa byggðarlags, sem lætur sér þá tilhögun vel líka og er ánægður yfir því, að Kópavogsbæ skuli vera skilið eftir að leysa úr því öngþveiti, sem umferðarvandamálin voru komin í, þegar vegamálastjórnin losaði sig við þann vegarspotta, sem liggur yfir Kópavogsháls. Þó að hann sé ánægður yfir þessum málalokum, ætti hann ekki að ganga fram í því að koma sök yfir á samborgara sína vegna þess, sem vegamálastjórnin hefur látið undir höfuð leggjast að leysa á undanförnum árum.

Einar Ingimundarson: Herra forseti. Ég skal nú ekki lengja þessar umr. að neinu ráði, enda er orðið býsna framorðið. En ég sagði það í ræðu, sem ég flutti fyrr í þessum umr., að ég harmaði það, að hv. 5. landsk. þm. var ekki staddur í salnum, þegar ég talaði, vegna þess að til hans beindi ég aðallega mínu máli. En ég sé nú, að ég hefði getað sparað mér þetta,

vegna þess að það kom á daginn, þegar hv. 1. þm. Norðurl. v., sem er nú Jón Kjartansson, tók til máls, að þar hafði hv. 5. landsk. þm. fengið ágætan hjálparmann og samherja í deilunni um Strákaveg, svo að ég tali nú ekki um hv. 5. þm. Vestf.

Hv. 1. þm. Norðurl. v. tók upp sama þráð og hv. 5. landsk. þm., þ. e. að brigzla um svik og pretti í sambandi við framkvæmd jarðgangagerðarinnar í Strákafjalli. Verst var, að ég gat aldrei fengið botn í það, hvern hv. 1. þm. Norðurl. v. var að skamma, hvort það var hæstv. samgmrh., vegamálastjóri eða ég.

Þá sagði hv. 5. þm. Vestf. nokkru seinna, að ég hefði iðað í skinninu af fögnuði og malað eins og köttur, þegar ég var að lýsa því, að jarðgangagerðinni um Stráka mundi eitthvað seinka. Ég kannast ekki við að hafa gert þetta, að hafa haft uppi þessa tilburði. Einmitt þvert á móti harmaði ég það, hvernig komið væri. En það er eitt, sem víst er, að bæði hv. 5. þm. Vestf. og hv. 5. landsk. þm. iða í skinninu af fögnuði yfir því, að nú skuli vera komið babb í bátinn með framkvæmd vegagerðarinnar við Stráka, vegna þess að meiri hvalreki hefur áreiðanlega ekki borizt á þeirra fjörur í langan tíma. Víst harma það allir, sem áhuga hafa fyrir því, að vegarlagningunni um Stráka ljúki sem fyrst, að henni seinkar eitthvað. En allir, sem vilja, vita, að það er af óviðráðanlegum ástæðum.

Hvort sem það stendur í sambandi við kosningar eða ekki kosningar, þá er það staðreynd, sem ekki er hægt að mæla gegn, að það er núverandi ríkisstj., sem gerði fyrsta og eina stórátakið til að leysa þetta mál.

Ég vil svo aðeins taka fram eða endurtaka út af svikabrigzlum hv. 1. þm. Norðurl. v., hv. 5. landsk. þm., hv. 5. þm. Vestf. það, sem ég sagði hér í fyrri ræðu minni, að ég kalla það ekki svik á framkvæmdaáætluninni frá 1963, þótt jarðgangagerðinni seinki af ástæðum, sem þá voru gersamlega ókunnar, tæknilegum erfiðleikum, sem þá var ómögulegt að sjá fyrir. Og ég vil að lokum skora á þá félaga, hv. 5. þm. Vestf. og hv. 5. landsk. þm., að hlutast til um, að grg. vegamálastjóra, sem hann sendi fjvn., verði birt í málgögnum þeirra. Þar er sannleikurinn um seinkun vegarlagningarinnar um Stráka sagður afdráttarlaust, og af þeirri grg. er ljóst, að það er ekki hæstv. samgmrh., sem hefur brugðizt í máli þessu, heldur er mistökum jarðfræðinga um að kenna.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Hæstv. forseti hefur bent okkur flm. brtt. á þskj. 621 á það, að hann telji sig ekki geta látið ganga atkv. um till. Hann gat þess, ef ég hef tekið rétt eftir, að hann væri þeirrar skoðunar, að það mætti ekki ákveða fjárframlög úr ríkissjóði með þáltill. Ég er þeirrar skoðunar, að það séu mörg fordæmi fyrir því, að ríkissjóði hafi verið ákveðin útgjöld með þáltill., og hér sé engin ný aðferð á ferðinni, ekkert nýtt. En þrátt fyrir það höfum við að sjálfsögðu tekið fullt tillit til þessarar ábendingar hæstv. forseta, enda gaf hann okkur leiðbeiningar um það, hvernig hann teldi, að við gætum breytt till., svo að hún gæti gengið hér undir atkv. Við höfum orðið við því, og það er verið að vélrita till. upp í því formi, svo að ekki verður því um að kenna og ekki tækifæri til þess að vísa till. frá.

Hv. 11. landsk. hélt hér allskarpa ræðu áðan, sem ég nenni ekki að fara mikið út í, enda hefur hv. 5. þm. Vestf. gert henni nokkur skil. En ég vil leiðrétta allra stærstu missagnirnar í því, sem hann fór hér með áðan um vinnubrögð þm. Vestf. um Vestfjarðamál hér í alþingishúsinu. Hann sagði, að við, flm. þessarar till., hv. 1. þm. og 5. þm. Vestf. ásamt mér, hefðum ekkert gert annað en kasta fram sýndartill. hér við þessa umr. við áætlunina. Það væri það eina, sem við gerðum. En þeir, stuðningsmenn ríkisstj. meðal þeirra þm., hefðu haldið svolítið öðruvísi á spilunum. Þeir hefðu verið óánægðir með till. vegamálastjóra með nýbyggingarfé til Vestfjarða og þeir hefðu tekið sig til og farið beint til ríkisstj. Ég vil því skýra rétt frá þessu, hvernig þetta gekk fyrir sig.

Ég ætla, að það hafi verið á mánudagsmorgun, sem hv. 1. þm. Vestf., Hermann Jónasson, boðaði okkur alla á fund út af till. vegamálastjóra, sem þá voru alveg nýkomnar í hendur fjvn. Það voru ekki stjórnarstuðningsmennirnir á Vestfjörðum, sem boðuðu þann fund eða óskuðu eftir fundinum. Það var Hermann Jónasson, sem gerði það. Þegar á þennan fund kom, fórum við að ræða þessar till., og við vorum allir óánægðir með till., — allir. Ég flutti þá till. á þessum fundi, að við skrifuðum allir bréf til fjvn. og bentum henni á, að hér ætti að lækka stórkostlega hlut Vestfjarða í nýbyggingarfénu. Nei, þeir vildu það ekki. Þeir vildu ekki taka þátt í því. En hv. 2. þm. Vestf., Sigurður Bjarnason, stakk upp á því, að ég talaði við vegamálastjóra og fengi staðfestingu á því, að þetta væri rétt reiknað, að svona ætti að lækka hlutfall Vestfirðinga. Og hann stakk upp á því líka, að ég talaði við hæstv. samgmrh. sem allra fyrst um málið, en þó ekki fyrr en ég væri búinn að fá staðfestingu á þessu. Nú vil ég spyrja aðra þm. Vestf. en hv. 11. landsk., hvort þetta er rétt eða hvort þetta er rangt, sem ég segi. Ég talaði við vegamálastjórann út af málinu innan hálftíma, frá því að fundinum lauk, og ég talaði við hæstv. samgmrh. þegar í þingfundarbyrjun eftir hádegi þennan sama dag, áður en þeir voru farnir að tala við hann. Ég held, að hv. 11. landsk. ætti að temja sér annað á fyrsta þinginu en að fara svona með sannleikann hér.

En þá tekur við þáttur þeirra í málinu. Þá fara þeir að semja við hæstv. ráðh. og engir aðrir, og auðvitað gáfu þeir okkur hinum ekki kost á því að vera þar með. Nei, það var óþarfi, þeir ætluðu nú að sigra einir, og þeir gerðu það líka. Sigurinn er sá, að í staðinn fyrir, að Vestfirðir eigi að lækka úr 19½% niður í 13.1% eftir till. vegamálastjóra, lækka þeir núna niður í 14.4%. Það er árangurinn. Og hæstv. samgmrh. hefur ekki fallizt á annað en þetta, því að við hann ræddi ég. Það var ekki þannig, að honum væri neitt ókunnugt um, að það ætti að lækka hlut Vestfirðinga úr 19½% niður í 13.1. Ég gaf honum meira að segja blað yfir það, hvernig þetta væri, og auðvitað var það rétt, því að ég hef það staðfest frá vegamálastjóra. Nei, það tókst ekki betur til. Svo segir hv. 11. landsk.: Þið gerðuð ekkert, við gerðum

þetta allt. — Já, þeir mega eiga það. Þeir gerðu það, þeir sömdu við hæstv. ráðh. og fjvn. um að lækka hlutfallið niður í 14.4%. Það gerðu þeir.

En það var fleira í ræðu hv. 11. landsk. þm. áðan. Hann sagði, að aldrei hefðum við flutt till. um að brúa Mórillu. Ég er hérna með þskj. frá þinginu 1962, þ. e. brtt. 218. Það eru brtt. við fjárl., og ein till. á þessu þskj. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Frá Hannibal Valdimarssyni, Hermanni Jónassyni og Sigurvin Einarssyni. Við 13. gr. A. III. Nýr liður: Til brúar á Mórillu í Kaldalóni, fyrri fjárveiting, 985 þús." (Gripið fram í.) Fyrri fjárveiting, það skilur ekki hv. 11. landsk. þm., fyrri fjárveiting, það heldur hann að sé hálf brú. Það er búið að standa í fjárl. í fjöldamörg ár: fyrri fjárveiting eða fyrsta fjárveiting af þremur. Þá heldur hann, að þetta séu hálfar brýr eða partar af brúm. Og hann sagði, að við hefðum aldrei flutt till. um brúna. Mikið má hann vera stoltur af sannsöglinni sinni hér á Alþingi. Þá var gaman að heyra þessa setningu hjá hv. þm.: Ég tel ekki rétt að ríghalda sér við prósentur. — Nei, þeir gerðu það heldur ekki. Þeir voru ekki að ríghalda sér við 19.5%. Nei, þeir fóru bara niður í 14.4%.

Í sambandi við vinnubrögð Vestfjarðaþm. um hagsmunamál Vestfirðinga yfirleitt vil ég auk þessa segja það, að strax í þingbyrjun í haust kallaði 1. þm. Vestf. okkur alla á fund og fór þá fram á, að við leituðumst við að hafa samstöðu um hagsmunamál Vestfjarðakjördæmis. Svörin, sem við fengum, voru þau, að það gæti ekki orðið, ef það kostaði peninga. Og hv. 2. landsk. þm. varð þá fyrir svörum. Þetta virðist vera að koma fram núna í dag í umr. um vegáætlunina og framlagið til Vestfjarða, — ekki samstaða um það, sem kostar fé. Það hefur verið haldið sig við það nokkurn veginn.

Þá talaði hv. 11. landsk. um það, hvernig vegirnir hefðu þotið áfram, þegar sjálfstæðisþm. voru kosnir. Það er alveg rétt, Vestfirðir áttu einu sinni meðal annarra duglegan þm. Hann var þm. fyrir Barðastrandarsýslu og hét Gísli Jónsson. Hann hafði mikinn áhuga á umbótum í vegamálum. Mikið óskaplegt er að hugsa sér, að hv. 11. landsk. þm. skuli ekki hafa náð meiri árangri en orðið er í því að afla Gísla Jónssyni kjörfylgis á Vestfjörðum, eins og hann hefur lagt sig fram um það!

Hæstv. ráðh. talaði í kvöld um þessa brtt. okkar þremenninganna, og hann beindi máli sínu mjög til fjvn. Hún hefur úthlutað öllu fénu, sagði hæstv. ráðh. Þetta átti að þýða það, að ekki mættum við fara að koma með hækkunartill. En nú hefur hæstv. forseti bent okkur á leið til þess að koma með hækkunartill., sem ekkert er við að athuga, og það er verið að vélrita hana núna.

Enn fremur sagði hæstv. ráðh.: Fjvn. hefur ekki viljað níðast á neinum. — Hvað kallar hann að níðast? Finnst honum, að þetta sé ekki áníðsla, að lækka hlut Vestfjarða, eins og nú á að gera? Af hverju datt honum áníðsla í hug? Hverjir kölluðu þetta að níðast á kjördæminu? En fjvn. hefur ekki neitað neinum leiðréttingum á till. sínum. Þó að hæstv. ráðh. langi til að binda fjvn. rækilega, alla nm., við till. n., þá vill nú svo til, að í nál. fjvn. stendur um þetta mál, með leyfi hæstv. forseta:

„N. stendur sameiginlega að áliti þessu, en einstakir nm. hafa áskilið sér rétt til þess að flytja og fylgja brtt., sem fram kunna að koma."

M. ö. o.: einstakir nm. eru búnir að lýsa því yfir, að þeir kunni að greiða atkv. með brtt., sem kunna að verða fluttar, eða jafnvel flytja sjálfir brtt. Þeir hafa ekki bundið sig fastar en þetta. Ég veit ekki, hvað þessir hv. nm. gera, en þeir hafa engum brugðizt, hvernig sem þeir greiða atkv. um brtt., sem fluttar eru. Það getur vel verið, að þeir líti eitthvað svipað á þetta mál og hæstv. ráðh. og hv. 11. landsk., að Vestfirðir eigi nú ekki að fá meira en þetta, ég skal ekkert segja um það. En þeir hafa a. m. k. engu lýst yfir í þá átt fyrir fram.

Þá taldi hæstv. ráðh. vafasamt, að skylt sé að taka lánsfé til vegagerðar upp í vegáætlun, þ. e. a. s. hann sagðist ekki hafa neitt á móti því, að slíkt væri gert, en það væri vafasamt, að það væri nokkur skylda. Það skiptir engu máli í þessu sambandi, hvort hann er á móti því eða með því. Annaðhvort er skylt að gera það eða ekki. En ég hélt þó, að þetta væri ótvírætt í vegal., og ég hef engan heyrt vefengja það. 10. gr. l. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Vegamálastjóri semur till. að vegáætlun fyrir þjóðvegi, aðalfjallvegi og aðra fjallvegi til 4 ára í senn til leiðbeiningar um skiptingu þess fjár, sem til ráðstöfunar er hverju sinni til vegagerðar. Skal áætlunin annars vegar gera grein fyrir þeim framkvæmdum, sem fyrirhugaðar eru á tímabilinu, en hins vegar þeirri fjáröflun, sem gert er ráð fyrir vegna vega."

Það skal gera það í vegáætlun. Og enn ákveðnara má segja, að þetta standi í 11. gr., en þar segir:

„Í vegáætlun skulu taldir allir þjóðvegir, svo og nýbyggingar þjóðvega, á þeim tíma, sem áætluninni er ætlað að gilda."

Þarna skal tilgreina nýbyggingar, sem á að framkvæma á því tímabili, sem vegáætlunin á að gilda, og þessi vegáætlun á að gilda þetta ár. Hvað eru menn þá í vafa um? Ég vil ekki segja, að þetta komi að neinni verulegri sök í þetta sinn, nema að því leyti að þetta verði notað sem fordæmi og haldið verði áfram að taka lán til vega og láta það aldrei koma inn á vegáætlun og þannig geti ríkisstj., hver sem hún er, haft í höndum sér raunverulegt fjárveitingavald hvað þetta snertir. En það er algerlega á móti lögunum að mínum dómi.

Annars ræddi hæstv. ráðherra um óánægju okkar þremenninganna, sem flytjum brtt. um vegaframlög til Vestfjarða, á þá leið, að menn séu alltaf óánægðir, menn vilji fá meira og svoleiðis, þetta væri ekkert annað en hégómi, bara hreinasti hégómi. En hvernig stendur á því, að enginn hefur talið ástæðu til að flytja brtt. við þetta nema við? Það er af því, að þetta eina kjördæmi sker sig svo úr, hvað hlutur þess á að lækka frá því, sem áður var, að við getum ekki unað þessu. Hér á þingi á nú sæti varaþm., sem átti lengi sæti hér á Alþingi, hv. þm. Vilhjálmur Hjálmarsson. Hann sagði í ræðu sinni hér áðan: „Það reyndist erfitt að fá hlutföllum breytt í fjárveitingum til einstakra sýslufé-

laga.“ Og þetta er rétt. Þetta reyndist erfitt. Það voru alltaf hér um bil sömu hlutföllin á skiptingu vegafjár ár eftir ár, og við þjuggumst sannarlega við því, að núna yrðu Vestfirðir ekki látnir sæta verri hlut en það að hafa sama hlutfallið í byggingarfénu og var að undanförnu. Meira að segja höfðum við gert okkur vonir um að fá heldur hærra hlutfall, þar sem sannanlegt er, að þetta kjördæmi er verst sett allra kjördæma í landinu, enn þá lakar en Austfirðir, og er þó ástandið ekki gott þar. En þá skeður þetta, að þetta eina kjördæmi er tekið út úr og lækkað um ¼. Þetta finnst hæstv. ráðherra hálfgerður hégómi, að ég tali nú ekki um suma aðra.

Það leiðinlegasta við gang þessa máls núna er það, þrátt fyrir það að ríkisstj. veit um þetta ranglæti, er búin að sjá það og flokksmenn hennar búnir að ræða um það við hana, hvernig á að fara með þetta kjördæmi, að hún skuli ekki fallast á að leiðrétta þetta ranglæti, þegar hún gat það á mjög auðveldan hátt, með því einu að innheimta ekki það, sem ríkissjóður greiddi í fyrra til vega umfram fjárveitingar. Ég ætla, að ég muni það rétt, að það hafi verið 4.8 millj., sem ríkissjóður greiddi á árinu í fyrra til þjóðvega umfram fjárveitingar, og þá á ég ekki við hraðbrautirnar, sem verið er að byggja fyrir lánsfé. Ef þetta hefði ekki verið innheimt, alls ekki innheimt, frekar en aðrar umframgreiðslur úr ríkissjóði til margra annarra mála, þá hefði þessi upphæð, sem nú var til skiptanna, verið þeim mun hærri. Ég vil benda á, að á árinu 1962, sem síðasti landsreikningur er fyrir, eru önnur samgöngumál, þ. e. strandferðirnar, þannig, að fjárveitingin er rúmar 14 millj., en greidd var á því ári 21 millj. Það var greitt 50% meira, og auðvitað fær ríkissjóður það aldrei aftur, af því að það er ekki hægt að innheimta það hjá neinum. Væri það nú eitthvað viðalegt, þó að ríkissjóður hefði ekki heimt aftur þessar 4.8 millj. af því, sem hann greiddi umfram fjárveitingar á árinu í fyrra? Ef hæstv. ríkisstj. hefði haft nokkurn vilja á því að leiðrétta þetta ranglæti hvað Vestfirði snertir, þá gat hún gert þetta. Þá hefði heldur engin brtt. komið hér fram, ef hlutur Vestfjarða hefði verið leiðréttur með þessum hætti. En ríkisstj. hefur sjálfsagt ekki viljað þetta, því að ég efast ekki um, að hinir ötulu flokksmenn hennar á Vestfjörðum hafa bent henni á þessa leið.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Út af því, sem hv. 5. þm. Vestf. sagði hér áðan, vil ég taka það fram, að þegar síðast komu saman allir þm. úr Vestfjarðakjördæmi, var boðað til þess fundar að ósk hv. 2. þm. Vestf., og þá lýstu allir þm. því yfir, að þeir væru óánægðir með tillögur vegamálastjóra, sem hann hafði sent fjvn., og stuðningsmenn ríkisstj. skýrðu þá frá því, hvað hefði áunnizt með því að fá 1½ millj. meira til að skipta, og þá settust allir þessir þm. niður til að skipta þessu fé í hina einstöku vegi í kjördæminu, og varð fullt samkomulag um skiptinguna. Þá var ekki minnzt af þessum hv. þm. stjórnarandstöðunnar á neina till. um það að verja fé úr ríkissjóði til þess að jafna það bil, sem við töldum að væri, — ekki minnzt á það einu einasta orði. Þetta var það síðasta, sem fór sameiginlega á milli þm. úr þessu kjördæmi.

Hv. 5. þm. Vestf. hefur spurt að því tvisvar í kvöld, hver greiddi vaxtabyrðina, ef lán yrði tekið til framkvæmda. Ég hygg, að ég hafi sagt það nokkuð skilmerkilega í minni fyrri ræðu, að það væri ætlunin að greiða af fjárveitingum skv. vegáætluninni á þessu ári skuldir, sem væru vegna vegagerða á s. l. ári til hinna einstöku vega, en fyrir lægi fyrirheit um það að mega taka lán að nýju. Og það má segja, að það þyki nokkuð hart fyrir mann, sem er hér í fyrsta skipti, að vera að segja reyndum þm. frá því, hvaða háttur hafi verið hafður á þessum hlutum, því að hann er sá, og það ætti þessi hv. þm. að þekkja eins vel og ég og raunar miklu betur, að sá háttur hefur verið hafður á, að það hefur verið samið við eigendur jarðýtna, sem hafa unnið við vegagerðina, um, að þeir lánuðu vinnu sína að verulegu leyti, en það, sem hefur þurft að borga út í peningum, hafa sveitarfélögin orðið að taka að láni og greiða vexti af þeim lánum. Hér hefur ekkert komið í ljós, hvorki frá hæstv. samgmrh. né öðrum, að yrði á nein breyting. Og ég geri ekki ráð fyrir því, að hægt verði að fá á því neina breytingu frá þeirri hefð, sem skapazt hefur. Við það, að þessir aðilar, sem eiga nú inni stórfé, fá sínar inneignir greiddar að fullu, gefst þeim tækifæri á að fá aftur vinnu í hinum einstöku vegum fyrir lánsfé með sama hætti, og ég efast ekkert um það varðandi þessa menn, bæði ræktunarsambönd og einstaklinga, sem hér eiga hlut að máli, að það muni ekki standa á þeim að lána að nýju, þegar þeir fá sínar inneignir greiddar nú á þessu ári. Og þegar liggur fyrir loforð frá einum aðila, sem hefur boðizt til þess að taka ákveðna vegagerð í ákvæðisvinnu og hv. 3. þm. Vestf. veit gjarnan um, og hefur hann boðið að lána vegagerðinni stóran hluta af því, sem hann vinnur fyrir við ákveðna vegagerð á Vestfjörðum.

Hv. 5. þm. Vestf. sagði, að ég hefði flutt hér þakkarávarp vegna byggingar á brúarórræsi, eins og hann orðaði það svo smekklega. Ég vil nú segja það, að þegar talað er um nýjar framkvæmdir og ný mannvirki, sem á að byggja, þá hafa flestir menn yfirleitt önnur orð um það en að fara heldur niðrandi orðum um framkvæmdir í héruðunum. Og hann taldi það ekki vera þakkarvert að fá slíkt framlag og taldi, að ég hefði flutt hér stórkostlegt þakkarávarp í þessu sambandi, og talaði mjög um, að það hafi kannske verið af því, að til brúarinnar var veitt fé í einu lagi, en ekki fyrir hálfa brú, og það var út af því, sem ég greip fram í fyrir hv. 3. þm. Vestf. Hann ætlaði að fara að kenna mér það, hvort ég vissi ekki, að það væri veitt fé til brúa í fleiri en einni greiðslu. Jú, ég vissi það mætavel. En sálufélagi hans, 5. þm. Vestf., virtist ekki vita, að það hafi verið veitt fé til brúa í mörgum greiðslum oft og tíðum. En í þessu tilfelli er þetta framlag veitt í einu lagi, og ég segi: það er myndarlegt framlag.

Ég sagði í minni fyrri ræðu, að þessir hv. þm. hefðu ekki flutt till. um brúargerð, þegar þeir voru í stjórnaraðstöðu. En sannleikspostulinn, sem kom hér í ræðustólinn áðan, hv. 3. þm.

Vestf., kom með það, að ég hefði farið hér með ósatt mál, og sagði, að þeir hefðu flutt brtt. við fjárlög 1962. Ég hygg, að ég hafi farið alveg með rétt mál, því að ég veit ekki betur en þessi hv. þm. hafi verið í harðri stjórnarandstöðu 1962, og það breytir ekki þeirri staðreynd, sem ég viðhafði í minni fyrri ræðu, að þessi hv. þm. hefði aldrei flutt till. um framlag til brúargerðar á Mórillu, þegar hann var í stjórnaraðstöðu, því að þá svaf hann á verðinum fyrir það kjördæmi, sem hann var þm. fyrir.

Svo sagði þessi ágæti sannleikspostuli, að þm. ríkisstjórnarflokkanna frá Vestfjörðum hefðu samið um lækkun úr 19.5% í 14.4% við fjvn. Ég hefði viljað orða það nokkuð á annan veg. Við sömdum um hækkun við fjvn. og samgmrh. úr 13.1% í 14.43%. Þannig mundi hver sæmilegur maður, sem vildi hafa það, sem sannara reynist, hafa orðað það, en ekki eins og þessi hv. þm. gerði í sinni ræðu.

Ég sagði, að þessi hv. þm. hefði kastað fram sýndartillögu hér. Ég taldi, að það hefði verið hyggilegra að reyna samninga og halda áfram og vinna að framgangi vegamála í kjördæminu við samningu vegáætlunar, sem gilda á svo í 4 ár, en ekki hefja hér upp hávaða og læti, eins og þeir hafa gert. Og ég held, að það verði vegagerð á Vestfjörðum miklu happadrýgra en ólætin í þessum hv. tveimur þm.

Jú, Hannibal Valdimarsson, hv. 5. þm. Vestf., sagði, að það hefði lítið gengið, fyrr en jarðýturnar hefðu komið til sögunnar í vegamálunum. Það hefði gengið minna hjá hv. 2. þm. Vestf., á meðan hann hefði verið við vegagerð. En ég ætla að segja þessum hv. þm. það, að ef þm. fá ekki neitt fjármagn til vegagerðar, hvort sem það erum við, þm. úr stjórnarliðinu á Vestfjörðum, eða aðrir, þá mundu jarðýturnar ekkert vinna, ef þær fengju ekkert borgað. Hlutur þm. er ekki að vinna í vegavinnu, það hlýtur hv. 5. þm. Vestf. að vita, enda veit ég ekki til þess, að hann hafi komið nálægt vegagerð, nema þá helzt í munninum. Það er hlutverk þm. að útvega fé til vegagerðar, og það verður að segja eins og er, að það hefur aldrei verið unnið meira við vegagerð í Vestfjarðakjördæmi en á s. l. ári. Og ég verð að segja það, að eftir að hafa fengið þau fyrirheit að mega taka allt upp í ⅔ að láni á ný, þá verður aukning og það allmikil aukning á vegagerð í Vestfjarðakjördæmi á þessu ári frá því, sem hefur verið nú að undanförnu.

Hv. 5. þm. Vestf. sagði hér gamla róðrarsögu úr Arnarfirði. Hann þarf alltaf að hafa smásögur með, því að hann vill láta hlæja að sér, og það er eðlilegt, hann er orðinn vanur þessu. En Hannibal hefur mikið róið um dagana, en hans róðrarmáti hefur verið allólíkur róðrarmáta flestra annarra, því að hann hefur aldrei róið nema á annað borðið, enda hafa hans mál komizt skammt áleiðis.

Þessir hv. þm. báðir tveir reyna að komast hjá að ræða það, sem máli skiptir í þessu sambandi. Það, sem gerir það að verkum, að heildarprósentan til vegagerðar á Vestfjörðum lækkar, er sá skilningur, sem vegamálastjóri hefur lagt í sínar tillögur í sambandi við skiptingu á vegafé til þjóðbrauta. Það, sem gerzt hefur, er, að í till. vegamálastjóra leggur hann til, að veittar verði 3.1 millj. kr. til Vesturlandsvegar. Af þessu fé leggur vegamálastjóri til, að 1.9 millj. kr. verði veittar í veginn í Hvalfirði um Þyril, og þar af leiðandi verður sú vegagerð í Vesturlandskjördæmi. Það er um að ræða í þessu sambandi, að hér er verið að skipta fé skv. fyrir fram gerðri áætlun, þar sem mætast eiga tekjur og gjöld, og þá er ekki um annað að ræða, ef ekki er hægt að fá meira fé til vegamálanna en raun ber vitni, en að skipta þá fé á annan veg og færa það úr einu kjördæmi í annað. Og ef till. hefði komið um það að minnka verulega framlag til vegagerðar í Hvalfirði, sem bæði Vestfirðingar, Norðlendingar og Austfirðingar keyra um, og flytja það í Vesturlandsveg, þann hluta vegarins, sem er í Vestfjarðakjördæmi, þá hefðum við náð okkar prósentu upp. Ég segi fyrir mitt leyti, að ég treysti mér ekki til þess að standa að flutningi slíkrar tillögu, og ég held, að mér sé óhætt að fullyrða, að slík till. hefði verið felld hér á hv. Alþingi. Þetta hefði verið raunhæf till., ef þessir hv. þm. hefðu komið með till. um að færa framlag af þessum enda Vesturlandsvegar á hinn, í Vestfjarðakjördæmi. En hún var dauðadæmd fyrir fram. Við sáum, að eftir að þessar till. voru orðnar heyrinkunnar, þýddi ekki að fara inn á að lækka framlag til ákveðinna vega til þess að færa þá á milli kjördæma, og það hefði aðeins skapað úlfúð á milli þm. úr hinum einstöku kjördæmum, heldur væri hyggilegra að hafa þann hátt á að reyna að fá lánsheimildina og reyna svo að standa á því í haust, að okkar hlutur verði mjög verulega réttur.

Hv. 5. þm. Vestf. sagði í sambandi við brúargerðina á Mórillu, að það hefði ekkert staðið til, að þeir flyttu till. um það á sínum tíma, því að fyrst þyrfti að leggja veg að brúnni, og þá væri fyrst fært að fara að tala um að brúa ána. Sálufélagi hans, sannleikspostulinn, 3. þm. Vestf., taldi aftur, að hann hefði flutt þetta fyrir löngu, löngu áður en kominn var vegur að ánni. En ég verð að upplýsa þessa hv. samþingismenn mína um það, að enn þá á eftir að leggja 2½ km að þessari á. Eftir kokkabókum 5. þm. Vestf. ætti alls ekki að veita neitt fé til að brúa Mórillu. En ég er á gagnstæðri skoðun. Það hefði vel mátt brúa Mórillu á dögum vinstri stjórnarinnar, ef þáv. félmrh. hennar, áhugamaðurinn fyrir vegagerð á Vestfjörðum nú, hefði haft áhuga á málinu og sannleikspostulinn, hv. 3. þm. Vestf., sömuleiðis, en þá sváfu þeir á verðinum. Þeir eru einu þm., sem flytja brtt. hér í þessum málum, eftir að það er búið að ná samkomulagi um skiptinguna og allar frekari tilfærslur úr þessu mundu aðeins skapa úlfúð á milli þm. í einstökum kjördæmum, sem mundi ekki hafa gott í för með sér, þegar setzt verður á rökstóla til að setja nýja vegáætlun, sem gilda á í 4 ár.

Úr þessu er mér nokkurn veginn sama, hvort þessir hv. þm. tala hér aftur, því að við þá hefur ekki verið hægt að ræða í þessu máli hér á síðustu dögum. Þeir hafa þurft að hafa sýndartillöguna með sér vestur, þegar þeir fara að tala með mátulegum velvilja um hv. samþingismenn sína. En það er meira en gerist í öðrum kjördæmum, þó að allir séu ekki ánægðir með þessa skiptingu.

Björn Pálsson: Herra forseti. Það er búið að tala hér mikið um Strákaveg eða Siglufjarðarveg og svik í því sambandi. Ég skal játa, að það er mjög leitt, ef það dregst að leggja þennan veg, að ekki sé staðið við þau loforð, sem gefin voru. Ég tók það aldrei mjög hátíðlega, þótt það væri sagt, að vegurinn mundi koma í ágúst til Siglufjarðar. Yfirleitt er erfitt að segja nokkurn veginn upp á dag um framkvæmd slíkra fyrirtækja, en ég hygg þó, að flestir muni hafa gert sér vonir um, að vegurinn kæmi sumarið 1965.

Vitanlega má segja það nú, að þessi undirbúningur hafi ekki verið í lagi og æskilegra, að áætlanir um hann hefðu verið fyrr gerðar og betur. En það þýðir ekki að deila um það, það er komið sem komið er, og ég vil bara vona, að þessum athugunum verði hraðað sem allra mest og verkinu verði hraðað eins mikið og hægt er, þannig að Siglfirðingar þurfi ekki að bíða vegarins nema sem minnst fram yfir það, sem þeim voru gefin loforð um. En hitt bætir ekki neitt úr, að vera að brigzla hver öðrum um svik, þótt eitthvað komi fyrir. Það vill oft verða þannig í kosningum, sjálfsagt hjá öllum flokkum, að það er eitthvað lofað upp í ermina sína, þegar kosningar standa fyrir dyrum.

Það var sérstök tilviljun, að ég tók hér til máls áðan. Þannig var, að ég var staddur þarna í dyrunum og hv. 5. þm. Vestf. var að tala. Mér datt þá í hug, að þetta væru óþarflega mörg orð og óþarflega mikil orka, sem maðurinn eyddi hér í ræðustólnum. Og mér datt í hug, að þetta væri ólíkt Snorra Sturlusyni. Þið hafið sjálfsagt allir lesið Heimskringlu. Hún er listaverk, og listin liggur í því, að það er hver einasta setning meitluð, þar er eiginlega ekkert óþarfaorð, og allt af viti, sem þar stendur. Ég er búinn að taka eftir því, að menn, sem eru stuttorðir, nota ekki óþarfaorð og yfirleitt allt af viturleg orð, eru hagsýnir menn og hyggnir, og yfirleitt eru þeir vel efnum búnir. En hinum, sem teygja lopann og hafa heimskuleg orð um hlutina og eru hávaðasamir, þeim gengur yfirleitt allt heldur illa í lífinu, flestir hálfsnauðir. Ég skal segja ykkur, að hagsýni manna kemur fram í öllum sköpuðum hlutum. Sumir nenna varla að snúa sér við, nema það hafi einhverja þýðingu, og aðrir geta hlaupið, hoppað og snúizt, án þess að það hafi nokkra minnstu þýðingu, og talað og gert ýmsa hluti. Ég satt að segja hallast heldur að þeim flokkunum, sem eyðir ekki orkunni til ekki neins, ég satt að segja nenni því ekki nema sem allra minnst og yfirleitt hef meiri mætur á þeim mönnum, sem slíkt gera.

Nú er mér ákaflega vel við hv. 5. þm. Vestf. og alveg sérstaklega vel við hann vin minn þarna, 5. landsk., Ragnar Arnalds, og það var alveg óþarfi af hv. 5. þm. Vestf. að fara að skipta sér eitthvað af uppeldismálum mínum. Guð hirtir þann, sem elskar hann. Og mér er ekki eins annt um nokkurn mann í þessum sal og þennan elskulega dreng. En hitt skal ég játa, að það var barnaskapur af mér að ætla að fara að ala þennan hv. þm. upp, hv. þm. Vestf., jafnvel þótt hann þyrfti þess með. Vitanlega var ég ekki nema með vinsamlegar leiðbeiningar í hans garð, því að það, sem ég var að hugsa um þarna í dyrunum, var, hvað maðurinn færi óviturlega að, ef hann ætlaði að koma málinu fram.

Nú vildi ég gjarnan, að ég gæti stutt að því, að Vestfirðir fengju 10 millj. meira en þeir fá í vegafé, þeim veitir víst áreiðanlega ekki af því. En þá verður maður bara að nota aðrar aðferðir en þetta, ef maður vill koma einhverju fram.

Hann var víst að núa bæði mér og hv. 4. þm. Norðurl. v. um nasir um það, að við værum eitthvað líkir malandi köttum. Og það má meira að segja læra af ketti. Kötturinn malar, þegar hann er í góðu skapi, og ekki er hægt að lá neinum það. En kötturinn er skynsamur, hann veiðir. T. d. ef allir kettir væru með skaplyndi hv. 5. þm. Vestf., mundu þeir aldrei veiða nokkra einustu mús. Ég skal segja ykkur það, að ef kötturinn hefði þetta skaplyndi, þá mundi hann mjálma 4—5 sinnum, áður en honum dytti í hug að taka músina, í staðinn fyrir að þegja og veiða músina. Og ef hv. þm. hefði haft aðferð kattarins að ná í peningana til Vestfjarða, þá hefði það tekizt, en ekki fara hér upp í ræðustól og mjálma og mjálma, áður en hann veiðir. Ég hef satt að segja ekki nokkra einustu trú á því, að það væri ekki hægt að fá upplýsingar um, hvað Vestfirðir ættu að fá. Vegamálastjóri bað okkur um að koma til sín, þm. Norðurl. v. Við fórum til hans, við bárum fram okkar óskir, og hann gaf okkur upplýsingar, og þetta var allt í bróðerni. Ég hef enga trú á því, að við séum nein eftirlætisbörn hjá honum. Annars vil ég ekki leyfa mér að segja, að hv. þm. segi neitt ósatt, það er ekki þannig. Ég held bara, að það hafi einhvern veginn ekki verið gengið rétt eftir þessu, ekki verið haft lag kattarins að reyna að veiða sem mest. Vitanlega þurfa þeir að fá meira fé, þessir menn. En það er hægt að læra af mörgu. Það er hægt að læra af Heimskringlu, og það er meira að segja hægt að læra af ketti. Ég ætla mér nú ekki að reyna að ala þennan hv. þm. upp, þótt ég gæfi honum föðurlegar og vinsamlegar leiðbeiningar um, að hann notaði ekki réttar aðferðir. Það eru engir mannasiðir að vaða upp með skammir og vanþakklæti fyrir þessa vinsamlegu leiðbeiningu. Ég ætlast ekki til, að hann fari að læra af Heimskringlu beinlínis eða Snorra, því að hann er nú svo hátt yfir okkur hafinn með andans yfirburði, en af kettinum ætti hann alltaf að geta lært.

Axel Jónsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég gat þess hér í minni fyrri ræðu í kvöld, að ég tel, að höfuðsök á því, að ekki er búið að ganga frá skipulagi í miðbæ Kópavogs og þar með ákveða og staðsetja Reykjanesbrautina um það svæði, lægi í því, að fyrrv. bæjaryfirvöld Kópavogs hefðu ekki sinnt því máli sem skyldi.

Hv. 10. landsk. var að reyna hér áðan að mæla gegn þessu og taldi, að hér væri fyrst og fremst um sök ríkisins, skipulagsnefndar og vegamálastjóra að ræða. Hann gat þess, að skipulag og staðsetning Reykjanesbrautar í gegnum miðbæ Kópavogs ætti að ákveðast af skipulagsstjórn, vegamálastjóra og bæjaryfirvöldunum í Kópavogi. Þetta er rétt. Þessir aðilar í samvinnu eiga að ákveða þessi mál. En ég hygg, að hv.

þm. sé ekki verulega kunnugur gangi þessara mála, því að hann sagði líka orðrétt: Það er ekki til neins fyrir bæjarstjórn Kópavogs að ákveða vegarstæði Reykjanesbrautar í gegnum Kópavog upp á sitt eindæmi. — Þetta er alveg rétt. En þetta var einmitt það, sem hans flokksbræður í fyrrverandi meiri hl. bæjarstjórnar Kópavogs ætluðu sér að gera og töfðu alla framkvæmd við skipulagningu á þessu svæði um hartnær tveggja ára skeið með þessum vinnubrögðum. Í stað þess að fara að ráðum skipulagsstjóra ríkisins og efna til hugmyndasamkeppni um miðbæjarskipulagið, sem vissulega er mikið verkefni skipulagslega séð, ganga þeir þar þvert á móti og án þess að hafa nokkurt samráð við hann ráða til þess arkitekt að gera þetta skipulag upp á sitt eindæmi. Þetta tafði málið í tvö ár. Og það gerði meira. Þegar núverandi bæjaryfirvöld ákváðu að efna til hugmyndasamkeppni, töfðu þessi fyrrverandi vinnubrögð hv. flokksbræðra 10. landsk. þm. einnig fyrir framgangi málsins, því að það tók nokkuð langan tíma að fá Arkitektafélag Íslands til þess að viðurkenna fyrirhugaða samkeppni, vegna þeirra vinnubragða, sem við höfðu verið höfð í þessu máli áður, þannig að allir, sem til þekkja, vita glöggt, að það var fyrst og fremst vegna þess, að bæjarstjórn Kópavogs var fyrir síðustu bæjarstjórnarkosningar lítt til viðtals um skipulagsmál, hvorki hvað þetta snertir né annað, og af þeim sökum stendur þetta mál eins og það er í dag. Það eru fyrstu vonir til þess, að hægt verði að fara að vinna úr skipulagssamkeppninni síðast á þessu ári, ef það verður þá fyrr en seinni hluta næsta vetrar, og þarna liggur höfuðástæðan fyrir því, að í dag stöndum við andspænis því, að þótt við viljum hefja varanlegar endurbætur á þessari *miklu umferðaræð í gegnum Kópavog*, þá er það ekki hægt, vegna þess að skipulagsmálin eru í algeru ófremdarástandi, og ástæðan er fyrst og fremst sú, sem ég rakti hér áðan.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég sannfærðist alveg um það áðan, þegar hv. 5. þm. Norðurl. v. talaði, að hann hefur ekki lært af Snorra. En hann hefur lært af kettinum, það er alveg greinilegt, og er útskrifaður í því. Þó gerir hann annað en kisa gerir, og það á ekki hvað sízt við þá hv. þm., sem virðast vera hinir ánægðustu með það, þegar gengið hefur verið á rétt þeirra kjördæmis, því að þá sýna þeir ánægjuhljóð sín. En það væri sama og kisu væri strokið móti hárunum, þá mundi hún urra, og ef þeir hefðu nú brugðizt eins við og kisa í þessu, þá held ég, að stjórnin hefði tekið til greina þeirra óskir. En þeir virðast bara vera hjartanlega ánægðir. Þegar kisu er strokið og látið vel að henni, þá malar hún. En að sýna af sér ánægjuhljóð, þegar er gengið gegn hagsmunum þeirra kjördæmis og þeirra umbjóðenda, það er það, sem ég hef verið að áfellast menn fyrir hér.

Um ræðu hv. 11. landsk. ætla ég ekki að fara mörgum orðum, aðeins segja það, að þegar menn koma heim í Vestfjarðakjördæmi, eftir að gullin loforð höfðu verið gefin um, að það yrði mikið um auknar fjárveitingar til vegamála, þegar vegáætlunin yrði afgreidd, og verða svo að játa, að þá hefur hlutfall þeirra fallið úr 19.5% í 14.4%, þá held ég, að það sé betra fyrir þá að hafa sem fæst orð um, og það hafa ýmsir af hv. stjórnarþm. úr Vestfjarðakjördæmi gert. Þeir hafa haft um það fá orð, og það var hyggilegt. Og svo skal ég aðeins undirstrika eina setningu úr ræðu hv. 11. landsk. þm.: Þingmenn eru hér til þess að sjá um að fá fjárveitingar fyrir sín kjördæmi. — Og það vildi ég, að þeir hefðu munað, og það vona ég, að þeir muni fram yfir atkvgr. um þá till., sem hér liggur fyrir.

Frsm. (Jónas G. Rafnar): Herra forseti. Það hafa nú orðið allmiklar umr. hér í hv. þingd. út af vegáætluninni, og sannast bezt að segja, þá gengum við í fjvn. út frá því, að þetta mál mundi valda allmiklum deilum, ef það kæmi hingað inn í þingið, og ástæðan fyrir þeirri skoðun okkar var að sjálfsögðu sú, að með þessari áætlun er tekin upp algerlega ný stefna í vegamálum. Þm. voru því vanir áður að miða við afmörkuð svæði, höfðu sín einu kjördæmi um að hugsa. En nú er tekinn upp sá háttur að hafa landið allt í huga, þegar út í framkvæmdir á að ráðast, þannig að það verður við meiri vanda að glíma en ella. Og þetta kemur bezt fram í því, að nú í umr. hefur ekki komið fram ágreiningur í sambandi við landsbrautirnar. Ég held t. d., að óánægja Vestfirðinga stafi fyrst og fremst af skiptingu á milli þjóðbrautanna, og þá kemur það, sem ég gat um áðan, að þarna eru það stærri svæði, að þjóðbrautirnar fara í gegnum fleiri kjördæmi. Ég vona, að þegar fram í sækir og reynslan er komin af þessu nýja fyrirkomulagi, muni margir annmarkar hverfa og þetta muni skýrast betur fyrir þm. og að til slíkra deilna þurfi ekki að koma sem *hér hafa átt sér stað í kvöld. En það er þó á*nægjulegt, að enginn ágreiningur virðist hafa risið meðal þm. um skiptingu á brúafé, og allir þm. kunna einnig að meta þá staðreynd, að nú höfum við meira fé til vegamálanna en nokkru sinni áður. Við skulum einnig hafa það í huga, að á næsta ári njótum við góðs af því, að nokkur hluti af tekjunum í ár kemur ekki til greiðslu fyrr en á næsta ári, og þá á ég við hlutann af benzínskatti.

Ég skal svo ekki orðlengja þetta frekar, en læt aðeins í ljós þá von mína, að þetta nýja fyrirkomulag megi reynast vel og það verði þjóðinni allri til gæfu og gengis.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 75. fundi í Sþ., 9. maí, var fram haldið síðari umr. um till. (A. 453, n. 580, 586, 621).

ATKVGR.

Brtt. 621 felld með 30:21 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JSk, KK, LJós, ÓlJ, PÞ, RA, SE, ÞÞ, ÁÞ, ÁB, BFB, BJ, BP, EÁ, EystJ, GeirG, GilsG, VH, HV, HB, HermJ.

nei: JóhH, JÁ, JÞ. JP, JR, MJ, MB, MÁM, ÓB, AJ, SÁ, SB, SI, SÓÓ, SvJ, ÞK, AuA, BGr, BBen, BGuðm, EggÞ, EI, EmJ, GuðlG, GÍG, HermÞ, GTh, GÞG, IngJ, BF.

HS, IG greiddu ekki atkv.

7 þm. (PS, JK, AG, RJ, EðS, EOl, GíslG) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég tel till. þessa óraunhæfa, og þar sem ég hef staðið að samkomulagi um að fá hækkað framlag til nýbyggingar vega í Vestfjarðakjördæmi á þessu ári og fyrirheit hafa verið gefin um lánsfé til vegagerðar í kjördæminu á árinu og í trausti þess, að fullt tillit verði tekið til óska og krafna Vestfirðinga í vegamálum á komandi hausti við samningu vegáætlunar, sem gilda á í 4 ár, segi ég nei.

Brtt. 586 samþ. með 52 shlj. atkv.
Tillgr., svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 47 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 639).

20. Almennur lífeyrissjóður.

Á 35. fundi í Sþ., 22. jan., var útbýtt:
Till. til þál. um almennan lífeyrissjóð [115. mál] (A. 201).

Á 46. og 49. fundi í Sþ., 26. febr. og 4. marz, var till. tekin til fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 52. fundi í Sþ., 11. marz, var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Á þskj. 201 hef ég ásamt 7 öðrum þm. Framsfl. leyft mér að bera fram till. til þál. um stofnun almenns lífeyrissjóðs. Till. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:
„Alþingi ályktar að kjósa 5 manna nefnd í sameinuðu þingi með hlutfallskosningu til þess að semja frv. til l. um almennan lífeyrissjóð, sem allir landsmenn eigi kost á að tryggja sig hjá."
Á þinginu 1957 fluttum við nokkrir framsóknarmenn till. til þál. um athugun á stofnun almenns lífeyrissjóðs fyrir alla þá landsmenn, sem ekki nytu lífeyristryggingar hjá sérstökum lífeyrissjóðum. Sú till. hljóðaði svo, með leyfi hæstv. forseta:
„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta athuga, hvort tiltækilegt sé að stofna lífeyrissjóð fyrir sjómenn, verkamenn, bændur, útvegsmenn og aðra þá, sem ekki njóta lífeyristryggingar hjá sérstökum lífeyrissjóðum."
Þessi ályktun var samþykkt á Alþingi 31. maí 1957. Athugun samkv. þessari till. dróst því miður nokkuð. Það var ekki fyrr en 20. des. 1958, að þáv. félmrh. skipaði 5 manna nefnd til að framkvæma þá athugun, sem þáltill. fjallaði um. Í nefnd þessa voru þeir menn skipaðir, sem tilgreindir eru í grg. á þskj. 201. Nefnd þessi skilaði áliti sínu til ríkisstj. í nóv. 1960, en hafði auðvitað áður aflað sér ýmiss konar upplýsinga, þ. á m. álitsgerðar frá Guðjóni Hansen tryggingafræðingi. Þó að þetta nál. hafi enn ekki verið birt opinberlega, getur það auðvitað ekkert leyndarmál verið, allra sízt nú, eftir að svo langur tími er liðinn frá því, að n. skilaði áliti sínu, og hæstv. ríkisstj. hefur látið málið svo lengi kyrrt liggja og sýnt er, að hún muni ekki ætla að beita sér fyrir aðgerðum í þessu máli. En niðurstaða þessarar n. var í sem stytztu máli sú, að hún lagði til, að sett yrði löggjöf um almennan lífeyrissjóð, sem allir landsmenn ættu kost á að tryggja sig hjá, enda yrði um að ræða viðbótartryggingu við almannatryggingarnar. Jafnframt lagði n. til, að unnið yrði að breytingum á hinum sérstöku lífeyrissjóðum, þannig að þeir allir veittu framvegis aðeins viðbótartryggingu við almannatryggingarnar. Allir nm. voru algerlega sammála um álitið.
Þar sem þessari n. hafði aðeins verið falin athugun á því, hvort tiltækilegt væri að stofna almennan lífeyrissjóð, taldi hún ætlunarverki sínu lokið, þegar hún hafði skilað framangreindu áliti, enda óskaði ríkisstj. ekki eftir frekari aðgerðum af n. hálfu, og n. hafði ekki verið beðin að semja lagafrv. um almennan lífeyrissjóð, og hún hefur ekki heldur síðar verið til þess kvödd, enda hefur hún sem sagt fyrir löngu lokið sínu starfi og þannig verið litið á, að hún væri þar með algerlega uppleyst og ekki lengur starfandi. Og þar af er skemmst að segja, að þetta mál hefur síðan legið í algeru þagnargildi hjá hæstv. ríkisstj. Ríkisstj. hefur ekki, svo að mér sé kunnugt um, látið undirbúa löggjöf um slíkan almennan lífeyrissjóð og hefur ekki sinnt því máli neitt, svo að vitað sé.
Það skal að vísu játað, að á því tímabili, sem liðið er frá því, að sú nefnd, sem hér um ræðir, skilaði sínu áliti í nóv. 1960, hafa átt sér stað ýmsar endurbætur á almannatryggingalögunum. Löggjöfin um það efni hefur verið endurskoðuð, bætur hafa verið hækkaðar, skerðingarákvæði hafa verið afnumin og nokkrar aðrar breytingar og lagfæringar gerðar á tryggingakerfinu. Það er að sjálfsögðu góðra gjalda vert. Og ég hygg, að miðað við ýmsar aðrar þjóðir séum við Íslendingar komnir alllangt í almannatryggingum. Þess má sérstaklega geta, að með tryggingalöggjöfinni frá s. l. ári er horfið að þeirri eðlilegu og skynsamlegu stefnu, að hinir sérstöku lífeyrissjóðir verði framvegis viðbótarsjóðir við almannatryggingarnar, í stað þess að hingað til hafa þeir ýmist veitt viðbótartryggingu eða komið í stað almannatrygginganna. Þrátt fyrir það, sem þannig hefur áunnizt í þessum málum, teljum við flm. þessarar till. sjálfsagt, að hafizt verði handa um setningu löggjafar um almennan lífeyrissjóð, er allir landsmenn eigi kost á að tryggja sig hjá, þ. e. a. s. að hafizt verði handa um stofnun slíks almenns lífeyrissjóðs. Þess vegna höfum við leyft okkur að flytja þessa þáltill. á þskj. 201.
Það þarf nú naumast að fjölyrða um mikilvægi lífeyrissjóðstrygginga. Flestir munu sammála um, að öflugar lífeyrissjóðstryggingar séu mjög mikilvægar, enda hefur þeim starfshópum stöðugt fjölgað, sem tryggt hafa sér lífeyri hjá sérstökum lífeyrissjóðum. Lífeyrisgreiðslur úr þessum sjóðum, hvort heldur hefur verið um að ræða ellilífeyri, örorkulífeyri, makalífeyri eða barnalífeyri, hafa verið mikil hlunnindi þeim, er

þeirra hafa notið. En auk þess hafa þessir sjóðir veitt sjóðfélögum ómetanlega aðstoð með því að veita þeim hagkvæm lán til íbúðakaupa. Það má áreiðanlega fullyrða, að án þeirra lána, sem þannig hafa verið veitt, hefði mörgum þessara manna reynzt erfitt eða jafnvel ókleift að eignast þak yfir höfuðið. En hjá þessum sjóðum hefur átt sér stað fjársöfnun, og því fé hafa þeir a. m. k. að verulegu leyti miðlað til íbúðalána. Með þeim hætti hefur starfsemi lífeyrissjóðanna orðið alveg sérstaklega gagnleg, hefur í raun réttri jafngilt eins konar skyldusparnaði, sem notaður hefur verið til íbúðabygginga eða til íbúðalána.

Um gagnsemi lífeyrissjóða verður því varla deilt. Þar segir það sem sagt sína sögu, eins og ég áðan minntist á, að æ fleiri starfsmannahópar hafa leitazt við að koma sér upp sérstökum lífeyrissjóði, ýmist með lögum eða í sambandi við kjarasamninga, og þess má t. d. geta, að á því stutta tímabili, sem liðið er frá því að þessi stjórnskipaða nefnd, sem ég hef hér minnzt á, skilaði áliti sínu í nóv. 1960, hefur sérstökum lífeyrissjóðum fjölgað mjög mikið. Það hafa margir starfsmannahópar bætzt við síðan og stofnað sinn sérstaka lífeyrissjóð. Það hefur hins vegar sína galla, að sjóðmyndanir þessar verði mjög margar eða réttara sagt, að sérstakur sjóður verði myndaður fyrir hverja starfsstétt. Hitt er óefað æskilegra, að stofnaður verði almennur lífeyrissjóður, sem allir landsmenn eigi kost á lífeyristryggingu hjá, enda er annars hætt við misrétti og að þeir verði að lokum út undan, sem að einu eða öðru leyti eru lakast settir í okkar þjóðfélagi.

Fjölgun sérsjóðanna að undanförnu, sem ég drap á, bendir til þess, hver þróunin muni verða, ef ekki er horfið að því ráði skjótlega að stofna til almenns lífeyrissjóðs. Ég býst nú satt að segja við, að það verði fáir á móti slíkum almennum lífeyrissjóði, á móti auknum tryggingum. En hitt er auðvitað, að skoðanir geta orðið mjög skiptar um það, hvernig aflað skuli fjár til þessara trygginga, og um það, hvernig þeim skuli nánar fyrir komið. Samkv. áliti hinnar stjórnskipuðu n. frá 1958 er einmitt rétt að setja löggjöf um almennan lífeyrissjóð, og þess vegna er hér gerð till. um að skipa nefnd til þess að semja frv. að slíkri löggjöf. Við samningu þvílíkrar löggjafar hljóta mörg atriði að koma til athugunar, m. a. þyrfti sjálfsagt að gera ráð fyrir nauðsynlegri deildaskiptingu, jafnvel svo, að hinar einstöku deildir hefðu algerlega aðskilinn fjárhag. Líklega væri varhugavert að ákveða þegar í stað skilyrðislausa þátttöku allra í sjóðnum, þó að á hinn bóginn sé svo ástatt um sumar stéttir, að slík skylduþátttaka sé ekki varhugaverð. Þetta var hinni stjórnskipuðu nefnd ljóst. Gerði hún því ráð fyrir, að hinn almenni lífeyrissjóður þyrfti, a. m. k. fyrst í stað, að byggja á hvoru tveggja, skyldutryggingu, þar sem hún ætti við, en frjálsri tryggingu fyrir þá þegna þjóðfélagsins, sem ekki þætti að svo stöddu fært að skuldbinda til þátttöku í sjóðnum.

Almannatryggingarnar hafa veitt öldruðu fólki og öryrkjum mikla aðstoð og í raun og veru alveg ómetanlega hjálp. Fyrir okkur flm. þessarar till. vaka ekki breytingar á almannatryggingakerfinu. Það er gert ráð fyrir því, að það haldist óbreytt eftir sem áður. Almannatryggingarnar voru reyndar upphaflega vísir að almennum lífeyrissjóði, en með almannatryggingalögunum 1946 var horfið frá sjóðsmyndun og að niðurjöfnun. Ástæðan var sú, að vegna óstöðugs gengis og verðgildisrýrnunar peninga þótti ekki líklegt, að hinir tryggðu gætu fengið viðunandi bætur úr sjóðnum. Þó að margir hefðu sjálfsagt kosið, að hægt hefði verið að halda áfram tryggingu á grundvelli sjóðsmyndunar, þá sýnist við núverandi aðstæður óhjákvæmilegt að byggja á almannatryggingakerfinu í núverandi mynd sem grundvelli. Hinum almenna lífeyrissjóði er því ekki ætlað að koma í stað almannatrygginganna, heldur er honum ætlað að veita viðbótartryggingu. En með hinum nýju tryggingalögum er einmitt, eins og ég hef áður sagt, horfið að þeirri eðlilegu stefnu, að hinir sérstöku lífeyrissjóðir verði framvegis viðbótarsjóðir við almannatryggingarnar. Með hinum almenna lífeyrissjóði viljum við flm. þessarar till. stefna að því, að allir landsmenn fái þá aðstöðu, sem þeir einir hafa nú, er tryggingar njóta í sérsjóðum. Sú viðbótartrygging, sem hinum almenna lífeyrissjóði er þannig ætlað að veita, á að grundvallast á sjóðssöfnun. Slík sjóðssöfnun er sérstaklega æskileg eða nauðsynleg til þess að standa undir íbúðalánaþörfinni. Ég held, að fyrir lánaþörf íbúðabyggjenda og þá alveg sérstaklega unga fólksins, sem þarf að byggja yfir sig, verði ekki betur séð með öðrum hætti en þessum, að draga saman einmitt þannig fé til þess að lána til íbúðabygginganna. En það er alkunna, hve húsnæðislánakerfið er fjárvana miðað við þá þörf, sem er á lánsfé til íbúðabygginga, og það er alkunna, hver vandkvæði eru á því að fá lán til íbúðabygginga nú með skaplegum kjörum. Ég held, að með stofnun almenns lífeyrissjóðs, almenns lífeyrisviðbótarsjóðs, sé unnt að gera tvennt í senn, efla auknar tryggingar og bæta að verulegu leyti úr lánaþörf íbúðabyggjenda.

Í sambandi við slíka sjóðsstofnun sem þessa hlýtur sú spurning að vakna, hvort ekki sé unnt og hvort ekki sé nauðsynlegt að verðtryggja sjóðinn. Í því sambandi vil ég aðeins minna á það, að 11. apríl 1962 var samþykkt hér á Alþingi þál., þar sem skorað var á ríkisstj. að framkvæma eða láta framkvæma eða láta athuga, hvernig framkvæma mætti verðtryggingu lífeyrissjóða, og jafnframt ákveðið, að niðurstaða þeirrar athugunar skyldi lögð fyrir Alþingi. Það mun hafa verið hv. 10. þm. Reykv., sem flutti þessa þáltill. á sínum tíma. Ég hygg, að athugun sú, sem greinir í þeirri þál., hafi að nokkru leyti farið fram eða það hafi verið skilað álitsgerð um það efni. Hins vegar hefur ekki niðurstaða þeirrar athugunar verið lögð fyrir Alþingi enn, svo að mér sé kunnugt. En þetta mál, spurninguna um það, hvort ekki sé hægt að koma við verðtryggingu á þessum sjóði, verður sú nefnd, sem gert er ráð fyrir að semji frv. til l. um sjóðinn, einmitt að taka til sérstakrar athugunar að mínum dómi.

Herra forseti. Ég skal svo ekki fjölyrða mjög um þetta. Ég vil aðeins geta þess, að ég hygg, að sú nefnd, sem fær þetta hlutverk, að semja frv. til l. um þetta efni, geti ýmsa lærdóma dreg-

ið af Svíum í þessu efni. Þeir hafa komið á hjá sér fullkominni heildarlöggjöf um þessi efni. Sú nýja heildarlöggjöf um það efni var sett á árinu 1962 og öðlaðist einmitt gildi 1. jan. 1963. Ég efast ekki um, að það megi ýmsar gagnlegar upplýsingar fá í þeirri löggjöf og af þeirri athugun og ýmislegt megi læra af þeirri athugun, sem þar í landi fór fram. Og þá má einnig nefna það, að norska ríkisstj. hefur einmitt heitið því að beita sér fyrir stofnun almennra lífeyristrygginga, og það má vænta þess, að till. frá hennar hendi muni bráðlega koma fram um það efni. Og þá er einnig líklegt, að það megi að einhverju leyti hafa hliðsjón af þeim till. við setningu löggjafar hér á landi.

Ég leyfi mér svo að leggja til, að till. verði að lokinni þessari umr. vísað til síðari umr. og fjvn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 53. fundi í Sþ., 12. marz, var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 45 shlj. atkv. og til fjvn. með 45 shlj. atkv.

Á 74. og 75. fundi í Sþ., 8. og 9. maí, var till. tekin til síðari umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 78. fundi í Sþ., 13. maí, var till. aftur tekin til síðari umr. (A. 211, n. 584).

Frsm. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Till. á þskj. 201 um almennan lífeyrissjóð var send fjvn. til athugunar, og varð n. sammála um að mæla með henni, eins og brtt. um hana liggur fyrir á þskj. 584.

N. leitaði álits hjá Tryggingastofnun ríkisins, en hún mælti með samþykkt hennar.

Eins og fram kom í ræðu hæstv. mennt- og viðskmrh. í hinum almennu umr. nú, verður því treyst, að hæstv. ríkisstj. taki þessa viljayfirlýsingu Alþingis á þann veg, sem fjvn. leggur til, svo að hún láti verða af framkvæmdum í þessum málum á yfirstandandi ári, og með tilliti til þess, hef ég þessi orð ekki lengri, en ítreka það, að n. leggur til, að till. svo breytt verði samþ.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég vil þakka fjvn. fyrir að hafa afgreitt þessa þáltill., en vil þó jafnframt taka fram, að ég tel þær breytingar, sem hún hefur gert á till., ekki vera til bóta. Í minni upphaflegu till., sem ég ásamt fleiri framsóknarmönnum flutti, var gert ráð fyrir, að kjörin væri 5 manna n. af Alþingi til þess að annast samningu löggjafar um almennan lífeyrissjóð. Ég hefði talið það heppilegra, að þingkjörin n. fjallaði um málið.

Í öðru lagi vil ég minna á það, að það var þegar árið 1958 samkv. þáltill., sem samþ. var á Alþingi 1957, sett n. til þess að athuga, hvort tiltækilegt væri að setja upp almennan lífeyrissjóð hér á landi fyrir alla landsmenn. Sú n. skilaði áliti til ríkisstj. í nóv. 1960 og var á einu máli um að leggja til, að sett skyldi löggjöf um almennan lífeyrissjóð. Í því máli hefur síðan af hálfu ríkisstj. ekkert verið aðhafzt. Með tilliti til þeirrar athugunar, sem þegar hefur farið fram í þessu máli, hefði ég talið eðlilegra, að það hefði verið kveðið fastar að orði í þeirri brtt., sem hæstv. fjvn. hefur gert um það, að ríkisstj. skyldi nú setja löggjöf um þetta efni, af því að þegar hefur farið fram rannsókn á því og niðurstaða þeirrar rannsóknar hefur orðið sú, að það væri rétt að setja löggjöf um þetta efni. Sú niðurstaða fékkst fyrir 3½ ári. En ég leyfi mér að skilja till. fjvn. á þá lund, að í henni felist boð til ríkisstj. nú um að sjá um, að samið verði frv. að löggjöf um setningu laga um almennan lífeyrissjóð, og ég tel eftir atvikum ekki ástæðu til að efast um, að það verði nú gert þrátt fyrir fádæma seinagang í þessu máli, þar sem bæði hæstv. menntmrh. og hæstv. landbrh. lýstu því í nýafstöðnum útvarpsumr., að þetta væri eitt mesta nauðsynjamálið.

ATKVGR.

Brtt. 584 (ný tillgr.) samþ. með 38 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 686).

---

21. Hægri handar akstur.

Á 39. fundi í Sþ., 6. febr., var útbýtt:

Till. til þál. um hægri handar akstur [132. mál] (A. 237).

Á sama fundi var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Of skammt var liðið frá útbýtingu till. — Afbrigði leyfð og samþ. með 35 shlj. atkv.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 40. fundi í Sþ., 12. febr., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Ég hef ásamt nokkrum öðrum þm. leyft mér að bera fram á þskj. 237 till. til þál., sem þannig hljóðar, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta hefja hið allra fyrsta undirbúning að því, að upp verði tekinn hægri handar akstur hér á landi.“

Ég hef í sjálfu sér ekki miklu við að bæta af rökum fyrir þessari till. umfram það, sem stendur í grg. með þáltill. Þó vil ég taka það fram, að slík breyting, sem till. fjallar um, er fyrst og fremst gerð til samræmis við aðrar þjóðir, einkum grannþjóðir okkar í Evrópu, sem hafa flestar fyrir alllöngu tekið upp hægri handar akstur, og þær, sem hafa ekki þegar gert það, eru ýmist búnar að ákveða að taka upp hægri handar akstur eða hafa hafið undirbúning að málinu. Það er sjálfsagt hægt að læra mikið af reynslu þeirra þjóða, sem þegar hafa breytt um í þessu efni, og vil ég t. d. nefna, að Austurríki tók upp hægri handar akstur 1938, Tékkóslóvakía 1939 og Ungverjaland um svipað leyti, og í Svíþjóð er búið að samþykkja að taka upp

hægri handar akstur árið 1967, og hefur um nokkurt skeið farið fram mjög rækilegur undirbúningur að þeirri breytingu. Við getum nokkuð lært af reynslu Svía í þessu efni, þ. e. a. s. við getum séð af þeirra reynslu, hvað það mundi kosta okkur í beinum fjárframlögum að draga þetta mál öllu lengur en gert hefur verið. Svíar létu fara fram athugun á því árið 1945, hvað þá mundi kosta að breyta yfir í hægri handar akstur úr vinstri handar akstri, og þá var kostnaðurinn áætlaður 47 millj. sænskra króna. En þá varð ekki úr þessu, og málið hefur dregizt á langinn hjá þeim, en nú er reiknað með, að breytingin, sem fram á að fara árið 1967, komi til með að kosta Svía 400 millj. sænskra króna.

Hér á landi mun reglan um vinstri handar umferð upphaflega hafa verið sett í lög með tilliti til ríðandi kvenfólks, sem sat í söðli, og þessi regla var hér í gildi, þangað til fyrstu umferðarlögin voru sett árið 1940. Það voru ekki til sérstök umferðarlög hér á landi fyrr en þá. Þau ákvæði, sem giltu um umferðina, voru áður innifalin í vegalögunum. En árið 1940 þegar umferðarlög voru fyrst sett, þótti sjálfsagt að taka upp hægri handar akstur, og þetta var lögleitt með þeim lögum, og átti þessi regla að koma til framkvæmda 1. jan. 1941. Ástæðan til þess, að horfið var frá að gera breytinguna þá, var sú, að Bretar hernámu landið, og þar sem þeir framfylgja vinstri handar reglu í umferð, mun hafa verið álitið, að því væri samfara nokkur slysahætta að gera breytinguna, meðan brezka hernámsliðið væri í landinu. Umferðarlögin hafa síðan verið endurskoðuð, síðast 1958, og er mér ekki kunnugt um, að þá hafi verið aðrar ástæður fyrir því, að ekki var breytt til, en fjárhagslegar ástæður. Að sjálfsögðu kostar breytingin nokkurt fé, en þó mun aðalkostnaðurinn vera samfara því að breyta gerð almenningsvagna, og í umferðarlögunum 1940 var gert ráð fyrir, að ríkissjóður tæki þátt í þeim kostnaði að hálfu á móti þeim, sem ættu ökutækin. Það er að sjálfsögðu atriði, sem þarf að athuga og kanna, hvernig koma eigi fyrir kostnaðinum, sem af þessu leiðir, og hvað langan tíma þurfi til að undirbúa breytinguna. En ég hygg, að það sé augljóst, og við höfum reynslu af því sjálfir, og aðrir hafa reynslu af því, að allur dráttur í þessu efni er aðeins til þess að auka kostnaðinn.

Ég sé ekki ástæðu til að fjalla um þessa þáltill. í lengra máli, en ég leyfi mér að leggja til, herra forseti, að umræðunni verði frestað og till. vísað til allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 41. fundi í Sþ., 13. febr., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 41 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 78. fundi í Sþ., 13. maí, var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 237, n. 602).

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Till. þessi fjallar um það, að Alþ. ályktar að skora á ríkisstj. að láta hefja hið allra fyrsta undirbúning að því, að upp verði tekinn hægri handar akstur á Íslandi. Þessari till. var vísað til allshn. Allshn. sendi þessa till. til umsagnar þeim aðilum, sem mestra hagsmuna hafa að gæta í sambandi við umferðarmál og mesta þekkingu hafa á þeim málum. Í öllum þeim umsögnum, sem komu fram til n., var sterklega mælt með því, að þessi till. verði samþ.

Það er í rauninni óþarft að vera að endurtaka hér hin þýðingarmiklu rök fyrir því að taka upp hægri handar akstur hér á landi innan skamms. Þau rök koma bæði fram í grg. með till. og hafa eins komið fram í framsöguræðu með henni.

N. hefur að fengnum áðurgreindum umsögnum og athugunum á þessu máli samþ. að mæla með því, að þessi till. verði samþ.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég kvaddi mér hljóðs aðeins vegna þess, að ég skrifaði undir nál. með fyrirvara, og þennan fyrirvara gerði ég vegna þess, að þá hafði ekki borizt til n. umsögn um málið frá félagsskap sérleyfishafa, og ég taldi rétt að fresta því að taka afstöðu, þangað til sú umsögn hefði borizt. Nú hefur sú umsögn borizt og er jákvæð, og er þar með fallinn niður minn fyrirvari í þessu máli.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 31:1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 31:1 atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 687).

22. Þörf atvinnuveganna fyrir tæknimenntað fólk.

Á deildafundum 10. febr. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um áætlun um þörf atvinnuveganna fyrir tæknimenntað fólk [137. mál] (A. 245).

Á 40. fundi í Sþ., 12. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 49., 52., 54., 56. og 57. fundi í Sþ., 4., 11., 18. og 20. marz, 1. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 59. fundi í Sþ., 8. apríl, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. 3. þm. Vestf. og hv. 4. þm. Sunnl. að bera fram till. til þál., svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta gera nákvæma athugun á þörf atvinnuvega landsins fyrir tæknimenntað fólk og áætlun, þar sem m. a. komi fram þessi atriði:

1) Þörf atvinnuvega landsins fyrir raunvísindamenn, verkfræðinga, tæknifræðinga og iðnfræðinga á næstu 10 árum.

2) Áætlað framboð slíkra manna á sama tímabili.

3) Skrá um fjölgun slíkra sérfræðinga hér á landi á síðustu 10 árum og um það, hve margir tæknimenntaðir Íslendingar starfa erlendis.

4. Samanburður við svipaðar áætlanir, sem gerðar hafa verið í nágrannalöndunum.

Athugun þessari og áætlun skal lokið, áður en næsta reglulegt Alþingi kemur saman."

Þessi öld hefur verið kennd við tækni og vísindi og það með miklum rétti. Framfarir allar hafa orðið stórkostlegri á undanförnum árum en dæmi voru áður til, og hraði þessarar þróunar verður stöðugt meiri. Allar eiga þessar framfarir að meira eða minna leyti rætur sínar að rekja til nýrra uppgötvana og alls konar framfara á sviði tækni og vísinda. Þjóðirnar hafa gert sér grein fyrir þessu, og er nú alls staðar kostað kapps um að tryggja sem bezt grundvöll tæknilegra framfara, en þar má fyrst og fremst telja tækni- og raunvísindamenntun hvers konar, og er þá tekið tillit til þess í skólakerfinu allt frá barnaskólum og upp í æðri skóla.

Hér á landi er þróunin sú, eins og með öðrum þjóðum, að verkaskipting fer stöðugt vaxandi og þjóðin færist meira og meira í fang á hinu verklega sviði. Þörfin meðal Íslendinga fyrir tæknimenntað fólk er því mikil og fer vaxandi, og það er enn fremur mjög mikilvægt fyrir sjálfstæða þjóð að vera sjálfri sér nóg, einnig á þessu sviði. En eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja um þetta efni, mun vanta mikið á, að Íslendingar standi að þessu leyti jafnfætis öðrum þjóðum. Í grg. eru birtar allmargar tölur, sem benda á þetta, og get ég að mestu leyti látið nægja að vísa til grg. um það. Ég vil þó aðeins geta þess, að eftir því sem við flm. till. höfum getað aflað okkur upplýsinga um, hefur starfandi verkfræðingum hér á landi aðeins fjölgað um 15 á tímabilinu frá 1959—1962, en það er um 5.8% aukning á 3 ára tímabili eða minna en 2% á ári, og það er því jafnframt tæplega eins mikil aukning og fólksfjölguninni í landinu nemur á sama tímabili. Við flm. höfum einnig aflað okkur upplýsinga um það, að hér á landi munu nú aðeins vera starfandi um það bil 100 tæknifræðingar og varla fleiri en 20 iðnfræðingar eða sem svarar til eins á móti hverjum þremur verkfræðingum. En með öðrum þjóðum, sem lengra eru á veg komnar að þessu leyti, er talið, að það sé eðlilegt hlutfall, að það séu tveir eða þrír tækni- og iðnfræðingar á móti hverjum verkfræðingi. Ef litið er til Norðurlandanna að þessu leyti og athugaðar þær skýrslur, sem gerðar hafa verið þar og að þessu lúta, þá er augljóst, að þau ríki eru mun lengra á veg komin í þessu efni heldur en við Íslendingar, og er þó þess að geta, að í Bandaríkjunum og meðal hinna stærstu þjóða er þó lagt enn þá meira kapp á þessi vísindi heldur en meðal hinna smærri þjóða. Allt þetta bendir til þess, að ástæða sé til að ætla, að framboð tæknimenntaðra manna hér á landi hafi ekki aukizt á síðustu árum eins mikið og eðlilegt og nauðsynlegt verður að telja.

Hér er lagt til, að gerð sé athugun á þessu máli og áætlun um fjölda þeirra manna, sem þessarar menntunar afla sér, og lagt er til, að athugun þessari sé flýtt og það leitt í ljós örugglega sem fyrst, hvaða breytinga er þörf, því að nauðsynleg lagfæring á þessum sviðum tekur mjög langan tíma vegna margra ára undirbúningsmenntunar og þjálfunar tæknifróðra manna.

Ég tel ekki ástæðu til að fylgja þessari till. úr hlaði með lengra máli, en legg til, að umr. verði frestað og till. vísað til hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 60. fundi í Sþ., 9. apríl, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 37 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 73., 74. og 75. fundi í Sþ., 6., 8. og 9. maí, var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 78. fundi í Sþ., 13. maí, var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 245, n. 569).

Frsm. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Till. um áætlun um þörf atvinnuveganna fyrir tæknimenntað fólk hefur verið til athugunar hjá allshn., og mælir n. einróma með því, að till. verði samþ.

Nefndin sendi þessa till. til umsagnar nokkurra aðila, og bárust svör frá þeim flestum. Þau eru öll á þann veg, að mjög er mælt með því, að till. verði samþ. Ég vil leyfa mér aðeins að vitna til umsagnar rannsóknaráðs ríkisins, en þar segir, með leyfi forseta:

„Rannsóknaráð ríkisins er þeirrar skoðunar, að hér sé hreyft mjög þýðingarmiklu máli. Það er viðurkennt, að framþróun öll og hagvöxtur er í vaxandi mæli háð tækni og vísindum, en það er frumskilyrði þess, að slík þekking nýtist í atvinnuvegum landsmanna, að nægilegt framboð sé af tæknimenntuðum mönnum. Því miður verður að ætla, að þessu sé mjög ábótavant hér á landi, sérstaklega að tæknifræðingar og iðnfræðingar séu allt of fáir. Í þessu sambandi má vekja athygli á því, að Efnahags- og framfarastofnun Evrópu lét nýlega fara fram ýtarlega könnun á framboði og þörf meðlimaríkjanna fyrir tæknimenntað fólk næstu 15 árin og birti niðurstöður í mjög athyglisverðri bók. Ísland er eitt þriggja meðlimaríkja, sem tóku ekki þátt í þessari athugun. Úr því þyrfti að bæta."

Og síðan segir, að í sambandi við slíka könnun mætti einnig athuga, á hvaða sviðum atvinnulífsins þörfin er mest, því að ætla má, að þetta sé allbreytilegt. Slíkar upplýsingar gætu þá orðið til leiðbeiningar því æskufólki, sem hyggst ganga tæknibrautina, sem og grundvöllur að endurskoðun kennslukerfisins.

Svar Verkfræðingafélags Íslands gengur mjög í sömu stefnu. Þeir segja, að því máli, sem hér er hreyft, hafi ekki verið nægur gaumur gefinn á undanförnum árum og sé því þannig komið, að við Íslendingar séum langt aftur úr öðrum menningarþjóðum um fjölda tæknimenntaðs fólks. Úr þessu ástandi verður ekki bætt, segir Verkfræðingafélagið, nema með miklu og mark-

vissu starfi á næstu áratugum. Þá er von til þess, að Íslendingar komist undir næstu aldamót jafnfætis nágrannaþjóðunum með fjölda tæknimenntaðs fólks.

Með því að allar þær umsagnir og raddir, sem fram hafa komið, eru mjög þess fýsandi, að till. verði samþ. og athugun sú, sem hún gerir ráð fyrir, nái fram að ganga, sé ég ekki ástæðu til að hafa þessa framsögu lengri, en ítreka það, að allshn. leggur til einróma, að till. verði samþ.

ATKVGR.
Brtt. 569 samþ. með 37 shlj. atkv.
Tillgr., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 36 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 688).

23. Fóðuriðnaðarverksmiðjur á Norðurlandi.

Á 40. fundi í Sþ., 12. febr., var útbýtt:
Till. til þál. um, að gerð verði áætlun um stofnkostnað og rekstur fóðuriðnaðarverksmiðju á Norðausturlandi [163. mál] (A. 299).

Á 46. fundi í Sþ., 26. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 49., 52., 54., 56. og 57. fundi í Sþ., 4., 11., 18. og 20. marz, 1. apríl, var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 59. fundi í Sþ., 8. apríl, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Við höfum allir þm. Norðurl. e. og hv. 8. landsk. þm., sjö í hópi, leyft okkur að leggja fram till. til þál. á þskj. 299 um, að Alþingi feli hæstv. ríkisstj. að láta sérfróða menn athuga skilyrði til að koma upp á Norðurlandi eystra heyköggla- og/eða heymjölsverksmiðju, gera áætlanir um stofnkostnað og rekstrarkostnað slíkrar verksmiðju og þá auðvitað um leið áætlun um, hvernig hún mundi bera sig.

Menn tala um þessar mundir mikið um iðnað, og það er að vonum. Hann er atvinnuvegur, sem getur án efa tekið miklum vexti með þjóðinni, samhliða því sem þjóðinni fjölgar. Ekki er hægt að segja hið sama um sjávarútveginn, því miður. Fiskstofnarnir þola ekki ótakmarkaða veiði í framtíðinni. Nýjasta kenningin er, að fiskstofnarnir þoli ekki nema 20% aukningu á veiði.

Landbúnaðurinn getur aftur á móti lengi vaxið, eins og augljóst er af því, að ekki eru nema 3% af ræktanlegum svæðum landsins enn komin í rækt, að því er fróðir menn segja.

Iðnaðinn þarf að efla, m. a. til þjónustu við báða hina gömlu atvinnuvegi, landbúnaðinn og sjávarútveginn, undirbyggja þá atvinnuvegi með iðnaði og margfalda afurðaverðmæti þeirra með hjálp hans og kunnáttu við tilreiðingu afurðanna. Iðnaðurinn er þúsund þjala smiðurinn í atvinnulífi þjóðarinnar og meistari tilreiðslunnar.

Eitt af því, sem gera þarf vegna landbúnaðarins, er að tryggja það, að aldrei skorti búfénaðinn fóður. Land okkar er svo misærasamt, að í þessu efni þarf að hafa mikla og sívökula fyrirhyggju. Hvernig sem árar, verður að vera til í landinu nógur fóðurforði og helzt af innlendum fóðurefnum. Ef það á að takast, verður að koma upp fóðuriðnaði í nægilega stórum stíl. Grasrækt verður auðvitað að vera aðalundirstaða þess iðnaðar, kornrækt kemur einnig til greina í og með, en grasræktin er miklu auðveldari og árvissari og heyskapur hlýtur því alltaf að verða aðalhráefnisöflunaraðferðin fyrir fóðuriðnaðinn.

Þessi fóðuriðnaður er þegar hafinn, eins og öllum er kunnugt, en áreiðanlega má betur, ef duga skal.

Fyrir fáum árum tók til starfa grasmjölsverksmiðja á Hvolsvelli á vegum Sambands ísl. samvinnufélaga. Grasmjölsverksmiðja er rekin á Kjalarnesi sem einkafyrirtæki, að ég hygg. S. l. haust var fullgerð og sett af stað í Gunnarsholti heykögglaverksmiðja, sem ríkið á. Þetta er gott og blessað, það sem það nær. Allar eru þessar verksmiðjur sunnanlands. Þær eru í þeim landsfjórðungi, sem venjulega er minnst vetrarríki í. Mest vetrarríki mun að jafnaði vera á Norðurlandi og einkum þó Norðausturlandi. Aldrei má heldur gleyma því, að fyrir norðan lagðist oft fyrrum hafís að landi og lokaði flutningaleiðum á hafnir þar langtímum saman. Enginn veit, hvenær hafísár kunna að skella yfir aftur. Öllum má ljóst vera, að hvergi er brýnna en í þeim landshluta að koma upp fóðuriðnaði og fóðurbirgðastöð til öryggis. Af þeirri ástæðu er þessi till. til þál. flutt og miðuð við þann landshluta. Hún er samt ekki fyrirmæli um, að ríkið stofnsetji nú þegar fóðurverksmiðju nyrðra, heldur um, að sérfróðir menn séu látnir athuga skilyrði þar fyrir slíka verksmiðju, gera áætlanir um stofnkostnað hennar og rekstrarkostnað og athuga, hvar heppilegast muni að staðsetja slíka verksmiðju. Reynsla af verksmiðjum þeim, sem búið er að setja upp, getur sennilega gefið einhverjar bendingar í þessum efnum. Enn fremur hlýtur að vera hægt að fá upplýsingar, sem skipta máli, erlendis frá, þar sem fóðurverksmiðjur eru reknar. Sjálfsagt er að flana ekki að neinu í þessum efnum, en athuga málið vel. En málið er svo mikilsvert, að athuganir þær, sem till. gerir ráð fyrir, má ekki draga. Um það ættu allir að geta verið sammála. Enginn vafi er á því, að staðsetning slíkrar verksmiðju skiptir miklu máli með tilliti til skilyrða á staðnum, svo sem skilyrða til hráefnisöflunar, hráefnisgæða o. fl. Staðarval hlýtur því að vera mikilsverður liður til athugunar, um leið og áætlanir um stofnun og rekstur eru gerðar.

Eins og fskj. þau, sem prentuð eru með till., bera með sér, hafa bæjarráð Húsavíkur, hreppsnefnd Reykjahrepps og sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu samþykkt yfirlýsingar, sem bera með sér, að þessir aðilar líta svo á, að Reykja-

hverfi í Suður-Þingeyjarsýslu sé heppilegur staður fyrir umrædda starfsemi. Frá mínu leikmannssjónarmiði í þessum efnum er Reykjahverfið tilvalinn staður fyrir fóðurverksmiðju. Þar eru ræktunarskilyrði ágæt. Landnám ríkisins á þar 500—600 ha. af góðu, ræktanlegu landi, sem það gæti vel staðið af til fyrirtækisins, og auðvelt mundi vera að fá miklu meira af sams konar landi í samfellu við ríkislandseignina. Auðvelt er að fá þangað frá Húsavík sjófang til vinnslu og fóðurblöndunar, en það hlýtur að hafa nokkra þýðingu. Hverahiti er þarna mikill. Milli 80 og 100 sekúndulítrar af sjóðandi vatni koma úr jörðu skammt frá landinu, sem um er að ræða, og hitann hlýtur að mega nota í þessu sambandi, t. d. við þurrkun hráefnis, eða svo hefur að minnsta kosti stundum sagt verið af þeim, sem um þessi mál hafa rætt og ritað.

Þá er ekki ólíklegt, að í verksmiðju fóðuriðnaðar megi einnig vinna vörur til manneldis, og það hafa fræðimenn sagt mér, og má því vel hugsa sér, að við jarðhitann í Reykjahverfi mætti framleiða manneldishráefni handa verksmiðju, sem þarna væri reist, og hefði hún þá meira verkefni en ella mundi vera og tvíþætt verkefni.

Ekki virðist fjarstæða að láta sér koma í hug, að framleiðsla frá fóðuriðnaðarverksmiðju gæti orðið útflutningsvara. Þar á ég ekki sérstaklega við manneldisvörur, heldur skepnufóður, grasmjöl, graskex og heyköggla. Hráefnið hérlendis í fóðurframleiðslu er afar gott og betra en gerist og gengur erlendis. Frá því var sagt í vetur í dagblöðum, að þýzkur vísindamaður hafi tekið hér sýnishorn af heyi og grasmjöli, hafi sýnishornin verið rannsökuð í Þýzkalandi og í ljós komið, að vísindamenn þar séu mjög undrandi yfir gæðum heysins og grasmjölsins héðan, sem stafi af þeirri jöfnu birtu, sem grasið nýtur í náttleysu landsins á sprettutímanum, enda hennar vegna grænna en gerist í flestum öðrum löndum. Jafnvel er talið, að grasið sé grænna og um leið kostameira norðanlands en sunnan, vegna þess að miðnæturskugga gætir þar fyrir norðan minna en sunnan fjalla á sprettutíma gróðursins. Mælir þetta ásamt öðru með því, að sett verði upp fóðuriðnaðarverksmiðja á norðanverðu landinu. Það mætti vel hugsa sér, að ef til útflutnings á slíkri vöru kæmi, og að útflutningi á auðvitað að stefna, þá yrði að utan sótzt eftir Norðurlandsgrasmjöli, eins og nú er sótzt eftir Norðurlandssíld fremur en annarri síld. Þess er rétt að geta um leið, að Reykjahverfi liggur vel við samgöngum, og hinn nú nýlega fyrirhugaði kísilgúrvegur mundi liggja rétt þar um, sem eðlilegast væri að reisa verksmiðjuna.

Ég þykist nú hafa fært gild rök að því, að full ástæða sé til að láta fram fara þá athugun, sem till. fer fram á að gerð verði. Búnaðarþing það, sem kom saman í vetur, tók till. til umr. og samþykkti einróma að mæla með henni. Ég leyfi mér að vænta þess, að hv. alþm. fallist á till. Ég geri þó ráð fyrir, að þingheimur vilji fylgja þeirri venju að láta þingnefnd athuga hana, áður en hún er tekin til fullnaðarafgreiðslu, og legg til, herra forseti, að umr. verði frestað og till. vísað til hv. fjvn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 60. fundi í Sþ., 9. apríl, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 36 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 73., 74. og 75. fundi í Sþ., 6., 8. og 9. maí, var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 78. fundi í Sþ., 13. maí, var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 299, n. 553, 445).

Frsm. (Jónas G. Rafnar): Herra forseti. Eins og fram kemur á þskj. 553, leitaði fjvn. umsagnar Búnaðarfélags Íslands, atvinnudeildar háskólans og landnámsstjóra um till. Allir þessir aðilar sendu svör, og kemur fram í þeim áhugi á heymjöls- og heykögglavinnslu hér á landi. Skilyrði eru talin góð, þar sem auðvelt er um heyöflun, en fjárhagsgrundvöllur enn óviss, ef hafizt yrði handa um framleiðslu í stórum stíl. Heymjölsverksmiðjur eru nú reknar á Hvolsvelli, í Brautarholti á Kjalarnesi og í Gunnarsholti, sem stofnsett var á s. l. ári. Allar eru þessar verksmiðjur staðsettar á Suðurlandi. Fjvn. telur rétt, að gerð verði áætlun um stofnkostnað og rekstur fóðuriðnaðarverksmiðju á Norðvestur- og Norðausturlandi, og mælir því með því, að þáltill. á þskj. 299 verði samþ. ásamt brtt. á þskj. 445 frá hv. 1. þm. Norðurl. v. o. fl.

ATKVGR.

Brtt. 445,1 samþ. með 37 shlj. atkv.

Tillgr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv.

Brtt. 445,2 samþ. án atkvgr.

Fyrirsögn, svo breytt, samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 689), með fyrirsögninni:

Þál. um, að gerð verði áætlun um stofnkostnað og rekstur fóðuriðnaðarverksmiðja á Norðurlandi.

24. Þyrla í þjónustu landhelgisgæzlunnar.

Á deildafundum 20. febr. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um þyrilvængjur í þjónustu landhelgisgæzlunnar, samgöngubóta og sjúkraflugs á Vestfjörðum og Austfjörðum [164. mál] (A. 300).

Á 45. fundi í Sþ., 26. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 49., 54., 56. og 57. fundi í Sþ., 4., 18. og 20. marz, 1. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 59. fundi í Sþ., 8. apríl, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Einum þrisvar sinnum hef ég flutt till. nokkurn veginn samhljóða þessari, en að þessu sinni er flm. hennar ásamt mér hv. 1. þm. Vestf. Till. er þess efnis, að Alþingi álykti að fela ríkisstj. að festa kaup á tveimur þyrilvængjum eða helikopterflugvélum til aðstoðar við íslenzku landhelgisgæzluna. Annarri þessara flugvéla skuli að jafnaði vera ætlaður staður á Vestfjörðum og annist hún þar farþegaflug, póstflutninga og sjúkraflug, að svo miklu leyti sem þessi störf gætu samrýmzt starfi hennar í þjónustu landhelgisgæzlunnar, en tekið er fram í till., að þjónustan við landhelgisgæzluna skuli vera aðalhlutverkið og sitja fyrir annarri þjónustu. Í till. er svo að lokum lagt til, að hin þyrilvængjan verði staðsett á Austfjörðum og skuli hún annast sams konar þjónustu á Austurlandi auk höfuðhlutverks síns í þjónustu landhelgisgæzlunnar.

Það er lögð áherzla á það í þessari till., að þyrilvængjur verði keyptar til landsins fyrst og fremst til þess að veita þjónustu við gæzlu landhelginnar. Danir og margar aðrar þjóðir hafa fyrir mörgum árum tekið þessi samgöngutæki í þjónustu landhelgisgæzlu hjá sér, og munu meira að segja Danir nú hafa þyrilvængju til aðstoðar við landhelgisgæzluna við Færeyjar, og er mér kunnugt um, að Danir keyptu fyrir 2 árum tvær jet-helikopterflugvélar — eða við gætum kallað það þotuþyrlur — til aðstoðar við sína landhelgisgæzlu. Mér er ekki kunnugt um annað en reynsla af þessu hafi gefizt vel, bæði hjá Dönum og öðrum þjóðum, sem hafa gert tilraunir með þetta eða tekið þennan hátt upp.

Það er líka svo að sjá, að þeir, sem undirbjuggu byggingu varðskipsins Óðins, okkar fullkomnasta varðskips, hafi haft hliðsjón af þessu, því að varðskipið Óðinn var þegar frá upphafi búið út með lendingarpalli fyrir þyrilvængjur, þó að aldrei hafi af því orðið, að landhelgisgæzlan keypti þyrilvængju. Svo er að sjá, sem þessi hugsun sé þó vakandi hjá forráðamönnum landhelgisgæzlunnar íslenzku, því að á s. l. vetri var varðskipið Óðinn sent til Danmerkur, til þess að lendingarpallur þyrilvængna væri stækkaður og skipið þannig betur útbúið til þess, að þessi tæki gætu haft lendingarstað á þilfari skipsins. Ég tók að vísu eftir því, þegar frétt kom einn daginn í öllum blöðum Reykjavíkurborgar um það, að Óðinn væri kominn aftur með stækkaðan lendingarpall fyrir þyrilvængjur, þá var sagt, að þessi breyting á varðskipinu íslenzka hefði verið gerð til þess, að stórar og þungar þyrilvængjur á Keflavíkurflugvelli, sem þar væru staðsettar, í eign herliðsins, gætu lent á hinu íslenzka varðskipi. Þótti mér það dálítið óviðkunnanlegt, ég skal játa það, að verið væri að breyta íslenzku varðskipi, til þess að þyrilvængjur í eign hersins gætu notað þetta okkar varðgæzluskip. En ég held nú, að megintilgangurinn með stækkun lendingarpallsins á þilfari Óðins hljóti að vera sá, að menn hafi í huga, að íslenzkar þyrilvængjur noti þennan pall til lendingar í þjónustu íslenzku landhelgisgæzlunnar, og að þessi samhljóða fréttatilkynning í öllum reykvískum blöðum hafi þess vegna skekkzt eitthvað í meðförum. Ég trúi því ekki, að það sé verið að breyta okkar íslenzku varðskipum til þess bara, að þyrilvængjur hersins geti haft skipið sem lendingarstað.

En ég vil ekki halla á herliðið í sambandi við það, að það hefur hér haft um mörg ár þyrilvængjur, og Reykvíkingar og sjálfsagt allir þm. hafa séð forkunnarfögur farartæki, þyrilvængjur frá hernum, fljúga hér yfir Reykjavíkurborg, og stundum hafa þessi tæki verið kölluð til hjálpar fyrir Íslendinga, þegar við höfum ekki haft nein önnur úrræði, til þess að hjálpa fársjúku fólki hingað og þangað á landinu, heldur en að fá þyrilvængjur hjá hernum til þess að sækja þetta fólk. Það er þakkarvert, ég segi það, játa það fyllilega, að það er þakkarvert, að herinn hefur þarna brugðizt vel við og veitt okkur þá aðstoð, sem einungis var hægt að veita með þessum tækjum. En það tek ég fram, að það er mín skoðun, að það sé alls ekki vansalaust af íslenzka ríkinu að vera búið að þreifa á því árum saman, að við margsinnis á hverju ári verðum að leita til hersins til þess að biðja hann um aðstoð í neyðartilfellum, af því að við eignumst ekki slík tæki, sem sýna sig þó vera svo nauðsynleg, að við getum ekki án þeirra verið í mörgum tilfellum. Það er ekki af því, að við höfum ekki efni á því að eignast slík tæki. Ég aflaði mér upplýsinga um það á liðnu ári, að 11 manna þyrilvængja, þ. e. a. s. nokkuð stór þyrilvængja, kostaði ekki nema mjög svipað og 100 tonna fiskibátur. Og það hefur verið talið meðfærilegt fyrir íslenzka einstaklinga að eignast fiskibát, að vísu með aðstoð frá ríkinu. E. t. v. kæmi hér til greina, að einstaklingar væru aðstoðaðir við að eignast 1—2 þyrilvængjur, til þess að íslenzkir aðilar ættu þetta nauðsynlega tæki.

Mér er sagt, að ef svo hefði borið við, að það hefði verið óhagstætt veður, þegar pólski togarinn, sem strandaði hér fyrir Suðurlandi fyrir skömmu og miklar tilraunir hafa verið gerðar til þess að ná út og seinast endaði með því, að hann sökk, þegar honum hafði verið náð út, — að það hefði verið mjög undir hælinn lagt, að nokkur maður bjargaðist af því skipi, ef það hefði verið eitthvað að veðri. En jafnframt var það tekið fram, að ef þyrilvængja hefði verið hér til og getað komið fljótlega á strandstað, hefði, hvernig sem hefði viðrað, verið hægt að ná skipshöfninni og bjarga henni til lands, enda er það kunnugt, að þyrilvængjurnar eru erlendis oft og tíðum það einasta tæki, sem hefur aðstöðu til að bjarga, þegar slys ber að höndum og öðrum tækjum verður ekki við komið. Í þeim tilfellum eru þyrilvængjurnar sem í mörgum öðrum undratæki.

Það er auðskilið mál, að tæki sem þessi yrðu að hafa bækistöð í landi, og í till. er lagt til, að þeirra föstu bækistöðvar verði á Austfjörðum og Vestfjörðum. Þetta er eingöngu með tilliti til þess, að þessir landshlutar eru verst settir í samgöngumálum og þurfa þannig öðrum fremur á að halda tækjum, sem gætu bætt úr hinum erfiðu samgönguskilyrðum, sem þar ríkja. Helikopterflugvélar, sem væru staðsettar í námunda við Ísafjarðarflugvöll á Vestfjörðum og við Egilsstaðaflugvöll á Austfjörðum, gætu tvímælalaust að minni hyggju innt af hendi

ákaflega þýðingarmikla þjónustu fyrir fólkið í þessum landshlutum, bæði að því er snertir póstflutninga og þá ekki síst að því er snertir sjúkraflug. En til þeirra hluta eru þyrilvængjurnar tilvaldar. Það væri með þyrilvængju á Vestfjörðum alveg vandalaust að koma pósti til allra íbúa Vestfjarða daglega eða annan hvern dag, ef menn vildu leggja í minni kostnað þess vegna, svo að fólkið í þessum landshluta að því leyti nyti sömu aðstöðu og fólkið hér í Reykjavík og nágrenni hennar, og teldi ég, að slík þjónusta út af fyrir sig mundi verða mjög mikils metin í dreifbýlinu og fásinninu. Og sama gildir um Austfirði, ef þyrilvængjan tæki póstflutningana og færi yfir Austfjarðasvæðið frá Egilsstaðaflugvelli, þegar flugvél frá Reykjavík væri komin þangað með póst í landsfjórðunginn. En að öðrum kosti, meðan þessi tæki eru ekki fyrir hendi, er það oft svo, að þetta fólk bíður vikuna, hálfan mánuðinn, jafnvel allt upp í mánuðinn eftir því að fá póst. Ég nefni t. d. vitaverðina, sem búa á mjög einangruðum stöðum. Ekki væri það lítils vert fyrir þá, að þyrilvængjur væru í þjónustu landhelgisgæzlunnar eða einhvers íslenzks aðila, sem ryfu einangrun þessara staða og jafnvel hlypu í skarðið að flytja vörur og nauðsynjar til vitanna, þegar vitaskip verður t. d., eins og oft er, að bíða hálfan mánuð til þrjár vikur eftir hagstæðu veðri til þess að komast að vita með þann varning, sem þangað á að flytja, og undir slíkum kringumstæðum væri það a. m. k. miklu ódýrara fyrir ríkið að láta þyrilvængju annast þennan flutning millilíðalaust heldur en láta skip bíða eftir því vikum saman. Þyrilvængja gæti alveg tvímælalaust komið að gagni, að því er snertir þjónustu fyrir vitana. Það var nú fyrir skömmu, sem það vitnaðist, að talstöð vitans á Hornbjargi hefði verið biluð í þrjár vikur, og þaðan var ekki hægt að fá nauðsynlega vitneskju í þjónustu vísinda, sem beðið var eftir þær þrjár vikur, af því að ekki var hægt að komast á staðinn á sjó, en þar hefði verið auðvelt samdægurs að senda þyrilvængju og fá þá vitneskju, sem þá var beðið eftir af vísindamönnum, og enn fremur að fá gert við þetta nauðsynlega tæki.

Ég held, að það sé raunar óþarft af mér að halda langa ræðu til þess að kynna þyrilvængjur. Ég vil aðeins segja frá því til gamans, að ég hef ferðazt með þyrilvængju á meginlandi Evrópu milli tveggja stórborga álfunnar og ég hef aldrei notið ferðalags með sama hætti og þá, flogið lágt yfir landið. Maður kynntist öllum blæbrigðum lands og öllum megineinkennum byggðar, sá meira að segja fólkið við sín störf, það var eins og maður — með örskotshraða að vísu — væri að fara fótgangandi um landið. En það sagði sá mikli ferðamaður, Tómas Sæmundsson, sem ferðaðist um mikinn hluta Evrópu fótgangandi, að í raun og veru, þó að það væri indælt að ferðast með járnbrautum og öðrum farartækjum, þá kynntist maður þó aldrei landinu nema með því að þramma yfir það fótgangandi. En ég er alveg viss um það, að næst því að ferðast fótgangandi um landið kynnist maður því bezt með því að fljúga yfir það í þyrilvængju.

Við leggjum til, flm., að keyptar verði tvær þyrilvængjur og þær þá sérstaklega látnar þjóna landhelgisgæzlunni og fólkinu á Austfjörðum og Vestfjörðum. Ég játa, að það væri brýn nauðsyn, að þriðja þyrilvængjan væri staðsett hér suðvestanlands, því að hér mundu bíða slíks farartækis margvísleg nauðsynleg verkefni. En hitt væri þó góð byrjun, og jafnvel teldi ég, að þó að aðeins væri keypt ein, væri það góðra gjalda vert, því að þar kæmumst við þó af því bónbjargastigi í þessum efnum, sem við enn þá erum á.

Ég veit ekki, hvort aðrir hv. þm. eru sammála mér í því, en ég tel, að það mætti hafa mjög margvísleg og þýðingarmikil not af þessum farartækjum. Menn tala um, að það sé ekki langt undan, að Reykjavíkurflugvöllur verði lagður niður og Keflavíkurflugvöllur látinn taka upp þá þjónustu, sem Reykjavíkurflugvöllur hefur veitt og veitir, og sé ég ekki nein stórkostleg vandkvæði á því, að því er snertir utanlandsflugið. En ég er hræddur um, að fólki, sem er að ferðast hér innanlands með flugvélum, þætti það nokkuð tímafrekt og fyrirhafnarsamt að þurfa að bregða sér suður á Keflavíkurflugvöll, áður en flugferðin hæfist til þess staðar eða landshluta, sem það ætlaði að fljúga til, þegar það kostaði a. m. k. hálftíma til þriggja kortera bílferð, jafnvel eftir að hinn ágæti vegur milli Reykjavíkur og Keflavíkur er kominn. En þennan vanda væri auðvelt að leysa með þyrilvængju. Ef Keflavíkurflugvöllur væri orðinn aðalflugvöllur landsins, bæði fyrir innanlandsflug og utanlandsflug, og það er sjálfsagt hundraða millj. kr. spursmál að þurfa ekki að byggja annan flugvöll hér í nágrenni höfuðborgarinnar í stað Reykjavíkurflugvallar, þá held ég, að sá vandi væri þannig leystur á beztan hátt. Það tæki tiltölulega skamman tíma með þessum hætti að komast til Keflavíkurflugvallar og væri ekki annað en lystireisa, þangað til aðalflugið byrjaði. Það hafa líka verið umræður um það, að við ættum að taka tillit til þeirrar sögulegu hefðar, að Alþingi var stofnað fyrir meira en 1000 árum á Þingvöllum, og ég fyrir mitt leyti teldi það æskilegt, að Alþingi væri staðsett þar fremur en hér í Reykjavík, að vísu 50 km í burtu frá höfuðborginni. Það væri vafalaust ekki talið ógerlegt erlendis, ef góður vegur væri kominn milli Reykjavíkur og Þingvalla, að menn ferðuðust milli þessara staða, jafnvel í bifreiðum. En það væri tvímælalaust ekki nein óyfirstíganleg hindrun, þessi vegalengd milli Reykjavíkur og Þingvalla, með tilliti til þess, að Alþingi væri háð þar, ef þyrilvængjur væru teknar til þess að leysa þetta samgönguvandamál, sem af því leiddi. Og það að hafa Alþingi á Þingvöllum hefði tvímælalaust þann kost, að embættismenn í Reykjavík litu ekki á það sem aukastarf sitt að sitja á Alþingi, heldur væru þar fyrst og fremst sem þm. og færu ekki til Reykjavíkur, nema þegar þeir ættu þangað erindi í sambandi við þingmennskuna og sín skyldustörf þar.

Ég er þeirrar skoðunar, að við ættum, þegar fólk almennt fer að taka sín sumarfrí, eins og væntanlega er ekki langt undan og margir gera þegar, eins og sjálfsagt er og lög ætlast til, þá ættum við að eiga hótel, fyrst og fremst fyrir fólkið, sem væri að hvílast og þá jafnframt að

njóta náttúru Íslands, — við ættum að hafa slík hótel uppi í hálendi Íslands og gefa þannig miklu fleira fólki kost á því að kynnast fegurðartöfrum íslenzka hálendisins og heiðríkjunni þar heldur en enn þá er orðið, því að þeir eru tiltölulega fáir, Íslendingar, sem eru gagnkunnugir hálendi Íslands og hafa notið þess, sem þar er að njóta. En ef slík hótel væru komin, væri tvímælalaust lausnin sú að flytja fólkið á milli í þyrilvængjum. Þar þyrfti enga flugvelli að byggja, ef til þessa tækis væri gripið, og það væri ekkert lítið menningaratriði að beina fólki, sem vill ferðast, fremur að náttúrufegurð Íslands og hvetja fólk til þess að kynnast henni og gera því það mögulegt, heldur en það spani um fjarlæg lönd og álfur á sínum fríðögum og hvíldartíma. Og það efa ég ekki, að ef Ísland á framtíð sem ferðamannaland, hefði það gífurlega þýðingu, ef stærstu hótelin í Reykjavík hefðu þyrilvængju fyrir dyrum úti og tækju þar við a. m. k. þeim auðmönnum, sem hér horfa ekkert í að eyða miklu fé, en vilja komast á staðinn til að sjá Heklu og sjá Geysi og vilja jafnvel líka fá að kynnast almennt náttúrufegurð Íslands, ósnortinni náttúrufegurð Íslands. Þeim mundi þykja það aðgengilegra að geta setzt í helikopter við hóteldyrnar og setzt svo á gígbarminn á Heklufjalli heldur en að þurfa að hristast eftir rykugum, lélegum íslenzkum vegum hátt upp í dag til þess að komast fram og aftur. Ég held, að túrisminn og þeir menn, sem vilja efla hann á Íslandi, ættu ekki að tefja lengi með það, hvað sem líður íslenzka ríkinu í þessum efnum og landhelgisgæzlunni, að útvega sér þyrilvængjur til þess að geta einmitt greitt fyrir því, sem útlendingar sækjast mest eftir hér á landi, þ. e. að kynnast náttúruundrum Íslands, ekki aðeins Heklu, heldur einnig jöklum landsins, sem eru furðuheimur fyrir útlendinginn.

Ég skal nú láta staðar numið. Ég hef drepið á margt, sem ég tel að þyrilvængjan leysi, hef kannske oftrú á þessu farartæki, en ég tel undir öllum kringumstæðum okkur til vansa að geta ekki átt þessi tæki til þess að vera sjálfum okkur nógir, þegar nauðsyn krefur, a. m. k. þegar slys ber að höndum, og til þess að veita almenna þjónustu, bæði á landi og sjó, við landhelgisgæzluna, við póstflutninga, við sjúkraflug og til fyrirgreiðslu í okkar almenna samgöngukerfi, sem því miður er enn þá að ýmsu leyti götótt og þarf umbóta við, til þess að almenningur njóti nokkurn veginn sömu aðstöðu.

Ég vil svo, herra forseti, leggja til, að umr. verði frestað, — það er ákveðin ein umr. um till., umr. verður auðvitað frestað, — og að till. verði þá vísað til hv. fjvn.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég tel nú raunar, að það hefðu átt að vera tvær umr. um þessa till., vegna þess að hér er um að ræða ákvörðun um útgjöld úr ríkissjóði, bæði varðandi kaup á þeim farartækjum, sem hér er um að ræða, og svo rekstur. Það er ljóst, að kostnaður við þessar ráðstafanir hlýtur að verða allverulegur, vafalaust skipta tugum millj. þegar í upphafi, auk þess sem gera verður sér grein fyrir óhjákvæmilegum rekstrarkostnaði.

Ástæðan til þess, að ekki hefur verið ráðizt í kaup á þyrilvængju hingað til, er einfaldlega sú, að ekki hefur verið fjárveiting fyrir hendi í því skyni. Það má segja, að það hefði verið hægt að leita eftir henni af hálfu ríkisstj. En hvorki ríkisstj. né Alþingi hefur talið ástæðu til þess að verja sérstöku fé í þessu skyni enn, ekki vegna þess, að menn viðurkenni ekki, að oft getur komið sér vel að hafa slík farartæki, heldur vegna þess, hversu margar þarfir kalla stöðugt að. Menn verða að gera sér grein fyrir, þegar á annan bóginn er býsnazt yfir miklum ríkisútgjöldum, en hins vegar þess krafizt, að ráðizt sé í nýjar framkvæmdir eða aðgerðir, sem út af fyrir sig horfa til góðs, að það er vissulega að því komið og hefði fyrr mátt verða, að menn gerðu sér grein fyrir, að hér verður að meta og ekki er hægt að ná öllu samtímis. Þess vegna verða ýmsar framkvæmdir, sem hafnar eru, seinfærari og dragast lengur á langinn en skyldi, vegna þess að svo margar þarfir kalla að samtímis, sem reynt er að fullnægja með því að verja til þess út af fyrir sig ófullnægjandi fjárupphæðum. Þetta þekkjum við allir. En ástæðan fyrir því, að menn hafa ekki enn fengið þyrilvængju, keypt hana, er þetta, að talið hefur verið, að þörf væri enn brýnni til annarra ráðstafana.

Ég vil sérstaklega vekja athygli á því, að ummæli hv. þm. um það, að rangt hefði verið eða óviðeigandi að stækka eða styrkja þilfar á Óðni, ef það hefði ekki verið gert vegna þess, að kaupa ætti íslenzka þyrilvængju, finnst mér ekki fá staðizt. Á meðan íslenzkir aðilar afla sér ekki þessara tækja sjálfir, væri það með öllu óverjandi af landhelgisgæzlunni að gera þó ekki ráðstafanir til þess, að þær þyrilvængjur, sem eru í landinu, yrðu hagnýttar á þann veg, sem stundum kann að vera brýn nauðsyn á. Áður fyrr var þilfar á Óðni nægilega sterkt fyrir þær þyrilvængjur, sem hér voru staðsettar hjá varnarliðinu. Og ég tel, að forustumenn landhelgisgæzlunnar hefðu með réttu sætt miklu ámæli, ef það hefði komið í ljós, að ekki hefði verið hægt að lenda á þilfari Óðins, ef bjarga hefði þurft frá slysi og þyrilvængja hefði þar getað komið að gagni, staðsett í landinu, jafnvel þótt hjá varnarliðinu væri, — þá hefði ekki verið hægt að gera nauðsynlegar framkvæmdir til björgunar, vegna þess að íslenzka varðskipið, sem hafði þó þilfar ætlað til þess að taka við þyrilvængju, hafði ekki gætt þess, að nú eru komnar sterkari þyrilvængjur en áður. Á þetta verður að líta eins og málin raunverulega standa. Enn hefur Alþingi ekki veitt fé til kaupa eða rekstrar á þyrilvængjum. Það eru hins vegar til þyrilvængjur í landinu, sem, eins og hv. flm. sagði, hafa oft, að því er ég hygg, orðið til þess að bjarga frá neyð eða a. m. k. lagt sig fram eftir beiðni til þess að bjarga, þegar á hefur þurft að halda. Mér er nær að ætla, að enn hafi ekki reynt á samvinnu milli landhelgisgæzlunnar og forráðamanna þyrilvængju í þessu sambandi, en slíkt getur borið að höndum hvenær sem er, og þá hefði það vissulega að mínu viti verið vítavert umhirðuleysi af landhelgisgæzlunni að fylgjast ekki með, úr því að hinar gömlu, veikbyggðu þyrilvængjur áttu að flytjast frá Keflavíkurflugvelli, að gera

þá ekki ráðstafanir til þess að geta tekið á móti þeim nýju og sterkari.

Ég taldi rétt, að þetta kæmi hér fram, úr því að þetta barst í tal, einmitt vegna þess að ég átti hlut að, þegar þetta mál var undirbúið eða kom fyrst til umr. á s. l. hausti, fyrst að hindra, að hinar veikbyggðu þyrilvængjur væru fluttar úr landi fyrr en okkur hefði gefizt tóm til að styrkja þilfar Óðins svo sem þörf var talin á, og síðan, að skipið var sent út til umbóta í þessu skyni. Með þessu var ekki ætlunin að hafa neina bónbjargastarfsemi í frammi gagnvart varnarliðinu. Þetta er ekki gert þess vegna, heldur vegna okkar sjálfra, nauðsynleg varúðarráðstöfun, sem vissulega að mínu viti hefði verið vítavert að láta undir höfuð leggjast, eins og á stóð.

Hitt er svo allt annað mál, hvenær við teljum okkur fært og tímabært að kaupa þessi tæki. Ég efast ekki um, að þau muni verða keypt af Íslendingum, áður en langir tímar líða. Ástæðan til þess, að það hefur ekki verið gert, er sú, sem ég sagði áðan, að þarfirnar eru svo margar, sem þarf að fullnægja, og hér eru fyrir í landinu þyrilvængjur, sem hafa reynzt reiðubúnar til að koma til hjálpar og bjargar í einstökum neyðartilfellum, og við það er ekki á neinn hátt neitt að athuga. Hitt er svo allt annað mál, að þær þyrilvængjur verða auðvitað aldrei notaðar eða hægt að ætlast til að verði notaðar í því skyni, sem hv. frsm. gerði grein fyrir, og ég skal ekki á neinn hátt þræta við hann um nauðsyn og ágæti þessa farartækis. Hann þekkir bersýnilega betur til þess en ég. Það má þó vera, að það sé vegna vanþekkingar minnar, en ég hef haft nokkurn efa um, að þyrilvængjum yrði við komið í verulega slæmu veðri við Íslandsstrendur. Það var a. m. k. svo áður fyrr, að það varð að vera allsæmilegt veður, til þess að þyrilvængjur gætu athafnað sig, og ég minnist þess, að einu sinni var hingað send fyrir allmörgum árum þyrilvængja, og þá var talað um, að landhelgisgæzlan keypti hana. Hún var mjög veikbyggð miðað við núverandi hugmyndir, og ég þykist muna það rétt, að sérfræðingar töldu þá, að hún mundi ekki standast það að vera til bjargar í stórviðrum á okkar landi. Nú eru þessi tæki orðin miklu öflugri en áður var og taka sjálfsagt óðfluga miklum framförum, eins og önnur slík tæki gera, og ég vil ekki vefengja það, sem hv. þm. sagði um, að þau væri hægt að nota einnig í mjög slæmu veðri. En ég vil þó taka þá fullyrðingu með nokkurri varúð, þangað til málið er betur kannað. En mér finnst sjálfsagt að kanna þetta mál til hlítar, og ég stend hér ekki upp til þess að mótmæla orðum hv. þm. Mér finnst þetta vera mál, sem þurfi að athuga og kanna.

En ég vil að lokum vekja athygli á því, að rök hv. þm. voru nær öll um ágæti þessa farartækis sem almenns samgöngutækis fyrir Íslendinga, en í sjálfu sér færði hann sáralítil rök að því eða gekk fram hjá því, hvert gagn landhelgisgæzlan gæti haft af þessu farartæki. Skoðun mín hefur einnig verið sú, að landhelgisgæzlan hefði tiltölulega lítil not af þyrilvængjum. Hún þarf á að halda hraðfleygum flugvélum, eins og hún nú þegar hefur eina, sem hefur orðið að ómetanlegu gagni, og skipum, sem geta starfað í sambandi við slíka hraðfleyga flugvél, og mér er nær að ætla, að landhelgisgæzlunni, ef litið er á hennar þarfir einnar, ríði meira á því að fá nýtt, hraðskreitt skip á borð við Óðin eða e. t. v. enn nýtízkulegra en Óðinn er heldur en að fá eina eða tvær þyrilvængjur, þ. e. ef við lítum á þarfir landhelgisgæzlunnar einnar. En hv. þm. flutti þetta mál fyrst og fremst sem almennt samgöngumál, og ég ætla, að það sé miklu nær að skoða málið í því ljósi, hvort menn telja þörf á því að fá þyrilvængjur staðsettar á Austurlandi og Vesturlandi sem nýtt samgöngutæki fyrir þessa landshluta. Svo getur það komið til greina, að landhelgisgæzlan geti haft eitthvert smávegis gagn af þeim öðru hverju og það geti orðið að gagni til björgunar í einstökum tilfellum. En hv. þm. gerði réttilega, að því er ég hygg, þá grein fyrir málinu, að þetta er fyrst og fremst samgöngumál, en ekki landhelgismál.

Flm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Það er rétt, sem hæstv. ráðh. sagði nú, þegar hann lauk máli sínu, að ég ræddi miklu meira um þyrilvængjuna sem samgöngutæki heldur en tæki í þjónustu landhelgisgæzlu. Þó hóf ég mál mitt með því að vísa til þess, að aðrar þjóðir hefðu tekið þessi tæki í þjónustu landhelgisgæzlu hjá sér, og tilnefndi þar Dani, sem mér er kunnugt um að hafa þessi tæki sem þátt í sinni landhelgisgæzlu, bæði við strendur Danmerkur og Færeyja, og lét þar við sitja að vitna til þess, að þeir hefðu talið not af þessum tækjum í þessu skyni og þá í viðbót við það, að það væri ljóst, að íslenzkir forráðamenn landhelgisgæzlu hér hefðu haft augastað á því að taka þessi tæki í þá þjónustu einnig. Hins vegar taldi ég mig á engan hátt dómbæran um það, að hve miklu leyti þyrilvængjurnar gætu verið ómetanlegar í þeirri þjónustu, vitnaði þar til annarra reynslu og hugmynda þeirra manna, sem höfðu sýnilega haft vakandi auga á þessu, þegar varðskipið Óðinn var byggt.

En það er einnig rétt hjá hæstv. ráðh., að ég hef óbilandi trú á því, að þyrilvængjan geti haft ómetanlega þýðingu fyrir okkur í okkar almenna samgöngukerfi og brúar þar bil, sem ekki væri brúað ella nema á áratugum með vegalagningu og skipabyggingum og þó ekki náð þeim árangri, sem þyrilvængjan getur náð, sökum þess að henni er svo lítt markaður bás, þar sem hún getur flogið af hvaða stað sem er og á hvaða stað sem er án mannvirkjagerðar, lent á litlum, flötum bletti hvar sem er úti í náttúrunni, lent á húsþaki, ef vera vill o. s. frv.

Ég vil svo aðeins víkja örfáum orðum að þessu, sem ég hef vafalaust vikið að í dálitlum hneykslunartón, fréttatilkynningunni um, að varðskipinu Óðni hefði verið breytt með tilliti til þess, að þyrilvængjur setuliðsins á Keflavíkurflugvelli gætu lent á hinu íslenzka löggæzluskipi, varðskipi. Hitt játa ég, að ef þessi breyting hefur verið gerð á varðskipinu til þess, að þyrilvængjur hjá hernum gætu haft þar lendingarstað, þegar varðskipið væri að aðstoða við björgunarstörf, þá álít ég það hafa verið gert út frá íslenzku sjónarmiði, íslenzkri þörf, og tel það réttmætt, og sannast að segja

er ég fyllilega þakklátur hernum fyrir að hafa látið þessi tæki okkur í té, þegar okkur hefur riðið á. En hins vegar finnst mér, þar sem það er augljóst mál, að þyrilvængjur frá hernum geta ekki orðið okkur til aðstoðar til löggæzlu við landhelgina, þá hljóti þetta, að þallur er byggður á Óðin til lendingar fyrir slíkar vélar og hann síðan stækkaður, að byggjast fyrst og fremst á því, að menn séu jafnvel enn frekar en áður sannfærðir um það, að þyrilvængjur þurfi að verða eign íslenzku landhelgisgæzlunnar eða íslenzka ríkisins, og þess vegna sé verið að undirbúa það með þessari breytingu á varðskipi okkar að stækka og treysta þilfarið á Óðni og þennan lendingarpall á honum, og það fannst mér í raun og veru vanta í fréttatilkynninguna, að með tilliti til þessa hefði okkar varðskipi verið breytt, að menn hefðu aukna trú á því, að við yrðum vegna margendurtekinnar reynslu að afla okkur slíkra tækja, m. a. í þjónustu landhelgisgæzlunnar.

Annars er ég hæstv. ráðh. þakklátur fyrir það, að hann sagðist vera mér sammála í flestum tilfellum um notagildi þessara samgöngutækja, og ég held, að þó að ég sé enginn sérfræðingur á þessu sviði og hafi mínar skoðanir, mótaðar lítillega af eigin reynslu og mest af frásögnum annarra, hafði þar enga sérfræði við að styðjast fremur öðrum þm., þá held ég, að verkefnin séu svo margvísleg, sem bíða þessara tækja hjá okkur, að við höfum ekki efni á því að láta það dragast mjög lengi að afla okkur a. m. k. einnar þyrilvængju og fá af því reynslu, hvaða gagnsemi hún getur veitt okkur á hinum ýmsu sviðum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 60. fundi í Sþ., 9. apríl, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 38 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 74. og 75. fundi í Sþ., 8. og 9. maí, var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 78. fundi í Sþ., 13. maí, var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 300, n. 583).

Frsm. (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Fjvn. hefur haft til meðferðar till. til þál. frá hv. 5. þm. Vestf., Hannibal Valdimarssyni, og hv. 1. þm. Vestf., Hermanni Jónassyni, um þyrilvængjur í þjónustu landhelgisgæzlunnar, til samgöngubóta og sjúkraflugs á Vestfjörðum og Austfjörðum. N. barst umsögn frá landhelgisgæzlunni, sem telur æskilegt, að landhelgisgæzlan reyni notkun þyrlu við störf sín. Enn fremur barst umsögn frá Slysavarnafélagi Íslands, sem segist mundu fagna því, ef þyrla eða þyrlur yrðu keyptar til landsins.

Þegar fjvn. tók till. til afgreiðslu, kom það sjónarmið fram innan n., að í till., eins og hún var lögð fram, væri of fast að orði kveðið um kaup á tveimur þyrlum, og varð sú niðurstaða málsins, að á þskj. 583 mælir n. með því, að þáltill. verði samþ. með svofelldum breytingum:

„1) Tillgr. orðist svo: Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta athuga, hvort ekki væri heppilegt, að fest yrðu kaup á þyrlu til aðstoðar landhelgisgæzlunni, svo og til farþegaflugs, póstflutnings og sjúkraflugs, einkum með tilliti til Vestfjarða.

2) Fyrirsögn till. orðist svo: Till. til þál. um þyrlu í þjónustu landhelgisgæzlunnar, samgöngubóta og sjúkraflugs."

ATKVGR.

Brtt. 583,1 (ný tillgr.) samþ. með 34 shlj. atkv.

Brtt. 583,2 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 690), með fyrirsögninni:

Þál. um þyrlu í þjónustu landhelgisgæzlunnar, samgöngubóta og sjúkraflugs.

25. Sjómannatryggingar.

Á 49. fundi í Sþ., 4. marz, var útbýtt:

Till. til þál. um sjómannatryggingar [184. mál] (A. 344).

Á 57. og 59. fundi í Sþ., 1. og 8. apríl, var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 68. fundi í Sþ., 22. apríl, var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér ásamt 4 þm. öðrum, þeim Jóni Árnasyni, hv. 4. þm. Vesturl., Sverri Júlíussyni, hv. 7. landsk. þm., Sigurði Ágústssyni, hv. 2. þm. Vesturl., og Matthíasi Bjarnasyni, hv. 11. landsk. þm., till. til þál. um sjómannatryggingar. Er till. á þskj. 344 og hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að skipa þriggja manna nefnd, sem athugi til hlítar, hvort ekki sé unnt að breyta núverandi sjómannatryggingum í eina heildartryggingu. N. verði skipuð tveimur tryggingafræðingum og einum manni eftir tilnefningu Landssambands ísl. útvegsmanna. Jafnhliða verði athugað, ef slík breyting telst framkvæmanleg, hvort ekki sé grundvöllur fyrir, að heildartryggingin verði boðin út á frjálsum markaði."

Í grg., sem till. fylgir, er gerð nánari grein fyrir efni málsins og tilganginum með flutningi hennar. Eins og þar segir, eru tryggingar sjómanna á íslenzka fiskiskipaflotanum orðnar svo margþættar, að vart verður lengur við unað, ef nokkur kostur er til úrbóta. Athugun hefur leitt í ljós, að ástand þessara mála er þannig í dag, að fyrir hvern sjómann, sem lögskráður er á íslenzkt fiskiskip, þarf að greiða tryggingariðgjöld og sjóðstillög til ekki færri en 8 aðila. Sumar þessar tryggingar eru samningsbundnar við kjarasamninga sjómanna, en aðrar lögbundnar.

Þær tryggingar, sem hér um ræðir, eru þessar: Í fyrsta lagi hin almenna, lögboðna

slysatrygging samkv. almannatryggingalögunum. Tekur þessi trygging til sjúkrahjálpar, dagpeninga, örorkubóta og dánarbóta. Í öðru lagi samningsbundin 200 þús. kr. trygging á hvern skipverja, og tekur þessi trygging til dánarbóta og bóta vegna varanlegrar örorku. Í þriðja lagi samningsbundin ábyrgðartrygging að upphæð 1250 þús. kr. á hvert skip, þannig, að ekki greiðist hærri bætur en 500 þús. kr. fyrir einstakling, hvort sem um örorku eða dánarbætur er að ræða. Í fjórða lagi samningsbundnar tryggingar vegna fatatjóns áhafnar, ef skip ferst. Og í fimmta lagi samningsbundin trygging vegna aflaverðmætis áhafnar.

Auk iðgjalda vegna þessara trygginga verða útgerðarmenn einnig að greiða iðgjöld til þriggja sjóða vegna áhafna skipanna, þ. e. til sjúkrasamlags, atvinnuleysistryggingasjóðs og sjúkrasjóða stéttarfélaga viðkomandi skipverja.

Af þessu sést, að tryggingakerfi áhafna á íslenzkum fiskiskipum er orðið margbrotnara en svo, að eðlilegt geti talizt eða viðunandi sé. Tryggingarnar sumar hverjar grípa hver inn á annarra svið, og ef ágreiningur rís vegna tjónbóta, gæti svo farið, að mál þyrfti að höfða gegn tveimur eða fleirum aðilum, og gæti það, ef um örorkubætur væri að ræða, valdið töfum og óþægindum fyrir bótaþega og óþarfakostnaði fyrir útgerðarmenn.

Um þróun þessara mála skrifaði Gísli heitinn Sveinsson, fyrrv. alþm. og sendiherra, mjög fróðlega grein í afmælisrit Slysavarnafélags Íslands, er það varð 30 ára. Þar segir svo m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Hin fyrsta tilraun hérlendis til þess að tryggja líf sjómanna að opinberri tilstuðlan var gerð með l. nr. 40 10. nóv. 1903, um lífsábyrgð fyrir sjómenn, er stunda fiskveiðar á þilskipum. Var með þeim gert að skyldu að vátryggja líf hérlendra sjómanna á tilgreindum skipum. Skyldi hver lögskráður sjómaður greiða í vátryggingarsjóð 15 aura fyrir hverja viku vetrarvertíðar og 10 aura vor- og sumarvertíð, en útgerðarmaður standa skil á gjaldinu svo og helmingi á móts við gjald skipverja allra."

Þetta var hluti af frásögn Gísla heitins Sveinssonar af hinni fyrstu sjómannatryggingu hér á landi. Voru samkv. lögum þessum aðeins greiddar dánarbætur til aðstandenda, 100 kr. á ári í 4 ár, og landssjóður skyldaður til að leggja fram allt að 15 þús. kr. á ári, ef iðgjöld nægðu ekki fyrir bótagreiðslum. Lög þessi voru í gildi til ársins 1909, er sett voru ný lög um sjómannatryggingar, er náðu til allra sjómanna, jafnt á fiskiskipaflotanum sem á flutningaskipaflotanum. Iðgjöld voru hækkuð úr 10 og 15 aurum í 18 aura á viku, en framlag útgerðarmanna lækkað úr helmingi í ⅓ hluta móti iðgjaldi sjómanna. Framlag ríkissjóðs til trygginganna og dánarbætur hélzt óbreytt frá því, sem áður var.

Árið 1917 voru sett ný lög um sjómannatryggingar. Var iðgjald trygginganna með lögum þessum hækkað í 70 aura á viku, er greiddust að jöfnu af útgerðarmönnum og hinum tryggðu. Þau nýmæli voru í þessum lögum, að auk dánarbóta var einnig kveðið á um bætur fyrir slys, er hinir tryggðu kynnu að verða fyrir við störf sín á sjó og einnig í landi, ef þeir störfuðu í þágu útgerðarinnar við nauðsynleg störf. Auk nýmælisins um bætur fyrir slys, er sjómenn kynnu að verða fyrir, voru dánarbætur til aðstandenda þeirra verulega hækkaðar með þessum lögum.

Þessi skipan sjómannatrygginganna hélzt í grundvallaratriðum óbreytt, þar til l. um almannatryggingar voru sett árið 1946, nema hvað iðgjöld hækkuðu verulega og voru að fullu færð yfir á útgerðina og ríkissjóð og tjónbætur vegna slysa og dánarbætur hækkuðu úr nokkrum hundruðum kr., eins og þær voru í upphafi, í tugi þúsunda, ef um veruleg slys eða dánarbætur var að ræða. Nú hafa sjómannatryggingar þessar verið felldar inn í l. um almannatryggingar, og gera þau lög ráð fyrir sjúkrabótum og dagpeningum til handa sjómönnum auk örorku- og dánarbóta eftir þeim reglum, sem þar um gilda. Mun þetta vera eina tryggingin, sem eigendur íslenzkra fiskiskipa eru skyldaðir til með lögum að standa straum af vegna áhafna skipa sinna.

En svo fór og þar að kom, að tryggingar þessar voru ekki taldar veita nægilegar bætur. Hefur því nú hin síðustu ár orðið samkomulag milli samtaka sjómanna og útvegsmanna um margs konar aukatryggingar, eins og áður hefur verið minnzt á. Telja flm. þessarar till. tryggingakerfið orðið svo flókið og erfitt í framkvæmd, að sjálfsagt sé, að leitazt verði við að gera það eins einfalt og kostur er á með einni heildartryggingu, án þess þó að réttur hinna tryggðu verði í nokkru skertur. Telja flm. einnig, að iðgjöld vegna hinna mörgu sjómannatrygginga, lögbundinna og samningsbundinna, séu hærri en þau þyrftu að vera, ef um eina heildartryggingu væri að ræða.

Það er vitað, að iðgjöld allra trygginga grundvallast á skýrslum, sem ná yfir verulegt árabil í þeim flokki, sem tryggingin nær til, og einnig á mati tryggingafélags eða tryggingafélaga á þeirri áhættu, sem þau kunna að taka á sig, ef tryggingin er veitt. Manntjón af völdum sjóslysa hefur á undanförnum áratugum því miður verið mikið hér við land, en sem betur fer farið stórminnkandi hin síðari ár. Samkv. árbókum Slysavarnafélags Íslands fórust að meðaltali 46 íslenzkir sjómenn í sjóslysum á ári fyrstu þrjá áratugina, sem félagið starfaði. Fyrsta áratuginn, þ. e. 1928—1938, fórust að meðaltali 43 íslenzkir sjómenn í sjóslysum. En áratuginn 1948—1958 var sambærileg tala komin niður í 27. Áratuginn 1938—1948, þau árin, sem stríðið geisaði, varð hún því miður mun hærri. En síðasta áratuginn, 1954—1963, hefur sú gleðilega þróun átt sér stað, að sambærileg tala hefur enn stórlækkað. Samkv. skýrslum Slysavarnafélagsins hafa þó enn þennan síðasta áratug að meðaltali 20 íslenzkir sjómenn farizt við störf sín af þeim, er fiskveiðar stunda. En sú gleðilega þróun hefur átt sér stað, að tala þessi er orðin helmingi lægri hinn síðasta áratug, miðað við það, sem hún var fyrsta áratuginn, sem Slysavarnafélag Íslands starfaði, þ. e. árin 1928—1938, þrátt fyrir að nú muni verulega fleiri íslenzkir sjómenn stunda fiskveiðar mun lengri tíma ársins en þá var. Kemur þar margt og fleira en eitt til greina, bæði bættar og stórauknar slysavarnir, aukinn og

stækkaður floti landhelgisgæzlunnar, sem eins og kunnugt er hefur jafnhliða annazt eftirlit með fiskiflotanum og björgunarstarf, bætt og fullkomnari björgunartæki um borð í skipunum. og er þar aðallega átt við gúmmíbjörgunarbátana, sem alveg óefað hafa mörgu mannslífi bjargað, frá því að þeir fyrst voru teknir í notkun. Þar koma einnig að sjálfsögðu til greina stærri fiskiskip og betur útbúin að tækjum en áður var. Hefur þetta leitt til þess, að slys hafa sem betur fer orðið mun færri hér hinn síðasta áratug en þann áratug, sem Slysavarnafélag Íslands fyrst starfaði, eins og skýrslur þess bera vitni.

Ef litið er á iðgjaldagreiðslur trygginga almennt og iðgjaldagreiðslur fyrir þær margflóknu sjómannatryggingar, sem nú eru í gildi, er því ekki að neita, að þar er um veruleg útgjöld fyrir útgerðina að ræða. Ef gengið er út frá tölu þeirra fiskiskipa, sem í byrjun þessa árs voru á skrá yfir íslenzk fiskiskip, að viðbættum þeim skipum, sem von er á til landsins nú á þessu ári, og úthaldstími þeirra áætlaður 6—9 mánuðir, mun ekki ofáætlað, að iðgjöld lögbundinna og samningsbundinna sjómannatrygginga vegna áhafna þessara skipa, muni þetta ár og enn frekar næsta ár, þegar hin nýju skip eru öll komin til landsins, nema a. m. k. 30 millj. kr. á ári. Því miður liggja ekki fyrir neinar opinberar skýrslur um þetta, en ég hygg, að hér sé heldur varlega í sakirnar farið við þennan útreikning. Fyrir útgerðina er þetta, eins og áður er sagt, orðinn verulegur útgjaldaliður. Það, sem því vakir fyrir okkur flm. þessarar till., er tvennt: Í fyrsta lagi, að kannað verði til hlítar, hvort ekki sé unnt að gera tryggingar þessar einfaldari í framkvæmd með því að færa þær saman í eina heildartryggingu, án þess, eins og ég sagði áðan, að réttur hinna tryggðu verði í nokkru skertur. Og í öðru lagi, hvort ekki megi með einni heildartryggingu lækka iðgjöld þessara trygginga verulega frá því, sem nú er. Vænti ég, að hv. þm. þessarar d. séu okkur sammála um, að tímabært sé, að athugun sú, sem till. gerir ráð fyrir, verði látin fram fara, og leyfi ég mér, herra forseti, að leggja til, að till. verði að lokinni þessari umr. vísað til síðari umr. og hv. fjvn.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Með till. þessari er lagt til að skora á ríkisstj. að skipa 3 manna nefnd til þess að láta fara fram athugun á allmiklum breytingum á þeim tryggingum, sem nú eru í gildi fyrir sjómenn. Í till. er lagt til, að þessi nefnd skuli skipuð þannig, að í henni skuli verða tveir tryggingafræðingar og einn aðili tilnefndur af Landssambandi ísl. útvegsmanna. Það hlýtur strax að vekja athygli, að annar meginaðilinn, sem á hlut að máli í sambandi við þessar tryggingar, sjómenn og samtök þeirra, það er ekki ætlazt til þess, að þeir hafi neinn sérstakan fulltrúa við þessa endurskoðun. Þetta tel ég í mesta máta óeðlilegt, eigi að taka þessi mál til þeirrar endurskoðunar, sem lagt er til með þessari till. Það er út af fyrir sig ekkert við það að athuga, að það sé látin fara fram athugun á því, hvort unnt sé að koma þessari tryggingastarfsemi fyrir á hagkvæmari og betri hátt en nú á sér stað, en þá virðist líka alveg sjálfsagt að gefa jöfnum höndum fulltrúum atvinnurekenda og sjómanna rétt á því að vera við þá endurskoðun. Að ganga fram hjá öðrum aðilanum í þessum efnum nær vitanlega engri átt og enn þá síður þegar þess er gætt, að allmikið af þeim verkefnum, sem þarna er um rætt, er komið inn í sambandi við beina kjarasamninga á milli samtaka sjómanna og útgerðarmanna.

Að öðru leyti vil ég svo segja það, að ég held, að það muni verða mjög erfitt að ætla sér að sameina í eina tryggingu, eins og ráðgert er í þessari till., allar þær tegundir af tryggingum, sem hér eru taldar upp. Hér er um það að ræða, að sjómenn eru auðvitað eins og aðrir einstaklingar í landinu, þeir tilheyra hinu almenna tryggingakerfi, þeir eru aðilar að sjúkrasamlögum eins og aðrir, og það þarf að annast sérstakar ábyrgðartryggingar vegna starfa þeirra eins og fyrir aðra starfsmenn í landinu. Það er ekkert sérstakt um sjómenn að segja, en það er býsna erfitt að hugsa sér að slíta tryggingar sjómanna t. d. út úr hinni almennu sjúkratryggingu í landinu og fara að bjóða út til allt annarra aðila sjúkratryggingu þeirra. Það held ég, að muni reynast heldur erfitt í framkvæmd og mjög hæpið. Auk þess er þarna ýmsu, í rauninni alveg óskyldu, blandað saman. eins og t. d. samningsákvæðum um það, að útgerðarmenn hafa tekið á sig þá skyldu að greiða tiltekið gjald miðað við kaup sjómanna í hina sérstöku sjúkrasjóði stéttarfélaga þeirra. Þetta er nákvæmlega hliðstætt því, sem á sér stað um sjúkrasjóði verkamanna, iðnaðarmanna og margra annarra. Þessir sjúkrasjóðir starfa yfirleitt þannig, að þeir veita hjálp í sjúkdómstilfellum umfram það, sem hin almenna sjúkratrygging almannatrygginganna veitir. Hér eru því ekki nein sérákvæði varðandi sjómenn fram yfir það, sem er varðandi margar aðrar starfsstéttir í landinu. Hér er sem sagt um að ræða ákveðna greiðslu í sérstaka sjóði þessara stéttarfélaga, sem starfa eftir þar til settum reglum, og það er afar hæpið að ætla að blanda því saman við aðrar starfsmannatryggingar, eins og t. d. aðra almenna ábyrgðartryggingu vegna áhættu, sem fylgir hinum ýmsu störfum. Sumar af þessum tryggingum eru nú algerlega frjálsar, og útgerðarmenn hafa fullt frelsi til þess að leita tilboða í slíkar tryggingar. Þannig er t. d. háttað um ábyrgðartryggingar og fatatryggingar í sambandi við sjóslys, en ákvæði um það eru búin að vera í lögum um nokkra tugi ára. Þessar tryggingar eru algerlega frjálsar, enda er þeim dreift nú mjög á milli hinna einstöku tryggingafélaga. Tiltölulega nýtilkomnar tryggingar sjómanna, eins og hækkunin á hinni almennu slysatryggingu, þar sem samið hefur verið um, að útgerðarmenn í ýmsum tilfellum skyldu kaupa af sjómönnum 200 þús. kr. viðbótartryggingu við hina almennu slysatryggingu samkv. almannatryggingalögunum, — slík ákvæði hafa auðvitað komið inn í samninga vegna þess, að hið almenna tryggingakerfi nær allt of skammt, eins og viðurkennt er. En það er auðvitað oníð fyrir útgerðarmenn að semja í þessum tilfellum jöfnum höndum við hið almenna tryggingakerfi að taka að sér þessa viðbótartryggingu eða

þá að leita til annarra tryggingastofnana með þessa tryggingu.

Ég vil því segja það aðallega í sambandi við þessa till., að ég tel ekkert við það að athuga, að látin sé fram fara sú athugun, sem óskað er eftir með þessari till., að því leyti til, sem þetta er framkvæmanlegt mál, að það er hægt að taka vissar greinar þessara trygginga, sameina þær og skapa möguleika til þess jafnvel að bjóða þær út eða ná betri tryggingakjörum kannske en nú á sér stað. En þeim verður ekki blandað saman við ýmsar aðrar tryggingareglur, sem þarna eru taldar upp og eru allt annars eðlis og er í rauninni ómögulegt að blanda saman við hinar almennu tryggingar. En verði þessi endurskoðun látin fara fram og farið fram á, að ríkisstj. skipi nefnd í þessu skyni, tel ég algert lágmark, að fulltrúar frá samtökum sjómanna verði einnig í endurskoðunarnefndinni, svo að sjónarmið þeirra fái að koma fram, ef á að taka upp nýtt kerfi í þessum efnum. Það sýnist mér vera alveg sjálfsagt, og ég vil beina því til þeirrar nefndar, sem fær þetta mál til athugunar, að þessari till. verði a. m. k. breytt í þá átt.

Flm. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Í sambandi við ábendingar hv. 5. þm. Austf. um, að erfitt mundi vera að samræma þær tryggingar, sem hér um ræðir, vil ég geta þess, að fyrir okkur flm. vakir ekki það, að sjúkrasamlagstryggingin, sjúkrasjóðirnir og atvinnuleysistryggingin kæmu undir þá heildartryggingu, sem við erum með í huga, heldur aðeins þær tryggingar, sem taldar eru upp í grg. og gerð sérstök grein fyrir. Við gerum okkur að sjálfsögðu alveg ljóst, að það mundi ekki framkvæmanlegt og kannske ekki eðlilegt að blanda þessum sjóðsframlögum, sem útgerðarmenn greiða fyrir áhafnir, saman við þær beinu tryggingar, sem þeir annaðhvort lögum samkv. eru skyldaðir til að kaupa eða hafa bundið sig til að kaupa samkv. samningum við viðkomandi stéttarfélög.

Ég fyrir mitt leyti hef síður en svo nokkuð á móti því, þó að einnig kæmu inn í þessa nefnd fulltrúar frá samtökum sjómanna. Ástæðan fyrir því, að það var ekki tekið með, var sú, að við tökum það alveg skýrt fram í grg., að það er ekki ætlazt til þess, að í nokkru tilliti yrði gengið á rétt sjómanna í sambandi við það, ef tryggingarnar yrðu færðar í eina heildartryggingu, þeirra tryggingar verði ekki að neinu lækkaðar og í engu tilliti skertar. En greiðslur fyrir þessar tryggingar eru allar inntar af hendi af útgerðinni, og má vera, að það hafi valdið því, að við tókum ekki inn í till. einnig fulltrúa frá sjómannasamtökum, en fyrir mitt leyti sé ég ekkert við það að athuga.

Hv. síðasti ræðumaður, 5. þm. Austf., ræddi hér þá hlið þessa máls, sem eru hinar frjálsu tryggingar, og taldi, að útgerðarmönnum væri að sjálfsögðu frjálst að koma þeim fyrir á þann hátt, sem þeir teldu hagkvæmast. Þetta er alveg rétt, og skal ég fúslega viðurkenna það. En það, sem fyrir okkur vakir, er, að útgerðarmenn eigi aðgang að einni heildartryggingu, sem fullnægi og uppfylli öll þau skilyrði, sem hinar mörgu tryggingar, sem nú hvíla á útgerðinni í þessu sambandi, gera, þannig að þetta yrði fyrst og fremst að því leyti til hagræðis fyrir útgerðina að þurfa ekki að greiða iðgjöld nema í einn stað fyrir þær fimm tryggingar, sem hún nú greiðir iðgjöld fyrir, fyrir utan tillag til hinna þriggja sjóða, sem ég gat hér um áðan, og annað og ekki síður, sem við teljum, að ef slíkri heildartryggingu yrði komið á, þá mundi vera hægt að lækka þau iðgjöld, sem nú eru greidd fyrir hinar fimm mismunandi tryggingar. Það er þetta tvennt, sem fyrir okkur vakir, eins og fram kemur í grg., að tryggingarnar verði gerðar einfaldari í framkvæmd og reynt að gera þær ódýrari, ef þess er nokkur kostur, með einni heildartryggingu, sem yrði þá annaðhvort í höndum hins almenna tryggingakerfis, almannatrygginga, eða þá tryggingin í heild yrði boðin út á frjálsum markaði.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 69. fundi í Sþ., 24. apríl, var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv. og til fjvn. með 37 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Sþ., 9. maí, var till. tekin til síðari umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 78. fundi í Sþ., 13. maí. var till. aftur tekin til síðari umr. (A. 344, n. 545).

Frsm. (Jón Árnason): Herra forseti. Till. sú, sem hér er til umr., er á þskj. 344, og er efni hennar sem hér segir, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að skipa þriggja manna nefnd, sem athugi til hlítar, hvort ekki sé unnt að breyta núverandi sjómannatryggingum í eina heildartryggingu. N. verði skipuð tveimur tryggingafræðingum og einum manni eftir tilnefningu Landssambands ísl. útvegsmanna. Jafnhliða verði athugað, ef slík breyting telst framkvæmanleg, hvort ekki sé grundvöllur fyrir, að heildartryggingin verði boðin út á frjálsum markaði."

Eins og fram kom hjá 1. flm. þáltill. við framsögu fyrir málinu, er það ætlun flm. og við það átt, að athugað verði til hlítar, hvort ekki sé unnt að sameina hinar ýmsu sjómannatryggingar, aðrar en þær, sem nú eru á vegum hins almenna tryggingakerfis, í eina heildartryggingu. Svo sem kunnugt er, hafa þessi mál nú á hinum síðari árum þróazt mjög í þá átt, að tryggingunum hefur fjölgað, en það hefur gert málið allt flóknara í framkvæmd, og í sumum tilfellum hefur það jafnvel leitt til þess, að hinar ýmsu tryggingar hafa gripið inn á svið hver annarrar, með þeim afleiðingum, sem eðlilegt er, að öll framkvæmdin verður dýrari en ella hefði þurft, ef meira samræmis hefði gætt. Samkv. upplýsingum, sem fram koma í grg. fyrir till. þessari, er talið, að samtals nemi iðgjöld trygginganna um 85 þús. kr. fyrir 9 mánaða úthald, og er þá miðað við 11 manna áhöfn.

Fjvn. var á einu máli um að samþykkja efni till., eins og fram kemur í nál., en leggur þó til, að sú breyting verði gerð á um skipun n., að hún verði skipuð 5 mönnum í stað 3 og að

þeir verði tilnefndir eins og þar segir: einn tryggingafræðingur, tilnefndur af ráðh., og hinir fjórir tilnefndir af L. Í. Ú., Sjómannasambandi Íslands, Vinnuveitendasambandi Íslands og Alþýðusambandi Íslands, einn maður frá hverjum aðila.

Með till. þessari er fyrst og fremst stefnt að tvennu: í fyrsta lagi að gera tryggingarnar einfaldari og þá með því að sameina þær í eina heildartryggingu, og í öðru lagi er það trú flm., að með þeim hætti mætti ná hagstæðari kjörum og fá tryggingarnar keyptar með ódýrara verði. Um tvennt er að velja, annaðhvort að fela hinu almenna tryggingakerfi landsmanna tryggingarnar, allar þær tryggingar, sem hér um ræðir og þar eru ekki þegar fyrir, gegn einu ákveðnu gjaldi, eða þá að tryggingar þessar verði boðnar út á frjálsum markaði sem ein heildartrygging. Hvor leiðin sem farin yrði, eftir að athugun þessi hefur átt sér stað, er þess að vænta, að niðurstaðan leiði til þess, sem að er stefnt, einfaldari framkvæmdar tryggginganna og ódýrari iðgjalda.

ATKVGR.

Brtt. 545 (ný tillgr.) samþ. með 32 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 691).

26. Meðferð dómsmála.

Á 54. fundi í Sþ., 18. marz, var útbýtt:

Till. til þál. um ráðstafanir til að hraða meðferð dómsmála [193. mál] (A. 388).

Á 56. fundi í Sþ., 20. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 68. fundi í Sþ., 22. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 70. fundi í Sþ., 29. apríl, var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég hef á þskj. 388 leyft mér ásamt 4. þm. Reykn. að flytja till. til þál. um ráðstafanir til að hraða meðferð dómsmála. Sú till. er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela dómsmrh. að láta rannsaka, með hverjum hætti sé unnt að hraða rekstri og afgreiðslu dómsmála hér á landi, og gera síðan að rannsókn lokinni viðeigandi ráðstafanir eða leggja till. um það efni fyrir Alþingi.“

Það er staðreynd, að afgreiðsla dómsmála dregst hér á landi meir en góðu hófu gegnir. Það er mjög slæmt ástand að mínum dómi, því að það veldur því, að löggæzla öll verður slappari en æskilegt er. Ég skal ekkert fullyrða um það, af hverju þessi dráttur stafar. Þar geta margar ástæður komið til greina. Það má vera, að löggjöfin sé að einhverju leyti úrelt og ófullkomin. Það má vera, að þetta stafi af ónógu starfsliði við þau embætti, sem hér er um að tefla. Það má vera, að þetta stafi að einhverju leyti af ófullkomnum starfsháttum við embættin. Það getur verið, að þetta eigi rætur að rekja til þess, að það sé ekki sú rétta samvinna, sem vera þarf á milli lögmanna og embættanna. Og það má vera, að þetta megi að einhverju leyti rekja til ýmissa annarra ástæðna. Um þetta skal ég sem sagt ekkert segja og ekkert fullyrða. Sjálfsagt stendur hér nokkuð mismunandi á í hinum ýmsu umdæmum, því að þessir embættismenn, dómararnir, hafa að sjálfsögðu mjög mismunandi mörg mál til meðferðar, eftir því í hverju umdæmi er, sérstaklega er málafjöldinn mikill hér í Reykjavík.

Það felst ekki í þessari till. nein ásökun í garð eins eða neins, en ég held, að allir ættu að geta orðið sammála um, að úr þessu þurfi að bæta.

Í þessari þáltill. eru dómsmrh. gefnar frjálsar hendur um það, á hvern hátt hann lætur þessa rannsókn fram fara, hvort hann skipar til þess sérstaka nefnd eða hvort hann lætur embættismenn sína annast um hana. Það má vera, að athugun á málinu leiði til þess, að úrbætur sé hægt að gera, án þess að til löggjafar þurfi að koma, t. d. ef það kemur fram, að þetta stafi af því, að starfslið sé ekki nægilega margt við embættin yfirleitt eða sum þessara embætta, og þá er skv. þessari þáltill. ætlazt til þess, að dómsmrh. geri þær ráðstafanir, sem við eiga, án þess að hann þurfi að leita þar um til Alþingis.

Hins vegar getur það vel sýnt sig við þessa rannsókn, að það þurfi atbeina Alþingis til við þær úrbætur, sem þyrfti að gera, að það þurfi sem sé annaðhvort breytingar á löggjöf eða fjárveitingar til að koma, og þá er gert ráð fyrir því í þessari þáltill., að dómsmrh. leggi till. sínar um efnið fyrir Alþingi.

Herra forseti. Þetta er að mínu viti mjög mikilsvarðandi mál, sem hér er um að tefla, vegna þess að dómgæzlan í einu landi er ekkert smámál, og ég held, að við þurfum að fara að athuga talsvert um þau efni, svo að ekki sé meira sagt. En með því að það er langt liðið á fundartímann, þá ætla ég ekki að hafa þessi orð fleiri um þessa till., enda þarf hún í raun og veru ekki frekari skýringa við.

Þó að langt sé liðið á þingtímann, ætla ég samt að leggja til, að þessari till. sé vísað til n. í von um það, að sú n., sem fær till. til meðferðar, bregðist skjótt við og afgreiði hana. Ég leyfi mér því að leggja til, að umr. sé frestað og till. sé vísað til allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 71. fundi í Sþ., 30. apríl, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 36 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 73., 74. og 75. fundi í Sþ., 6., 8. og 9. maí, var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 78. fundi í Sþ., 13. maí, var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 388, n. 570).

Frsm. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Allshn. Sþ. hefur athugað þáltill. þá, sem hér um ræðir, á þskj. 388, og orðið sammála um að mæla með samþykkt hennar. Efni till. er, að hæstv. dómsmrh. láti rannsaka, á hvern hátt muni kleift að hraða rekstri og afgreiðslu dómsmála hér á landi og að gera að þessari rannsókn lokinni annaðhvort viðeigandi ráðstafanir eða leggja till. um það efni fyrir Alþingi, eftir því sem niðurstaða athugunarinnar leiðir í ljós.

Það er að sjálfsögðu mjög nauðsynlegt öllum mönnum að fá ekki aðeins réttláta, heldur einnig skjóta meðferð mála sinna, hvort sem um einkamál eða opinber mál er að ræða. Óhæfilegur dráttur í meðferð dómsmála getur valdið hlutaðeigandi aðilum miklu tjóni og óhagræði, og þegar um refsimál er að ræða, er það alkunnugt, að rannsóknirnar og meðferð málsins eru oft fullt eins mikil þrautatíð fyrir þann, sem í hlut á, eins og jafnvel refsitíminn sjálfur. Þess vegna er ástæða til þess að leggja áherzlu á, að meðferð dómsmála sé hraðað eins og föng eru á.

Hér á landi áður fyrr var það löngum nokkuð landlægur siður, að öll meðferð mála fyrir dómstólum tók langan tíma. Það átti öðru fremur rót sína að rekja til þess, að hér giltu gamlar og úreltar réttarfarsreglur, sem við bjuggum við lengi fram eftir öldum. Á síðustu áratugum hafa verið sett ný lög um þessi mál, eins og kunnugt er, bæði um meðferð opinberra mála og um meðferð einkamála og um hæstarétt. Af þessum nýju lagasetningum hefur auðvitað leitt miklar breytingar til bóta, og þessi mál eru nú ólíkt betur á vegi stödd en áður var. Þó vantar enn nokkuð á, til þess að sagt verði, að dómgæzlan sé í fullkomnu lagi. Enn þá munu a. m. k. sumir málaflokkar dragast nokkuð lengi í afgreiðslu, og þar gætir nokkurs seinagangs. Einnig er þetta talsvert misjafnt eftir embættum, og getur margt til komið, skortur á starfsliði m. a., óhagkvæmar aðstæður að öðru leyti o. s. frv. En enn þá mun það ekki dæmalaust, að málsmeðferð fyrir héraðsdómi standi yfir jafnvel árum saman. Þegar svo þar við bætist meðferð málsins fyrir hæstarétti, sem oft tekur einnig nokkuð langan tíma, þá er sýnt, að biðin eftir úrslitunum getur orðið nokkuð löng og lengri en æskilegt væri. Þess vegna er nauðsynlegt að finna á máli þessu þá heppilegustu lausn, sem föng eru á, og því mun þessi till. vera flutt. Fyrri flm. hennar er maður, sem þessum málum er mjög nákunnugur, hv. 3. þm. Norðurl. v., Ólafur Jóhannesson.

Með hagkvæmri lausn þessa máls mundi í fyrsta lagi vinnast verulegt hagræði fyrir alla þá, sem mál eiga að sækja eða verja fyrir dómstólum, og í öðru lagi aukin virðing almennings fyrir lögum og rétti, en hennar er vissulega full þörf, ekkert síður nú á tímum en oft áður.

Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja þetta. Till. skýrir sig sjálf og er að okkar dómi í allshn. eðlileg og sjálfsögð. Þess vegna er mælt með, að hún verði samþykkt.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 33 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 692).

27. Áfengisvandamálið.

Á deildafundum 16. marz var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um athugun á áfengisvandamálinu [188. mál] (A. 372).

Á 68. fundi í Sþ., 22. apríl, var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Fyrir nokkrum dögum var birt skýrsla barnaverndarnefndar Reykjavíkur, þar sem m. a. var frá því skýrt, að fjöldi heimila væri undir stöðugu eftirliti barnaverndarnefndar vegna óreglu annars hvors eða beggja foreldra. Upplýsingar sem þessar hljóta að sjálfsögðu að setja ugg að öllum, sem á hlýða. En því miður er þetta þó aðeins einn angi af því stóra vandamáli, sem er í sambandi við áfengisnautn meðal okkar þjóðar. Um þetta vandamál út af fyrir sig mætti flytja langt mál, en það mun ég ekki gera, enda fullvíst, að öllum hv. þm. er mætavel kunnugt um fjölmarga liði þessa vanda, og ég veit, að þeir munu allir gera sér grein fyrir því, að hér er um fullkomið öngþveitismál að ræða í mörgum greinum og það er hin mesta þjóðarnauðsyn, ef auðið væri að finna einhver úrræði til þess að lækna þann mikla vanda og það mikla böl, sem við er að stríða á þessu sviði í okkar litla þjóðfélagi.

Nú munu menn auðvitað segja, að það hafi verið reyndar ótal leiðir í þessu efni. Við höfum reynt áfengisbann, við höfum reynt áfengisskömmtun. Það hafa verið starfandi bindindissamtök um áratugi, og margvísleg löggjöf hefur verið sett á hinum ýmsu tímum til þess að reyna að bæta úr þessum vanda, og þrátt fyrir það hefur vandinn sízt minnkað og jafnvel á ýmsum sviðum vaxið. Allt er þetta vissulega rétt. En ég held, að enginn muni þó vera þeirrar skoðunar, að við getum gefizt upp í sambandi við allar tilraunir til þess að finna einhver ný úrræði til lausnar þessu mikla vandamáli, heldur verði að einbeita kröftum að því að reyna að finna nýjar leiðir eða að reyna a. m. k. að fara hinar troðnu slóðir með einhverjum öðrum hætti en gert hefur verið. Og þetta er ástæðan fyrir því, að ég hef leyft mér að flytja þá till., sem hér er til umr. nú.

Eins og ég áðan sagði, hafa um áratugabil margvíslegir aðilar unnið að því að vinna gegn óhæfilegri notkun áfengis í landinu, og því er ekki að leyna, að oft og tíðum hefur manni

virzt, að þessi barátta væri vonlítil eða vonlaus, og vafalaust margir látið hendur falla í skaut í því sambandi. En hins vegar ber þó mjög að virða þrautseigju margra þeirra, sem að úrlausn vandans hafa reynt að vinna og stuðla að því að bæta úr þessu böli með einhverjum hætti, bæði með því að hjálpa þeim, sem hafa orðið því að bráð, og eigi síður til þess að reyna að girða fyrir það, að menn falli í þetta fen, ekki hvað sízt unglingar, en því miður er því ekki að neita, að einmitt sú hlið vandans hefur farið mjög vaxandi á síðustu árum. Og það má segja, að eftir að jafnmikið fór að bera á áfengisnautn kvenna annars vegar og nú síðast unglinga og það oft og tíðum óharðnaðra unglinga, hafi þetta vandamál færzt inn á nýtt svið og orðið miklu alvarlegra en áður var, meðan það voru þó karlmennirnir einir, sem þessa nautn stunduðu.

Ég skal ekki fara út í þá sálma hér að ræða um einstök úrræði til þess að mæta þessu vandamáli. Auðvitað vitum við öll, að meginorsakar almenns drykkjuskapar er að leita í því, að almenningsálitið er mjög óheilbrigt í sambandi við áfengisnotkun og sorglega mikið andvaraleysi ríkjandi í þeim efnum. Auðvitað viðurkenna allir, að það sé mikið böl, þegar menn verða áfenginu að bráð, og ekki hvað sízt munu allir vera sammála um þá ógæfu, sem því fylgir, þegar óharðnaðir unglingar verða fórnarlömbin. En hins vegar höfum við alltaf og stöndum enn í dag andspænis því mikla vandamáli, að almennt vill fólk ekki snúast gegn áfengisnautninni og hún er enn þá í það miklum hávegum höfð í félagslífi fólks, veizluhöldum og jafnvel talið, að viðhlítandi veizlu sé ekki hægt að halda án þess að hafa þar áfengi um hönd. Meðan slíkur hugsunarháttur er fyrir hendi, er að sjálfsögðu mjög erfitt við þetta mál að ráða. Hins vegar gerast þó oft atvik, sem verða þess valdandi, að allir rumska, svo sem hefur átt sér stað í sumum tilfellum, þegar almenn hneykslunartilfelli hafa orðið, eins og í sambandi við viðtækan drykkjuskap unglinga, og jafnvel hefur gengið svo langt, að sérstök nefnd hefur verið sett á laggirnar til þess að rannsaka einstök tilfelli í því efni, eins og átti sér stað um hið fræga Þjórsárdalsmál á sínum tíma. Allt er það gott og blessað að taka fyrir þessi einstöku vandamál í sambandi við áfengisbölið. En þetta leysir þó alls ekki þann meginvanda, sem við er að glíma. Hann er enn þá óleystur að öllu verulegu leyti. Nú vitum við það, að þessu máli er víða mjög mikill gaumur gefinn. Það eiga flestar þjóðir, a. m. k. svokallaðar menningarþjóðir, við þetta vandamál að stríða og það sumar í mjög ríkum mæli, og mönnum hefur orðið það ljósara, eftir því sem tíminn hefur liðið, að hér er nauðsyn sérstakra þjóðfélagsaðgerða, og í mörgum löndum er nú vísindalega unnið að því að rannsaka orsakir þessarar meinsemdar, bæði einstaklingsbundnar og þjóðfélagslegar, og leitazt við að finna á þann hátt haldbær úrræði til þess að berjast gegn þessu alvarlega vandamáli. Einnig við verðum að sjálfsögðu að fara inn á þessar brautir og það auðvitað verður að vera öllum ljóst, að hér er um vandamál að ræða, sem verður að íhuga hleypidómalaust á allan hátt.

Það hefur stundum verið borið á þá, sem að bindindismálum hafa unnið, að þeir væru ofstækisfullir í sambandi við viðhorf sitt til áfengisnautnar. Þetta kann vel að vera. En við skulum gera okkur grein fyrir því, að það er eðlilegt, að þeir menn, sem berjast gegn vandamáli og böli sem þessu, verði í rauninni í mörgum tilfellum það sem menn kalla ofstækisfullir, þegar þeir kynnast til hlítar, hversu alvarlegu viðfangsefni er hér að mæta, og sjá hins vegar það almenna andvaraleysi, sem oftast nær er á hina hliðina í sambandi við lækningu vandans.

Till. sú, sem hér liggur fyrir, gerir ráð fyrir því, að það verði kosin nefnd 7 alþm. til þess að framkvæma ýtarlega athugun á ástandi í áfengismálum þjóðarinnar, bæði eðli og orsökum þessa mikla vanda, og jafnframt sé nefnd þessari ætlað að kynna sér starfsemi áfengisvarna, starfsemi bindindissamtaka og taka til íhugunar alla gildandi löggjöf um áfengismál á víðtækum grundvelli. Hlutverkið, sem nefnd þessari er ætlað, er að sjálfsögðu víðtækt og víðtækara en ég hygg að nokkurn tíma hafi verið sett niður nefnd til að fjalla um þetta vandamál. Það er þó kannske ekki sérstaks eðlis eða ástæða til þess að útskýra það nánar. Hitt mun sennilega undra hv. þm. nokkuð, að hér er lagt til, sem má teljast nokkuð einstætt, að kjörin sé nefnd alþm. sérstaklega til þess að fjalla um þetta mál. Nefndir þær, sem hingað til hafa um þetta fjallað, t. d. við undirbúning áfengislaganna 1954, voru skipaðar af ríkisstj. á sínum tíma, þannig að þessi braut, sem hér er farið inn á, er ekki aðeins varðandi þetta mál, heldur almennt mál hér í þingi, nokkuð sérstæð. En ástæðan til þess, að ég fer þessa leið, er fyrst og fremst sú, að ég tel, að hér sé um svo víðtækt þjóðfélagsvandamál að ræða og einmitt vandamál, sem Alþingi hafi ekki almennt gefið nægilega mikinn gaum, og ég álít það mjög æskilegt allra hluta vegna, að það verði alþm. og það alþm. úr öllum flokkum þingsins, sem framkvæmi þessa athugun og reyni að kynna sér vandamálið til hlítar, og ekki hvað sízt tel ég það æskilegt, af því að n. er einnig ætlað að athuga, hvernig reynzt hafa þær aðgerðir, sem þingið sjálft hefur á undanförnum árum lagt drög að, svo sem t. d. áfengisvarnirnar, sem ákveðnar voru síðast, og stofnun áfengisvarnaráðs með áfengislögunum 1954, og enn fremur, að ætlunin er, að þessi nefnd kynni sér starfsemi hinna ýmsu bindindissamtaka og þá að sjálfsögðu einnig bindindisfræðslu og ótalmargt annað, sem hér kemur til greina. Það er því mjög æskilegt, að það sé sem hlutlausastur aðili, sem þessa athugun framkvæmir, og ég sé ekki, að það sé til nein æskilegri leið í því efni en að það séu þm. sjálfir, sem taki á sig þá kvöð að reyna að kynna sér þetta til hlítar. Ég efast ekkert um, að bindindissamtökunum er ekki nema þökk í því, að slíkur aðili kynni sér þeirra starfsemi. Þau verða oft fyrir hnútukasti og því haldið fram, að þau vinni ekki skynsamlega að þessum málum og geri ekki nógu mikið, og ég tel einnig nauðsynlegt, að sú hlið málsins sé athuguð til hlítar. Fjöldi nm. er beinlínis ákveðinn með hliðsjón af því, að allir þingflokkar geti hér átt hlut að máli. Hér er ekki um pólitískt mál að ræða, heldur, eins og ég áðan

sagði, mjög víðtækt og alvarlegt þjóðfélagsvandamál, sem mér finnst ekki auðið fyrir Alþingi að reyna ekki að taka ákveðnari og fastari tökum en gert hefur verið til þessa.

Þetta er meginefni míns máls, herra forseti, og ég sé ekki ástæðu til, nema frekara tilefni gefist, að ræða málið frekar í einstökum atriðum, en vil leyfa mér að leggja til, að till. verði að lokinni þessari umr. vísað til síðari umr. og hv. allshn.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég vil lýsa yfir fylgi mínu við þessa till. Ég tel, að hér sé tekið á máli, sem mikil þörf er að leyst verði, því að það vandamál, sem hér um ræðir, drykkjuskaparvandamálið, fer að mínum dómi ört vaxandi. Það er mun meira vandamál nú en það var fyrir aðeins örfáum árum. Og ég held, að það hafi verið alveg rétt hjá flm. þessarar till. að leggja einmitt til, að í þessa nefnd skuli eingöngu kosnir alþm. og stefnt að því að sjá um, að alþm. úr öllum flokkum geti átt kost á því að taka þátt í þessari undirbúningsrannsókn, sem gert er ráð fyrir að fram fari samkv. þessari till. Það kann vel að vera, að það fari nú með þessa nefndarskipun eins og sumar aðrar, sem átt hafa sér stað um svipuð málefni og þetta, að árangurinn verði ekki sem skyldi. En ég held þó, að það sé miklu meiri von til þess, að hægt sé að fá réttan skilning hér á Alþingi á því, hvað nauðsynlegt er að gera í þessum vandamálum, ef það mætti takast að fá a. m. k. 7 alþm. til að rannsaka þessi mál niður í kjölinn og reyna að gera sér á raunhæfan hátt grein fyrir því, hvað hægt er að gera til úrbóta í þessum efnum. Þessu hefur nefnilega þannig verið varið nú um langan tíma, að hér á Alþingi viðurkenna velflestir a. m. k., að drykkjuskaparvandamálið sé mikið vandamál og það þurfi að gera ráðstafanir til þess að reyna að draga úr drykkjuskap í landinu. Þetta er viðurkennt með almennum orðum, en hins vegar hefur mér fundizt, að þegar komið hefur að því að taka nokkuð raunhæft á málinu, þá hafi allt of margir viljað skjóta sér undan, þá hafi menn í mesta lagi verið fúsir til að setja nefnd, einhverra utanþingsmanna helzt af öllu, til þess að kíkja í málið, og þá hefur það fengið að dúsa í þeirri nefnd furðulengi og heldur lítið reyndar tekið síðan upp á Alþingi aftur af þeim till., sem kunna að hafa komið fram í viðkomandi nefnd.

Það var ekki ætlun mín við þessa umr. málsins að fara að telja hér upp nein úrræði eða neitt af því, sem ég tel að kæmi til mála að gera í þessum málum. En ég hlýt þó að benda á, að það er nauðsynlegt að þora að gera vissar ráðstafanir, sem kunna e. t. v. að mæta nokkurri andspyrnu í byrjun, ef maður á að ná nokkrum árangri í þessum efnum. Fyrir nokkrum árum var t. d. leitað eftir því hér til Alþingis að heimila allmiklu fleiri útsölustaði á áfengi en áður hafði verið leyft. Þá var farið fram á það, að velflest samkomuhúsin hér í höfuðstaðnum fengju aðstöðu til þess að selja gestum sínum áfengi. Og því var þá mjög haldið fram, að þetta ætti að verða til þess að aflétta ýmsum ófögnuði, sem áður hafði verið samfara því, að það var óheimilt að hafa áfengi um hönd á þessum samkomustöðum. Þá var mikið um það talað, að það þyrfti að leggja af slíkan óvanda eins og þann, að menn væru á alls konar pukurslegan hátt að koma með áfengi inn á þessa samkomustaði, og allt átti síðan að fara fram með miklu betri hætti, eftir að þessir samkomustaðir hefðu fengið formlegt og lagalegt leyfi til þess að selja áfengi. Auðvitað gat engum manni blandazt hugur um það á þessum tíma, að það, sem lá á bak við þessar óskir, var, að forráðamenn þessara samkomustaða voru að búa í haginn fyrir sig fjárhagslega. Þeir vildu fá aðstöðu til þess að geta haft nokkurn hagnað af því að selja áfengi. Og í ýmsum tilfellum höfðu þessir aðilar beinlínis viðurkennt það, að þeir stæðu nokkuð höllum fæti með reksturinn á sínum samkomustöðum í samkeppni við þann eina stað hér í bænum, sem þá hafði leyfi til áfengissölu. Alþingi lét undan í þessum efnum og hefur á þann hátt skapað, t. d. í samkomuhaldi í landinu, þeim aðilum, sem veita áfengi, sérstakan forgangsrétt eða sérstaka aðstöðu fjárhagslegs eðlis fram yfir aðra staði eða önnur samkomuhús, sem hafa ekki leyfi til þess að selja áfengi. Ástandið er því raunverulega þannig nú, að frá löggjafans hálfu eru þau samkomuhús í landinu, sem selja áfengi og vinna að því að dreifa því út, verðlaunuð, en hinir samkomustaðirnir bera sig eins og hinir gerðu áður, bera sig illa undan því, að þeir hafa ekki samkeppnisaðstöðu við þessa. Ég mundi auðvitað í þessum tilfellum vilja leggja það til um allmarga samkomustaði, sem nú hafa heimild til vínsölu, að þessi heimild yrði af þeim tekin, því að ég álít, að á almennum samkomustöðum eigi ekki að fara fram vínsala. En hitt kæmi þó vissulega til greina líka, að styrkja og styðja þá samkomustaði alveg sérstaklega, sem halda uppi samkomum, án þess að þar sé haft vín um hönd. Ég veit um forustumenn, sem stjórna samkomuhaldi hjá vissum félagsheimilum, sem höfðu beinlínis sett sér þær reglur, að þeir skyldu ekki heimila neinar þær samkomur, sem mættu flokkast undir drykkjumannasamkomur, í þeim húsakynnum. En reynslan sýndi þeim það, að þá átti svo að segja að einangra þessa samkomustaði, þeir áttu að verða skágengnir, ef þeir settu þarna upp strangar reglur. Þá voru þeir ekki taldir samkeppnisfærir við hina, sem höfðu alveg lausan tauminn í þessum efnum. Nei, það kæmi vissulega til greina, að þær ráðstafanir yrðu gerðar í sambandi t. d. við samkomuhald, að þeir staðir, sem stæðu fast á því, að þar væri ekki vín haft um hönd, nytu alveg sérstaks stuðnings hins opinbera. Í slíkum ráðstöfunum kæmi fram vilji opinberra aðila til þess að reyna að hafa áhrif á gang málanna.

Ég held líka, að það sé alveg nauðsynlegt að taka með allt öðrum hætti á drykkjuskaparafbrotum ýmsum en gert er. Nú ber allt of mikið á því, að ýmiss konar brot séu beinlínis afsökuð með því, að viðkomandi hafi verið drukkinn, og hann fái linari dóm að ýmsu leyti í slíkum tilfellum, og það ber allt of mikið á því, að opinberir starfsmenn, t. d. beint á vegum opinberra aðila, komist hreinlega upp með það að brjóta settar reglur í störfum sínum einmitt

í sambandi við drykkjuskapinn. Ef einarðlega yrði tekið á slíkum atriðum, held ég, að það gæti haft allmikið að segja.

Ég skal svo ekki hér fara að ræða þetta mál á víðum grundvelli, en vil aðeins segja það, að ég styð eindregið þá till., sem hér er flutt. Ég held, að það sé kominn meira en tími til þess, að Alþingi sjálft rannsaki þetta mál og það ýtarlega og reyni að gera sér grein fyrir því, hvað helzt er tiltækilegt að gera til þess að draga verulega úr vaxandi drykkjuskap, sem tvímælalaust er að mínum dómi í landinu, því að ég held, að það sé enginn vafi á því, að drykkjuskaparóregla hefur farið í vöxt hin síðari ár, svo að það er sannarlega tími til kominn að reyna að reisa þar skorður gegn.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Ég mun aðeins segja fá orð um þessa till. nú, en fyrst og fremst það, að ég lýsi ánægju minni yfir því, að hún er komin fram, og stuðningi við hana. Hún er að því leyti merkileg, að ég kalla, að þarna á að fela alþm. einum að rannsaka mál og koma með till. í því máli. Þetta tel ég mikinn kost við till. Það fer vel á því, að það komi í ljós, hversu alþm. taka málið alvarlega. Mér hefur fundizt stundum, að á Alþingi hafi verið talað blítt, en lítið aðhafzt í þessum málum á þeim undanförnu árum, sem ég hef setið á þingi. Ég átti hlut að því einu sinni að flytja till. um þessi mál. Það var um að afnema þann ósið að veita áfengi í opinberum veizlum. En við þrír, sem fluttum þá till., vorum hv. þm. Alfreð Gíslason, Pétur Ottesen og ég. Og útkoman þá, þegar atkvæði voru greidd um þá till., gaf ekki góðar vonir um framtak Alþingis til umbóta í þessum málum. Mér finnst því fara vel á því, að nú sé reynt á það, hvað alþm. sjálfir duga, hvað alvaran er mikil í því að reyna að hefta það böl nokkuð, áfengisbölið, sem nú er hér í landi.

Hv. flm. nefndi m. a. í ræðu sinni hér áðan, að almenningsálitið þyrfti að breytast í þessum efnum. Þetta er alveg rétt. En af hverju er almenningsálitið eins og það er? Ætli yfirvöld landsins, Alþingi og aðrir, sem forustuhlutverk hafa í þjóðfélaginu, eigi ekki sína sök á þessu almenningsáliti? Það er vitað mál, að það hefur sín áhrif, hvað höfðingjarnir hafast að. Og meðan stjórnarvöld halda uppi, ég vil kannske ekki segja daglegum drykkjuveizlum, en allt að því, þá er ekki von á góðu.

Mér er ljóst, að það verður ekki mikill árangur af þessum störfum þingmannanefndarinnar, ef þm. hafa ekki hörku í sér til þess að taka á þessum málum eins og þarf að taka, svo að einhver árangur náist. Það verður að koma við hagsmuni eða óskir ýmissa aðila og jafnvel háttsettra aðila í landinu, ef einhver árangur á að nást. Það er ekki langt síðan hér var til umr. frv. um þessi mál, það mun vera komið til 3. umr. í hv. Nd. Mér er tjáð, að allar líkur bendi til þess, að það sofni þar. Ég veit ekki, hvað rétt er í því, að ástæðan sé sú, að flutt var brtt. við frv. um að afnema þann afslátt, sem ýmsum háttsettum mönnum hefur verið veittur við áfengiskaup. Svona er það, þegar á á að herða, þá verður árangurinn ekki meiri en þetta. En við skulum vona, að hin væntanlega þingmannanefnd hafi framtak og dirfsku til þess að brjóta ísinn og hiki ekki við að koma við þessa gömlu siði, drykkjusiðina, hagsmunina, frelsið til þess að drekka, þegar menn vilja drekka, o. s. frv. Reynist nefndin ekki fær um það, þá held ég, að árangurinn verði lítill. En hafi hún manndóm til þess að gera það, þá hefur hún betri skilyrði til þess að koma hér miklu til leiðar heldur en nokkur önnur nefnd, sem að þessu hefur starfað.

Mér finnst n. nokkuð fjölmenn. En ég veit, að hv. flm. hefur gert það til þess, að allir flokkar gætu átt þarna fulltrúa, og það er líka nauðsynlegt. Það hefði líka mátt hugsa sér, að þetta væri 4 manna nefnd, þar sem hver flokkur hefði tilnefnt sinn fulltrúa, — það er ekkert aðalatriði, ég legg enga áherzlu á það. Þá sýnist mér, að ekki sé gert ráð fyrir í till., að neinn kostnaður verði af þessu. Ég held, að það þyrfti að bæta úr því. Mér hefur fundizt stundum, að þegar nefndir hafa átt að starfa án þess að fá neitt fyrir það og kannske án þess að fá greiddan neinn kostnað, sem af störfunum kynni að leiða, þá yrði það til þess að draga úr árangrinum. Svo mikið græðir ríkið á áfengissölunni í landinu, að það er ekki of gott til þess að kosta eina nefnd. Ég vil beina þessu til hv. þn., sem fær þetta til athugunar. Ég skal ekki segja um það fleiri orð nú, en ég vænti þess, að þessari till. verði vel tekið.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 69. fundi í Sþ., 24. apríl, var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv. og til allshn. með 34 shlj. atkv.

Á 73. og 75. fundi í Sþ., 6. og 9. maí, var till. tekin til síðari umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 78. fundi í Sþ., 13. maí, var till. enn tekin til síðari umr. (A. 372, n. 573, 552).

Frsm. (Sverrir Júlíusson): Herra forseti. Allshn. mælir með samþykkt þáltill. á þskj. 372. Eins og fram kemur í nál. á þskj. 573, er þáltill. þessi flutt af 6. þm. Norðurl. e., Magnúsi Jónssyni. Það er ekki ástæða til þess að ræða ýtarlega það mál efnislega, sem hér er til umr., eða vandamálið sjálft, þar eð hv. alþm. hafa á yfirstandandi þingi, bæði hér í Sþ. og einnig í hv. Nd., rætt áfengisvandamálið í sambandi við þau frv. til l. og þáltill., er fyrir liggja. Mig langar þó að tefja umr. nokkuð með fáum orðum.

Ég geri ráð fyrir, að meira hafi verið rætt um áfengisvandamálið, bæði í þingsölum og utan þeirra, á yfirstandandi þingi en oft áður, þegar undan eru skilin þau þing, er sett hafa ný áfengislög, eins og gert var á þinginu 1933 og þegar mikilsvarðandi endurskoðun á áfengisl. var gerð 1953—1954. En hver er ástæðan? Þjóðin var vakin til allalvarlegrar umhugsunar um þessi mál fyrir tæpu ári með Þjórsárdalsslysinu. Ég ætla ekki að fara að ræða það hér né þau viðbrögð, er hæstv. menntmrh. hafði, og þær ráðstafanir, er hann gerði í samráði við hæstv. dómsmrh., enda hefur það komið fram

í þskj. Ég álít, að í þessum efnum gerist mörg Þjórsárdalsslys og fæst þeirra komi á vit almennings. — Er það ekki Þjórsárdalsslys, þegar stúlkum á gagnfræðastigi er vísað úr skóla vegna ölvunar, eins og skýrt var frá í einu dagblaði í vetur? Eða er það ekki Þjórsárdalsslys, þegar ungum mönnum er vísað úr menntaskóla vegna ölvunar, eins og komið mun hafa fyrir í vetur? Að nota Þjórsárdalinn, þennan fagra og friðsæla stað, í þessu líkingamáli er e. t. v. ekki rétt. Á þeim fagra stað hafa margir notið hins glæsta útsýnis og þeirrar stórfenglegu náttúrufegurðar, sem þar gefur að líta. Þjórsárdalurinn er sá friðar- og fegurðarreitur, er líkja mætti við æsku- og uppvaxtarár hvers manns.

Mér hefur lengi verið minnisstæð setning, er einn mikill skólafrömuður sagði fyrir mörgum árum í blaðaviðtali: „Gefðu mér barnið frá 7—10 ára.“ Ég skildi ummæli þessa mikla skólamanns þannig, að ef hann fengi að leggja grunninn að námsferli barnsins á réttum tíma, væri vel séð fyrir framhaldinu. — Er það ekki einmitt fræðsla um áfengismál, sem við verðum að leggja meiri rækt við? Ég tel, að hlutlausa fræðslu um áfengismál þurfi að auka stórlega í skólum landsins, en að því er ég bezt veit, er það aðeins einn dag á ári, 1. febr., sem skólunum er gert að skyldu að fræða nemendur sérstaklega um þessi mál. Ef ungmennum á aldrinum 12—18 ára, sem eru innan dyra skólanna, væri veitt skipuleg og hlutlaus fræðsla um áfengisnotkun og áhrif áfengis á líkama og sál mannsins, þá tel ég, að skapast mundi sú sjálfsvirðing hjá unglingunum, er sérstaklega þyrfti að leggja áherzlu á. Sömuleiðis þarf að vekja þá ábyrgðartilfinningu, er hver einstaklingur verður að hafa á sjálfum sér og sinni framtíð á þessu sviði sem öðrum.

Skoðun mín er sú, að hin tápmikla æska, sem landið byggir og hefur betri skilyrði til auðugra lífs í landinu en nokkru sinni fyrr, muni ekki bregðast hlutverki sínu, hvorki í þessum efnum né öðrum, ef okkur, sem fullorðnir erum, foreldrum, öðrum uppalendum og forráðamönnum skóla tekst að búa svo að æsku og ungmennum þessa lands, að þau þurfi ekki að leita á náðir Bakkusar, svo sem því miður virðist vera allt of algengt. Félagsskapur og sá jarðvegur, sem unglingurinn vex upp í, ræður miklu um afstöðu ungmenna til þessara mála. Almenningsálitið verður að koma þeim til hjálpar, sem gæta eiga settra laga í þessum efnum hverju sinni.

Þegar ég fór að athuga um framsögu fyrir hönd hv. allshn. um þetta mál, fékk ég gefnar upp nokkrar tölur, sem ég vil skýra frá.

Sala áfengisverzlunar ríkisins nam á árinu 1955 89.2 millj. kr., en á s. l. ári nam salan rösklega þrisvar sinnum hærri upphæð, 277.6 millj. kr. Tölur þessar gefa að sjálfsögðu ekki rétta hugmynd um aukningu áfengisneyzlunnar á þessu tímabili vegna þeirrar miklu hækkunar, sem orðið hefur á áfengi. Áfengisneyzlan á árinu 1955 var 1.45 lítrar af 10% áfengi á hvert mannsbarn í landinu, en á s. l. ári eða árið 1963 var neyzlan rúmlega 33% hærri eða 1.93 lítrar af 100% áfengi á hvert mannsbarn. Ég hef hér fyrir framan mig skýrslu um áfengisnotkun landsmanna aftur til ársins 1881, en að vísu er það meðaltal 5 ára tímabila til ársins 1950. Skýrsla þessi sýnir, að árið 1963 er áfengisneyzla landsmanna mest á þessari öld. Við verðum að fara aftur til tímabilsins 1896—1900 til þess að fá sambærilega tölu, eða 1.96 lítra á mann. Ef við lítum á árið 1935, sem var fyrsta heila árið eftir að sala sterkra drykkja var leyfð á ný, var neyzlan 0.90 lítrar á mann, en árið 1963 rúmum 114% hærri. Á tímabilinu 1936—1940 var meðalneyzlan 0.88 lítrar á mann á ári, en s. l. ár var hún rúmum 119% hærri en meðaltal fyrrnefnds tímabils. Mér virðist, að hér séu mjög athyglisverðar tölur, er sýna, að áfengisneyzla landsmanna er orðin ískyggilega há og þörf muni vera mikilla almennra aðgerða.

Það er vissulega íhugunarefni, að það var einmitt á tveimur síðustu tugum nítjándu aldarinnar, að áfengisneyzlan er sambærileg við líðandi stund. Nefnd sú, er kosin verður af þinginu, ef till. verður samþykkt, má íhuga, að aðrar ástæður lágu til grundvallar þeirri miklu neyzlu, hin mikla örbirgð landsmanna mun hafa ráðið miklu. Nú ræður velsæld mestu, og áberandi er, að kvenfólk og ungmenni neyta nú talsverðs áfengis, er mun hafa verið undantekning í þá daga.

Ég skal ekki orðlengja þetta meira, en eins og ég sagði í upphafi, leggur allshn. til, að þáltill. á þskj. 372 verði samþykkt. N. er ljóst, að hér er um mikið og vandasamt verk að ræða. Með leyfi forseta, vil ég lesa till.:

„Alþingi ályktar að kjósa nefnd sjö alþingismanna til þess að rannsaka svo sem verða má ástandið í áfengismálum þjóðarinnar og eðli og orsakir þessa mikla vandamáls. Skal n. jafnframt kynna sér framkvæmd áfengisvarna, starfsemi bindindissamtaka og endurskoða eftir þörfum gildandi löggjöf um áfengismál. Að loknum athugunum sínum skal n. gera rökstuddar till. um þær úrbætur, er hún telur nauðsynlegar og framkvæmanlegar.“

Það er mikið verk, sem nefnd þeirri verður falið, ef hún verður kosin, að grafa svo djúpt ofan í þetta vandamál, og ég vona, að henni farnist vel. Allshn. telur það mjög vel til fallið, að í n. verði eingöngu alþm., er litið verður á sem sérstaka fulltrúa þeirra, sem setja skuli lög og reglur að lokinni rannsókn.

Á þskj. 573 er þess getið, að Gísli Guðmundsson, hv. 3. þm. Norðurl. e., *áskildi sér rétt til* þess að flytja viðbótartill., og hefur hann gert það á þskj. 552. Allshn. hefur ekki haft tækifæri til þess að taka afstöðu til brtt. eða viðbótartill. Að mínu viti er hún að engu leyti afgerandi, því að að sjálfsögðu mundu þeir, er kosnir verða, hafa samráð við áfengisvarnaráð og starfandi félagssamtök gegn áfengisbölinu. En samkvæmt brtt. er fyrirskipað, að svo skuli gert. Ég tel, að sá háttur muni verða hafður á, hvort sem brtt. verður samþ. eða ekki, og tek þess vegna ekki persónulega afstöðu til till. En eins og fyrr segir, mælir allshn. einróma með þáltill.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. á þskj. 573, er ég eins og aðrir nm. í allshn. fylgjandi því, að till. á þskj.

372 verði samþykkt. En ég áskildi mér í n., eins og frsm. sagði, rétt til þess að flytja brtt., sem ég reyndar hafði þá ekki tilbúna, þegar n. afgreiddi málið, en hef nú flutt á þskj. 552. Brtt. mín eða öllu heldur viðaukatill. á þskj. 552 er þess efnis, að þegar 7 manna þm.-nefndin gerir till. sínar um þær úrbætur, er hún telur nauðsynlegar og framkvæmanlegar, eins og það er orðað í till., þá skuli hún gera þessar till. í samráði við áfengisvarnaráð og starfandi félagssamtök gegn áfengisbölinu. Mér finnst það tilhlýðilegt, að ákveðið sé í ályktuninni sjálfri, að samráð skuli haft við þessi gagnmerku samtök, sem starfað hafa af dugnaði og fórnfýsi gegn þeirri plágu, sem hér er um fjallað. Og ég tel, að þessi viðbót við till. gefi henni æskilegan blæ.

Ég skal ekki hafa um þetta fleiri orð. Ég vænti þess, að enginn hv. þm. sé því mótfallinn, að þessi viðauki sé samþykktur.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Ég vil í fyrsta lagi þakka hv. allshn. fyrir þær viðtökur, sem þessi till. hefur fengið, en hefði þó ekki staðið upp sérstaklega vegna þess, heldur vegna þeirrar brtt., sem hv. 3. þm. Norðurl. e. hefur hér flutt. Ég get fullkomlega tekið undir öll hans orð um það, að þau samtök, sem hann nefndi, hafa unnið hið merkilegasta starf í þágu bindindismála, og sjálfur ætti ég ekki að hafa á móti því, að samvinna sé við þau höfð, þar sem ég á sæti m. a. í áfengisvarnaráði og stjórn Landssambandsins gegn áfengisbölinu. En engu að síður mundi ég telja það óæskilegt, að þessi brtt. yrði samþ., og það stafar af því, sem ég veit að allir hv. þm. munu gera sér grein fyrir, að hér er sú sérstæða leið farin um nefndarskipun, að það er ákveðið, að eingöngu alþm. skuli taka sæti í n., og ég gerði grein fyrir því, þegar ég flutti framsögu um málið, að ég teldi æskilegt, að starfshættir þessarar n. yrðu sem allra óbundnastir, og í rauninni tel ég það mjög hæpið og óeðlilegt, að Alþingi fari að segja slíkri n., sem skipuð er eintómum þm., hvernig hún eigi að vinna verk sem þetta. Það er eðlilegt, að það sé mótað, hvaða verk hún á að vinna, en ekki hvaða starfshætti hún hafi. Það geta auðvitað komið til greina ótal aðilar, sem nauðsynlegt er að hafa samráð við. En að binda slíka þm.-nefnd á þann veg að fyrirskipa henni beinlínis, að hún skuli hafa samráð við tiltekna aðila, tel ég, að væri ekki til bóta, og þetta er ástæðan til þess, að ekki var í till. sjálfri neitt um það, við hverja þessi n. skyldi tala, við hverja hún skyldi hafa samráð að öðru leyti, og ég hefði talið það langæskilegast, ef hv. flm. brtt. hefði viljað fallast á að taka hana aftur. Ég veit, að fyrir honum vakir ekki nema gott eitt í þessu máli, en með hliðsjón af þeirri hugsun, sem liggur að baki skipun n., teldi ég, að það væri mjög óheppilegt fyrir n. sjálfa, að hún fengi einhver ákveðin fyrirmæli um það frá þinginu, hvernig hún skyldi haga störfum sínum. Það eru því í fyrsta lagi tilmæli mín til hv. þm., að hann féllist á að taka till. aftur, en að öðrum kosti treysti ég mér ekki fyrir mitt leyti til að mæla með því, að hún sé samþykkt, með allri virðingu fyrir þeim ágætu samtökum, sem þarna er um að ræða.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð í tilefni af ræðu hv. 6. þm. Norðurl. e.

Í þeirri till. til þál., sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir að kjósa n. 7 alþm. til þess, eins og það er orðað, að rannsaka svo sem verða má ástandið í áfengismálum þjóðarinnar og eðlilegar orsakir þessa mikla vandmáls. Í brtt. minni á þskj. 552 er ekki gert ráð fyrir neinni breytingu á skipun n. Það er aðeins gert ráð fyrir því, að í till. sjálfri verði tekið fram, að við tillögugerð skuli haft samráð við þau samtök í landinu, sem einkum hafa unnið gegn áfengisbölinu. Hér er ekki sagt, að fara skuli eftir till. þessara aðila, eingöngu að það skuli haft samráð við þá. Að því er ég bezt veit, er það mjög venjulegt orðalag, þegar n. eru settar, að þá sé mælt svo fyrir, að haft sé samráð við hina og aðra aðila í starfi sínu, stéttarfélög, áhugamannafélög og alls konar stofnanir. Það er ekkert óvenjulegt við þetta. Mér finnst þetta tilhlýðilegt, og mér finnst, eins og ég sagði áðan, þetta gefa till. æskilegan blæ. Og ég verð að segja það, að ef ekkert slíkt er í till., er hún að mínum dómi nokkuð blælítil. Hitt má vel vera, að þetta samráð verði haft eigi að síður við þessi samtök. En hitt hefði mér þótt, eins og ég sagði, tilhlýðilegra, að það væri tekið fram í till. sjálfri, eins og algengt er.

Ég tók eftir því, að hv. frsm. allshn. tók ekki afstöðu til þessarar till. En mér til nokkurrar undrunar hefur flm. till. heldur lagzt á móti því, að hún yrði samþykkt, og vildi ég nú biðja hann að athuga, hvort hann sæi ekki ástæðu til þess að endurskoða þá afstöðu sína til málsins. Skal ég svo ekki segja meira um þetta að sinni.

ATKVGR.
Brtt. 552 tekin aftur.
Tillgr. samþ. með 38 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 36 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 693).

28. Björnssteinn á Rifi.

Á deildafundum 6. apríl var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um að varðveita Björnsstein á Rifi [199. mál] (A. 418).

Á 59. fundi í Sþ., 8. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 68. og 70. fundi í Sþ., 22. og 29. apríl, var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 73. fundi í Sþ., 6. maí, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Vestur við Rif á Snæfellsnesi er sá staður, þar sem Björn ríki hirðstjóri var skorinn af Bretum

fyrir tæplega fimm öldum. Þar heitir Björnssteinn, stundum kallaður Bjarnarsteinn, og er staður þessi nú allilla á sig kominn, steinninn hálfsokkinn í sand og í vanhirðu.

Þessi sögustaður er nú á athafnasvæði hinnar nýju Rifshafnar, og er því nú tími til þess að bjarga honum, ef ástæða þykir til að gera það. Þm. Vesturlands voru nýlega á ferð þarna vestur frá og sáu ummerki þessa gamla sögustaðar, sem hefur lifað í minningu þjóðarinnar, og töldu, að ekki væri rétt að gráta Björn, heldur safna liði. Þess vegna er þessi litla till. flutt. Er tilgangur hennar eingöngu að fá heimild Alþingis til, að bjarga megi þessum sögustað og láta landshöfnina í Rifi kosta þá björgun. Það er ekki mikill kostnaður, en eðlilegur vegna þess, að staðurinn er á landshafnarsvæðinu, og er hægt að varðveita steininn án þess að valda hafnarframkvæmdum nokkrum vandræðum. Mundi það raunar gott fordæmi, að þar sem verklegar framkvæmdir eiga sér nú stað, skuli jafnframt vera hugsað fyrir því að eyðileggja ekki fornar minjar, ef þær eru á viðkomandi stöðum.

Herra forseti. Ég legg til, að umr. verði frestað og málinu vísað til hv. fjvn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 74. fundi í Sþ., 8. maí, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 39 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 78. fundi í Sþ., 13. maí, var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 418, n. 638).

Frsm. (Jón Árnason): Herra forseti. Á þskj. 418 er till. til þál. um að varðveita Björnsstein á Rifi. Tillgr. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta varðveita svonefndan Björnsstein á Rifi á Snæfellsnesi og búa um hann eftir fyrirmælum þjóðminjavarðar. Skal kostnaður teljast með stofnkostnaði landshafnar á Rifi."

Umræddur steinn á sína sögu, sem lifað hefur með þjóðinni nú um nærri 5 alda skeið. Sagan segir, að Björn ríki Þorleifsson hafi árið 1467 komið út á Snæfellsnes og hafi þá slegið í bardaga milli hans og enskra kaupmanna, sem þar ráku þá óleyfilega verzlun. Viðureign þessi var hörð, og er sagt, að Björn hirðstjóri og menn hans hafi barizt vasklega, en hafi að lokum hörfað undan fyrir ofurefli liðs, en bardaganum lauk á umræddum steini og þar á Björn að hafa verið hálshöggvinn. Síðan hefur bjarg þetta eða steinn verið nefndur eftir Birni og kallaður Björnssteinn. Það er annað, sem tengt er atburði þessum og einnig hefur geymzt með þjóðinni um fimm aldir, en þar á ég við viðbrögð og svör húsfreyju Björns ríka, Ólafar Loftsdóttur. En hún á að hafa sagt, þegar hún frétti fall bónda síns: „Eigi skal gráta Björn bónda, heldur safna liði og hefna."

Eins og segir í grg. fyrir till., er steinn þessi á umráðasvæði landshafnarinnar á Rifi. Hann er nú að miklu leyti grafinn í sandinn, en þar sem búast má við miklu jarðraski samfara hafnarbyggingunni, þarf að hafa með því vakandi auga, að þessar fornu minjar líði ekki undir lok og að búið verði um steininn eftir fyrirmælum þjóðminjavarðar, eins og tillgr. kveður á um. Og það er ekki óeðlilegt, eins og á stendur, að kostnaðurinn við þær aðgerðir, sem hér er þörf á, verði greiddur og talinn með í stofnkostnaði landshafnarinnar. Fyrir því leyfir fjvn. sér að mæla með samþykkt þessarar till.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 31 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 694).

29. Félagsheimili.

Á deildafundum 7. apríl var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um endurskoðun laga um félagsheimili og um eflingu félagsheimilasjóðs [204. mál] (A. 434).

Á 59. fundi í Sþ., 8. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 63. fundi í Sþ., 15. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 64. fundi í Sþ., s. d., var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Í þáltill. þeirri, sem hér liggur fyrir, er lagt til, að Alþingi skori á ríkisstj. að láta fram fara endurskoðun á gildandi lögum um félagsheimili með það fyrir augum, að félagsheimilasjóður verði efldur og eðlileg skilyrði heilbrigðs félags- og menningarlífs verði sköpuð í sem flestum byggðarlögum landsins. Jafnframt verði ráðið fram úr þeim vandræðum, sem fjárskortur félagsheimilasjóðs hefur valdið einstökum héruðum. Skal þessari endurskoðun lokið fyrir samkomudag næsta reglulegs Alþingis.

Til rökstuðnings þessari till. þarf ekki að hafa mörg orð. Það er öllum landsmönnum kunnugt, að félagsheimilasjóður, sem stofnaður var með lögum árið 1947, hefur reynzt hin gagnlegasta stofnun, sem stuðlað hefur að byggingu fjölda myndarlegra og glæsilegra samkomuhúsa víðs vegar um land. Í stað gamalla, hrörlegra og gersamlega ófullnægjandi samkomuhúsa hafa verið byggð fögur og aðlaðandi félagsheimili, þar sem hvers konar félagslíf fólksins í sveit og við sjó hefur eignazt athvarf. Þessi nýju og vistlegu salarkynni hafa stórbreytt aðstöðu til félagslegs samstarfs og margvíslegrar menningarstarfsemi í fjölda byggðarlaga. Fólkið hefur ekki aðeins átt þess kost að koma saman til skemmtunar, félags- og menningarstarfa heima fyrir, heldur hefur það fengið heimsóknir beztu listamanna þjóðarinnar á sviði leiklistar og hljómlistar. Jafnvel

hin unga Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur getað haldið hljómleika í öllum landshlutum, vegna þess að þar voru risin rúmgóð og fögur samkomuhús.

Raddir hafa að vísu heyrzt um það, að félagsheimilin séu gróðrarstía spillingar og upplausnar. Vitanlega er framkoma fólks á samkomum þar misjöfn, eins og almennt gerist í skemmtanalífi þjóðarinnar. En það er áreiðanlega ekki of djúpt tekið í árinni, að einmitt hin nýju og fallegu félagsheimili, sem byggð hafa verið víðs vegar um land, hafa átt ríkan þátt í að bæta samkomubrag og setja menningarsvip á hinar ýmsu greinar félagslífsins. En engum er það ljósara en okkur flm. þessarar till., að brýna nauðsyn ber til þess að draga úr óreglu og drykkjuskap á skemmtisamkomum, ekki aðeins í félagsheimilum, heldur og í öðrum samkomuhúsum og veitingastöðum bæði í sveit og borg.

Eins og kunnugt er, er félagsheimilasjóður byggður upp af nokkrum hluta skemmtanaskatts. En því fer víðs fjarri, að sá hluti skemmtanaskattsins, sem rennur í félagsheimilasjóð, nægi til þess, að sjóðurinn geti staðið í skilum með þau 40% byggingarkostnaðar, sem lögin gera ráð fyrir að hann leggi fram til einstakra félagsheimila. Er nú svo komið, að fjöldi félagsheimila, sem orðin eru fokheld eða bygging þeirra jafnvel lengra á veg komin, hafa svo til engan stuðning hlotið úr félagsheimilasjóði. Veldur þetta þessum byggðarlögum eðlilega miklum erfiðleikum og stendur félagslífi þeirra fyrir þrifum. Í mörgum öðrum byggðarlögum hefur ekki heldur verið unnt að ráðast í byggingu nýrra félagsheimila vegna hins þrönga fjárhags félagsheimilasjóðs.

Það er skoðun flm. þessarar till., að úr þessu vandræðaástandi verði að bæta. Þess vegna er lagt til, að ríkisstj. láti endurskoða lögin um félagsheimili frá 1947 og freisti nýrra leiða til þess að efla félagsheimilasjóð og gera honum kleift að standa við skuldbindingar sínar gagnvart þeim byggðarlögum og samtökum almennings, sem ráðizt hafa í byggingu félagsheimila víðs vegar um land eða hafa slíkar framkvæmdir í undirbúningi.

Í sambandi við endurskoðun l. um félagsheimilasjóð er eðlilegt, að fram fari jafnframt endurskoðun á lögum og reglum um skemmtanaskatt, sem verið hefur megintekjustofn sjóðsins.

Um það þarf ekki að fara í neinar grafgötur, að eðlilegt og heilbrigt félags- og menningarlíf hefur stórfelld áhrif á allt líf og viðhorf fólksins í hverju byggðarlagi. Það er ekki aðeins æskan, sem vill hafa aðstöðu til félagslífs og skemmtana. Allir menn, ungir og gamlir, vilja geta komið saman, blandað geði og notið tilbreytingar og skemmtunar. Það er krafa nútímans, jafnt í strjálbýli sem þéttbýli, jafnt í kauptúnum og kaupstöðum sem stærri borgum.

Hér í höfuðborginni hefur orðið stórfelld og ánægjuleg breyting til batnaðar á allri aðstöðu til iðkunar félags- og menningarlífs. Félagsheimilin úti um land hafa stórbætt aðstöðuna á þessu sviði í fjölmörgum byggðarlögum. En allt of mörg héruð búa enn þá við léleg samkomuhús og ófullkomin skilyrði til félagslífs. Úr þessu verður að bæta. Að því er stefnt með þeirri þáltill., sem hér liggur fyrir.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að óska þess, að þessari till. verði að þessari umr. lokinni vísað til hv. allshn.

Ásgeir Pétursson: Herra forseti. Það liggja hér fyrir í sameinuðu þingi tvær till. til þál. um endurskoðun l. um félagsheimili. Það er till. á þskj. 434, sem hv. 2. þm. Vestf. flytur ásamt öðrum þm., og svo viðaukatill. mín á þskj. 460. Fyrri till. stefnir að því, að félagsheimilalögin verði endurskoðuð með það höfuðmarkmið fyrir augum, að félagsheimilasjóður verði efldur, þannig að hann geti staðið við fjárhagslegar skuldbindingar sínar. Viðaukatill. sú, sem ég hef leyft mér að flytja, stefnir hins vegar að því að hagnýta þá góðu aðstöðu, sem fengizt hefur víða um land með hinum mikla og góða húsakosti félagsheimilanna, til þess að auka og efla menningarlíf dreifbýlisins. Aðalatriði þessarar till. er það nýmæli, að framvegis verði hluta af tekjum félagsheimilasjóðs varið til þess að greiða fyrir slíkri starfsemi.

Áður en ég vík nánar að þeirri till., sem ég hef flutt hér, vil ég segja það um till. þeirra fimmmenninganna, að það væri mjög æskilegt, að hún yrði samþ., því að fjárhagur félagsheimilasjóðs er nú orðið ærið bágborinn og það er óhjákvæmilegt að leita úrræða til úrbóta. En það er raunar í annað sinn, sem slík till. er flutt hér á Alþingi, því að á árinu 1956 var samþ. hérna rökstudd dagskrá um, að ríkisstj. léti endurskoða lögin um félagsheimili, nr. 115 frá 1951, í því skyni, að sjóðnum væri séð fyrir auknum tekjum.

Hv. 2. þm. Vestf., Sigurður Bjarnason, hefur gert grein fyrir fjárþörf félagsheimilasjóðs, og það er þess vegna óþarft að ræða þann þátt málsins nánar, en ég bæti þó aðeins við örfáum aðalatriðum, sem varða hag sjóðsins. Þær upplýsingar, sem ég ætla að geta hér um, hef ég fengið í menntmrn. Samkvæmt þeim voru 77 félagsheimili á úthlutunarskrá um síðustu áramót. Þá var áfallinn byggingarkostnaður tæpar 107 millj. kr. Samkv. þeirri reglu l., að félagsheimilasjóður greiði 40% kostnaðar, nam hlutur hans í þessum kostnaði 42.7 millj. kr. En af þeirri fjárhæð voru tæpar 24 millj. ógreiddar. Nú hagar svo til, að óáfallinn kostnaður við sömu hús var áætlaður 65 millj. kr. Hluti félagsheimilasjóðs af því eru 26 millj. Þess vegna var svo komið um þessi áramót, að ógreitt framlag, áfallið og áætlað, nam tæpum 50 millj. kr. Á hinn bóginn urðu tekjur sjóðsins einungis rúmar 4.1 millj. kr. á árinu 1962, og það er talið, að tekjur ársins 1963 verði rúmar 5 millj. kr., og þá ber að hafa í huga, að tekjuöflunarleið sú, sem hv. Alþingi samþ. hér í fyrra, kom ekki til framkvæmda, eftir því sem ég bezt veit, fyrr en í maímánuði á s. l. ári, og það má þess vegna gera ráð fyrir því, að tekjur þessa árs muni verða á 7. millj. kr., að öðru óbreyttu. Það er ljóst, að sá tekjustofn, sem félagsheimilasjóður hefur af skemmtanaskattinum, og aðrar tekjur, sem til hans renna, eru ónógar og það verður að gera ráðstafanir til úrbóta, og þá er rétt að hafa í huga, að það er ákaflega hæpið að ætla að leysa vanda

sjóðsins með því einu, að beinar tekjur hans verði auknar að því marki, að þær hrökkvi fyrir skuldum. Húsunum er ætlað að standa lengi, og það er ekki óeðlilegt, að félagsheimilasjóður fengi heimild til lántöku, a. m. k. til þess að grynna á þegar áfallinni skuld.

Þá vildi ég leyfa mér að víkja að viðaukatill. minni um það, að hluta af tekjum félagsheimilasjóðs verði varið til þess að greiða fyrir félags- og fræðslustarfsemi í félagsheimilum. Ég vil minna á það á ný, að í dag er öllum tekjum félagsheimilasjóðs varið til þess að byggja félagsheimili, en engum hluta þeirra er varið til þess að afla félagsheimilum menningarlegra skemmti- og fræðsluþátta. Eins og ég gat um fyrr, er í núgildandi lögum um félagsheimili sú skipan á höfð, að öllum tekjum sjóðsins er varið til þess að styrkja byggingu félagsheimilanna. Það var fullkomlega eðlilegt, að þessi háttur væri hafður á í fyrstu, meðan verið var að koma húsunum upp víða um land og þar með skapa hin ytri skilyrði þess, að unnt væri að efla félags- og menningarlíf dreifbýlisins. Nú hefur hins vegar mikill fjöldi félagsheimila verið byggður víða um land eða samtals um 120 félagsheimili, og þar með hafa verið sköpuð hin ákjósanlegustu skilyrði til þess að auka og efla félagslíf og hvers kyns fræðslustarfsemi í tengslum við þau. En það eitt nægir ekki að byggja húsin. Hið sanna er það, að félagsheimilin standa víða lítt notuð og hið takmarkaða félagslíf, sem í þeim fer fram, er aðallega dansskemmtanir um helgar, þó að frá þessu séu að vísu markverðar undantekningar. Þessu veldur bæði sá fjárskortur, sem félagsheimilin eiga við að stríða og leiðir til viðleitni forráðamanna til þess að afla fjár með einhliða dansleikjahaldi, svo og skortur á skipulegri fyrirgreiðslu um öflun menningarlegra skemmti- og fræðsluþátta. Bágborinn fjárhagur hindrar forráðamenn hinna einstöku félagsheimila beinlínis í því að auka félags- og menningarlíf þeirra, en óbeint veldur fjárskorturinn því einnig, að forráðamennirnir geta ekki tekið neina áhættu í sambandi við öflun fræðslu- og skemmtiefnis. Það er ekki ætíð unnt að vita fyrir fram um aðsókn eða þátttöku almennings í skemmtunum eða fræðandi fyrirlestrum eða öðrum dagskráratriðum, og þá er eðlilegt, að menn veigri sér við því að ráða t. d. leikflokka eða tónlistarmenn, svo að dæmi séu nefnd, því að verði aðsókn einhverra hluta vegna lítil, er víðast enginn sjóður fyrir hendi til þess að standa undir tapinu. Af þessum sökum m. a. halda menn að sér höndum.

Það mætti hugsa sér, að tekjur félagsheimilasjóðs skiptust framvegis í tvo staði. Rynni mestur hluti þeirra í byggingarsjóð félagsheimilanna, en nokkur hluti tekna rynni í sjóð, sem t. d. mætti nefna rekstrarsjóð félagsheimila. Yrði hlutverk hans það að afla félagsheimilunum menningarlegs efnis, tónlistar, leiklistar, kvikmynda, listsýninga og annars góðs skemmtiefnis, svo og að efla tómstundastarfsemi fyrir æskufólk. Enn fremur annaðist sjóðsstjórnin skipulagningu á hagnýtingu slíks efnis í félagsheimilum víða um land í samráði við ýmis landssamtök, svo sem t. d. Ungmennasamband Íslands, samtök bænda og sjómanna, svo að einhver dæmi séu nefnd um það. Ekki mundi rekstrarsjóðurinn þurfa að greiða allan kostnað við þessa starfsemi, því að eðlilegt væri, að aðgangseyrir rynni að frádregnum kostnaði við húsin í rekstrarsjóðinn. Væri þá hlutverk sjóðsins og stjórnar hans að glæða og efla menningarlíf og eiga frumkvæðið að því að veita almenningi aukinn aðgang að fræðslu, listum og góðum skemmtunum. Það er því mikilsvert að hefja þessa starfsemi sem fyrst, þótt í smáum stíl væri, til þess að öðlast reynslu og fyllri þekkingu á, hvers fólk óskar og hvað unnt er að hafa á boðstólum. Eðlilegt væri, að samráð væri haft við fulltrúa þjóðleikhússins, sinfóníuhljómsveitar, Landssambands ísl. kóra, fræðslumyndasafns og fleiri menningarstofnana um val efnis og annað það, sem að framkvæmd þessarar till. lýtur.

Nú kann að vera, að einhverjum þyki ekki tímabært að hefjast handa um útfærslu á hlutverki félagsheimilasjóðs, meðan ekki er séð, með hvaða hætti unnt er að ráða fram úr fjárskorti til byggginganna. En þá er því til að svara, að hér er aðeins lagt til, að broti af tekjum sjóðsins, t. d. 5—10%, verði varið til rekstrarsjóðs. Að sjálfsögðu getur ekki verið um það að ræða, að hlutur rekstrarsjóðs geti í fyrstu orðið nema smár, því að knýjandi nauðsyn er á því að grynna á skuldum félagsheimilasjóðs við heimili þau, sem í byggingu eru eða er nýlokið. Hins vegar kemur að því, að nægilega mörgum heimilum verður komið upp og skuldirnar minnka, og þá væri eðlilegt og rökrétt, að hlutur rekstrarsjóðs færi vaxandi, svo að hann geti í auknum mæli greitt fyrir því, að fólk úti á landsbyggðinni eigi kost á því að njóta þess, sem listamenn og fræðimenn hafa að bjóða. Þannig mundi þessi fyrirgreiðsla aukast, eftir því sem meiri reynsla fengist fyrir því, hvernig hagkvæmast og bezt væri að haga þessari þjónustu, og eftir því sem fjárhagsástæður bötnuðu. Enn fremur má benda á það, að eftir því sem tímar líða, verður að gera ráð fyrir, að hagur sjóðsins batni. Og loks er á það að líta, sem mestu máli skiptir og reynslan virðist ótvírætt sýna, að hin vönduðu félagsheimili koma alls ekki að tilætluðu gagni, nema sérstakar ráðstafanir verði gerðar til þess að efla menningarlíf í þeim. Þá er og eðlilegt, að það verði tekið tillit til hins nýja hlutverks sjóðsins, þegar áætluð er framtíðarfjárþörf hans. Það verður að hafa í huga, að vandamál æskulýðsins eru að ýmsu leyti önnur í dreifbýlinu en t. d. hér í Reykjavík. Hér liggur vandi æskufólks m. a. í skorti á viðfangsefnum og heilbrigðri dægradvöl. Unglingarnir hafa ekki nægilegan aðgang að hinni frjálsu náttúru landsins. Vandi æskunnar í sveitunum liggur aftur á móti m. a. í því, að hún á ekki nægilegan aðgang að heilbrigðum skemmtunum og slíkum fræðslu- og menningarlindum sem hér eru fyrir hendi. Það þýðir ekki annað en gera sér grein fyrir þessu, að sá skortur ýtir undir margan æskumanninn að flýja í þéttbýlið. Þessi staðreynd kemur enn skýrar fram, þegar atvinnuskorti úti á landsbyggðinni verður víða ekki lengur kennt um þann flótta, sem kann að eiga sér stað úr sveitunum. Hér er því um það að ræða að gera ráðstafanir til þess að veita

fólki víðs vegar um landið aðgang að þeim menningarlindum, sem til eru í landinu, og þar með skapa mótvægi gegn því aðdráttarafli, sem aðstöðumunur þéttbýlisins á sviði menningar, fræðslu og holls skemmtanalífs veldur. Með setningu slíkra reglna væri stigið raunhæft spor í þá átt að hagnýta þá ágætu aðstöðu, sem hefur fengizt víða um land með hinum mikla og góða húsakosti félagsheimilanna, og þá væri greitt fyrir því á jákvæðan hátt, sem nú er mikið talað um og skrifað, jafnvægi í byggð lands okkar.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Að marggefnu tilefni er nú um það talað, að nauðsyn beri til, að án tafar verði gerð gangskör að því, að félagsheimilasjóði sé aflað mikilla viðbótartekna, svo að bætt verði úr því ófremdarástandi, sem fjármál félagsheimilanna eru í vegna vanskila sjóðsins við þau. Það hefur enn þá verið vanrækt að ráða hér á teljandi bót, því að augljóst er, að tekjuaukavon sú til handa félagsheimilasjóði, sem felst í lagabreytingu þar um frá síðasta Alþingi, verður eins og dropi í hafinu með tilliti til þeirra gífurlegu vanskila, sem félagsheimilasjóður hefur komizt í við félagsheimili. Er sönnu nær að telja, að sá tekjuauki gæti orðið til svolítilla bóta, ef sjóðurinn væri um leið gerður skuldlaus við félagsheimilin. Ég tel það því lofsvert, að fimm hv. alþm. hafa nú tekið sig til með flutningi þessarar þáltill. að ýta á hæstv. ríkisstj. um að draga ekki lengur að bjarga félagsheimilasjóði og þar með félagsheimilunum úr því fjárhagsöngþveiti, sem nú er komið í. En hvað snertir skuldahalann, hef ég ekki trú á, að fljótlega finnist sú tekjuöflun, sem samtímis nægi til að greiða nú þegar eða nægilega fljótt vanskilin við félagsheimilin og jafnframt nauðsynleg árleg framlög til félagsheimilanna vegna óhjákvæmilegra framkvæmda. Virðist mér í fljótu bragði, að þar sé aðeins til ein úrlausn, sem valdi því, að það verði sómasamlega úr þessu vandamáli ráðið, en það er, að ríkissjóður leggi nú fram fé til greiðslu skuldahalans og síðan sem allra fyrst árlegar tekjur sjóðsins auknar svo, að öruggt megi telja, að ekki sæki strax aftur í sama horfið með vanskil. Það mætti e. t. v. þá hugsa sér, að upp væri tekið fastara form um framkvæmdir félagsheimilanna, þeirra sem eftir eru og eftir er að byrja að byggja, og væri hugsanlegt t. d., að eitthvað væri haft þar til hliðsjónar það fyrirkomulag, sem nú gildir um byggingu nýrra barnaskóla og framlög ríkisins til þeirra. Jafnframt því að koma fjárreiðum félagsheimilasjóðs í viðunandi horf, er sjálfsagt nauðsynlegt, eins og þessi þáltill. gerir ráð fyrir, að endurskoðuð séu l. um félagsheimili, og í því sambandi vil ég leyfa mér að benda á, að m. a. tel ég sjálfsagt að breyta l. þannig, að heimilt sé fyrir félagsheimilasjóð að greiða dálitið hærra fjárframlag, þegar um það er að ræða, að mörg sveitarfélög taka höndum saman að byggja eitt sameiginlegt félagsheimili, í stað þess að hvert og eitt sveitarfélag byggi út af fyrir sig. Hafa slík samtök marga augljósa kosti og þ. á m. að geta orðið stórlega til sparnaðar í byggingu, um leið og líkindi eru til, að auðveldara verði að reka slík hús með menningar- og myndarbrag, þegar mörg sveitarfélög standa að rekstrinum.

Við þm. Austf. höfum borið fram slíka till., sem ég minnist hér á, um héraðsheimili, og höfum við þar haft í huga byggingu slíks félagsheimilis eða héraðsheimilis fyrir 10 hreppa á Fljótsdalshéraði. En um rökstuðning þess máls skal ég aðeins vísa til till. okkar og grg. í því efni, þegar það mál var til umr. hér á hv. Alþingi. En í hv. Nd. hlutu þessar till. okkar samþykki á s. l. Alþingi, en var vikið frá jákvæðri afgreiðslu í hv. Ed. af ástæðum, sem ég tel að hafi verið mjög á misskilningi byggðar. Ég vænti þess, að þetta mál verði gaumgæfilega skoðað, þegar til framkvæmda kemur nú við endurskoðun l. um félagsheimili. Þá tel ég, að megi einnig benda á, að eðlilegt sé, að til stofnkostnaðar félagsheimilanna teljist allur húsbúnaður ásamt kvikmyndatækjum, þannig að félagsheimilasjóður taki þátt í slíkum stofnkostnaði, eins og öðrum, sem viðkemur byggingu húsanna.

Axel Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki tefja hér lengi. Ég vil lýsa fylgi mínu við báðar þær till., sem hér hafa verið ræddar.

Það þarf ekki að hafa mörg orð um það, að fjárþörf félagsheimilasjóðs er ærin, og ég vil segja, að ef áfram á að halda á þeirri braut, sem farin hefur verið til þessa, hvað hlut ríkisins í byggingu hvers félagsheimilis viðvíkur, þá sjáum við, að þarna hlýtur þegar að vera komið í óefni eða a. m. k. von bráðar. Tekjur sjóðsins hafa ekki vaxið að sama skapi og ég vil segja kröfurnar um stærri og dýrari félagsheimili. Nú þegar hafa verið byggð nokkur félagsheimili, sem munu hafa kostað einn tug milljóna, og mér er ekki grunlaust um, að í undirbúningi sé bygging félagsheimilis, sem kostar jafnvel fleiri tugi millj., um og yfir 20 millj. Ef félagsheimilasjóður á að standa við sínar skuldbindingar og greiða 40% í þeim tilfellum, þá sjáum við, að tekjuþörf sjóðsins mun verða ærin, þó að ekki sé þá litið á þann mikla skuldahala, sem fyrir er. Það hefur sjálfsagt verið í góðri meiningu gert að útvíkka skyldur félagsheimilasjóðs, þ. e. a. s. gefa fleiri félögum kost á því að verða aðili þar að. En ef það er gert án þess að tryggja sjóðnum auknar tekjur á móti, þá er hætt við, að notagildi samþykktar þeirra laga verði ekki sem skyldi.

Upphaflega hefur það eflaust verið meginsjónarmið að byggja upp félagsheimili vítt úti um landið, þar sem kallað er í hinum dreifðari byggðum, en kaupstaðirnir mundu fremur geta ráðið við þessi mál sjálfir. En ég hygg nú, að reyndin sé að verða sú, að einmitt kaupstaðirnir og þéttbýlið byggi upp dýrustu félagsheimilin. Það er eðlilegt. Þar eru kröfurnar mestar og aðstaðan og nauðsynin til þess að koma þeim upp einnig fyrir hendi, en fjármagn félagsheimilasjóðs vissulega takmarkað, og þá bitnar það einnig á þeim byggðarlögum, sem ráðast í framkvæmdir af enn meiri vanefnum við að koma sér upp félagsheimilum.

Ég held, að í upphafi hefði verið betra — og það er kannske hægt að vera skynsamur eftir á — að skipuleggja þessi mál frekar en gert hefur verið, þ. e. a. s. að ákvarða stærra svæði

fyrir hvert einstakt félagsheimili, að það hafi í mörgum tilfellum verið skaðlegt, að hin gamla hreppaskipan skuli hafa ráðið í þeim málum, miðað við gerbreytta samgönguhætti. Í þessu eins og mörgum atriðum öðrum er hin gamla hreppaskipan orðin — mér liggur við að segja fjötur um fót í uppbyggingu ýmissa stærri mannvirkja, sem auðveldlega er hægt að nýta af íbúum fleiri hreppa til samans. Og það er staðreynd, að þrátt fyrir það, þótt félagsheimilin hafi vissulega leitt margt gott af sér til þessa, þá hafa þó ekki alls staðar rætzt þær vonir, sem byggðar voru á tilkomu þessara glæsilegu húsa, og eins og hv. 2. þm. Vesturl. (ÁP) tók réttilega fram, þau góðu skilyrði, sem þessi glæsilegu félagsheimili hafa skapað til þess að halda uppi fjölþættu félags- og menningarlífi, hafa ekki verið nýtt eins og vonir stóðu til og ég vil segja vonir standa til, að hægt sé að gera. Má vera, að ein af fleiri ástæðum fyrir því, að svo hefur orðið, sé einmitt sú, að þarna var ráðizt í byggingu stórs félagsheimilis af tiltölulega fámennu byggðarlagi, lítið fjármagn fyrir hendi, og þó að hlutur ríkisins, 40%, hafi fengizt allur greiddur, þá hefur það verið ærið átak fyrir byggðarlagið að ljúka sínum hluta. En mér er kunnugt um það, að það hefur þó ekki ávallt verið erfiðasta að koma upp stóru og myndarlegu félagsheimili. Það hafa margir lagt sig fram um að stuðla að því, að það yrði framkvæmanlegt á ódýrari máta fjárhagslega en ætla mætti. En þegar hefur komið að því að reka þessi hús, hefur komið í ljós, að það hefur kostað ærið mikið fé, og eins og hv. 2. þm. Vesturl. tók fram, starfsemin hefur orðið að hníga svo og svo mikið að því að afla fjár til þess — í fyrsta lagi að nokkru leyti að standa undir byggingarkostnaði og a. m. k. að verulegu leyti til þess að standa undir rekstrarkostnaði stórs samkomuhúss. Þetta hefði verið auðveldara í framkvæmd. ef stærri svæði hefðu verið aðilar að hverju félagsheimili, þar sem þannig háttar til, að það er hægt.

Það er vissulega tímabært að óska eftir því, að l. verði endurskoðuð og reynt verði að finna leiðir til þess að efla tekjur félagsheimilasjóðs.

Ef við lítum á þær framkvæmdir, sem byrjað er á, hugum að því, sem fyrirhugað er, þá er þarna um tugmilljóna kostnað að ræða, sem skv. núgildandi lögum félagsheimilasjóðs ber að styrkja að 40%, og ég vil mjög eindregið taka undir tillögu hv. 2. þm. Vesturl. um, að það verði athugað einnig í leiðinni, hvort ekki sé hægt að efla og styrkja fjölþættara félags- og menningarstarf í þessum mörgu glæsilegu félagsheimilum, sem komin eru upp.

Út af því, sem hv. 2. þm. Austf. (HÁ) sagði um, að það væri eðlilegt, að húsbúnaður væri kostaður eða styrktur á sama hátt, þá veit ég, að það hefur verið gert að öðru leyti en kvikmyndasýningarvélar.

Ég veit, að miklu verður ekki úr þessu breytt um skipulag þessara mála, hvað snertir byggingu stærri og færri heimila, sem hafi að baki sér stærri heildir en orðið er nú þegar. Stefnan er nokkuð mörkuð í þessu. Ég viðurkenni, að víða er þetta ekki hægt öðruvísi. Annars staðar liggur þetta mjög vel fyrir. Ég vil sérstaklega leggja áherzlu á, að það er nauðsynlegt að reyna a. m. k. að sameina sem flesta aðila um byggingu félagsheimilis, þar sem það er mögulegt. Og ég vil í leiðinni vekja athygli á því, að ég hygg, að þróunin sé mjög sú hin sama varðandi byggingu íþróttamannvirkja. Við erum skemmra á veg komnir í því að byggja upp íþróttamannvirki vítt úti um landið, en það væri fyllilega ástæða til þess að sporna við því, að það yrði sams konar þróun, hvað snertir byggingu þeirra, og að leggja beri áherzlu á að reyna að sameina enn fleiri aðila um hvert einstakt mannvirki þar heldur en gert hefur verið að mínu viti varðandi félagsheimilin.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 65. fundi í Sþ., 16. apríl, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 40 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 78. fundi í Sþ., 13. maí, var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 434, n. 660, 460).

Frsm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Allshn. hefur haft til meðferðar till. á þskj. 434 um endurskoðun laga um félagsheimili og um eflingu félagsheimilasjóðs. Jafnframt hafði n. til athugunar brtt. á þskj. 460 frá hv. þm. Ásgeiri Péturssyni, sem þá átti sæti hér á hinu háa Alþingi. Nm. urðu sammála um þá afgreiðslu till., sem gerð er grein fyrir í nál. á þskj. 660. Hefur þá till., eins og hún lá fyrir í öndverðu, verið breytt lítils háttar, en þó ekki mikið, og tekin upp að nokkru leyti brtt. á þskj. 460. Má raunar telja, að breyting sú, sem gerð er á sjálfri till., sé fremur orðalags- en efnisbreyting. Samkv. till. n. á þskj. 660 mundi ályktunin hljóða svo, ef samþykkt verður, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta fram fara endurskoðun á gildandi lögum um félagsheimili með það fyrir augum, að félagsheimilasjóður verði efldur og að eðlileg skilyrði heilbrigðs félags- og menningarlífs verði sköpuð í sem flestum byggðarlögum landsins. Jafnframt verði athugaðir möguleikar til að ráða fram úr þeim vandræðum, sem fiárskortur félagsheimilasjóðs hefur valdið einstökum héruðum. Stefnt verði að því í hinni fyrirhuguðu löggjöf um félagsheimili, að forráðamönnum þeirra verði framvegis gert kleift að efla menningarlega fræðslu- og skemmtistarfsemi í ríkara mæli en unnt hefur verið fram að þessu. Endurskoðuninni skal lokið fyrir samkomudag næsta reglulegs Alþingis."

ATKVGR.

Brtt. 660 (ný tillgr.) samþ. með 33 shlj. atkv.

Brtt. 460 kom ekki til atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 695).

30. Tunnuverksmiðja á Skagaströnd.

Á 63. fundi í Sþ., 15. apríl, var útbýtt:
Till. til þál. um stofnun og starfrækslu tunnuverksmiðju á Skagaströnd [208. mál] (A. 449).

Á 66. fundi í Sþ., 20. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 68. fundi í Sþ., 22. apríl, var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 70. fundi í Sþ., 29. apríl, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Björn Pálsson): Herra forseti. Við höfum leyft okkur að flytja till. til þál. á þskj. 449, 3 þm. úr Norðurl. v. Till. er svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að hlutast til um, að stofnuð verði og starfrækt tunnuverksmiðja á Skagaströnd, svo fljótt sem við verður komið."

Ástæðan fyrir því, að við flytjum þessa till., er einkum sú, að það hafa verið erfiðleikar með að hafa nægilega atvinnu í kauptúnum og kaupstöðum á Norðvesturlandi s. l. ár. Þó að það hafi oft borið við áður, að skort hafi atvinnu tíma úr árinu, hefur aflaleysi verið allt árið 1963 og það sem af er árinu 1964, þannig að það má heita dauður sjór á þessu svæði. Síld barst engin á land við Húnaflóa eða Skagafjörð s. l. sumar, og er það alveg óvanalegt. Beitusíldina varð alla að kaupa að, og svo var fisklaust seinni part vetrar árið 1963 og svo að segja alveg dauður sjór, það sem af er þessum vetri. Vera má, að þetta breytist. Það er ekki fullkomlega ljóst, hvað veldur þessu. Ef til vill eru það kaldir straumar eða sjórinn sé kaldari á þessu svæði, átan sé minni eða eitthvað því um líkt, nema síldin hefur ekki verið þarna og fiskur ekki heldur neitt að ráði. Það hefur oft komið fyrir á öllum tímum, að vertíðir hafa brugðizt, og það má ekki gera of mikið úr því. En þó að eðlileg fiskgengd sé, þá er það jafnan þannig tíma úr vetrinum, að það er lítil veiði á þessu svæði. Þann tíma, sem ég hef þekkt til þarna, hefur alltaf þrotið fisk, þegar kemur fram í febrúar. Sum árin hefur komið dálítill netafiskur í apríl, en mjög takmarkaður.

Við fluttum hér till. í vetur, sem var samþ., um að skipa nefnd til að athuga um aukinn iðnað, þar sem skortur væri á atvinnu, og við vorum að hugsa um að koma ekki með sjálfstæða till. þess vegna í þessu máli, láta nefndina um að gera till. En vegna beiðni heiman að bárum við samt sem áður fram þessa till.

Ég veit, að það er dálitlum örðugleikum bundið að fjölga þessum tunnuverksmiðjum. Þær hafa verið dálitið dýrari tunnurnar, sem hafa verið smíðaðar hér á landi, heldur en norsku tunnurnar og jafnvel heyrzt raddir um, að þær væru ekki jafnvel smíðaðar. En ég hygg, að ef eitthvað væri gert til þess að lagfæra þetta, þá væri hægt að gera þennan verðmun minni. Á Skagaströnd er dálitið sérstæð aðstaða. Þarna eru mikil hús, sem síldarverksmiðjur ríkisins eiga og eru lítið notuð. Það er mjög stór mjölskemma og tvö hús önnur, sem hægt væri að geyma í tunnur og efni. Ég hygg því, að með smávægilegum breytingum væri hægt að gera þarna aðstöðu til þess að smíða tunnur. Ég hef kynnt mér, hvað vélar mundu kosta í tunnuverksmiðju, hjá þeim manni, sem þekkir þar bezt til, og hann gerði ráð fyrir, að vélar í tunnuverksmiðju, sem gætu unnið við 20—40 menn, mundu kosta um 2 millj. Ég gæti vel ímyndað mér, að það væri hægt að koma þarna upp aðstöðu til tunnusmíði fyrir 2½—3 millj., og það er ekki mikið fé. Ef eitthvað væri verulega gert til þess að gera þessa tunnusmíði ódýrari, væri það unnt, t. d. með því að útvega ódýr lán, eða jafnvel, ef þarna væri t. d. um 2—3 millj. kr. framlag að ræða, að leggja það fram úr atvinnuleysistryggingasjóði án þess að ætlast til, að vextir væru greiddir af því, eða með öðrum ráðstöfunum. En það er eðlilegt, meðan vextir eru hærri hér en í öðrum löndum og iðnaðurinn þarf að bera uppi þessa vexti, að hlutirnir verði dýrari hér. Annað atriði, sem ég hef ekki kynnt mér nægilega vel, er, hvort ekki væri hægt að fá efnið í tunnurnar ódýrara en verið hefur. Ég geri ráð fyrir, að þeir, sem annast um tunnusmíði ytra, fái þetta allt frá fyrstu hendi, það sé milliliðalaust. Ég hef ekki kynnt mér, hvort þetta er gert hjá þeim tunnuverksmiðjum, sem nú eru starfandi, en þetta skiptir töluverðu máli. Og svo eru farmgjöldin, það er ekki sama, hvort þau eru há eða lág.

Það hefur verið tunnuverksmiðja starfrækt á Akureyri, og ég sé ekki, að það þurfi að vera neitt verri aðstaða að starfrækja tunnuverksmiðju á Skagaströnd en á Akureyri, nema síður sé. Það eru meiri líkur til, að síld verði söltuð á Skagaströnd heldur en Akureyri, og það hefur stundum verið þannig undanfarið, að síldin hefur komið þar fyrst að sumrinu, og þá hafa tunnur ekki verið til, en ef tunnur væru smíðaðar á Skagaströnd, þá yrði nokkurn veginn tryggt, að tunnur væru alltaf til staðar fyrst á síldarvertíð, þannig að það þyrfti ekki að standa í vegi fyrir því, að söltun færi fram. En þar sem um takmarkað fjármagn er að ræða, þá hlífast menn við að birgja sig upp með tunnur og salt, fyrr en þeir eru nokkurn veginn vissir um, að einhver síld verði, því að oft er erfitt að fá lán nema mjög takmarkað.

Það er þannig með atvinnumál á Skagaströnd, að fólkið er duglegt og á margan hátt framtakssamt, og Skagstrendingar sigldu 5 skipum hér suður fyrir land og hafa mokfiskað þar í vetur. Margir þeirra fóru suður og hafa haft mikla vinnu við fiskverkun, þeir sem ekki eru sjómenn, þannig að ég hygg, að það séu um 100 manns, sem hafa farið suður núna á vertíðinni og hafa yfirleitt haft mjög góðar tekjur, eins og sjómenn hafa haft í vetur hér við Suðvesturlandið, og sömuleiðis landverkafólk, það hefur verið um mikla vinnu að ræða.

Það gefur auga leið, að það eru alltaf í hverju kauptúni einhverjir einstaklingar, sem eiga mjög erfitt með að yfirgefa heimili sín, og veldur þar ýmislegt um, aldur sumra og heimilisástæður annarra, að þeir eru bundnir heima, þannig að það er mikil nauðsyn fyrir þessi kauptún og þessa kaupstaði að hafa einhverja fasta atvinnu, sem fólk, sem ætti erfitt með að

fara heiman að frá sér, gæti unnið við, þegar ekki væri um aðra atvinnu að ræða.

Eftir þeim upplýsingum, sem ég hef fengið, taldi sá maður, sem ég talaði við og hefur haft mikil kynni af tunnusmíði, að það þyrfti helzt um 40 menn í verksmiðju, til þess að vélar væru fullnýttar. Ég skal ekki fullyrða um það, hve kostur væri á mörgum mönnum til þess að vinna þarna. Það er ekki hægt að fullyrða um það fyrir fram, og það væri ekki neitt við það að athuga, þótt það væri reynt að kynna sér það. áður en ákveðið væri að reisa tunnuverksmiðju. Ég býst við, að tunnusmiðin norðanlands verði ekki nema vetrarvinna. Mér hefur verið sagt, að á Siglufirði fáist menn ekki í tunnuverksmiðjuna á sumrin, en aftur í flestum árum hafi verið nægilegur mannafli að vetrinum. Þannig mundi þetta verða líka á Skagaströnd, og þannig á það að verða. Fyrri hluta vetrarins er vanalega sæmileg vertíð. Þá yrði sennilega ekki mikið unnið að tunnusmíði; en eftir áramótin, eftir að fiskur minnkaði, mundi hún starfrækt af fullum krafti.

Ég get ekki séð, að þarna sé um svo mikið fjármagn að ræða, að ekki sé leggjandi í það til þess að tryggja atvinnu í kauptúninu. Vera má, að hægt sé að benda á einhverja aðra atvinnugrein, sem henti jafnvel, og er ekkert nema gott um það að segja, enda væri ekkert á móti því, að það væru fleiri en ein iðngrein, því að fólkinu fjölgar, svo framarlega sem atvinna er fyrir hendi, og það þarf nýjar atvinnugreinar til þess að taka við fólksfjölguninni. Ég veit, að á Skagaströnd er mjög mikill áhugi á þessu máli, og ég hygg, að það sé hvergi aðstaða til að koma tunnuverksmiðju upp fyrir minna fjármagn en þarna vegna þeirrar sérstöðu, sem þarna er.

Hvort síldarútvegsnefnd verður látin reka þessa tunnuverksmiðju eða sjá um rekstur hennar, eins og hefur verið um hinar, er ekkert aðalatriði. Vera má, að það hentaði betur í þessu tilfelli, að síldarverksmiðjustjórn ríkisins sæi um það, vegna þess að hún á húsin þarna. Það er ekkert aðalatriði, aðalatriðið er, að þarna myndist trygg starfsemi, sem fólk gæti fengið vinnu við, þegar aðra vinnu væri ekki að fá.

Það má vel vera, að sjávarútvegurinn sé að taka stórfelldum breytingum, og það eru miklar líkur til þess. Ég hygg, að með þeim tryggingum, sem sjómenn hafa nú á línuveiðum, verði örðugt að gera út á línu í framtíðinni, ef ekki er um meiri fiskafla að ræða en var s. l. vetur. Og ég hef dálitlar áhyggjur um kauptúnin norðanlands, að það verði örðugt að stunda línuútgerð þaðan, ef fiskaflinn verður ekki meiri en verið hefur undanfarin ár. En það er annað, sem mér hefur dottið í hug í því sambandi til atvinnuaukningar, að ef verður farið að gera lítið að því að veiða á línu í þessum flóum, þá ætti að taka upp dragnótaveiði, til þess bæði að bjarga frystihúsunum á viðkomandi stöðum og eins að auka atvinnulífið fyrir landverkafólkið við að vinna úr aflanum. Ég held, að það væri miklu nær að stunda dragnótaveiði þar en hér í Faxaflóa, þar sem eru einar beztu hryggingarstöðvar landsins, að öllum líkindum. En það kemur þessu ekki beinlínis við. En eitthvað þarf að gera til að bæta atvinnuástandið, og við vildum gera þessa tilraun nú, því að ég tel, að þetta sé aðkallandi mál. Ég hef ekki lagt meiri áherzlu á þetta en það að óska eftir því, að þetta verði gert svo fljótt sem við verður komið, því að að sjálfsögðu er ómögulegt að framkvæma nokkurn hlut, fyrr en möguleikar eru fyrir hendi, að það sé framkvæmanlegt. Ég hef því ekki haft þetta tímabundið, vegna þess að ég álít, að það sé ekki hægt, og í öðru lagi er mjög hæpið, að nokkur ríkisstj. vilji taka við þannig fyrirmælum, að hafa lokið einhverju verki fyrir einhvern vissan dag, áður en búið er að gera ýtarlega athugun á því, á hvern hátt hagkvæmast er að framkvæma það og hvort það er álitið gerlegt að öllum aðstæðum athuguðum.

Ég legg til, að þessari tillögu verði vísað til n., og óska eftir, að henni verði vísað til allshn.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Í sambandi við það mál, sem hér er til umr., vil ég leyfa mér að minna á, að á seinasta þingi flutti Gunnar Jóhannsson till. um sama efni. Hún var svo hljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að láta gera kostnaðaráætlun um byggingu tunnuverksmiðju á Skagaströnd með sömu afkastamöguleikum og tunnuverksmiðjan á Siglufirði. Kostnaðaráætlun þessari verði lokið fyrir næstu áramót.“

Það er af þessari till. að segja, að hún náði ekki fram að ganga, enda komst hún aldrei til n. Till. þessari fylgdi alllöng greinargerð, sem ég hefði nú haft tilhneigingu til að lesa hér upp, en þar sem svo langt er liðið á fundartímann, þá tel ég það ekki fært. Hins vegar er nóg að geta þess, að framsöguræða hv. 1. flm. þessarar till., hv. 5. þm. Norðurl. v., Björns Pálssonar, var í öllum aðalatriðum unnin upp úr þessari greinargerð, svo að segja má, að ástæðulaust sé að lesa greinargerðina fyrir þá, sem á ræðuna hafa hlýtt.

Forsaga þeirrar till., sem Gunnar Jóhannsson flutti hér í fyrra, var sú, að í marz 1963 samþykkti verkafólksdeild verkalýðsfélagsins á Skagaströnd að skora á þm. kjördæmisins að beita sér fyrir því, að byggð yrði tunnuverksmiðja á Skagaströnd. Stuttu síðar leitaði formaður verkafólksdeildar verkalýðsfélagsins, Pálmi Sigurðsson, til hv. þm. Björns Pálssonar og fór þess á leit við hann munnlega, að hann flytti till. um þetta mál. Björn Pálsson tók því víðs fjarri og taldi, að Skagstrendingar hefðu ekkert með tunnuverksmiðju að gera. Gunnar Jóhannsson flutti svo þessa till., sem ég hef áður getið, eftir að hafa leitað stuðnings ýmissa annarra þm. kjördæmisins, ég held þó ekki allra, en a. m. k. nokkurra, m. a. Björns Pálssonar, sem vildi ekki vera með á þessari till.

Nú í vetur, eftir að Gunnar Jóhannsson hvarf af þingi, hef ég nokkrum sinnum verið að hugleiða að flytja till. svipaða þessari, og ég hef nokkrum sinnum imprað á því við samþingismenn mína, hvort við ættum ekki að flytja svona till. eða hvort þeir hefðu í hyggju að flytja svona till., en hef ekki fengið nein ljós svör við þessum spurningum og fengið heldur daufar undirtektir undir málið. Aðeins fimm

dögum áður en þessari till., sem hér liggur fyrir til umr., var útbýtt hér í þinginu, leitaði ég á náðir hv. 5. þm. Norðurl. vestra, Björns Pálssonar, og spurði hann, hvort hann væri ekki tilleiðanlegur til þess að flytja ásamt mér og fleiri þm. till. um tunnuverksmiðju á Skagaströnd. Hv. þm. tók mjög illa í þessa málaleitun, taldi aldeilis fráleitt að flytja nokkra till. um tunnuverksmiðju á Skagaströnd. (**Forseti**: Ég vil ekki leyfa langar umr. um þetta mál í þetta sinn, þar sem það er búið að gera till. um að vísa því til n. Það er komið langt fram yfir venjulegan fundartíma, og ég vil því biðja hv. þm. að stytta mál sitt.) Ég skal stytta mál mitt og verða við óskum herra forseta, enda tel ég mig ekki eiga eftir nema svo sem 2 mínútur, og er þá ekki mikil sök, þó að ég leyfi mér þann munað. En sem sagt ég leitaði til hv. þm. um það, hvort hann vildi flytja með mér þessa till., og hann taldi mjög fráleitt að flytja hana, vegna þess að Skagstrendingar hefðu ekkert við tunnuverksmiðju að gera. Hann taldi marga kosti við það að hafa Skagstrendinga atvinnulausa, því að þá væri frekar hægt að nota þá í fiskvinnu hér fyrir sunnan og á því væri hin mesta þörf. En sem sagt, fimm dögum eftir að þetta samtal átti sér stað, flytur Björn Pálsson till. um málið án þess að gefa mér eða öðrum þm. Alþb. kost á því að vera með á till.

Ég vona, að orð mín verði alls ekki skilin þannig, að ég haldi, að hv. þm. Björn Pálsson hafi engan áhuga á tunnuverksmiðju á Skagaströnd. Ég er sannfærður um, að hann skilur vel jafneinfaldan hlut og þann, að það er höfuðnauðsyn, að bætt verði atvinnuástandið á Skagaströnd. En ég tel þó rétt að rifja upp þessa forsögu málsins, bæði til þess að útskýra, hvernig á því stendur, að enginn þm. Alþb. er á þessari till., og í öðru lagi held ég, að rétt sé að minna á þessa einstæðu framkomu, svo að hún verði ekki öðrum hv. þm. að fordæmi.

Ég hef leyft mér að flytja hér brtt. við þessa till., og er hún þess efnis, að í stað orðanna „svo fljótt sem við verður komið" komi setningin: „og verði við það miðað, að rekstur tunnuverksmiðjunnar geti hafizt ekki síðar en í ársbyrjun 1965." Ég get því miður ekki leyft mér að rökstyðja þessa brtt. með mörgum orðum, en ég vil minna á það, sem oft hefur áður komið fram, að á Skagaströnd er mikið mannvirki til staðar, þar sem er mjölgeymsluhús síldarverksmiðja ríkisins, og hefur það staðið ónotað nú um árabil. Það má því segja, að þarna sé til staðar allt það, sem þarf til að reka tunnuverksmiðju, nema sjálfar vélarnar. Þykir mér því ljóst, að það þurfi ekki langan tíma til þess að koma þessari verksmiðju af stað, það þurfi fyrst og fremst að kaupa vélarnar og þess vegna sé raunhæft að ímynda sér, að hægt sé að koma henni af stað í byrjun næsta árs.

Að lokum vil ég minna á, að Skagstrendingar hafa á allfjölmennum fundi núna nýlega skorað á Alþ. að samþykkja fram komna till., sem því miður er ekki tími til að lesa hér, og jafnframt hafa þeir skorað á Alþ. að samþykkja brtt. þá, sem ég hef hér lagt fram, um leið og þeir harma, að allir þm. kjördæmisins skuli ekki hafa haft tækifæri til að vera flm. till.

Flm. (Björn Pálsson): Herra forseti. Það er ákaflega heimskulegt af músinni að ráðast á köttinn. Viðvíkjandi því, að ég hafi fengið einhverja aðstoð frá sómamanninum Gunnari Jóhannssyni með þessa greinargerð, þá er það misskilningur, því að ég hef aldrei lesið grg. Gunnars Jóhannssonar, og ég þarf ekkert nesti að fá hjá hálfkommum eða kommum eða Alþb.-mönnum eða neinum, því að ég er sendibréfsfær og get samið þetta sjálfur og þarf enga aðstoð frá þeim. Það er rétt hjá Ragnari, að hann minntist á tunnuverksmiðju við mig, og ég tók ekkert undir það mál, einfaldlega af því, að mér er það alveg ljóst, að hvert einasta mál er dautt, sem Ragnar Arnalds flytur, því að hann fer svo flónskulega að þessu, er frakkur og hortugur og espar menn upp á móti sér. Það var þess vegna dauðadómur yfir málinu, ef ég hefði fengið hann fyrir meðflm. Ég tók vitanlega þá menn, sem líklegast var að koma málinu fram með, sinn af hvorum flokki. Pólitískt mátti þetta ekki verða. Í öðru lagi vissi ég, að ég þurfti ekkert nesti að sækja til þessa hv. þm. í atvinnumálum, því að ég held, að hann beri ekki mjög mikið skyn á þau. Ævinni hefur hann eytt í að skokka um landið og tala eitthvað um sprengjur, helsprengjur og her í landi og annað því um líkt, en lítið fengizt við atvinnurekstur, þannig að ég þurfti ekki að fá neina aðstoð hjá honum til þess að semja grg. Þar að auki átti ég ekkert vangert við manninn, þannig að ég þyrfti neitt að vera að draga hann með mér með einu eða öðru máli. Ég held, að það sé upplýst. Þið sjáið bara af brtt. flónsku þessa hv. þm., að koma og segja: Fyrir þennan dag, gerið svo vel, sé tunnuverksmiðjan til. — Hvaða ríkisstj. ætli fari að láta mann úr stjórnarandstöðu segja sér á þennan hátt fyrir verkum? Þetta sýnir aðeins klaufahátt hans og ólagni. En hitt sagði ég og átti tal um það við Pálma Sigurðsson, sem hefur haft mikinn áhuga á þessari tunnuverksmiðju, að ég teldi tormerki á því, að það væri hægt að koma málinu fram, þá var hv. 4. þm. Vesturl. með frv. um tunnuverksmiðju, Austfirðingar voru það líka, og þau gengu ekki fram, eins og þið vitið. Það hefur ekki verið auðgert að koma þessu fram. Hins vegar er aðstaðan dálítið önnur nú viðvíkjandi okkar kjördæmi, vegna þess að það hafa verið miklu meiri örðugleikar með atvinnu en nokkurn tíma áður. Ég álít, að aðstaðan sé þannig dálítið breytt frá því, sem verið hefur. En það verður hv. þm. að gera sér alveg ljóst, að ég hef engan áhuga á að flytja með honum frv., nema þá þau, sem ég vil að séu felld. En ef ég óska eftir, að mál komist fram, þá dytti mér aldrei í hug að hafa hann meðflm., því að það væri banabiti málsins.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 71. fundi í Sþ., 30. apríl, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 35 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 78. fundi í Sþ., 13. maí, var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 449, n. 650, 471).

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Till. þessi, sem hér er til umr., er á þá leið, að Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að hlutast til um, að *stofnuð verði og starfrækt tunnuverksmiðja* á Skagaströnd, svo fljótt sem við verður komið.

Þessari till. var vísað til allshn. Er n. tók till. til meðferðar, komu fram þau sjónarmið innan n., að menn ættu erfitt með að taka afstöðu til þess, hvort þeir vildu styðja að því, að tunnuverksmiðja yrði reist á Skagaströnd, án þess að áður færu fram undirbúningsathuganir á því máli. Þess vegna náðist innan n. samkomulag um að breyta till., eins og fram kemur í nál. og brtt. á þskj. 650. En þessar brtt. eru í aðalatriðum í því fólgnar, að í stað þess að hlutast til um, að stofnuð verði og starfrækt tunnuverksmiðja á Skagaströnd, svo fljótt sem við verður komið, þá verði látin fara fram athugun á því, hvort heppilegt sé að reisa tunnuverksmiðju á Skagaströnd til að bæta úr hinu ótrygga atvinnuástandi, sem þar hefur ríkt. En jafnframt er í þessari brtt. undirstrikað, að með fyrirætlunum um tunnuverksmiðju á Skagaströnd er vitaskuld að því miðað að auka tunnusmíðina innanlands, en það er ekki hugsað á þeim grundvelli, að tunnusmíði á Skagaströnd dragi úr innlendri tunnusmíði annars staðar.

Nm. voru, eins og ég hef áður sagt frá, sammála um að mæla með till. með þessum breytingum, sem koma fram á þskj. 650, en einn nm., hv. 3. þm. Norðurl. e., áskildi sér þó rétt til að flytja frekari brtt. eða fylgja öðrum slíkum till., er fram kynnu að koma.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Þegar till. sú, sem hér liggur fyrir til umr. á þskj. 449, var lögð fram, flutti ég brtt. á þskj. 471, þess efnis, að till. væri breytt í það form, að rekstur áður nefndrar tunnuverksmiðju gæti hafizt ekki síðar en í ársbyrjun 1965. Þegar þetta mál kom fyrir allshn., sem ég á reyndar sæti í, lá það ljóst fyrir, að ekki mundi verða samkomulag í n. um till., eins og hún lá fyrir frá flm., og að brtt. sú, sem ég hef flutt, mundi eiga enn *minna fylgi* að fagna. Eini möguleikinn til að koma einhverju fram í málinu virtist vera að leita eftir samstöðu um brtt. þá, sem nú hefur verið lögð fram á þskj. 650. Hún fjallar um það, að athugun verði gerð á þessu máli, en ekki, að ákvörðun sé tekin, eins og flm. höfðu lagt til, og ég hefði talið það vissulega æskilegast, að þingið hefði samþykkt að hefjast handa í þessu máli. En þar sem það bættist við, að ljóst var, að engin till. um þetta mál kæmist á dagskrá sameinaðs þings, nema fullkomin samstaða væri um till., þá tók ég þá ákvörðun að styðja brtt. á þskj. 650, enda þótt ég skrifaði undir nál. með fyrirvara, þar sem það er enn þá mín óbreytta skoðun, að það sé sjálfsagt og framkvæmanlegt að hefja framkvæmdir við byggingu tunnuverksmiðju á Skagaströnd þegar í stað eða sem sagt, að henni verði lokið fyrir ársbyrjun 1965. En af fyrrgreindum ástæðum er afstaða mín þessi, og ég lýsi því þá einnig yfir, að brtt. á þskj. 471 er dregin til baka.

ATKVGR.

Brtt. 471 tekin aftur.

— 650,1 (ný tillgr.) samþ. með 34 shlj. atkv.

Brtt. 650,2 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 696), með fyrirsögninni:

Till. til þál. um athugun á því að reisa tunnuverksmiðju á Skagaströnd.

31. Jarðhitarannsóknir.

Á 71. fundi í Sþ., 30. apríl, var útbýtt:

Till. til þál. um jarðhitarannsóknir og jarðhitaleit [222. mál] (A. 524).

Á 73. fundi í Sþ., 6. maí, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 75. fundi í Sþ., 9. maí, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 78. fundi í Sþ., 13. maí, var till. aftur tekin til einnar umr.

Frsm. (Jón Árnason): Herra forseti. Á þskj. 51 er till. til þál., sem flutt er af þm. Vesturlandskjördæmis, um jarðhitarannsóknir og jarðhitaleit í Borgarfjarðarhéraði. Skal m. a. í því sambandi athuga möguleika á hitaveitu fyrir Borgarnes. Till. þessari var vísað til fjvn. til athugunar og umsagnar. Á síðustu þingum hafa komið fram allmargar till. frá ýmsum þm., sem hafa gengið í sömu átt, en hver um sig bundin við ákveðin jarðhitasvæði.

Með síaukinni tækni og þekkingu manna á hagnýtingu jarðhitans hefur stóraukizt áhugi almennings í landinu á víðtækum rannsóknum í þessum efnum. Allmikill atvinnurekstur hefur risið upp í skjóli þessara náttúruauðlinda. Á ég þar við gróðurhúsareksturinn. En auk þess er jarðhitinn notaður í æ ríkari mæli til upphitunar húsa. Hefur það oft ráðið úrslitum um staðsetningu á opinberum byggingum úti á landsbyggðinni, svo sem skólabyggingum og byggingu félagsheimila eða annarra samkomuhúsa, ef nægur jarðhiti hefur verið fyrir hendi á viðkomandi stað. Er það skiljanlegt, þegar haft er í huga, hve mikinn sparnað getur af slíku leitt.

Það er álit hv. fjvn., eins og fram kemur í grg. fyrir till. þeirri, sem hér er til umr. og n. hefur leyft sér að flytja á þskj. 524, að ályktun Alþingis í þessum efnum beri að miða við landið í heild. Till. þessi hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj., að hún hlutist til um, að á vegum jarðhitasjóðs verði hið fyrsta hafizt handa um nauðsynlegar frumathuganir á jarðhitasvæðum víðs vegar um landið. Að því loknu verði framkvæmdar tilraunaboranir. Skal fyrst hefja framkvæmdir á þeim jarðhitasvæðum, þar sem helzt er að vænta góðs árangurs og þar sem aðstaða að öðru leyti er bezt til hagnýtingar orkunnar.“

Þar sem till. þessi er flutt af n. og þar sem einnig má líta svo á, að hún sé afgreiðsla n. á till. til þál., sem er á þskj. 51 og n. hefur haft til athugunar, þá vænti ég þess, að till. þessi verði afgr. sem ályktun Alþingis að lokinni þessari umr.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 697).

32. Tekjustofn handa þjóðkirkju Íslands.

Á 40. fundi í Sþ., 12. febr., var útbýtt:
Till. til þál. um tekjustofn handa þjóðkirkju Íslands og aðstoð ríkisins við kirkjubyggingar í landinu [144. mál] (A. 261).

Á 43. fundi í Sþ., 19. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 52., 54. og 56. fundi í Sþ., 11., 18. og 20. marz, var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 57. fundi í Sþ., 1. apríl, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 261 höfum við hv. 2. þm. Norðurl. v., hv. 6. þm. Norðurl. e. og hv. 5. þm. Reykv. leyft okkur að flytja till. til þál. um tekjustofna handa þjóðkirkju Íslands og aðstoð ríkisins við kirkjubyggingar í landinu.

Þjóðkirkja Íslands er ein af elztu stofnunum í þessu landi. Um aldaraðir var hún, auk þess að vera samnefnari kristinnar trúar, eina verulega menningar- og menntastofnun þjóðarinnar. Margir af höfuðskörungum þjóðarinnar voru þjónar kirkjunnar, svo sem biskuparnir Jón Arason, Brynjólfur Sveinsson og Jón Vídalín og skáldin og prestarnir Hallgrímur Pétursson og Matthías Jochumsson, svo að örfá nöfn séu nefnd. Ekki orkar það heldur tvímælis, að klaustur- og klerkastétt eigum við m. a. að þakka, að fornbókmenntir okkar hafa varðveitzt.

Áður fyrr var kirkjan í landinu sjálfseignarstofnun að öðru leyti en því, sem um kirkjur í einkaeign var að ræða. Þessi stofnun hafði því fasta tekjustofna, sem voru fasteignir, sem kirkjurnar áttu, enda kostuðu kirkjurnar þá af eigin tekjum þjóna sína, prestana, og þá með einhverju framlagi sóknarmanna. Þessi skipan mála um kirkju Íslands hélzt nokkuð eftir siðaskiptin, en með því að biskupsstólarnir voru niður lagðir, gengu eignir kirkjunnar til konunganna, og þá hnignaði veldi kirkjunnar, svo sem kunnugt er.

Í byrjun þessarar aldar voru með löggjöf, sem þá var sett hér, aukin afskipti ríkisins af kirkjumálum, þar sem var ákveðið með launalögum og lögum um sóknargjöld, að ríkissjóður skyldi ábyrgjast lífeyri handa prestum, en laun tóku þeir annars úr prestlaunasjóði. Kirkjurnar höfðu þá auk þess tekjur af eignum sínum og skatti. Þróunin hefur orðið sú, að þjónar kirkjunnar hafa fengið laun sín frá ríkinu, og þannig er nú komið, að þeir taka þau að mestu eða öllu leyti þaðan, þótt þeir áður fyrr hafi haft nokkrar tekjur af eignum kirkjunnar gegnum prestssetrin. Hins vegar hefur farið svo, að kirkjurnar sjálfar hafa haft litla tekjustofna til uppbyggingar og viðhalds og endurnýjunar á kirkjum, nema að því leyti sem söfnuðirnir hafa séð um þær.

Samkvæmt þeim nýjustu upplýsingum, sem ég hef um kirkjur í landinu, munu hér vera um 280 kirkjur. Af þeim eiga söfnuðirnir 236, bændakirkjur eru 26 og ríkiskirkjur um 18.

Á Alþingi 1944 flutti Gísli Sveinsson frv. til l. um kirkjubyggingasjóð. Gert var ráð fyrir í því frv., að stefnt væri að því, að ríkið legði fram ¾ af kirkjubyggingunni, en söfnuðurinn ¼. Þetta frv. var endurflutt árið 1946, og þá voru flm. auk Gísla Sveinssonar hæstv. núv. fjmrh. og Jörundur Brynjólfsson, þá þm. Árnesinga. Frv. þeirra þremenninganna var þá afgreitt með rökst. dagskrá, þar sem gert var ráð fyrir því, að ríkisstj. undirbyggi löggjöf, sem tæki það til athugunar, er frv. stefndi að.

Það, sem síðan hefur verið gert til þess að styðja kirkjubyggingar í landinu, eru lögin um kirkjubyggingasjóð, sem sett voru 1954. Með þeirri löggjöf var ákveðið, að ríkið skyldi leggja ½ millj. kr. í kirkjubyggingasjóð og kirkjubyggingasjóður síðan lána til kirkjubygginga í landinu af þessari fjárhæð. Á þeim 9 árum, sem kirkjubyggingasjóður hefur starfað, hefur stofnfé hans úr ríkissjóði orðið 6.6 millj. kr., en eins og kunnugt er, er nú fjárhæð til kirkjubyggingasjóðs orðin 1 millj. kr. á fjárl. árlega. Kirkjubyggingasjóður hefur veitt á þessu 9 ára tímabili lán til 70 kirkna, og hafa þar af verið 32 nýbyggingar, sem hafa fengið samtals 5.3 millj. kr., og 38 kirkjur til endurbóta 1.7 millj. kr. Lánareglur sjóðsins eru þær, að hann mun veita lán allt að 20—30% af heildarkostnaði, en vegna þess, hve fjárvana hann hefur verið, hefur hann ekki getað veitt þessi lán nema á löngu tímabili, svo að það hefur tekið ein 4—5 ár að afgreiða þessi lán til þeirra kirkna, sem í smíðum hafa verið. Hins vegar hefur verið reynt á hverju ári að lána eitthvað til allra þeirra, sem um lán hafa sótt.

Þessi uppbygging á kirkjum landsins sýnir þann áhuga, sem er hjá söfnuðum fyrir því að koma kirkjum sínum í lag og byggja nýjar, þar sem þörf er á því. Þrátt fyrir það að svo lítil fjárhagsaðstoð hefur verið veitt, hefur samt verið klifinn þrítugur hamarinn til að koma þessu verki í framkvæmd. Þekki ég til kirkjubyggingar, sem mun hafa kostað um 1.8 millj. kr. og aðeins 236 þús. kr. verið fengnar að láni hjá kirkjubyggingasjóðnum, hinu hefur söfnuðurinn heima fyrir orðið að sjá fyrir á einn eða annan hátt. Nú munu vera á skrá hjá sjóðsstjórn kirkjubyggingasjóðsins um 15 nýbyggingar og 11 kirkjur, sem sækja um fé til endur-

bóta. Sjóðurinn mun hafa til útlána á þessu ári um 1100 þús. kr. Þetta sýnir þörfina á því að taka betur á til aðstoðar við uppbyggingu kirknanna en gert hefur verið.

Eins og kunnugt er, höfum við á síðari áratugum stefnt að því, að ríkið styddi félagslega uppbyggingu í landinu, svo sem með skólabyggingum, byggingu félagsheimila, íþróttamannvirkja og fleiri slíkum mannvirkjagerðum, sem mættu verða til menntunar og þroska hinni ungu kynslóð í landinu. En þrátt fyrir það, þó að svo hafi verið gert og það sízt um of, hefur ekki verið beinn stuðningur frá ríkisins hendi um uppbyggingu kirkna í landinu á annan veg en gegnum kirkjubyggingasjóðinn, sem er að því leyti beinn stuðningur, að sjóðurinn eignast þetta fé, en það er kirkjunum lánað, svo að ekki er um neinn styrk að ræða til safnaðanna í landinu til að byggja kirkjur.

Það orkar ekki tvímælis, að hér verður að gera breytingu á og íslenzka ríkið verður að styðja meira að kirkjubyggingum en gert hefur verið. Í þáltill. okkar er lagt til, að unnið verði að því að setja löggjöf um þetta efni. Við bendum ekki á sérstakar leiðir til að leysa þennan vanda, það ætlum við þeim að athuga, sem vinna að undirbúningi málsins. En við tökum það þó fram í grg. fyrir till. okkar, að það, sem beri að gera, sé, að beinn stuðningur ríkisins komi til, en þó þannig, að það eigi að hagnýta sér áhuga þann, sem er hjá söfnuðunum í landinu til þess að styðja og byggja upp kirkjur sínar. Eftir hvaða reglum þar skuli farið, ætla ég mér ekki að þessu sinni að fara að benda á, heldur hitt, að kirkju landsins, eina elztu og virðulegustu stofnun okkar þjóðfélags, megum við ekki vanrækja. Það hefur engri þjóð orðið til framdráttar að vanrækja kirkju sína eða þá trú, sem hún flytur. Þess vegna eigum við að auka stuðning við hana með beinum stuðningi ríkisins til kirkjubygginga, og við eigum einnig að hagnýta okkur áhuga safnaðarfólksins til að byggja sínar kirkjur og halda þeim við. Við eigum einnig að athuga möguleika á því, hvort hægt er að fá kirkjunum til handa aðra beina tekjustofna til þess að gera þær sjálfar vel útlítandi og búa þær vel að kirkjumunum. Það vitum við allir, að vel búin kirkja er betri boðberi prédikarans en illa búin kirkja, eins og er okkar háttur að ganga til hátíðar betur búnir en til hversdagsstarfa.

Ég legg svo til, herra forseti, að þessari umr. verði frestað og málinu verði vísað til hv. fjvn.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Nokkrir hv. þm. hafa flutt hér þáltill. um, að athugað verði um tekjustofn handa þjóðkirkju Íslands og aðstoð ríkisins við kirkjubyggingar í landinu. Ég veit nú satt að segja ekki betur en hingað til hafi hið íslenzka ríki séð nokkuð sómasamlega fyrir afkomu hins evangelísk-lúterska safnaðar á Íslandi með því að útvega honum sæmilega launaða starfsmenn, prestana, og aðstoða hann á ýmsan máta við kirkjubyggingar, og ég held, að menn verði að fara að athuga alvarlega, þegar till. koma fram eins og þessi, hvaða ábyrgðartilfinningu menn hafa gagnvart hinum ýmsu stofnunum og hinum ýmsu þegnum í landinu og hvar það sé nauðsynlegast — og mér liggur við að segja kristilegast — að reyna að hjálpa til og sjá um, að bætt sé úr vandræðum, sem fyrir eru. Það hafa verið lögð á af hálfu ríkisins sérstök kirkjugjöld til að standa undir ýmsum kostnaði við kirkjurnar og þeirra starfsemi. Það hefur enn fremur verið sett löggjöf um alveg sérstök laun handa starfsmönnum kirkjunnar til þess að tryggja þeirra líkamlegu afkomu.

Hinir evangelísku lútersku söfnuðir í landinu hafa sýnt mjög virðingarverðan áhuga á því að skapa sér sín fundarhús, og aðrir söfnuðir í landinu hafa unnið að sínu leyti að slíku án nokkurs opinbers styrks. Og ég held, að frá sjónarmiði trúarlífs sé bezt svo farið, að hver söfnuður um sig sýni sinn áhuga fyrir sinni trú með því fyrst og fremst að leggja fram sjálfur til slíks. Hins vegar hefur sá evangelíski lúterski söfnuður í landinu notið þar mjög mikilla sérréttinda lengi vel á Íslandi, og spurningin er, hvort það sé raunverulega þörf á að bæta þar á, og svo framarlega sem mönnum finnst það vera rétt að leggja meiri álögur á þjóðina og skapa nýja tekjustofna, hvort ekki mundi þá vera réttara að láta eitthvað annað ganga þar fyrir. Ég vil í því sambandi minna á, að þótt ýmislegt stangist á í stjórnarskránni um þessi mál og þessi mál séu nú ekki lengur eins mikið rædd og þau voru t. d. á fyrsta áratug þessarar aldar, þá stendur í 64. gr. stjórnarskrárinnar: „Enginn er skyldur til að inna af hendi persónuleg gjöld til neinnar annarrar guðsdýrkunar en þeirrar, er hann sjálfur aðhyllist.“ Grunntónn stjórnarskrárinnar á að vera trúarbragðafrelsi og frelsi líka til að hafa engin trúarbrögð, og þess vegna á ekki að vera hægt að leggja á menn skatta og skyldur samkv. þessari grein stjórnarskrárinnar til hinna og þessara safnaða, sem menn tilheyra ekki. Út af þessu er brotið og hefur verið brotið, en það er ekki ástæða til að auka á þau stjórnarskrárbrot, sem þar hafa verið framin.

Ég veit ekki betur en við höfum á undanförnum árum, eins og hv. frsm. gat um, verið sífellt að bæta við þau fríðindi, sem þjóðkirkjan og sá evangelíski lúterski söfnuður hefur í landinu. Það hefur verið skapaður sérstakur kirkjubyggingasjóður, sem lagt hefur verið í, það hefur verið sett upp sérstakt kirkjuráð og kostað að mestu leyti af ríkinu og annað slíkt, og ég veit ekki, hvort það eru nokkur sérstök rök fyrir kirkjubyggingum í landinu, að boðskapur prédikarans verði svo miklu betri frá finum og nýjum kirkjum heldur en frá þeim gömlu og stundum fátæklegu. Ég held jafnvel, að meistarinn frá Nazaret hafi prédikað úr frekar lélegum byggingum, þegar hann prédikaði, þannig að það sé ekki fyrst og fremst undir glæsileik hins ytra komið, hve mikið vald það orð hefur, sem sagt er í þeim efnum. Við skulum þá í fyrsta lagi taka fyrir, þegar lagt er til, að undirbúið sé frv. til laga um nýjan tekjustofn og nýjar álögur á almenning, hvað okkur sé brýnast í þessum efnum. Nýlega flutti hæstv. dómsmrh. fyrir okkur allýtarlega skýrslu um þörfina á spítölum í landinu og hvaða vandræðaástand við byggjum við í þeim efnum. Og ég býst við, að það hafi allir verið sammála um, hvaða hörmungarástand það er, sem ríkir á þessu sviði. Við

vitum hvað snertir atriði, sem er líka fyrirskipað í stjórnarskránni, að börn eiga að geta fengið almenna menntun, og ákveðið að byggja barnaskóla í landinu, en sem stendur vantar tvöfalt fleiri barnaskóla í landinu en til eru og í þorra af barnaskólum, sérstaklega hér í Reykjavík, er tvísett og í suma þrísett, og aðstaðan á heimilum víða hér í Reykjavík er þannig, að þorri barna getur ekki lesið heima hjá sér, getur ekki fengið að vera í skólastofunum síðari hluta dags til þess að fá tilsögn kennaranna við að lesa lexíuna undir morgundaginn, af því að skólarnir eru tví- og þrísettir. M. ö. o.: börnunum er svo að segja úthýst með tví- og þrísetningu í þessum skólum, og þetta stendur beinlínis í vegi fyrir þeirra uppeldi. Þeir, sem eru kennarar hér í Reykjavík, þekkja bezt, hvernig þetta er. Við vitum, hvernig ástandið er, — við höfum rætt það hér fyrir nokkru, — um barnaheimili, m. a. hér í Reykjavík, hvernig aðsóknin að því að koma börnum á barnaheimili er það mikil, að þau fáu barnaheimili, sem til eru, ég tala nú ekki um þau fáu rúm, sem til eru í vöggustofum, gera ekki neitt sem heitir í því að bæta úr þessum vandræðum, samanborið við það, hve þörfin er mikil. Það er enn fremur vitanlegt, að hér var fyrir löngu orðin þörf á, að kæmist upp heimili fyrir vangefin börn, virkilegt heimili, og ýmsir áhugamenn vinna að þessu. Alþingi hefur á ýmsum sviðum reynt ofur lítið að hjálpa til með þetta, en samt sem áður er fyrst og fremst treyst á velvilja og fórnfýsi almennings í öllum þessum efnum.

Spurningin, sem fyrir liggur, þegar við erum að ræða um að leggja á nýja tekjustofna, er, til hvers þetta á fyrst og fremst að fara. Eigum við, ef við ætlum að leggja á nýja tekjustofna, fyrst og fremst að verja þeim t. d. til þess að koma upp barnaheimilum yfir börn almennt, yfir vangefin börn? Eigum við að verja þessu til þess líka að reyna að bæta úr skortinum á barnaskólum? Eigum við að verja þessu til þess að bæta úr skortinum á spítölum? Ég vil leyfa mér að spyrja út frá sjónarmiði þeirra manna, sem tilheyra þjóðkirkjunni: Hvað halda þeir, að Jesús frá Nazaret mundi hafa álitið um, hvort þarfara væri að reyna að hjálpa úr vandræðum, sem börnin búa við, heldur en byggja kirkjur? Ég er hræddur um, að það færi að fara nokkuð mikið fyrir sýndarmennskunni í sambandi við úrræðin í þjóðfélaginu, þegar við hér í Reykjavík núna t. d. eigum að fá upp hverja kirkjuna á fætur annarri, og það er eins og menn keppist við að gera þær sem allra óskaplegastar úr garði, á sama tíma sem þörfin fyrir barnaheimili og barnaskóla er þannig, að það kreppir að á heimilunum.

Það var einu sinni maður, sem sagði: „Það, sem þú gerir mínum minnsta bróður, það gerir þú og mér.“ Og ég býst við, að það væri nokkru nær að reyna að hugsa til þeirra smáu í þjóðfélaginu fyrst og fremst og reyna þá t. d. að bæta úr þörf barnanna heldur en einbeita sér að því að fara að láta það ganga fyrir að auka styrki til kirkjubygginga. Ég held þess vegna, að frá því sjónarmiði, hvað eigi að ganga fyrir á Íslandi, sé það ekki þetta, sem eigi að ganga fyrir.

Hv. frsm. gat þess, og ég sé líka, að það er sett fram sem ein aðalröksemd í grg. fyrir þessari þáltill., að hin evangelíska lúterska kirkja, þjóðkirkja Íslands, hafi haft svo óskapleg áhrif fyrir menningu þjóðarinnar, og hv. frsm. hafði nú þau orð um, að þjóðkirkjan væri elzta og virðulegasta stofnun þjóðarinnar eða þjóðfélagsins. Ég held, að það sé ekki rétt, ég held, að það sé alls ekki rétt sögulega séð. Og mér þykir það leitt, ef hv. frsm. gleymir þeirri stofnun, sem hann stendur sjálfur í. Ég held, að þar standi hann frammi fyrir, þar sem Alþingi Íslendinga er, elztu og virðulegustu stofnun þjóðarinnar. Vissulega er evangelíska lúterska kirkjan virðuleg stofnun í íslenzku þjóðfélagi og hefur margt gott gert. Og sú stofnun, sem á undan henni fór, sú almenna kaþólska kirkja, sú sem núverandi þjóðkirkja sló af, gerði vissulega ýmsa góða hluti. En ég vil þó minna á, að það er ekki einvörðungu eitthvað fagurt í sambandi við menningu þjóðarinnar, sem er bundið við þessar stofnanir. Þegar við ætlum að fara að athuga elztu menningarstofnanir þjóðarinnar þannig, kemur fleira til greina, ef á að fara að sýna þeim sérstaka virðingu. Ég vil a. m. k. leyfa mér að vonast til þess, að svo gleymnir séum við Íslendingar ekki orðnir á okkar sögu, að við munum ekki eftir því, að við höfum eitthvað gott gert í heiðni líka, og þær bókmenntir, sem við erum orðnir frægastir fyrir og eru með því bezta, sem til er í veröldinni, höfum við skapað sumpart í heiðni og sumpart á heiðnum grundvelli, og það, sem gott má segja um þáv. kirkju, þá kaþólsku kirkju á Íslandi, var einmitt, að hún var það lin í sinni trú, að hún sýndi sitt umburðarlyndi, að þær bókmenntir okkar fengu að þrífast líka innan hennar vébanda. Ofstækið hafði ekki gripið svo um sig eins og annars staðar í Evrópu, að hún dræpi þetta allt saman niður, eins og seinna varð tilhneiging til einmitt hjá núv. þjóðkirkju Íslands. Við skulum muna, svo að það sé ofur lítið litið á hina hliðina líka, að sú kaþólska kirkja á Íslandi var harðvítugt ránsvald, og ég veit ekki nema íslenzkir bændur frá 12.—15. öld, ef þeir mættu rísa upp úr sinni gröf, mundu segja allmarga ljóta hluti um kirkjuna á Íslandi þá, það kirkjuvald, þegar sú kirkja hafði sölsað undir sig meginið af jarðeignunum á Íslandi og meðhöndlaði bændur eins og sagan kennir. Það er, ef ég man rétt, einmitt fyrsti maðurinn, sem minnzt er á í sambandi við höfuðskörunga kirkjunnar, sem við sérstaklega eigum að minnast og vissulega er þess maklega verður, það er Jón Arason, og það er einmitt sá maður, sem núverandi þjóðkirkja Íslands, hin lúterska kirkja, sá um, að væri höggvinn fyrir hans starf fyrir Ísland, af því að hann stóð á verði um sjálfstæði landsins. Ef á að fara að líta einvörðunga á þær ljósu hliðar á kirkjunni og reyna að mála þannig fyrir mönnum í einhverjum áróðri, að það sé ekkert annað til, þá verðum við að rifja upp söguna um þessa hluti. Mér dettur ekki í hug annað en viðurkenna það, sem þessir menn hafa gott gert. En Brynjólfur Sveinsson með öllu því, sem um hann verður sagt, var anzi harðdrægur sem kirkjuhöfðingi, og hann hugsaði kannske ekkert sérstaklega vel um þá þjóðlegu dýrgripi

okkar, eða a. m. k. standa menn í því núna að reyna að heimta þá dýrgripi til baka, sem hann sendi burt af landinu. Og ef við eigum að meta allt við kirkjuna, er ég hræddur um, að margir beztu menn hennar hafi stundum orðið að gera ýmislegt af því bezta, sem þeir gerðu, í beinni andstöðu við hana, eða ætli Matthías Jochumsson hafi ekki verið nokkuð nærri því að vera sviptur hempunni fyrir sínar skoðanir og sína baráttu innan þjóðkirkjunnar þá?

Nei, við skulum alveg ganga út frá því, ef við ætlum að fara að rifja upp þessa hluti, að vegna þeirrar menningarlegu sögu eigum við að gera svona og svona mikið, þá er hægt að fara að rifja upp ýmislegt annað líka, og ef við ætlum fyrst og fremst að hugsa um íslenzka menningu, getum við farið að líta í ýmis horn til þess að bæta úr því, sem vangert hefur verið á undanförnum öldum. Ég vil leyfa mér að minna á það, að íslenzk þjóð hefur ekki í annan tíma sokkið öllu dýpra í eymd og niðurlægingu en á 17. og 18. öldinni undir áhrifum fyrst og fremst þjóðkirkjunnar þá, pietismans og alls slíks, og má nefna Stóradóm og allt, sem í sambandi við það var, og allt ofstæki kirkjunnar í sambandi við löggjöfina þá. Það er ekki verið að rifja þetta upp lengur núna, en þetta var rifjað allrækilega upp um aldamótin, þegar m. a. ýmsir fremstu menn, líka hér á Alþingi, og þ. á m. menn, sem urðu biskupar, voru að berjast fyrir aðskilnaði ríkis og kirkju og það af mjög eðlilegum og lýðræðislegum ástæðum. Það þarf ekki nema lesa sögur, sem ýmsir af okkar beztu rithöfundum skrifuðu þá, eins og t. d. Jónas frá Hrafnagili, til þess að muna, hvernig framkoma kirkjunnar var í garð almennings hér á þeim öldum.

Við skulum þess vegna ekki út frá því, sem gerzt hefur í okkar sögu, fara að byggja fyrst og fremst á því, hvað núna eigi að gera. Ég held, að það, sem okkur liggi á nú, sé að reyna að breyta þannig, þegar við ætlum að leggja álögur á almenning og deila því fé út aftur, að það komi þar að gagni, sem skórinn kreppir mest, og ég hef ekki orðið var við það, að sem stendur þjáist menn af kirkjuleysi á Íslandi. Ég skal viðurkenna, að um það leyti sem á sunnudögum væri tvísett í kirkjur, væri yfirfullt í kirkjum, hér yrði að tvísetja í þær, mætti fara að athuga þessa hluti mjög alvarlega. En ég held, að sá tími sé ekki kominn enn. Hins vegar er tvísett í barnaskóla, og það liggur nær að reyna að bæta úr þeim hlutum.

Ég held þess vegna, að ef menn álíta nauðsynlegt að fara að leggja á nýja tekjustofna og finnst sjálfsagt að bæta því ofan á allar þær álögur, sem nú eru, þá eigi að athuga, hvort þeir tekjustofnar ættu ekki fyrst og fremst að fara til annars. Ég vil leyfa mér, — og ég vil taka það fram, að ég legg það fram persónulega, það er ekki frá flokknum, — að leggja fram brtt. við þessa þáltill. á þá leið, að öll þáltill. verði þannig:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að undirbúa og leggja fyrir Alþingi frv. til l. um tekjustofna handa barnaheimilum og stofnunum fyrir vangefin börn og um aðstoð ríkisins við að byggja hús fyrir rekstur þessara stofnana. Þá skal og ríkisstj., þegar þessum þörfum hefur verið fullnægt, athuga um aðstoð ríkisins við kirkjubyggingar í landinu, ef það kemur í ljós við rannsókn, að kirkjur verði yfirleitt að tvísetja vegna aðsóknar, svo sem er með barnaskóla nú.“

Ég álít mjög sanngjarnt, að ef sá evangeliski lúterski söfnuður í landinu sýnir slíkan gífurlegan áhuga, verði farið að athuga slíkt. En ég mundi hins vegar ekkert hafa á móti því, þó að sú hv. nefnd, sem fengi þetta frv. til meðferðar, athugaði áður, hvað henni fyndist um barnaskólana og hvort ekki mundi vera rétt máske þá að bæta þeim þarna inn í. Ég held, að við verðum að hafa hugrekki til þess að taka hvern hlut í þeirri röð, sem okkur finnst rétt að hann komi, og reyna að gera það upp við okkur, að sami peningur verður ekki notaður til tveggja eða fleiri hluta, og við segjum þá til um, hvað við álítum að eigi að hafa forgang í slíku efni.

Flm. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég ætla mér nú ekki að fara að þreyta hér kappræður við hv. 3. þm. Reykv., en verð að byrja mál mitt með því að lýsa ánægju minni yfir því, að till. okkar hefur þó haft nokkurn árangur, því að hv. 3. þm. Reykv. hljóp til nú og fór að flytja brtt. um óskyld efni, efni, sem hann hefði getað verið búinn að flytja þáltill. um eða gera aðrar ráðstafanir til að koma í framkvæmd fyrr, ef þessi till. hefði ekki ýtt við honum. Ég ætla ekki heldur að fara að deila við þennan hv. þm. um afstöðu hans til kirkjunnar, hann getur haft sína skoðun á þeim málum óáreitt fyrir mér, eins og ég hef mína. Ég vil líka segja þessum hv. þm. það, að hann fer ekki svo í gegnum veraldarsöguna, í hvaða trúarbrögðum sem væri, að hann finni ekki bletti, sem væri hægt að sýna, að svartir séu. Og ég vil líka segja það, að það er ekki heldur sama, hvort við berum saman lífsviðhorf okkar í dag eða þau, sem voru á 16. og 17. öld. Hitt er staðreynd, sem haldið er fram í okkar grg., að innan íslenzku þjóðkirkjunnar hafa verið höfuðskörungar þessarar þjóðar, eins og Jón Arason og Matthías Jochumsson o. fl., o. fl. Það er líka staðreynd, að ýmis verðmæti andlegs efnis voru varðveitt fyrir störf kirkjunnar og klaustranna áður fyrr. Það er líka staðreynd, að íslenzka þjóðin, ríkið, fyrst konungdæmið og síðar ríkið, tók við eignum kirkjunnar. Þess vegna á kirkja landsins kröfurétt á þennan aðila að sinna málum hennar betur en gert hefur verið. Margar kirkjur áttu þær stóreignir, að þær hefðu á engan hátt þurft að leita til ríkisins um aðstoð við uppbyggingu, ef þær hefðu eignir sínar nú áfram, eins og t. d. Garðakirkja á Akranesi, sem átti mest af því landi, sem Akraneskaupstaður stendur á, og fleiri dæmi mætti nefna. Á þennan hátt á því kirkjan nokkurn kröfurétt á ríkið.

Um það má deila, í hvaða röð við eigum að taka hina ýmsu málefnaflokka fyrir. En á það má líka minna, að íslenzka ríkið styður skólabyggingar í landinu verulega. Íslenzka ríkið styður íþróttamannvirki í landinu líka og fleiri og fleiri slíkar stofnanir, eins og félagsheimili. Mér er það ljóst, og ég er fylgismaður þess, að ríkið styðji að þessari uppbyggingu, en ég vil líka, að ríkið styðji að uppbyggingu á kirkjum landsins.

Hv. 3. þm. Reykv. vitnaði í meistarann frá Nazaret og í því sambandi vitnaði hann einnig til barnanna, en meistarinn sagði: „Leyfið börnunum að koma til mín.“ Og það er ekki andstætt hans kenningu eða hans boðskap, nema síður sé, að einmitt börnin eigi kost á því að koma í kirkju.

Það hefur sýnt sig, að íslenzka þjóðin hefur jafnan haft áhuga á kirkju sinni. Þess vegna voru kirkjur landsins ein bezt gerðu hús hér á landi áður fyrr, meðan þjóðin var skammt á veg komin í uppbyggingu. Um áratugaskeið var veruleg afturför í þessu. Kirkjan stóð í stað og meira en það, en þjóðin sótti fram á öðrum sviðum í uppbyggingu. Nú á síðustu áratugum hefur þjóðin hins vegar vaknað að áhuga fyrir kirkjum sínum, kirkjubyggingum og að endurbæta þær kirkjur, sem fyrir eru. Það hefur verið sýndur lofsverður og mjög virðingarverður áhugi hjá söfnuðum landsins fyrir að koma kirkjubyggingum í framkvæmd. En það hefur legið eftir aðstoð íslenzka ríkisins, og það sýnir sig, hvað þessi litla fjárhæð, sem ríkið lagði fram með l. frá 1954, um kirkjubyggingasjóð, hefur orkað. Sú fjárhæð hefur nú verið tvöfölduð. En þetta nægir ekki. Það er ofvaxið söfnuðunum að koma áfram kirkjubyggingunum, eins og hugur þeirra stendur til. Það, sem till. okkar fer því fram á, er, að ríkið styðji einnig að uppbyggingu þjóðkirkjunnar í landinu, eins og það styður að uppbyggingu skólanna, sjúkrahúsanna, félagsheimilanna, íþróttamannvirkjanna og fleiri slíkra stofnana. Og við teljum okkur hafa fullkomin rök fyrir því, bæði söguleg rök vegna þess boðskapar, sem kirkjan flytur, og þess áhuga, sem er hjá fólkinu í landinu að koma og búa sína kirkju betur en áður hefur verið, þrátt fyrir það þó að ríkið hafi ekki lagt þar af mörkum meira en er. Við treystum því fastlega, að hv. alþm. leggi þessu máli lið, svo að það megi ná fram að ganga kirkjunni og þjóðinni til farsældar.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Hv. frsm., 3. þm. Vesturl., hélt nú, að þessi þáltill. þeirra fjórmenninganna hefði gert eitthvert gagn, hún hefði orðið til þess, að ég hefði loksins farið að hugsa um barnaheimili. Heldur fylgist nú hv. þm. illa með því, sem gerist í þingsölunum. Það hefur legið fyrir í Nd. um nokkurt skeið frv. til l. um aðstoð ríkisins við barnaheimili. Það mun vera komið til n. fyrir þó nokkru. Ég veit ekki, hvort hann er í þeirri nefnd, en a. m. k. hefur fram að þessu verið lagzt á það. Hann á vafalaust a. m. k. tvo flokksbræður í þeirri nefnd, sem þetta frv. er í, svo að hann gæti kannske ýtt við þeim um, að þeir ættu að fara að hugsa ofur lítið um að gera eitthvað fyrir börnin og barnaheimilin og koma þessu frv. úr nefnd. Það varð nefnilega ekki vart við það, þegar það frv. var rætt í Nd., að það væri neinn áhugi, t. d. hjá Framsfl., fyrir því að ýta undir, að slík heimili kæmust á, og það virðist vera svo, að meira að segja þessi hv. þm., sem annars fylgist sæmilega með hér, hafi ekki einu sinni gert sér þetta ljóst, því að hann hélt, að þetta væri í fyrsta skipti, sem það kæmi fram till. um, að ríkið færi að leggja eitthvað fram til þessara barnaheimila. Nei, það er ekki í fyrsta skiptið, þvert á móti. Vegna þess að ég er hræddur um, að það hafi verið slælega unnið að því að fá þetta frv. fram, og hef í því sambandi líka meira að segja mjög litla trú á þessum tveimur góðu framsóknarmönnum, sem munu vera í þeirri nefnd, sem mun hafa það til meðferðar, þá vildi ég nota þetta tækifæri til þess að minna á, hvað þyrfti að gera viðvíkjandi börnunum, þannig að sú vitneskja vaknar ekki fyrst nú, heldur hefur hún verið til, en það hefur verið daufheyrzt við því. En það má hins vegar vel vera, að ástandið sé þannig í þjóðfélaginu, að það sé hægara að fá menn til þess að hugsa um kirkjubyggingar en um barnaheimili eða um heimili fyrir vangefin börn. Það má vel vera, og þá er það frá mínu sjónarmiði dómur um, að það sé ekki sérstaklega kristilega hugsandi þjóðfélag, sem þannig hugsar.

Hv. þm. segir, að það hafi legið eftir aðstoð ríkisins við kirkjubyggingar og við evangelisku lútersku söfnuðina í landinu. Ég held, að það sé algerlega rangt. Ég held, að ríkið hafi einmitt sýnt mjög mikil afskipti af þessu og hlynnt mjög að þessum söfnuðum, að þeir geti haft sína starfsmenn og þeir geti haft sín fundarhús og annað slíkt. Og ég held, að það sé alltaf verið að bæta meiru og meiru við í þessum efnum og því sé rangt að ásaka ríkið um slíkt.

Hann sagði, að hann vildi sem minnst fara út í söguna og slíkt, og það er mjög rétt af honum. Það er miklu heppilegra að halda sig við viðhorfin í dag. Ég verð nú að segja það, hvað snertir viðhorfin í dag, að ég held, að fyrir þjóðkirkju Íslands væri hollara að hugsa dálítið meira um félagsleg og ekki sízt þjóðfélagsleg mál heldur en hún gerir. Það er svo með gamlar stofnanir, þeim hættir oft við að kalka og verða eins og innihaldslaust form. Hins vegar, svo framarlega sem menn vilja reyna að halda lífi t. d. í þessum söfnuðum og þessari stofnun, eiga menn að láta þau félagslegu mál meira til sín taka en íslenzk þjóðkirkja hefur gert og reyna að vinna á þeim sviðum, m. a. einmitt að mannúðarmálunum, einmitt að þeim málum, sem varða bróðurkærleika og annað slíkt. Ég held, að sú evangelíska lúterska kirkja á Íslandi mundi hafa unnið sér meiri hylli, ég meina hylli hjartnanna, með því að gangast fyrir t. d. byggingu barnaheimila eða heimila fyrir vangefin börn heldur en t. d. byggingu Hallgrímskirkju. Ég held það. En það dæmir náttúrlega hver um þetta eftir því, hvað hann metur mest.

Hv. 3. þm. Vesturl. sagði, að kaþólsku klaustrin hefðu þó varðveitt okkar gömlu handrit. Það er alveg rétt. Ég viðurkenni það, að það var sá stóri kostur við þau, að þau voru ekki svo ofstækisfull að eyðileggja allt þetta gamla. Þau gátu varðveitt þann dýra arf, sem við höfum frá heiðninni, og er það vissulega eitt af því bezta, sem þau hafa gert, og hafa þau samt ýmislegt gott gert.

En svo kom hv. þm. inn á eitt atriði, sem ég held að við verðum að athuga mjög grandgæfilega lögfræðilega séð. Mér sýndist hv. þm. bera fram þá kröfu fyrir hönd kirkjunnar, að hún ætti kröfu á ríkið vegna jarðeigna, sem hún hefur átt. Ég kallaði fram í hjá hv. þm. og spurði, hvort hann ætti við kaþólsku kirkjuna. Það er

alveg rétt, að hin kaþólska kirkja á Íslandi var svipt mjög miklum jarðeignum, sem konungur tók til sín sem handhafi ríkisvalds og Ísland síðar seinna meir fékk og kallaði þjóðjarðir, þær konungsjarðir, sem þá hafði ekki verið ráðstafað öðruvísi. Á hv. þm. við þessar jarðir, sem konungsvaldið á miðri 16. öld tók af kaþólsku kirkjunni? Mig langar til að vita, hvort það er komin fram rödd hér á Alþingi, sem gerir kröfu á íslenzka lýðveldið, kröfu í nafni þeirrar kirkju, sem svipt var sínum jarðeignum á Íslandi í kringum 1550, og ég vildi gjarnan, að þetta væri sagt dálítið nánar. Við vitum allir, að kaþólska kirkjan var mjög rík, og kaþólska kirkjan er enn þá hér á Íslandi. Ég vil leyfa mér að spyrja: Fyrir hönd hvers gerir hv. þm. þessa kröfu? Er það fyrir hönd kaþólsku kirkjunnar, sem þá var svipt sínum jarðeignum á Íslandi? Ég vil leyfa mér að búast við, að það geti varla verið svo. Ég held, að ef við eigum að fara út í þessi mál út frá lögfræðilegu sjónarmiði, þá mundum við fara nokkuð langt út fyrir það, sem hv. þm. hefur yfirleitt dottið í hug í þessu sambandi. Lögfræðilegar kröfur kaþólsku kirkjunnar, — ég vildi nú leyfa mér að segja með tilliti til ýmissa dóma í hæstarétti, — þær eru þá löngu fyrndar, ef þær hafa nokkurn tíma átt við nokkur rök að styðjast. Og ég er hræddur um, að það verði ekki fallizt á, að kirkjan, hvorki sú kaþólska né sú lúterska, eigi nokkra kröfu á hendur ríkinu þannig. Og ég held, að það sé ekki rétt að flytja þessi mál frá því sjónarmiði. Ég held, að það sé ekki rétt að fara að vitna í gamla kirkju, sem hér hafi verið voldugur, mikill jarðeigandi og hafi verið svipt sínum jarðeignum og eftir margs konar ráðstafanir hafi þó þær jarðeignir að lokum nú á þessari öld lent mikið til þeirra bænda, sem á þeim jörðum unnu. Og ég býst ekki við, að þeir vilji fara að gerast landsetar kaþólsku kirkjunnar aftur. Ég held þess vegna, að við eigum ekki að ræða þessi mál frá þessu sjónarmiði. Við getum rætt þau frá hinu sjónarmiðinu, hvort við viljum á vissum sviðum styðja að því starfi, sem kirkjan vinnur, og það gerir ríkið nú í allríkum mæli, og ég held, að við eigum að athuga þess vegna, hvort það eru ekki aðrir hlutir þarna, sem eiga að ganga fyrir.

En svo að síðustu fór hv. þm., — ég skal ekki fara út í langar umr. við hann hér, — hann fór að minnast á börnin og sagði, að Jesús frá Nazaret hafi sagt: „Leyfið börnunum að koma til mín.“ Ég veit nú ekki, hvort það er aðalatriðið í sambandi við þessi mál, að kirkjan skapi sér áróðursaðstöðu gagnvart börnunum. Ég held, að áróðurinn í börnunum hafi verið ræddur dálítið undanfarið opinberlega hér á Íslandi. Ég held, að áróðurinn í börnunum ætti að eiga sér sem minnst stað, og það er meira en nóg, það sem gert er að því að kenna þeim í barnaskólunum nú í þessum efnum. Það er bezt að láta þau sleppa sem mest við áróðurinn, líka þennan trúarlega áróður. Við skulum fyrst og fremst reyna að hugsa um þeirra heilbrigði og geta veitt þeim þeirra, sem eiga bágast, aðbúnað, m. a. vangefnum börnum, og reyna að sjá til þess, að þau börn, sem þurfa aðhlynningu af hálfu þess opinbera, hvort heldur er við barnaskólana eða á barnaheimilum, geti fengið hana. Ég held, að fyrst og fremst ætti það opinbera að reyna að sjá til slíks og reyna að sjá um, að það sé gert vel við börnin hvað slíkt snertir. Við skulum leyfa mönnum helzt að mynda sér sínar skoðanir sem allra sjálfstæðast, þannig að þeir hafi þar úr ýmsu að velja. M. a. liggur fyrir flestum þm. nú bréf frá manni, sem mun hafa verið í þeim evangelísku lútersku söfnuðum hér á Íslandi, að hann tekur þessi mál mjög alvarlega og vill losna undan þeim skildaga, sem hann hafi verið settur í við skírnina, og getur ekki fengið sig lausan og á í erfiðleikum í sambandi við biskupinn, á í erfiðleikum í sambandi við kirkjumrh. og hefur skrifað til Alþingis í sambandi við þetta líka. Við skulum aðgæta það vel, að það er mjög eðlilegt, að menn fái að mynda sér sínar lífsskoðanir, þegar menn eru það þroskaðir, að þeir geta tekið við. Ég býst við, að það sé ekki neinn maður hér inni slíkur, að hann álíti, að einmitt sú trúarskoðun, sem t. d. evangelíska lúterska kirkjan hefur, sé öllum trúarskoðunum í veröldinni framar og það geti ekki verið hugsanlegt, að menn með því að kynna sér hluti betur geti komizt að einhverri annarri niðurstöðu. Það er þess vegna mjög óeðlilegt, að það sé sköpuð nokkur sérstök áróðursaðstaða fyrir nokkra sérstaka söfnuði þannig, frekar en t. d. áróðursaðstaða fyrir einhverja sérstaka pólitíska flokka í börnum, og bezt að leyfa barnssálinni að þroskast án þess að verða fyrir slíkum áróðri, en reyna að hlynna að börnunum að öðru leyti. Og því miður er það svo, að í þessu þjóðfélagi, sem er að gagnsýrast af spillingu og peningagirnd, er einmitt hætt við, að barnssálin hvað mest verði úti, þannig að það má ósköp vel hugsa dálítið betur um þessi mál en gert hefur verið. Þess vegna leyfi ég mér nú að flytja þessa brtt., sem ég vona að sú nefnd, sem þetta mál fer til, komi til með að athuga með skilningi.

Björn Pálsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að deila um trúmál hér, ekki heldur um barnaheimili. Það er hægt að hæla hv. 3. þm. Reykv. fyrir það, að hann er hreinlyndur maður og hreinskiptinn og segir meiningu sína. Ég veit ekki, hvort hann er kristinn eða heiðinn. Hann mælti hér einu sinni fyrir minni heiðindómsins, og satt er það, að heiðindómurinn hafði vissan móral og vissa menningu. Það er líka satt, að kristin kirkja hefur margar syndir að baki, t. d. frá miðöldunum og annað slíkt, og það er í raun og veru ófögur saga, ef það væri tekin aðeins lakari hlið af hennar starfsemi, a. m. k. á vissum öldum. Það er líka rétt, að þá hafa sennilega kristnu söfnuðirnir verið heitastir og í raun og veru þeirra starfsemi fegurst, þegar þeir urðu að fara í felur með trú sína og ræktu sín trúmál í Katakombunum í Róm, þannig að það er ekki tryggt, þó að það séu byggðar stórar og skrautlegar kirkjur, að það sé sannkristnara fólk, sem þar kemur saman, heldur en þótt það sé í fátæklegri húsum.

Hitt er annað mál, og ég geri ráð fyrir, að því verði ekki breytt með okkar kirkju, að hún verði ríkiskirkja áfram, og það, sem ég vildi sérstaklega benda á í þessu sambandi, er, að ég álít, að kirkjumrh. hafi mikið starf að inna af höndum við að endurskipuleggja kirkjubygg-

ingarnar og yfirleitt kennimannakerfið hér í landi. Aðstaðan er allbreytt frá því, sem áður var, þegar menn fóru fótgangandi til kirkjunnar eða þá á hestum. Nú fara menn á bílum. Ég álít, að það þurfi að endurskipuleggja þetta allt saman. Það er algerlega óþarft að hafa kirkjurnar jafnmargar og þær voru fyrir 50—60 árum, þegar samgöngumöguleikarnir voru allt aðrir en þeir eru nú. Ég held, að það verði frekar messufært, ef kirkjurnar eru færri og söfnuðirnir stærri. Ég álít, að þetta kerfi þurfi allt að endurskoða og hefði verið eðlilegra að koma með þáltill. um það. Ég er ekkert sérstaklega prestatrúar og skal ekki, eins og ég sagði áðan, vera að deila um trúmál, en ég aðhyllist trúfrelsi. Það er ekkert við það að athuga, að menn hafi sína skoðun, og hefur hver maður rétt til þess. En ég geri ráð fyrir, að kirkjan verði starfrækt hér áfram sem ríkiskirkja. Við ættum að byggja þetta upp í tíma af meiri hagsýni og viti en gert hefur verið t. d. við félagsheimili hér á landi. Þau hafa verið byggð alveg skipulagslaust. Þau hafa verið byggð óþarflega þétt. Mér finnst það vera eins og hver önnur vitleysa, þegar ríkið leggur fram allt að því helming af stofnfénu, að það hlutist ekki til um, á hvern hátt þessu fé er varið, og skipuleggi þetta, því að það geta engir aðrir skipulagt það nema ríkið. Ég er sannfærður um, að það er ekkert óeðlilegt við það, að prestarnir hefðu stærra svæði en þeir hafa, þeir hefðu meira að gera, og þá er líka sjálfsagt að borga þeim það sæmilega, að þeir þurfi ekki að hafa önnur störf. Það þarf að hafa kirkjurnar þannig, að það sé hægt að messa í þeim, það þarf að hita þær upp og hafa þær sæmileg hús. Það má deila um, hversu mikið skraut á að vera í þeim og hversu stórar þær eigi að vera. Það er sjálfsagt að taka tillit til stærðar safnaðanna. Út í það skal ég ekki fara. En ég álít, að þetta þurfi allt að skipuleggja frá grunni, það þurfi að ákveða, hvar eigi að byggja kirkjur. Svo er ekki nema eðlilegt og sjálfsagt, að ríkið leggi allríflegan hluta fram til nýbyggingar kirkna. Það er staðreynd, að gömlu timburkirkjurnar eru að hrynja og þær eru að verða ómessuhæfar. En kirkjunum má vafalaust fækka mikið, prestunum sjálfsagt eitthvað, og ég held, að það sé betra fyrir prestana, að þeir hefðu fullt starf og þá líka full laun. Það hygg ég raunar, að þeir hafi nú orðið. Þeir voru lengi lágt launaðir, svo að þeir urðu að hafa eitthvað annað með. En þetta álít ég, að ríkisstj. ætti að hafa forgöngu um, og ef ekki væri svona áliðið þings, mundi ég gjarnan vilja vera meðflm. þáltill. um að fela ríkisstj. að sjá um endurskoðun á öllu þessu kerfi. Ég held, að þetta sé, eins og ég tók fram áðan, til góðs fyrir starfsemina og trúmálin í heild, að stækka söfnuðina og um leið byggja sæmilegar kirkjur, þannig að það sé hægt að messa í þeim að vetrinum, þótt kalt sé, en það mun vera töluverð vöntun á því, að það sé messufært í sumum kirkjum.

Halldór Kristjánsson: Herra forseti. Mér hafa þótt þessar umr. töluvert fróðlegar, en nokkuð undarlegar þó, og er það þó einkum það, sem hv. 3. þm. Reykv. hefur lagt hér til mála. Ekki vegna þess, að það sé neitt nýstárlegt við það, að úrtölumenn hafi þær mótbárur á takteinum, að segja, að það sé eitthvað annað, sem eigi að ganga fyrir, allt annað, sem eigi að gera. En mér þykir dálítið einkennilegt, þegar verið er að tala um afstöðu til kirkju, íslenzkrar þjóðkirkju og kirkjubygginga í dag, þá skuli vera farið aftur í fornöldina, og mér finnst, að ýmislegt, sem hafi verið sagt um kirkju á liðnum öldum, sé mjög vafasamt. Auðvitað er hægt að finna ýmislegt neikvætt. En ég vil aðeins minna hv. 3. þm. Reykv. á það, að ef eins væri tekið úr sögu þeirrar gömlu, virðulegu stofnunar, sem hann nefndi, Alþingis, þá hygg ég þó, að hann mundi ekki mótmæla því, að þar væru ýmsir skuggalegir hlutir, bæði fyrr og síðar.

Þegar talað er um kaþólsku kirkjuna og hennar eignir og fortíð hér á landi, finnst mér, að við megum vel hafa það í huga, að við siðaskiptin varð ekki meiri bylting en það í kirkjumálunum, að ég veit ekki betur en allur þorri hinna starfandi presta á landinu hafi haldið áfram í þjónustu hinnar evangelísku lútersku kirkju, eins og það var orðað eftir siðaskiptin. Það var ekki verið að skipta um kirkju í landinu, heldur gerðist hér svipuð þróun og í nágrannalöndunum, að þjóðin hvarf frá páfadómi. Vitanlega hafði konungsvaldið þarna sitt að segja, og ég hygg, að það sé nú frekar hin pólitíska hlið á sögu Jóns Arasonar heldur en kirkjulega, sem gerir hann að þjóðhetju, þó að hann væri vitanlega merkur maður á sviði trúmála og kirkjumála líka. En undarlegt þykir mér það, að ýmsir þeir, sem telja Jón Arason mikla þjóðhetju á Íslandi vegna afstöðu hans til framandi ríkisvalds, hafa verið tregir til þess að leggja liðsyrði eða aðdáunarorð rómversk-kaþólskum kirkjuhöfðingja, sem á síðari árum eða um okkar daga hefur átt í harðri andstöðu við framandi ríkisvald. Ég veit, að hv. 3. þm. Reykv. kannast við kardínála nokkurn suður í Ungverjalandi, sem mér finnst að mörgu leyti hafa komizt í svipaða aðstöðu og Jón biskup Arason á sinni tíð.

Mér skilst, að þessi þáltill., sem hér liggur fyrir, sé ekki ákaflega róttæk. Mér skilst nánast, að hún sé um endurskoðun á gildandi lögum og reglum, því að ríkissjóður hefur lagt fram fé til kirkjubyggingasjóðs á undanförnum árum. Sú löggjöf er orðin að vissu leyti úrelt, miðað við það, sem hún var, þegar hún var sett, og því er ekki nema eðlilegt, að hún sé tekin til endurskoðunar, og það er það, sem mér skilst, að þessi till. raunverulega feli í sér. Og þegar við tökum afstöðu til hennar, er það vitanlega ekki út frá því, hvort okkur finnst, að eitthvað væri gagnlegra og ætti að ganga fyrir kirkjubyggingum almennt. Það er ekki afstaða okkar fyrst og fremst til barnaheimila, barnaskóla og þess háttar. Eða vildi t. d. hv. 3. þm. Reykv. segja: Við skulum fella niður framlög til lista, vegna þess að það er nauðsynlegra að byggja barnaheimili, við skulum láta listamennina bíða, þangað til barnaheimili eru komin? — Og þannig má telja upp. Það er úrtölubraguinn, sem á þessu er.

Um barnaskírn ætla ég ekki að tala hér. Ég veit það, að t. d. Hvítasunnumenn eru mjög á móti barnaskírn, og því bregður mér ekkert við,

þó að ég heyri prédikað á móti henni. En hitt mun nú frekar heyra til undantekninga, þegar menn telja sig svo bundna af barnaskírninni þrátt fyrir breyttar trúarskoðanir, að þeir telja, að þeir þurfi að fá að gera einhverjar löglegar ráðstafanir til þess að losa sig undan þeim sáttmála eða skuldbindingum, sem þeim hafa verið bundnar þar. Og ég hélt, að við værum yfirleitt þeirrar skoðunar, að samvizkufrelsið og samvizka mannsins væri ofar öllum trúarjátningum og trúarsáttmálum. En einmitt vegna þess að ég er sammála hv. 3. þm. Reykv. um það, að spilling og peningagirnd sé að grafa allt of mikið um sig í þessu þjóðfélagi, þá er það mín skoðun, að það sé hagkvæmt, að þjóðfélagið veiti kirkjunni stuðning, vegna þess að þrátt fyrir allt hefur mér skilizt, að boðskapur, prédikun og starfsemi kirkjunnar væri andstætt þeirri spillingu og þeirri peningagirnd og því ofstæki og þeim áróðri, sem okkur er hættulegast nú á tímum.

Gunnar Gíslason: Herra forseti. Það mun hafa verið í fyrra í sambandi við frv. til l. um sölu á kristfjárjörð, að blað hv. 3. þm. Reykv. gat þess, að þessi hv. þm. væri helzti forsvarsmaður Krists á Alþingi. Ég verð að segja það, að ég kenndi hálfpartinn í brjósti um þennan hv. þm., þegar blað hans sagði þannig frá, því að ég sá ekki betur en blaðið væri að drótta að þessum hv. þm., að hann væri hrokkinn út af línu, sem ég veit þó að hann vill ekki fara út af, því að ég þykist vita, að hann sé sammála þeirri ágætu frú, sem heimsótti þetta land, Ekaterinu Furtsevu, að kristindómur og kommúnismi eigi enga samleið. Ég held, að þessum hv. þm. hafi mislíkað þessi frásögn blaðsins, því að hann setur sig aldrei úr færi síðan, bæði hér í dag og áður, að ráðast á kirkjuna, svo að mér sýnist, að það sé rétt, sem ég segi, að blaðið hafi gert honum nokkurn óleik með þessari frásögn.

En ég ætla ekki að fara að deila neitt við þennan hv. þm. um kirkjuleg málefni. Ég vil aðeins með einu orði benda á það, sem er skoðun mín og ég held, að sé söguleg staðreynd, að bygging kirkna hafi aldrei staðið í vegi fyrir t. d. byggingu sjúkrahúsa eða barnaheimila, heldur jafnvel þveröfugt, að kirkjubyggingar hafi stutt að því, að byggð voru barnaheimili, sjúkrahús og aðrar líknar- og menningarstofnanir. Þetta hygg ég, að sé staðreynd, sem ekki verður gengið fram hjá. Þess vegna álít ég, að efling kirkjulegs starfs, í hvaða mynd sem er, og þar kemur vitanlega til bygging guðsþjónustuhúsanna, muni verða til þess, að við sinnum miklu betur en við gerum — og ég er sammála hv. þm. um að við þurfum að gera — að byggja yfir vangefin börn og sjúkrahús og annað, sem við þurfum að gera og gerum mjög svo mikið af nú á tímum, eftir því sem geta okkar leyfir. Ég vil því aðeins benda á þetta, sem ég er sannfærður um, að efling kristnilífsins, í hvaða mynd sem er, mun vissulega styðja að því, að við vinnum betur að ýmsum þeim málefnum, sem við þurfum að vinna að, eins og t. d. því að sinna betur vangefnum börnum og öðrum þeim, sem eru minni máttar í þjóðfélagi okkar. Ég held þess vegna, að þetta sé alger misskilningur hjá hv. þm. Þótt við vinnum betur að því og styðjum söfnuðina betur að því að byggja sín guðsþjónustuhús en við gerum í dag, þá muni það á engan hátt draga úr því, að við vinnum að öðrum nytsömum verkefnum.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég get nú ekki sýnt eina klerkinum, sem við nú höfum á Alþingi, og sálmaskáldinu minni sóma en þann að koma þó í stólinn á eftir þeim.

Hv. 2. þm. Norðurl. v. kom hér inn á það, að í sambandi við umr. um kristfjárjarðir hefði Þjóðviljinn farið að kalla mig einhvers konar fulltrúa Krists hérna eða ég hefði verið að verja hann. Þetta er nú sagt eins og hvert annað skemmtilegt grín. En það er ákaflega fjarri því, að ég hafi verið að bera mig eitthvað upp undan slíku, ef hv. 2. þm. Norðurl. v. heldur það. Mér þykir heiður að því, ef ég er kenndur við eitthvað slíkt, og það er vegna þess, að ég lít á Jesúm frá Nazaret fyrst og fremst sem byltingarmann, mann, sem hafi verið að boða kenningu, sem braut algerlega í bága við það þjóðfélag, sem þá ríkti, og við það ríki, sem hann bjó við, hann hafi verið að boða þeim fátæku fagnaðarboðskap, verið, eins og talað var um þá af hálfu yfirstéttarinnar, að æsa upp lýðinn og fá þá fátæku til að skilja það, að þeir væru jafngóðir menn og jafnmikilvægir í þjóðfélaginu og þeir ríku, og jafnvel að prælarnir væru menn jafnir fyrir guði og þeir voldugu rómversku auðmenn og hershöfðingjar. Og þessar byltingarkenningar held ég, að flestir þeir, sem aðhyllast sósíalismann og skilja hann, hafi alltaf í heiðri og þann mann, sem lét lífið ásamt mörgum fleiri einmitt í hernumdu landi fyrir dóma þeirra erlendu hernámsstjóra, atyrtur og hrakinn af þeirri ríkjandi stétt í landinu, en elskaður af almenningi. Ég held, að menn sjái einmitt í þeirri persónu eins konar tákn fyrir þá uppreisnarmenn, sem hafa barizt fyrir svipuðum kenningum bróðurkærleikans og fyrir rétti þeirra fátæku og hafa hlotið álíka meðferð. Það var ekki Kristur einn, sem var krossfestur á þessum tímum. Þegar uppreisn þrælanna í Róm var barin niður nokkru áður, eftir að hafa barizt í 3 ár undir forustu Spartakusar, þá var alllangur vegur frá Róm og suður eftir Ítalíu þakinn krossum, þar sem þrælar voru krossfestir á hverjum einasta krossi. Það var síðurinn að meðhöndla uppreisnarmenn þannig þá, og ég held þess vegna, og það hefur verið skoðun þeirra manna, sem ruddu sósíalismanum braut á Íslandi, eins og Þorsteins Erlingssonar, að um leið og þeir stóðu í mjög ákveðinni andstöðu við hina kristnu kirkju og hlutu af henni ýmsar kárínur, líka hér á Alþingi í sambandi við skáldalaun, — þótt einstakir menn úr kirkjunni, það skal ég fyllilega viðurkenna, hafi staðið sig þar vel, — þá héldu þeir að sama skapi máske því meira upp á Jesúm frá Nazaret sem þeir voru í meiri andstöðu við kirkjuna. Og ef Jesús frá Nazaret væri kominn hérna núna, þá veit ég ekkert, hvernig þjóðkirkjunni yrði við hann. Ég er hræddur um, að henni litist ekkert sérstaklega á t. d. Fjallræðuna og allan boðskapinn gagnvart þeim ríku, og ég veit ekki, hvort prestarnir beita því sérstaklega mikið af prédikunarstólunum nú á tímum, hve erfitt sé fyrir ríka menn að komast í guðsríki, og draga

samlíkingarnar. Ég held, að þeir hrópi ekki mikið „vei“ yfir þeim. Ég er ákaflega hræddur um, að honum mundi jafnvel finnast, að Farísearnir væru anzi sterkir, meira að segja innan kirkjunnar.

En látum það nú vera. Ég vildi aðeins segja þetta út af því, sem hv. 2. þm. Norðurl. v. kom inn á í þessu sambandi. Það er ekki mín skoðun, að það sé andstæða á milli þeirra kenninga, sem Jesús frá Nazaret boðaði um bróðurkærleikann og þúsund ára ríkið á jörðinni og annað slíkt, og sósialismans, heldur þvert á móti. Ég held, að sósialisminn sé sú stefna, sem muni skapa þann þjóðfélagslega grundvöll fyrir framkvæmd slíkra kenninga í framtíðinni, þar sem hagsmunaandstaða milli manna sé ekki lengur til, þar sem andstæðar stéttir séu ekki lengur til, þar sem mennirnir komi fram hver við annan sem bræður. Ég held, að einmitt framkvæmd sósialismans muni skapa grundvöll fyrir það þjóðfélag, sem kristin kirkja hefur prédikað mismunandi vel í 2000 ár og ekki getað framkvæmt. En hitt skal ég viðurkenna, að kenningar Jesú frá Nazaret og kristin kirkja eru tvennt ólíkt, og ef við eigum að fara út í þá historíu alla, þá býst ég við, að hv. 2. þm. Norðurl. v. verði mér líka sammála, að allmikið í þeirri organisasjón, sem nú er á kristinni kirkju, stafi ekki fyrst og fremst frá Jesú frá Nazaret, heldur, ef við viljum rekja það til baka, þá sé kannske uppruninn hjá Páli postula og síðan ummyndað allrækilega í yfirstéttum allra tíma í upp undir 2000 ár og byrjar með Konstantín mikla, þegar hann tók kirkjuna í þjónustu ríkisins.

Ég held þess vegna, að það sé ekkert undarlegt, og það er ekkert einstakt við boðskap meistarans frá Nazaret í samanburði við aðra trúarbragðahöfunda, að það inntak, sérstaklega það siðferðilega inntak, sem er í boðskapnum, sé raunverulega gert að svo að segja engu seinna meir í því skipulagsbákni, sem yfirstéttirnar seinna meir búa utan um þá kirkju, sem þeir taka á vissum tíma í sína þjónustu. En fyrst við erum nú að deila hér um söguna og kirkjuna, þá vil ég hins vegar gjarnan segja það, að það er stórkostleg breyting og stórkostleg framför, sem orðið hefur t. d. á íslenzku þjóðkirkjunni á þessari öld. Held ég, að ekki hafi hvað sízt þeir menn hjálpað til þess, sem stóðu utan hennar, t. d. að kenning eins og helvítiskenningin skuli raunverulega vera upprætt úr kirkjunni og hennar kenningum, eftir því sem mér skilst. Þar held ég, að fyrir utan menn eins og Matthías Jochumsson hafi raunverulega menn eins og Þorsteinn Erlingsson hjálpað eins mikið til við það og nokkrir aðrir, þannig að meira að segja þeir menn, sem utan kirkjunnar hafa verið, hafa líka hjálpað til að gera íslenzku þjóðkirkjuna miklu betri nú, miklu frjálslyndari en hún var fyrir 100 árum.

Annars þykir mér vænt um, að það skuli hafa komið fram frá hálfu þeirra manna, sem hér hafa talað, að það sé rétt og nauðsynlegt að gera meira í ýmsum af okkar félagsmálum, og jafnvel, að kirkjan hefði átt að láta meira til sín taka. Og ég vil leyfa mér að spyrja, hvort það mundi nú ekki einmitt vera bezt viðeigandi í þessu sambandi, að það væri byrjað með því að framkvæma slíkt einmitt með því að breyta þessari þáltill., sem hér liggur fyrir, í þá stefnu, sem ég hef lagt til.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 59. fundi í Sþ., 8. apríl, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 37 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 73., 74. og 75. fundi í Sþ., 6., 8. og 9. maí, var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 78. fundi í Sþ., 13. maí, var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 261, n. 534, 414).

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Fjvn. fékk till. á þskj. 261 til athugunar, og var gert ráð fyrir því, að hv. 2. þm. Norðurl. v., Gunnar Gíslason, hefði framsögu af hálfu meiri hl. n. eða fyrir álitinu á þskj. 534. En vegna fjarveru hans hef ég tekið það að mér.

Eins og fram kemur í nál., var till. þessi send til umsagnar biskupi og kirkjuráði, og mæltu báðir þessir aðilar með því, að till. yrði samþ. óbreytt, og gerum við, sem stöndum að nál. á þskj. 534, það að till. okkar, að till. þessi, eins og hún er á þskj. 261, verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

Brtt. 414,1 felld með 27:4 atkv.

Tillgr. samþ. með 31:3 atkv.,

Brtt. 414,2 kom ekki til atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 31:2 atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 698).

Þingsályktunartillögur felldar.

1. Vantraust á ríkisstjórnina.

Á deildafundum 31. okt. var útbýtt frá Sþ.: **Till. til þál. um vantraust á ríkisstjórnina** [57. mál] (A. 58).

Á 11. fundi í Sþ., 5. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 12. fundi í Sþ., 6. nóv., var till. tekin til einnar umr. (útvarpsumr.).

Forseti (BF): Umr. í kvöld skiptist í tvær umferðir, 25—30 mín. á flokk í fyrri umf., en 20—25 mín. í síðari umferð. Röð flokkanna er þessi: Alþb., Sjálfstfl., Framsfl., Alþfl. Af hálfu Alþb. tala Hannibal Valdimarsson, Eðvarð Sigurðsson, Ragnar Arnalds. Af hálfu Sjálfstfl. tala Ólafur Thors, Bjarni Benediktsson. Af hálfu Framsfl. tala Eysteinn Jónsson, Einar Ágústsson, Jón Skaftason. Af hálfu Alþfl. tala Emil Jónsson, Birgir Finnsson. Hefst þá umr. og til máls tekur Hannibal Valdimarsson af hálfu Alþb.

Flm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Góðir hlustendur. Stjórnarstefnan, „viðreisn", er orðin gjaldþrota. Uppvíst er nú, að allt, sem höfundar hennar lofuðu í upphafi, hefur verið svikið. Allar þær vonir, sem stuðningsmenn hennar gerðu sér um ágæti hennar, eru nú brostnar. Þegar ríkisstj. svo setti kórónuna á verkið með því að bera fram þvingunarlög gegn verkalýðshreyfingunni, báru þm. Alþb. þegar í stað fram vantraust á ríkisstj., og nú eru vantraustsumr. að hefjast hér frá hv. Alþingi. En er það ekki nú eins og fyrri daginn, að stjórnarandstæðingar séu einir til frásagnar um það, að stjórnarstefnan sé nú komin í ógöngur? Nei, nú játa fjöldamargir stuðningsmenn ríkisstj. opinskátt ófarirnar. Steinarnir eru sem sé farnir að tala.

Það er örstutt síðan við lásum í Alþýðublaðinu þessa lýsingu á ástandinu: „Verðbólgan færist í vöxt. Hún er eins og óhjákvæmilegt lögmál. Við æðum áfram, kröfsum til okkar af öllum kröftum, höldum víst, að þetta fari allt einhvern veginn vel. En það getur ekki farið vel. Ástandið er í raun og veru litlu betra en það var á Sturlungaöld. Við sjáum þetta, hvert sem litið er. Við erum í útsoginu."

Þannig lýsir sem sé einn af reyndustu blaðamönnum stjórnarflokkanna ástandinu, sem viðreisnarstjórn Sjálfstfl. og Alþfl. hefur skapað.

Útgerðarmenn í Vestmannaeyjum, stærstu verstöð landsins, gerðu nýlega einróma samþykkt um, að grundvöllur útgerðar væri brostinn, æskilegast væri, að ríkisstj. vildi hirða allt draslið núna fyrir vertíðarbyrjun. Já, ekki er það nú björgulegt eftir tvennar gengislækkanir, gerðar til þess að sögn, að útgerðin gæti staðið á eigin fótum án uppbóta og styrkja. En þeir, sem þetta sögðu, voru þó íhaldsmenn að miklum meiri hluta, ekki vantaði það.

Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna þingaði á dögunum. Það munaði minnstu, að samþykkt væri þar að stöðva vélbátaútgerðina, og lýst var yfir, að eftir fjögurra ára viðreisn vantaði a. m. k. 14% hækkun allra útflutningsverðmæta til þess að ná endum gjalda og tekna saman. Þetta jafngildir því, að útgerðina vanti um 56% allra vinnulauna að óbreyttu kaupi. Ófögur er nú sú lýsingin, ef sönn reynist.

Þannig fer það ekki á milli mála, að útgerðarmenn, forustumenn fiskiðnaðar, sjómenn, verkafólk og bændur fordæma viðreisnina og ávexti hennar. Óánægjuraddirnar berast að úr öllum áttum, ekki bara úr andstæðingaherbúðum stjórnarinnar, heldur engu síður úr eigin herbúðum.

Svo er meira að segja komið, að ráðh. bera fram játningar. Hæstv. fjmrh. játaði í fjárlagaræðunni um daginn, að margt hefði úrskeiðis gengið á liðnu sumri. Niðurstaða hæstv. forsrh., Ólafs Thors, fyrir nokkrum dögum í framsöguræðu fyrir þvingunarlagafrv. var sú, að flest horfði nú illa í efnahagsmálum þjóðarinnar, þess vegna mætti alls ekki hækka kaup verkafólks, það yrði að setja það fast með lögum. Og sjálfur viðskmrh., Gylfi Þ. Gíslason, tekur einnig í játningarstrenginn, greiðsluhallinn er vælegur, nálgast 700 millj. og gjaldeyrisvarasjóðirnir eru farnir að tæmast. Þetta er þungur dómur um viðreisnina, en þetta er sannur dómur, þetta eru þeirra eigin orð. Ég hef kosið að láta stjórnarherrana sjálfa og þeirra fólk tala.

En hvernig má þetta nú vera? Í vor var þó allt í ljómandi lagi? Viðreisnin hafði heppnazt til fulls, allt í velsæld og blóma, og síðan aðeins stutt sumar á milli, ekkert hallærissumar, öðru nær. Heildarafli sjávarafurða rétt við nýtt met að verðmæti, og þó liggur nú öllu við stöðvun og ringulreið.

Hvað hefur eiginlega gerzt, og hvenær gerðist þetta? Það skyldi þó aldrei hafa verið skrökvað að þjóðinni í vor? Sannleikurinn er sá, að viðreisnin var hrunin í vor, og ríkisstj. vissi það sjálf. Þá voru seinustu forvöð, að hægt væri að dylja það. Þess vegna flýttu þeir kosningunum, sem að réttu lagi áttu annars að fara fram nú um þessar mundir.

Með engu móti verður því haldið fram með rökum, að óbilgirni og heimtufrekja verkalýðssamtakanna í launamálum hafi fellt viðreisnina. Verkalýðshreyfingin veitti lögbundinni kauplækkun Emils Jónssonar, sem stöðva átti alla verðbólgu og dýrtíð, grið allt árið 1959. Þrátt fyrir gengislækkun og afnám vísitölubóta á kaup árið 1960, knúði verkalýðshreyfingin ekki fram almennar kauphækkanir á því ári. Enn var beðið. Það skyldi nefnilega fullreynt, hvort úrræði viðreisnarinnar í efnahagsmálum væru raunhæf, ef kaupið stæði í stað. Það var loks 1961, sem verkalýðshreyfingin knúði fram 10—12% kauphækkun og bauð jafnframt að stuðla að vinnufriði um 2 ára skeið. En á þá framréttu hönd var slegið af fyllsta ruddaskap með ástæðulausri gengislækkun sumarið 1961. Það var eitt hið versta verk þessarar stjórnar fyrr og síðar. Þessu svaraði verkalýðshreyfingin með 9—10% kauphækkun vorið 1962. Hún var svo hófsamleg, að atvinnurekendur og ríkisvald viðurkenndu 5% hækkun kaups án formlegra samningsuppsagna strax um áramótin 1962—63. S. l. vor ætlaði verkalýðshreyfingin svo að rétta hlut sinn, en féllst þó á að sætta sig við aðeins 7½% kauphækkun þá, en fresta höfuðaðgerðum og bjarga þannig síldarvertíðinni norðanlands og austan. Þetta bráðabirgðasamkomulag kallaði hæstv. forsrh. í fögnuði sínum „þjóðhátíðarsamningana". Þessi griðasáttmáli var gerður í því trausti, að tíminn fram til 15. okt. yrði vel notaður, m. a. af ríkisstj. En svo varð ekki. Ráðh. höfðu ekki fyrr fengið umboð um frest en þeir voru eins og fjaðrafok út um allan heim að skemmta sér, en lögðu frá sér alla ábyrgð.

Þetta eru allar þær kauphækkanir, sem orðið hafa í valdatíð núv. stjórnarsamsteypu. Ef miðað er við 1959, er kauphækkunin alls 35%, en sé miðað við 1958, áður en Emil Jónsson lækkaði kaupið með lögum, hefur kaup verkamanna aðeins hækkað um 17%. En hvað með dýrtíðina á sama tíma? Vísitala framfærslukostnaðar hefur síðan í marz 1959 hækkað um 44% og neyzluvöruvísitalan hvorki meira né minna en um 75%. Er það nú hægt með þessar staðreyndir í huga að kasta allri sökinni á því, að viðreisnin hafi misheppnazt, á verkalýðshreyfinguna, en á því er sífellt klifað af ráðh. og málgögnum ríkisstj.? Nei, slíkt er vissulega ekki hægt. Það er hin argasta fjarstæða og rangsleitni í senn. Verðbólgu- og dýrtíðarófreskjan hefur aldrei magnazt neitt álíka og í sumar. Vísitala vöru og þjónustu hefur bara á sumrinu hækkað um 22 stig. sem jafngilda 44 stigum eftir gamla vísitölukerfinu. Ekki geta þetta verið afleiðingar kauphækkunar verkafólks í sumar, sem enn hefur engar kauphækkanir fengið. Ekki hefur viðreisnin getað hrunið fyrir óskum einum um hækkað kaup, en lengra er nú verkafólkið enn ekki komið. Nei, vissulega ekki.

En stjórnin hélt ótrauð áfram á ófarnaðarbraut verðbólgunnar í sumar. Já, aldrei eins geyst og í sumar. Í viðbót við verðbólgudæluna á Suðurnesjum, Keflavíkurflugvöll, sem alltaf er í gangi, var enska láninu svokallaða, 240 millj. ísl. kr., dælt inn í íslenzkt efnahagskerfi á fáum vikum. Tryggingafélög jusu út lánum, og bankarnir voru hvattir til ríflegrar lánastarfsemi, langt umfram aukinn sparnað. Allt skyldi gera fyrir alla. Það voru nefnilega kosningar í vor. Þá herti það líka á spennunni, að gæðingar stjórnarflokkanna treystu á gengislækkun með haustinu. Þeir héldu, að þeir fengju enn einu sinni að borga fengin lán með smærri krónum og stinga svo mismuninum í vasa sinn, rétt eins og áður. Og máske þeir fái það líka, þó að ofsalegar skuldir stórkaupsýslunnar erlendis standi nú í bili í vegi fyrir nýrri gengislækkun. Hver veit nema Ólafur hressist?

Þetta og margt fleira í ráðleysispólitík stjórnarinnar stuðlaði að því, að efnahagskerfið fór algerlega úr böndunum í sumar. Þá gerðist og einstæður atburður í launamálum þjóðarinnar á sumrinu. Útvaldir sérfræðingar skyldu fella dóm um það, hvað fólkið í þjónustu ríkisins ætti að hafa í kaup. Sá dómur féll rétt eftir kosningar, og má þó vera, að einhver vitneskja hafi síazt út um dóminn fyrir kjördaginn. Ekki efa ég það, að launadómararnir hafa kynnt sér allrækilega, hvaða launagreiðslur þjóðarbúið þyldi, því að meðal dómenda var sjálfur Jóhannes Nordal, efnahagsmálasérfræðingur ríkisstj. nr. 1 eða 2. Meðaltalslaunahækkun samkv. kjaradómi varð 45%, en þeir, sem hæst laun höfðu fyrir, fengu þó allt upp í 90% launahækkun, þ. e. 7—10 þús. kr. í hækkun á mánuði. Kjaradómur átti ekki að valda neinu fordæmi til launahækkana, á því var margstaglazt, m. a. af ráðh. En önnur varð þó raunin. Fyrst knúðu blaðamenn Morgunblaðsins og Vísis fram kjaradómslaun sér til handa með verkfalli. Þá komu vinnuhjú Geirs borgarstjóra, starfsmenn Reykjavíkurborgar, og fengu kjaradómslaun með samningum, og enn þá var burðarmagn þjóðarskútunnar talið í ágætu lagi. Bein hliðstæða við það er svo starfsfólk annarra bæjarfélaga, sem auðvitað fær kjaradómskjör eftir fyrirmynd launareglugerðar Reykjavíkur. Þá fékk allt starfsfólk bankanna kjaradómskaup í september, og enn var þjóðarskútunni naumast brugðið, ekkert nálægt því að sökkva. En fyrir nokkrum dögum var mikill asi á bankaráðsmönnum. Þeir tóku daginn snemma, bankaráðsfundir voru kallaðir saman í skyndi, hæstv. fjmrh., Gunnar Thoroddsen, hespaði af bankaráðsfundi í Landsbankanum, Emil Jónsson sjútvmrh. skundaði á bankaráðsfund í Seðlabankanum, og Guðmundur Í. Guðmundsson utanrrh. boðaði fund í bankaráði Útvegsbankans. Menn vita það nú, að þar var verið að bjarga því í höfn að ákveða bankastjóralaun rúmlega 300 þús. kr. á ári. Ráðh. vissu nefnilega, að næsta dag átti að leggja fram stjórnarfrv. á Alþingi, sem bannaði allar kauphækkanir og svipti verkalýðsfélögin samningsrétti og verkfallsrétti. Þeir vissu, að næsta dag átti að skella hurðum á verkalýðinn og verkalýðssamtökin. Og nú heyrist allt í einu neyðaróp: Hingað og ekki lengra. Þjóðarskútan er að sökkva. Engar launahækkanir meir. Bjargið krónunni. — Og nú varð til spakleg hagfræðikenning. Hún er svona: Ef allir fá kauphækkun, fær enginn neitt. — Þetta var speki fyrir verkamenn, — ekkert vit í að vera að sækjast eftir hækkuðum launum. Þetta hljómaði í alþingissölunum, og það glumdi í útvarpinu. Dr. Benjamín Eiríksson bankastjóri kunngjörði verkamönnum af eldmóði í hinu hlut-

lausa ríkisútvarpi: Þið hafið ekkert gott af því að fá kauphækkun, því að ef allir fá hækkað kaup, fær enginn neitt. — Mikið talaði maðurinn vel, já, mikið talaði hann vel. Eða þá drengskapurinn og stórmennskan! Og þeir ráðh., sem löbbuðu heim til sín einn dag í september með 50 þús. kr. í umslagi, næstum því árslaun verkamanns, sem uppbót á kaupið sitt frá 1. júlí til 1. sept., hafa nú tileinkað sér spekina: Ef allir fá, fær enginn neitt. — Þess vegna berjast þeir nú ákaft fyrir kaupbindingu og kúgunarfrv. gegn verkafólki og verkalýðssamtökum. Réttlætið á að lifa.

Frv. um launamál o. fl., sem við höfum verið að ræða hér í þinginu undanfarna daga og nætur, á sér engan líka í allri þingsögunni. Það bannar allar kauphækkanir, hverju nafni sem nefnast. Það bannar alla kjarasamninga. Það bannar allar vinnustöðvanir, allt frá því að það var lagt fram á Alþingi. En það er alrangt, að í þessu frv. sé nokkurt bann að finna við verðhækkunum. Í 4. gr. segir aðeins, að óheimilt sé að hækka hundraðshluta álagningar á vörum í heildsölu og smásölu. Krónutala álagningar getur hins vegar hækkað. Enn fremur segir, að meiri hækkun en sem nemi sannanlegri verðhækkun efnivara og annarra kostnaðarliða sé ekki leyfileg, en samkv. því eru verðhækkanir af því tagi alveg sjálfsagðar. Þetta hefur hæstv. forsrh. líka fyllilega játað hér í umr. í þinginu. Það sker miklu dýpra inn í merg og bein, að ráðizt er með frv. þessu að helgustu lýðréttindum verkalýðssamtakanna, en þó að kaupið sjálft sé lögbundið. Það eitt væri þó ærið ranglátt og svívirðilegt eftir það, sem á undan er gengið. Verkalýðsfélögin væru nafnið eitt, eftir að þau væru svipt samningsrétti og verkfallsrétti. En undir slíka réttarsviptingu geta þau aldrei beygt sig. Hér eru ólög á ferðinni, og gegn öðru en ólögum rísa Íslendingar ekki.

Sú auma vörn og ósanna hefur verið tekin upp fyrir þessu ofbeldislagafrv., að ég hafi í ágúst 1956 gefið út brbl., sem hafi verið alveg hliðstæð við þetta frv. Bæði hæstv. dómsmrh., Bjarni Benediktsson, og hæstv. forsrh., Ólafur Thors, hafa látið sér þessa staðhæfingu um munn fara og hún síðan verið margendurtekin í útvarpinu og höfð eftir þeim. Mér þykir leitt að verða hér frammi fyrir alþjóð að lýsa báða þessa hæstv. ráðh. ósannindamenn að þessari fullyrðingu. Þannig stóðu sakir síðsumars 1956, að landbúnaðarvörur skyldu hækka í verði. Þá var vísitölukerfið í gildi, og áttu verkamenn og aðrir launþegar að fá þessa hækkun afurðaverðsins bætta með tilsvarandi vísitöluhækkun á kaupi. Þá voru verkalýðsfélögin spurð að því, hvort þau vildu sætta sig við að fá ekki vísitölubæturnar á kaupið, ef ríkisstj. greiddi niður afurðaverðshækkunina til bændanna og léti hana þannig alls ekki koma út í verðlagið. Þetta samþykktu öll þau verkalýðsfélög, sem til var leitað, sögðust heldur hagnast á þessu en hitt, því að þau höfðu aldrei talið sig fá fullar bætur verðhækkana með greiðslu vísitölubóta. Þannig eru það bein ósannindi, að grunnkaup hafi verið bundið með l. frá 1956. Enn frekari ósannindi eru það, að kaup hafi verið lækkað með nefndum lögum. Þau lögðu engar hömlur á samningsréttinn og því síður á verkfallsréttinn. Þau lög þrengdu á engan hátt að félagafrelsinu, en lögin frá 1956 lögðu fortakslaust bann við öllum verðhækkunum frá 15. ágúst allt til áramóta. Einnig að því leyti eru þau lög ólík þessu frv.

Ég endurtek, að l. 1956 um festingu verðlags og kaupgjalds voru sett í fullu samráði við verkalýðshreyfinguna, og ættu þeir herrar, sem að þvingunarlögunum nú standa, að reyna að fá samþykki, þótt ekki væri nema eins einasta verkalýðsfélags, við þessu frv., en enginn þarf að halda, að þeim takist það. Verkalýðsfélögin og verkalýðsstéttin um land allt hafa þegar svarað. Mótmælunum rignir að úr öllum áttum. Verkalýðsfélögin lýsa yfir, að þau haldi áfram markaðri stefnu sinni. Þau halda fast við aðalkröfur sínar, sem eru 40 kr. á klst. fyrir verkafólk, styttan vinnutíma og verðtryggingu þess kaups, sem um semst. Þau munu þreyta samninga til að ná þessum lágmarkskröfum fram, og þau hafa þegar fjöldamörg boðað verkföll með löglegum fyrirvara frá og með 11. þ. m.

Norsk verkalýðshreyfing braut á sínum tíma niður tugthúslögin illræmdu. Íslenzk verkalýðshreyfing braut niður og gerði að engu gerðardómslögin 1942, svo að höfundar þeirra urðu fljótlega að biðja Alþingi að ógilda slitrin. Slíkt ætti sannarlega að vera nægileg reynsla. Þetta frv. stríðir gegn réttarvitund almennings og réttlætistilfinningu allra sæmilegra manna. Þau verða því aldrei meira virði en pappírinn, sem þau eru prentuð á.

Það er óviturlegt af ríkisstj. að taka ekki þetta frv. aftur. Verkalýðshreyfingin bauð frest til að þreyta samninga í allt að hálfan mánuð, áður en frv. var lagt fram, til þess að reyna að leysa málin við samningaborðið. En á þá framréttu hönd var því miður slegið og boðinu hafnað. Enn eru allar leiðir farsællegri en lögfesting þvingunarlaganna. Af henni leiðir ófrið og stöðvun atvinnulífs um lengri eða skemmri tíma. Ég trúi því tæpast enn, að þm., sem tilheyra Alþfl. og verkalýðshreyfingunni, láti fara svo auvirðilega með sig, að þeir samþykki það réttindarán á verkalýðsfélögin, sem í frv. felst. Þó má vera, að búið sé að fulltryggja það, og er þá að taka því.

Ég trúi líka varla, að réttlætiskennd útgerðarmanna og annarra atvinnurekenda segi þeim ekki, að það sé í rauninni svívirðilegt að lögbinda nú kaup verkafólks í slíku dýrtíðarflóði og miðað við launahækkanir annarra stétta. En ef réttlætiskennd þeirra bregzt, blasir augljós hætta við, sú hætta, að verkafólk flýi framleiðslustörfin enn fremur en orðið er og leiti til þægilegri milliliðastarfa, þar sem veitt hefur verið 45% meðaltalshækkun á kaupi. En með þeirri þróun mundi tréð visna frá rótum.

Herra forseti. Ég lýk máli mínu með því að vara enn á ný hæstv. ríkisstj. við því ofurkappi að knýja þessa ranglátu lagasetningu, þessi þrælalög fram. Pappírslög leysa engan vanda. Þetta frv. torveldar alla friðsamlega lausn vandamálanna. Hér er um vandamál að ræða, sem stjórnin er alls ómegnug að leysa. Hún á að játa gjaldþrot sitt. Það blasir nú við allri þjóðinni. Hún á að sýna þann manndóm og gera þá skyldu sína við þjóðina að segja strax af sér. Hún getur aldrei, — og það getur raunar

engin ríkisstj., — leyst vanda launamálanna með valdboði í þvingunar- eða kúgunarlöggjöf. Og þó er það rétt, að um það er ekki síður vert að hafa fullt vald á þróun launamála en fjármála- og peningamála. Launamálin leysir engin ríkisstj. farsællega nema í falslausu og heiðarlegu samstarfi við framleiðslustéttir þjóðarinnar, verkafólk, iðnstéttirnar, sjómenn og bændur og samtök þessara stétta. Hvort sem hæstv. ríkisstj. trúir þessu eða ekki, þá er þetta samt sannleikur málsins. Launamálin hefur ríkisstj. tekið alveg öfugum tökum, eins og mörg önnur stórmál. Það á fyrst að ákveða fólkinu, sem framleiðslunni þjónar, lífvænleg kjör, og svo fer það eftir efnahag þjóðarinnar að öðru leyti, hvaða laun er hægt að greiða öðrum, allt upp í ráðh.

Núv. hæstv. ríkisstj. er úrræðalaus og hefur misst sjónar á réttlætinu. Hún hefur skapað sér vantraust þjóðarinnar og á því að biðjast lausnar. Úr því sem komið er, getur það aldrei orðið henni nema til vansæmdar að stritast lengur við að sitja. — Góða nótt.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Áður en ég sný mér að því að ræða efnahagsmálin, en út af þeim er þetta vantraust flutt, tel ég rétt að leiða athygli hv. hlustenda að því, að það eru 4 af ráðh. vinstri stjórnarinnar, sem ýmist flytja það eða standa að því. Rök þeirra eru, eins og menn heyrðu, annars vegar þau, að aldrei hafi nokkur ríkisstj. orðið jafnber að brigðmælum sem núv. stjórn, en hins vegar, að það sé svívirðileg kúgun að svipta launþega frjálsum samningsrétti og lögbinda kaupgjaldið um tveggja mánaða skeið til þess að forðast, að einstakir hópar launþega girði fyrir sanngjarna og farsæla heildarlausn málsins með því að tryggja sér aukin fríðindi, meðan á lokarannsókn og endanlegri lausn stendur.

Ummæli stjórnarandstæðinga hljóma kannske ekki illa, en þau verða þó, þegar að er gáð, dálítið hjákátleg í munni þessara manna og ekki hvað síst hv. síðasta ræðumanns, Hannibals Valdimarssonar.

Ætli nokkur Íslendingur sé búinn að gleyma ferli vinstri stjórnarinnar? Aldrei hefur ríkisstj. á Íslandi setzt að völdum með meiri fjálgleik og yfirlæti og glæstari fyrirheitum en vinstri stjórnin. Öllu skyldi kippt í lag án allra fórna af nokkurs manns hendi. Uppbótum skyldi tafarlaust hætt, skuldir greiddar, skattar lækkaðir, dýrtíðardraugurinn dysjaður og annað þar eftir. Og loks voru helgir eiðar unnir að 20 ára samstarfi í þágu alþýðu Íslands.

Ekki var Hannibal Valdimarsson fyrr setztur í ráðherrastólinn en hann gerði sig sekan um það, sem þeir nú jafna til glæpsamlegs athæfis. Með brbl. svipti hann, hvað svo sem hann nú segir, verkamenn hluta af umsömdu kaupi þeirra og löghelgaði þessar árásir á alþýðuna, eins og slíkt heitir nú, í 4 mánuði, en ekki aðeins 2, eins og nú er lagt til. Hann reyndi að sönnu að afsaka sig og sagði, að verkalýðurinn hefði viljað þetta. En ég spyr: Ef svo var, hvers vegna þurfti þá að lögþvinga það? Mér dettur ekki í hug að drótta því að Hannibal, að hann hafi gert þetta af illum hug. Því fer víðs fjarri. Hann gerði það aðeins af illri nauðsyn, vegna þess að þá stóð líkt á fyrir honum og nú fyrir okkur. Ég ásaka Hannibal því alls ekki fyrir þessa lagasetningu. En ég tel, að maður með fortíð hans á bakinu eigi að tala af meiri sanngirni og stillingu en hann nú gerir um sambærilegar ráðstafanir okkar.

Eftir tvö ár var svo komið fyrir vinstri stjórninni, að enginn spurði lengur um það, hvað hún ætti eftir að efna af loforðum sínum, heldur var spurt um hitt, hvað hún ætti eftir að svíkja. Og þegar hún eftir 2½ ár hrökklaðist frá, þá hafði henni tekizt að bregðast öllum aðalfyrirheitum sínum. Aldrei höfðu uppbæturnar verið meiri en þá, skuldir höfðu ekki minnkað, heldur vaxið um hundruð millj. kr., skattar ekki verið lækkaðir, heldur hækkaðir um 1200 millj. kr. árlega og dýrtíðarskepnan var ekki dysjuð, heldur var hún fjörðungi meiri um sig en nokkru sinni fyrr. Og ný verðbólgualda var risin og óviðráðanleg óðaverðbólga á næsta leyti að dómi forsrh.

Að lokum sviku þeir þó það, sem þeir þó vildu reynast trúir, þ. e. a. s. ráðherrastólana, en þeim hafði verið heitið órofatryggð, þar til gröfin tæki við.

Mér leiðist að rifja upp raunir vinstri stjórnarinnar. En þegar þessir menn með heilagri vandlætingu og furðanlegum belgingi og óbilgirni, eins og hv. síðasti ræðumaður, brigzla okkur um svik og þrælalög, tel ég rétt að bregða upp þessari mynd af árásarliðinu, um leið og ég segi við það: Öðrum ferst, en þér ekki.

En það er ekki þessi saga, sem ég ætla að segja, hversu þýðingarmikið sem það er að halda áfram að geyma hana sér í minni. Ég ætla ekki heldur að svara fullyrðingum Hannibals Valdimarssonar og ádeilum, sem sumar voru réttar, en flestar rangar, nema óbeint. Ég tel mér skylt að snúa mér beint að þeim vandamálum, sem nú eru fyrir hendi, vandamálum, sem ríkisstj. hefur talið vera þess eðlis, að þau krefðust sérstakra og skjótra aðgerða. Þau atriði, sem ég vil fyrst gera skil, eru þessi: Hvers eðlis eru þessi vandamál, hverjar eru orsakir þeirra, og hvers vegna eru þau orðin svo alvarleg sem raun ber vitni? Og hverjar leiðir eru til úrbóta?

Engum fær dulizt, að þessi vandamál eru sama eðlis og þau, sem við höfum löngum átt við að etja árin eftir styrjöldina. Einkennin eru hin sömu: Miklar launa- og verðhækkanir innanlands, byrjandi halli á greiðsluviðskiptum við önnur lönd, minnkandi gjaldeyrisforði, vaxandi erfiðleikar útflutningsframleiðslunnar vegna hækkaðs tilkostnaðar. Það þarf ekki heldur að leita lengi að orsökum þessarar þróunar. Aðalorsökin er sú, hvort sem menn hafa hreinskilni til að játa það eða ekki, að laun hafa á undanförnum árum hækkað mun meira en þjóðarframleiðslan. Á s. l. ári hefur það svo einnig komið til, að aðhald í útlánum hefur ekki verið eins mikið og skyldi og framkvæmdir opinberra aðila hafa aukizt meira en heppilegt var með tilliti til þeirrar aukningar framkvæmda, sem átt hefur sér stað hjá einkaaðilum.

Á undanförnum árum hefur margoft verið á það bent, að því aðeins að launahækkanir væru í samræmi við vöxt þjóðarframleiðslunnar, leiddu þær til raunverulegra kjarabóta. Það

hefur einnig margoft verið á það bent, að sá árangur, sem náðst hefur í viðreisn efnahagsmálanna á undanförnum árum, væri í hættu, ef ekki kæmi til heilbrigðari þróun launamála en verið hefur. Vil ég í því sambandi minna á þau orð, sem ég viðhafði í síðustu áramótaræðu minni, að víxlhækkanir kaupgjalds og afurðaverðs umfram það, sem aukning þjóðarframleiðslunnar þyldi, hlytu að valda verðbólgu, sem fyrr eða síðar mundi gleypa ávexti þess, sem bezt hefði tekizt. Þetta sagði ég um síðustu áramót og hef oft áður sagt svipað.

Hér hefur hins vegar verið við mikla örðugleika að etja. Heildarsamningar um laun, líkt og tíðkast í mörgum nágrannalandanna, hafa aldrei verið gerðir hér á landi, og um samræmda stefnu í launamálum hefur ekki heldur verið að ræða, hvorki af hálfu samtaka launþega né vinnuveitenda, enda er sjálft skipulag samtakanna með þeim hætti, að þetta er mjög torvelt, að ekki sé fastara að kveðið. Afleiðingin er sú, að á milli einstakra hópa launþega er háð kapphlaup um að ná til sín sem mestu án allrar hliðsjónar af aukningu þjóðarframleiðslunnar, sem kröfurnar þó verða að miðast við. Tekjuhækkanir, sem verða af sérstökum ástæðum hjá einstökum starfshópum, eins og t. d. hjá sjómönnum vegna góðs afla, leiða til þess, að aðrir hópar krefjast sams konar hækkana. Hið sama á sér stað, er reynt er að leiðrétta misræmi í launakjörum eins hóps í samanburði við aðra. Enda þótt það sé í orði viðurkennt, að leiðréttingin sé réttmæt, er hún eigi að síður notuð sem grundvöllur að nýjum kröfum annarra hópa. Launahækkanir af þessu tagi leiða ekki til bættra lífskjara, heldur til hækkaðs verðlags, sem svo verður upphaf nýrrar kröfugerðar.

Þetta ástand launamála olli miklum erfiðleikum þegar á árinu 1961. Launahækkanir, sem gerðar voru á því sumri, voru langt umfram það, sem vexti þjóðarframleiðslunnar nam. Þetta veit hv. síðasti ræðumaður mjög vel, þótt hann segði þveröfugt. Árangur viðreisnarinnar var þá rétt að byrja að koma í ljós. Gjaldeyrisforði var enn lítill og sjávarútvegurinn hafði enn ekki rétt sig við eftir mikið verðfall á útflutningsafurðum og slæma síldarvertíð árið áður. Hinar miklu launahækkanir hlutu þess vegna von bráðar að leiða til hallarekstrar atvinnufyrirtækjanna og samdráttar í framfærslu og framkvæmdum, jafnframt því sem greiðsluhalli við útlönd myndaðist á nýjan leik. Efnahagur landsins var enn of veikur til þess að þola slíka erfiðleika, jafnvel þótt um skamma hríð væri, og var því ekki um annað að ræða en lækka gengið þegar í stað. Eftir að það hafði verið gert, skapaðist fljótlega jafnvægisástand að nýju, og gjaldeyrisforðinn hélt áfram að vaxa.

Sömu erfiðleikarnir í launamálum gerðu vart við sig árið 1962. Það ár var eitt hið hagstæðasta fyrir þjóðarbúskap Íslendinga. Útflutningsframleiðslan var mikil og vaxandi og þjóðarframleiðslan í heild jókst um 7% frá árinu áður. Hins vegar hækkuðu bæði laun og tekjur mun meira en svaraði aukningu þjóðarframleiðslunnar, en það hlaut að leiða til verðhækkana. Íslendingar báru þess vegna ekki gæfu til að nota þetta einstaka árferði til að tryggja samtímis aukna almenna velmegun og stöðugt verðlag.

Á því ári, sem nú er að líða, horfir málið öðruvísi við. Þjóðarframleiðslan hefur á þessu ári aukizt allmiklu minna en á s. l. ári, eða sennilega ekki um meira en 4%, og útflutningsframleiðslan hefur ekki aukizt neitt, svo að teljandi sé. Hins vegar hefur launakapphlaupið verið enn ákafara en áður. Almennar launahækkanir hafa numið um 13%. Tekjur bóndans í verðlagsgrundvelli landbúnaðar hafa hækkað um 26%. Opinberir starfsmenn hafa samkv. niðurstöðu kjaradóms fengið miklar kauphækkanir með tilliti til þeirrar ábyrgðar og menntunar, sem störfum þeirra fylgir. Að þeirri löggjöf stóðu allir þm., og vildi Alþb. meira að segja ætla opinberum starfsmönnum enn þá meiri rétt. Þetta er gott, að menn hafi hugfast, þegar þeir hugleiða þau orð, sem hv. þm. Hannibal Valdimarsson hafði um þetta. Núna er sú ólga, sem kjaradómurinn hefur valdið, notuð til árása á ríkisstj. Það er með öllu óréttmætt, því að þar eru allir þingflokkar í sama bát að öðru leyti en því, að stjórnarandstæðingar ætluðu þeim mönnum 33 þús. á mánuði, sem kjaradómur þó ákvað ekki nema 20 þús. Loks eru nú uppi miklar kröfur um enn frekari kauphækkanir, er nema 40% og þaðan af meira.

Það er launakapphlaupið, sem ég nú hef lýst, sem er meginorsök vaxandi verðþenslu, greiðsluhalla og erfiðleika í rekstri útflutningsatvinnuveganna, þótt fleira komi til. En launakapphlaupið og víxlhækkanir verðlags og kaupgjalds hafa ekki aðeins haft í för með sér örari tekjuaukningu en þjóðarframleiðslan hefur leyft, heldur hefur þetta ásamt vaxandi kröfugerð af hálfu flestra eða allra hagsmunahópa þjóðfélagsins grafið undan trú manna á framtíðargildi peninganna, ýtt undir spákaupmennsku og komið af stað kapphlaupi um framkvæmdir og vörukaup af hálfu alls almennings. Þótt enginn vilji verða aftur úr í slíku kapphlaupi, ætti þó öllum að vera ljóst, að með þessum aðgerðum getur enginn unnið á nema á kostnað annarra og á kostnað þjóðarheildarinnar, þegar til lengdar lætur.

Sérhvert stéttarfélag reynir að sjá til þess, að umbjóðendur þess dragist ekki aftur úr í launakapphlaupinu, og flestum þeirra verður vel ágengt í þessu efni. Þrátt fyrir þetta eru til þeir hópar, sem næstum óhjákvæmilega hljóta að dragast aftur úr, vegna þess að þeir eru lítið eða ekki skipulagðir eða vegna þess að þeir hafa veika samningaaðstöðu. Þess síðast t. d. greinileg merki á síðari árum, bæði hér í landi og annars staðar, að verkamenn, sem stunda almenna verkamannavinnu og hafa ekki neina sérkunnáttu til að bera, eigi erfitt með að fylgjast með launakapphlaupinu, jafnvel þótt þeir séu vel skipulagðir eins og hér á landi. Stafar þetta af því, að eftirspurn eftir þjónustu þeirra fer minnkandi í nútímaþjóðfélagi, en eftirspurn eftir þjónustu þeirra manna fer vaxandi, sem hafa einhvers konar sérkunnáttu til að bera. Nú eru verkamenn, sem stunda almenna verkamannavinnu, einmitt þeir, sem yfirleitt hafa lægstar tekjur fyrir, og leiðir þá launakapphlaupið til þeirra breytinga á tekju-

skiptingunni, sem fæstir mundu telja í réttlætisátt.

En launakapphlaupið hefur ekki aðeins áhrif á tekjuskiptinguna, heldur einnig á það, hversu mikið er til skiptanna. Sú upplausn efnahagslífsins, sem er fylgifiskur launakapphlaups af því tagi, sem nú ríkir hér á landi, leiðir til þess, að vöxtur þjóðarframleiðslunnar verður minni en hann ella hefði getað orðið. Fyrir þessu er margendurtekin reynsla, bæði hér á landi og í öðrum löndum. Með launakapphlaupinu erum við beinlínis að skerða þá upphæð, sem gæti verið til skiptanna.

Launakapphlaupið er þess vegna ekki aðeins tilgangslaust að því leyti, að verið er að keppast um að skipta miklu hærri upphæð en raunverulega er fyrir hendi. Það er hverjum einstökum og allri þjóðinni beinlínis skaðlegt vegna þess, að upphæðin, sem til skiptanna er, verður minni en ella mundi og skiptingin óréttlátari en áður. Nágrannaþjóðir okkar, þær sem lengst eru komnar í lýðræðislegum stjórnarháttum og þar sem verkalýðshreyfingin hefur náð mestum þroska, leysa þau vandamál, sem hér eru fyrir hendi, með því móti, að launþegasamtökin móta samræmda stefnu í kjaramálum og gera á grundvelli hennar heildarsamninga við atvinnurekendur. Slíkir samningar eru venjulega gerðir að lokinni nákvæmri athugun á þróun efnahagsmálanna og oft og tíðum í nánu samráði við fulltrúa ríkisvaldsins. Með slíkum samningum er stefnt að því í fyrsta lagi að miða kauphækkanirnar við aukningu þjóðarframleiðslunnar og í öðru lagi að stuðla að því, að kauphækkanirnar komi þeim fyrst og fremst til góða, sem taldir eru eiga á því mesta heimtingu.

Það hefur lengi verið skoðun mín, að hér á landi þurfi að leggja inn á sömu brautir og gert hefur verið í þessum löndum. Á þessu eru hins vegar miklir örðugleikar. Sjálft skipulag samtakanna, bæði launþega og atvinnurekenda, er með þeim hætti hér á landi, að torvelt er að koma á samræmdri stefnu í launamálum og heildarsamningum. Skilningur á nauðsyn þess hefur einnig til skamms tíma verið af skornum skammti. Í ræðu þeirri, sem ég hélt í útvarpinu um s. l. áramót og ég áðan vitnaði í, gerði ég þessi mál að umræðuefni. Ég benti á, að því aðeins gætu launþegar vænzt varanlegra kjarabóta, að launahækkanir þeim til handa væru byggðar á vaxandi þjóðarframleiðslu. Ég benti á, hversu oft hin svokallaða kjarabarátta hér á landi verður til þess að draga úr viðleitni til aukinnar framleiðslu og vinnur þannig beinlínis gegn þeim tilgangi, sem hún ætti að hafa. Ég benti á þýðingu þess, að samtök launþega og atvinnurekenda kynntu sér þau gögn, sem fyrir hendi væru um þróun þjóðarbúskaparins, ofan í kjölinn og tækju ákvarðanir sínar í samningum á grundvelli þeirrar athugunar. Ég benti að lokum á nauðsyn þess, að samtök launþega og atvinnurekenda sjálf réðu yfir stofnunum, sem væru færar um að kanna og meta allar upplýsingar og safna eigin gögnum. Mundu þá aukast líkurnar fyrir því, að kröfurnar væru í samræmi við gjaldþolið.

Í sambandi við þá launasamninga, sem gerðir voru í júnímánuði s. l., var á það fallizt af hálfu beggja aðila samkv. uppástungu ríkisstj., að athugun færi fram á því, hversu miklar launahækkanir mættu verða, til þess að þær gætu komið launþegum sjálfum að gagni. Þetta samkomulag var að mínum dómi þýðingarmikið spor í rétta átt, og ég fagnaði því innilega og gerði mér vonir um og geri raunar enn, að það gæti stuðlað að því, að mótuð væri samræmd stefna í launamálum og heildarsamningar upp teknir. Sú kjararannsóknarnefnd, sem Alþýðusambandið og samtök vinnuveitenda settu á fót á s. l. sumri í áframhaldi af þessu samkomulagi, hefur unnið þýðingarmikið starf við könnun á þróun þjóðarframleiðslunnar og launatekna á undanförnum árum og við athugun á afkomu sjávarútvegsins. Ég er sannfærður um, að þau samtök, sem að nefndinni standa, hafa nú yfir að ráða gleggri og betri vitneskju um þessi mál en þau hafa áður haft, og það hlýtur, þegar fram líða stundir, að hafa áhrif á afstöðu þeirra.

En hvað sem öllu þessu líður, eins og nú standa sakir kemst ríkisstj. ekki hjá því að hafa afskipti af launamálunum, m. a. vegna þess, eins og nú er komið í ljós, að kröfunum er jafnvel fyrst og fremst beint að ríkisvaldinu.

Látum okkur staldra við og athuga vandann, sem við er að etja. Annars vegar eru uppi háværar kröfur um mjög miklar launahækkanir. Hins vegar segir sjávarútvegurinn, að enda þótt kaup hækki ekkert, þarfnist hann aðstoðar, svo að hundruðum millj. kr. nemi. Augljóst er, að ef orðið verður við kröfunum, mundi vandinn í efnahagsmálunum aukast um allan helming, verðlag enn hækka stórlega, halli á greiðslujöfnuðinum enn aukast hröðum skrefum og útflutningsframleiðslan með engu móti geta staðið undir kostnaði sínum.

Athuganir þær, sem ríkisstj. hefur að undanförnu unnið að, hafa þess vegna beinzt að því fyrst og fremst að kanna, hvaða ráðstafanir væri hægt að gera til þess að rétta hlut hinna lægst launuðu, sem dregizt hafa aftur úr í launakapphlaupinu undanfarið, án kauphækkana, sem von bráðar mundu breiðast um allt, eins og sams konar launahækkanir hafa gert alltaf á undanförnum árum, og valda nýjum verðhækkunum, meiri greiðsluhalla og auknum örðugleikum fyrir útflutningsatvinnuvegina. Að því loknu mundu jafnt hinir lægst launuðu sem aðrir vera verr settir en áður, en ekki betur. Telur ríkisstj., að til séu önnur úrræði, sem leitt geta til raunverulegra kjarabóta. Koma hér m. a. til greina lækkanir beinna skatta og útsvara og hækkanir bóta almannatrygginga o. fl. Sem stendur er ríkisstj. að láta fara fram athugun á því, hvað sé hægt að gera á þessum vettvangi. En það er flókið og vandasamt verk. Leggur ríkisstj. á það áherzlu, að ráðstafanir séu gerðar til þess að bæta kjör þeirra lægst launuðu á þann hátt, er geti orðið þeim að raunverulegu gagni. Hefur ríkisstj. því lagt fram frv. á Alþingi um launamál o. fl., sem miðar að því að skapa nauðsynlegt ráðrúm til þess að kanna þessar leiðir til hlítar og gera þær sérstöku ráðstafanir, sem að haldi megi koma. Jafnframt munu þeir aðilar, sem nú hafa gert kröfur um miklar nýjar kauphækkanir, fá ráðrúm til þess að átta sig á því, að hve miklu leyti þeir muni sjálfir hagnast á því að fá kröfum sínum fram-

gengt, þegar skeiðið er á enda runnið og allir hafa fengið tilsvarandi hækkanir, þ. á m. bændur og opinberir starfsmenn, sem eiga rétt til þess samkv. lögum að fá hækkanir á tekjum sínum í samræmi við þær hækkanir, sem verða hjá öðrum. Þetta er sú leið, sem ríkisstj. vill fara.

En hver er leið stjórnarandstöðunnar? Hún er í stuttu máli fólgin í því að verða við þeim kröfum um kauphækkanir, sem nú eru uppi, en bæta sjávarútveginum þá kostnaðarhækkun, sem af því hlýzt, með tvennu móti: með afnámi útflutningsgjalda og með lækkun vaxta.

Það er alkunna, að allar tekjur af útflutningsgjöldum af sjávarafurðum renna til sjávarútvegsins sjálfs. Að nokkru leyti ganga þessar tekjur til að greiða vátryggingar báta og togara og að nokkru renna þær til fiskveiðasjóðs og aflatryggingasjóðs og þaðan aftur til sjávarútvegsins. Þetta gjald mun í ár nema framt að 300 millj. kr. Sé því nú aflétt, hver á þá að greiða vátryggingargjöldin og það annað, sem nú er greitt með útflutningsgjaldinu fyrir útveginn? Það á að greiðast af almannafé, var sagt við 1. umr. frv. um launamál o. fl. Sama sögðu framsóknarmenn, þegar endurreistir voru sjóðir Búnaðarbankans, sem Framsókn skildi við gjaldþrota. Og sama kvað við, er efldir voru sjóðir iðnaðarins. Bændur áttu ekkert að greiða og iðnaðurinn þaðan af síður. Allt átti að greiðast af almannafé, þ. e. a. s. mörg hundruð millj. kr. á þannig að heimta af almenningi til þessara þarfa með nýjum sköttum.

Um vextina og áhrif þeirra hefur svo mikið verið rætt á undanförnum árum, að ekki ætti að þurfa miklu þar við að bæta. Vinnst ekki heldur tími til að rekja þá sögu hér. Verð ég að láta nægja að benda á, að staðhæfingar stjórnarandstöðunnar um áhrif vaxta á framleiðslukostnað eru stórlega ýktar, svo að ég ekki segi helber vitleysa. Lækkun vaxta um 2% eða ofan í það, sem þeir voru árið 1959, mundi hafa í för með sér útgjaldalækkun fyrir sjávarútveginn hvað afurðalán og rekstrarlán áhrærir, er *næmu 30 millj.* kr. á ári. En þær launakröfur, sem nú eru uppi, mundu hins vegar hafa í för með sér hækkun framleiðslukostnaðar á sjávarútveginum, sem beint og óbeint næmi hundruðum millj. kr.

Þau úrræði, sem stjórnarandstaðan telur sig geta bent á, eru því engin úrræði, heldur blekkingar einberar. Formælendur stjórnarandstöðunnar hafa rétt einu sinni brugðið sér í líki sjónhverfingamanna. En enginn þarf að fara í grafgötur um það, hver sá veruleiki sé, sem að baki sjónhverfinganna felst: áframhaldandi verðbólga og greiðsluhalli, sem von bráðar leiðir til falls krónunnar. Þegar þeim leik er lokið, mun sá sannleikur koma í ljós, að þeir launþegar, sem stjórnarandstaðan nú heitir kauphækkunum, bera ekkert úr býtum annað en vonbrigði og kjararýrnun.

Þegar nú er flutt vantraust á ríkisstj. með þeim rökum, sem gert er, þá er rétt að minna enn á, að þegar við tókum við, blasti ekkert við nema greiðsluþrot út á við, glundroði og upplausn inn á við. Hver eyrir var upp étinn, bankarnir skulduðu erlendis hundruð millj. kr., og vinstri óreiðan hafði sett slagbrand fyrir allar erlendar fjárhirzlur, en Ísland, sem í augum umheimsins var máttvana, vanskila vesalingur, átti hvergi afdrep. Og sjálf var þjóðin vonsvikin og kvíðin.

Hvaða breytingar hafa nú á orðið? Höfum við gengið til góðs eða miðað aftur á bak? Við höfum *rétt við álit landsins út á við svo farsællega*, að jafnvel vandlátustu lánamarkaðir hafa opnazt okkur. Komið hefur verið á verzlunarfrelsi öllum almenningi til mikilla hagsbóta. Þjóðin hefur fyllzt sjálfstrausti og aldrei verið athafnasamari. Sparifé hefur tvöfaldazt, bankarnir greitt óreiðuskuldirnar og eiga nú erlenda gjaldeyrissjóði að upphæð nær 1100 millj. kr. Ríkt hefur efnahagslegt jafnvægi í landinu, og ⅔ hlutum allra tekna ríkissjóðs er varið ýmist til að mennta þjóðina eða til að tryggja hana gegn sjúkdómum, elli, örorku o. s. frv. Í stuttu máli sagt: Aldrei hafa lífskjör Íslendinga verið jafngóð sem nú, aldrei hefur þjóðin veitt sér jafnmikið, aldrei framkvæmt jafnmikið og aldrei lagt upp jafnmikið sem síðustu tvö árin. Þetta gerist ekki af sjálfu sér og ekki undir duglausri og óviturri forustu eða rangri stefnu, hvað sem góðærinu líður.

Eftir allt þetta er svo borið *fram vantraust á* ríkisstj. í skjóli tímabundinna örðugleika, sem hægt er að bæta úr, ef menn vilja. Og þetta gera mennirnir, sem sjálfir skildu við allt efnahagslíf þjóðarinnar í rústum. Í þessu ljósi verða menn að hlýða á og dæma þær umr., sem hér fara fram.

Tíma mínum er nú að ljúka. Að lokum segi ég þetta: Hér er barizt um tvær stefnur. Annars vegar er sú leið, sem ríkisstj. bendir á og vill fara. Sú leið felur í sér björgun krónunnar. Hún gerir það kleift að rétta hlut þeirra lægst launuðu, og hún skapar grundvöll að áframhaldandi vexti þjóðarframleiðslunnar og velmegunar á komandi árum. Hins vegar er leið stjórnarandstæðinga. Þeir vilja uppfylla óskir og kröfur allra um stórfellda hækkun þeirrar krónutölu, sem hver og einn ber úr býtum. Þessi krónutala er aðeins mælikvarði á þau verðmæti, sem til skiptanna eru. Allir hljóta því að skilja, að úr því að verðmætin sjálf eru óbreytt eða hafa jafnvel minnkað, þá hljóta líka krónurnar, sem eiga að jafngilda þeim, að *verða að sama skapi minni sem þeim fjölgar*. Leið stjórnarandstæðinga er því grímulaus gengisfelling. Þær kauphækkanir, sem hún felur í sér, munu jafnóðum hverfa í eld verðbólgu og krónufalls. Hún gerir ókleift að rétta hlut hinna lægst launuðu, og hún grefur undan þeim stoðum, sem heilbrigt efnahagslíf, vaxandi þjóðarframleiðsla og velmegun hvíla á. Það ætti ekki að vera erfitt að velja á milli þessara tveggja leiða. En því aðeins að allur þorri þjóðarinnar veiti þeirri leið, sem valin er, stuðning sinn, getur hún leitt til þess árangurs, sem vonir standa til: stöðvunar verðþenslunnar, björgunar krónunnar og raunverulegra kjarabóta til handa þeim lægst launuðu.

Hv. hlustendur. Það er verðgildi krónunnar, sem nú er barizt um. Styðjið krónuna með virkri þátttöku í þeirri baráttu. Sparifjáreigendur, verndið eign ykkar. Láglaunamenn, þið eigið *mest í húfi. Látið ekki glepjast af slag*orðum og æsingum. Minnizt þess, að kjarni

málsins er sá, að leggist allir á eitt, er auðið að bæta hag þeirra, sem verst eru settir, og tryggja jafnframt verðgildi krónunnar. Verði hins vegar orðið við kröfum allra stétta, eins og stjórnarandstaðan nú krefst, er krónan þar með fallin. Allir verða verr settir eftir en áður, en þeir lægst launuðu þó verst, eins og jafnan hefur reynzt að undanförnu.

Verðgildi krónunnar og hagsmunir þeirra lægst launuðu eru þannig tengd órofa böndum. Það er til þess að leitast við að vernda heiður og heill og hag þjóðarinnar allrar, réttlæti og sérhagsmuni þeirra, sem minnst bera úr býtum, sem ríkisstj. fer fram á þann frest, sem frv. um launamál o. fl. mælir fyrir um. — Góða nótt.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Síðast þegar mál voru rædd nokkuð hér á hv. Alþingi í áheyrn alþjóðar, voru tjöld dregin frá og gaf nokkuð að líta yfir val viðreisnarinnar. Gjaldþrot hennar hefur ríkisstj. orðið að játa og hefur síðan þó neyðzt til að viðurkenna enn fleiri af staðreyndunum. Hið víðfræga, sjálfvirka, nýja kerfi hefur fyrir allra augum skapað algera upplausn í efnahags- og launamálum landsins, óðadýrtíð og stórfelldari verðrýrnun sparifjár en nokkru sinni fyrr í stað stöðugs verðlags, sem lofað var, óhófseyðslu í stað hagsýslu og ráðdeildar, sem heitið var. Í stað lækkunar á sköttum hafa komið meiri álögur en nokkru sinni áður í sögu landsins. Greiða átti niður erlendar skuldir þjóðarinnar, eins og þær voru, þegar vinstri stjórnin skildi við, en þess í stað eru erlendu skuldirnar nú að frádregnum innstæðunum hærri, en ekki lægri en nokkru sinni áður, og hafa þó engin stórvirki verið unnin á þessu tímabili til móts við hinar stóru framkvæmdir áður fyrr.

Nú hefur hæstv. forsrh. og stjórnin bætt við hér á Alþingi síðustu dagana einum vitnisburðinum enn um gjaldþrot stjórnarstefnunnar, og sá segir sex. Forsrh. segir, að höfuðframleiðslugreinar Íslendinga hafi ekki ráð á að borga verkamanni 67 þús. kr. á ári fyrir að vinna 8 stundir alla vinnudaga ársins. Með þessu segir ráðh. sjálfur, að stjórnarstefnan þeirra, viðreisnin, hafi ofan á allt annað búið þannig að útflutningsatvinnuvegunum, að þeir geti ekki borgað þetta kaup þrátt fyrir einumuna góðæri til sjávarins, metafla og óvenju hagstætt verðlag á sjávarafurðum. Og þessar 67 þús. kr., sem ráðh. segir framleiðslunni orðið um megn að greiða, eiga á hinn bóginn að hrökkva til að borga 95 þús. kr. framfærslukostnað meðalfjölskyldu, og eru þá einungis ætlaðar 922 kr. á mánuði í húsnæðiskostnað.

Forsrh., sem nú málar upp þessa mynd af ástandinu hér við umr. í þinginu, gaf af þessu allt aðra mynd í kosningunum í vor, en þá sagði hann þjóðinni ósatt og hans menn. Ég er áreiðanlega ekki einn um þá skoðun, að sú stjórn, sem búin er að leika íslenzkt efnahags- og framleiðslulíf svona grátt, þyrfti að bæta stefnu sína og starfsaðferðir eitthvað meira en lítið, ef hún ætti að eiga rétt á að sitja stundinni lengur, enda þótt stjórnarflokkarnir merðu meiri hl. í kosningunum í vor með taumlausum blekkingum um ástandið og það, sem fram undan var.

Ég benti á það um daginn við 1. umr. fjárlaga, að mestu máli skipti, hvort stjórnin hefði horfið frá þeirri stefnu sinni að reyna að leita jafnvægis með því að láta verðlag hækka og gera lánsfé dýrara, en halda niðri kaupi og afurðaverði til bænda. Þrálátur orðrómur gekk um, að stjórnin hefði í engu breytt stefnunni, en hefði í hyggju að leggja út á þá braut að reyna að halda kaupgjaldi launastétta og bænda niðri með lögum, því að of mikil hækkun á almennu kaupi launastéttanna og bændanna virtist að dómi ráðh. eina orsök allra þeirra ófara, enda þótt um það geti ekki orðið deilt, að engin fjölskylda getur dregið fram lífið á almenna kaupinu, sem borgað er fyrir venjulegan vinnudag, ef miðað er við viðreisnarhúsaleigu, þ. e. a. s. þeir einir geta dregið fram lífið á þessu kaupi, sem voru búnir að eignast húsnæði, áður en þessi viturlega og sanngjarna stjórnarstefna var innleidd hér. Og sízt er betur ástatt fyrir bændunum. Samt eiga of miklar hækkanir á almennu kaupi þessara stétta að hafa sett allt úr skorðum og komið framleiðslunni í sjálfheldu í mestu góðærum í sögu landsins.

Er mögulegt, að skynsamir menn sjái ekki, að eitthvað er meira en lítið bogið við þetta, eða réttara sagt, hvílíkur þjóðarvoði þetta búskaparlag er, sem ríkisstj. kallar viðreisn? Svo er mönnum sagt, að það sé í raun og veru ekki um neinar aðrar stjórnarstefnur að ræða, þær séu eiginlega ekki til. Svona sé þetta og eigi að vera eftir lögmálinu, þetta sé eins konar náttúrulögmál. Allt tal um annað sé bara ábyrgðarleysi stjórnarandstæðinga, lýðskrum og leiði til ofþenslu, er viðkvæðið.

En hvað ætli forustumenn jafnaðarmannaflokka og umbótaflokka í öðrum löndum segðu t. d. um þá kenningu, að það væri ekki um neinar aðrar stjórnaraðferðir að ræða en þær, sem byggðust á algeru stjórnleysi í fiárfestingarmálum, okurvöxtum, þ. á m. á lífsnauðsynlegustu lánum til íbúðabygginga og uppbyggingar í landbúnaði, með afleiðingum, sem slíkt hefur á launaþörf almennings og verðlag, beinum ráðstöfunum til að leita jafnvægis með hækkunum verðlags og svo ofan á allt annað lögbindingu kaupgjalds og þar með afnámi samningafrelsis stéttarfélaganna, svo að aðeins örfá atriði séu nefnd? En hér segja hinir ábyrgu helzt, að barátta gegn þessum ósköpum hljóti að vera byggð á fávizku eða illvilja. Þannig er reynt að forheimska þjóðina.

Nú hefur ríkisstj. komið hér fram með úrræði sín til að bæta úr og lækna ofþensluna, eins og hún kallar það, og gegn þeirri meinsemd, að þjóðin sé nú aftur farin að lifa um efni fram, eins og fjmrh. orðaði það svo fallega í blaði sínu. Og hver eru svo úrræðin? Að stöðva með lagaboði hækkun á kaupgjaldi hinna lægra launuðu og bænda og banna með lögum samræmingu á launum skrifstofu- og verzlunarfólks við kaup ríkisins fyrir sams konar vinnu. Það eru víst þessar stéttir, sem standa fyrir ofþenslunni og hættulegustu eyðslunni að dómi stjórnendanna. Þegar þetta á að gera, hafa flestir þeir, sem hærri laun taka í landinu, fengið verulegar kauphækkanir. Þetta er gert, þegar röðin er komin að þeim, sem lægri laun hafa, að fá nokkrar úrbætur á óbærilegu á-

standi. Slíkt á sér enga hliðstæðu í íslenzkri stjórnmálasögu né þótt víðar væri leitað.

Þegar kom að þeim lægra launuðu, uppgötvaði ríkisstj., að ráðstafanir þurfti að gera gegn ofþenslunni og þjóðin væri farin að lifa um efni fram, og það var svo sem auðvitað, að þá var hættan mest á því, að keypt væri umfram það, sem þjóðfélagið hefði ráð á, ef verkamannakaupið færi upp fyrir 67 þús. kr. á ári eða verzlunar- og skrifstofufólkið fengi kjör sín samræmd því, sem ríkið greiðir sínu eigin starfsfólki. En undanfarna mánuði hefur látlaust rignt yfirlýsingum um, að samið yrði um samræmingu verzlunar- og skrifstofukaupgjalds, og þá ekki sízt fyrir kosningarnar í vor auðvitað, því að þá var ekki sparað að lofa samræmingu. En það er eitt til marks um þá löggjöf, sem nú á að setja til að rétta viðreisnina við, að hún byggist á því m. a. að banna öðrum með valdboði að greiða sama kaup fyrir sömu vinnu og ríkið sjálft greiðir sínu fólki. Hvernig halda menn, að þetta sé framkvæmanlegt?

Þessi löggjöf er óviturleg og byggð á óverjandi ranglæti. Menn ættu að taka eftir því líka, að það mun ekki verða reynt að sýna fram á í þessum umr., að menn geti búið við það kaup, sem á að lögbinda, né vogað að halda því fram, að nokkur frambærileg rök séu fyrir því að banna það með lögum, að kaup verzlunar- og skrifstofufólks sé samræmt því kaupi, sem ríkið borgar fyrir sömu störf. Þess í stað mun þvargað og bollalagt um, að fyrr hafi verið sett lagaákvæði um kaupgjald á Íslandi, og engu skeytt, þótt ekkert þeirra mála eigi nokkuð skylt við þetta efnislega né miðað við kringumstæðurnar.

Fyrir 21 ári var á stríðstímum í landinu hernumdu innleiddur almennur gerðardómur, sem þáv. forsrh., Ólafur Thors, lýsti með þessum orðum:

„Ekki einu sinni er fyrirskipað óbreytt grunnkaup. Nei, heimilt er að hækka grunnkaupið til lagfæringar og samræmingar, en síðan goldin alveg full og ótakmörkuð uppbót, eftir því sem vísitala verðlags segir til um.“

En ekki einu sinni þessi löggjöf reyndist framkvæmanleg og það á stríðstímum, vegna þess að hún skerti samningsfrelsi verkalýðssamtakanna. Því spyrja menn, þegar ráðh. nefna í sambandi við þetta mál sitt núna meira en 20 ára gamla styrjaldarlagasetningu, sem ekki reyndist framkvæmanleg: Er það gert til að nefna æskilega fyrirmynd eða bara til þess að reyna að komast hjá því að ræða réttmæti þess, sem þeir eru að gera núna, og hversu viturlegt það er að leggja út í lögbindingarstríð? En Framsfl. hefur undanfarna tvo áratugi dregið ályktanir af reynslu sinni í þessum málum og staðið fast á því að skerða ekki samningsrétt verkalýðshreyfingarinnar.

Allar hrókaræður á Alþingi um hliðstæðu við þessa löggjöf áður á vegum annarra, sem réttlæti þetta, sem nú er verið að gera, eru út í hött og einungis til þess gerðar að leiða athyglina frá þeim óverjandi málstað, sem nú liggur fyrir. En flestar þær lagasetningar, sem vísað hefur verið til í umr., hafa miðað að því að draga úr víxláhrifum vísitölunnar, án þess að fjalla um grunnkaupið. En þessi stjórn hefur frá upphafi búið við þau kjör að vera laus við þau áhrif vísitölunnar, sem áður voru mikið vandamál. Samt hefur ríkisstj. með dýrtíðarstefnu sinni sett allt efnahagskerfið úr skorðum. En það er kannske ekki von á góðu, því að þessi málflutningur ráðh. hér á undanförnum dögum sýnir, að þeir snúa andlitunum aftur, og er það ekki vænlegt til að leysa þann vanda, sem fram undan er. Útúrsnúningar og rangfærslur um liðna tíð eru ekki holl viðfangsefni fyrir þá, sem standa frammi fyrir því að leysa vandamál á raunsæjan og sanngjarnan hátt. Um það virðist vera að fást átakanleg reynsla. Það reynist ekki drjúgt til leiðbeiningar við vandasamar ákvarðanir að búa sér til ranga og skrumskælda mynd af liðnum atburðum, þótt slíkur óvandaður áróður gæti kannske borið einhvern árangur í bili eða verið freistandi.

Ríkisstj. hefur nú valið ófriðarleiðina og kastað stríðshanzkanum og það með harla óvenjulegum hætti, því að hún átti þátt í því í vor, einmitt rétt fyrir þjóðhátíðardaginn, að kjaramálin voru leyst til bráðabirgða og á þann hátt að fresta samningum þangað til upp úr miðjum október nú í haust. En ríkisstj., sem var aðili að þessu samkomulagi, notfærði sér svo frestinn til þess að taka samningsréttinn af verkalýðsfélögunum og félögum verzlunarfólksins með lagaboði. Sýnast mönnum svona vinnuaðferðir líklegar til að vekja traust, sanngjarnar eða viturlegar, eins og málum hefur verið komið hér nú?

Bindingarlögin núna eru kölluð til bráðabirgða. En dettur nokkrum í hug, að neitað hefði verið nú að reyna samninga og lagt út í ófrið um þessi lög, ef ætlunin væri að hafa samningsfrelsi um kjaramálin, svo sem verið hefur?

Ég skoraði á hæstv. forsrh. þegar við 1. umr. málsins að sýna, að hér væri um ákvæði til bráðabirgða raunverulega að ræða, með því að gefa út yfirlýsingu um, að ekki kæmi annað til mála en samningsfrelsið yrði aftur upp tekið eftir 31. des. n. k. Ráðh. aftók að gefa slíka yfirlýsingu. Það fer því ekkert á milli mála, hvað á seyði er, þegar við þetta bætast yfirlýsingar hæstv. forsrh. um óbreytta stjórnarstefnu að öðru leyti en því, að í stað samningsfrelsis í kjaramálum, sem áður var yfirlýst eitt grundvallaratriðið í stefnu ríkisstj., skuli koma lögbinding á kaupi launastétta og bænda og á með því að loka öllum undankomuleiðum almennings í stríðinu við dýrtíðarstefnu ríkisstj. Þetta þýðir, að ríkisstj. er ráðin í því að reyna að leysa ofþensluna með því að þrengja kosti almennings, því að enn eru boðaðar ráðstafanir í peningamálum, sem hljóta að auka dýrtíðina. En þeir peningasterku eiga að koma því fram, sem þeir vilja, því að þeirra eyðsla eða þeirra framkvæmdir auka ekki ofþensluna að dómi ríkisstj.

Ríkisstj. hefur frá upphafi sagt við menn, að hennar stefna væri stefna frelsisins og fyrir frelsið yrðu menn að fórna. Ríkisstj. var meira að segja svo harðsvíruð að heyja kosningabaráttuna í vor undir merki frelsisins, en með lögbindingu á kaupgjaldinu uppi í erminni. Með lögbindingarfrv. í erminni sögðu þeir: Mark-

mið okkar er frelsi, hinir vilja meiri ríkisafskipti. — Enn fremur sögðu þeir: Það er meginhugsjón sjálfstæðismanna að takmarka afskipti ríkisvaldsins af málefnum borgaranna. — Með svona svardögum mörðu þeir meiri hl. í vor og segjast svo hafa fengið traust þjóðarinnar til að sitja og lögbjóða freklegri frelsissviptingu en áður hefur þekkzt. Nú sjá menn tvennt: hvers þeir meta heit sín, sem þeim var treyst til þess að framkvæma, og hvað það er, sem þeir meina með frelsi. Og ég spyr: Hvað á nú að verða eftir af frelsinu, þegar innleiða á enn harðhentari skömmtun á lánsfé en enn þá hefur þekkzt, þvinga viðskiptabankana og aðrar stofnanir með valdboði til þess að framkvæma þetta, bæta svo við allsherjarbanni á öllum frjálsum samningum um kaupgjald, meira að segja banna einstaklingum og félagssamtökum í landinu að greiða sama kaup og ríkið greiðir sjálft fyrir sömu vinnu? Fyrir hverja er það, sem eftir er af frelsinu, þegar svona er komið? Það fer nú ekki lengur fram hjá neinum. Frelsið er ekki þá orðið til fyrir neina aðra en þá, sem hafa fullar hendur fjár, enda allur þessi leikur til þess gerður frá upphafi, að þeir fái komið sínu fram, og fyrir því skal allt víkja. Nauðsynjakaup almennings, nauðsynlegustu þjónustuframkvæmdir hins opinbera, rekstrarfjárþörf sjálfrar framleiðslunnar og samvinnufélaganna, sem ásamt stéttarfélögunum hafa verið sterkustu stoðir fólksins, lífsnauðsynlegustu framkvæmdir heimilanna, svo sem íbúðabyggingar, eins og húsnæðisástandið vottar, allt skal þetta víkja fyrir framkvæmdum og eyðslu þeirra, sem fyrir fjármagninu ráða. Samt segja þeir, að ofþenslan stafi af of mikilli einkafjárfestingu.

Leið frelsisins á m. a. að vera fólgin í því að reyra böndin fastar að viðskiptabönkunum og öðrum stofnunum, sem fyrir þeim peningum ráða, sem mest gætu greitt fyrir hinum þýðingarmestu málum, bæta svo við jafnvel nýjum álögum og hafa stóra greiðsluafganga hjá ríkissjóði, fengna með neyzlusköttum, til að leggja inn í kerfið til jafnvægis á móti framkvæmdum og eyðslu hinna fáu frjálsu, bæta svo ofan á að binda allan almenning á höndum og fótum í kjaramálunum. Til jafnvægis leiðir þetta tæpast. Til þess verða gæðingarnir of aðsópsmiklir, eins og reynslan sýnir. En þetta leiðir til þess, að sjálfur grundvöllur þjóðarbúskaparins breytist stjórninni meira að skapi.

Það yrði dýrkeypt jafnvægi, sem fengist eftir þessum leiðum, því að ofan á allt annað draga þessar aðferðir úr sjálfri framleiðslunni. Svo á að telja fólki trú um, að það sé hreint engin önnur nothæf stjórnarstefna til en þessi. Þeir, sem ekki segja já og amen við þessu, séu ábyrgðarlausir lýðskrumarar, eins og forsrh. sagði hér áðan með ofur lítið öðrum orðum. Menn setji út á þessi góðu verk aðeins af því, að þeir séu ekki sjálfir í ríkisstj. Mér þætti ekkert skrýtið, þótt menn væru farnir að þreytast á því að heyra ráðh. afsaka ráðleysi sitt með þessum hætti.

Ráðh. og ýmsir fleiri tala um nauðsyn ábyrgrar stjórnarandstöðu, og ekki dreg ég úr því, að miklar kröfur séu gerðar til stjórnarandstöðunnar í því efni. En hvað um ríkisstj. landsins? Eiga menn ekki rétt á því, að hún sé ábyrg og fari skynsamlega, hóflega og af hæfilegri gætni og sanngirni með málefni landsins? Og nú spyr ég: Hvorir voru ábyrgari 1960, ríkisstj., sem skellti yfir viðreisninni, sem svona hefur leikið málefni þjóðarinnar, eða stjórnarandstaðan, sem varaði við þessu sterklega og sagði, hvernig hlyti að fara? Hvorir voru ábyrgari 1961, stjórnarandstæðingarnir, sem áttu þátt í hóflegum kjarasamningum, tryggðu með því framleiðsluna, forðuðu frá stórverkföllum og framleiðslustöðvun, eða ríkisstj., sem í bræði og fljótræði framkvæmdi þá vanhugsuðu gengislækkun, sem flestir mundu nú vilja mikið til vinna að aldrei hefði til mála komið? Og loks spyr ég: Hvorir eru ábyrgari núna, ríkisstj., sem leggur inn á ófriðarleiðina, sem hlýtur að reynast ófær og hafa í för með sér óbætanlegt tjón fyrir þjóðarbúið, eða Framsfl. í stjórnarandstöðunni, sem bendir á og vill fara „hina leiðina"? Og þá kemur spurningin: Hver er „hin leiðin", miðað við núv. kringumstæður?

Ég nefni nokkur höfuðatriði: Viðurkenna, að núv. almennt kaupgjald launastéttanna og bænda fær ekki staðizt eftir það, sem skeð hefur, og engri átt nær að lögbinda kaupið. Virða afdráttarlaust samningsfrelsi verkalýðsfélaganna og stéttarfélaga bænda og hafna lögbindingu kaupsins. Leggja kapp á samninga, sem miðast við að leiðrétta það herfilega misrétti, sem orðið er, í áföngum, því að í einu stökki verður það ekki gert. Keppa umfram allt að víðtækum samningum og samkomulagi á breiðari grundvelli en verið hefur, og fyrir því var jarðvegur og gæti orðið, ef stjórnin hætti við frv. sitt. Snúa að því með oddi og egg og margs konar ráðum að gera íslenzkum framleiðslugreinum aftur kleift að borga mannsæmandi kaup fyrir venjulegan vinnudag og þola réttmætt afurðaverð til bænda. Lækka vextina, því að íslenzkir framleiðendur geta ekki búið við miklu hærri vexti en atvinnuvegir annarra þjóða. Hækka afurðalánin með sanngjörnum vöxtum. Lækka vexti á íbúðalánum og framkvæmdalánum í sveitum og við sjó, því að íslenzk framleiðsla stendur aldrei undir því kaupi né því afurðaverði, sem hér þarf að vera, ef þessir vextir eru hafðir miklu hærri en annars staðar, og til lengdar verður ekki á móti því staðið, að háu vextirnir komi inn í framleiðslukostnaðinn, enda koma þangað sumpart strax og sumpart síðar. Kveða niður þá blekkingu, að vextirnir séu ekki stórfelldari liður í þjóðarbúskapnum en inn- og útborgunarvextir samtals í bönkum sýna, því að fram hjá þeirri staðreynd verður ekki komizt, að kaupgjald í landinu hlýtur, ef nokkur sanngirni fær að ráða, en ekki einber rangindi, að miðast við, að unga fólkið geti búið í íbúðum og borgað háu vextina af þeim, en vextir af einu íbúðarverði gleypa núna næstum heils árs laun verkamanns, og hliðstætt og þó enn verr er ástatt hjá bændum. Þetta mótar framleiðslukostnaðinn í æ ríkari mæli og verður ekki læknað með nýjum og nýjum kaupþvingunarlögum. Tryggja þarf framleiðslugreinunum vinnuafl með því að draga úr þeirri fjárfestingu, sem helzt má bíða. Lækka verður útflutningsgjaldið, sem nemur orðið 7.4% af útflutningsverði framleiðslunnar og jafngild-

ir 30—35% af öllu kaupgjaldinu í fiskiðnaðinum, og afnema verður sérstaka launaskattinn á bændur, en ætla bæði sjávarútvegi og landbúnaði lánsfé í sína sjóði af fjármagni því, sem myndast í landinu eða tekið er að láni erlendis, eins og öðrum lánsstofnunum. Þessar atvinnugreinar geta ekki lánað sjálfum sér, eins og nú er málum komið. Ríkið verður að taka á sig að kosta þær rannsóknir í þágu sjávarútvegsins, sem hann kostar nú með útflutningsgjaldinu. Og fleiri ráðstafanir í sömu átt verður að gera til að létta álögum og útgjöldum af framleiðslunni. Kemur hér til hjálpar, að ríkistekjurnar eru stórvaxandi með hækkandi verðlagi og það svo, að ríkissjóðstekjur munu fara mörg hundruð millj. fram úr áætlun á þessu ári. Endurskoða verður tolla- og álagakerfið allt með tilliti til þarfa framleiðslunnar. Með öllu þessu og með mörgum öðrum ráðstöfunum í sömu átt þarf að vinna að því að gera framleiðslunni aftur kleift að borga lífsnauðsynlegt kaup og draga til sín á ný nauðsynlegt vinnuafl, en með stefnu ríkisstj. verður framleiðslan í vaxandi mæli rúin vinnuaflinu í þágu einkafjárfestingarinnar, sem ráðh. viðurkenna að hafi valdið ofþenslunni, en æði mikið af henni á lítið skylt við þjóðarnauðsyn.

Hraðfrystiiðnaðurinn mun standa höllustum fæti, en fólkið, sem þar vinnur, er í þeim hópi, sem brýnasta þörf hefur nýrra samninga. En erfiðleika hraðfrystihúsanna nú hafa þeir að skálkaskjóli í kaupbindingarmálinu. Er því rétt að upplýsa, að allt kaupgjald í hraðfrystihúsunum, bæði hærra og lægra, nær ekki 200 millj. samtals, að þau verða að skila 60—70 millj. í útflutningsgjöld og vextir eru taldir álíka fjárhæð. Þar við bætast svo aðrir liðir, sem hægt er að hreyfa til lækkunar, ef menn vildu fara „hina leiðina“ út úr ógöngunum.

Allt er þetta, sem ég hef nefnt, og fjölmargt fleira þýðingarmiklir þættir í „hinni leiðinni“. Mest af öllu ríður þó á því að taka upp skipulega sókn til aukinnar framleiðslu og aukinnar framleiðni á öllum sviðum í stað þess handahófs og stjórnleysis, sem nú ríkir í öllum slíkum málum, laða saman og styðja alla hina beztu krafta til forustu á þessu sviði og verja hiklaust og skipulega fjármagni til þess að láta það sitja fyrir, sem horfir í þessa átt og vandann getur hjálpað til að leysa.

Vinnuafl og vélaafl samanlagt ráði því, hverju verði til vegar komið í framleiðslu og framkvæmdum, og ofþenslu varnað með því að láta þær framkvæmdir sitja á hakanum, sem minni almenna þýðingu hafa og síður bæta úr brýnni nauðsyn eða auka framleiðni og þjóðartekjur, að ég nú ekki tali um þær framkvæmdir, sem beinlínis sóa verðmætum. Þessar framkvæmdir og óhófseyðslan eiga að víkja fyrir brýnustu nauðsynjum heimilanna og til þess að framleiðslan í landinu fái vinnuafl og fjármagn til starfa, en ekki öfugt, eins og verið hefur og nú er stefnt að í enn ríkara mæli en fyrr. Þannig sé leitað jafnvægis og unnið gegn ofþenslu, en ekki með lögþvingaðri kjaraskerðingu og ráðstöfunum, sem beinlínis draga úr framleiðslunni og framleiðninni og draga fólkið frá nauðsynlegustu störfunum, eins og gert er með vaxtapólitíkinni, rekstrarfjárskortinum og skorti á fé til þess, sem mestu skiptir, jafnframt því sem sumt af því, sem sízt skyldi, sogar til sín fjármagn og vinnuafl.

Þetta voru nokkur orð um „hina leiðina“, og þyrfti þó margt fleira að segja. En hvort skyldi vera þjóðinni nytsamlegra, eins og nú stendur, að þessi úrræði og önnur hliðstæð, sem leitt gætu til heppilegrar niðurstöðu og stjórnarhátta, séu rædd með rökum og athuguð hleypidómalaust eða umr. látnar vera útúrsnúningar og þex um það, sem gerðist fyrir 20 árum, eins og stjórnin temur sér, en framkvæmdirnar jafngilda ófriði á hendur miklum þorra landsmanna, þótt aðrar leiðir séu vel færar.

Menn hefðu átt að mega vænta þess, að ríkisstj., sem búin er að koma málefnum landsins í slíkt öngþveiti sem nú blasir við allra augum, hefði þó séð ástæðu til að endurskoða stefnu sína og hverfa frá þeim úrræðum, sem verst hafa gefizt. Ríkisstj., sem eins og ástatt er hefur ekkert nýtt til málanna að leggja annað en lögbinda kaup launastéttanna og bændanna og lýsir því yfir um leið, að hún ætli að halda fast við alla aðra þætti, sem verst hafa gefizt, og þar á ofan hefur hættulega afstöðu í málefnum landsins út á við, sú ríkisstj. á að fara frá og það strax. Ríkisstj. hefur engan rétt til að þröngva fram þvingunarlagasetningu sinni þvert ofan í beinar heitstrengingar í vor um frjálsa stefnu í kaupgjalds- og kjaramálum. Meiri hl. sinn hefur ríkisstj. fengið með prettum. Það liggur nú opið fyrir allra augum. Og þjóðin hefur aldrei gefið henni neitt umboð til að gera það, sem hún nú ætlar að fara að aðhafast. Meiri hl. í vor hefðu stjórnarflokkarnir aldrei fengið, ekki að tala um, ef þeir hefðu ekki haldið því leyndu, sem nú er fram komið.

Þessi ríkisstj. á því engan rétt á sér. Úrræði hennar munu gera illt ástand verra, efla ófrið, reynast óframkvæmanleg, en valda stórfelldu tjóni. Í stað þess að efla úlfúð og fjandskap átti ríkisstj. að gera sér grein fyrir því, hve veik hún var og hvernig meiri hl. hennar í vor var fenginn, og leggja sig því fram um að efla samkomulag um viðkvæmustu málin, enda var jarðvegur fyrir slíkt og úrlausnir tiltækar, eins og sýnt hefur verið fram á. En ríkisstj. gerði það, sem sízt skyldi.

Afstaða Framsfl. til vantrauststill. er því skýr og afdráttarlaus. Því fyrr sem ríkisstj. víkur, því betra, enda nú hverjum manni augljóst orðið, að nýjar leiðir fást ekki einu sinni athugaðar, hvað þá framkvæmdar, nema þessi ríkisstj. fari frá. Við greiðum að sjálfsögðu atkv. með vantrauststillögunni. — Góða nótt.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Háttvirtu áheyrendur. Till. sú, sem hér liggur fyrir til umr. um það, að Alþingi álykti að lýsa yfir vantrausti á ríkisstj., er að sögn flm. fyrst og fremst borin fram vegna frv. þess um launamál o. fl., sem ríkisstj. lagði fram á Alþingi í s. l. viku. Það er því ekki úr vegi að fara nokkrum orðum um þetta frv. og þær ástæður, sem til þess liggja, að það er borið fram.

Síðari ár hefur kaupgjald og verðlag farið vaxandi. Þó er rétt að geta þess, að á árinu 1960 og fram á mitt árið 1961 hækkaði vísitala

framfærslukostnaðar tiltölulega lítið eða aðeins um 5—6 stig. En þá skipti snögglega um. Á síðustu sex mánuðum ársins 1961 hækkaði vísitalan um 10 stig. Árið 1962 hækkaði hún um önnur 10 stig. Og á þessu ári hefur hún til 1. okt. hækkað um 16 stig og á sennilega eftir að hækka enn.

Á þessu tímabili hefur kaupgjald einnig hækkað, þó þannig, að kaupgjald þeirra, sem lægst eru launaðir, hefur ekki til fulls náð að fylgjast með verðhækkununum, og á ég þar við lægsta tímakaup verkamanna. Aðrar stéttir hafa hins vegar fengið ríflegri hækkun í sinn hlut. Gangur þessara mála hefur oftast verið sá, að verkamenn hafa riðið á vaðið og stundum meira að segja þurft að heyja verkfall til þess að fá sínum kröfum framgengt. Aðrir og hærra launaðir hagsmunahópar hafa svo komið á eftir og náð betri árangri, meiri kauphækkun. Í kjölfar þessa hafa svo komið verðhækkanir, fyrst og fremst á landbúnaðarvörum, sem eru í föstum tengslum við laun verkamanna, sjómanna og iðnaðarmanna, sem hafa étið upp það, sem verkamaðurinn vann með sinni hækkun, vegna þess m. a., að kaup hinna launahærri stétta gekk einnig inn í landbúnaðarverðið.

Niðurstaðan hefur svo orðið sú, sem ég sagði, að árangurinn fyrir þá lægst launuðu hefur orðið harla lítill, raunverulega aðeins sá, að allt verðlag hefur hækkað og stundum meira en kauphækkun þeirra lægstu nam.

Þetta er alkunn saga, sem allir kannast við. Þegar þess vegna landbúnaðarvörurnar hækkuðu mjög verulega s. l. haust og vísitala framfærslukostnaðar hækkaði um 11 stig á tveimur mánuðum, þá var sýnt, að eitthvað varð undan að láta. Verkamenn og ýmsar iðnstéttir settu þá fram kröfur um allt að 40% launahækkanir. Ef þær hefðu náð fram að ganga, þótt ekki væri nema að nokkrum hluta, þá var greinilegt, að aðrir mundu koma á eftir og kaupgjalds- og verðlagsskrúfan mundi enn fara í gang og verðlagið von bráðar hækka um eitthvað svipað. Ríkisstj. ákvað þá að freista þess að reyna að finna einhverja aðra leið til þess að bæta láglaunafólki þá verðhækkun, sem orðin var, án þess að þær kjarabætur hefðu sömu afleiðingar og jafnan áður, að vera gerðar að engu af verðhækkunum, sem fylgdu á eftir jafnörugglega og nótt fylgir degi.

Það, sem ríkisstj. kom fyrst og fremst auga á, var það helzt að gera ráðstafanir til að draga úr útgjöldum þessa fólks, sem vitaskuld var því jafnmikils virði og tilsvarandi kauphækkun. Kom þar fyrst til álita niðurfelling tekjuskatts og útsvara af hinum lægstu tekjum og ívilnun eða lækkun á þessum beinu sköttum á tekjur, sem lágu þar nokkuð fyrir ofan. Þetta, ef framkvæmt yrði, kæmi auðvitað láglaunafólki jafnvel og tilsvarandi launahækkun. En þetta hefur tvo meginkosti. Í fyrsta lagi þann, að þessar kjarabætur fara ekki út í verðlagið, þar sem ekki er um beina kauphækkun að ræða. Og í öðru lagi íþyngir þetta ekki útflutningsatvinnuvegunum, sem telja sig þess ekki umkomna að hækka kaupið eins og er. En þetta er erfitt verk og flókið og vandasamt, aðallega vegna þess, að heildarútsvarsupphæð sveitarfélaganna er fastákveðin í fjárhagsáætlun hvers árs, og þá tekjurýrnun, sem sveitarfélögin mundu verða fyrir á þennan hátt, verður að bæta með hækkuðum útsvörum á þá, sem hærri tekjur hafa, og útsvarsstiginn mundi því sennilega þurfa endurskoðunar við, svo að þetta mætti takast.

Fleira kemur til greina en skattaívilnanir og útsvarsívilnanir, svo sem hækkaðar tryggingabætur. Auknar niðurgreiðslur hafa einnig verið nefndar, en þær eru þó af ýmsum ástæðum ólíklegastar til að ná tilætluðum árangri. En sameiginlegt þurfa allar þessar leiðir að hafa, að þær veiti láglaunafólki raunhæfar kjarabætur, án þess að draga hinn venjulega dilk á eftir sér að fara út í verðlagið, og koma þess vegna að fullum notum fyrir þessa lægstlaunamenn.

Til viðbótar þessu, ef það verður ekki fullnægjandi, kemur svo vissulega til álita, að eitthvað yrðu hækkuð laun hinna lægstu, ef sú hækkun fer ekki allan hringinn, því að þá er hún einskis virði, eins og allar slíkar kauphækkanir hafa áður reynzt.

Til þess að kryfja þessi vandamál öll til mergjar hefur ríkisstj. beðið um frest í tvo mánuði, og þó raunar ekki nema í einn og hálfan mánuð, því að meiningin er að hafa afgreitt þessi mál hér á Alþingi fyrir jól. Og mér finnst sannast sagna hart, þegar um svo þýðingarmikið og ég vil segja örlagaríkt mál er að ræða eins og þetta, að þyrla þá upp gegn því slíku moldviðri eins og nú hefur gert verið, og alveg sérstaklega þegar pólitískir spekúlantar í Framsfl. og Alþb. leitast við að fá það fólk í lið með sér, sem alltaf hefur orðið undir í hagsmunabaráttunni einmitt undir merkjum þessara sömu manna, og þegar nú er verið að reyna að finna raunhæfar kjarabætur því til handa.

Því fremur er þetta furðulegt, þegar frestur-inn, sem um er beðið, er ekki lengri en sem svarar þeim tíma, sem venjulega fer til viðræðna atvinnurekenda og launþega um samninga, áður en þeir takast.

Eðlilegast hefði vitaskuld verið, að ríkisstj. hefði fengið frest hjá verkalýðsfélögunum til þess að ganga frá málinu og leggja það fyrir Alþingi. Þá hefði ekki þurft nein lagasetning að koma nú og friður getað haldizt. En forsrh. leitaði eftir þessum fresti hjá forseta A. S. Í. og félögum hans, en við þá hefur hann átt margar og miklar orðræður, áður en frv. var lagt fram. En honum var aðeins gefinn kostur á 7—10 dögum, en það var alls ófullnægjandi tími. Ef skilningur hefði verið sýndur meiri en raun varð á af hálfu Alþýðusambandsforustunnar og vinnufriður tryggður, meðan athugun ríkisstj. fór fram, hefði enga lagasetningu um þetta þurft. En þá hefðu áróðursmenn kommúnista og Framsóknar misst bita úr sínum aski, og það réð úrslitum.

Því hefur verið haldið fram í umr. um þetta mál, að frv. það, sem ríkisstj. hafi lagt fram nú, sé einstakt í sinni röð og með því sé ráðizt gegn hefðbundnum réttindum verkalýðsins. Þetta er fullkomlega rangt. Ýmis fordæmi eru fyrir lagasetningu eins og þessari, og hafa þau þó ekki verið talin brjóta í bága við hagsmuni eða réttindi eins eða neins, enda er það hreint öfugmæli hvað þetta frv. snertir. Nærtækasta

dæmið, sem raunar oft hefur verið nefnt í umr. um þetta frv., er, þegar núv. og þáv. formaður A. S. Í. setti sem félmrh. í vinstri stjórninni 1956 brbl. um nákvæmlega sama efni, og má um þau segja, að hann hafi gengið feti framar þá en gert er nú, þar sem hann, um leið og hann þá festi kaupið, lækkaði það um 6 vísitölustig, eða sem er það sama raunverulega, lét ekki koma til framkvæmda 6 stiga hækkun, sem átti að ganga í gildi 3 dögum eftir að brbl. voru sett.

Efni þeirra brbl., sem Hannibal Valdimarsson gaf út sem félmrh. 28. ágúst 1956, er bezt lýst með orðum hans sjálfs í framsöguræðu, þegar hann leitaði staðfestingar Alþingis um haustið á brbl. Hann sagði orðrétt, með leyfi hæstv. forseta: „Efni frv. er það, að ríkisstj. hefur ákveðið að festa verðlag og kaupgjald í landinu um 4 mánuði.“ Og festingunni fylgdi svo í kaupbæti 6 vísitölustiga kaupskerðing. Hann hefur reynt að afsaka sig með því, að yfir hafi vofað hækkun á landbúnaðarafurðum og þeirri hækkun hafi verið forðað með brbl. Hann gleymir þá að taka fram, að þá hækkun áttu launþegar að fá bætta 1. des., en sú hækkun var einnig stöðvuð með þessum lögum. Hér var því um hreina kaupbindingu að ræða. Launþegum var þó ekki bannað að gera verkfall þá, segir Hannibal Valdimarsson nú til þess að afsaka sig. Þar sem samningar voru yfirleitt ekki lausir, þegar þetta gerðist, var ekki hægt fyrir launþega að gera verkfall hvort sem var, og eina kaupbindingin, sem til greina gat komið þá, var að stöðva vísitöluálagið, og það gerði Hannibal líka rækilega.

Þá er sagt, að verðlagsins hafi verið miklu tryggilegar gætt þá en nú er gert í frv. ríkisstj. En undanþáguákvæði voru vissulega til í brbl. Hannibals og lagt í vald ríkisstj. og innflutningsskrifstofunnar, hvernig þau væru framkvæmd. En nú er þetta lagt á vald réttra verðlagsyfirvalda, og sé ég ekki, að á þessu tvennu sé ýkjamikill munur.

Þegar allt um þrýtur, er því svo haldið fram, að frv. núv. ríkisstj. sé einstakt í sinni röð að því leyti, að það eigi að verka aftur fyrir sig frá þeim degi, er það var lagt fram. En brbl. Hannibals Valdimarssonar verkuðu vissulega líka aftur fyrir sig. Þau voru gefin út 28. ágúst, en verðlagsákvæði þeirra voru látin gilda frá 15. ágúst. Það ber því allt að einum brunni, mismunur á þessum brbl. og núv. frv. er harla lítill, annar en sá, að brbl. Hannibals Valdimarssonar festu kaupið með kaupskerðingu, en þetta frv. gerir það ekki, og brbl. voru látin gilda í 4 mánuði í staðinn fyrir nú aðeins í tvo og raunverulega ekki nema hálfan annan mánuð.

Þá er því haldið fram, að sá mismunur sé á málsmeðferðinni þá og nú, að þá hafi verið haft samband við framámenn verkalýðsfélaganna. Hv. 5. þm. Vestf., Hannibal Valdimarsson, sagði raunar áðan, að þetta hefði verið gert með samþykki verkalýðsfélaganna, þó að mér vitanlega hafi það ekki verið borið undir eitt einasta verkalýðsfélag í landinu. Það sanna er, að það hefur verið haft samband við framámenn ýmissa verkalýðsfélaga, en ekki við félögin sjálf, og málið aldrei tekið fyrir á fundi í einu einasta verkalýðsfélagi. Á þeim eina fundi, sem um málið virðist hafa verið haldinn með stjórnum verkalýðsfélaganna hér í Reykjavík 1956, var fullur fjórði hluti fundarmanna ekki tilbúinn til að greiða málinu jákvæði og nokkrir eða allmargir beinlínis andvígir því, svo að munurinn, þó að hann sé einhver með öllum þeim áróðri, sem nú hefur verið hafður uppi, er ekki ýkjamikill.

Hitt gerði svo gæfumuninn þá, 1956, að stjórnarandstaðan þá studdi málið í stað þess ofsalega áróðurs, sem núverandi stjórnarandstaða hefur rekið gegn frv. Ef stjórnarandstaðan 1956 hefði farið eins að og gert er nú, þá er ósýnt, hvernig farið hefði 1956.

Mér hefur þótt rétt að draga þessar staðreyndir fram í dagsljósið, því að þær varpa skýru ljósi á baráttuaðferðir stjórnarandstöðunnar og sýna, svo að ekki verður um villzt, að það er önnur afstaða tekin til mála, þegar núv. stjórnarandstöðuflokkar eru í stjórn, heldur en þegar þeir eru í stjórnarandstöðu. Það, sem þeir telja rétt að gera, þegar þeir eru í stjórn, er óhæfa, þegar þeir eru í stjórnarandstöðu, þó að um nákvæmlega sömu aðgerðirnar sé að ræða. Það er kannske að vísu léleg afsökun, ef eitthvert óhæfuverk er hér á ferð, að einhver annar hafi áður gert slíkt hið sama. En þar sem fyrirmyndin er sjálfur siðameistarinn og vandlætarinn, forseti A. S. Í., sem ekki má vamm sitt vita í neinu til orðs eða æðis, þá getur vart verið um slíkt að ræða.

Þá hefur verið sagt: Af hverju var ekki hægt að gera einhverjar þessar ráðstafanir strax, um leið og frv. var lagt fram? Því hef ég raunar áður svarað. Til þess vannst ekki tími. Þróun mála varð með svo örum hætti síðustu vikurnar. Og þá hefði ekki heldur þurft að biðja um frest, eins og nú er gert.

Þá hefur verið á það bent, að laun opinberra starfsmanna hafi hækkað mjög verulega með kjaradómi, sem gekk um laun opinberra starfsmanna í júlíbyrjun í sumar, og þetta er rétt. En á það vil ég benda í því sambandi, að um þau lög, sem lágu til grundvallar þeim dómi, var fullt samkomulag á Alþingi, og um niðurstöðu dómsins réð ríkisstj. vitaskuld engu.

Þá vildi ég geta þess, að þegar launamál tekjuhæstu launþega þessa lands hefur borið á góma hér á Alþingi, hafa þessir menn átt öruggan málsvara í formanni A. S. Í., sem hefur verið óþreytandi að tala þeirra máli, vitandi þó, að þegar einum er skammtaður mjög ríflegur hluti af kökunni, þá verður þeim mun minna eftir handa hinum. Þá hefur Hannibal Valdimarsson ekki gætt sem skyldi hagsmuna sinna umbjóðenda.

Þegar miðstjórn Alþfl. fékk þetta frv. um launamál o. fl. til meðferðar, áður en það var lagt fram, þá samþykkti hún með yfirgnæfandi meiri hl. atkv. að heita því stuðningi sínum í trausti þess, eins og segir í ályktun, sem um það var gerð, að þörfum láglaunafólks verði mætt með útsvars- og skattaívilnunum, lágmarkslaunum, hækkuðum tryggingabótum o. fl. Miðstjórnin gerði sér ljóst, að hin óbeina aðstoð við þetta fólk kemur að beztum notum og verður hverjum einstaklingi drýgri en sú launahækkun verður, sem fer strax út í verðlagið, enda er almenningur yfirleitt búinn að gera

sér ljóst, að víxlhækkanir verðlags og kaupgjalds þjóna engum tilgangi öðrum en þeim að gera verðgildi peninganna minna. Við teljum þess vegna, að það væri mikil ógæfa, ef ríkisstj. yrði ekki veittur sá frestur, sem hún hefur beðið um, til þess að gera þessa tilraun. Með einhverjum hætti verður líka að lagfæra það misræmi, sem orðið hefur í kaupgjaldi þeirra hópa, sem eftir hafa orðið í kaupgjaldskapphlaupinu, um leið og tryggt er, að sú leiðrétting fari ekki allan hringinn og geri lagfæringuna að engu, eins og svo oft hefur orðið raunin á, vegna þess að veik og margklofin atvinnurekendasamtök hafa ekki megnað að standa á móti þeirri óheillaþróun og láglaunafólkið þannig dregizt aftur úr. Ríkisvaldið verður því að láta þessi mál til sín taka, ef takast á að koma þeim á heilbrigðari braut til hagsbóta fyrir láglaunafólk.

Þó að vantrauststill. sú, sem hér liggur nú fyrir, sé kannske sérstaklega borin fram vegna þessa máls, sem ég hef nú gert að umræðuefni, hefur gagnrýni stjórnarandstöðunnar svo sem beinzt að fleiri stjórnarathöfnum, sérstaklega viðreisninni, sem þeir telja að hafi alveg farið út um þúfur, og skal ég því með örfáum orðum koma nokkuð að því. *Ég skal aðeins nefna* nokkur þau atriði, sem ég tel að lánazt hafi fyllilega, eins og til var stofnað.

Traustið á gjaldmiðlinum t. d. hafði verið endurvakið, þó að nú upp á síðkastið með hinum miklu víxlhækkunum kaupgjalds og verðlags hafi krónunni verið sýnt það tilræði, sem ekki er séð fyrir endann á. Ríkisstj. er þó staðráðin í því að beita öllum tiltækum ráðum til að halda í horfinu og reyna til hins ýtrasta að vernda þetta traust á peningum okkar, enda er það einn hornsteinninn og kannske sá styrkasti undir öllu okkar efnahagslífi. Þetta traust hefur leitt til mjög örrar sparifjármyndunar og gjaldeyrissjóða stærri en nokkurn tíma hafa verið til síðan í styrjaldarlok. Lánstraust okkar erlendis er endurvakið og peningar okkar eru keyptir erlendis, en þar vildi enginn áður líta við þeim. Þetta er vissulega mikill og farsæll árangur af núv. stjórnarstarfi. Verzlunin hefur að heita má verið gefin algerlega frjáls, og meira vöruval en nokkru sinni er nú til í verzlununum. Vöruskömmtun þekkist ekki. Bótakerfið, útflutningsuppbæturnar, er horfið og hið margfalda gengi, sem við það var bundið, sömuleiðis. Fiski- og kaupskipaflotinn hefur aldrei vaxið jafnört og skipastóllinn hefur aldrei verið jafnmikill og fullkominn og nú. Byggingarframkvæmdir eru nú meiri en hægt er að útvega menn til. Það, sem hér má að finna, er, að það er farið of geyst og meira lagt undir en hægt er að framkvæma í einu.

Er það þetta, sem stjórnarandstaðan gagnrýnir? Nei, vissulega ekki. Framsóknarforustan t. d. hefur marglýst því yfir, að ekki sé nógu fé veitt út í efnahagslífið, sparifjárbindinguna eigi að leysa upp og sparifé eigi allt að lána út. Þetta er svo furðuleg afstaða hjá flokki, sem telur sig ábyrgan stjórnmálaflokk, að það þarf áreiðanlega langt að leita til þess að finna nokkra hliðstæðu. Verðbólguþróunin í landinu er að miklu leyti því að kenna, að of mikið er fjárfest. Svo vilja þeir framsóknarmenn lækna þetta ástand með því að magna fjárfestinguna enn meir með því að veita til hennar meira fjármagni, sem auðvitað mundi einnig hafa í för með sér, að gjaldeyrissjóðirnir mundu tæmast, landið missa allt traust út á við og komast á vonarvöl, eins og gerzt hafði áður undir þeirra stjórn. Þetta er það, sem landsfólkið má eiga von á, ef þeim tækist að hrifsa til sín stjórnartaumana. *En sem betur fer geri ég ekki* ráð fyrir, að margir mundu verða þess fýsandi.

Eitt mál vildi ég mega minnast á að lokum, sem ríkisstj. hefur látið mjög til sín taka, en það eru tryggingamálin. Vinstri stjórnin hafði sýnt þessum málum fádæma tómlæti alla þá tíð, sem hún var við völd. Engar endurbætur voru gerðar á tryggingalögunum og fjárframlög til þeirra voru skorin við nögl. Kemur þar glöggt fram skilningur þeirra eða réttara sagt skilningsleysi á þörfum þeirra, sem við erfiðust kjör eiga að búa í þjóðfélaginu. Vinstri stjórnin réð afgreiðslu fjárlaga tvisvar, fyrir árin 1957 og 1958. Fyrra árið voru útgjöld til trygginga og félagsmála yfirleitt alls á 17. gr. fjárl. réttar 100 millj. kr. og síðara árið 106 millj. Nú hafa þessi framlög til félagsmála verið hækkuð upp í 604 millj. á fjárlagafrv. fyrir árið 1964. *Hafa þá framlög til þessara mála* verið sexfölduð, frá því að vinstri stjórnin lét af störfum fyrir 5 árum tæpum. Þetta er eitt af því, sem ég tel að núv. stjórn hafi bezt gert og vinstri stjórnin verst og sýnir greinilegar en flest annað, hvern hug þessar ríkisstj. hvor um sig bera til þeirra, sem erfiðast eiga uppdráttar.

Annað mál þessu náskylt vildi ég einnig nefna, en það eru verkamannabústaðirnir, þ. e. a. s. húsnæðismál hinna efnaminnstu og láglaunafólks, þeirra sem minnsta möguleika hafa til að eignast þak yfir höfuðið. Um fá mál gerir stjórnarandstaðan sér nú tíðræddara en húsnæðismálin og þá erfiðleika, sem menn eiga við að etja, sem vilja byggja yfir sig. En þegar þessir sömu menn voru í ríkisstj., sýndu þeir verkamannabústaðabyggingunum fullkomið tómlæti. Lögin um verkamannabústaði voru raunar afnumin sem sjálfstæð lög og felld inn í annan lagabálk. Strax þetta sýndi hugarfarið. Framlögin til þeirra voru skorin við nögl, og lánsfjárútveganir voru litlar eða engar. Öllu þessu hefur núv. stjórn breytt. Sérstök lög hafa aftur verið sett um verkamannabústaði. Fjárframlög frá ríki og bæ hafa verið hækkuð mjög verulega, um 67%, og lánsfé útvegað, meira heldur en nokkru sinni áður. Lánsupphæð á hverja íbúð hefur verið tvöfölduð.

Þessar aðgerðir allar, sem ég nú hef talið, eru vissulega hinum efnaminnstu, sem þurfa að byggja, meira virði en margt annað. Og þessi afstaða til verkamannabústaðabygginga ásamt hinum gífurlegu endurbótum á tryggingalögunum sýnir betur en margt annað, hvernig núv. ríkisstj. hefur snúizt við vanda hinna efnaminnstu og lægst launuðu, *sem annars eiga* fárra kosta völ.

Þetta er nefnt hér nú vegna sýndarbaráttu stjórnarandstöðunnar fyrir hina lægst launuðu. Og mitt síðasta orð skal vera þetta: Verið vel á verði gegn tálbeitum og áróðurssnörum kommúnista og Framsóknar. Þar geta menn fest sig,

án þess jafnvel að gera sér þess grein og vita af því, eins og ýmsar ályktanir, sem gerðar hafa verið nú um launa- og verðlagsstöðvunarfrv. ríkisstj., bera vott um, þar sem allir eða a. m. k. flestir óska nú einskis frekar en að sú hringrás verði stöðvuð. — Góða nótt.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Góðir áhtyrendur. Engin ríkisstj. hefur unnið sér jafnrækilega til óhelgi í augum allra launþega og sú, sem nú er lýst vantrausti á. Hún hóf feril sinn með stórfelldri gengislækkun í ársbyrjun 1960. Afleiðingin varð gífurleg verðhækkun á öllum vörum, en samtímis var vísitalan tekin úr sambandi. Með lagaboði voru þau ákvæði í frjálsum samningum verkalýðsfélaganna að engu gerð, er kváðu á um, að verðlagsuppbætur skyldu greiddar á kaupið. Þessi sjálfsagða ráðstöfun, að kaup launþega hækkaði, ef verð á vörum og þjónustu hækkaði, var afnumin, og samkv. gengislækkunarlögunum áttu launþegar að taka á sig allar verðhækkanir algerlega bótalaust.

Þannig stóðu málin fram á mitt árið 1961, að verkalýðsfélögin knúðu fram 10% kauphækkun og gerðu samninga, er tryggja áttu vinnufrið í tvö ár, en vegna beinna afskipta ríkisstj. kostaði þessi smávægilega launahækkun margra vikna verkfall. Eins og frægt er orðið, svaraði ríkisstj. þessum kauphækkunum með nýrri gengisfellingu í ágúst 1961. Fyrir þeirri gengislækkun voru engin hagfræðileg rök, og var hún bein hefndarráðstöfun gagnvart verkalýðshreyfingunni og hafði þann tilgang einan að sanna verkafólki, að kauphækkanir væru tilgangslausar. Nýrri dýrtíðaröldu var hleypt af stað, og samningar verkalýðsfélaganna, sem áttu að tryggja vinnufrið í 2 ár, voru að engu gerðir. Síðan hafa verkalýðsfélögin neyðzt til þess að hækka kaupið einu sinni, tvisvar og jafnvel þrisvar á ári vegna síendurtekinna og gegndarlausra verðhækkana.

Á síðustu vikum hafa verðhækkanirnar keyrt um þverbak. Frá því að verkalýðsfélögin frestuðu samningum sínum í sumar, eftir að hafa fengið 7½% kauphækkun, hefur verð á matvörum hækkað um 15% að meðaltali samkv. vísitölu hagstofunnar, eða hækkað helmingi meira en kauphækkuninni nam. Kaupmátturinn hefur farið síminnkandi í tíð þessarar ríkisstj. vegna aðgerða hennar í peninga- og verðlagsmálum. Síðan í ársbyrjun 1960 hefur vísitala vöru og þjónustu hækkað um 63%, en á sama tíma hefur kaup verkamanna hækkað aðeins um 35%.

Ef borið er saman árskaup verkamanns fyrir dagvinnu annars vegar og útgjaldaupphæð vísitölunnar hins vegar, lítur dæmið þannig út: Í marz 1960 hafði verkamaðurinn 1287 kr. afgangs af árskaupi sínu, þegar hann hafði keypt það vörumagn, sem vísitalan reiknar með. En nú skortir verkamanninn 11546 kr. á árskaupið til þess að geta keypt þetta vörumagn. Verkamann vantar nú nærri 13 þús. kr. á árskaupið til þess að standa jafn gagnvart verðlaginu og hann stóð í marz 1960.

Það er þessi þróun verðlagsmálanna, sem er höfuðröksemdin fyrir hinum sjálfsögðu kröfum verkalýðsfélaganna nú um hækkað kaup. En við þetta bætist svo, að hópar hálaunamanna í þjóðfélaginu hafa nú hækkað sín laun langt fram yfir það, sem nemur kröfum verkamannanna. Ég á ekki hér við nauðsynlegar kauphækkanir til ýmissa hópa opinberra starfsmanna, sem höfðu lág laun fyrir, þeirra kaup er sízt of hátt, heldur á ég við menn, sem hafa margföld verkamannalaun, laun, sem eru langt út úr öllu launakerfi okkar og virðast miða að því að koma hér á meira launamisrétti en þekkzt hefur áður. En þeirri þróun ætlar verkafólk ekki að una.

Núv. ríkisstj., sem í upphafi ferils síns hafði á stefnuskrá sinni, að samtök launþega og atvinnurekenda ættu ein að gera út um kaupgjaldsmál, kórónar nú sín ljótu afskipti af þeim málum með frv. um launamál o. fl., sem nú liggur fyrir Alþingi. Í þessu frv. felst hatrammari árás á frelsi verkalýðsfélaganna og kjör verkafólks en áður þekkist í þingsögunni. Eftir hinar miklu verðhækkanir og kauphækkanir til hálaunamanna á nú að banna allar kauphækkanir og leiðréttingar til þeirra, sem lægst hafa laun og verst eru settir, og svipta verkalýðsfélögin þeirra helgasta rétti, verkfallsréttinum, sem er einn af hornsteinum lýðræðisins í landi okkar. Sagt er, að aðeins sé um að ræða frest í tvo mánuði, meðan verið sé að finna lausn málanna. Því er til að svara, að ríkisstj. hefur haft nægan frest. Hún hefur haft frest síðan um miðjan júnímánuð í sumar, að verkalýðsfélögin frestuðu samningum sínum til 15. okt. Hafi hún ekki notað þennan frest, hefur hún flotið sofandi að feigðarósi. Henni átti að vera fullvel ljóst, að hverju fór. Forsrh. var einnig boðinn frestur í allt að hálfan mánuð, áður en frv. var lagt fram, til þess að þrautreyna samninga.

Í þessu sambandi vil ég mótmæla mjög harðlega ummælum Emils Jónssonar ráðh., sem hann viðhafði hér áðan. Hann sagði, að forsrh. hefði farið fram á frest, en ekki fengið. Sannleikurinn er sá, að forsrh. fór aldrei fram á neinn frest við okkur. En hins vegar kom drengskapur hans fram í því, að um leið og hann þóttist viðhafa vinsamlegar viðræður við okkur, var verið að undirbúa þessi þokkalegu lög. Við buðum frestinn, en hann var ekki þeginn. Það virðist því eitthvað annað liggja á bak við en aðeins að fá frest, enda sagt í frv. sjálfu, að ætlunin sé að skipa þessum málum með nýrri löggjöf fyrir áramót, þegar þessi lög eiga að missa gildi, gæti reyndar eins orðið með brbl., eftir að Alþingi hefur verið sent heim í jólaleyfi. Engar yfirlýsingar hafa fengizt um það, að í þeirri löggjöf, sem taka á við af þessari, verði ekki sömu þrælatökin á verkalýðshreyfingunni og nú eru fyrirhuguð. Í framsöguræðu sinni fyrir frv. sagði forsrh., að bæta ætti kjör hinna lægst launuðu eftir öðrum leiðum en kauphækkunum. Virðist þetta ótvírætt benda til, að áfram eigi að banna kauphækkanir.

Svo er látið heita, að í frv. sé einnig lagt bann við verðhækkunum. En þetta er rangt. Dyrum er haldið opnum fyrir verðhækkunum, og í framsögu sagði forsrh., að leyfðar væru verðhækkanir, sem stöfuðu af hækkunum á erlendum vörum og hækkun á tilkostnaði á undanförnum mánuðum. Það er því opin leið til að

hækka verð á vörum og þjónustu, svo sem rafmagni, hitaveitu og strætisvagnagjöldum, en þetta hefur allt staðið til að hækka að undanförnu. Það má því allt hækka nema kaupið.

Aðalrökin, sem fram eru færð fyrir frv., eru þau, að neyzla og fjárfesting hafi aukizt meira en hægt sé að veita og þetta hafi leitt til mjög óhagstæðs verzlunarjafnaðar. Menntmrh., Gylfi Þ. Gíslason, var svo smekkvís að segja hér fyrir nokkrum dögum, að kauphækkanirnar í fyrra og á þessu ári ættu sök á þessari þróun. Ætli það sé ekki kaupgeta verkafólks, sem kallað hefur á innflutning 3000 bíla á þessu ári? Og ætli það sé ekki þetta fólk, sem hefur byggt t. d. verzlunarhallirnar hérna inn með Laugaveginum? Nei, því fer víðs fjarri. Kauphækkanirnar dugðu ekki einu sinni til að halda í við verðlagið, hvað þá meira, eins og margsannað er. Nei, það er stefna sjálfrar ríkisstj., sem á sökina. Hið óhefta frelsi auðmanna og braskara í verzlun og framkvæmdum og möguleikar þeirra til að sölsa undir sig lánsfé og gróða er meinvaldurinn. En þetta eru gæðingar ríkisstj., og við þeim má ekki hrófla. Þess vegna á að leysa vandann á kostnað þeirra, sem minnst bera úr býtum, og hefta frelsi þeirra. Og þennan dans virðist Alþfl. ætla að dansa, þó ekki af hjartans lyst, nema þá helzt hæstv. menntmrh., og svo sannarlega ætti það þá að verða hans dauðadans á stjórnmálasviðinu.

Önnur röksemd fyrir frv. er sú, að útflutningsatvinnuvegirnir beri ekki hærra kaup. Þó að þetta væri rétt, ber að hafa í huga, að kaupið er ekki nema lítill hluti af tilkostnaði t. d. hraðfrystihúsanna, líklega um 20%. Stærri hundraðshlutar eru háðir ákvörðunum stjórnarvaldanna, t. d. vextir og útflutningsgjaldið. Með því einu að fella niður 7.4% útflutningsgjaldið væri hægt að hækka kaup fólksins í frystihúsunum um minnst 30%, og það verða allir að gera sér ljóst, að kaup þessa fólks, sem leggur nótt með degi til að bjarga hinum mestu verðmætum, verður óumflýjanlega að hækka.

Það má óhikað fullyrða, að ekkert þingmál hefur mætt jafneindreginni andúð allrar þjóðarinnar sem frv. ríkisstj. um launamál o. fl. Það stríðir algerlega gegn allri siðgæðis- og réttarvitund almennings. Mótmælunum rignir yfir frá verkalýðsfélögunum, jafnt þeim, sem lúta forustu stjórnarsinna, sem hinum. Hið íslenzka prentarafélag undir forustu Alþfl.-manna hefur nú staðið í viku mótmælaverkfalli. Hafnarverkamenn í Reykjavík lögðu niður vinnu sem einn maður daginn sem frv. var lagt fram. Mótmælafundurinn á Lækjartorgi s. l. mánudag var einn sá fjölmennasti, sem hér hefur sézt. Eins var á Akureyri. Í öllum þýðingarmestu atvinnugreinum stöðvaðist öll vinna eftir hádegi á mánudag í Reykjavík, Hafnarfirði, á Akureyri, í Vestmannaeyjum og miklu víðar. Þessi viðbrögð verkafólksins eru algert einsdæmi og sýna einhug þess í baráttunni gegn frelsissviptingunni og ranglætinu.

Hæstv. ráðh. tala nú mjög um, að þeir vilji eiga vinsamleg samskipti og viðræður við verkalýðshreyfinguna. En drengskapur þeirra er slíkur, að fyrst á að leggja verkalýðsfélögin í fjötra, binda þau við staur og taka síðan upp vinsamlegar viðræður. Illa þekkja þessir menn þjóð sína, Íslendingseðlið, ef þeir halda, að slíkt geti tekizt.

Nei, ríkisstj. á nú aðeins einn kost, sem vit er í að taka, og hann er sá að draga frv. sitt til baka og taka upp heiðarlega samninga við verkalýðsfélögin. Enn er ekki of seint að snúa við. En geri hún það ekki, er stefnt í styrjöld, og það eitt er víst, að sú barátta verður atvinnuvegunum og þjóðinni allri miklu dýrari í peningum auk alls annars en sú kauphækkun, sem nú væri hægt að semja um. Við höfum boðið samningsleiðina og frest, en verði það ekki þegið, þá skora ég á allt verkafólk að skipa sér einhuga um frelsi samtakanna og lífshagsmuni sína í þeirri örlagaríku baráttu, sem fram undan er.

Vera má, að stjórnarflokkarnir eigi enn nógu margar ólamaðar hendur hér á Alþingi til að samþykkja frv. ríkisstj. En væri vilja þjóðarinnar leitað, yrði það kolfellt. Þess vegna getur það aldrei orðið annað en ólög.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Við þm. Alþb. höfum borið fram vantraust á hæstv. ríkisstj., vegna þess að ríkisstj. virðist ekki eygja nein heiðarleg úrræði til að leysa þann vanda, sem hún hefur sjálf skapað með stefnu sinni. Hæstv. ríkisstj. ætlar nú að svipta launþega almennum lýðréttindum, samningsrétti, félagafrelsi og verkfallsrétti, næstu tvo mánuði. Samtímis berast fréttir úr stjórnarherbúðunum um, að ríkisstj. undirbúi að setja ný kaupbindingarlög um áramótin og verði þau látin gilda í 2 ár. Þrátt fyrir ítrekaðar fyrirspurnir hafa hæstv. ráðh. ekki fengizt til að lýsa því yfir hér á Alþingi, að verkalýðshreyfingin fái rétt sinn og frelsi aftur að tveimur mánuðum liðnum. Meðan sú yfirlýsing liggur ekki fyrir, hljóta launþegar að gera ráð fyrir, að þessi barátta, sem nú stendur yfir um samningsréttinn og félagafrelsið, sé úrslitabarátta verkalýðshreyfingarinnar um réttindamál sín.

Núv. ríkisstj. náði meiri hl. við síðustu alþingiskosningar. En ég vil spyrja: Hvaðan kemur hæstv. ríkisstj. vald til að svipta launþega þeim sjálfsögðu réttindum, sem þeir hafa áunnið sér með lögum eftir áratuga baráttu? Ekki frá þjóðinni. Þjóðin veitti þeim meiri hl. við seinustu kosningar, en ekki einræðisvald. Þjóðin veitti þeim réttinn til að stjórna, en ekki valdið til að svipta borgarana sjálfsögðum réttindum. Valdið, sem ríkisstj. hyggst beita til að handjárna verkalýðshreyfinguna, er tvímælalaust byggt á fölskum forsendum. Við sjáum líka, hver eru viðbrögð fólksins, sem veitti ríkisstj. brautargengi í seinustu kosningum, þegar það sér hið rétta andlit mannanna, sem það studdi til valda fyrir fáum mánuðum. Verkalýðsfélög, sem stjórnað er af eindregnum sjálfstæðis- og Alþfl.-mönnum, hafa einróma samþ. mótmæli gegn þvingunarlögunum og skorað á Alþingi að fella frv. Það mótmæla sem sagt fleiri en landráðamenn og kommúnistar. Öll verkalýðshreyfingin snýst til varnar, og nú þegar er orðið ljóst, að meiri hl. þjóðarinnar er á móti þessu frv.

Það vantraust á ríkisstj., sem nú er til umr., er ekki aðeins fram borið af okkur Alþb.-mönnum og stutt af Framsfl. Samþykktir og ákvarð-

anir verkalýðsfélaga um land allt eru eindregin vantraustsyfirlýsing á núv. ríkisstj., vantraust, sem borið er einum rómi fram af þúsundum og tugþúsundum launþega úr öllum flokkum og öllum stéttum. Þessi almenna vantraustsyfirlýsing er áskorun launþeganna til hæstv. ríkisstj., að hún segi af sér tafarlaust, ef hún getur ekki leyst vandann, sem hún hefur sjálf komið þjóðinni í, með öðrum og skaplegri hætti.

Hæstv. ráðh. hafa aldrei staðið jafneinmana og einangraðir sem nú á þessari stundu, og engin fjöldasamtök í landinu hafa enn fengizt til að mæla með ofbeldislögunum, sem nú á að knýja í gegn. Mér er til efs, að hæstv. ráðh. eigi stuðning vísan utan þings þessa dagana, nema kannske stuðning þeirra unglinga, sem gerðu aðsúg að forustumönnum verkalýðshreyfingarinnar á útifundinum á Lækjartorgi s. l. mánudag, mölvuðu síðan rúður í flokksskrifstofu Sósfl. og hentu grjóti inn um glugga alþingishússins undir kjörorðinu: „Út með Hannibal, lifi ríkisstj."

Hæstv. ríkisstj. segist þurfa að lögbinda kaup verkalýðsins, því að ella verði óhjákvæmilegt að fella gengi krónunnar enn einu sinni. Nú er það öllum kunnugt, að engin ríkisstj. hefur verið jafnóspör á gengislækkanir og einmitt núv. hæstv. ríkisstj. Og áður hefur hún leyft sér að misbeita gengisskráningu ísl. krónunnar í viðleitni sinni til að halda niðri lífskjörum almennings. Sumir eru að velta því fyrir sér, hvers vegna hún notar ekki sitt gamla vopn og mætir launakröfum verkalýðshreyfingarinnar með gengisfellingu, eins og hún er vön að gera. Svarið við þessari spurningu er að finna í leiðara Alþýðublaðsins 13. okt. s. l. Dagblaðið Þjóðviljinn hafði áður haldið því fram, að hæstv. ríkisstj. hefði fengið um það skipun frá Washington, að ekki mætti fella gengi krónunnar. Þessari fullyrðingu Þjóðviljans svaraði Alþýðublaðið svofelldum orðum í leiðara, með leyfi forseta:

„Hins vegar hefði Þjóðviljinn mátt líta til hinna miklu skulda íslenzkra innflytjenda erlendis til að finna sterkar líkur fyrir því, að borgaraflokkarnir hér á landi hafi ekki áhuga á gengislækkun, eins og sakir standa."

Með þessum orðum lýsir málgagn viðskmrh. því yfir, að ríkisstj. geti ekki fellt gengið, því að heildsalar og braskarar skuldi of mikið erlendis, því að ef gengið er fellt um t. d. 40%, hækka skuldir braskaranna erlendis um 40% í ísl. krónum. Þess vegna og aðeins þess vegna má ekki fella gengið.

Í þessari stuttorðu yfirlýsingu Alþýðublaðsins er fólginn innsti kjarninn í stefnu hæstv. ríkisstj. Hverra hag ber hún fyrir brjósti? Er það hagur almennings eða hagur þjóðarheildarinnar? Alþýðublaðið svarar opinskátt: Það er hvorugt. Það er hagur íslenzkra innflytjenda, heildsala, braskara. — Ríkisstj. getur sem sé hugsað sér að skerða lífskjör almennings um 40% með glöðu geði, en þegar kemur að pyngju heildsalanna, er sannarlega annað hljóð í strokknum.

Þvingunarlögin, sem nú eru til umr., eru fyrst og fremst stórárás á verkalýðshreyfinguna. En þau kunna jafnframt að vera tveggja mánaða frestur, sem heildsalarnir fá til að greiða skuldir sínar, áður en ríkisstj. gefst upp á þvingunarlögunum og ræðst á launþegana með nýrri gengisfellingu eftir áramót. Ríkisstj. hefur reynt að telja fólki trú um, að aðeins tvennt sé til: gengislækkun eða kaupbinding, því að ef kaupið hækki, verði að fella gengið. Þetta er auðvitað fráleit falskenning. Enginn heiðarlegur hagfræðingur mun halda því fram, að milli launa og gengisskráningar krónunnar ríki eitthvert dularfullt orsakasamband, enda er það flestum kunnugt, að ýmsir aðrir liðir efnahagslífsins hafa meiri áhrif á dýrtíðina og gengi krónunnar en launin.

Alþb. hefur því hvað eftir annað bent á, að engin þörf sé á að leysa vandamál efnahagslífsins á kostnað lægst launuðu stéttanna með gengislækkun eða kaupbindingu. Framleiðslan þolir verulega kauphækkun, ef ríkisstj. aðstoðar útflutningsatvinnuvegina og hættir t. d. vaxtaokrinu. Vinnulaunin eru aðeins hluti af framleiðslukostnaði, t. d. aðeins fimmti hluti af rekstrarkostnaði hraðfrystihúsa. Og sýnt hefur verið fram á, að með því að afnema útflutningsskattinn mætti hækka laun verkafólks um 30%.

En ríkissti. vill ekki velja þessa leið. Hún hefur ákveðið að stjórna landinu með hliðsión af þörfum heildsala og braskara. Hæstv. ráðh. mega þó vita, að engin leið er að stjórna landinu í andstöðu við nær alla launþega þjóðarinnar.

Nú er dökkt útlit í þjóðmálum okkar. Fyrir dyrum standa hörð átök milli ríkisstj. og verkalýðshreyfingarinnar. Stórverkfall er í aðsigi og milljónaverðmæti í hættu. Ábyrgðin hvílir á herðum hæstv. ríkisstj. Hún hefur neitað öllu samstarfi við verkalýðshreyfinguna og ráðizt á réttindi hennar. Ríkisstj. dæmir sig sjálf. Það er hennar sök, hvernig komið er málum. Verkamannakaup er aðeins 5700 kr. á mánuði miðað við 8 tíma vinnu. Samkv. opinberum útreikningum þarf verkamannafjölskylda að hafa um 9500 kr. í laun til að eiga fyrir brýnustu lífsnauðsynjum, og þó er húsaleigan aðeins reiknuð 900 kr. á mánuði. Hver er svo húsaleigan í Reykjavík í dag? Hún er 3 og 4 og 5 og jafnvel 6 þús. kr. á mánuði fyrir þriggja herbergja íbúð. Ástandið í húsnæðismálunum hefur aldrei verið jafnhörmulegt og væri það eitt næg ástæða til, að hver heiðarleg ríkisstj. segði af sér. Hundruð fjölskyldna eru á götunni vegna þess eins, að vaxtaokur ríkisstj. og samdráttur í íbúðabyggingum hefur sprengt upp húsaleiguverðið og framboð á leiguhúsnæði er sama og ekkert. Hér höfum við sem sagt enn eitt dæmi um, hvílíkar afleiðingar stefna ríkisstj. hefur haft.

Hæstv. ríkisstj. hefur glatað trausti þjóðarinnar. Hin fruntalega árás á verkalýðshreyfinguna er næg ástæða, og kemur þó fleira til. Áformin um nýjar hernaðarframkvæmdir í Hvalfirði eru tvímælalaust í andstöðu við vilja meiri hl. þjóðarinnar. Einnig í því máli kemur ofbeldis- og einræðishneigðin skýrt fram. Hæstv. ríkisstj. ætlar sér að semja við erlent stórveldi um herstöðvagerð í Hvalfirði, án þess að leita eftir samþykki Alþingis, eins og stjórnarskrá lýðveldisins fyrirskipar. Það verður aldrei nægilega undirstrikað, að þessi ríkisstj., sem nú situr,

hlaut meiri hl. við seinustu kosningar, en ekki einræðisvald.

Herra forseti. Vantrauststill. okkar Alþb.-manna er borin fram til að hindra, að einræðishneigð hæstv. ríkisstj. fái útrás. Ríkisstj. styðst við tveggja atkv. meiri hl., og aðeins 2 stjórnarþm. ráða úrslitum. Nú er vegið harkalega að réttindum verkalýðssamtakanna. Meðal stjórnarþm. eru nokkrir þeir, sem kjörnir voru í vor sem sérstakir fulltrúar verkalýðsins, t. d. hv. 12. þm. Reykv., Eggert Þorsteinsson, og hv. 8. þm. Reykv., Pétur Sigurðsson. Alþingi á ekki að vera brúðuleikhús. Þar á ekki að vera unnt að kippa í spotta. Þjóðin bíður þess að fá að vita, hvort fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar ætla ekki að vernda rétt hennar á úrslitastund.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Í þeim löngu umr., sem undanfarna daga hafa staðið yfir um frv. til l. um launamál o. fl., hefur verið deilt um margt. Því athyglisverðara er, að allir hafa verið sammála um tvö meginatriði: annars vegar, að bæta þurfi kjör þeirra, sem verst eru settir, þ. á m. hinna lægst launuðu, hins vegar, að þessu verði ekki náð nema fyrir atbeina ríkisvaldsins.

Um orsakir þessa má margt segja, og að sjálfsögðu skýra hv. þm. þær með ólíkum hætti, hver út frá sínu sjónarmiði. En um niðurstöðuna er ekki deilt né er unnt að deila. Einkanlega hafa hv. Alþb.-menn þrástagazt á tölum, sem sýna eiga, að kjörum hinna lægst launuðu hafi hrakað ár frá ári. Í þeim tölum, ef réttar væru, felst harður áfellisdómur yfir árangri kjarabaráttunar, sem þeir hafa sjálfir beitt sér fyrir. Nú segja þær að vísu ekki nema hálfan sannleikann eða ekki það, því að sem betur fer blasir það við öllum, að Íslendingar í heild og þar með hinir lakast settu njóta nú betri lífskjara en nokkru sinni fyrr.

Engu að síður hljóta ýmsir of lítinn hlut í okkar landi. Kemur þá hvort tveggja til, að hlutur þeirra er svo lítill, að þeir eiga erfitt um afkomu, og hann er í ósamræmi við hlut annarra. Þessi staðreynd er aðeins brot þess vítahrings, sem kröfugerðarkapphlaup og víxlhækkanir kaupgjalds og verðlags hafa skapað hér síðustu áratugina. Of naumur hlutur hinna verst launuðu er öruggasta sönnunin fyrir því, að finna verður nýjar leiðir til kjarabóta. Það eru bein fjörráð við hina verst launuðu að etja beim æ ofan í æ fyrstum á vaðið, láta þá standa lengi í harðri baráttu, en skilja ætíð við þá hlutfallslega verr setta en áður, eftir að hringferðinni er lokið.

Nú eftir uppkvaðningu kjaradóms er enn frekar en áður vitnað til lakrar stöðu þeirra verst settu, miðað við hina, sem hafa fengið bætur, sumir miklar. Lögin um kjaradóm voru sett mótatkvæðalaust á Alþingi. Þm. Alþb. munu raunar hafa setið hjá við lokaafgreiðslu málsins, a. m. k. sumir. En sú hjáseta spratt af því, að þeir töldu lögin ekki ganga nógu langt í réttindaveizlum til opinberra starfsmanna. Raunin varð og sú, að bæði hv. Alþb.-menn og framsóknarmenn studdu ákaft miklu frekari kröfugerð opinberra starfsmanna en kjaradómur þó ákvað þeim að lokum. Á s. l. vori töldu málsvarar beggja þessara flokka sanngjarnt, að þeir launaflokkar, sem kjaradómur ákvað innan við 20 þús. kr., skyldu fá 33 þús. Þá var ríkisstj. skömmuð blóðugum skömmum fyrir það, sem þessir herrar þá kölluðu „smánarboð“ og að vísu var meira en helmingi lægra en stjórnarandstæðingar þá heimtuðu og mun lægra en kjaradómur úrskurðaði.

Nú segja stjórnarandstæðingar, að hækka þurfi almennt kaupgjald til samræmis við hækkanir til opinberra starfsmanna. Þá er tvennu gleymt. Í fyrsta lagi, að samkv. 20. gr. kjaradómslaganna ber kjaradómi að miða ákvörðun sína við annað kaupgjald í landinu. Í öðru lagi og það sker úr, að opinberir starfsmenn eiga samkv. 7. gr. sömu laga rétt á hlutfallslegum hækkunum til sín, ef almennt kaupgjald í landinu hækkar verulega. Það er því furðuleg blekking, þegar sömu mennirnir, sem heimtuðu opinberum starfsmönnum meiri rétt og launahækkanir, einkanlega til þeirra hæst launuðu, þykjast nú ætla að bæta úr ákomnu ósamræmi með almennri og verulegri kaupgjaldshækkun, sem að óbreyttum lögum yrði enn til að spenna upp laun hinna hæst launuðu, en mundi engu breyta um ósamræmið, sem býsnazt er yfir.

Sama máli gegnir og um verð landbúnaðarvöru. Ef almenn kaupgjaldshækkun verður, á hún að hækka sjálfkrafa. Það getur því engum dulizt, að ekki muni líða á löngu, þangað til höggvið verður verulegt skarð í þá hækkun, sem hinir lægst launuðu mundu hljóta, ef hún verður veitt í formi venjulegra, almennra kauphækkana.

Kaupgjald hlutarsjómanna fer eftir fiskverði, sem ákveðið er samkv. lögum um verðlagsráð sjávarútvegsins frá 1961. Ef ekki næst um það samkomulag, er verðið úrskurðað af þar til settri yfirnefnd. Verði almenn kaupgjaldshækkun, og í umr. á Alþingi hefur sérstaklega verið rætt um, að bæta þyrfti kaup starfsfólks í hraðfrystihúsum og það hefur einnig komið fram hér í kvöld, þá mundi það leiða til aukins tilkostnaðar og þar með lækkunar fiskverðs, bæði til sjómanna og útgerðarmanna. Fáir munu trúa, að slík lækkun sé nú framkvæmanleg. Hitt mundi sönnu nær, að sjómenn ætlist til sambærilegra hækkana við aðrar stéttir.

Dæmi þeirra stétta, sem ég hef nú talið, sýna, hvernig kaupgjaldsmálin eru samantvinnuð og hvílík áhrif hækkun til eins hóps hefur á kjör annarra. Víst er, að þeir, sem mest hafa á móti afskiptum löggjafarvaldsins af sínum málum, eiga erfitt með að telja hina hafa tryggt sér betri rétt, sem undirgengizt hafa lögþvingun með þeim hætti, er ég hef nú rakið. Sanni er nær, að þeir verst settu í þjóðfélaginu þurfi að leita til ríkisvaldsins í því skyni að fá sinn hlut bættan til samræmis við það, sem þær stéttir, er ég áður taldi, hafa þegar áunnið sér í skjóli hinnar margsvívirtu lögþvingunar. Þetta er einmitt það, sem er að gerast.

Önnur höfuðstaðreyndin, sem öllum kom saman um í umr. í Nd. á undanförnum dögum, er einmitt þessi, að hlutur hinna verst settu verði ekki leiðréttur nema með atbeina ríkisvaldsins.

Löggjöfin um kjör þeirra þriggja stétta, sem ég áður vitnaði til, hlýtur mjög að styðja þessa skoðun. Eðli samtaka verkamanna og vinnuveitenda leiðir til hins sama.

Það er rétt, sem einn nánasti trúnaðarmaður vinstri stjórnarinnar, helzti hagfræðingur Alþb., segir í Frjálsri þjóð hinn 2. nóv. s. l., orðrétt:

„Verðþensla hérlendis er að mestu leyti af völdum hækkunar launa og kostnaðar og launabaráttan er að miklu leyti háð um hlutfallsleg laun."

Þess vegna vill hann láta rannsaka, „hvort launþegasamtökin geti komið sér saman um launahlutföll, þannig að launahækkanir starfsstétta haldist í hendur og verði síðar e. t. v. tengdar stærð þjóðartekna."

Þetta er vissulega mjög athyglisverð lýsing á sjálfum kjarna málsins.

Á sínum tíma óskaði ríkisstj. eftir samstarfi við stjórn Alþýðusambandsins til að tryggja hinum lægst launuðu kjarabætur, er rynnu til þeirra einna, færu ekki til allra stétta og yrðu þar með að engu. Alþýðusambandsstjórnin svaraði því þá, að til þessa hefði hún ekkert vald. Hvert einstakt félag hefði samningsrétt fyrir sig. Vafalaust var þetta svar formlega rétt, en víst virtist það lýsa helzt til miklum kaldranahætti og áhugaleysi um kjör þeirra, sem við minnstan hlut eiga að búa. Valdaleysi Alþýðusambandsstjórnar í þessum efnum er þó hennar afsökun, og viðbúið er, að það haldist, þangað til tryggðir eru öruggari lýðræðishættir innan samtakanna en nú gilda. En því miður virðist Alþýðusambandsstjórn auðveldara að efna til glundroða en verða a. m. k. sínum verst settu félagsmönnum að raunhæfu gagni.

Og ekki tryggja samtök vinnuveitenda samræmi í samningsgerð. Auk sjálfs Vinnuveitendasambandsins eru mörg sjálfstæð samtök atvinnurekenda, svo sem Landssamband ísl. útvegsmanna, Félag ísl. iðnrekenda, margskipt félag verzlunarrekenda, S. Í. S. og undirdeildir þess ásamt ýmsum fleirum. Hvert sem litið er, býður því sjálft skipulag þessara mála upp á stöðugt kapphlaup og togstreitu, sem endað hefur með því, að kjör hinna verst launuðu hafa verið fyrir borð borin. Segja má, að það hafi verið bjartsýni um of af núv. ríkisstj. að svo vöxnu máli að lýsa því í upphafi yfir, að hún vildi láta launamál afskiptalaus til úrlausnar samtökum launþega og atvinnurekenda, enda komst hún ekki hjá því á síðasta kjörtímabili að hafa af þessum málum margháttuð afskipti, eins og andstæðingar hennar hér á þingi þá oft vitnuðu til. Af hálfu ríkisstj. voru og gefnar ótal yfirlýsingar um, að breyta þyrfti um stefnu og aðferðir í launamálum og baráttu, ef ekki ætti illa að fara.

Og þegar í óefni var komið á s. l. sumri, beitti ríkisstj. sér fyrir þjóðhátíðarsamkomulaginu um 7½% kauphækkun gegn því, að aðilar hæfu samstarf til könnunar á því, hversu mikil kauphækkun megi verða, til þess að hún komi að gagni fyrir launþega. Samningar voru þá einungis gerðir til 15. okt., og var við það miðað, að kjararannsóknanefnd hefði þá unnizt tími til að leggja verulega til mála. Sumir segja, að ríkisstj. hefði fyrr átt að láta þessi mál til sín taka, m. a. hv. þm. Eðvarð Sigurðsson nú áðan, vegna þess að vitað hafi verið, að samningar yrðu lausir um miðjan október. En hver grundvöllur var fyrir íhlutun ríkisstj., fyrr en landbúnaðarvöruverð hafði verið ákveðið og kjararannsóknanefnd látið uppi sitt álit, sú stofnun, sem aðilar höfðu sett upp til að kanna sjálfa undirstöðuna, sem allt hvílir á? Það var ekki fyrr en eftir að þing var komið saman, að n. tilkynnti, að engrar heildarálitsgerðar væri frá henni að vænta í bili, starfstími hennar hafi reynzt of skammur. En í stað þess að doka við settu helztu launþegafélög jafnskjótt fram sínar kröfur, sem atvinnurekendur svöruðu með yfirlýsingu um, að þeir gætu engar hækkanir samþykkt, og hraðfrystihúsin sögðu sér ómögulegt að greiða jafnhátt kaup og nú, hvað þá hærra, nema með sérstökum ráðstöfunum ríkisvaldsins.

Hugsanlegt er, að einstakir launþegahópar hefðu umsvifalaust getað knúið fram hækkanir sér til handa. Ekki á það þó við verzlunarmenn. Þeir höfðu staðið í langvinnum samningum, og viðsemjendur þeirra lýstu yfir því afdráttarlaust, að þeim væri ekki unnt að fallast á hækkun, nema sjálfir fengju þeir hækkun á álagningu. Þvílíkri hækkun var hins vegar mótmælt af launþegasamtökum. Mál þeirra var þess vegna í algerri sjálfheldu. Og hver treystir sér til að halda því fram, að ef aðrir, sem sterkari aðstöðu höfðu, hefðu fengið kröfum sínum fullnægt, værum við nær því að geta rétt hlut hinna verst settu, sem allir segjast bera fyrir brjósti?

Nei, allt er málið þannig vaxið, að afskipti ríkisins eru óumflýjanleg, hvort sem mönnum líkar þau betur eða verr, enda hefur enginn alþm. um málið talað án þess að láta þá skoðun uppi, svo að ég hafi heyrt. Um hitt er ágreiningur, hver afskipti ríkisins eigi að vera.

Framsóknarmenn telja líklegustu úrræðin vera þau, sem óhjákvæmilega mundu auka þá verðþenslu, sem allir viðurkenna í orði orðinu, að umfram allt þurfi að eyða. Alþb.-menn vilja nota tækifærið til aukningar á margháttaðri ríkisforsjá og bindingar viðskipta okkar við löndin austan járntjalds í enn ríkari mæli en nú. Báðir leggja þessir flokkar höfuðáherzlu á að hrekja ríkisstj. frá völdum.

Enginn vefengir rétt hv. stjórnarandstæðinga til að koma þessum áhugamálum sínum fram með lýðræðislegum hætti. En lausn þess vanda, sem nú er við að etja, væri enn fjær, ef þvílíkar ráðagerðir næðu fram að ganga. Aðsúgur að alþingishúsi, hávaði og grjótkastinu bæta ekki hætishót úr því öngþveiti, sem launamálin hafa komizt í fyrir áratuga öfugþróun. Úr því öngþveiti bætir ekki heldur sannleiksást síðasta hv. ræðumanns, Ragnars Arnalds, sem mátti marka af frásögn hans af grjótkastinu á alþingishúsið, eftir að Hannibal Valdimarsson hafði stefnt mannsöfnuði hingað að því húsi, sem byggt var sem tákn um fyrsta sigur Íslendinga í sjálfstæðisbaráttunni.

Það er skiljanlegt, að félagsmönnum launþegasamtakanna sé annt um rétt þeirra til samninga og vinnustöðvana. Þann rétt má ekki skerða nema af ríkri nauðsyn, þó að allir flokkar hafi talið sig til þess knúða öðru hverju og sumir oft á síðasta aldarfjórðungi. Við heyrðum

það áðan, að hv. þm. Hannibal Valdimarsson reyndi nú að afsaka kaupfestingarlög sín 1956 með samþykki verkalýðsfélaganna á þeirri lagasetningu. En hvað sagði hv. þm. þá? Ég hef hér fyrir framan mig eintak af Vinnunni, gefið út í sept.—okt. 1956. Þar skrifar Hannibal Valdimarsson, og fögur mynd af honum prýðir greinina. Hann segir:

„Tvennt hefur aðallega verið notað til að tortryggja þessa ráðstöfun stjórnarinnar: 1) Hvers vegna lét forseti Alþýðusambandsins ekki ræða þetta mál á fundum í verkalýðsfélögunum, áður en lögin voru sett? — og 2) Hvers vegna voru lögin sett rétt áður en verkafólk átti að fá 6 stiga kauphækkun? Um þessi tvö atriði má enginn misskilningur ríkja í verkalýðsfélögunum. Þess vegna vil ég gera það að aðalefni þessa bréfs að skýra þessi tvö atriði. Hver sem hugsar málið mun fljótlega komast að þeirri niðurstöðu, að umr. á almennum fundum um málið langan tíma, áður en lögin voru sett, hefðu áreiðanlega vakið æðisgengna tilhneigingu til að hækka sem fljótast það verðlag, sem miða skyldi við næstu 4 mánuði. Þegar binda átti vísitöluna, hefðu allar slíkar verðhækkanir verið á kostnað launafólksins í landinu, en beinn gróðavegur fyrir milliliðina. Það var því lífspursmál fyrir hagsmuni vinnandi fólks, að engin vitneskja bærist um, hvað til stæði, fyrr en lögin væru gengin í gildi."

Hv. þm. segir, að það hafi verið lífsspursmál fyrir hagsmuni vinnandi fólks, að ekki væri leitað til verkalýðsfélaganna, ekki einungis, að þau væru ekki beðin um samþykki, heldur að málið fékkst ekki rætt í einu einasta verkalýðsfélagi í landinu. Ef það hefði verið gert, þá var það að sögn hv. þm. hættulegt — lífshættulegt fyrir verkafólkið sjálft. Þannig lýsir lýðræðisást þessa hv. þm. sér í framkvæmd.

Nú, þegar jafnt sjálfir forvígismenn launþegasamtakanna og allir aðrir viðurkenna, að vandi þeirra verði ekki leystur nema fyrir atbeina og forgöngu ríkisvaldsins, þá er óhjákvæmilegt, að Alþingi og ríkisstj. ætli sér nokkurt tóm til eðlilegrar málsmeðferðar. Í öðrum löndum, þar sem enginn ber þó brigður á verkfallsrétt, tíðkast, að ríkisvaldinu er heimilt að skjóta vinnustöðvunum á frest. Í Bandaríkjunum t. d. um 80 daga, til þess að aðilar geti áttað sig á öllum atvikum málsins. Slíkt á auðvitað ekki síður við, þegar aðilar geta samkv. eigin yfirlýsingum ekki sjálfir leyst mesta vandann, kjarabætur til hinna verst settu, heldur krefjast lausnar hans af ríkisvaldinu.

Á s. l. sumri lýsti rúmur meiri hl. kjósenda, nær 56%, yfir trausti sínu á núv. ríkisstj., og er það ótvíræðari traustsyfirlýsing en nokkur íslenzk ríkisstj. hefur fyrr eða síðar hlotið hjá kjósendum. Fyrir kosningar var sízt þagað um þann vanda, sem glundroðinn í launamálum færði yfir þjóðina. Ég skal einungis vitna því til sönnunar til orða, sem viðhöfð voru ýmist í alþýðuáheyrn, svo að allur landslýður átti kost á að hlusta, eða beint var til sjálfs Alþýðusambandsins, svo að andstæðingar geta ekki látið svo sem þessi ummæli hafi fram hjá sér farið.

Í áramótaræðu, sem ég hélt 1961 í útvarpið, ræddi ég ýtarlega um launamálaöngþveitið og sagði m. a.: „Við verðum fordómalaust að leita nýrra leiða", útskýrði það síðan með nokkuð löngu máli, en aðalatriðið var það, að launahækkanir yrðu að vera byggðar á aukinni framleiðslu og ýmsum öðrum ráðstöfunum.

Og í bréfi ríkisstj. hinn 10. apríl 1962 til Alþýðusambandsins segir um 4% launahækkun, sem þá var ákveðin, orðrétt:

„Hún getur að mestu leyti orðið til kjarabóta, en sérhver almenn launahækkun umfram hana hlýtur að leiða til verðbólgu, sem er launþegum jafnskaðleg og hún er þjóðfélaginu öllu."

Þetta er orðrétt tekið úr bréfi til Alþýðusambandsins frá ríkisstj. 10. apríl 1962. Jafnframt lýsti ríkisstj. vilja sínum til að greiða fyrir meiri hækkunum en þessu nam til hinna lægst launuðu. En þessu vildi Alþýðusambandsstjórnin alls ekki sinna.

Og víst er, að ekki höfðu áróðursmenn andstæðinganna fyrir kosningar gleymt þessum orðum í síðustu áramótaræðu Ólafs Thors:

„Takist ekki að sigrast á verðbólgunni, gleypir hún fyrr eða síðar ávexti þess, sem bezt hefur tekizt. Er þá unnið fyrir gýg og beinn voði fyrir höndum."

Þessar tilvitnanir sýna, að kjósendum hafði fyrir kosningar verið gerð full grein fyrir einmitt þeim vandamálum, sem nú er við að stríða. Kjósendur ætlast til þess samkv. úrskurði sínum, að þessi vandi verði leystur í samræmi við þá heildarstefnu stjórnarinnar, sem þeir óskuðu eftir, að áfram yrði fylgt. Íslendingar vilja, að löggjafarvaldið sé í höndum Alþingis þjóðarinnar, en ekki götunnar. Þetta er öllum hollast að gera sér ljóst.

Jafnvíst er, að bæði ríkisstj. og Alþingi vilja hafa gott samstarf við samtök launþega og þá ekki síst verkalýðshreyfinguna. Ætlunin er að fá tóm til þess m. a. að kanna til hlítar möguleika á heildarsamningum verkalýðssamtakanna og atvinnurekenda með það óhagganlega markmið fyrir augum, að hinum verst settu verði veittar raunhæfar kjarabætur.

Eitt ráðið til að tryggja þær til frambúðar er að semja um kerfisbundið starfsmat, sem nái til allra stétta, líka til opinberra starfsmanna. En eru þetta ekki innantóm orð, mælt einungis til þess að geta komið fram kúgunarlögum, sem svo eru kölluð? Ef hér væri um auðveldan og skjótleystan vanda að fjalla, mundi hann fyrir löngu hafa verið leystur: Til þess hefur menn ekki skort velvild. En ástæðan til þess, að það hefur ekki tekizt, er, hversu vandamálið er flókið og erfitt viðureignar, eins og reynslan nógsamlega sannar. Allir viðurkenna, að kjararannsóknanefnd sé líkleg til að geta veitt margháttaðar upplýsingar, sem að gagni koma, sumar nú þegar eða skjótlega, aðrar væntanlega síðar. Með launamálalögunum er ekki ætlunin að svipta menn þeim yfirborgunum, sem þegar eru tíðkaðar. Hitt er ærið athugunarefni, í hve ríkum mæli hægt er að láta alla njóta þeirra hækkana, sem í þeim eru fólgnar. Víst er, að með vinnuhagræðingu, breyttum vinnutíma og ákvæðisvinnu er hægt að ná miklum árangri. Það hefur þegar tekizt á fjölmörgum vinnustöðum, og knýja verður aðra atvinnurekendur til þess að taka upp þær aðferðir, sem bezt hafa gefizt. Samstarfsnefndir verkamanna og at-

vinnurekenda hafa gefizt vel í öðrum löndum, m. a. til þess að bæta aðbúnað og starfshætti. Af hverju má ekki reyna slíkt samstarf hér? Víða er eftirvinna og næturvinna óhjákvæmileg, en allir viðurkenna, að vinnutími sé of langur. Er nauðsynlegt að haga launatöxtum svo, að þeir beinlínis hvetji til eftir- eða næturvinnu? Mundi ekki geta komið til álita, þar sem slíkt á við, að taka upp vaktavinnu, sem tryggði mönnum lífvænlegt kaup fyrir hóflegan vinnutíma? Slíkt sýnist horfa öllum til hagsældar.

Nýting tækni, þekkingar og vísinda er mun öruggari undirstaða kjarabóta en ófrjótt kröfugerðarkapphlaup. Léttir til handa hinum verst settu með lækkun skatta og útsvara ásamt auknum tryggingabótum veitir þeim raunhæfa kjarabót, en leiðir ekki til almennra verðhækkana.

Svo mætti lengur telja. Aðalatriðið er, að menn gefi sér nú tóm til rólegrar íhugunar á, hvernig komast megi úr hinum áratuga gamla vítahring, sem launamál okkar hafa lagzt í. Fullkomið ófugmæli er, að ákvörðun Alþingis um tveggja mánaða hlé sé stríðsyfirlýsing í garð verkalýðsins. Þvílíkar fullyrðingar eru studdar með því, að fyrirhugað sé að lögfesta kaupbindingu um 2 ára skeið. Til slíks þyrfti nýja löggjöf, og er vissulega nægur tími til þess að snúast gegn henni og reyna að brjóta hana niður, ef frv. um hana yrði fram borið. Óruggt ráð til að koma í veg fyrir það er að nota tímann nú til að ná viðunandi samningum. Verkalýðshreyfingunni er ekki meiri ógreiði gerður en að forustumenn hennar vilji nú velja kost ófriðar og illinda. Þeir hafa í hendi sér sterkt vopn, sem þeir geta beitt bæði til góðs og ills. Aldrei hefur meira legið við, bæði fyrir umbjóðendur þeirra og þjóðarheildina, að þeir velji hinn betri kost. Nægur tími er að grípa til hins verra, ef nægum hagsbótum verður ekki náð með hinu betra. Jafnvel hv. þm. Hannibal Valdimarsson viðurkenndi í Nd., að ef Alþýðusambandinu tækist að eyðileggja framkvæmd þessara laga, mundi af því leiða margháttaða óvissu og glundroða. En ef hann og félagar hans sjá slíkan ófagnað fyrir, af hverju hóta þeir þá að hafna samkomulagstilraunum við ríkisstj.? Af hennar hálfu og Alþingis skortir ekki samstarfsvilja, enda veitti þjóðin þeim traust sitt, af því að hún taldi forsjá málefna sinna bezt komið í höndum núv. stjórnarflokka. — Góða nótt.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Háttvirtu áheyrendur. Ég mun nota þær fáu mínútur, sem ég hef hér til umráða, til þess að ræða einkum frv. um launamál, en vík aðeins áður að öðrum þáttum.

Stefna hæstv. ríkisstj. var í upphafi mörkuð með setningu l. um efnahagsmál, nr. 4 frá 1960, og í aths. og framsöguræðum í sambandi við það. Eins og flestir muna, stóð ekki svo lítið til, þegar þessar yfirlýsingar voru gefnar. Öllu átti að breyta, allt átti að laga, ný stefna skyldi upp tekin, sem fær væri um að leiða þjóðina út úr þeim efnahagsógöngum, sem hún væri stödd í. Af öllum þeim fjölmörgu stefnuskráratriðum, sem birt voru, skal ég aðeins minna á örfá.

Ríkisstj. kvaðst ætla að koma atvinnulífi þjóðarinnar á traustan og heilbrigðan grundvöll. Hún kvaðst ætla að stöðva verðbólguna og halda dýrtíðinni í skefjum. Hún sagðist ætla að hafa vextina þannig, að hægt væri að fullnægja eðlilegri eftirspurn eftir lánsfé án strangrar skömmtunar. Hún sagði, að það skyldi vera verkefni samtaka launþega og atvinnurekenda að semja um kaup og kjör. Með þessu o. fl. slíku töldu ráðh. sig vera að framkvæma það loforð sitt að stuðla að göngu þjóðarinnar á leiðinni til bættra lífskjara.

Í kosningabaráttunni á s. l. vori gengu frambjóðendur stjórnarflokkanna enn fram til bardaga undir gunnfánanum frá 1960. Þeir lýstu því með hjartnæmum orðum, hve þar væri um samhenta hjörð að ræða. Nú vissi fólk í fyrsta skipti í marga áratugi a. m. k., hvað verið væri að kjósa um, hvað við mundi taka eftir kosningar. Kjósið okkur, sögðu þeir, kjósið áframhaldandi viðreisn. Allt skal verða framvegis eins og verið hefur, ótakmarkað viðskiptafrelsi, hækkandi laun og batnandi lífskjör með frjálsum samningum launþega og atvinnurekenda. Okkar markmið er frelsi, þeirra markmið er ríkisafskipti, eins og það var þá orðað. Þannig voru þessar yfirlýsingar hv. stjórnarliða fyrir 4 árum og líka fyrir 5 mánuðum. Við, sem vorum í framboði fyrir Framsfl. í síðustu kosningum, sögðum frá því, að ástandið í efnahagsmálum þjóðarinnar væri hvergi nærri eins glæsilegt og stjórnarliðar vildu vera láta, og við færðum fram mörg rök og þung máli okkar til stuðnings. Því var af þeirra hálfu svarað þannig, að málflutningur okkar var kallaður ósannindi, rök okkar falsrök, og út á þetta hélt stjórnin meiri hl. sínum í vor.

Nú er hins vegar komið allt annað hljóð í strokkinn í þeim herbúðum. Ríkisstj. er nú farin að viðurkenna, að ekki er allt sem sýnist í glæsiheimi íslenzkra efnahagsmála. Ráðh. eru jafnvel farnir að tala um mikinn vanda og heita á þegnskap landsmanna til að þola harðleiknar ráðstafanir. Nú eru ekki notuð lýsingarorðin frá 1960. ekki lýsingarorðin frá því í vor, heldur allt önnur. Hæstv. forsrh. og viðskmrh. lýstu ástandinu, eins og það nú er, hér fyrir nokkrum dögum. Það voru sannarlega ófagrar lýsingar og í höfuðatriðum á þessa leið:

Innflutningur okkar hefur vaxið of mikið, greiðslujöfnuður versnandi, bankaútlán of mikil, óheilladróun í launamálum, neyzla og fjárfesting meiri en framleiðslan, of miklar framkvæmdir, sparifjáraukning minnkandi, lánsfjáreftirspurn vaxandi, horfur á, að gjaldeyrisvarasjóður minnki verulega á árinu. — Svona eru lýsingarnar nú.

Þegar málflutningur flokkanna í vor er skoðaður í ljósi þeirra staðreynda, sem síðar hafa orðið kunnar, verður miklu auðveldara að gera sér grein fyrir því, hver þá hafði rétt fyrir sér, hverra rök það eru, sem reynzt hafa falsrök.

Hvernig hefur svo tekizt að framkvæma einstakar greinar þeirrar stefnuyfirlýsingar, sem ég áðan nefndi? Ekki hefur tekizt að koma atvinnulífi þjóðarinnar á traustan og heilbrigðan grundvöll. Því er ekki einu sinni haldið fram. Þvert á móti er nú gripið til örþrifaráða í þeim tilgangi að halda framleiðslunni gang-

andi, að því er sagt er. Hvernig hefur tekizt að stöðva verðbólguna og halda dýrtíðinni í skefjum? Þegar hinar gífurlegu álögur voru lagðar á þjóðina 1960, sagði ríkisstj., að hækkun framfærslukostnaðar yrði aðeins 3% þeirra vegna. Síðan þetta var út gefið, hefur vísitala framfærslukostnaðar hækkað, ekki aðeins um 3%, heldur um 44%. Þannig hafa efndir þessa loforðs orðið þær, að dýrtíðin hefur aukizt stórkostlega og verðbólgan leikur lausum hala. Hvernig hefur tekizt að fullnægja eftirspurn eftir lánsfé án strangrar skömmtunar? Það hefur tekizt þannig, að lánastofnanirnar hafa aldrei verið fjær því en nú að fullnægja eftirspurn þrátt fyrir háu vextina. Og hvernig hefur tekizt að framkvæma loforðið um, að það skyldi vera verkefni samtaka launþega og atvinnurekenda að semja um kaup og kjör? Þannig hefur það tekizt, að nú er til afgreiðslu hér á hv. Alþingi stjfrv. um að banna allar kauphækkanir og launabreytingar. Svona hefur þá forusta hæstv. ríkisstj. gefizt á leiðinni til bættra lífskjara.

Með stjórnarfrv. um launamál er áreiðanlega gengið lengra en nokkru sinni fyrr á Íslandi í því að svipta verkalýðsfélögin og launþegasamtökin samningafrelsi sínu. Bannað er að hækka kaup og gera verkföll, frá því að lögin taka gildi og til 31. des. n. k., og ekki einungis þetta, heldur skulu líka allar slíkar aðgerðir ólöglegar, sem gerðar kunna að vera, frá því að frv. var lagt fram. Auk þess er svo ekki annað að sjá en hér eigi að fara inn á alveg nýja braut, því að allar líkur benda til þess, að lausn hæstv. ríkisstj. á efnahagsmálunum sé einmitt sú að halda áfram að hafa kaupið bundið, einnig eftir áramótin.

Hér á dögunum var borin fram fsp. til ríkisstj. um það, hvort hún vildi lýsa því skýrt og afdráttarlaust yfir, að eftir 31. des. 1963 skyldu kaup og kjör ákveðin með frjálsum samningum í samræmi við skýlaus loforð þar um. Þessu svaraði hæstv. forsrh. þannig, að ekkert vit væri í að lýsa þessu yfir, meðan málið er í rannsókn, og taldi óvarlegt að fullyrða nokkuð á þessu stigi. Þetta sýnir, að hæstv. ríkisstj. vill a. m. k. ekki útiloka þann möguleika, að þessum málum verði eftir áramótin ráðið til lykta með lagaboðum til frambúðar.

Að mínum dómi er það mjög varhugavert að byggja framtíðarlausn efnahagsmálanna á því að svipta launþegana samningsrétti sínum og verkfallsrétti. Þau réttindi að hafa sjálf íhlutunarrétt um kaup sitt og kjör eru einhver hin dýrmætustu, sem verkalýðshreyfingin hefur eignazt í allri sinni löngu baráttu, og þau eru ekki aðeins ein hin dýrmætustu, heldur alveg vafalaust einnig ein hin dýrkeyptustu, og er óþarfi að rifja upp þá sögu hér, hún ætti að vera öllum svo kunn. Ég tel því vægast sagt mjög ólíklegt, að verkalýðssamtökin muni baráttulaust láta taka þessi réttindi af sér, og miðað við samtakamátt félaganna, eins og hann er nú, held ég, að það sé afar óráðlegt, svo að ekki sé meira sagt, fyrir hæstv. ríkisstj. að láta sér til hugar koma að reyna slíkt.

Hæstv. ríkisstj. hefur undanfarna daga fengið vitneskju um þau viðbrögð, sem flutningur frv. hefur vakið. Hvaðanæva berast mótmælin gegn þessari lagasetningu, og það vekur sérstaka athygli, að þau launþegasamtök, sem lúta forustu stjórnarstuðningsmanna, hafa ekkert síður en hin séð sig knúin til að mótmæla þessari árás. Þetta sýnir glöggt og betur en mörg orð frá mér, að verkfallsrétturinn og samningsrétturinn er svo dýrmætur, að jafnvel foringjar þessara félaga treysta sér ekki til að gera það fyrir ríkisstj. sína að láta hann af hendi.

Sjálfsagt er margt, sem þarf að lagfæra í samskiptum verkalýðsfélaga og atvinnurekenda hér á landi, það mundi t. d. auka líkurnar fyrir vinnufriði í landinu til mikilla muna, ef hægt yrði að koma því á, að allir eða sem allra flestir samningar rynnu út á sama tíma. Með heildarsamningum sem allra flestra vinnuhópa væri hægara að fá yfirlit yfir það, hvað sanngjarnt væri, að hver og einn bæri úr býtum hlutfallslega af því, sem til skiptanna er hverju sinni. Slíkir heildarsamningar mundu draga úr launakapphlaupinu og auka líkurnar á friðvænlegra ástandi á vinnumarkaðinum. En ég vil leggja ríka áherzlu á, að þessu marki verður að ná með frjálsum samningum milli þeirra, sem hér eiga mestra hagsmuna að gæta, og á þann hátt, að fullt tillit verði tekið til óska verkafólksins í þessum efnum.

Frv. um launamál er ekki skref í þessa átt, heldur þvert á móti. Sú lögbinding, sem þar er ráðgerð, verður síður en svo til þess að greiða fyrir samkomulagi um kjaramálin, heldur mun hún spilla stórlega fyrir því, að það samkomulag geti náðst, sem hér þarf til að koma. Þannig hefur þetta frumhlaup ríkisstj. þegar gert ófyrirsjáanlegt ógagn, jafnvel þótt ekkert yrði úr frekari framkvæmdum. Jafnvel þótt frv. verði fellt hér eða dregið til baka, hefur það stórlega spillt fyrir framgangi þeirrar þróunar, sem koma þarf, vegna þess að með flutningi frv. hefur hæstv. ríkisstj. sýnt, hvern hug hún ber til þessara mála, og vakið tortryggni, sem erfitt gæti orðið að eyða.

Sjávarafli hefur verið meiri hér síðustu árin en nokkru sinni áður. Sala útflutningsafurða gengur mjög greiðlega og verð þeirra fer hækkandi. Í slíku árferði ætti að vera hægt að greiða fólki viðunandi laun. Sé það ekki mögulegt, hljóta menn að álykta, að stjórnin á málefnum þjóðarinnar sé öðruvísi en hún ætti að vera.

Í stað þeirrar lögfestingar á kaupi, sem ríkisstj. stefnir að, ber að fara samningaleiðina. Það er óhjákvæmilegt að bæta kjör verkamanna og annars láglaunafólks, og ráðstafanir þarf að gera til þess, að atvinnufyrirtækin geti borgað hærra kaup. Til þess eru ýmsar leiðir, og Framsfl. hefur bent á nokkrar þeirra. Þá er ákaflega þýðingarmikið að taka vísindi og tækni í þjónustu atvinnuveganna í ríkara mæli en þegar hefur verið gert, til þess að auka hagkvæmnina í atvinnurekstrinum. Þannig á að auka þjóðartekjurnar.

Það var 3. júlí s. l., sem hlutlaus dómstóll, kjaradómur, kvað upp úrskurð um það, hver skyldu vera laun opinberra starfsmanna. Til hliðsjónar í því starfi hafa dómendur án efa haft m. a. það, hvert var gildi krónunnar til að kaupa lífsnauðsynjar um þær mundir, sem þeir voru að vinna verk sitt. En hvað skeður

svo, þegar búið er að ákveða með þessum hætti laun skrifstofufólks hjá ríkisstofnunum og verzlunarfólks hjá ríkisverzlunum? Skyldi maður ekki halda, að eðlilegt væri, að annað skrifstofu- og verzlunarfólk fengi sömu launakjör? Ekki finnst hæstv. ríkisstj. það. Hún flytur um það frv. á Alþingi að banna fyrirtækjum að greiða sínu verzlunar- og skrifstofufólki sömu laun og ríkisstarfsmennirnir hafa fyrir sömu vinnu. Þær ráðstafanir, sem þetta frv. boðar, lýsa afskaplegu skilningsleysi á vandamálum þeirra, sem lægri hafa launin. Á þessu ári hafa þeir, sem betur eru settir, fengið mjög riflegar launahækkanir. Upplýst er og játað, að þeir lægra launuðu séu þannig settir, að sérstakar ráðstafanir þurfi að gera til að tryggja hag þeirra. Úrræði ríkisstj. er að banna með lögum, að nokkuð sé hægt að gera til næstu áramóta a. m. k. til þess að lagfæra þeirra kjör. Eftir að frv. er orðið að lögum, er óleyfilegt að láta verkafólkið njóta þess, þótt vel gangi í atvinnurekstrinum. Sá vinnuveitandi, sem gerði sig sekan um slíkan glæp, yrði látinn sæta refsingu. Lögfesta skal það ástand, að fyrir 8 stunda vinnudag fái verkamaður 67 þús. kr. árslaun, enda þótt upplýst sé, að hann þarf 95 þús. kr. sem lágmark til að lifa af. Þetta á að lögfesta á sama tíma og laun ýmissa annarra stétta eru ákveðin margfalt hærri. Þetta er vont réttlæti.

Þessar ráðstafanir eru enn fremur sérstaklega harðleiknar gagnvart verzlunar- og skrifstofufólki. Það hefur í marga mánuði búizt við því svo að segja á hverjum degi, að nýir samningar um laun þess sæju dagsins ljós. Forustumenn þeirra samtaka hafa ekki dregið úr því, að leiðréttingar mundu fást, öðru nær. Þeir hafa keppzt við að fullyrða, að ekki kæmi annað til greina en að verzlunar- og skrifstofufólk fengi góða leiðréttingu sinna mála, og talað um háar prósentur í því sambandi. Þetta lét líka þeim mun betur í eyrum, þar sem talið var, að þarna færu menn, sem sökum tengsla sinna við hæstv. ríkisstj. vissu, hvað þeir mættu sín, og þeir mundu því ekki lofa öðru en því, sem þeir væru færir um að standa við. Hvernig hefur þetta svo orðið í reynd? Þannig, að sá tími, sem verzlunarfólkið hefur verið dregið á úrlausn sinna mála, hefur verið notaður til þess að undirbúa lagasetningu í þá átt að banna vinnuveitendum þess að veita því nokkra launabót, hverju nafni sem nefnist. Verzlunar- og skrifstofufólk hjá ríkisstofnunum og bæjarstofnunum hefur fengið réttmæta kjarabót, hliðstætt starfsfólk hjá öðrum skal ekkert fá. Þetta er ekki heldur gott réttlæti.

Þannig er sýnt, að mikill fjöldi manna er rangindum beittur með ákvæðum frv. um launamál, og sú aðferð, sem þar er viðhöfð, torveldar og tefur fyrir sanngjarnri lausn í kaupgjaldsmálum. Frv. hindrar lagfæringar á kaupi hjá mörgu láglaunafólki, sem hefur brýna þörf fyrir kjarabætur vegna mikillar og sívaxandi dýrtíðar. Ranglætið, sem hér er framið, verður enn ljósara, þegar litið er til þess, að margir tekjuháir menn hafa nýverið fengið verulegar launahækkanir. Þegar þetta er haft í huga, sem ég hef hér drepið á, verður ekki hjá því komizt að álykta, að sú ríkisstj., sem þannig hefur framkvæmt loforð sín, sé búin að glata trausti þjóðarinnar. — Góða nótt.

Jón Skaftason: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Hæstv. forsrh. og hæstv. félmrh. lýstu því báðir yfir hér áðan, að unnið væri að því að finna leiðir til þess að bæta kjör hinna lægst launuðu, þannig að um raunverulega kjarabót yrði að ræða hjá þeim. Nefndu þeir lækkun skatta og útsvara og aukningu á niðurgreiðslum og tryggingabótum sem færar leiðir. Enga skýringu gátu þeir á því gefið, hvers vegna till. í þessa stefnu gátu ekki legið fyrir í upphafi þingsins, því að frest hafa þeir haft síðan um miðjan júní til að undirbúa þær. Yfirlýsingar nú um, að bæta eigi kjör hinna lægst launuðu eftir skatta- og útsvarsleiðinni, stangast á við yfirlýsingar hæstv. fjmrh. í Vísi, skömmu eftir að kjaradómur var kveðinn upp í sumar, þar sem gefið var undir fótinn með endurskoðun skatta- og útsvarslaga í þeim tilgangi, að hæstu kjaradómslaunin hyrfu ekki í skatta og útsvör. Ekki er það sérstaklega gert fyrir láglaunafólkið. Hækkun tryggingabóta kemur til hálaunamanna jafnt og láglaunamanna, og vandséð er því, hvernig sérstaklega eigi að bæta kjör láglaunafólks umfram aðra eftir þeirri leiðinni. Um aukningu á niðurgreiðslum til lækkunar á vöruverði er það að segja, að samkv. fjárlfrv. 1964 á að lækka niðurgreiðslur um 92 millj. kr., en ekki hækka þær. Það er rétt hjá hæstv. dómsmrh., að ef vel er leitað, má finna í 2—3 ræðum hæstv. ráðh., höldnum á s. l. 4 árum, varnaðarorð um dýrtíðar- og launakapphlaupið. En það breytir engu um þá meginstaðreynd, að öðru var nær undantekningarlaust haldið að kjósendum af stjórnarliðum alla kosningabaráttuna, eins og ég mun víkja að síðar í ræðu minni.

Ég vil gera grein fyrir þeirri afstöðu minni að greiða fram kominni vantrauststill. atkv., enn fremur nota þetta tækifæri til þess að hvetja hæstv. ríkisstj. til að leggja nú raunhæft mat á ástandið og stöðu sína hjá þjóðinni og draga af þeirri athugun rökrétta ályktun, sem hlýtur að vera sú, að henni beri að víkja, því að stjórn, sem tapað hefur trausti jafnört og núv. hæstv. ríkisstj. hefur gert síðustu vikurnar, er ekki fær um að leiða þjóðina út úr því alvarlega efnahags- og dýrtíðaröngþveiti, sem hún er nú stödd í.

Í útvarpsumr. 4. júní s. l., aðeins 5 dögum fyrir síðustu kosningar, mælti hæstv. forsrh., Ólafur Thors, á þessa leið, er hann ræddi sigurhorfur stjórnarflokkanna:

„En einkum byggi ég álit mitt og vonir á því, að aldrei hef ég orðið þess var, að nokkurri stjórn, sem ég hef átt sæti í, hafi auðnazt að ávinna sér jafnmikið og almennt traust, einnig sumra fyrri andstæðinga, eins og viðreisnarstjórninni hefur tekizt. Þetta held ég, að skeri úr. Þjóðin vill geta treyst stjórn sinni. Þetta þrennt: viðreisn, velmegun og traust, er mikið, en af því er traustið mest. Og nú verður það traustið, sem tryggir viðreisninni sigur."

Þannig fórust hæstv. forsrh. orð þá. Ég ætla að eyða ræðutíma mínum að mestu í að ræða, hvernig það traust var fengið, sem stjórnin hlaut í kosningunum í s. l. júní, og athuga í

ljósi þeirra atburða, sem gerzt hafa á þeim 5 mánuðum, sem liðnir eru, á hve traustum grunni það var reist, því að ég er hæstv. forsrh. algerlega sammála um, að það skiptir öllu um gengi hvaða ríkisstj. sem er, að hún njóti sem mests trausts hjá sem stærstum hluta þjóðarinnar, ekki sízt gildir þetta, þegar erfiðlega gengur.

Ég minnist þess ekki frá þeim tíma, sem ég hef fylgzt með íslenzkum stjórnmálum, að nokkur ríkisstj. á Íslandi hafi haldið uppi jafnöflugum og skipulögðum áróðri um eigið ágæti og um ágæti stefnu sinnar og starfa og núv. hæstv. ríkisstj. Sjálf nafngiftin, sem hún tók sér, viðreisnarstjórnin, sýnir þetta vel. Talsmenn ríkisstj. og málgögn hennar hafa hamrað á því viku eftir viku og mánuð eftir mánuð, að allt hafi verið í rústum síðla árs 1959, er viðreisnarstjórnin tók við. Í samræmi við það var ráðizt í byrjun árs 1950 í róttækustu efnahagsaðgerðir, sem sagan greinir. Nýjum tollum og sköttum að fjárhæð 1100 millj. kr. var dembt yfir þjóðina auk margs annars, því að nú átti í eitt skipti fyrir öll að leysa í einu þann mikla efnahagsvanda, sem þjóðin hafði meira eða minna búið við frá lokum síðari heimsstyrjaldar. Þegar framsóknarmenn bentu á, að allt tal um að leysa efnahagsvandræðin í einum áfanga til frambúðar væri óraunhæft hjal, því að hjá okkar þjóð eins og annars staðar skapaði framvinda efnahagslífsins stöðugt ný og ný vandamál, sem landsstjórnin yrði að glíma við, og þegar við enn fremur létum í ljós efa um, að heljarstökk, eins og framkvæmt var í febr. 1960, væri hægt að taka og koma standandi niður, þá var viðvörunum okkar ekki skeytt og farið háðsorðum um þær. „Það er ekki hægt að stökkva yfir gjána í mörgum stökkum," sögðu stjórnarliðar þá. Sú fleyga setning heyrist ekki oft af þeirra vörum þessa dagana.

Í kosningunum í sumar héldu frambjóðendur og málgögn ríkisstj. því hiklaust fram, að árangur viðreisnarinnar væri svo mikill og svo góður, að óvenjubjart væri fram undan. Gildir gjaldeyrisvarasjóðir höfðu safnazt, sparifjáraukning með eindæmum, þjóðarframleiðslan í hámarki og framkvæmdir á liðnu kjörtímabili meiri en nokkru sinni. „Valið er á milli viðreisnar og velmegunar eða hafta- og skömmtunarbúskapar stjórnarandstæðinga, sem snúa mun við allri framþróun til kyrrstöðu, skorts og ófrelsis," eins og Morgunblaðið stillti dæminu á svo ofur einfaldan hátt fyrir kjósendum 19. maí. Og þannig var hjalað og þannig var skrifað af hálfu stjórnarliða alla kosningabaráttuna, og minnti þetta allt á fleygan vísupart, eignaðan Sölva heitnum Helgasyni, sem var á sinn hátt jafnánægður með sig og hæstv. ríkisstj. var, eða þóttist a. m. k. vera, fyrir síðustu kosningar, en vísupartur þessi hljóðar þannig:

Ég er djásn og dýrmæti,
drottni sjálfum líkur.

Það var í þessu andrúmslofti og við slíkan málflutning af hálfu stjórnarliða, sem gengið var til kosninga. Morgunblaðið með sín 32 þús. eintök lét sig ekki muna um það 29. maí í leiðara að staðhæfa, að „það væri styrkur viðreisnarstjórnarinnar frá upphafi vega að skýra þjóðinni rétt og satt frá staðreyndum og lofa aldrei meiru en því, sem örugglega væri unnt að standa við."

Stjórnin lifði kosningarnar af, naumlega þó, þrátt fyrir staðhæfingu hæstv. forsrh., sem ég vitnaði til í upphafi máls míns um, að hann hefði aldrei setið í stjórn, sem auðnazt hefði að ávinna sér jafnmikið og almennt traust, einnig andstæðinganna, eins og viðreisnarstjórninni hefði tekizt. En verðskuldar hæstv. ríkisstj. þá það traust, sem hún fékk í kosningunum í sumar? Er ástandið jafngott í dag og okkur var tjáð þá, að það mundi verða, og hverju er um að kenna, ef illa er komið? Þannig spyrja nú þúsundir kjósenda stjórnarflokkanna sjálfa sig hvarvetna um landið í dag.

Í síðustu viku lagði hæstv. ríkisstj. fram frv. til l. um launamál o. fl. fyrir hv. Nd. Frv. þetta gerir ráð fyrir að banna allar launahækkanir, hverju nafni sem nefnast, um a. m. k. 2 mánaða skeið. Samningsrétturinn um kaup og kjör og verkfallsrétturinn er tekinn af launþegafélögunum, en það eru þau réttindi, sem þau telja sér dýrmætust og hafa fórnað mestu til að ná. Hins vegar gerir frv. ráð fyrir, að heimilt sé að hækka vöruverð í ýmsum greinum og ýmiss konar þjónustu með samþykki viðkomandi yfirvalda á gildistíma laganna. Hér er því ekki um stöðvunarfrv. að ræða, sem bæði bindur laun og verðlag, eins og stundum heyrist haldið fram. Frv. sýnir eins ljóst og verða má, að það er álit hæstv. ríkisstj. sjálfrar, að nú liggi mikið við og grípa þurfi til róttækra björgunaraðgerða. Engin ríkisstj. í lýðfrjálsu landi leggur fram frv., sem gerir ráð fyrir einhliða launabindingu, afnámi verkfalls- og samningsréttar, nema til knúin. Því ætti ekki að þurfa að deila um það, hvort illa sé nú komið fyrir ríkisstj. eða ekki. En hvenær hafa þá þessi ósköp gerzt, og hverju er hér um að kenna? Ríkisstj. telur ástæðuna vera þá, að vegna launakapphlaups milli starfshópa og víxlhækkana kaupgjalds og verðlags hafi skapazt misræmi í efnahagslífinu. Sökina á þessu telur hún liggja hjá launþegasamtökunum og til þess að fyrirbyggja stöðvun útflutningsframleiðslunnar verði að lögbjóða kaupbindingu hjá láglaunafólki, verkamönnum, verzlunar- og skrifstofufólki, eftir að nálega allar aðrar starfsstéttir þjóðfélagsins, ekki sízt þær hæst launuðu, hafa fengið stórkostlegar launahækkanir. Slíkur er sá réttlætisgrundvöllur, sem þessi stjórnaraðgerð byggist á.

Það er athyglisvert að athuga þátt hæstv. ríkisstj. í sköpun þess efnahags- og dýrtíðaröngþveitis, sem nú ríkir og láglaunafólkið á nú að gjalda fyrir sérstaklega.

1) Ríkisstj. hefur með tvennum gengisfellingum og stórhækkuðum sölusköttum og fleiri aðgerðum hækkað allt verðlag í landinu á stjórnartímabilinu. Hækkun framfærsluvísitölunnar á stjórnartímabilinu nemur 44%, og meðaltalshækkun á matvörum á sama tíma nemur um 75%. Svo stórkostleg hefur skattheimta ríkissjóðs verið, að um 300 millj. kr. tekjuafgangur var á rekstrarreikningi ríkisins fyrir árið 1962.

2) Ríkisstj. hefur leyft nær takmarkalausa notkun stuttra vörukaupalána erlendis fyrir innflytjendur á aðeins 4—5% vöxtum. Þetta hefur leitt til gífurlegs og óhóflegs innflutnings, sem valdið hefur gjaldeyrissóun og skapað

þenslu innanlands. Skýrasta dæmi þess er bílainnflutningurinn á þessu ári, sem í ágúst s. l. var kominn upp í 233 millj. kr. Nú liggja hér og þar um borgina stórar bílabreiður, sem óvíst er, hvenær eða hvort seljast.

Stofnað hefur verið til stuttra vörukaupalána allt að fjárhæð 640 millj. kr. í ágúst s. l., sem engin innlend framleiðsla stendur fyrir, þ. e. a. s. hér er lifað upp á krít, eins og það var kallað í gamla daga.

3) Ríkisstj. tók um s. l. áramót 240 millj. kr. lán í Bretlandi, sem notað var á mjög svo sérstæðan hátt í síðustu kosningum. Væri hægt að nefna þess mörg dæmi, þótt að sinni skuli því sleppt. Auðvitað jók lántaka þessi stórlega á þá miklu spennu, sem ríkt hefur í efnahagslífinu allt þetta ár og raunar á fyrra ári líka og jók til mikilla muna óróann á vinnumarkaðinum. Þetta vissi hæstv. ríkisstj. mætavel, áður en til lántöku þessarar var stofnað. En kosningar stóðu fyrir dyrum og góð ráð voru dýr.

Ég hef hér bent á þrjú atriði, sem öll sýna ljóslega, að hæstv. ríkisstj. hefur sjálf með stefnu sinni átt mjög stóran þátt í að skapa það efnahagsöngþveiti, er nú ríkir. Af öllum þeim stjórnaraðgerðum, er leitt hafa til þessa ástands, tel ég gengisfellinguna 1961 þá langsamlega afdrifaríkustu og skaðvænlegustu. Fyrir henni voru ekki efnahagsleg rök, heldur var um að ræða pólitíska hefndarráðstöfun, eins og sýnt var fram á.

Með samningum samvinnufélaganna og verkalýðsfélaganna frá í júní 1961 var verkamannakaup hækkað hóflega. Þau mikilsverðu nýmæli fólust í þessu samkomulagi, að samið var til langs tíma, 2 ára, og um leið samið um allar afleiðingar kauphækkunar þessarar til hækkunar á vöruverði. Þannig átti að girða strax fyrir vixlhækkanir kaupgjalds og vöruverðs, nema ef vöruverðshækkanir yrðu meiri en 5%, en það var talið nægilegt fyrir þeim hækkunum, sem leiddi af þessu samkomulagi. Þarna gafst því óvenjulega gott tækifæri fyrir hæstv. ríkisstj. til þess að fóta sig á verðbólgubrautinni og einbeita sér að því að byggja á þeim grundvelli, sem atvinnurekendur og launþegar höfðu samið um algerlega frjálsir og í anda boðaðrar stefnu ríkisstj. En svo var lánleysi hæstv. ríkisstj. mikið, að í stað þess að nota tækifærið, réðst hún af óvenjulegri heift á samvinnufélögin og taldi, að hér væri um svikasamning að ræða. En hér er reynslan sem fyrr ólygnust og sker alveg úr. Í stað þess að búa við óbreytt kaupgjald og í hæsta lagi 5% hærra verðlag í júní s. l. miðað við júní 1961, eins og verið hefði, ef samkomulagi þessu hefði ekki verið spillt með gengisfellingunni í ágúst 1961, þá hefur vísitala vöru og þjónustu hækkað frá júní 1961 til okt. s. l. um 41.74% og lágmarkskauptaxtar verkamannalauna í Reykjavík hækkað á sama tíma um 36.46%. Upplausnin í launamálunum er nú alger. Kjaradómur ákvað í sumar hækkun launa til opinberra starfsmanna, sem nemur að meðaltali 45%. Það var mat hlutlausra dómenda m. a. um launabætur þessu starfsfólki til handa vegna vaxandi dýrtíðar. Flest hinna stærri bæjarfélaga hafa hækkað laun sinna starfsmanna til samræmis við niðurstöður kjaradóms. Hæstv. ríkisstj. telur, að hér geti ekki verið um fordæmi fyrir aðra starfshópa að ræða, en hér fer hún áreiðanlega vill vegar og ekki í fyrsta skipti, eins og reynslan hefur sýnt og rakið hefur verið hér í kvöld af öðrum ræðumanni.

Hæstv. ríkisstj. sagði í upphafi valdatímabils síns, að hún ætlaði að leiða þjóðina inn á nýjar brautir, hún ætlaði að koma atvinnulífi þjóðarinnar á traustan og heilbrigðan grundvöll og hverfa af braut uppbóta- og haftakerfis. Því miður hefur þetta allt mistekizt. Óhjákvæmileg afleiðing þess er sú, að ríkisstj. og stefna hennar hefur glatað trausti margra þeirra, er studdu hana í sumar. Sannleikurinn er nú að koma í ljós, og feluleiknum er lokið. Enn þá á stjórnin þó eitt tækifæri, og það ber henni að nota. Hún á að játa uppgjöf sína, áður en það er of seint og allt er komið í enn þá harðari hnút en það nú er í. Af því mundi stjórnin vaxa, því að öllum getur missýnzt eða mistekizt.

Að endingu vil ég endurtaka orð hæstv. forsrh., Ólafs Thors, þau er ég vitnaði til í upphafi máls míns: „Þjóðin vill geta treyst stjórn sinni.“ Þar sem ég er honum alveg sammála um þetta, en þykist sannfærður um, að traustið sé ekki lengur fyrir hendi hjá meiri hl. þjóðarinnar, þá greiði ég fram kominni vantrauststill. atkv. mitt. — Góða nótt.

Birgir Finnsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Till. sú, sem hér er til umr., er um það eitt, að Alþingi lýsi vantrausti á ríkisstj. Till. er fram borin af Alþb. og Framsfl., eða a. m. k. Eysteinn Jónsson fyrir hans hönd hefur lýst yfir stuðningi við till. Báðir flokkarnir, sem standa á þennan hátt að vantraustinu, óskuðu þess, að útvarpsumr. í kvöld og annað kvöld færu fram, áður en Alþingi lyki við að afgreiða frv. um launamál o. fl., sem nú er til meðferðar í Ed., og urðu stjórnarflokkarnir við þeirri ósk. Umrætt frv. er þannig yfirlýst sérstakt tilefni til vantrauststill., og mun ég því nota ræðutíma minn til þess að gera grein fyrir, hvers vegna ég greiði atkv. gegn vantraustinu og hvers vegna ég styð frv. um launamál o. fl.

Núv. stjórnarflokkar hafa starfað saman síðan haustið 1958. Þá hafði borið að höndum mikinn og torleystan vanda í efnahagslífi þjóðarinnar, sem flokkarnir hafa síðan leitazt við að leysa í ágætu samstarfi, og hafa þeir jafnframt lagt til hliðar deilur um ýmis stefnumál. Þessi vinnubrögð hafa borið mikinn og góðan árangur, og á síðasta kjörtímabili var það tvímælalaust styrkur stjórnarflokkanna, að þeir gerðu sér far um að segja þjóðinni satt og rétt frá ástandinu og gerðu þær ráðstafanir, sem með þurfti, jafnvel þótt sumar þeirra væru ekki til þess fallnar að afla flokkunum vinsælda í bili. Nú hefur á ný borið að höndum talsverðan vanda í efnahagsmálum þjóðarinnar, vanda, sem er þó engan veginn jafntorveldur úrlausnar og þeir erfiðleikar, sem við þurfti að fást á haustnóttum 1958 og 1959, og það væri vissulega mikið dómgreindarleysi, ef nú væri hlaupið frá öllu saman í fáti.

Stuðningsmenn vinstri stjórnarinnar urðu á sínum tíma fyrir miklum vonbrigðum með viðskilnað hennar, þegar fátið var svo mikið, að þáv. forsrh., Hermann Jónasson, hljóp frá án þess að láta á það reyna á sjálfu Alþingi, hvort

samstaða fengist um einhver úrræði. Slík vinnubrögð eru til varnaðar, en ekki til fyrirmyndar, og sá stóri hópur kjósenda, sem vottaði stjórnarstefnunni traust í nýafstöðnum kosningum til Alþingis, ætlast áreiðanlega ekki til þess, að nú verði stefnt til stjórnarkreppu og e. t. v. nýrra kosninga, eins og að er stefnt af flm. vantrauststill. Slíkt mundi engan vanda leysa og að líkindum auka á erfiðleikana, sem fyrir eru. Þeir eru talsverðir, það skal ekki undan dregið, og stjórnarflokkarnir hafa ekki enn þá lagt fram till. um úrræði sín, nema í frv. um launamál o. fl., sem er í fyrsta lagi um það að stöðva í bili þá óheillavænlegu þróun verðlags- og kaupgjaldsmála, sem mundi, ef hún fengi að halda áfram hömlulaust, leiða til nýrrar gengisfellingar, og í öðru lagi um það að veita stjórnarflokkunum frest til áramóta til þess að vinna að lausn vandans til lengri tíma.

Verðbólguvandamálið er margslungið og yfirgripsmikið, og það þarf margt að athuga og rannsaka, áður en hægt er að móta raunhæfar till., sem líklegar séu til árangurs, og fresturinn, sem ríkisstj. hefur farið fram á, er vissulega ekki langur. Það hefur einnig komið fram, að forustumenn launþegasamtakanna, sem hæstv. forsrh. ræddi við um þessi mál, hafi sýnt skilning á því, að nokkurt tóm þyrfti til undirbúnings, og léð máls á að veita allt að hálfs mánaðar frest með aðgerðir launþegasamtakanna í kjaramálum. Þannig er ekki um verulegan ágreining að ræða að þessu leyti. Og annað atriði, sem sýnir, að stjórnarandstaðan viðurkennir í reynd, að meira svigrúm þarf til undirbúningsstarfa, er það, að hvorugur stjórnarandstöðuflokkurinn hefur lagt fram neinar rökstuddar og raunhæfar till. til lausnar vandamálanna, þótt eðlilegt hefði verið og sjálfsagt, að slíkar till. fylgdu vantraustinu af þeirra hálfu. Vantrauststill. segir þess vegna það eitt, að stuðningsmenn hennar vilja fyrir hvern mun komast til valda án þess að láta nokkuð uppskátt um, hvernig þeir ætli að nota völdin. Að þessu leyti eiga báðir stjórnarandstöðuflokkarnir sammerkt, en eins og málin ber að, kemur enn einu sinni í ljós ósjálfstæði Framsóknar gagnvart kommúnistum eða svokölluðu Alþb.

Framsókn gat vissulega markað sér sjálfstæða stefnu í þessu máli, t. d. með því að segja: Við bíðum átekta með vantraust, þangað til þær till., sem stjórnarflokkarnir boða fyrir áramót, liggja fyrir. — En þessu er ekki að heilsa. Framsókn gerist í þessu máli attaníoss kommúnista, eins og hún hefur verið í landhelgismálinu og varnarmálunum hér á Alþingi, og er það í beinu framhaldi af samfylkingu hennar og kommúnista í verkalýðshreyfingunni. Fylgispekt Framsóknar við kommúnista er þannig orðin eins og óbreytanlegt náttúrulögmál, svo að ég noti það orð, sem Eysteinn Jónsson notaði í sinni ræðu áðan, og hvorugur þessara bræðraflokka hefur neitt fram að færa annað en vantrauststill. eina saman. Hún leysir engan vanda, og þess vegna er ég á móti henni.

Áður en ég kem að því að ræða nánar um frv. um launa- og verðlagsbindingu, vil ég fara fáeinum orðum um þá atburði, sem hér gerðust s. l. mánudag í tilefni af því, hvernig Ragnar Arnalds leyfði sér að snúa við staðreyndum um það efni í ræðu sinni áðan. Hannibal Valdimarsson, fundarstjóri útifundarins á Lækjartorgi, tjáði mér, um leið og hann boðaði komu sína til alþingishússins með ályktun fundarins, að hann mundi leggja til, að fundurinn kæmi allur skipulega hingað að húsinu, fremur en að þeir æstustu hópuðust hingað skipulagslaust, eins og hann orðaði það. Það sýndi sig svo, að fundarboðendur höfðu enga stjórn á mannfjöldanum, sem fylgdi þeim inn á Austurvöll, með þeim afleiðingum, sem alþjóð eru kunnar. Glerbrotum og steinhnullungum rigndi yfir alþm. og starfsfólk þingsins, og var mesta mildi, að ekki hlutust slys af, og sést af þessu, hversu ósvífinn málflutningur Ragnars Arnalds var. Fundarboðendur bera fyllstu ábyrgð á þessum atburði. En vart verður því trúað, að þeir bæti mikið sinn málstað meðal þjóðarinnar með slíku háttalagi. Þjóðin vill, að við byggjum þetta land með lögum, og til þess að það sé hægt, verður hún að halda friðinn innbyrðis, jafnvel þótt sumum líki ekki alls kostar þau lög, sem Alþingi setur hverju sinni. Ef hver og einn ætlaði sér að taka lögin í eigin hendur, væri komið meðal okkar það upplausnarástand, sem alls staðar annars staðar hefur reynzt undanfari að valdatöku einræðisafla. Þau öfl eru til á meðal okkar, og okkur ber að standa vel á verði gagnvart þeim.

Frv. um bindingu launa og verðlags til áramóta er aðallega fundið það til foráttu af stjórnarandstæðingum, að með því sé verið að hindra, að láglaunafólk fái sanngjarnar kjarabætur, á sama tíma og aðrar stéttir hafa hlotið miklar kjarabætur, og loks er frv. ekki hvað síst gagnrýnt af því, að það skerði verkfallsréttinn, eins og margir ræðumenn stjórnarandstöðunnar hafa sagt hér í kvöld. Við skulum athuga þetta nánar. Þrátt fyrir þá hrakspá stjórnarandstæðinga við upphaf viðreisnarinnar, að hér mundi allt fara í rúst og skapast það, sem þeir kölluðu „móðuharðindi af manna völdum", hefur á viðreisnarárunum verið mikil gróska í atvinnulífi og framkvæmdum, svo mikil, að við höfum ekki nægilegt vinnuafl til þess að framkvæma allt, sem við viljum framkvæma, á skömmum tíma. Samkeppnin um vinnuaflið hefur haft í för með sér miklar yfirborganir í einstökum greinum, en þetta fyrirbrigði hefur verið nefnt launaskrið. Það hefur margvísleg miður æskileg áhrif í atvinnulífinu, þótt út af fyrir sig sé ekki nema gott um það að segja, að menn fái vinnu sína vel borgaða. Launaskriðið á t. d. drjúgan þátt í flutningum fólks við vegar að af landinu í þéttbýlið við Faxaflóa, og það skapar útflutningsatvinnuvegunum örðugleika í samkeppni við aðrar starfsgreinar um vinnuaflið, af því að útflutningsvörurnar geta ekki hækkað í verði á erlendum markaði að sama skapi og kaupgjald og annar tilkostnaður hækkar hér innanlands, og þetta leiðir óhjákvæmilega af sér kröfur um hækkað kaupgjald til samræmis við yfirborganirnar.

Nú eru uppi miklar og almennar kröfur um stórhækkað kaupgjald, allt að 40%, að því er nefnt hefur verið, og er fyrirsjáanlegt, að slík hækkun, ef hún næði fram að ganga, mundi leiða af sér annað tveggja, að útflutningsframleiðslan stöðvaðist eða grípa yrði til gengisfell-

ingar enn einu sinni til þess að bæta aðstöðu útflutningsframleiðslunnar. Hvorugur þessi kostur er æskilegur fyrir láglaunafólkið, sem er hvergi fjölmennara en í sumum greinum útflutningsframleiðslunnar. Stöðvun og atvinnuleysi bitnar harðast á láglaunafólki, og kauphækkunin, sem farið er fram á, mundi þýða, að aðrar stéttir krefðust hlutfallslegra hækkana. Sumar þeirra eiga rétt á slíkum hækkunum samkv. lögum, t. d. opinberir starfsmenn og bændur, en aðrir mundu telja, að óviðunandi röskun hefði orðið á launahlutfallinu, og krefjast af þeim sökum tilsvarandi hækkunar á við þá lægst launuðu, og allt launakerfið mundi þenjast út. Þá væri svo komið, að hringnum væri lokað og gengi íslenzku krónunnar raunverulega fallið einu sinni enn, og ekki annað eftir en viðurkenna orðinn hlut með breyttri skráningu krónunnar. Það þekkja svo allir launþegar, að með gengisfellingu verður lítið sem ekkert úr slíkri almennri kauphækkun, og eru þeir þá litlu bættari en þeir voru fyrir.

Ég er þeirrar skoðunar, að ríkisvaldið geti ekki, eins og komið er, látið þessa þróun afskiptalausa. Því ber að gæta hagsmuna þjóðarheildarinnar, og þeim hagsmunum er það fyrir beztu, að hér sé gripið inn í og nauðsynlegar ráðstafanir gerðar til að tryggja gengi krónunnar, þótt slíkt inngrip komi illa við suma og kosti tímabundna skerðingu, t. d. á verkfallsréttinum. Sá réttur er mikilvægur fyrir launþegasamtökin og eins konar öryggisventill þeirra. En vert er að menn spyrji sjálfa sig, hvort þessi réttur hafi á síðari árum komið að raunverulegu liði í kjarabaráttu launþegasamtakanna. Og ef svo er ekki, er þá nokkuð á móti því að reyna að fá kjarabætur með öðrum hætti og án þess að beita verkfallsvopninu?

Frv. um launamál og bindingu verðlags til áramóta er flutt til þess að fyrirbyggja gengisfellingu og þau áhrif, sem hún hefur á hag launastéttanna til hins verra. Jafnframt er það ætlun stjórnarflokkanna að nota tímann fram að áramótum til að undirbúa víðtækari ráðstafanir, er miði að því að vernda krónuna og veita láglaunafólki raunverulegar og varanlegar kjarabætur, t. d. í formi skattalækkana, lágmarkslauna eða með auknum tryggingabótum og eftir öðrum þeim leiðum, sem komið geta til álita. Fari svo, að stjórnarflokkunum takist ekki að framkvæma þetta, vegna þess að lögin, sem verið er að setja um launamál og bindingu verðlags til áramóta, verði brotin niður, þá verður ekki með öðrum ráðum hjá því komizt að fella gengi krónunnar. Af þessum sökum er það ljóst, að sú staðhæfing stjórnarandstöðunnar fær ekki staðizt, að frv. sé flutt til þess að koma í veg fyrir sanngjarnar kjarabætur láglaunafólks. Það er þvert á móti flutt í þeim tilgangi að tryggja láglaunafólki raunhæfar kjarabætur með því að fyrirbyggja gengisfellingu. Það er eina færa leiðin í þessum efnum, eins og málum er háttað. Þess vegna styð ég þetta frv. fyrir mitt leyti.

Af fordæmum fyrir svipuðum bindingarlögum og hér er um að ræða nægir að nefna eitt: Bindingarlögin, sem voru fyrsta verk Hannibals Valdimarssonar, þegar hann var félmrh. árið 1956. Lögin voru gefin út 28. ágúst það ár og giltu frá 1. sept. til 31. des., eða í 4 mánuði, en nú er lögum um launa- og verðbindinguna ætlað að gilda í 2 mánuði. Svo hljóðandi forsendur voru fyrir setningu umræddra brbl., með leyfi hæstv. forseta:

„Forseti Íslands gerir kunnugt:

Félmrh. (þ. e. Hannibal Valdimarsson) hefur tjáð mér, að vegna atvinnuöryggis í landinu beri nauðsyn til að koma í veg fyrir áframhaldandi hækkanir verðlags og kaupgjalds, á meðan athugun fer fram á varanlegri lausn efnahagsvandamálanna."

Síðan kom svo ákvæði um það í l., að kaupgjald skyldi lækka um sem svaraði 6 vísitölustigum, og að því leyti var þessi lagasetning frábrugðin frv. um launamál o. fl., því að það gerir ekki ráð fyrir neinni kauplækkun. Ég nefni þetta fordæmi ekki til dómsáfellis yfir fyrrv. félmrh., Hannibal Valdimarssyni, síður en svo, heldur aðeins til þess að sýna fram á, að hann hafði ábyrgari og skynsamlegri afstöðu í hliðstæðu máli árið 1956 en hann hefur nú.

Í hinum löngu umr. um verðstöðvunarfrv. hefur gætt margs konar mótsagna í málflutningi stjórnarandstöðunnar. En þær mótsagnir eru þó smámunir einir hjá því, sem kemur á daginn, þegar afstaða stjórnarandstæðinga til málanna í dag er borin saman við afstöðu þeirra fyrir fáum mánuðum eða árum. Nú segja þeir, að opinberir starfsmenn og aðrir hálaunamenn hafi fengið of miklar launahækkanir í sinn hlut. En sjálfir hafa þessir hv. þm. stutt dyggilega allar launakröfur flugmanna, verkfræðinga, lækna og opinberra starfsmanna á liðnum árum og ekki talið nægilega vel að þeim búið í launamálum. Þegar frv. um kjarasamninga opinberra starfsmanna var til umr., komst t. d. Björn Jónsson þannig að orði, að frv. bæri mjög greinilega vott um tregðuna, íhaldssemina og þá valdbeitingartilhneigingu, sem verið hefur svo rík í fari þessarar hæstv. ríkisstj." Og þegar ríkisstj. á sínum tíma forðaði flugfélögunum og öllum, sem við þau starfa, frá stórtjóni með því að stöðva verkfall atvinnuflugmanna, þá hét sú ráðstöfun á máli Hannibals Valdimarssonar „óyndisúrræði og ofbeldisverk gagnvart verkalýðshreyfingu Íslands." Í svipuðum dúr hafa ummæli þessara manna og flokksbræðra þeirra jafnan verið, þegar kjaramál hálaunamanna eða sérfræðinga hafa verið til umr. hér á Alþingi, og náttúrlega hafa framsóknarmenn í þessum efnum sem öðrum verið fylgispakir kommúnistum. Nú koma svo talsmenn beggja flokkanna hver af öðrum og þykjast vera hneykslaðir og hissa á því, hvað hálaunamenn beri mikið úr býtum og bilið milli hárra launa og lágra launa hafi vaxið mikið.

Af öllu því, sem stjórnarandstæðingar hafa sagt og skrifað um þessi mál, er ljóst, að þeir bera fyllilega að sínum hluta ábyrgð á þeirri þróun, sem þeir telja nú svo forkastanlega, en þetta reynir forseti A. S. Í. að afsaka með því að segja, að hann viti aldrei til þess, að íslenzk verkalýðsstétt hafi mælt sínar kröfur við verkfræðinga eða lækna, eins og hann komst að orði í þingræðu aðfaranótt s. l. þriðjudags.

En hvað sem þessu líður og hvernig svo sem á því stendur, að launabilið hefur breikkað, þá

stöndum við frammi fyrir þeirri staðreynd, að þeir lægst launuðu þurfa kjarabætur. Leið stjórnarflokkanna markast af verðstöðvuninni og verndun krónunnar, en leið stjórnarandstöðunnar er í engu fastmótuð og í flestu, sem talsmenn hennar hafa slegið fram, harla óraunhæf, sbr. þau úrræði, sem Eysteinn Jónsson nefndi hér í sinni ræðu í kvöld og kallaði „hina leiðina". Þeir tala t. d. um, að unnt sé að létta 7.4% útflutningsgjaldinu af sjávarafurðum. Þarna er engu að létta af, einfaldlega vegna þess, að þetta gjald rennur allt til sjálfs sjávarútvegsins, eins og bezt sést af eftirfarandi skiptingu: Fiskveiðasjóður fær 1.80%, vátryggingakerfið fær 3.72%, aflatryggingasjóður fær 1.25%, Landssamband ísl. útvegsmanna, haf- og fiskirannsóknaskipið, rannsóknarstofa Fiskifélags Íslands fá samtals 0.48% og ferskfiskeftirlitið fær 0.15%. Samtals eru þetta 7.40%. Aðrar till. stjórnarandstöðunnar eru álíka óraunhæfar og þetta.

Ég hef áður látið þá skoðun í ljós á þessum vettvangi, að breytinga væri þörf á samningatilhögun um kaup og kjör milli vinnuveitenda og launþega. Í áliti mþn. í laga- og skipulagsmálum Alþýðusambands Íslands stóðu fyrir nokkrum árum þessi orð, með leyfi hæstv. forseta:

„Grundvallarsjónarmið verkalýðssamtakanna hlýtur að vera það að láta hagsmuni heildarinnar sitja í fyrirrúmi fyrir hagsmunum einstakra starfshópa."

Þetta eru sönn orð. En hvorugur aðilinn, sem um kjarasamningana fjallar, hefur skipað sínum málum þannig, að tryggt sé, að þessi regla komist í framkvæmd. Þessu þarf að breyta í það horf, að launþegasamtökin og vinnuveitendur komi sér upp sameiginlega eða hvor aðili fyrir sig stofnun, sem framkvæmi óvilhallt mat á greiðslugetu atvinnuveganna og efnahagslegum aðstæðum almennt í þjóðfélaginu, er hafa megi að leiðarljósi í samningum um kaup og kjör. Ætti þá að vera óhætt að gera heildarsamninga til langs tíma, eins og tíðkast meðal þeirra þjóða, sem búa við beztu lífskjör, sem þekkjast í heiminum. Slíkir samningar gætu þá tryggt vinnufrið og efnahagslegt jafnvægi, sem tryggir launþegum, þegar til lengdar lætur, meiri kjarabætur en þeir geta fengið með þeim sífellda skæruhernaði, sem nú á sér stað í launamálum. Ef launþegasamtökin og samtök vinnuveitenda hefðu verið búin að koma viðskiptum sínum í það horf, sem ég hef nú lýst, þá veit ég, að ekki hefði verið þörf á þeim ríkisafskiptum, sem nú eru óhjákvæmileg.

Ég þakka þeim, sem hlýtt hafa. — Góða nótt.

Umr. frestað.

Á 13. fundi í Sþ., 7. nóv., var fram haldið einni umr. um till. (útvarpsumr.).

Forseti (BF): Umr. í kvöld verður hagað þannig, að hver flokkur fær til umráða 50 mín., sem skiptast í 3 umferðir, 20 mín., 15 mín. og 15 mín., þó þannig, að heimilt er að færa 5 mín. fram frá síðari umferð til fyrri umferðar. Röð flokkanna er þessi: Sjálfstfl., Alþb., Alþfl. og Framsfl. Ræðumenn Sjálfstfl. eru Gunnar Thoroddsen, Ingólfur Jónsson og Magnús Jónsson. Ræðumenn Alþb. eru Björn Jónsson, Gils Guðmundsson og Einar Olgeirsson. Ræðumenn Alþfl. eru Gylfi Þ. Gíslason, Jón Þorsteinsson og Guðmundur Í. Guðmundsson. Ræðumenn Framsfl. eru Ólafur Jóhannesson, Þórarinn Þórarinsson, Ingvar Gíslason og Helgi Bergs. Nú verður umr. haldið áfram, og tekur fyrstur til máls Gunnar Thoroddsen fjmrh. og talar af hálfu Sjálfstfl.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Góðir hlustendur. Í ræðum í gærkvöld féllu þau orð, að við kosningarnar í sumar hefðu stjórnarflokkarnir skrökvað að þjóðinni um ástand efnahagsmálanna. Ekki er nokkur fótur fyrir þessari fullyrðingu. Í fyrsta lagi má benda á það, að í áramótaræðu hæstv. forsrh. var það rakið skýrt og skilmerkilega, hver háski þjóðinni stafaði af óheillaþróun þeirri, sem verið hefði í launamálum, og ef ekki væru upp tekin skynsamlegri vinnubrögð í þeim efnum, væri hætta á verðbólgu og erfiðleikum atvinnuveganna. Í ræðum margra talsmanna Sjálfstfl. og Alþfl. fyrir kosningarnar kom fram sama sjónarmið, og einnig var bent á það, að fjárfesting væri orðin of mikil.

En þótt nokkrar blikur væru á lofti, hélt þróunin áfram eðlilega í ýmsum greinum. Kosningarnar fóru fram 9. júní, og fram að þeim tíma hafði gjaldeyrissjóðurinn haldið áfram að vaxa. Um áramót var hann 1150 millj., en fram til maíloka hafði hann vaxið um 271 millj. upp í 1421 millj. Það var ekki fyrr en eftir að alþingiskosningar voru um garð gengnar, sem gjaldeyrisstaðan fór að versna. Eins er um sparifjáraukninguna. Fimm fyrstu mánuði þessa árs hafði hún haldið áfram að vaxa. Hún óx á þeim tíma um 303 millj., sem var allmiklu meiri aukning en á sama tíma í fyrra. Það er fyrst eftir kosningarnar, sem fer að draga úr sparifjáraukningunni.

Því fer fjarri, að ríkisstj. hafi gefið þjóðinni villandi upplýsingar um ástandið eða fegrað það frá því, sem var. Hitt er annað mál, að síðan í júní hefur þenslan í efnahagslífinu aukizt og undanfarnar vikur hafa verið uppi hafðar svo hástemmdar kauphækkunarkröfur, að menn eru uggandi um afkomu atvinnuveganna, ef ekki verður að gert.

Þróun launamálanna er eitt aðalviðfangsefni okkar í dag. Í nágrannalöndum hefur þróunin verið sú, að samtök launþega og vinnuveitenda hafa gert með sér heildarsamninga fyrir margar eða flestar atvinnugreinar í einu, og slíkir samningar hafa verið gerðir til langs tíma, 2 eða 3 ára. Svo hefur í meginatriðum verið í Danmörku, Noregi og Svíþjóð. Hér hefur þróun þessara mála verið á allt annan veg. Núverandi forusta Alþýðusambandsins, sem er skipuð kommúnistum með stuðningi Framsóknar, hefur þrátt fyrir ítrekuð tilmæli ríkisstj. ekki sinnt þessum verkefnum með neitt svipuðum hætti sem nágrannarnir. Það hefur verið skorað á forráðamenn Alþýðusambandsins að beita sér fyrir, að hægt verði að gera heildarsamninga fyrir alla eða sem flesta meðlimi sambandsins í einu. Þessu hefur verið hafnað. Það hefur verið lagt til að gera samninga til langs tíma. Því hefur verið hafnað. Ríkisstj. hefur beint því

til Alþýðusambandsins, að það reyndi fyrir sitt leyti að tryggja kjarabætur til handa láglaunamönnum og að þær yrðu raunhæfar, en þær kjarabætur yrðu ekki að engu gerðar með því, að allar aðrar stéttir fengju það sama eða meira. Þessum tilmælum hefur verið hafnað. Alþýðusambandið taldi það ekki vera í sínum verkahring.

Í hinni pólitísku forustu Alþýðusambandsins ráða ferðinni fyrst og fremst 3 þm. Alþb., þeir Hannibal Valdimarsson, Eðvarð Sigurðsson og Björn Jónsson, þeir menn, sem hafa haft einna hæst hér á Alþ. undanfarna daga í gagnrýni sinni á ríkisstj. og andstöðu gegn launamálafrv. Þeir hafa hafnað öllum þessum tilmælum um skynsamleg vinnubrögð, vinnubrögð sviputð því, sem nágrannaþjóðir okkar viðhafa. Þeir hafa valið aðra leið, vilja hafa lausa samninga, semja til nokkurra mánaða í senn með alls konar fyrirvörum, þannig að samningar geti verið lausir hvenær sem á þarf að halda. Þeir hafa viljað láta hvert einstakt félag semja fyrir sig á mismunandi tíma og til mismunandi tíma. Og hver hefur árangurinn af stefnu kommúnistanna í Alþýðusambandinu orðið fyrir verkamenn, fyrir láglaunamenn? Í stuttu máli þessi: Árið 1961 fengu verkamenn eftir langt verkfall um 10% kauphækkun. Strax á eftir komu aðrar stéttir, fyrst og fremst iðnstéttirnar, og þær fengu ekki 10% hækkun, heldur upp í 17% þær hæstu. Hvað gerðist árið eftir, 1962? Verkamenn riðu á vaðið og fengu um 9% hækkun að meðaltali. Aðrar stéttir, sem hærra voru launaðar, komu á eftir, og lauk þannig, að þeir iðnaðarmenn, sem hæstir urðu, fengu um 20% hækkun.

Ef litið er yfir þessi 2 ár saman, 1961 og 1962, er útkoman þessi: Láglaunamenn, verkamenn, höfðu fengið samtals um 20% hækkun, en þeir iðnaðarmenn, sem mest hlutu, fengu um og yfir 35%. Þessi er árangurinn af stefnu og starfsemi hinnar pólitísku forustu Alþýðusambandsins. Verkamennirnir byrja til þess að reyna að fá einhverjar kjarabætur sér til handa, en vegna vinnubragða og viðhorfs kommúnista og Framsóknar í stjórn Alþýðusambandsins verður útkoman þessi, að þegar hringnum er lokað, hafa verkamenn fengið langminnst, en aðrar stéttir miklu meira. Af því leiðir svo að sjálfsögðu vaxandi dýrtíð þegar allar stéttir í landinu fá þessar hækkanir, svo að að lokum eru kjör verkamanna lakari en áður en kaupgjaldsbaráttan byrjaði.

Það er furðuleg fásinna að kenna ríkisstj. um þessa þróun mála, ríkisstj., sem hefur einmitt margsinnis gert tilraunir til þess að fá forustu verkalýðssamtakanna inn á heppilegar brautir. Þessi þróun, að verkamenn og láglaunamenn hafa orðið verst úti, verður að skrifast á reikning þessarar pólitísku forustu, m. a. þeirra þriggja alþm., sem nú deila einna harðast á ríkisstj., og þeim mun raunalegra er það, hversu gæfuleysið hefur fallið að síðum þessara manna, sem tveir þeirra eru einmitt formenn stærstu verkamannafélaga á Íslandi.

Um leið og það er viðurkennt, að bæta þarf kjör láglaunamanna, og undirstrikað, að ríkisstj. stefnir að því, verður að leiðrétta þær villandi upplýsingar, sem hér eru gefnar um tekjur og afkomu verkamanna. Eftir lýsingum sumra hv. þm. mætti ætla, að hér væri íslenzk alþýða í algeru svelti og byggi við meiri örbirgð og fátækt en þekkist í nokkru landi Evrópu utan kommúnistaríkjanna. Upplýsingarnar, sem okkur eru gefnar, eru þessar: Útgjaldaupphæð vísitölufjölskyldu, sem sýni þarfir meðalfjölskyldu, sé 95 þús. kr. á ári, en verkamaðurinn hafi aðeins 67 200 kr. til þess að lifa á. Nú eins og áður hefur af opinberri hálfu, hagstofu og skattstofu, verið gert yfirlit um meðaltekjur verkamanna í Reykjavík, þær voru á s. l. ári ekki 67 þús., heldur 89 þús. kr. Þær verða á þessu ári, 1963, ekki 67 þús., heldur um 100 þús. kr., og í þessum 100 þús. kr. eru aðeins taldar tekjur fyrirvinnunnar, en ekki annarra fjölskyldumeðlima, þannig að hafi eiginkona eða börn tekjur, koma þær til viðbótar þessum 100 þús. kr. Tal stjórnarandstæðinga um, að verkamenn hafi ekki nema 67 þús. kr. til lífsframfæris, er því óraunhæft með öllu.

Stjórnarandstæðingar vitna mjög í þá yfirlýsingu ríkisstj. frá 1960, að hún vildi forðast að skipta sér af samningum vinnuveitenda og launþega, kjör þeirra ættu að byggjast á frjálsum samningum. Það er rétt, að ríkisstj. vildi í lengstu lög treysta því, að samtök atvinnurekenda og launþega gætu náð samningum um kjaramálin, þannig að kjörin yrðu bætt í samræmi við aukna þjóðarframleiðslu, að gætt yrði hagsmuna láglaunamanna og það tækist að ná heildarsamningum til langs tíma til þess að tryggja atvinnuöryggi, eðlilega þróun og eðlilegar kjarabætur. Það eru ríkisstj. vissulega mikil vonbrigði, að leið hinna frjálsu samninga hefur ekki skilað betri árangri en raun er á, og af því neyðumst við til þess að grípa nú inn í með frv. til laga til þess að fá nokkurra vikna frest til frekari undirbúnings málanna.

Framfærsluvísitala hefur hækkað frá ársbyrjun 1960 um 44 stig. Þessa miklu verðlagshækkun kenna stjórnarandstæðingar ríkisstj. Nokkur hluti þessarar vísitöluhækkunar stafar af verðhækkun erlendrar vöru vegna tveggja gengisbreytinga. Hvernig voru þessar gengisbreytingar til komnar? Hin fyrri þannig, að núv. stjórn lét meta krónuna, meta, hvers virði hún var eftir daga vinstri stj., og lét skrá krónuna með því gengi, sem hún raunverulega hafði. Sú verðlagshækkun, sem stafar af leiðréttingu á genginu, viðurkenningu á genginu, er ekki sök núv. stj., sem aðeins viðurkenndi í verki það ástand, sem orðið var fyrir tilverknað annarra. Seinni gengisbreyt., í ágúst 1961, var á ábyrgð þeirra manna, sem þá knúðu fram kauphækkanir í landinu, sem voru ótvírætt umfram greiðslugetu þjóðarinnar, meiri en framleiðsla hennar gat borið.

En hækkun vísitölunnar stafar aðeins að nokkru leyti af hækkun erlendra vara. Nær 18 stig af þessum 44, eða um 40% af vísitöluhækkuninni, stafa af hækkun landbúnaðarvara. Sú hækkun stafar fyrst og fremst af auknum tekjum verkamanna, iðnaðarmanna og sjómanna. Bændur eiga rétt á því skv. lögum að fá hækkun á sínum tekjum, hliðstætt því, sem þessar stéttir fá í auknar tekjur. Þetta er því reikningsdæmi. Að nokkru leyti stafar hækkun land-

búnaðarvara af því, að leiðréttur hefur verið verðlagsgrundvöllurinn. Þegar framsóknarmenn deila á stj. fyrir hækkun verðlagsins, eru þeir þá að gefa í skyn, að landbúnaðarvörurnar, sem eru um 40% af hækkuninni, hafi hækkað of mikið? Hafa að áliti Framsóknar laun bóndans hækkað of mikið, eða hafa of miklar leiðréttingar verið gerðar á verðlagsgrundvellinum? Og þegar kommúnistar deila á ríkisstj. fyrir hækkun vísitölunnar, sem stafar þannig 40% af hækkun landbúnaðarvara, eru þeir þá að deila á ríkisstj. fyrir það, að verkamenn, sjómenn og iðnaðarmenn hafi á viðreisnartímanum haft of háar árstekjur, en það eru þær, sem hafa fyrst og fremst leitt til hækkunar landbúnaðarvara?

Launamál opinberra starfsmanna og kjaradóm hefur borið mjög á góma í umr. um launamálafrv. Stjórnarandstæðingar hafa notað það mál svo í áróðri sínum og upplausnarstarfi, að hverjum manni, sem til þekkir, hlýtur að blöskra tvöfeldni þeirra og tvískinnungur. Ég ætla rétt að rekja nokkur tildrög þessa máls.

Opinberir starfsmenn höfðu árum saman krafizt samningsréttar um laun sín, í stað þess að þau væru ákveðin af Alþ. með launalögum. Vinstri stj. hafði ekki sinnt þessum óskum. Núv. stj. ákvað hins vegar að beita sér fyrir þessu mannréttindamáli, og lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna voru samþ. á Alþ. 1962 með shlj. atkv. Samkv. þeim skyldu samningar fyrst reyndir til hlítar. Ef þeir tækjust ekki, skyldi óháður dómstóll, kjaradómur, skera úr, en hann er að meiri hluta skipaður af hæstarétti. Kjaradómur er þannig óháður æðsti dómstóll í þessum málum, hliðstæður hæstarétti í venjulegum dómsmálum.

Þegar kommúnistar tala um úrskurð kjaradóms eins og hann væri ákvörðun ríkisstj., ber það aðeins vott um, hvað þessir þm. eru gersneyddir skilningi á því grundvallaratriði lýðræðisins, að dómstólar séu óháðir, sjálfstæðir og lúti ekki fyrirmælum ríkisstjórna. En þetta skilningsleysi þeirra skýrist auðvitað af því, að öll hugsun þeirra er formyrkvuð af einræðisskipulagi kommúnismans, sem þekkir ekki hugtakið óháðir dómstólar.

Við endurskoðun á launum opinberra starfsmanna þurfti að hafa tvennt í huga. Annars vegar var það almennt viðurkennt, að þeir höfðu orðið aftur úr á undanförnum árum og þurftu því almennt að fá kjarabætur. Hins vegar þurfti að rétta hlut þeirra, sem miklu fé og tíma höfðu varið til náms og sérstakar kröfur voru til gerðar um menntun, sérhæfni og ábyrgð. Alþjóðamarkaður má segja, að nú sé opinn fyrir ýmsa sérfræðinga, og Ísland átti vissulega á hættu, að missa af ágætum, nauðsynlegum starfskröftum, ef hlutur þeirra yrði ekki bættur. Og langt nám og aukna ábyrgð þurfti vissulega einnig að launa. Þessi sjónarmið leiddu til þess, að launamismunur milli hinna lægst launuðu og hinna sérfróðu, háskólagenginna manna o. fl., hlaut að aukast. Um þetta meginatriði voru Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og ríkisstj. sammála. En sá var munurinn, að bandalagið vildi ganga miklu lengra en ríkisstj. í þessum launamismun. Þegar bandalagið lagði fram kröfur sínar, vildi það, að lægst launaði flokkurinn fengi 5050 kr. á mánuði, en þeir hæst launuðu 32 800, eða 6½ sinnum hærra. Ríkisstj. þótti hér allt of langt gengið um launahæð hinna hæstu og hinn gífurlega launamismun. Fyrstu till. hennar voru, að hámarkslaun yrðu 14 700 kr. á mánuði, eða rúml. 3½ sinnum hærri en lægsti launaflokkur. Hverjir stóðu nú að þessum kröfum bandalags opinberra starfsmanna? Í stjórn þess er svokölluð vinstri forusta, sem mjög var fagnað á sinni tíð af Tímanum og Þjóðviljanum. Forustumenn bandalagsins eru í innsta hring Framsfl. og kommúnista, og allar þessar kröfur voru samdar í nánu samráði við og með samþykki æðstu manna þar.

Kjaradómurinn fór hér þá leið, að hann ákvað hæstu laun 19 910 kr. á mánuði, eða 4 sinnum hærri en lægstu laun, sem eru nýliðar í nokkrum störfum.

Nú gerist það hér á Alþ. dag eftir dag, að þingmenn stjórnarandstæðinga ráðast á ríkisstj. fyrir það, að hún hafi aukið ósæmilega og óhæfilega misréttið í launamálum og misskiptingu launa í landinu. Einn þm. kommúnista sagði í þingræðu í gær, að þetta væri fullkomlega í anda og stíl viðreisnarstjórnarinnar, að þeir fengju minnst, sem lægst hefðu launin, en þeir mesta hækkun, sem mest höfðu fyrir. Þetta segja þeir menn, sem kröfðust margfalt meiri hækkana fyrir þá hæst launuðu, miklu meiri launamismunar en kjaradómur úrskurðaði, hvað þá sem ríkisstj. lagði til.

Við kröfugerð hinna opinberu starfsmanna var það jafnan undirstrikað af hálfu framsóknarmanna og kommúnista, að kröfurnar væru gerðar til þess að samræma laun opinberra starfsmanna við þau laun, sem veitt væru á almennum vinnumarkaði, og ættu aðrar stéttir alls ekki að geta á þeim grundvelli krafizt hækkana. Nú er blaðinu snúið við. Þótt kjaradómur tæki ekki til greina nema nokkuð af kröfunum, reyna nú þessir sömu menn að æsa hverja stétt og hvern starfshóp til að gera nýjar og auknar kröfur vegna þeirra kjarabóta, sem opinberir starfsmenn hafa fengið. Og einn hv. þm. kommúnista segir, að verulegur hluti opinberra starfsmanna fái miklu hærri laun en þeir eigi að fá, og heimtar þau lækkuð. Ég verð að segja, að það er hörmulegt að þurfa að horfa ofan í það hyldýpi tvöfeldni og óheilinda, sem birtist í þessum málum.

Við heyrum hér úr munni kommúnista, að hér hafi skapazt á Íslandi alger þjóðarsamstaða móti frv. ríkisstj. um launamál. Það er nú ekki nýtt, að kommúnistar séu þjóðin. Það er vitnað í allan þann fjölda verkalýðsfélaga, sem hafa boðað verkföll í mótmælaskyni við frv. frá og með 11. þ. m. Ég hef nú athugað, hve mörg félög hafa boðað verkföll. Tvö félög höfðu boðað verkföll, áður en frv. var lagt fram, en þau, sem boðað hafa verkföll, að því sagt er til að mótmæla þessu frv., eru 23 félög. Í Alþýðusambandinu eru 220 félög. Það er rétt að það nái því, að það sé tíunda hvert félag, sem svarað hefur kalli kommúnistanna og boðað verkfall í þessu skyni. Ef litið er á félagsmennina, þá munu í Alþýðusambandsfélögunum vera samtals um 35 þús. félagsmenn, en í þessum félögum, sem boðað hafa mótmælaverkföll og eru

allfjölmenn sum, munu vera um 9 þús. félagsmenn, m. ö. o., þó að það sé ekki nema 10. hvert félag, þá er það þó í kringum 4. hver félagsmaður innan vébanda Alþýðusambandsins, sem er í þessum félögum. Þetta er þá öll uppskeran eftir hinn taumlausa áróður fyrir verkföllum í mótmælaskyni í fulla viku. Það er ekki að furða, þótt kommúnistar segist hafa alla þjóðina á bak við sig í sinni andstöðu.

Þá hefur verið vitnað í umr. í Ed. í dag um launamálafrv. í fjölmennan fund, sem Verzlunarmannafélag Reykjavíkur hélt í gærkvöld, og þá stóð mikið til hjá stjórnarandstæðingum, því að nú átti að klekkja á ríkisstj. Þeir fluttu till. um, að verzlunarmenn samþykktu að hefja verkfall, náttúrlega í mótmælaskyni við frv., en þegar á leið fundinn, sáu stjórnarandstæðingar sitt óvænna og drógu verkfallstill. til baka, svo að hún kom aldrei til atkvæða.

Það er sagt, að frv. ríkisstj. um launamál sé stefnt fyrst og fremst gegn verkamönnum og öðrum láglaunamönnum. Þetta er rangt. Hið gagnstæða er rétt. Það voru ekki verkamenn, sem voru búnir að boða verkföll, þegar þetta frv. var lagt fram, heldur voru það aðrar stéttir, sem sumar hafa miklu hærri laun en verkamenn. Ef frv. yrði ekki að lögum, er hagur verkamanna í mestu hættu, þá mundi fara eins og fyrr, að kauphækkunarholskefla gengur yfir alla þjóðina, og þegar aldan er riðin af, þá liggja eftir í valnum þeir lægst launuðu og verst settu við verri kjör en áður, og atvinnuvegirnir hafa hlotið áfall, samkeppnisaðstaða þeirra út á við versnað, starf þeirra lamað. Ef frv. verður að lögum, er þessari vá vonandi forðað. Ríkisstj. fær þann frest, það ráðrúm, sem hún hefur óskað eftir, til þess að tryggja grundvöll framleiðslunnar og færa láglaunafólki raunhæfar kjarabætur, sem verða ekki af því teknar á næstu vikum í villtri hringekju verðbólgunnar.

En eru þá þessar kjarabætur eitthvað meira en orðin tóm? Af þeim atriðum, sem í athugun eru, vil ég nefna þessi, sem hér fara á eftir:

1) Afnám tekjuskatts af launum meðalfjölskyldu, sem hefur 115—120 þús. kr. tekjur.

2) Veruleg lækkun á útsvari láglaunamanna, en hjón með tvö börn, sem hafa 100 þús. kr. tekjur, hafa nú í Reykjavík milli 10 og 11 þús. kr. í útsvar.

3) Hækkun á fjölskyldubótum.

4) Hækkun á ellilífeyri og örorkubótum.

5) Gagnger athugun á því, hvort ekki er hægt að tryggja láglaunafólki hærri tekjur fyrir 8 stunda vinnudag en nú er, m. a. með breyttum vinnubrögðum og vinnutilhögun.

6) Kerfisbundið starfsmat, eins og nú er unnið að hjá sjómannastéttinni, verði framkvæmt með sem flestum stéttum til þess að fá rökstuddan grundvöll undir launagreiðslur og launahlutföll.

7) Ákvæðisvinna verði aukin sem mest, en reynslan sýnir það víða, að með henni aukast tekjur launþega verulega með óbreyttum eða jafnvel styttri vinnutíma.

8) Aukin áherzla verði á það lögð að hagnýta hvers konar tæknilegar nýjungar, sem geta aukið framleiðni, bætt nýtingu og vinnubrögð og gert fyrirtækjum kleift að gera betur við starfsfólk sitt en áður.

9) Tekin verði upp í fjárlög nú fjárveiting til þess að standast kostnað af víðtækum undirbúningi og aðgerðum til aukinnar hagkvæmni og hagræðingar í atvinnurekstrinum, þjálfunar manna til leiðbeiningar og fræðslu um bætt skipulag, rekstrartækni og vinnubrögð. Það er kunnugt, að með bættri nýtingu hráefna, vinnuafls og tækja má bæta lífskjörin og það jafnvel stórlega. Það liggja nú fyrir till. forstjóra Iðnaðarmálastofnunar Íslands um þetta mál, sem gerðar hafa verið að tilhlutun vinnutímanefndar og félmrh.

10) Leiðrétting á kjörum þeirra starfshópa, sem sannanlega hafa ekki enn fengið lagfæringu til samræmis við hliðstæða, sambærilega starfsmenn samkv. úrskurði kjaradóms.

Þessi atriði og mörg fleiri eru til athugunar hjá ríkisstj., þeim er ekki slegið föstum, sum þeirra flókin og krefjast mikils undirbúnings og tíma til rannsóknar, og þess vegna hefur ríkisstj. óskað eftir þeim fresti, sem launamálafrv. fer fram á.

Herra forseti. Góðir hlustendur. Gamla aðferðin til þess að bæta kjör verkamanna og láglaunafólks hefur verið reynd lengi, gefizt illa og beðið skipbrot. Við megum ekki halda áfram við úrelta, árangurslausa aðferð. Nú viljum við reyna og verðum að reyna nýjar leiðir. Í því skyni er frv. um frestun á hækkun launa og verðlags fram borið.

Björn Jónsson: Herra forseti. Heiðruðu tilheyrendur. Málflutningur hæstv. ráðh. hér í umr. í gær ætti að verða öllum þeim, sem á hlýddu, minnisstæður, því að hann var í einu orði sagt með þeim endemum, sem vart eiga sinn líka í þingsögunni, og er þá mikið sagt.

Sjútvmrh. Emil Jónsson átti þó vafalaust metið í þeim efnum og var vel að því meti kominn, og það voru ekki sízt þrjú atriði, sem færðu honum þennan ótvíræða sigur. Í fyrsta lagi, þegar hann líkti ofbeldisfrv. ríkisstj. nú við samkomulag verkalýðshreyfingarinnar og ríkisstj. 1956 um jöfnuð á 6 vísitölustigum og jafnmikilli ákveðinni og fyrirséðri hækkun á nauðsynjum. Í öðru lagi, þegar hann húðstrýkti sinn einkavin og samráðherra, Guðmund Í. Guðmundsson, tryggingamálarh. vinstri stjórnarinnar, með því að fullyrða, að af öllu því illa, sem vinstri stjórnin hefði gert, þá hefði það, sem gert var í tryggingamálunum, þó verið það versta, sem sú stjórn hefði aðhafzt. Og loks, þegar hann í þriðja lagi lét svo sem Alþfl. hefði enga ábyrgð borið á vinstri stjórninni eða jafnvel alls ekki nærri henni komið.

Um ræðu Bjarna Benediktssonar í gærkvöld vil ég aðeins segja það, að þar var stungin tólg í fyndni, svo að notað sé orðafar Nóbelsverðlaunaskáldsins, þegar þessi hæstv. ráðh. fullyrti, að þeir, sem bágasta afkomu hefðu í þjóðfélaginu, ættu nú ekkert athvarf sér til halds og trausts nema ríkisstj.

Og svo kom hv. skattameistari núv. ríkisstj. hér fram fyrir þjóðina rétt áðan og kvað ríkisstj. hafa fengið fullt umboð frá þjóðinni til þeirra einstæðu aðgerða, sem hún nú fyrirhugar. Þessi hæstv. ráðh. vildi líka fara að stjórna skipulagsmálum verkalýðssamtakanna og heimtaði, að ákvörðunarrétturinn yrði tekinn af

hverju einstöku verkalýðsfélagi. Fer þá skörin vissulega að færast upp í bekkinn, og væri þessum hæstv. ráðh. og skattameistara nær, eins og hann hefur staðið í stöðu sinni undanfarin ár sem einn æðsti maður í íslenzkum efnahagsmálum, að beina geiri sínum þangað, sem þörfin meiri er fyrir, eins og stefna hans hefur líka skilað góðum árnagri — eða hitt þó heldur — fyrir launastéttirnar í landinu. Þessum hæstv. ráðh. þykir það lítið, að 23 verkalýðsfélög hafa nú boðað verkfall á mánudaginn kemur, og virtist harma það, að þau stéttaátök, sem ríkisstj. hans hefur efnt til, skuli ekki vera víðtækari. Ég vil spyrja þennan hæstv. ráðh.: Hvenær hafa svo mörg verkalýðsfélög boðað verkfall samtímis? Þannig tala ekki aðrir en þeir, sem bæði eru rökþrota og ráðþrota.

En þessum mönnum er viss vorkunn, því að ekkert er deginum ljósara en það, að stjórnarstefna þessara manna, sú sem ráðið hefur í landi s. l. fimm ár, stendur nú gjaldþrota frammi fyrir þingi og þjóð. Og gjaldþrot þeirra er svo stórt í sniðum og svo algert, að allir, hvar sem þeir hafa áður í flokki staðið, sjá það og skilja, líka sjálf ríkisstj., en hjá henni skortir aðeins þann manndóm, sem þarf til þess að viðurkenna, hvernig komið er, og taka réttum þingræðislegum afleiðingum af gerðum sínum og segja af sér. Í stað þess að gera þetta, eins og henni bæri, fer henni nú eins og þeim manni, sem gripi til skammbyssunnar gegn lögmætum aðgerðum skiptaréttar í hans eigin þrotabúi.

Með því frv. til l. um launamál o. fl., sem ríkisstj. er nú í þann veginn að kvelja þingið sitt til að samþykkja, hefur ríkisstj. viðurkennt, svo að ekki verður um villzt, að hún hafi komið málefnum þjóðarinnar í slíkt öngþveiti á valdaferli sínum, að hún sjálf sjái enga leið út úr vandanum aðra en þá að grípa til ofbeldisaðgerða gegn íslenzkum vinnustéttum, — ofbeldisaðgerða, sem engan sinn líka eiga í íslenzkri stjórnmálasögu. Þó að þessar aðgerðir séu að vísu dæmdar til að mistakast, fer þó ekki milli mála, að samþykkt þessa einstæða frv. er líkleg til að leiða til stórfelldari stéttaátaka, líkleg til þess að baka öllu þjóðfélagi okkar slíkt tjón, að allt, sem í mannlegu valdi stendur, ber að gera til þess að hindra framgang þess, þ. á m. að freista þess að flýta fyrir falli ríkisstj., áður en það kemur til framkvæmda. Og því er það, að Alþb. ber einmitt nú fram þá vantrauststill., sem hér er til umr.

Þegar metin er nú staðan í íslenzkum stjórnmálum og gert upp við viðreisnarstefnuna, þá er óhjákvæmilegt að festa sér tvennt í minni: annars vegar þau loforð og úrræði, sem þjóðinni voru heitin við vöggu viðreisnarinnar, og hins vegar þá mynd, sem nú blasir við, þegar þessi stefna er nú að stíga síðustu skrefin beint ofan í gröfina. Þetta er nauðsynlegt, bæði til þess, að rétt stefna verði mörkuð í framtíðinni, og einnig til þess, að víti viðreisnarinnar verði um ókomin ár til varnaðar þjóðinni allri og hverjum þeim, sem til þess velst að stýra málefnum hennar.

Það vantaði ekki á fyrirheitin við valdatöku viðreisnarinnar, en ég minni þó aðeins á fá þeirra. Hið fyrsta var, að atvinnuvegum þjóðarinnar skyldi komið á traustan og heilbrigðan grundvöll. Annað, að jöfnuði yrði komið á í viðskiptum við aðrar þjóðir og greiðsluhallalaus viðskipti yrðu tryggð. Þriðja, að hvers konar höft og bönn yrðu afnumin. Fjórða, að skattar yrðu lækkaðir, að verndaðir yrðu hagsmunir þeirra, sem umfram aðra bæri að forða frá kjaraskerðingu, þ. e. a. s. hinna verst settu í þjóðfélaginu. Og síðast, en ekki síst, að tryggður skyldi frjáls samningsréttur launþega og atvinnurekenda. Gjaldið, sem þjóðin átti svo að greiða fyrir uppfyllingu þessara fallegu fyrirheita, var það, að vinnustéttirnar eirðu þeirri miklu kjaraskerðingu, sem framkvæmd var í ársbyrjun 1960, allt að einu ári, en að því liðnu skyldu tryggðar stöðugar og öruggar efnahagslegar framtarir og bætt lífskjör. Vinnustéttirnar greiddu þetta gjald og þó miklu meira. En hvernig hefur gengið með endurgreiðsluna, hvernig hafa fyrirheitin staðizt reynslunnar dóm? Varðandi þau höfuðatriði, sem ég nefndi, eru svörin þessi í stuttu máli:

Útflutningsatvinnuvegirnir berjast í bökkum eða tæplega það. Stanzlaus verðbólguþróun, mögnuð af gengisfellingum, hóflausri skattheimtu og vaxtaokri, hefur aukið tilkostnað þeirra svo, að afkoma þeirra er lakari en oftast áður. Samtök útflutningsframleiðenda hafa í fullri alvöru rætt um algera stöðvun framleiðslutækjanna til þess að knýja ríkisstj. til algerrar stefnubreytingar í málefnum atvinnuveganna. Í gjaldeyrismálum er staðan þannig, að hún hefur aldrei verið geigvænlegri. Aðeins á 7 fyrstu mánuðum þessa árs hefur hallinn á vöruskiptum orðið um 700 millj. kr. eða álíka mikill að krónutölu og gjaldeyrishallinn á 4 síðustu árum fyrir viðreisn samanlögðum. En þá var ástandið að dómi viðreisnarmanna slíkt, að álit og framtíð þjóðarinnar var í veði, ef ekki yrði gerð breyting á. Í skattamálum er ástandið þannig, að í stað skattalækkana hefur skattpíningaræði verið í algleymingi. Á valdatíma stjórnarinnar hafa samanlagðir tollar og skattar verið hækkaðir á fjárl. einum úr 703 millj. kr. 1958 — og eru þá niðurgreiðslur útflutningssjóðs með taldar — í 2.1 milljarð á fjárl. fyrir árið 1960. Hækkunin er um 196% eða þreföldun. Til viðbótar koma svo nefskattar, sem hafa hækkað um á annað þús. kr. á hvern gjaldanda eða um 52%. Og loks koma svo bæjarfélögin, sem neyðzt hafa til vegna sívaxandi dýrtíðar að hækka álögur úr öllu hófi fram. Og hver hafa svo áhrif tvennra gengisfellinga og skattpíningarstefnunnar orðið á lífskjör almennings og sérstaklega þeirra, sem heitið var, að verndaðir skyldu fyrir kjaraskerðingum? Í verðlagsmálunum hefur þróunin orðið sú, að á móti hverjum 100 kr., sem þurfti til matvælakaupa í marz 1959, þarf nú 175 kr. Hækkunin er 75%. Vísitala vöru og þjónustu stendur í 165 stigum miðað við sama tíma. Húsnæðiskostnaður hefur a. m. k. tvöfaldazt vegna stöðvunar byggingarframkvæmda og húsnæðisneyðar, stórhækkaðs byggingarkostnaðar og vaxtaokurs. Á sama tíma og slík verðlagsþróun hefur átt sér stað og magnazt með sífauknum hraða, hefur kaupgjald verkamanna hækkað um 28% frá því í okt. 1958, en um 17.4% — segi og skrifa 17.4%, frá því í jan. 1959, þ. e. a. s. áður en kauplækk-

unarlög Alþfl.-stjórnarinnar tóku gildi, og þó enn minna á hærri töxtum verkamanna. Þetta þýðir, að kaup verkamanna hefur hækkað 4—5 sinnum minna en matvæli og tæplega fjórum sinnum minna en meðaltalsverðlag á vörum og þjónustu. Gagnvart húsnæðiskostnaði eru tölurnar svo enn geigvænlegri, þar sem árstekjur verkamanns gera nú litlu betur en að greiða vexti af verði hóflegrar íbúðar.

Þannig hafa loforðin um sérstaka vernd hinna lægst launuðu verið efnd og fyrirheitin um stöðugan bata lífskjaranna. Og svo algert er blygðunarleysi þeirra manna, sem ábyrgðina bera á þessari þróun, að þeir vilja nú ekki láta staðar numið, heldur undirbúa þeir í ofanálag fordæmalausa mannréttindaskerðingu gegn því fólki, sem þeir hafa leikið á þennan hátt, og ætla að svipta það þeim eina rétti, sem því er enn eftir skilinn, að mega vera annar ákvörðunaraðila að frjálsum samningum um launakjör sín. Og þetta er gert í trausti þess, að láglaunastéttirnar séu nú orðnar svo aðþrengdar, að þær fái engum vörnum við komið gagnvart ofbeldinu. Er þá komin að fullu fram efndin á því loforði, sem ég síðast nefndi af fyrirheitum viðreisnarinnar, að samtök launbega og atvinnurekenda skyldu algerlega frjáls að semja sín í milli, og vil ég nú spyrja: Á núv. ríkisstj. nokkurt loforð ósvikið? Hefur hún ekki líka í þeim efnum gengið götuna á enda? Jafnvel núv. hæstv. ríkisstj. væri þó margt fyrirgefandi, ef hún vildi eða kynni að draga réttar ályktanir af afglöpum sínum, bæði þing og þjóð afsökunar á misferli sínu og héti algerri stefnubreytingu. En það er nú síður en svo, að því sé að heilsa, því að í stað þess að gera slíkt hyggst hún enn troða ógæfuleiðina og beita til þess sliku ofbeldi gegn grundvallarreglum lýðræðis og mannréttinda, að allir, jafnt andstæðingar hennar sem fyrri stuðningsmenn, standa undrandi og agndofa. Nýjasta dæmið af því tagi er það, að öll verkalýðssamtök, sem stjórnarsinnar hafa forustu fyrir, hafa nú mótmælt fyrirætlunum ríkissti. og nú síðast í gærkvöld Verzlunarmannafélag Reykjavíkur, höfuðvígi sjálfstæðismanna í verkalýðshreyfingunni, einróma, en meðal stuðningsmanna mótmælanna voru tveir varaþm. Sjálfstfl.

Ríkisstj. er að sjálfsögðu ljóst eins og öðrum, að stefna hennar hefur leitt til ófarnaðar, leitt til öngþveitis og loks til fullkomins styrjaldarástands við öflugustu almannasamtök, sem til eru meðal þjóðarinnar, verkalýðshreyfinguna. En af þessu dregur hún þá ályktun, að ekki hafi verið nóg að gert, að enn hraðar en áður beri að feta slóð misréttis og tæta okkar litla þjóðfélag enn meira en orðið er sundur í stríðandi hópa. Í bókstaflega öllum skilningi virðist ályktunargáfa þessarar ógæfustjórnar vera algerlega brengluð, og hafa röksemdir hennar í þessum umr. borið því ófagran vitnisburð. Þegar það liggur fyrir, að geigvænlegur halli verður á utanríkisviðskiptunum, segir ríkisstj., að það sé því að kenna, að almenningur í landinu, sem aldrei í 18 ár hefur búið við bágari kjör samkv. hennar eigin útreikningum, hafi krafizt of mikils, hafi í launum fengið of háar ávísanir á erlendan innflutning, þess vegna sé eina leiðin að hindra allar leiðréttingar á kjörum láglaunastéttanna. Henni virðist ekki koma til hugar, að ástæðan kunni að vera sú, sem hún vitanlega er, að ríkisstj. hefur sleppt öllu taumhaldi mannlegs hyggjuvits á utanríkisviðskiptunum. Henni virðist ekki koma til hugar, að ástæður greiðsluhallans megi t. d. rekja til þess, að inn eru fluttar vörur eins og lúxusbílar og sjónvarpstæki handa yfirstétt Reykjavíkur fyrir allt að hálfum milljarð á einu ári, alveg án tillits til þess, hver efni þjóðin í heild hefur á slíku. Henni kemur ekki til hugar, að það hafi haft meðverkandi áhrif, að verzlunarstéttinni hefur á einu ári verið rétt aukið lánsfé, sem nemur nærri allri sparifjáraukningu í landinu. Og hún sér ekki neinar hættur í því fólgnar, að heildsalastéttinni séu veittar hömlulitlar eða hömlulausar heimildir til skuldasöfnunar erlendis. Og ekki virðist hún telja neinar hættur í því að ávísa til hálauna- og embættismannastéttanna 400—500 millj. kr. á einu ári í hækkuðum launum og meira að segja allt að hálfri milli. í árslaun til einstakra manna, einstakra starfsmanna eins og bankastjóra. Nei, ríkisstj. virðist halda, að öll óhófseyðslan og eftirspurnin eftir erlendum gjaldeyri sé hjá verkafólkinu og því beri þar að stemma á að ósi með því að lækka í sífellu laun þess, eins og hún hefur gert. Er það að undra, þótt flest gangi úrskeiðis hjá þeim valdhöfum, sem þannig hugsa og álykta?

Fjárfestingin er hóflaus, segir ríkissti., spennan í þeim efnum bölvaldur og verðbólgu. En ríkisstj. mundi seint viðurkenna, að slíkt væri lexía um áætlunarbúskap, þar sem lægi til grundvallar mat á því, hvaða fjárfesting væri þjóðinni nauðsynleg og gagnleg og hver mætti bíða betri tíma. Ættu t. d. byggingar bankastórhýsa og verzlunarhalla fyrir hundruð millj. í höfuðborginni að sitja í fyrirrúmi fyrir framkvæmdum, sem til þess væru fallnar að auka framleiðslu og framleiðni og í kjölfar þess þjóðartekjur og launatekjur vinnustéttanna? Slíkar ályktanir dregur hæstv. ríkisstj. ekki, heldur rígheldur sér við þá speki, að fjármagnið, peningarnir eigi að ráða ferðinni, en vitsmunirnir megi þar hvergi nærri koma.

Eftir 5 ára samstjórn stjórnarflokkanna og 4 ára viðreisn lýsir ríkissti. því nú yfir, að útflutningsatvinnuvegirnir séu að brotum komnir vegna verðbólgu og þar af leiðandi síaukins tilkostnaðar. Þetta telur hún vera sína höfuðröksemd fyrir ofbeldisfrv., og hún kveinar undan því, að þessir atvinnuvegir standist ekki samkeppni við aðrar útflutningsþjóðir sjávarafurða. Hvers vegna? Vegna of hás kaupgjalds verkafólksins. Aðrar ástæður til erfiðleikanna þekkir hæstv. ríkisstj. ekki eða bvkist ekki þekkja. Hið sanna er þó, að fiskiðnaðurinn, sem er sérstaklega hafður á oddinum í þessu sambandi, býr hérlendis við miklu lægri vinnulaun en t. d. í okkar helzta samkeppnislandi, Noregi. Samkv. nýjustu skýrslum um vinnulaun í Noregi bera verkamenn þar í landi frá borði meðaltalstímalaun að upphæð 47.40 kr. á klst., en enn hærra kaup er algengt í fiskiðnaðinum. Hérlendis er kaup verkamanna í fiskiðnaði 28.00—28.45 kr. á klst. Í Noregi býr fiskiðnaðurinn einnig við miklu hærra hráefnisverð en hér er greitt. Ríkisstj. virðist halda eða vill láta menn halda, að vinnulaunin séu eini

hreyfanlegi kostnaðarliðurinn í framleiðslunni. Hið sanna er þó, að verkalaun, t. d. í frystiiðnaðinum, eru ekki yfir 20% af vinnslukostnaði afurðanna og í öðrum greinum fiskiðnaðarins miklu minni þáttur. Aftur á móti eru kostnaðarliðir, sem beint eru háðir ákvörðunum stjórnarvalda og ríkisstj. hefur ákveðið nokkru hærri en verkalaunin eða um 22%. Annar kostnaður er svo að meira eða minna leyti háður hagkvæmni í rekstri. Stjórnarvöld hafa í hendi sér t. d. vexti og útflutningsgjöld, en þessir liðir gera samanlagt 17—18% af tilkostnaði við fiskvinnslu. Lækkun þessara liða beggja um t. d. 40—50% er auðveld, en út á slíka lækkun mætti hækka laun um hartnær sömu hundraðstölu eða meira en nemur öllum kröfum verkafólks nú. Og mætti þó fleiri kostnaðarliði nefna, sem líku máli gegnir um. En hæstv. ríkisstj. einblínir á kaup verkafólksins og sér enga leið aðra en að halda því niðri, lemur höfði við stein og býst, þótt blind sé á báðum augum, til baráttu við verkalýðshreyfinguna, ekki aðeins um launakjörin, heldur einnig og ekki síður um þau grundvallarréttindi, sem verkalýðsstéttinni eru dýrmætari en flest, ef ekki allt annað, og mun þess vegna leggja allt þrek sitt, allan manndóm sinn og allt vit sitt fram til að verja, hvað sem í skerst og hvaða boð og bönn sem höfð eru í frammi. Ríkisstj. er því fyrir fram dæmd til þess að tapa þeim ljóta leik, sem hún hefur nú hafið, og ofheldislög hennar, þótt samb. verði af þægu þingliði, verða aldrei pappírsins virði, sem þau verða prentuð á.

En þótt svo muni fara og ríkissti. verði knúin til þess að leyfa samninga um hækkuð laun láglaunastéttanna, kann það tilefnislausa stríð, sem hún ein ber ábyrgð á að um svo sjálfsagða hluti verði háð, að kosta alþýðu manna og þjóðina alla miklar fórnir og fjármuni. Þær fórnir og þá fjármuni getur Alþingi sparað til þarflegri hluta með því að veita ríkisstj., þeirri stjórn, sem verst hefur leikið íslenzka hagsmuni og íslenzka alþýðu, lausn í náð að illum verkalokum.

Gerbrevtt stefna í íslenzkum stjórnmálum og ný ríkisstj., sem notið gæti trausts þjóðarinnar, er kjörorð og krafa allrar alþýðu og frjálslyndra Íslendinga úr öllum flokkum. Tafarlausir friðarsamningar við alþýðusamtökin yrðu fyrsta verk slíkrar stjórnar. Áralangri fjandskaparstefnu í garð láglaunastéttanna yrði hætt, verkalaun hækkuð verulega og árvissar kjarabætur í formi kauphækkana og verðlækkana yrðu tryggðar. Sérstaklega yrði kappkostað að bæta hag þeirra, sem að útflutningsframleiðslunni vinna, og hún þannig efld til þess að afla aukins gjaldevris og gerð samkeppnisfær um traust og nægilegt vinnuafl. Í öðru lagi: útflutningsatvinnuvegunum yrði tryggt rekstraröryggi og viðunandi afkoma og þeim jafnframt gert kleift að bæta kjör síns fólks með mikilli vaxtalækkun, lækkun útflutningsgjalda og fleiri kostnaðarliða, sem ríkisvaldið hefur vald á, svo sem tolls af rekstrarvörum, vátryggingargjalda o. fl. Í þriðja lagi: komið yrði á stjórn í fjárfestingar- og gjaldeyrismálum, — stjórn, sem miðaði að því, að fjárfesting nýttist þjóðinni til aukinnar verðmætasköpunar og aukinnar framleiðni og að hinu leytinu tryggði eðlilegan viðskiptajöfnuð út á við. Í fjórða lagi: gróði innflutningsverzlunarinnar yrði að meira eða minna leyti beizlaður til almenningsþarfa með því, að ríkið tæki í sínar hendur stærstu greinar hennar, eins og innflutning olíu, bifreiða, véla og skipa og enn fremur innflutning lúxusvara. Í fimmta lagi: almennir vextir yrðu lækkaðir og aðrar ráðstafanir, svo sem afnám tolla og söluskatts af nauðsynjum, gerðar til beinnar verðlækkunar í landinu. Í sjötta lagi: skipulegt átak yrði gert til þess að leysa húsnæðismálin með því að tryggja þeim fjármagn og með lengingu lána og lækkun vaxta. Í sjöunda lagi: studdar yrðu allar aðgerðir hagsmunasamtaka launafólks og atvinnurekenda til þess að leita nýrra úrræða til aukinnar framleiðslu og framleiðni með bætt kjör og styttingu vinnudags að takmarki. Lög um vinnuvernd yrðu sett í samráði við alþýðusamtökin. Í áttunda lagi: skattar og útsvör af lágtekjum yrðu stórlækkuð og jafnframt komið á virku skattaeftirliti, sem útilokaði skattsvik og tryggði, að rétt mynd sæist af því, hvert gróðinn í þjóðfélaginu safnast, og að hann yrði skattlagður réttilega. Í níunda lagi: sjálfstæði þjóðarinnar, efnalegt og pólitískt, yrði tryggt og varið og öllum áformum um eflingu herstöðva á Íslandi yrði tafarlaust hætt og sömuleiðis hverjum þeim ráðagerðum öðrum, sem lagt gætu þjóðina og efnalegt sjálfstæði hennar í aukna hættu frá því, sem nú er.

Þetta er stefna, sem umbótamenn í öllum flokkum mundu allir fagna og fylgja, eins og nú er komið málum. Þetta er stefna, sem binda mundi enda á viðreisnina. Þetta er stefna hófsamlegra lágmarksaðgerða, sem nú eru orðnar þjóðarnauðsyn, eftir að núv. stjórnarstefna hefur tröllriðið efnahagskerfinu í fimm ár og siglt flestum þjóðmálum í öngþveiti. Þetta er sátta- og friðarstefna, sem okkar litla þjóðfélagi er orðin lífsnauðsyn að við taki nú um sinn eftir of mörg ár ófriðar og sundrungar í samfélagi, sem fyrst alls þarf á því að halda að standa saman um allt hið stóra, sem allir þegnar þess eiga sameiginlegt. Þetta er stefna, sem Alþb. er reiðubúið að vinna að utan þings og innan og með hverjum þeim, sem vera kann sama sinnis.

Á tímamótum eins og þeim, sem nú eru í þjóðmálum, æskir hvorki verkalýðshreyfingin né flokkur hennar styrjaldar í þjóðfélaginu, heldur rétta hvorir tveggja fram hönd sína til sátta og samstarfs við öll þjóðholl og framfarasinnuð og frjálslynd öfl meðal þjóðarinnar. En enginn skyldi taka sáttaboð okkar svo, að verkalýðshreyfingin sé ekki albúin þess að berjast, ef á þarf að halda, því að það er hún. Þvingunarlögin verða brotin á bak aftur og að engu höfð, vegna þess að þau eiga sér enga stoð í réttarvitund þjóðarinnar. Verkalýðshreyfingin mun, þrátt fyrir öll boð og bönn, tryggja láglaunastéttunum sambærilegar launabætur og þær, sem betur launaðar starfsstéttir hafa áður hlotið. En það er hvort tveggja unnt og auðvelt að ná þessum markmiðum með friðsamlegum hætti og án allra fórna fyrir alþýðu manna og þjóðina í heild. En til þess að svo megi verða, verður viðreisnarstefnan og sú stjórn, sem fylgja vill henni til grafar, að víkja, annað tveggja á þann hátt, að þing verði rofið og

efnt til nýrra kosninga til Alþingis, eða á þann veg, að það sé þrautkannað, hvort Alþingi, eins og það nú er skipað, vilji og geti mótað breytta stjórnarstefnu í samræmi við þarfir og kröfur alþjóðar. Þess vegna ber Alþingi að samþykkja vantrauststill. okkar Alþýðubandalagsmanna.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Góðir áheyrendur. Í hverri einustu ræðu hv. stjórnarandstæðinga, sem flutt hefur verið um frv. ríkisstj. um festingu kaupgjalds og verðlags, er einn og sami rauði þráðurinn. Það er höfðað til tilfinninga launþega, reynt að vekja hjá þeim óánægju, leitazt við að telja mönnum trú um, að ríkisstj. sé að hafa af þeim, hverjum um sig, kjarabót, sem hún hafi látið öðrum í té, það sé verið að svipta þá rétti til þess að bæta kjör sín, kúga þá.

Málsvarar Framsfl. og Alþb. bera alls ekki á móti því, að nú á þessu ári hefur ástand breytzt til hins verra í gjaldeyrisviðskiptum þjóðarinnar. Þeir gera ekki heldur neina tilraun til þess að hnekkja þeim skýringum, sem við málsvarar stjórnarflokkanna höfum veitt, og orsökum þess, hvers vegna svo hefur farið. Þeir gera enn síður nokkra tilraun til þess að benda á úrræði til þess að leysa vandann. Það, sem þeir segja og endurtaka í sífellu, er: Það verður að hækka kaupið, því að það er orðið svo dýrt að lifa. — Þeir spyrja af miklum þjósti: Hvernig í ósköpunum á verkamaður að lifa af launum sínum?

En fyrir 5—7 árum voru hv. stjórnarandstæðingar í ríkisstj. Lífskjör verkamanna voru þá sannanlega lakari en þau eru nú og atvinna ótryggari. Skyldu þeir, sem þá voru í ríkisstj. úr Framsfl. og Alþb., enga hugmynd hafa um það haft, hvernig verkamenn fóru þá að því að lifa af launum sínum?

Hitt er annað mál, að á síðustu árum hafa átt sér stað miklar framfarir á Íslandi. Það hefur verið og er skoðun mín, að hinir lægst launuðu hafi ekki fengið eins mikið í sinn hlut af framleiðsluaukningunni og rétt hefði verið. En það er ekki af því, að ríkisvaldið hafi verið þeim andstætt. Það er af því, að launþegasamtökin og atvinnurekendur hafa í frjálsum samningum samið um hlutfallslega meiri hækkun til þeirra, sem hærri laun hafa, en láglaunafólksins. Þess vegna er nú svo komið, að hlutur hinna lægst launuðu verður ekki réttur nema með aðstoð ríkisvaldsins.

Ríkisstj. hefur lýst því yfir, að hún muni beita sér fyrir lagasetningu til þess að bæta raunveruleg kjör láglaunafólks til þess að ná markmiði, sem þeim hefur ekki tekizt að ná í frjálsum samningum. Það er mergur alls þess máls, sem hér er um að ræða. Höfuðtilgangurinn er alls ekki að beita launþegasamtökin ofbeldi, allra sízt láglaunafólkið, heldur þvert á móti að tryggja því raunverulega kjarabót, sem samtök þess hafa ekki getað veitt því.

Svo þrástagast hv. stjórnarandstæðingar á því, hversu opinberir starfsmenn hafi fengið mikla kauphækkun. Enginn stingur samt upp á því að lækka kaup opinberra starfsmanna aftur. Hins vegar er sagt við allar aðrar stéttir: Þið eigið að fá jafnmikla kauphækkun og opinberir starfsmenn. — Samt voru rökin fyrir kauphækkun opinberra starfsmanna þau, að þeir hefðu tiltölulega lægra kaup en aðrar stéttir, miðað við ábyrgð og menntun. Áður en opinberir starfsmenn fengu sína kauphækkun, voru allir sammála um, að kaup þeirra þyrfti að hækka. Allir flokkar þingsins samþykktu þau lög, sem eru grundvöllur kauphækkunarinnar. Samtökum opinberra starfsmanna var og er stjórnað af framsóknarmönnum og Alþb.-mönnum. Þeir gerðu kröfur um miklu meiri kauphækkun en náði fram að ganga. Ríkisstj. ákvað ekki þá kauphækkun opinberra starfsmanna, sem varð. Það gerði hlutlaus dómur, sem að meiri hl. var tilnefndur af hæstarétti. Hann hækkaði kaup opinberra starfsmanna ekki nálægt því eins mikið og framsóknarmennirnir og Alþb.-mennirnir í forustuliði opinberra starfsmanna höfðu krafizt. Framsóknarmenn og Alþb.-menn, sem áður töldu opinbera starfsmenn eiga rétt á meiri kauphækkun en þeir fengu, miðað við aðrar stéttir, telja nú aðrar stéttir eiga að fá kauphækkun til samræmis við opinbera starfsmenn. Þegar því væri lokið, teldu þeir væntanlega opinbera starfsmenn enn á ný eiga rétt á kauphækkun til samræmis við aðrar stéttir, enda gera lögin um kjör opinberra starfsmanna beinlínis ráð fyrir slíku. Þá væri kominn tími til, að aðrar stéttir ættu aftur rétt á kauphækkun til samræmis við opinbera starfsmenn. Eru Íslendingar svo glámskyggnir, að þeir sjái ekki, hvers konar skollaleik framsóknarmenn og Alþb.-menn eru hér að leika? Er það í raun og veru ekki að misbjóða dómgreind íslenzku þjóðarinnar að láta sér slíkan málflutning sæma?

Það er persónuleg skoðun mín, að rangt hafi verið að láta þá miklu breytingu, sem kjaradómur gerði á kjörum opinberra starfsmanna, koma alla til framkvæmda í einu. Það hefði verið skynsamlegra að dreifa henni á nokkurn tíma. Þótt breytingin hafi verið réttmæt, var hún svo stórkostleg, að efnahagskerfið og þjóðfélagið hefði þurft nokkurn tíma til að framkvæma hana. En ríkisstj. og stjórnarflokkarnir bera ekki einir ábyrgð á því, sem gert var. Allir stjórnmálaflokkar Alþingis samþykktu löggjöfina, sem hér er um að ræða, og launþegasamtökin í landinu yfirleitt virtust styðja þær kröfur, sem leiðtogar opinberra starfsmanna gerðu í samningunum. Stjórnendur Alþýðusambandsins létu aldrei eitt einasta orð frá sér fara þess efnis, að þeir teldu launakröfur opinberra starfsmanna of háar eða ósanngjarnar. Það er því hreinn ódrengskapur af hálfu leiðtoga Alþýðusambandsins í garð opinberra starfsmanna að vilja nú taka aftur af þeim þá kjarabót, sem þeir fengu, því að væntanlega er öllum ljóst, að ef kaup allra annarra launastétta hækkaði í átt við það, sem kaup opinberra starfsmanna hefur hækkað, þá væri kjarabót þeirra að engu orðin.

Ég hef orðið þess var, að ýmsir af stuðningsmönnum ríkisstj. hafa velt því fyrir sér, hvers vegna ekki hafi verið gripið til gagnráðstafana gegn öfugþróuninni nú á þessu ári, fyrr en raun ber vitni. Í þessu sambandi verða menn að minnast þess, að kauphækkanirnar, sem eru meginorsök þess vanda, sem nú er við að etja, urðu ekki fyrr en á miðju þessu ári. Í júní

sömdu verkamenn um 7½% kauphækkun. Í kjölfar þeirra komu samningar annarra launastétta um ýmist 7½% eða 13% kauphækkun. Þessir samningar stóðu fram eftir sumri. Í júlí var hin mikla kauphækkun opinberra starfsmanna ákveðin með kjaradómi. Úrskurður kjaradóms tók aðeins til sjálfra ríkisstarfsmannanna, en hlaut að sjálfsögðu að hafa áhrif á kjör annarra opinberra starfsmanna, svo sem bankamanna og bæjarstarfsmanna. Framkvæmd þeirra breytinga á launakjörum, sem telja mátti beinar afleiðingar kjaradómsins, hefur staðið yfir lengst af síðan í júlí. Allir vita einnig, að lögum samkv. áttu bændur rétt á breytingum á afurðaverði í septembermánuði. Ástand og horfur í launa- og verðlagsmálum voru alls ekki orðnar ljósar fyrr en allar þessar breytingar voru um garð gengnar. Þá er þess síðast, en ekki síst að geta í sambandi við almennu kauphækkunina í júní s. l., að það varð um það samkomulag milli launþega og vinnuveitenda, að sérstök rannsókn skyldi fram fara á greiðslugetu atvinnuveganna. Sú rannsókn hófst ekki fyrr en um miðjan ágúst og er ekki lokið enn, þótt nefndin hafi gert almenna grein fyrir störfum sínum um miðjan október. Ríkisstj. hlaut að telja það skyldu sína að öðlast heildaryfirlit yfir ástand og horfur í launamálum og efnahagsmálum yfirleitt, móta stefnu í þeim málum í samráði við stuðningsflokka sína og leggja síðan till., byggðar á þeirri stefnu, fyrir Alþingi. Þetta var ekki unnt, fyrr en kauphækkanir sumarsins voru um garð gengnar og verð innlendra landbúnaðarafurða hafði verið ákveðið og ljóst var, hver yrði árangur af störfum kjararannsóknarnefndar samtaka launþega og vinnuveitenda.

Um það leyti, sem Alþingi kom saman, hafði ríkisstj. lokið athugunum sínum og hóf umr. um málið við stuðningsflokka sína. Ríkisstj. og þingflokkarnir, sem að henni standa, stefndu að því að leggja sem fyrst fyrir Alþingi heildartillögur, sem tryggðu afkomu útflutningsatvinnuveganna og þar með stöðuga atvinnu áfram, varðveizlu gengisins samfara bata á viðskiptaaðstöðunni út á við og auk þess leiðréttingu á tekjuskiptingunni láglaunafólki í vil. En vegna þess að verkfall prentara var boðað þegar 1. nóv. og verkfall verzlunarmanna 4. nóv. og ríkisstj. og stuðningsflokkar hennar töldu, að það væri þjóðhættulegt, ef ný verkfallsalda risi í landinu, þá varð niðurstaðan sú að leggja fram þetta frv. um bráðabirgðafestingu kaupgjalds og verðlags til áramóta, meðan unnið væri að heildartillögunum, sem tilætlunin var og er að leggja fyrir Alþingi.

Nú eru af hálfu stjórnarandstöðunnar gerðar miklar tilraunir til þess að espa tilfinningar manna, rugla dómgreind þeirra og æsa menn til óhappaverka. Ríkisstj. og henni einni er kennt um þann vanda, sem íslenzku þjóðinni er nú á höndum. Ýmsir eru þannig gerðir, að þeir vilja alltaf trúa öllu illu um andstæðinga sína, en ég er samt sannfærður um, að mikill meiri hluti þjóðarinnar sé reiðubúinn til þess að hlusta á rök og taka tillit til þeirra, ef hann sannfærist. Það er eflaust tilgangslítið að tala til þeirra, sem vilja trúa því, að ríkisstj. hafi vísvitandi stefnt málum í óefni. En hinum, sem vilja leita hins sanna í málinu og eru reiðubúnir til þess að taka tillit til réttra raka, vil ég segja þetta:

Vandamálið nú á sér fjórar orsakir. Í fyrsta lagi hefur á þessu ári orðið kauphækkun hjá öllum launastéttum, sem nemur 13%, til viðbótar mikilli almennri kauphækkun í fyrra. Í öðru lagi var í júlí mikil kauphækkun hjá ríkisstarfsmönnum, sem leitt hefur einnig til kauphækkunar hjá öðrum opinberum starfsmönnum á undanförnum mánuðum. Í þriðja lagi var í sept. mikil almenn hækkun á innlendum landbúnaðarafurðum lögum samkvæmt. Og í fjórða lagi hefur af öllu þessu og af óttanum við áframhaldandi kauphækkanir og verðhækkanir og þar með gengisfall leitt mikla aukningu framkvæmda og innflutnings og þá fyrst og fremst framkvæmda einkaaðila og innflutnings í sambandi við þær.

En nú spyr ég alla skynsama, alla góðviljaða menn: Bar ríkisstj. ábyrgð á 13% almennu kauphækkuninni á þessu ári? Nei, auðvitað ekki. Hún var ákveðin í frjálsum samningum milli launþega og vinnuveitenda. Bar ríkisstj. ein ábyrgð á niðurstöðum kjaradómsins? Nei, síður en svo. Lögin um kjaradóm voru samþ. af öllum flokkum á Alþingi, kröfur ríkisstarfsmanna voru studdar af öðrum launþegasamtökum og þó alveg sérstaklega af stjórnarandstöðuflokkunum. Ber ríkisstj. ábyrgð á verðhækkun landbúnaðarafurða? Nei, hún hefur verið ákveðin skv. lögum, sem haldizt hafa lítið breytt í 2 áratugi, lögum, sem allir flokkar þingsins stóðu að á sínum tíma og enginn hefur í tvo áratugi treyst sér til að flytja gagngerar brtt. við og hafa ekki einu sinni verið gagnrýnd nema af hálfu Alþfl.

Nei, þeir, sem vilja sjá hið sanna og rétta í málinu, hljóta að viðurkenna, að vandinn, sem okkur öllum er nú á höndum, er ekki afleiðing af þeirri stefnu, sem ríkisstj. hefur fylgt síðan 1959. Hann á þvert á móti rót sína að rekja til þess, að ríkisstj. hefur ekki haft aðstöðu til þess að framfylgja þessari stefnu sinni að öllu leyti. Hér eru frjáls launþegasamtök og frjáls vinnuveitendasamtök, og þau hafa því miður ekki tekið tillit til staðreynda efnahagslífsins þrátt fyrir viðvaranir ríkisstj. Og Alþingi í heild, ég undirstrika: allir flokkar Alþingis bera ábyrgð á löggjöf, sem reynist nú mjög hæpin í framkvæmd, og á ég þar við löggjöfina um verðlagningu landbúnaðarafurðanna og kjaradóminn.

Hins vegar er það auðvitað skylda sérhverrar ríkisstj. að stjórna landinu, láta ekki allt fara úr böndunum, bjarga því, sem bjargað verður hverju sinni, og freista þess að halda þjóðarskútunni á réttum kili í ólgusjónum, sem sú ríkisstj. verður ávallt að sigla um, sem á við harðvítuga og ábyrgðarlausa stjórnarandstöðu að etja. Af þessum sökum hefur ríkisstj. lagt fram þetta frv. í því skyni að koma í veg fyrir öngþveitið.

Annars er málflutningur stjórnarandstöðunnar í þessu máli með þeim hætti, að óhjákvæmilegt er að gera hann að sérstöku umræðuefni. Málsvarar Alþb. tala eins og slík óhæfa hafi aldrei gerzt áður í sögu Íslands, að nú eigi kaupgjald allt að haldast óbreytt til áramóta

eða í u. þ. b. átta vikur, samfara því að allt innlent verðlag skuli fest. Alþb. og Sósfl. hafa tvívegis átt sæti í ríkisstj. á Íslandi. Í fimm ár samtals hefur þessi flokkur borið ábyrgð á stjórnartaumum. Það er skemmri tími en nokkur hinna flokkanna hefur átt sæti í ríkisstj. En þótt stjórnartími Alþb. sé ekki lengri en þetta, hefur hann samt verið nógu langur til þess, að Alþb. hefur ekki aðeins borið ábyrgð á, heldur beinlínis haft forustu um festingu kaupgjalds, ekki aðeins í jafnlangan tíma og nú er lagt til, heldur í helmingi lengri tíma.

Það eru rúm sjö ár liðin, síðan þetta átti sér stað. Í ágúst 1956, rétt eftir að stjórn Hermanns Jónassonar hafði verið mynduð og Alþb. hafði tekið ábyrgð á stjórnartaumum, stóð fyrir dyrum almenn kauphækkun í kjölfar hækkaðrar vísitölu. Launþegasamtök áttu rétt á þessari kauphækkun skv. samningum og landslögum, en hún var augljóslega umfram aukningu þjóðartekna á því ári. Núv. formaður Alþýðusambandsins og Alþb., sem hæst talar gegn þessari lagasetningu, hikaði þá ekki við að festa kaupgjaldið í fjóra mánuði og gera þar með það, sem hann nú kallar að svipta verkalýðsfélögin frjálsum samningsrétti og taka meira að segja af launþegum kauphækkun, sem þeir áttu skýlausan rétt á. En Hannibal Valdimarsson er auðsjáanlega einn þeirra manna, sem lítur allt öðruvísi á öll vandamál þjóðarinnar eftir því, hvort hann er sjálfur í ríkisstj. eða í stjórnarandstöðu. Hann er auðsjáanlega einn þeirra manna, sem telur hagsmunum launastétta eitt gagnlegt, þegar hann er í ríkisstj., en annað, þegar hann er utan stjórnar. Hannibal Valdimarsson talaði mikið haustið 1956, eins og hann gerir nú, en þá var svolítið annað hljóð í strokknum. Festingu kaupgjaldsins þá taldi hann ekki aðeins mikið nauðsynjaverk, heldur taldi hann sig og flokk sinn beinlínis hafa stuðlað að því með þessari lagasetningu að bægja bráðum voða frá íslenzku efnahagslífi.

Afstaða Framsfl. til þessa máls er þó enn þá furðulegri en Alþb. Hver á fætur öðrum af þm. Framsfl. hefur talað eins og aldrei hafi annað eins gerzt í sögu Alþingis og það, að nú skuli ríkisstj. leyfa sér að leggja til, að kaupgjald og verðlag sé fest um nokkurt skeið, svo að tóm gefist til varanlegra, skynsamlegra og réttlátra ráðstafana. Leiðtogar Framsfl. hrópa jafnvel enn þá hærra en leiðtogar Alþb. um, hvílík óhæfa það sé, að ríkisvaldið hafi með löggjöf afskipti af launamálum stéttarfélaga, svipti þau frjálsum samningsrétti og banni verkföll. En nú skulum við eitt andartak hverfa 25 ár aftur í tímann og virða fyrir okkur það, sem síðan hefur gerzt. Framsfl. hefur verið í ríkisstj. næstum ¾ hluta þessa tímabils, og skyldi Alþingi aldrei hafa haft afskipti af launamálum, samningsrétti eða verkfallsrétti á þessu tímabili, þegar Framsfl. var í ríkisstj.? Sannleikurinn er sá, að á s. l. 25 árum er þetta í sjöunda — í sjöunda skiptið, sem Alþingi á einn eða annan hátt hefur talið sig nauðbeygt til afskipta af frjálsum samningsrétti launþegasamtaka. Framsfl. hefur alltaf staðið að þessum afskiptum og stundum haft beina forustu um þau. Á s. l. 25 árum hefur Alþingi aldrei takmarkað frjálsan samningsrétt verkalýðsfélaga án þess, að Framsfl. hafi átt þar aðild að, fyrr en núna, þegar Framsfl. er í ábyrgðarlausustu stjórnarandstöðu, sem um getur í sögu íslenzks þingræðis. Ég skal rekja þessi dæmi með örfáum orðum.

Vorið 1939 var gengi krónunnar lækkað og grunnkaup bundið með lögum. Framsfl. hafði forustu um þessa lagasetningu, enda hafði hann stjórnarforustu. Þetta er fyrsta dæmið.

1942 voru öll launþegasamtök svipt samningsrétti og allar kaupbreytingar lagðar undir úrskurð gerðardóms. Framsfl. beitti sér fyrir þessari lagasetningu, enda var hann í ríkisstj. Þetta er annað dæmið.

1947 var kaup beinlínis lækkað með lögum. Framsfl. stóð að þeirri lagasetningu. Það er þriðja dæmið.

1950 var gengi krónunnar lækkað. Grunnkaupshækkanir voru þá bannaðar með lögum. Framsfl. hafði forustu um þá lagasetningu, enda hafði hann þá forsæti í ríkisstj. Þetta er fjórða dæmið.

Haustið 1956 voru launþegar með lögum sviptir kauphækkun, sem þeir áttu samningsbundinn rétt á vegna hækkunar framfærsluvísitölu. Framsfl. stóð að þeirri ráðstöfun, enda var hann í ríkisstj. Þetta er fimmta dæmið.

1959 var allt kaupgjald í landinu lækkað með lögum. Framsfl. samþykkti það lagafrv., sem borið var fram af minnihlutastjórn Alþfl. Það var í fyrsta skipti, sem hann samþykkti afskipti Alþingis af frjálsum samningsrétti launþegasamtaka án þess að vera sjálfur í ríkisstj., en ástæðan var eflaust sú, að hann gerði sér sterkar og eindregnar vonir um að komast í ríkisstj. að afloknum kosningum eftir nokkra mánuði. Þetta er sjötta dæmið.

Og þá eru upp talin öll þau skipti, sem Alþingi hefur talið sig nauðbeygt til þess að festa kaupgjald um sinn eða jafnvel lækka laun með lagaboði. Framsfl. hefur ávallt samþ. þessar ráðstafanir. Alþingi hefur fram til þessa dags aldrei samþ. kaupfestingu eða launalækkun án þess, að Framsfl. hafi staðið að henni eða beinlínis haft forustu um hana. Það er ekki fyrr en núna, þegar Framsfl. er ekki í ríkisstj. og hefur alls enga von um að komast í ríkisstj., að hann snýst algerlega öndverður gegn ráðstöfunum, sem hann hefur sjálfur sex sinnum á 25 árum ýmist staðið að eða beitt sér fyrir. Hvernig á slíkur flokkur, hvernig eiga slíkir stjórnmálaleiðtogar að halda virðingu heilbrigt hugsandi manna? Hvernig getur það nú allt í einu verið orðið alrangt, bara af því að Framsfl. er utan ríkisstj., sem sex sinnum á 25 árum hefur reynzt rétt, þegar Framsfl. var í ríkisstj. eða beið þess að komast í ríkisstj.?

Nei, það er hægt að ofbjóða dómgreind almennings, og það gerir Framsfl. með ofstækisfullri afstöðu sinni í þessu máli. Sannleikurinn er sá, að meginþorri Íslendinga gerir aðrar kröfur til Framsfl. en Alþb., þegar mikinn vanda ber að höndum, hvort sem það er í innanríkismálum eða utanríkismálum. Það er vitað, að þeir, sem raunverulega ráða málum Alþb., eru sumpart á valdi annarlegra afla og sumpart fangar úreltra kreddukenninga, sem þeir ungir hafa ánetjazt og síðan aldrei haft siðferðisþrek til að losa sig undan. Þessir menn teyma síðan

á eftir sér ýmsa aðra, sem lítinn skilning hafa bæði á innlendum efnahagsmálum og erlendum stjórnmálum. En það ætti að vera hægt að ætlast til annars og meira af leiðtogum Framsfl., sem s. l. 25 ár hafa farið lengur með stjórn á Íslandi en nokkrir aðrir menn og ættu því að hafa fullkomna þekkingu á lögmálum efnahagslífsins og hafa öðlazt mikla reynslu. Þeim verður ekki fyrirgefið vegna þess, að þeir séu slegnir blindu alheimskommúnismans eða séu ráðvilltir menn, sem rekið hefur á fjörur hans. Til þeirra verður að gera kröfu sem ábyrgra stjórnmálamanna, en einmitt þess vegna er afstaða þeirra nú óafsakanleg. Það fær mig enginn til þess að trúa því, að maður með þekkingu og reynslu Eysteins Jónssonar skilji ekki fullkomlega, að það hefði verið þjóðarvoði, ef ný verkfallsalda hefði risið nú í byrjun nóvember. Það fær mig enginn til þess að trúa því, að maður með þekkingu og reynslu Eysteins Jónssonar skilji ekki fullkomlega, að allt kaupgjald í landinu getur nú ekki hækkað um allt að 40%, eins og kröfur eru uppi um. Það fær mig enginn til þess að trúa öðru en Eysteinn Jónsson hefði gert nákvæmlega hið sama og núv. ríkisstj. hefur gert, þ. e. a. s. leggja til bráðabirgðafestingu kaupgjalds og verðlags, ef hann og hans flokkur hefðu verið í ríkisstj. Sönnunin fyrir því, að þeir hefðu farið þannig að, getur ekki einfaldari og augljósari verið. Undir líkum kringumstæðum hafa þeir í grundvallaratriðum farið alveg eins að, þegar þeir hafa verið í ríkisstj., ekki einu sinni, ekki tvisvar, ekki þrisvar, ekki fjórum sinnum, ekki einu sinni fimm sinnum, heldur sex sinnum.

Ég hef þá óbilandi trú á dómgreind Íslendinga, að þeir fordæmi þetta háttalag Framsfl. Lýðræðisflokkur á ekki og má ekki hegða sér eins og Framsfl. gerir í þessu máli.

Um kommúnista og fylgifiska þeirra gegnir því miður öðru máli. Þeir eru í fjötrum, sumpart erlends valds, sumpart gamalla fordóma, en í Framsfl. eru frjálsir menn. Á örlagaríkum úrslitastundum reynist samt enginn munur á þeim og bandingjunum, sem eru í viðjum landplágunnar miklu, sem þjakar mannfólk frá Eystrasalti til Kyrrahafs. Þetta er hinn ömurlegi sorgarleikur íslenzkra stjórnmála í dag.

Góðir áheyrendur. Ríkisstj. og stuðningsflokkar hennar hafa ekki gert það að gamni sínu að leggja þetta frv. fyrir hið háa Alþingi. Þeir hafa ekki gert það af því, að þeir telji það æskilegt í sjálfu sér, að löggjafarvaldið hafi afskipti af frjálsum samningum stéttarfélaga við vinnuveitendur. Þeir hafa þvert á móti talið sig til neydda að gera þetta til þess að forða þjóðinni allri og ekki sízt launþegum frá vísum voða. Þann starfsfrið, sem ríkisstj. hefur beðið um, mun hún nota vel, og þá mun hún sýna, að henni og stuðningsflokkum hennar hefur ekki gengið til fjandskapur við láglaunafólk.

Miðstjórn Alþfl. hefur markað stefnu flokksins í þessu máli skýrt og ótvírætt. Alþfl. telur nauðsynlegt að bæta kjör láglaunafólks frá því, sem nú er. Til þess telur hann ýmsar leiðir koma til greina, svo sem verulega lækkun útsvara og skatta á láglaunafólki, ákvörðun lágmarkslauna og verulega aukningu tryggingabóta. Í þessu sambandi vil ég ekki láta hjá líða að geta þess og leggja á það áherzlu, að engar lagfæringar í skatta- og útsvarsmálum geta náð tilætluðum árangri, nema jafnframt sé tekið fyrir þann þjóðarósóma, sem nú er beinlínis smánarblettur á íslenzku efnahagslífi, þar sem eru hin víðtæku skattsvik, sem því miður hafa tíðkazt hér á landi um langt skeið og valda því, að fastlaunamenn með miðlungstekjur greiða í raun og veru skatta og útsvar fyrir fólk, sem hefur tvöfalt, þrefalt eða margfalt hærri tekjur, en hefur aðstöðu til þess að skjóta þeim undan skatti og útsvari. Þessu ástandi verður að breyta. Það er ófrávíkjanleg forsenda þess, að launþegar geti sætt sig við kjör sín.

Góðir áheyrendur. Allir hugsandi Íslendingar þurfa nú að gera sér ljóst, að vandi er á höndum. Það er skylda ríkisstj. og stjórnarflokka á hverjum tíma að hafa forustu um lausn vandans. Hins vegar erum við auðvitað ekki alvitrir. En ég spyr ykkur að síðustu, hlustendur góðir: Haldið þið, að meira tillit yrði tekið og betra tillit yrði tekið til hagsmuna launastéttanna, ef Framsfl. ætti aðild að ríkisstj.? Og sérstaklega spyr ég ykkur, Reykvíkinga: Er reynslan af starfi Framsfl. sú, að þið hafið ástæðu til þess að vænta vinsamlegri tillagna frá honum en þeim, sem nú fara með völd? Og enn spyr ég íslenzka launþega: Var reynslan af stjórnarþátttöku Alþb. á árunum 1956—58 slík, að þaðan sé að vænta lausnar á viðtækum vandamálum?

Nei, öll svörin hljóta að verða neitandi. Einu flokkarnir, sem hafa aðstöðu til þess að leysa þann vanda, sem nú steðjar að, eru þeir, sem nú standa að ríkisstj. Einu flokkarnir, sem vilja leysa hann og geta leyst hann af réttlæti og skynsemi með raunverulegar hagsbætur láglaunafólks fyrir augum, eru flokkarnir, sem standa að núv. ríkisstj. Undan þeirri skyldu sinni munu þeir ekki víkjast. Ef þeir víkjust undan henni, yrði hér upplausn, glundroði, hrun. Þess vegna munu þeir gegna skyldu sinni í krafti þess umboðs frá meiri hl. íslenzku þjóðarinnar, sem þeir fengu í alþingiskosningunum í sumar. Þess vegna munu þeir fylgja fast fram þeirri stefnu, sem ein tryggir stöðuga atvinnu og stöðugt gengi gjaldmiðilsins, en færir jafnframt láglaunafólki réttlátan og vaxandi hlut af þjóðartekjunum.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Hv. áheyrendur. Það liggur nú ljóst fyrir og verður ekki um það deilt, að yfirlýstum höfuðmarkmiðum viðreisnarinnar hefur alls ekki verið náð. Verðbólgan hefur ekki verið stöðvuð og efnahagslífinu hefur ekki verið komið á heilbrigðan grundvöll. Viðreisnarstefnan hefur ekki leitt til velmegunar, heldur til óheillaþróunar á fjölmörgum sviðum þjóðlífsins. Og hæstv. forsrh. sagði í gær, að erfiðleikarnir, sem við er að fást, væru alveg sama eðlis og áður. Viðreisnin hefur því ekki komið með neina lækningu. Ríkisstj. segir að vísu, að viðreisnin hafi að sumu leyti borið árangur, og bendir því til stuðnings á mikla atvinnu og nokkurn gjaldeyrisvarasjóð. En hvorugt er stjórninni að þakka. Hvort tveggja er að þakka góðu árferði og metaflabrögðum. Viðreisnarstjórnin hefur því raunverulega beðið algert skipbrot.

Það liggur nú einnig ljóst fyrir, að þrátt fyrir alllangan umhugsunartíma hefur ríkisstj. eins og er ekki önnur ráð tiltæk til lausnar þessum vanda, er hún telur vera fyrir hendi, en kaupbindingu samkv. frv. því, sem hún nú hefur lagt fram á Alþingi, og er varla hægt að auglýsa úrræðaleysi sitt með átakanlegri hætti. Þess hefði mátt vænta, að við þær aðstæður hefði stjórnin séð sér þann kost vænstan að beiðast lausnar af sjálfsdáðum og án þess að bíða eftir vantrausti. En stjórnin stritast við að sitja, þó að stjórnarstefnan hafi reynzt röng í meginatriðum og stjórnin sjái nú engin önnur ráð til að fleyta sér um sinn heldur en þau að binda kaup allra launþega, þ. á m. lágtekjumanna og hinna tekjulægstu manna í þjóðfélaginu.

Ríkisstj. játar þó nú, sumpart beint og sumpart óbeint, að ástand og horfur í efnahagsmálum séu engan veginn jafnglæsilegar og stjórnarsinnar vildu vera láta í alþingiskosningunum s. l. vor. Hún verður að viðurkenna, hvort sem henni er það ljúft eða leitt, að aðalatvinnuvegir þjóðarinnar hvíli, eins og sakir standa, á ótraustum grunni og eigi í margvíslegum erfiðleikum, að verðbólga og dýrtíð fari sívaxandi, að kaupmáttur krónunnar fari hraðminnkandi, að kaupgjaldsmál öll séu í hinni mestu upplausn, að afkoma landsins út á við fari versnandi, að gengi krónunnar sé í hættu og að sparifjáraukningin sé hægari en áður. Þannig er nú útkoman í efnahagsmálunum eftir fjögurra ára viðreisnarstjórn.

Hér hefur vissulega átt sér stað óheillaþróun, sem út af fyrir sig væri æskilegt að stöðva. Um það geta sennilega flestir orðið sammála. Vafalaust geta og margir orðið sammála um það, að hér sé hætta á ferð að öllu óbreyttu. Um hitt eru skoðanir skiptar, af hverju þessi óheillaþróun stafi og til hverra úrræða skuli grípa til þess að vinna bug á henni. En á þessum tveim meginatriðum þarf fólk fyrst og fremst að reyna að átta sig. Hvernig stendur á því, að svo er komið sem komið er þrátt fyrir góðæri og tvö metaflaár í röð, árin 1961 og 1962, og yfirstandandi ár einnig ágætt, og hver ber fyrst og fremst ábyrgð á þessari öfugþróun? Hvaða úrræðum á að beita í baráttunni við óheillaþróun verðbólgunnar og aðsteðjandi efnahagsvanda?

Í málflutningi sínum virðist ríkisstj. kenna öðrum um allar sínar ófarir. Það, sem aflaga hefur farið í landsstjórn, vill hún rekja til stjórnarandstöðunnar. Hún telur stjórnarandstæðinga bera ábyrgð á kaupgjaldshækkununum og verðbólguþróun. Það á að vera stjórnarandstæðingum að kenna, að viðreisnin fór úr böndum. Þessar kenningar ríkisstj. eru blátt áfram broslegar og eru auðvitað fjarri öllum sanni.

Ég held hins vegar, að það sé óhrekjandi staðreynd, að vaxandi verðbólga og dýrtíð að undanförnu eigi beint og óbeint rætur að rekja til efnahagsaðgerða ríkisstj. sjálfrar og þá fyrst og fremst til viðreisnarinnar 1960 og gengisfellingarinnar 1961. Ekki stóð stjórnarandstaðan að þeim ráðstöfunum. Við framsóknarmenn vöruðum þvert á móti eindregið við þeim og bentum á, hvílíkar afleiðingar það glæfraspil mundi óhjákvæmilega hafa, en aðvörunum okkar var því miður ekki sinnt. Við afgreiðslu efnahagslaganna 1960 bentum við einmitt á þá starfshætti við lausn efnahagsvandans, sem við töldum eðlilegasta og líklegasta til árangurs. Þá fluttu framsóknarmenn svo hljóðandi dagskrártill., með leyfi forseta:

„Þar sem deildin lítur svo á, að þjóðarnauðsyn sé, að unnið verði að skipan efnahagsmálanna með sem víðtækustu samstarfi, ályktar hún að beina því til ríkisstj. að skipa nú þegar 8 manna nefnd, 2 frá hverjum þingflokki eftir tilnefningu þeirra, og verði verkefni n.: Í fyrsta lagi að gera till. og leggja þær fram á þessu þingi innan þriggja vikna um ráðstafanir, er miðist við að halda verðbólgunni niðri og atvinnulífinu í fullum gangi. Í öðru lagi að starfa á milli þinga á þessu ári og hafa tilbúnar fyrir næsta reglulegt Alþingi heildartillögur um skipan efnahagsmálanna. Og með skírskotun til þess, er að framan segir, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá."

Ég minni aðeins á þetta. Ég býst við því, að það hefði margt getað farið betur úr hendi í dýrtíðar- og efnahagsmálunum, ef þessi till. hefði verið samþykkt á sínum tíma.

Það er alrangt, sem oft hefur verið bent á, að með gengisbreytingunni 1960 hafi aðeins verið skráð sú gengislækkun, sem raunverulega hafi verið orðin með uppbótakerfi og yfirfærslugjöldum. Hún gekk miklu lengra en það. En auk hinnar gífurlegu gengisfellingar og tollahækkunar, sem af henni leiddi, voru svo, eins og alkunnugt er, vextir stórhækkaðir, nýir neyzluskattar á lagðir og ýmis opinber gjöld hækkuð. Það lá í augum uppi, að þessar samræmdu efnahagsaðgerðir mundu auka dýrtíðina, kalla á kauphækkanir, íþyngja atvinnuvegunum og leiða til margvíslegs misréttis í þjóðfélaginu. Eins og alþjóð veit, hafa allar þessar afleiðingar komið fram. Það er margsannað áður í útvarpsumr., að gengisfellingin 1961 var með öllu óþörf. Hefur það enn á ný verið rökstutt í þessum umr. Í kaupgjaldssamningunum 1961 var að ýmsu leyti farið inn á nýjar brautir, og þeir hefðu getað orðið grundvöllur að vinnufriði, ef rétt var á haldið. En þá greip ríkisstj. til þess óhappaverks að fella gengið á nýjan leik og kasta þar með olíu á dýrtíðarbálið, sem sannarlega var þó nógu magnað fyrir. Afkoma ársins 1961 sýnir svo glöggt, að ekki verður vefengt af öðrum en þeim, sem vilja berja höfðinu við steininn, að atvinnuvegirnir gátu án nokkurrar gengislækkunar borið umsamda kauphækkun, sem óumflýjanleg var vegna vaxandi dýrtíðar af viðreisnar völdum. Og það hefði ekki komið til neins gjaldeyrishalla gagnvart útlöndum, þó að gengið hefði verið óbreytt. Það er efalaust einsdæmi í allri veraldarsögunni, að gengi gjaldmiðils hafi verið fellt á metaflaári við batnandi gjaldeyrisaðstöðu og þegar verðmæti útflutningsafurða eykst um 14% frá því á árinu áður. Það er sannarlega ekki að undra, þótt talsmenn stjórnarinnar séu farnir í þessu sambandi að tala um gengisfellingarleik.

Það er rétt, að s. l. sumar hefur ískyggileg verðbólguþróun átt sér stað. En verðbólguþróun og kaupgjaldshækkun s. l. sumar má einmitt að verulegu leyti rekja til þeirrar dýr-

tíðar, sem siglt hefur í kjölfar þeirra tveggja gengisfellinga og efnahagsaðgerða núv. ríkisstj., sem ég hef getið um. Og eitt er víst, að stjórnarandstæðingar verða ekki sérstaklega sakaðir um þær kaupgjaldshækkanir, sem áttu sér stað s. l. sumar.

Ekki ber stjórnarandstaðan ábyrgð á kaupgjaldsákvörðun kjaradóms, sem ég er síður en svo að gagnrýna. En út af því, sem hæstv. fjmrh. sagði varðandi kröfugerð bandalagsins, vil ég bara spyrja að því, hvort sjálfstæðismenn og Alþfl.-menn í Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja hafi verið andvígir þeirri kröfugerð, sem gerð var. Ekki ber stjórnarandstaðan sérstaklega ábyrgð á kauphækkunum til blaðamanna, bæjarstarfsmanna og bankastarfsmanna. Allar þessar kauphækkanir voru í raun og veru fyrirsjáanlegar fyrir síðustu alþingiskosningar, þó að ríkisstj. segði þá, að allt væri í stakasta lagi, aðeins ef hún fengi meiri hl. til að halda viðreisninni áfram.

Á það var bent í síðustu eldhúsdagsumr., bæði af mér og öðrum, að vaxandi verðbólguþróun væri á næsta leiti. Ég sagði þá t. d. orðrétt: „Fram undan er geysileg launahækkun hjá opinberum starfsmönnum. Aðrir launþegar munu sigla í kjölfarið.“ Ríkisstj. vill láta líta svo út, að á s. l. sumri hafi gerzt einhverjar óvæntar, ófyrirsjáanlegar skyndibreytingar, sem geri neyðarráðstafanir á borð við kaupþvingunarlöginn óhjákvæmilegar. Hún lætur svo sem sér komi á óvart kauphækkunarkröfur verzlunarmanna og verkalýðsfélaga. En það fær ekki staðizt, eins og ég hef þegar sýnt fram á. Henni átti og mátti vera ljóst, hvers var að vænta, en auk þess var um miðjan júní s. l. gert bráðabirgðasamkomulag við verkalýðssamtökin um 7½% kauphækkun. Það samkomulag gilti til 15. okt. s. l. Þann tíma átti að nota til endanlegrar samningagerðar. Ríkisstj. var vel ljóst, að samkomulagið frá því í júní var aðeins bráðabirgðasamkomulag. Hitt er svo rétt, að verðbólguþróunin s. l. sumar hefur verið sérstaklega ör. Þar í á útlánaaukning bankanna efalaust drjúgan þátt. En fyrstu 8 mánuði þessa árs hefur átt sér stað útlánaaukning hjá bönkunum upp á 433 millj. kr. fram yfir alla sparifjáraukningu á sama tíma, þ. e. samanlagða aukningu spariinnlána og veltuinnlána. Menn geta rétt ímyndað sér, hvaða áhrif svo gífurleg útlánaaukning á svo skömmum tíma hefur haft. Hverjir ráða bönkunum? Stjórnin og hennar stuðningsmenn, sem þar eru alls staðar í meiri hl. Hitt er svo annað mál, sem margir hefðu áreiðanlega gaman af að vita, í hvað þessi auknu útlán fóru. En úr þeirri spurningu leysi ég ekki hér.

Niðurstaðan verður sú, hvort sem mál þessi eru athuguð lengur eða skemur, að það er stjórnarstefnan og stjórnarráðstafanir, gamlar og nýjar, sem leitt hafa til þeirra vandræða, sem við er að glíma. Það er því ríkisstj., sem fyrst og fremst ber ábyrgð á því, að svo er komið sem komið er. Vandinn, sem við er að fást, er fjögurra ára árangur viðreisnarstefnunnar. Og nú kemur ríkisstj. og segir, að þörf sé á nýjum, samræmdum ráðstöfunum í launamálum, fjármálum og peningamálum, til þess, eins og hún orðar það, að vinna bug á þeim vandamálum, sem við er að glíma, og treysta efnahag þjóðarinnar. En ríkisstj. er bara ekki alveg tilbúin með tillögur til varanlegrar lausnar á vandamálunum. En það er svo sem auðvitað, að þessi ríkisstj. getur ekki verið þekkt fyrir annað en finna varanlega lausn á vandanum.

Á annasömum sumarmánuðum hefur hæstv. ríkisstj. ekki gefizt ráðrúm til að hugsa þessi mál til þrautar, enda þótt hún vissi mætavel eftir bráðabirgðasamkomulagið í júní, hvers vænta mátti, og hafi þannig haft 4½ mánuð til þess að velta þessum málum fyrir sér. En hina varanlegu lausn telur hún sig geta fundið á 2 næstu mánuðum, en á meðan hefur hún fundið það þjóðráð að banna með lögum allar kauphækkanir fyrst um sinn og fram að áramótum, a. m. k. til að byrja með, enda stendur svo vel á, að langflestir hinna betur launuðu í þjóðfélaginu hafa nú að undanförnu fengið mjög verulegar kjarabætur, svo að kaupgjaldsstöðvunin bitnar í bili fyrst og fremst á láglaunamönnum og hinum tekjulægri þjóðfélagsþegnum. Þetta er eina úrræði ríkisstj., og hún segir, að ekki sé annarra kosta völ í bili a. m. k.

Ég held, að þessi leið ríkisstj. sé einhver sú ósanngjarnasta og ósæmilegasta, sem unnt er að velja, eins og á stendur. Ég held líka, að þetta sé ein sú óskynsamlegasta leið, sem hægt var að fara, og á því mun stjórnin eiga eftir að kenna, ef hún heldur fyrirætlunum sínum til streitu.

Ranglætið liggur í augum uppi, að ætla að neita öllu láglaunafólki um lagfæringar á kaupi, eftir að flestir tekjuhærri launamenn hafa fengið verulegar kjarabætur. Það er augljóst mál, að dagvinnukaup verkamanns nægir ekki honum og fjölskyldu hans til framfæris. Hann kemst ekki af, nema hann geti unnið því meiri yfirvinnu. Einhverjar kjarabætur til hinna lægst launuðu eru því óumflýjanlegar. En ríkisstj. segir: Það er ekki hægt, atvinnuvegirnir þola ekki kauphækkun. — Það var skaði, að ríkisstj. skyldi ekki láta fylgja frv. sem fskj. leiðbeiningar til fimm manna fjölskyldu um það, hvernig hún ætti að fara að því að lifa af 67200 kr. yfir árið. A. m. k. hefði verið rétt, að ríkisstj. hefði látið flytja t. d. eitt útvarpserindi um það efni. Það er einnig augljós ósanngirni að synja skrifstofu- og verzlunarfólki hjá einkafyrirtækjum um allar launabætur, eftir að bankamenn, bæjarstarfsmenn og skrifstofumenn í ríkisstofnunum, sem sambærileg störf vinna, hafa fengið kaup sitt hækkað allverulega. Það er ósanngjarnt að ætla sér að leysa vandamál efnahagsmálanna fyrst og fremst á kostnað láglaunamanna og tekjuminnstu þjóðfélagsþegnanna.

Ríkisstj. segist síðar ætla að gera ráðstafanir, sem feli í sér kjarabætur til þeirra, sem verst eru settir. En hvers vegna eru þessar ráðstafanir ekki gerðar samtímis kaupbindingarlögunum? Þær eru ekki tilbúnar. En þó sagði hæstv. forsrh. í gær, að athuganir ríkisstj. að undanförnu hefðu einkum að því beinzt að finna, hvaða ráðstafanir væri hægt að gera til að rétta hlut hinna lægst launuðu. Þess er ekki að vænta við þessar aðstæður, að launþegar vilji eiga nein eftirkaup við núv. ríkisstj., enda lítið mark takandi á loðnum yfirlýsingum hennar.

Ég held, að kaupbindingin sé alls ekki framkvæmanleg, jafnvel ekki um stundarsakir. Það rignir daglega yfir Alþingi mótmælum frá launþegasamtökum hvarvetna um land. Mörg verkalýðsfélög virðast staðráðin í að virða þau að vettugi. Ég held, að þessi kaupbinding sé dæmd til að mistakast, og því verður hún aðeins til þess að auka vandann. Þess vegna er hún óskynsamleg. Auk þess er hún í algeru ósamræmi við áður yfirlýsta stefnu ríkisstj. Í aths. við viðreisnarlagafrv. 1960 segir svo: „Það er stefna ríkisstj., að það sé og eigi að vera verkefni samtaka launþega og atvinnurekenda að semja um kaup og kjör.“ Þessa yfirlýsingu endurtók hæstv. forsrh. í framsöguræðu sinni um frv.

Margt bendir til þess, að ríkisstj. hugsi sér að framlengja kaupbindinguna í einni eða annarri mynd eftir áramótin, a. m. k. hefur hún ekki viljað gefa yfirlýsingu um hið gagnstæða.

Af því, sem hér hefur stuttlega verið rakið, er auðsætt, að kaupbindingarfrv. ríkisstj. er hreint óráð, en ekkert úrræði. Það er í raun og veru ekki hægt að hugsa sér öllu rækilegri uppgjöf en þá játningu, sem felst í kaupbindingarfrv. ríkisstj. og málflutningi hennar.

Já, en við sjáum bara ekkert annað úrræði, segja þeir í ríkisstj. Og svo ákallar ráðlaus ríkisstj. stjórnarandstöðuna og segir: Hver eru ykkar úrræði? Bendið þið á einhver ráð. Það er náttúrlega ekki beinlínis hlutverk stjórnarandstöðunnar að ráða fram úr þeim vandamálum, sem stjórn og þingmeirihluta ber að hafa forustu um að leysa. En við framsóknarmenn höfum þó bent á ýmis úrræði til að létta byrðar atvinnuveganna, svo sem lækkun vaxta, afnám eða lækkun útflutningsgjalda og niðurfellingu tolla, og gera þeim þannig kleift að mæta nokkurri kauphækkun, sem varla verður umflúin til lengdar. Ég skal ekkert fullyrða um það, hvort þau úrræði reyndust fullnægjandi, en þau eru a. m. k. spor í rétta átt. Í kaupgjaldsmálunum vilja framsóknarmenn reyna samningaleiðina til þrautar, og það er trú mín, að vandi efnahagsmálanna verði ekki leystur nema á grundvelli samninga og viðtæks samstarfs.

Það er vissulega margt fleira en hér hefur verið rakið, sem miður hefur farið hjá núv. ríkisstj. Ég nefni aðeins aðbúnaðinn að unga fólkinu og framkomuna í garð bænda. Hér er eigi kostur að rekja þau mál. Ég nefni aðeins hinn rangláta launaskatt á bændur. Samkv. l. á að ákveða söluverð á afurðum landbúnaðarins þannig, að heildartekjur þeirra, sem landbúnað stunda, verði í sem nánustu samræmi við tekjur annarra vinnandi stétta. Þetta lagaákvæði hefur verið framkvæmt þannig, að tekið hefur verið meðaltal af tekjum verkamanna, sjómanna og iðnaðarmanna og bændum reiknaðar tekjur í verðlagsgrundvelli landbúnaðarvara í samræmi við það. En eftir að tekjur bændanna hafa verið ákveðnar með þessum hætti, er lagður á þeirra hlut sérstakur skattur til einnar ríkisstofnunar. Slíkur aukaskattur er ekki lagður á þær tekjur verkamanna, sjómanna eða iðnaðarmanna, sem kaup bændanna miðast við. Bændur einir verða að þola slíkt af hálfu löggjafarvaldsins þrátt fyrir mótmæli stéttarsambands þeirra og búnaðarþings. Þessi sérstaki skattur, sem stjórnarflokkarnir hafa lagt á bændur, nemur um 2% af launum þeirra. Öll er skattheimta þessi hin ranglátasta, og það nær vitaskuld ekki nokkurri átt, að bændur skuli sviptir eignarrétti að þessum framlögum sínum. Hitt væri þó sök sér, ef framlag hvers og eins væri áfram eign hans og á sérreikningi sem eins konar skyldusparnaður eða ellitrygging. En gallinn er bara sá, að hluti skattsins fer til þess að greiða gengistöp búnaðarbankasjóðanna, en gengistöp gjaldeyrisbankanna voru á sínum tíma færð á gengistapsreikning, og er að þessu leyti farið verr með fjárfestingarsjóði landbúnaðarins en fjárfestingarsjóði annarra stofnana.

Ég sé, að hæstv. landbrh. muni vera ætlað að stíga í stólinn hér á eftir mér. Vafalaust reynir hann að benda á einhver ímynduð afrek sín í landbúnaðarmálum. En ég vil bara benda á, að sú afrekaskrá er byggð á hugsunarhætti mannsins, sem sagði: Ef engir aðrir hæla mér, þá verð ég að gera það sjálfur. Ég skal þó gjarnan taka það fram, að ég veit, að hæstv. landbrh. persónulega vill gera vel í þessum málum. En hann ræður bara engu í þeirri ríkisstj., sem hann situr í. Hann er þar utangarðsmaður. Það er sá sorglegi sannleikur, sem bændur landsins allir verða að gera sér ljósan.

Stjórnarstefnan hefur reynzt röng í meginatriðum. Vandamálin nú eru bein afleiðing þeirrar stjórnarstefnu. Ríkisstj. ber höfuðábyrgð á vandanum, en stendur nú gagnvart honum úrræðalaus og ráðþrota, því að kaupbindingarlögin kalla ég engin úrræði. Ríkisstj., sem sér ekki annan kost til að fleyta þjóðarskútunni en þann að leysa vanda atvinnuveganna á kostnað þeirra þjóðfélagsþegna, sem verst eru settir, á ekki rétt á sér. Hún á að fara frá og það sem fyrst. Það er öllum fyrir beztu. — Góða nótt.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Góðir áheyrendur. Alþb. hefur flutt vantrauststill. á ríkisstj. vegna fram komins frv. um stöðvun launa- og verðlagshækkana. Framsóknarmenn á Alþingi hafa sungið sama sönginn og kommúnistar, lýst yfir, að þeir muni snúast gegn frv. og greiða atkv. með fram kominni vantraustst.till.

Það kemur engum á óvart, þótt stjórnarandstaðan hafi ekki minnzt á, hvað við muni taka, ef ríkisstj. fer frá. Fáir munu búast við, að stjórnarandstaðan hafi nokkra raunhæfa stefnu, sem sigla mætti eftir til þess að komast í gegnum þá stundarerfiðleika, sem nú steðja að í efnahagslífinu vegna kapphlaups í launamálum. Eitt er flestum ljóst, að framsóknarmenn og kommúnistar hafa ekkert lært síðan 1958, þegar þessir flokkar gáfust upp við að stjórna landinu, vegna þess að þeir réðu ekki við vandann og áttu engin úrræði til, sem gætu forðað þjóðinni frá efnahagslegu gjaldþroti.

Tæplega munu launþegar hafa gleymt því, sem gerðist á Alþýðusambandsþingi haustið 1958, þegar fulltrúar þess þings voru sammála um, að ekki kæmi til mála að framlengja líf vinstri stjórnarinnar. Reynslan af þeirri stjórn var slík, að þeir, sem verst voru settir og lægst laun höfðu í þjóðfélaginu, töldu þá stjórn vera hina verstu fyrir verkalýðinn, sem setið hefur

í landinu. Og Ólaf Jóhannesson vil ég minna á það, að bændur hafa ekki heldur gleymt vinstri stjórninni og meðferð hennar á þeim.

Þrátt fyrir þessa staðreynd flytja nú kommúnistar vantraust á ríkisstj. og hafa tryggt sér fylgi Framsfl., enda er Framsfl. vanastur því að fylgja flestu því, sem kommúnistar bera fram. Einn af þm. kommúnista lýsti því á Alþingi, hvað það væri ánægjulegt að vinna með framsóknarmönnum í stjórnarandstöðu. Þeir væru þá svo róttækir, að sérstök ástæða væri til að þakka góða liðveizlu, þegar snúast þyrfti gegn þeim málum, sem ríkisstj. vildi fá fram. Framsóknarmenn keppast um að lýsa fylgi sínu við það, sem kommúnistar vilja fá samþykkt. Flestir muna viðbrögð framsóknarmanna, þegar lausn landhelgismálsins fékkst. Formaður Framsfl. gaf út dagskipan, þar sem boðað var, að mótmælafundi skyldi halda um land allt, eins og kommúnistar höfðu einnig í hyggju að gera. Nú er ekki lengur talað um landhelgismálið, en allir sammála um, að sú lausn, sem fékkst í málinu, var farsæl og Íslendingum í hag.

Fyrir síðustu kosningar var mikið rætt um Efnahagsbandalag Evrópu. Stóðu framsóknarmenn við hliðina á kommúnistum í þeirri ljótu iðju að skrökva því að þjóðinni, að ríkisstj. ætlaði Íslandi að ganga í Efnahagsbandalagið og fórna með þeim hætti hagsmunum og sjálfstæði Íslands. Nú er ekki lengur minnzt á þetta mál, enda öllum ljóst nú, að stjórnarandstaðan fór með hreinar blekkingar í því skyni að ná atkv. frá stjórnarflokkunum, sem vissulega hefur tekizt að einhverju leyti. Þau atkv. voru illa fengin, og tæplega verður það tryggt fylgi fyrir stjórnarandstöðuna.

Nú síðast má minnast á Hvalfjarðarmálið svokallaða. Framsóknarmenn hafa einnig í því máli verið í kapphlaupi við kommúnista. Það hefur þó reynzt erfitt fyrir Framsókn að telja alþjóð trú um, að ríkisstj. væri að leiða hættu yfir þjóðina með því að samþykkja endurnýjun á nokkrum olíugeymum í Hvalfirði, sem fyrirtæki Framsfl. hefur leigt varnarliðinu til afnota með góðum hagnaði.

Jafnvel í utanríkismálum elta framsóknarmenn kommúnista, þótt þeir telji sig öðru hverju vilja vestræna samvinnu og styðja samstarf lýðræðisþjóðanna. Í innanlandsmálum hafa framsóknarmenn, síðan þeir komust í stjórnarandstöðu, kastað fyrir borð þeim fræðilegu kenningum í efnahagsmálum, sem þeir töldu sjálfsagðar og réttar, á meðan þeir báru ábyrgð á ríkisstj. og vildu leitast við að láta skynsemina ráða.

Stjórnarandstaðan hefur snúizt gegn frv. ríkisstj. um stöðvun launa og verðlags undir því yfirskini, að með þessu frv. sé verið að níðast á launþegum og taka af þeim réttinn til þess að gera frjálsa samninga um kjaramálin. Fullyrða má, að þetta er ekki ástæðan fyrir því, að framsóknarmenn og kommúnistar snúast gegn þessu máli. Sjálfir hafa þeir sett brbl. til þess að hindra hækkun á kaupi til þeirra lægst launuðu, eins og greinilega hefur verið tekið fram í þessum umr. Launastöðvunin er aðeins til áramóta samkv. þessu frv. og til þess gerð að samræma till. um raunhæfar bætur til þeirra, sem verst eru settir og lægst hafa launin. Frv. er flutt til þess, að tími vinnist til að rétta hlut þeirra, sem hafa orðið út undan í kapphlaupinu um hækkuð laun að undanförnu. Það er og einnig flutt til þess að vernda krónuna frá falli.

Það eru mikil öfugmæli, þegar því er haldið fram, að ríkisstj. vinni gegn hagsmunum þeirra lægst launuðu. Með raunhæfum aðgerðum er að því unnið að rétta hlut þeirra, sem minnst bera frá borði, um leið og þannig verður haldið á málum, ef skemmdaröfl verða ekki ráðandi, að gjaldmiðillinn megi halda gildi sínu og komið verði í veg fyrir gengislækkun.

Stjórnarandstaðan segir, að frambjóðendur stjórnarflokkanna hafi blekkt kjósendur á s. l. vori og haldið því leyndu, sem nú er fram komið. Sannleikurinn er sá, að á fyrri hluta þessa árs hélt gjaldeyrisvarasjóður og sparifé þjóðarinnar áfram að vaxa. Atvinnuvegirnir gengu vel, og ekki var kvartað um of mikinn tilkostnað við framleiðsluna miðað við það verð, sem fyrir hana fékkst. Frambjóðendur Sjálfstfl. tóku það skýrt fram fyrir síðustu kosningar, að nauðsyn bæri til, að samræmi væri hverju sinni milli tilkostnaðar og framleiðsluverðs. Sjálfstæðismenn hafa ætíð gert sér ljóst og hvergi farið leynt með það, að hvenær sem hærri kröfur eru gerðar til atvinnuveganna en þeir geta staðið undir, er stefnt til vandræða, stöðvunar, gengisfellingar eða uppbótakerfis og skömmtunar, eins og framsóknarmenn eru nú farnir að tæpa á, þótt þeir séu feimnir að tala hátt um það enn sem komið er.

Það er ekki lengur ágreiningsefni, þegar talað er í alvöru, að viðreisnin heppnaðist og þjóðin var komin út úr þeim erfiðleikum, sem hún komst í fyrir fimm árum. Í júlíbyrjun kvað kjaradómur upp úrskurð í launamálum opinberra starfsmanna. Ekki er ástæða til að draga fjöður yfir það, að úrskurður kjaradóms hefur haft óholl áhrif á launamálin síðari vikurnar. Þótt opinberir starfsmenn hafi átt rétt á lagfæringu launa, vegna þess að þeir höfðu dregizt aftur úr undanfarin ár, er ljóst, að kjaradómur gekk í mörgum greinum það langt í hækkunarátt, að af því hefur leitt kröfugerð frá öðrum stéttum þjóðfélagsins, sem hafa gert samanburð, oft óréttmætan, á hinum nýju launum, sem opinberum starfsmönnum er ætlað að hafa. Það kemur svo úr hörðustu átt, þegar stjórnarandstaðan er með ásakanir í garð ríkisstj. fyrir það, að ýmsir launaflokkar opinberra starfsmanna hafa fengið rífleg laun samkv. úrskurði kjaradóms. Stjórnarandstaðan ber ekki síður ábyrgð á lögum um kjaradóm en stjórnarflokkarnir. Allir þm. voru fylgjandi lagasetningunni. Framsóknarmenn og kommúnistar gerðu till. um 60% hærri laun til handa þeim hæst launuðu en kjaradómur úrskurðaði. Framsóknarmenn og kommúnistar gerðu till. um meiri launamismun en niðurstöður kjaradóms sýna, enda þótt sá launamunur sé meiri en hollt getur talizt miðað við þann launajöfnuð, sem hefur jafnan verið í þessu landi.

Á þessu hausti hafa ýmis stéttarfélög gert kröfur um allt að 40% launahækkun. Útflutningsatvinnuvegirnir hafa látið frá sér heyra. Frystihús SH og SÍS hafa gefið út tilkynningu

þess efnis, að frystihúsin geti engan aukinn tilkostnað tekið á sig og tæplega staðið undir þeim kostnaði, sem fyrir er. Miðað við þann málflutning, sem framsóknarmenn viðhafa á Alþingi, mætti ætla, að frystihús Sambandsins gætu tekið á sig útgjaldahækkanir. En því er ekki til að dreifa samkv. tilkynningum forráðamanna SÍS. Tilkynning þeirra er í fullu samræmi við það, sem stjórn SH hefur látið frá sér fara.

Framsóknarmenn á Alþingi halda því fram, að með því að lækka vexti hjá útgerðinni og frystihúsunum, afnema útflutningsgjaldið og lækka tolla á vélum, geti útgerðin og frystihúsin bætt á sig kauphækkunum eitthvað í líkingu við það, sem farið hefur verið fram á. Það er fróðlegt að gera sér grein fyrir því, hvað rétt er í þessu. Gera má ráð fyrir, að beinar og óbeinar kaupgreiðslur útgerðarinnar séu um 1800 millj. kr. Sé reiknað með 30% kauphækkun, ekki 40%, eins og farið hefur verið fram á, nemur greiðsluaukningin 540 millj. kr. Ef vextir væru lækkaðir um 3% eða talsvert niður fyrir það, sem vextirnir voru í tíð vinstri stjórnarinnar, kemur í ljós, að vaxtalækkunin næmi um 54 millj. kr., þar sem talið er, að lánsfé útgerðarinnar nemi um 1700—1800 millj. kr. Af 540 millj. kr. útgjaldaaukningu mætti því draga frá 54 millj. kr., ef vextirnir væru lækkaðir talsvert niður fyrir það, sem þeir áður voru. Ljóst er, að þetta nægir ekki til bjargar, ef útgjaldaaukningin færist yfir á útgerðina og frystihúsin. En stjórnarandstaðan er ekki ráðalaus. Hún segir, að til viðbótar vaxtalækkun megi afnema útflutningsgjaldið, sem er 7.4%. Stjórnarandstaðan virðist gleyma því, að útflutningsgjaldið rennur allt til útvegsins aftur. Með útflutningsgjaldinu eru tryggingagjöld greidd, gjöld til aflatryggingasjóðs, gjöld til fiskveiðasjóðs og annarra þarfa útvegsins. Fullvíst er, að útvegsmenn telja ekki hjálp í því að afnema útflutningsgjaldið, nema þá ríkissjóður taki á sig þær greiðslur, sem útflutningsgjaldið hefur staðið undir. E. t. v. er það þetta, sem framsóknarmenn og kommúnistar vilja, þ. e. að taka aftur upp uppbótakerfið og leggja nýja skatta á almenning í landinu, til þess að standa undir því kerfi, sem gekk sér eftirminnilega til húðar í tíð vinstri stjórnarinnar. Þriðji liðurinn, sem stjórnarandstaðan telur að megi verða útgerðinni til bjargar, er lækkun tolla. Þótt vélar til fiskiðnaðar, sem hér eftir verða fluttar inn, væru gerðar tollfrjálsar, getur það lítið hjálpað á næstu vertíð.

Vera má, að einhver segi, að þegar rætt er um greiðsluaukningu frystihúsanna og útvegsins, beri ekki að reikna með öllum greiðslum, bæði beinum og óbeinum, það sé of há upphæð. Fyrir þá, sem það telja, skal tekið annað dæmi og reiknað aðeins með beinum greiðslum útvegsins, sem munu vera meira en helmingi lægri en sú upphæð, sem ég áðan nefndi, eða um 800 millj. kr. Sé reiknað með 30% greiðsluaukningu af 800 millj., verður um að ræða aðeins 240 millj. kr. útgjaldaaukningu. Vaxtalækkunin miðast þá aðeins við það, sem útgerðin fær hverju sinni í rekstrarfé, en ekki af samningsbundnum stofnlánum. En það er, eftir því sem næst verður komizt, afurðalán, hámark 700 millj., lágmark 300 millj., eða til jafnaðar á ársvöxtum allt að 500 millj. kr., viðbótarlán í viðskiptabönkunum, 15% af afurðalánunum, sem gerir 75 millj., yfirdráttarlán, aðallega vegna rekstrar, allt að 150 millj. kr. Rekstrarlán á ársvöxtum nema því 725 millj. kr. 3% vaxtalækkun af þeirri upphæð nemur 21 millj. 750 þús. kr.

Af þessu er ljóst, að allt tal um vaxtalækkun til hjálpar í þessu efni er út í hött. Það er auðvitað æskilegt fyrir sjávarútveginn og aðra atvinnuvegi að hafa ódýrt rekstrarfé og ódýr stofnlán, en það bjargar ekki öllu, eins og dæmin sýna, sem hér hafa verið nefnd. Til þess að geta staðið undir kauphækkunum þarf aukna framleiðslu, aukna tækni og vinnuhagræðingu, sem miðar að auknum afköstum. Enginn vafi er á því, að með þeim hætti er unnt að bæta kjör þeirra, sem við framleiðsluna vinna. En það þarf sinn tíma til þess að verða almennt að gagni. Má fullvíst telja, að við Íslendingar eigum margt ólært á því sviði, sem eðlilegt er, þar sem þróunin hér á landi á sér stutta sögu á hinu tæknilega sviði. Ríkisstj. hefur beitt sér fyrir athugunum á þessu máli og lagt grundvöll að því, að raunhæfar aðgerðir verði hafnar, til þess að skjótur árangur geti náðst.

Ríkisstj. tók við arfi vinstri stjórnarinnar og sigraðist á þeim erfiðleikum, sem hún skildi eftir óleysta. Sá vandi, sem nú steðjar að, er vissulega viðráðanlegur. Unnið mun verða eftir raunhæfum leiðum til lausnar vandanum með almenningsheill fyrir augum. Frv. um stöðvun launa og verðlags er flutt til þess að fá nokkurn frest til nauðsynlegra athugana á lausn málanna. Stjórnarandstaðan er með hótanir um að brjóta niður löggjöf, sem nú verður sett. Öruggt er, að verkamenn og aðrir launþegar í landinu muni ekki hlýða kalli ábyrgðarlausra manna, sem vilja hvetja til óhæfuverka og grafa undan hornsteinum lýðræðis og sjálfstæðis á Íslandi. Launþegar munu að athuguðu máli sannfærast um, að ríkisstj. er að vinna að lausn málanna með hagsmuni þeirra og alþjóðar fyrir augum. Sú var tíðin, að atvinna var takmörkuð í þessu landi og launþegar kviðu því að hafa ekki næga atvinnu. Ríkisstj. hefur unnið að því að skapa atvinnuöryggi og næga atvinnu fyrir alla. Nú dettur engum í hug, að atvinnuleysi steðji að, nema atvinnuvegirnir verði stöðvaðir vegna of mikillar kröfugerðar. Ríkisstj. hefur margfaldað starfsemi tryggingamálanna með því að stórauka bætur hinna tryggðu, fjölskyldubætur, ellilífeyri og slysabætur. Stjórnarflokkarnir hafa lagt grundvöllinn að því að tryggja alla Íslendinga gegn skorti. Áfram verður stefnt í þá átt að gera það kerfi enn fullkomnara, sem tryggir þá, sem á bótum þurfa að halda, enn betur en áður.

Stjórnarandstaðan fullyrðir, að ríkisstj. hafi misst traust þjóðarinnar. Slíkar fullyrðingar hafa lítið gildi og styðjast aðeins við þann áróður, sem stjórnarandstaðan hefur haft uppi síðustu vikurnar. Fullyrða má, að afstaða Framsfl. mælist mjög illa fyrir úti um land, og hafa ýmsir framsóknarmenn sagt, að forusta flokksins hafi tapað trausti margra gætnari manna víðs vegar um landið. Það eru ekki aðeins bændurnir, sem hafa tapað trausti á Framsfl.,

það er fólk úr öllum flokkum um landið allt. Það er of mikil bjartsýni hjá stjórnarandstöðunni, ef hún trúir því, að þjóðin vilji, að framsóknarmenn og kommúnistar taki völdin í landinu. Reynslan af valdatíma þeirra er ekki gleymd og mun verða um langa framtíð til viðvörunar. Þjóðin vill hafa ríkisstj., sem þorir að horfast í augu við vandann hverju sinni og gera þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru til lausnar. Það hefur núv. ríkisstj. gert á undanförnum 4 árum, og þannig mun hún halda áfram að vinna. — Góða nótt,

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Þegar gengið var til alþingiskosninga á s. l. vori, geystust frambjóðendur stjórnarflokkanna um landsbyggð alla með þann boðskap, að nú riði á að tryggja áframhaldandi velmegun með því að framlengja valdaumboð ríkisstj., svo að hún gæti lagt síðustu hönd á kraftaverkið, svo að hún gæti fullkomnað viðreisnarundrið. Þeir voru ekki aldeilis á því, að neitt væri bogið við stjórnina á þjóðarskútunni né hið minnsta athugavert við stefnuna. Menn muna, að þessi var söngur stjórnarsinna, og það breytir ekki staðreyndum, þó að fjmrh. neiti þessu, eins og hann hafði nokkra tilburði til í ræðu sinni hér í kvöld.

Við stjórnarandstæðingar þóttumst hins vegar sjá þegar í vor, að sigling ríkisstj. var háskaleg og lík í lestinni, þar sem viðreisnin var. Við töldum því öllu máli skipta, að breytt yrði um stjórn og stefnu. Þegar flokkur minn, Þjóðvarnarflokkurinn, tók ákvörðun um það, hvernig haga skyldi kosningaundirbúningi og framboðum, taldi hann ástandið í íslenzkum stjórnmálum svo alvarlegt, að einskis mætti láta ófreistað til þess, að hnekkt yrði ríkjandi stjórnarstefnu. Allt bar þar að sama brunni, undirlægjuháttur stjórnarherranna í íslenzkum þjóðfrelsismálum, undanhald þeirra og brigðmæli í landhelgismálinu, flaumósa tilburðir þeirra til að innlima okkur í Efnahagsbandalag Evrópu og gjörvöll hin svokallaða viðreisnarpólitík. Öll stefna stjórnarinnar í meginmálum knúði okkur stjórnarandstæðinga til að leita allra þeirra ráða, er tiltæk væru til að binda endi á slysaferil stjórnarflokkanna. Með tilliti til hins óvenjulega og alvarlega stjórnmálaástands varð það úr, að Þjóðvfl. samdi við Alþb. um sameiginleg framboð á grundvelli kosningastefnuskrár, sem samkomulag náðist um. Samvinna helzt milli flokkanna um sameiginlega baráttu fyrir þessari stefnuskrá, en að öðru leyti starfa þeir sjálfstætt og óháðir hvor öðrum eins og áður.

Kosningarnar í vor fóru á þann veg, að stjórnarflokkarnir mörðu meiri hl. Í dag má öllum vera ljóst, að þessi meiri hl. var fenginn á röngum forsendum. Dýrðarsöngur stjórnarliða frá því í vor er nú löngu þagnaður. Nú keppast stjórnarherrarnir við að lýsa því, sem allir vita, að efnahagskerfi þjóðarinnar er gersamlega úr skorðum gengið, dýrtíð vex örar en nokkru sinni, óðaverðbólga er skollin yfir. Hvað hefur gerzt síðan um kosningar? Hefur dunið yfir hallæri af völdum náttúrunnar? Er stórfelldu aflaleysi um að kenna? Hefur þjóðin haldið að sér höndum og látið undir höfuð leggjast að draga björg í bú? Eru útflutningsafurðir okkar óseljanlegar? Nei, ekkert af þessu hefur gerzt. Síldarvertíðin í sumar var önnur hin bezta um langt skeið og skilar útflutningsverðmætum, sem nálgast metvertíðina í fyrra. Annar fiskafli hefur yfirleitt verið góður. Almenningur hefur stritað. Hann hefur unnið lengri vinnudag en oftast áður. Framleiðslan hefur selzt greiðlega fyrir hátt verð. Hver er þá skýringin á ástandinu í dag? Forsrh. Ólafur Thors sagði í umr. hér á Alþingi á dögunum, að hin gífurlega tekjuaukning sjómanna á síldveiðunum í fyrra hefði haft mjög truflandi áhrif. Svipuð voru ummæli dómsmrh. í þeim umr., Bjarna Benediktssonar. Þarna er þá fyrsti sökudólgurinn fundinn. Síldveiðisjómenn voru svo frekir og ókurteisir að veiða meiri síld en viðreisnarstefnan þoldi. Þetta finnst þeim háu herrum þó ekki fullnægjandi skýring. Með ýmsum vafningum hafa ráðh. verið að impra á því, að óhófleg kröfugerð verkafólks eigi sinn þátt í, hversu illa er komið. En það mega sumir þeirra eiga a. m. k., að ekki nefna þeir þennan sökudólg án þess, að svolítill blygðunarroði færist þeim í kinnar.

Þá var málgagn ríkisstj., aðalmálgagn hennar, Morgunblaðið, dálítið skorinorðara hér í haust, þegar það talaði um landráðalýðinn, sem nú krefðist kauphækkana. Það var að skrifa um kjarabaráttu íslenzkrar alþýðu. Í fullu samræmi við þessar kenningar lagði ríkisstj. fram í síðustu viku frv. sitt um launamál o. fl., frv., sem hefur það að geyma, að svipta á alþýðu landsins um tveggja mánaða skeið í þessum áfanga verkfallsréttinum og réttinum til að semja um kaup sitt og kjör, og þetta er gert, eftir að yfir hafa dunið örustu og stórfelldustu verðhækkanir lífsnauðsynja, sem um getur. Það er gert, eftir að fjölmargir þjóðfélagsþegnar hafa fengið miklar kauphækkanir, hinir launahæstu embættismenn svo ríflegar, að hækkanirnar einar nema allt að tvöföldum árstekjum verkamanns. Þetta afdráttarlausa bann við hinni minnstu kauphækkun til handa verkafólki er eina úrræðið, sem ríkisstj. kveðst hafa tiltækt nú til að forða efnahagskerfi landsins frá hruni.

Hvað hefur þá gerzt síðan í vor, þegar stjórnarflokkarnir unnu kosningarnar undir því kjörorði, að allt væri í sómanum, ekki þyrfti annað að gera en gefa þeim tækifæri til að fylgja sömu stefnu, þá væri öryggi fengið og velsældin tryggð. Vissulega hafa mikil tíðindi gerzt á þessum skamma tíma. Sú stefna í efnahagsmálum, sem fylgt hefur verið undanfarin ár og kennd er við viðreisn, er gjaldþrota. Gjörvöll spilaborgin er hrunin. Úrræðalausir og ráðvilltir norpa stjórnarherrarnir nú á rústunum og grípa í vanmætti til þess úrræðis að segja verkalýðshreyfingu landsins stríð á hendur.

Hver voru loforðin, sem núv. ríkisstj. gaf, þegar hún tók við völdum og hófst handa um viðreisnina? Í höfuðatriðum þessi: Að koma efnahagslífi þjóðarinnar á traustan grundvöll, að stöðva verðbólgu og halda dýrtíð í skefjum, að endurskipta þjóðartekjunum þannig, að þær dreifist af sem fyllstu réttlæti á þjóðfélagsþegnana, að láta samtök launþega og atvinnurekenda eina semja sín í milli um kaup og kjör án af-

skipta ríkisvaldsins. Niðurstaðan eftir 4 viðreisnarár er þessi: Samkv. lýsingum stjórnarherranna sjálfra er jafnvægið í efnahagsmálum á þá lund í dag, að greiðslujöfnuður fer hríðversnandi, sparifjáraukning minnkar, eftirspurn eftir lánsfé vex, neyzla og fjárfesting er langtum meiri en þjóðarbúið þolir. Í stað þess að verðbólgan sé stöðvuð, hefur dýrtíð magnazt ofsalegar undanfarna mánuði en nokkru sinni á jafnskömmum tíma. Framfærsluvísitala hefur hækkað á tímabilinu júní—okt. úr 131 stigum í 143 stig og vísitala vöru og þjónustu úr 153 stigum í 175 stig, 22 stiga hækkun á 4 mánuðum. Endurskipting þjóðarteknanna til að koma á sem fyllstu réttlæti milli þjóðfélagsþegnanna hefur verið framkvæmd þannig, að verðbólgubraskarar hafa rakað til sín meiri gróða en nokkru sinni, að hálaunamenn hafa fengið konunglegar launabætur, en þegar verkalýðsstéttin kemur síðust allra með sínar kröfur og á henni brotnar ein holskefla dýrtíðarinnar annarri hærri, þá segja stjórnarherrarnir: Nú er nóg komið. Hagkerfið okkar þolir ekki meira. Við höfum skammtað hinum svo ríflega, að það er ekkert eftir handa ykkur.

Þá er að minnast á efndir heitsins um, að ríkisvaldið skyldi ekki hafa afskipti af launasamningum. Það féll að vísu fljótt í gleymsku, og einstakir starfshópar fengu að kynnast gerðardómum og lögbindingu. En nú á að fullkomna verkið, afnema verkfallsrétt og samningsrétt með lögum.

Hafi nokkur stjórnarstefna beðið algert skipbrot, þá er það stefna núv. ríkisstj. Það er sannast sagna, að viðreisnarpólitíkin var frá upphafi dæmd til ófarnaðar. Einstakt góðæri, metafli ár eftir ár frestaði að vísu því, sem fram hlaut að koma. En eftir að meginskriðan fór af stað, hefur engin árgæzka dugað til að stöðva hana, og hina síðustu mánuði hafa ófáar aðgerðir ríkisstj. sjálfrar beinlínis magnað þensluna, verkað sem olía á eld.

Það mætti segja mér, að herkostnaður stjórnarflokkanna í kosningunum s. l. vor sé ekki lítill verðbólguvaldur. Þeir voru staðráðnir í því að vinna þessar kosningar, hvað sem það kostaði, stjórnarflokkarnir, enda létu þeir þjóðina borga kostnaðinn, og þessi herkostnaður bitnar á hinu veika fjárhagskerfi landsins með gífurlegum þunga. Ég fullyrði, að aldrei hefur nokkur íslenzk ríkisstj., — og hafa þær þó fæstar verið heilagar, — aldrei hefur nokkur beitt opinberu fjármagni eins skefjalaust fyrir kosningavagn sinn og viðreisnarstjórnin gerði á liðnu vori. Allir bankar, tryggingasjóðir og peningastofnanir aðrar voru opnaðar upp á gátt. Kosningasmalarnir voru á þönum út um allar jarðir og leituðu menn uppi til að spyrja þá, hvort þá vantaði ekki einhverja fyrirgreiðslu, t. d. myndarlegt lán. Hinir voru einnig margir, sem höfðu sig sjálfir á kreik, vissu, að nú var rétta stundin til að fá umbun fyrir veitta og væntanlega liðsemd. Menn þurftu fyrirgreiðslu fyrir sjálfan sig, fyrir fyrirtæki sitt eða hlutafélagið. Enn aðrir komu og minntu á peningaþörfina til að leggja tiltekinn veg, til að reisa ákveðna kirkju, veitingahús eða bíó. Aðstoðin þurfti að berast fljótt, og hún þurfti að vera myndarleg, annars væri eins líklegt, að kosningarnar færu illa. Og fjármagni var stráð af miklu örlæti á báðar hendur. Óskabarn ríkisstj., verzlunin, fékk vitanlega bróðurpartinn. Útlánaaukning til verzlunarinnar var frá áramótum til júlíloka orðin 234 millj. kr. eða meiri en til sjávarútvegs og landbúnaðar samanlagt. Og hin stuttu vörukaupalán heildsala erlendis munu þegar hafa hækkað á þessu ári um 180 millj. kr. Svo var það kosningalánið, enska lánið, 240 millj., það var sett í umferð. Eftir slíkar aðfarir stjórnarflokkanna þarf enginn að vera sérlega hissa á því, þótt verðbólgan vaxi ört og gjaldeyrisstaðan sé orðin hörmuleg.

Eftir að opinberir starfsmenn og margar aðrar stéttir og starfshópar höfðu fengið miklar kauphækkanir í sumar og haust, kom víst fáum til hugar, að verkamenn og annað láglaunafólk gæti látið allar verðhækkanir yfir sig ganga án þess að fá hlut sinn réttan. Verkalýðssamtökin höfðu með samkomulagi við atvinnurekendur og ríkisstj. á s. l. vori fallizt á að bíða með meginkröfur sínar til haustsins. Því var marglýst yfir, að allar raunverulegar kjarabætur, þótt í öðru formi væru en bein hækkun tímakaups, skyldu metnar til jafns við hana. Hitt blandaðist engum hugur um, að verkalýðsfélögin hlytu að krefjast verulegra kjarabóta í okt. í síðasta lagi. Ríkisstj. hafði fengið dýrmætan fjögurra mánaða frest. Hún notaði ekki frestinn. Hún hafði engan viðbúnað og stóð uppi nú í lok októbermánaðar án þess að hafa nokkrar jákvæðar till. fram að færa. Í þess stað leggur hún fram frv. um algert bann við frekari kauphækkunum. Það bann nær til allra þeirra, sem ekki höfðu þegar komið ár sinni fyrir borð, til verkamanna, verzlunarmanna og ýmissa fleiri. Og þetta bann virðist ekki aðeins eiga að standa í þessa tvo mánuði. Fyrir áramót er gert ráð fyrir, að ný löggjöf verði sett, og þrátt fyrir endurteknar fsp. hefur ríkisstj. ekki fengizt til að lýsa því yfir, að óskoraður samnings- og verkfallsréttur verði leyfður á ný eftir áramót. Það er því víst, að svo framarlega sem ríkisstj. heppnast fyrirætlun sín nú, þá er ætlunin að svipta verkalýðshreyfinguna þessum dýrmæta rétti til frambúðar. Það er ætlunin að lögbinda til frambúðar það gífurlega launamisrétti í íslenzku þjóðfélagi, sem komið hefur verið á og aukizt stórlega síðustu mánuði.

Þegar spurt er, hvernig verkamenn eigi að lifa á 67 þús. kr. árslaunum, en það er kaupið fyrir 8 klst. vinnu alla virka daga ársins, þá hefur ríkisstj. svar á reiðum höndum. Framtöl sýna, að árslaun verkamanna hafi í fyrra orðið milli 80 og 90 þús. kr., sagði fjmrh. hér í kvöld. Og fjmrh. fullyrti áðan, að laun verkamanna mundu verða um 100 þús. á þessu ári. Ef það reynist rétt, er ástæða til að spyrja: Með hverjum hætti getur verkamaður fengið 100 þús. kr. árstekjur? Með því að vinna eftirvinnu, næturvinnu, helgidagavinnu, með linnulausu striti. Lögfesting á 28 kr. tímakaupi hinna lægst launuðu er því lögfesting á vinnuþrælkun. Það er í reynd verið að leiða í lög 11—12 klst. vinnudag hjá íslenzkum verkalýð. Með öllu skemmri vinnutíma er óhugsandi, að láglaunamaður geti séð meðalstórri fjölskyldu farborða undir viðreisn.

Það hefði einhvern tíma þótt ólíklegt, að for-

ustumenn Alþfl. berðust fyrir öðru eins og þessu, og alveg er það blöskrunarlegt, þegar Alþfl.-ráðh. Gylfi Þ. Gíslason stendur hér fyrir framan hljóðnemann, eins og hann gerði áðan, og fer um það mörgum og hjartnæmum orðum, að allt sé nú þetta gert af einskærri umhyggju fyrir láglaunamönnum, á þá væri skellt hurðum, eftir að aðrir hefðu fengið sitt, til þess að leita ráða til að bjarga þeirra hag. Nei, það fer ekki hjá því, að mönnum blöskrar. Og þeir hafa líka komizt að raun um það undanfarna daga, ráðh. Alþfl. og þm., að kaupbindingarfrv. á fáa formælendur í röðum óbreyttra fylgismanna þess flokks, heldur hlýtur fordæmingu margra. Margir sjálfstæðismenn láta þá skoðun og hiklaust í ljós, að eftir þá atburði, sem gerzt hafa í kjaramálum á liðnu sumri, sé það óhæfa að ætla nú að skella hurðum á verkamenn og annað láglaunafólk. Fordæming þessa hátternis er hvorki bundin við flokka né stéttir. Fjölmargir úr hópi þeirra, sem nýlega hlutu miklar kauphækkanir, gera sér þess fulla grein, að hér er verið að fremja stórfellt ranglæti, og víst er, að ýmsir atvinnurekendur eru ekkert hrifnir af þessu tiltæki. Þeir sjá sem er, að lagafrv. um launamál o. fl. er bæði óréttlátt og óviturlegt. Það er óvit að hafna með fyrirlitningu samkomulags- og samningaleiðinni og lýsa styrjöld á hendur verkalýðshreyfingunni, — styrjöld, sem hlýtur að verða hörð, þar eð ekki er einungis um kaupgjaldsbaráttu að ræða, heldur eru hin dýrmætustu réttindi í veði, — réttindi, sem alþýðustéttirnar hafa aflað sér með langvinnri baráttu, verkfallsrétturinn og samningsrétturinn um kaup og kjör. Ríkisstj. hóf þessa styrjöld. Hún ber meginábyrgð á því, hver eftirleikurinn verður. Sú ábyrgð getur orðið þung. Alþýða landsins mun verja réttindi sín og lífshagsmuni. Fólk rís upp gegn ranglætinu, hvar í flokki sem það stendur.

Að síðustu þetta: Sú ríkisstj., sem stendur nú á rústum viðreisnarinnar og hefur ekkert fram að færa eftir 4—5 mánaða umhugsunarfrest annað en ranglát þvingunarlög, sem engu geta bjargað, aðeins aukið vandræði og upplausn, sú ríkisstj. á að víkja. — Góða nótt.

Jón Þorsteinsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Gils Guðmundsson var hér að ásaka ríkisstj. fyrir það að hafa ausið of miklum peningum út í vor. Framsóknarmenn saka hins vegar ríkisstj. fyrir hið gagnstæða. Þeir segja, að hún sé allt of íhaldssöm á peninga. Hvernig ætti nú ríkisstj. að stjórna peningamálunum, ef hún þyrfti að hlíta ráðum hv. stjórnarandstæðinga?

Undarlegt er tilefnið, sem notað er til að bera fram vantraust á ríkisstj. Vandinn, sem við er að etja og engan veginn er auðleystur, er sá að stöðva verðbólguna og rétta hlut láglaunafólksins. Þetta er nauðsynlegt að gera, vegna þess að launahlutföllin í landinu hafa undanfarið raskazt mjög láglaunastéttunum í óhag og verðbólgan vaxið mikið á síðustu mánuðum. Þetta vandamál er í rauninni gamalt og lífseigt. Það hefur í einhverri mynd ásótt allar ríkisstj., sem hér hafa setið frá því á stríðsárunum. Það var í eðli sínu sami vandinn, sem varð banabiti vinstri stjórnarinnar. Þá fór vinstri stjórnin fram á frest við Alþýðusambandsþingið, en Hannibal Alþýðusambandsforseti neitaði Hannibal ráðh. um frestinn, og þarf ekki að rekja þá hetjusögu frekar. Til þess að leysa vandann, ætlar ríkisstj. nú að taka sér umhugsunarfrest í rúman mánuð, meðan hún er að kanna betur allar þær úrlausnir, sem til greina koma, í því skyni að geta valið beztu og árangursríkustu leiðina. Á meðan vill ríkisstj. tryggja óbreytt ástand, svo að ný vandamál skapist ekki, meðan umhugsunarfresturinn er að líða. Ef stjórnarandstöðunni mislíkar sú lausn vandamálanna, sem ríkisstj. væntanlega leggur fyrir Alþingi í næsta mánuði, þá gæti ég skilið, að stjórnarandstöðunni þætti rétt að bera fram till. um vantraust. En að bera fram vantraust, af því að ríkisstj. vill hugsa sig um, taka sér stuttan frest til að leita betri ráða en hún hefur á takteinum í dag, það er fráleitt. Þessi frestur er fyrst og fremst í hag þeim stéttum, sem nú bera skarðan hlut frá borði.

Skákmaður, sem er að tefla í vandasamri stöðu, þar sem nauðsynlegt er að gera alltaf bezta leikinn til þess að sigra, reynir vitanlega að koma skákinni í bið til að geta undirbúið framhaldið sem vandlegast. Það þætti skrýtinn náungi meðal skákmanna, sem héldi því fram, að í slíkri stöðu væri bezt að tefla hraðskák. Stjórnarandstaðan heldur því fram, að ríkisstj. hafi haft nægan tíma til að undirbúa ráðstafanir sínar í efnahagsmálum, því að þá þróun, sem nú er orðin, hafi verið unnt að sjá fyrir á s. l. sumri. Lausn vandamálanna ætti því að liggja fyrir nú þegar. Ég skal fúslega viðurkenna, að nokkuð er til í þessu. En athugum málið nánar.

Það var eðlilegt, að ríkisstj. biði eftir tvennu: annars vegar eftir ákvörðuninni um landbúnaðarvöruverðið í haust og hins vegar eftir því, að nefndin, sem átti að rannsaka greiðsluþol atvinnuveganna, léti frá sér heyra 15. okt. s. l. Í þessari nefnd sitja m. a. þrír þm. stjórnarandstöðunnar. Nú er í ljós leitt, að nefndin hefur litlu í verk komið og engu frá sér skilað. Verkefni hennar var að vísu umfangsmikið, en það verður að áteljast, að hún skuli ekki einu sinni hafa komið því í verk að rannsaka greiðslugetu frystihúsanna, en vitneskja um það er undirstöðuatriði í sambandi við lausn kaupgjaldsmálanna. Þýðingarmesta ástæðan fyrir því, að till. um lausn vandans geti ekki legið fyrir fyrr en í næsta mánuði, er sú, að það nægir ekki í slíku máli, að ráðh. og efnahagsráðunautar fjalli einir um þetta, heldur þurfa þm. stjórnarflokkanna einnig að fylgjast með málunum frá upphafi og móta þá lausn, sem álitlegust er. Þetta allt tekur nokkurn tíma. Þm. verða innan síns flokks og í viðræðum við þm. samstarfsflokksins að geta reifað allar hliðar málsins, skipzt á skoðunum og kannað sjónarmið hver annars. Þessi vinnubrögð eru viðhöfð, þau eru skynsamleg og líkleg til góðs árangurs. Hér sem endranær gildir það, að flas er ekki til fagnaðar.

Um miðjan okt. var haldin ráðstefna Alþýðusambandsins um kaup og kjaramál. Ráðstefnan setti fram kröfu um 40% hækkun á launum verkamanna. Þessi krafa var m. a. rökstudd með því, að frá því í marz 1959 hafi kaup verkamanna aðeins hækkað um 36%, á sama tíma og verðlagsvísitalan hafi hækkað um 63%. Fyrri talan er að vísu ekki alveg rétt, því að kaup

Dagsbrúnarmanna hefur hækkað um 43% á þessum tíma. Samt sem áður er kaup verkamannsins 20% á eftir hækkun verðlagsins. Á móti þessum 20% koma hins vegar miklar yfirborganir í sumum atvinnugreinum, stóraukna fjölskyldubætur og verulega lækkun á tekjuskatti og útsvari. I flestum tilfellum munu þessi atriði gera meira en vega upp á móti 20%, en um það eru þó skiptar skoðanir. Samt sem áður er eðlilegt, að verkamenn heimti nú bætt kjör, enda eiga þeir vegna aukningar á þjóðarframleiðslunni rétt á því að búa við betri kjör nú en fyrir 5 árum.

Lítum nú á það, hvað mundi ske að óbreyttum lögum, ef kaup verkamanna hækkaði í dag um 40%. Landbúnaðarvörurnar mundu hækka í verði um 20%. Frystihúsin mundu ekki geta borið sig nema með stórlækkuðu fiskverði til sjómanna og útgerðarmanna. Iðnverkafólk, verzlunar- og skrifstofufólk og iðnaðarmenn mundu telja sig eiga rétt á 40% hækkun líka og knýja hana fram. Þá væru kauphækkanirnar orðnar svo almennar og verulegar, að opinberir starfsmenn ættu væntanlega samkv. 7. gr. l. um kjarasamninga opinberra starfsmanna rétt á 40% kauphækkun til viðbótar því, sem þeir fengu með kjaradómi í sumar. Kaupmenn og kaupfélög mundu krefjast aukinnar álagningar til að mæta auknum launaútgjöldum, og verðlag hlyti því enn á ný að hækka. Af öllu þessu leiddi, að útgjöld ríkisins mundu vaxa um 400—500 millj. á ári, og þyrfti þá að leggja á nýja skatta sem því næmi. Stórfelld kauphækkun til verkamanna að óbreyttu því kerfi, sem við búum við í dag og höfum að mestu búið við s. l. 20 ár, yrði því eftir skamman tíma orðin að engu. Í þessu er vandinn einmitt fólginn: að bæta kjör láglaunamanna, án þess að ný skriða fari af stað. Þetta er sá vandi, sem ríkisstj. ætlar að reyna að leysa innan þess frests, sem hér er verið að taka.

Þetta vandamál virðist ráðstefnu Alþýðusambandsins einnig hafa verið ljóst, því að í ályktun hennar segir m. a. svo orðrétt: „Lögð verði áherzla á fullnægjandi ráðstafanir til verðtryggingar og varðveizlu kaupmáttar þess kaups, sem um semst." Þetta er út af fyrir sig gott og blessað, en það, sem vantar alveg í samþykktina, er, hvaða ráðstafanir það eru, sem duga til verðtryggingar og varðveizlu kaupmáttarins. Ráðstefna Alþýðusambandsins sér réttilega, hver vandinn er, en getur ekki bent á, hvernig á að leysa hann. Hvernig eigum við t. d. að komast hjá því, ef prentarar fá hækkað kaup, að blöð og bækur hækki í verði? Hvernig eigum við að forða því, að daggjöld á sjúkrahúsum hækki, þar sem hjúkrunarkonur og læknar fengu stórhækkuð laun með kjaradómi í sumar? Hvernig á að komast hjá því, að byggingarkostnaður hækki með hækkuðu kaupi iðnaðarmanna? Póst- og símagjöld hafa hækkað í haust vegna hækkunar á launum póst- og símamanna. Þannig mætti lengi telja. Hér á Alþingi sitja margir þm. Framsfl., sem eiga sæti í stjórnum kaupfélaganna og Sambandsins. Fróðlegt væri t. d. að fá vitneskju um það hjá þeim, hvað SÍS og kaupfélögin telja sig geta hækkað laun skrifstofu- og verzlunarfólks mikið án þess að krefjast hærri álagningar.

Á undanförnum árum hafa verkamenn oft fengið kauphækkanir, en eftir skamman tíma hafa þær misst gildi sitt vegna hækkandi verðlags. Kommunstar skýra þetta svo, að verðlagshækkanir stafi af heimdarráðstöfunum stjórnvaldanna, sem vilji ná sér niðri á verkamönnum. Þessi skýring getur þó naumast verið einhlít. Í lok septembermánaðar 1958, þegar vinstri stjórnin sat að völdum, samdi Dagsbrún um 9% kauphækkun. Þennan samning taldi Þjóðviljinn mikinn sigur fyrir verkamenn. Áður en samningurinn var gerður, var vísitala kaupmáttarins 97 stig, en í október, næsta mánuði eftir að samningurinn gekk í gildi, stóð vísitala kaupmáttarins í stað, eða m. ö. o. vegna verðhækkana í kjölfar kauphækkunarinnar stóð kaupmáttur tímakaupsins í stað þrátt fyrir 9% launabót. Nú hlýtur maður að spyrja: Hverju reiddist verðlagsmálaráðherrann Hannibal í okt. 1958, að hann skyldi þá gera nýfengna kauphækkun verkamanna í sept. að engu?

Stjórnarandstæðingar halda því mjög á lofti, að frv. um launamál o. fl. sé fyrirboði þess, að eftir áramótin eigi einnig að binda kaupgjaldið með lögum. Um það er ekkert hægt að fullyrða af eða á, á meðan ekki hefur verið tekin ákvörðun um þær ráðstafanir, sem ríkisstj. ætlar að beita sér fyrir í næsta mánuði. Um þetta atriði tel ég þó rétt að fara nokkrum orðum.

Ég er þeirrar skoðunar, að það megi hvorki né eigi að vera framtíðarlausn í launamálum að ákveða kaupgjald í landinu með lögum. Hitt er ég sannfærður um, að meðan verkalýðshreyfingin endurbætir ekki skipulag sitt, sé óhjákvæmilegt að skerða samningsréttinn að einhverju leyti við og við með lagafyrirmælum, til þess að hægt sé að stjórna landinu og halda verðbólgunni í skefjum, enda hafa allar ríkisstj. að meira og minna leyti gripið til þessa ráðs. Vanræksla kommúnista í því efni að endurskipuleggja Alþýðusambandið í samræmi við ýtarlegar samþykktir Alþýðusambandsþings 1960, þar sem gert var ráð fyrir að koma samningsréttinum á hendur miklu færri aðila, er því sífellt að bjóða heim auknum ríkisafskiptum af launamálum.

Ég fyrir mitt leyti tel útilokað að binda verðlag og kaupgjald í landinu eftir áramótin, nema launahlutföllin milli stétta séu áður leiðrétt verkamönnum og láglaunafólki til hagsbóta og að sú binding sé ekki til mjög langs tíma. Í þessu sambandi má varpa fram þessari spurningu: Hvaða gagn hefur verkamaðurinn af samningsfrelsinu, meðan aðrir hafa frelsi til þess að gera kauphækkanir hans jafnharðan að engu? Verðbólgan er versti óvinur verkamannsins, og það er til nokkurs vinnandi fyrir hann, ef unnt væri að halda henni niðri. Stjórnarandstæðingar virðast telja allar hugleiðingar um tímabundna lögbindingu kaupgjalds og verðlags nánast glæpsamlegar. Allir vita þó, að í ríkjum kommúnista hefur verkalýðshreyfingin engan samningsrétt og því síður verkfallsrétt. Framsfl. hefur ekki heldur ætíð verið sama sinnis og nú. Sumarið 1957, eða fyrir aðeins 5 árum, lét flokkurinn semja frv. til l. um breyt. á vinnulöggjöfinni. Í því var ákvæði um 2 ára bindingu kaupgjalds og verkfallsbann. Þetta er þó naumast í frásögur færandi. Það er nú einu sinni svo

með þennan blessaða Framsfl., að hann hefur nokkuð skiptar skoðanir á hlutunum eftir því, hvort hann er í stjórn eða utan stjórnar.

Ýmsir segja, að það sé miklu skynsamlegra að reyna að semja við verkalýðssamtökin heldur en vera að hugsa um lögbindingu. Þetta er alveg rétt, svo langt sem það nær. Gallinn er bara sá, að grundvöllinn skortir. Við hvern á ríkisstj. að semja? Hvorki Alþýðusambandið né neitt annað verkalýðssamband í landinu hefur samningsrétt fyrir sína meðlimi. Það eru hin einstöku verkalýðsfélög, sem eru 200 talsins, sem hafa samningsrétt hvert fyrir sína menn. Miðstjórn Alþýðusambandsins getur ekki á sitt eindæmi tekið kjaraákvörðun fyrir eitt einasta verkalýðsfélag í landinu. Ef miðstjórnin fengi samningsumboð frá öllum félögum innan Alþýðusambandsins, horfði málið allt öðruvísi við. En það liggur ekki fyrir. Ég teldi mjög athugandi, að einhvern tíma á næsta ári yrði kölluð saman stéttaráðstefna, þar sem mættir væru fulltrúar frá verkalýðssamtökunum, vinnuveitendasamtökunum og bændum. Meginverkefni ráðstefnunnar væru tvö, annars vegar að reyna að koma sér niður á eðlileg launahlutföll milli stétta, hins vegar að reyna að finna nýtt kerfi, sem kæmi í veg fyrir víxlhækkanir á launum verkamanna og verðlagi landbúnaðarafurða, t. d. með því, að báðar þessar stéttir semdu samtímis um kjör sín. Ef þessi ráðstefna tækist vel, væri mikill vandi leystur.

Í þessum umr. hefur kjaradóm um laun opinberra starfsmanna mikið borið á góma. Forseti Alþýðusambandsins ræddi um það í gær, að bankastjórar og ráðherrar hefðu knúið fram kjaradómslaun sér til handa. En hann gleymdi einum manni, sem sízt skyldi. Hann gleymdi sjálfum sér, því að nú í haust fékk hann um 60% launahækkun hjá Alþýðusambandinu á grundvelli einhvers hálaunaflokks samkv. kjaradómi. Hitt skal ég undirstrika með honum, að það er hneyksli, ef bankastjórar hafa fengið mikla launahækkun, eftir að vitað var, að frv. um launastöðvun yrði lagt fram.

Stjórnarandstæðingar hafa viljað kenna ríkisstj. um hinar miklu launahækkanir, sem hátekjumenn fengu með kjaradómi. Ekkert er fjær sanni. Dómsniðurstaðan hlýtur að nokkru að markast af þeim kröfum, sem gerðar voru. Þar var í fyrirsvari Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, sem stjórnað er af framsóknarmönnum og kommúnistum. Þeir gerðu í upphafi kröfu um að launin í hæstu flokkunum hækkuðu átta sinnum meira en laun verkamanna hjá ríkinu. Þeir vildu hafa verkamanninn í 4. launaflokki og voru mjög tregir til að samþykkja þá kröfu samninganefndar ríkisstj. að færa verkamanninn upp í 5. launaflokk, sem tókst þó um síðir. Þetta var áhuginn fyrir verkamönnum. Svo féll kjaradómurinn, og hálaunafólkið fékk mikla kauphækkun, þótt eigi væri hún nærri því eins mikil og bandalagsforustan hafði krafizt. Þjóðviljinn fagnaði úrslitunum og sérstaklega hinni nýju stefnu að auka svo mjög launagreiðslur til þeirra, er gegndu störfum, þar sem miklar kröfur væru gerðar til menntunar og ábyrgðar, þ. e. mannanna í efstu launaflokkunum. Þó sagði blaðið, að þetta væri aðeins áfangi, meira þyrfti að gera af slíku síðar. Björn Jónsson, þm. Alþb. í Norðurl. e., sagði réttilega í umr. í Ed. í gær, að laun ráðherra væru greidd af verkafólki í landinu. Þetta þýðir m. ö. o., að hinar miklu kauphækkanir til hálaunamanna, sem flokksbræður Björns hafa barizt fyrir innan Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og fengið fram að nokkru leyti, eru teknar af láglaunafólkinu í landinu. Ég er ekkert hissa á því, þótt verkamenn og annað láglaunafólk sé óánægt með laun sín eftir uppkvaðningu kjaradóms, þegar svo þar á ofan bætast miklar verðhækkanir síðustu mánuðina. Það er einmitt með hagsmuni þessa fólks fyrir augum, sem ríkisstj. þarf nú stuttan frest til að leysa þeirra hagsmunamál á árangursríkari hátt en áður og leiða það út úr svikamyllukerfi víxlhækkandi kaups og verðlags.

Eitt má ekki gleymast, þegar rætt er um kaup verkamanna. Kommúnistar, sem ráða stærstu verkamannafélögum landsins, hafa haldið þannig á málum þeirra undanfarin ár, að verkamaðurinn hefur jafnan fengið minni kauphækkun en aðrar stéttir og fórnað meiru til. Í fyrra samdi Dagsbrún um 5% minni kauphækkun en flest önnur félög hér í Reykjavík. Í febr. s. l. náðu þeir þó upp þessari hækkun til að standa jafnfætis öðrum. En sú dýrð stóð ekki lengi. Í júní og júlí voru gerðir nýir samningar og þá drógust verkamennirnir á ný aftur úr um 5%. Í þetta skipti var það verkamannafélag á Akureyri, sem hafði forustuna. Það er eftirtektarvert, að í kaupgjaldsbaráttu verkamanna hafa félögin, sem kommúnistar sjálfir stjórna, ekki einu sinni getað staðið saman og árangurinn orðið eftir því.

Kommúnistar og framsóknarmenn reyna nú að magna andúðaröldu gegn frestunarfrv. og hafa í hótunum um að beita ólöglegum verkföllum og skæruhernaði. Kommúnistar eiga nú hægara um vik en ella, vegna þess að engin blöð koma út og því er erfiðara að skýra málin fyrir fólkinu. Menn skulu hér minnast hinna mörgu mótmæla, sem bárust, þegar lausn landhelgismálsins átti sér stað. Margir, sem þá skrifuðu undir mótmæli, mundu ekki vilja standa við þau í dag. Margir verkalýðssinnar telja rétt að mótmæla formsins vegna, þótt þeir í hjarta sínu séu sammála því, sem gert er. Mótmæli stéttarfélaganna gegn frestunarfrv. eru fyrst og fremst gerð til áréttingar kjarakröfum þeirra. Framsóknarmenn og kommúnistar vilja ekki gefa ríkisstj. vinnufrið. Ef stjórnin fengi hann, óttast þeir, að henni takist að leysa vandamálin í des. á farsælan hátt. Það þætti stjórnarandstæðingum verst af öllu, og því er nú öllum gauraganginum hleypt af stað. Þeir munu að sjálfsögðu ráða tiltektum sínum, en meiri hl. Alþingis mun ráða því, hvernig málin lúkast. — Góða nótt.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Hæstv. fjmrh. vildi svo vera láta, að aðeins stjórnarandstæðingar hefðu mótmælt frv. ríkisstj. um launamál. Samkv. þessu eru forráðamenn fulltrúaráðs verkalýðsfélaganna í Reykjavík, stjórnendur Iðju í Reykjavík og stjórnendur Alþýðusambands Vestfjarða stjórnarandstæðingar, þótt þeir hafi áður tilheyrt stjórnarflokkunum. Allir þessir aðilar hafa mót-

mælt frv. ríkisstj. mjög harðlega og varað við afleiðingum þess. Þá lézt hæstv. fjmrh. vera mjög ánægður með fund, sem haldinn var í gærkvöld í Verzlunarmannafélagi Reykjavíkur. Hversu ánægður hæstv. ráðh. má vera með þennan fund, geta menn bezt dæmt af eftirfarandi till., sem var samþ. einróma á fundinum:

„Fundur í Verzlunarmannafélagi Reykjavíkur, haldinn 6. nóv. 1963 á Hótel Sögu, mótmælir harðlega fram komnu frv. um launamál o. fl. og skorar á Alþingi að fella það. Fundurinn telur frv. ranglátt, þar sem það felur í sér bann við launahækkunum þrátt fyrir sívaxandi dýrtíð og afnemur sjálfsögðustu mannréttindi, sem eru frjálsir samningar um kaupgjald og vinnutíma. Jafnframt skorar fundurinn á allt verzlunarfólk að standa fast saman um réttmætar kröfur sínar og neyta allra ráða til þess, að þær nái fram að ganga."

Þetta var ályktun Verzlunarmannafélags Reykjavíkur.

Hæstv. viðskmrh. lét sér sæma að fara með þau ósannindi, að Framsfl. hefði sjö sinnum á seinustu 25 árum verið með löggjöf, sem væri sambærileg við það frv. stjórnarinnar, sem nú liggur fyrir Alþingi. Þetta er algerlega tilhæfulaust. Samkv. gerðardómsl. frá 1942, sem byggðust á stvrjaldarástæðum, var leyft að hækka kaupgjald til samræmingar og jafnframt greidd dýrtíðaruppbót. Samt varð reynslan af þessum lögum svo slæm, að Framsfl. hefur aldrei síðan staðið að lögum, er tækju samningsréttinn af verkalýðsfélögunum. Í gengislögunum 1950 og vísitölulögunum 1956 fólst engin skerðing á samningsréttinum, og er furðulegt, að hæstv. ráðh. skuli ganga jafnlangt í hreinum ósannindum og að staðhæfa slíkt. Annars stæði hæstv. ráðh. nær að rekja frekar afstöðu Alþfl. en Framsfl. til þessara mála. En það gerir ráðh. ekki, enda eðlilegt, því að þá kæmi bezt í ljós, hve Alþfl. svíkur nú öll sín fyrri stefnumál og fótumtreður helgustu réttindamál verkalýðshreyfingarinnar. Sælir eru þeir Jón Baldvinsson og Sigurjón Á. Ólafsson að þurfa ekki að lifa hin algeru svik Gylfa, Emils og Guðmundar í þessum málum.

Ein er sú mannlýsing í íslenzkum sögum, er glöggt lýsir andúð sagnaritarans. Þessi mannlýsing felst í einu orði: ójafnaðarmaður. Jafnaðarkennd og réttlætistilfinning átti sterkari rætur hér á landi í fornöld en dæmi eru til um hjá öðrum þjóðum þá. Um það vitna ýmis lagafyrirmæli frá þessum tíma. Þessi jafnaðar- og réttlætiskennd hefur varðveitzt hjá þjóðinni fram á þennan dag. Hér hefur verið gerður minni mannamunur en annars staðar hefur þekkzt. Landlæg er hér andúðin á þeim húsbændum, sem skiptu hjúum sínum ójafnt, þegar skortur var í búi. En fátt hefur þótt prýða betur góðan forustumann, þegar hörgull var vista eða annar aðbúnaður ónógur, en að deila kjörum með liðsmönnum sínum. Fátt hefur verið sannara sagt um íslenzka þjóð en hún hafi ódeig sætt sig við harðræði, þegar þess hefur þurft, en misrétti af manna völdum hefur hún jafnan illa þolað.

En hví skyldi á þessum stað og þessari stundu verið að minna á þá jafnaðar- og réttlætiskennd, sem verið hefur aðalsmerki íslenzku þjóðarinnar í gegnum aldirnar? Ég geri það vegna þess, að aldrei hefur verið ríkari ástæða til þess á Alþingi að minna á þetta en einmitt nú. Aldrei hafa verið lögð fram á Alþingi Íslendinga slík ólög ójafnaðarins sem frv. það um launamál o. fl., sem ríkisstj. hefur lagt fram og verið hefur hér til umr. seinustu dagana. Þótt farið sé í gegnum alla þingsöguna og grandskoðað hvert einasta mál, mundi aldrei neitt mál fyrirfinnast, er felur í sér þvílíka ósanngirni eða byggt er á slíku misrétti sem þetta frv.

Efni þessa frv. er í stuttu máli það, að þeir, sem lægst laun hafa og verst eru settir, skuli engar launahækkanir og kjarabætur fá, þótt hinir, sem hærri laun hafa og miklu betur eru settir, hafi þegar fengið miklar kauphækkanir og þó einkum þeir, sem hæst laun hafa. Aldrei áður í þingsögunni hefur það gerzt, að þannig sé níðzt á þeim, sem verst eru settir í þjóðfélaginu. Ranglátara og ódrengilegra mál hefur ekki verið flutt á Alþingi Íslendinga.

Það gleðilega hefur hins vegar gerzt, að það hefur komið ótvírætt í ljós, að enn er jafnaðar- og réttlætiskenndin rík í Íslendingum. Til Alþingis hafa borizt mótmæli úr öllum áttum og það ekki aðeins frá þeim, sem með þessum lögum á að setja skör neðar en aðra þegna þjóðfélagsins. Mótmælin og andúðin hafa ekki síður komið frá þeim, sem eiga að hafa hinn betri hlut samkv. þessu frv. Utan Alþingis hef ég ekki heyrt nema einn einasta mann lýsa velþóknun á þessu lagastarfi, Benjamín Eiríksson bankastjóra í útvarpsræðu nýlega. Benjamín hefur ekki heldur persónulegar ástæður til að kvarta. Seinasta verk hæstv. ráðh., áður en þeir lögðu þetta mál fyrir þingið, var að hækka laun bankastjóra um 40% og munu þau nú vera í kringum 400 þús. á ári, þegar risna og bílastyrkur er meðtalinn, eða u. þ. b. 5—6-föld verkamannalaun.

Af hálfu hæstv. ráðh. hafa verið færð næsta fáránleg rök fyrir þessu máli. Hæstv. forsrh. hampar því mjög, að þetta sé gert fyrir þá launalægstu. Það er sem sagt gert fyrir þá launalægstu að láta skammt þeirra vera óbreyttan, meðan aðrir fá skammt sinn stóraukinn og dýrtíðin magnast meira en nokkru sinni fyrr. Ólafur Thors hefur oft verið skemmtilega fyndinn, en þessi fyndni hans skýtur langt yfir markið. Ólafur Thors mundi skilja það, ef hann hefði sjálfur ekki nema 67 þús. kr. í árslaun í stað 450 þús. kr. árslauna að ótöldum mörgum fríðindum.

Emil Jónsson og Gylfi Þ. Gíslason lofa að bæta láglaunamönnum þetta upp með lækkun skatta og útsvara. En hvorir ætli græði nú meira á þessari ráðgerðu skatta- og tollalækkun, verkamaðurinn, sem hefur 67 þús. kr. árslaun eða Emil og Gylfi, sem hafa hvor um sig yfir 400 þús. kr. árslaun að ótöldum fríðindum? Ekki kæmi mér á óvart, þótt skattalækkunin hjá Emil og Gylfa yrði a. m. k. tíföld, jafnvel tuttuguföld sú skattalækkun, sem verkamaðurinn fær.

Þetta frv. hæstv. ríkisstj. er ekki aðeins mesta ójafnaðar- og misréttismál, sem lagt hefur verið fyrir Alþingi, það stefnir einnig gegn þeim réttindum launastéttanna, sem eru þeim dýrmætust og mikilvægust allra réttinda, verk-

fallsréttinum. Það á að afnema hann fyrst í tvo mánuði, síðan í lengri tíma. Það á að sníða verkalýðshrevfingunni hér sama stakk og á Spáni og í Portúgal og fyrir austan tjald. Hér skal vera, eins og í þessum tveim löndum, verkalýðshrevfing án verkfallsréttar, verkalýðshrevfing, sem í raun og veru er ekki annað en nafnið, gagnlaus gervihrevfing. Á þann hátt skal framkvæma langþráðan draum stóratvinnurekenda og stórgróðamanna, koma þeim í paradís gróðavaldsins, sem þá hefur lengi dreymt um.

Það hefur margt misjafnt verið sagt um verkfallsréttinn, og vissulega hefur hann oft verið misnotaður, alveg eins og lýðræðið hefur oft verið misnotað. Hér á landi þarf vissulega að koma þessum málum í miklu fastara form með frjálsu samkomulagi atvinnurekenda og launþegasamtaka, t. d. eins og á Norðurlöndum, þar sem gerðir eru heildarsamningar til lengri tíma. En þrátt fyrir þessa galla verkfallsréttarins, sem vel á að mega sigrast á með frjálsum samningum atvinnurekenda og launbega, hefur hann ekki aðeins gagnazt launastéttunum vel, heldur verið vestrænum þjóðum ómetanleg lyftistöng. — Einhverjir kunna að segja, að ég fari með öfugmæli, þegar ég segi, að hann hafi verið vestrænum þjóðum ómetanleg lyftistöng. En hvers vegna halda menn, að þau lönd séu fremst í framleiðslu, framleiðni og tækni, er lengst hafa búið við verkfallsrétt? Hvers vegna halda menn, að lífskjörin séu bezt í þessum löndum og kommúnistar eigi þar örðugast uppdráttar? Það stafar einfaldlega af því, að launþegar þessara landa hafa getað beitt samtakaréttinum til að knýja fram bætt kjör. Bætt kjör þeirra hafa skapað framleiðslunni stóraukinn markað, og bætt kjör launþega eða réttara sagt hækkað kaup þeirra hefur knúið atvinnurekendur til að taka framleiðni og tækni í sívaxandi mæli í þjónustu sína. Lágt kaupgjald er atvinnurekendum hins vegar engin hvatning í þessum efnum, og því er tækni og framleiðni yfirleitt á lágu stigi, þar sem kaupgjald er lágt.

Íslenzk alþýða hefur á undanförnum áratugum búið við sæmileg kjör. Það á hún að þakka samtakarétti sínum framar öllu öðru. Samtakaréttinn verður hún að verja. Sá réttur er hins vegar raunverulega úr sögunni með frv. ríkisstj. um launamál, því að þótt þar sé talað um að afnema hann í fyrstu í tvo mánuði, fast enginn um, að það er aðeins hugsað sem upphaf að öðru meira.

Það er víst, að sú stefna ójafnaðar, misréttis og réttindasviptingar, er felst í frv. ríkisstj., ber sjálf dauðann í sér. Svo sterk er jafnaðarkennd og réttlætishugsjón þjóðarinnar, að hún getur ekki þolað slík ólög, ekki slíkan ójöfnuð, ekki slíkt misrétti. Verkalýðssamtökin mega ekki láta afmá þýðingarmesta rétt sinn án öflugustu baráttu, sem þau geta innt af hendi. Frv. ríkisstj. er því ekki aðeins ranglátt, heldur hættulegt friðnum í landinu. Ríkisstj. á að hafa séð á þeirri mótmælaöldu, sem þegar er risin og enn á eftir að magnast, að hún er þar að kynda stvrjaldareld, sem getur gert íslenzku þjóðlífi óbætanlegt tjón um langa framtíð.

Það, sem þessi þjóð þarf, ef hún á að halda hlut sínum meðal hinna stærri þjóða, er samstarf og samhugur, gagnkvæmur skilningur og gagnkvæmur drengskapur einstaklinga og stétta. Þetta frv. grefur grunninn undan slíku samstarfi og slíkum skilningi. Það margfaldar þá sambúðarörðugleika, sem nú er búið við. Þetta frv. ríkisstj. hefur þegar skapað þann vanda, að ég efast um, að þjóðin hafi horfzt í augu við þvílíkan um áratugi. Á slíkum stundum má ekki láta misskilinn metnað ráða, ekki æstar tilfinningar, heldur hóflega skynsemi. Hafi ríkisstj. á einhverju stigi gert sér von um, að frv. hennar mundi levsa einhvern vanda, má henni vera ljóst, að það gerir hið gagnstæða. Ríkisstj. á því ekki nema eina leið út úr þeim vanda, sem hún hefur komið sér og þjóðinni í, því að það er ekki leið að auka enn deilurnar og ófriðinn. Þessi leið er sú, að stjórnin segi af sér og dragi frv. sitt til baka og hjálpi síðan til þess að bæta sambúð stéttanna. Þetta er sú eina leið, sem stjórnin mundi vaxa af, hin eina leið, sem sæmir mönnum, er finna til skyldunnar á örlagastund. — Góða nótt.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Góðir hlustendur fjær og nær. Undanfarna daga hafa hæstv. ráðh. staðið hér hver á fætur öðrum í ræðustól á sjálfu Alþingi og lýst yfir því, að efnahagsmál þjóðarinnar séu komin í algert öngþveiti. Jafnframt hafa þeir viðurkennt, að þeir hafi engin úrræði á takteinum til þess að levsa þennan mikla vanda. Þetta úrræðaleysi kemur mönnum að vísu ekki svo mjög á óvart, sem fylgzt hafa með ferli hæstv. ríkisstj., allt frá því að hún kom til valda og þó einkum undanfarnar vikur og mánuði. Það hefur alltaf verið ljóst, að efnahagsaðgerðir ríkisstj. og almenn landsmálastefna hennar hlyti fyrr eða síðar að leiða til efnahags- og stjórnmálaöngþveitis.

Meginmarkmið íhaldsstjórnar undanfarinna ára virðist hafa verið að þjóna auðvaldinu í landinu og efla það sem mest. Má segja, að þessu höfuðmarkmiði sínu hafi ríkisstj. náð með hinni brevttu tekjuskiptingu meðal þjóðarinnar og áhrifum þessara afla á framkvæmdir og fjárfestingu í landinu, þar sem blind þjónusta við verzlunarauðvaldið í Revkjavík hefur sett svip sinn á framkvæmdir og fjárfestingu algerlega á kostnað almenningsframkvæmda, svo sem húsnæðis fyrir almenning og uppbyggingarstarfsemi úti um landsbyggðina, í vegamálum og öðrum samgöngumálum, í raforkumálum, ræktunarframkvæmdum, hafnargerðum og skólabyggingum, svo að nokkuð sé talið. Það hefur verið einkenni stjórnarfarsins undanfarin ár að láta landsbyggðina sitja á hakanum með sín framfaramál, enda varla við öðru að búast af núverandi valdhöfum. Er það þó illa farið, því að mikilvægara og þjóðnýtara starf er ekki unnið annars staðar í landinu en einmitt í sveitum og sjávarþorpum úti um landið. Mönnum ætti að vera það ljóst, að sú verðmætissköpun, sem á sér stað í frumatvinnuvegum okkar, er undirstaða allrar annarrar starfsemi í landinu. Hinir fornu aðalatvinnuvegir okkar eru enn sem fyrr burðarásinn í íslenzku efnahagslífi, og ætti að vera kennikefli hverrar stjórnar að vernda hagsmuni þeirra og þess fólks, sem við þá vinnur, hvar sem það býr á landinu.

Ég vil leyfa mér að gera húsnæðismálin að sérstöku umræðuefni, þó að í stuttu máli verði, enda er þar um að ræða þann þátt í þjóðarbúskap okkar, sem einna mest hefur verið vanræktur. Er þess fyrst að minnast, að byggingarkostnaður hefur vaxið gífurlega, og þar við bætist sú stefna hæstv. ríkisstj. að banna hreinlega bönkum og sparisjóðum nokkra fyrirgreiðslu við efnalitla húsbyggjendur, sem eðlilega hefur leitt til mikils samdráttar í íbúðabyggingum. Þótt rangsnúið sé, virðist það falla prýðilega að smekk og réttlætisskyni sumra hæstv. ráðh. að guma af vaxandi tryggingastarfsemi, en láta sér fátt um finnast, þótt hundruð fjölskyldna hafi ekki sæmilegt þak yfir höfuðið. Það er ekki til neins fyrir ríkjandi stjórnarvöld að víkja þessum málum til hliðar eða láta þau mæta afgangi, þegar metin er nauðsyn fjárfestingar, sízt af öllu þegar á spilum er haldið eins og undanfarin ár, þar sem skemmtistaðir, verzlunarhallir og alls konar umboðsmiðstöðvar hafa bókstaflega gleypt í sig megnið af byggingargetu þjóðarinnar og valdið með því óeðlilegu kapphlaupi um efnivöru og vinnuafl og viðurkennt er, jafnvel af hæstv. ráðh., að það sé ein meginundirrót þenslunnar í efnahagslífinu, sem nú er um það bil að velta hæstv. ríkisstj. úr sessi.

Ég vil leyfa mér að endurtaka það, sem ég hef áður sagt við svipað tækifæri: „Réttur til húsnæðis á að vera jafnsjálfsagður og réttur til ellilífeyris og annarra tryggingabóta. Þjóðin hefur mætavel efni á því að byggja hóflegar, en vandaðar íbúðir yfir hverja einustu fjölskyldu í landinu, hvort sem er í bæ eða sveit.“ En til þess að svo megi verða, verður að taka húsnæðismálin nýjum tökum. Það þarf að skipuleggja byggingarstarfsemina, bæði lánamálin og almenna byggingarhætti. Það þarf að fá skilning á því, að húsnæðismálin séu fyrst og fremst félagslegt vandamál, þ. e. a. s. úrlausnarefni, sem opinberir aðilar, eins og ríkisvaldið og bæjaryfirvöldin, eiga að leysa í samstarfi við banka og aðrar lánastofnanir.

Nú er svo komið, að öllum má vera ljóst, að hæstv. ríkisstj. ríður til falls og á raunar ekki annað eftir en stíga það manndómlega spor að segja formlega af sér. Hæstv. ríkisstj. hefur misst tökin á stjórnartaumunum, og þó að henni hafi farið flest einstök mál illa úr hendi, er það úrræðaleysi hennar í verðbólgu- og dýrtíðarmálum, sem bezt styður kröfuna um frávikning hennar þegar í stað. Og þegar þess er enn fremur gætt, að hið háskalega ástand í dýrtíðarmálunum á rætur í sjálfum efnahagsaðgerðum og fjármálastjórn hæstv. ríkisstj., verður krafan um afsögn hennar þeim mun betur rökstudd.

Efnahagsaðgerðirnar í ársbyrjun 1960 leiddu yfir almenning meiri og almennari verðhækkanir og kjararýrnun en hægt var að gera ráð fyrir, að launþegar í landinu sættu sig við til lengdar. Þó er það staðreynd, sem aðrir hafa bent á á undan mér, en ekki sakar að endurtaka, að allt var kyrrt á kaupgjaldssviðinu hið fyrsta viðreisnarár, 1960, og hálft ár 1961. Engar kauphækkanir áttu sér stað fyrr en í júní 1961.

Svo sem alkunna er, var kaupgjaldi í landinu þannig háttað árið 1958, á seinasta ári vinstri stjórnarinnar, að dagkaup verkamanna var 21.85 kr. á klukkustund. Mátti þetta teljast viðunandi kaupgjald á þeim tíma, miðað við ríkjandi verðlag, enda var það stefna ríkisstj. þá að halda kaupgjaldi svo háu sem gjaldþol atvinnuveganna megnaði. Þá voru sjálfstæðismenn í stjórnarandstöðu, mjög sællar minningar, og kröfðust þess, að kaup yrði hækkað. En eftirleikinn þekkir öll þjóðin. Sjálfstfl. tókst um nokkurra mánaða skeið árið 1959 að ná þeirri aðstöðu að stjórna í gegnum Alþfl. og greiða götuna fyrir varanlegri íhaldsstjórn í landinu. Eitt hið fyrsta verk þessarar ríkisstj. var að lækka kaup verkamanna, sem verið hafði 21.85 kr. á vinstristjórnartímanum, niður í 20.67 kr. og annað kaup í samræmi við það. Þetta lækkaða kaup hélzt síðan óbreytt hálft þriðja ár, þ. e. 1959, 1960 og fram í júní 1961. M. ö. o.: almenningur í landinu bar þannig viðreisnarbyrðarnar bótalaust og kauplækkun íhaldsins að auki.

Í júní 1961 leystu samvinnufélögin og verkalýðsfélögin á Norðurlandi kaupgjaldsdeilur með sanngjörnum samningum, sem aðilar voru fúsir til að hlíta. En hið merkasta við þessa samninga var það, að samið var um kaup og kjör til tveggja ára, eða lengri tíma en áður hafði þekkzt í kaupgjaldssamningum, þó að því tilskildu, að verðlag héldist að mestu óbreytt á tímabilinu. Sáu allir, að þarna var um beina áskorun á ríkisvaldið að ræða um að gera allt, sem í þess valdi stæði, til þess að viðhalda jöfnuði milli verðlags og kaupgjalds. Með því móti mátti tryggja vinnufrið í 2 ár. En hvernig brást hæstv. ríkisstj. við þessari áskorun? Hún gerði það með því að kalla norðlenzku kaupgjaldssamningana svikasamninga og hefndi sín með því að lækka gengi íslenzku krónunnar með uppdiktuðum rökum, sem ekki fengu staðizt í neinu.

Með gengislækkuninni 1961 hefst núverandi verðbólguþróun fyrir alvöru. Æ síðan hefur verið styrjaldarástand í kaupgjalds- og verðlagsmálum, sem náð hefur hámarki í frv. hæstv. ríkisstj., sem felur í sér bann við því, að launafólk og vinnuveitendur semji um kaup og kjör. Lengra er ekki hægt að ganga í óréttlæti og lögleysum. Það er eins og hæstv. ríkissti. hafi ekki verið sjálfrátt, þegar hún réðst til þessa verks, því að henni mátti vera ljóst, að með þessu var hún að efna til stjórnleysis eða a. m. k. ófriðarástands um lengri eða skemmri tíma. Slík lög sem þessi stríða gegn almennri réttarvitund þjóðarinnar, og því er ekkert líklegra en þau verði brotin, án þess að fært reynist að refsa gegn slíkum brotum. Lögin eru óframkvæmanleg og munu einungis stuðla að virðingarleysi almennings fyrir löggjafarstarfi almennt. Auk þess munu slík ákvæði án efa torvelda stórlega samstarf ríkisvaldsins og samtaka almennings um hin mikilvægustu mál.

Allt þetta sýnir, að hæstv. ríkisstj. er komin í þrot. Hún er úrræðalaus, og hún stefnir út í stjórnleysi. Það verður að breyta til, taka upp nýja stjórnarhætti, þar sem hagsmunir almennings og hagsmunir landsbyggðarinnar verða látnir sitja í fyrirrúmi fyrir blindri gróðahyggju, sem haldið er uppi með þvingunaraðgerðum og lögleysum, ef ekki vill betur til. Ég tek undir það vantraust, sem hér hefur verið

flutt á hæstv. ríkisstj., og því fyrr sem hún víkur, því betra. — Góða nótt.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Þegar tekin er afstaða til vantrausts á ríkisstj., verða þm. að íhuga tvö meginatriði: Er málefnaleg ástæða til vantraustsins, og hvaða horfur eru á, að unnt sé að tryggja landinu starfhæfa ríkisstj., sem líklegri sé til þess að veita þjóðfélaginu betri forustu? Ég mun í þeim minútum, sem ég hef hér til umráða, leitast við að skýra þessi atriði svo sem þau horfa við mér sem þm., en tel ástæðulaust að elta ólar við margvíslegar firrur í ræðum stjórnarandstæðinga, er allar hafa verið marghraktar.

Í þingræðislöndum byggist tilvera ríkisstj. á trausti eða a. m. k. ekki vantrausti meiri hl. þings. En þjóðin er þinginu æðri, og í frjálsum kosningum kveður hún upp dóm, sem verður ekki áfrýjað. Fyrir aðeins 5 mánuðum felldi þessi æðsti pólitíski dómstóll landsins sinn dóm um starf og stefnu núv. ríkisstj. síðustu 4 árin. Sá dómur var ótvíræð traustsyfirlýsing og jafnframt viljayfirlýsing um, að hún skyldi áfram fara með stjórn landsins á grundvelli þeirrar stefnu, sem hún markaði sér í upphafi. Niðurstöður kosninganna verða ekki túlkaðar á annan veg. En áhrif stjórnarstefnunnar voru öllum landslýð ljós, og báðir stjórnarflokkarnir lýstu yfir, að þeir mundu vinna saman eftir kosningar á grundvelli óbreyttrar stefnu. Af þessum sökum getur ekki vantraust nú orðið rökstutt með verkum ríkisstj. síðasta kjörtímabil. Það væri álíka fjarstætt og að undirréttur hyggðist breyta dómsúrskurði hæstaréttar. Vantraustið verður því að rökstyðja með verkum eða aðgerðaleysi ríkisstj. síðustu 5 mánuðina.

Ástandinu í þjóðfélaginu þessa mánuði þarf ekki að lýsa með mörgum orðum. Ýmist þekkja menn það af eigin raun eða hafa heyrt greinargóðar lýsingar af hinum duldari háttum efnahagsbrúnarinnar í ræðum ráðh. við þessar umr. Í fáum orðum sagt hefur boginn verið spenntur of hátt. Framkvæmdir í landinu og neyzla er orðin svo mikil á ný, að byrjað er að ganga á hinn dýrmæta gjaldeyrisvarasjóð og vinnuaflið er komið á svartan markað. E. t. v. er síðara atriðið enn þá alvarlegra, því að svartamarkaðskaupgreiðslur draga vinnuaflið ekki endilega að nytsömustu störfunum, heldur fyrst og fremst að þeim framkvæmdum, þar sem hægt er að velta auknum tilkostnaði yfir á neytendur. Slíkar yfirborganir eru ekki heldur yfirleitt í neinu samræmi við eðlileg launahlutföll milli starfshópa og valda því margvíslegri ólgu og óánægju. Hver einasti skyni borinn maður hefur fylgzt með þessari þróun í sumar og haust með vaxandi kvíða. Þótt menn hafi að vísu glaðzt yfir aukinni veltu og vaxandi kaupi og hinum auknu launauppbótum, þá hef ég engan mann hitt að undanförnu, hvorki stjórnarsinna né stjórnarandstæðing, sem hefur ekki gert sér þess fulla grein, að hér yrði með einhverjum hætti að sporna við fótum, ef ekki á illa að fara. Hefur helzt gætt þeirrar gagnrýni, að stjórnin grípi ekki nógu fljótt í taumana. Alls konar spákaupmennska er aftur byrjuð að grafa um sig, og síaukinn ótti sparifjáreigenda við nýja gengislækkun hefur valdið stöðvun sparifjáraukningar síðustu mánuðina í stað hinnar miklu aukningar á síðustu 2 árum og fyrri helmingi þessa árs.

Nú er þjóðinni sagt, að ríkisstj. sé með bráðabirgðalöggjöf sinni um frestingu kaupgjalds og launa í tvo mánuði að fremja einstakt óhæfuverk gagnvart launþegastéttum landsins. Og þar sem þetta er eina röksemd vantraustsmanna, sem ekki var úrskurðuð í síðustu kosningum, skal hún rædd nokkru nánar, því að afstaða núv. ríkisstj. í kjaramálum launþega og einnig bænda er sannarlega ekki neitt feimnismál.

Það gegnir furðu, að sjálfir höfuðsmenn vinstri stjórnarinnar, sem létu það verða sitt fyrsta verk að taka 6 vísitölustig af launþegum með brbl., skuli telja mannréttindabrot að ákveða óbreytt kaupgjald í 2 mánuði. Sá er munurinn, segja þeir, að verkalýðssamtökin báðu um launalækkunina í þeirra tíð. Við höfum öll heyrt um samþykktir verkalýðssamtaka í kommúnistaríkjum, þar sem verkamennirnir eru sagðir hafa beðið um að fá að vinna helgidagavinnu án endurgjalds. Misnotkun kommúnistaforingjanna á verkalýðssamtökunum og framsóknarmanna á bændasamtökunum hérlendis er einnig sorgarsaga, því að með þessum starfsháttum hafa þessi þýðingarmiklu samtök oft gert sér óhægt um raunhæfa samvinnu við ríkisstj.

Verkalýðsforusta, sem telur sjálfsagt að skerða kaup og hindra kauphækkanir, þegar tiltekinn stjórnmálaflokkur er við völd, en gegndarlausar kaupkröfur sjálfsagðar og tveggja mánaða kaupbindingu glæpsamlega, þegar aðrir flokkar stjórna landinu, bregzt alvarlega skyldu sinni. Sama er að segja um bændaforustu, sem lætur ekki á sér bæra eða beinlínis geldur samþykki kjaraskerðingu bænda, þegar tiltekinn flokkur er við völd, en telur það árásarefni hið mesta á hendur ríkisstj. annarra flokka, ef ekki einungis er bættur allur tilkostnaðarauki frá tíð þeirrar ríkisstj., heldur einnig frá þeim tíma, þegar þeir sömu bændaforingjar guldu jáyrði við kjaraskerðingu af pólitískum ástæðum. Meðan slíkur andi ræður ríkjum í stéttasamtökum, er ekki við góðu að búast.

Sjálfstfl. hefur aldrei gert þá kröfu til sinna verkalýðsforingja eða bændaleiðtoga, að þeir settu flokkshagsmuni ofar stéttarhagsmunum, en væntir þess eins, að þeir láti raunsætt mat staðreynda ráða afstöðu sinni.

Nú er sú krafa borin fram af hálfu stéttarfélaganna almennt, að laun hækki um 30—40% eða meira. Víst er hægt að vitna til þess, að yfirborganir hafi jafnvel verið meiri en þetta í ýmsum greinum síðustu mánuðina, og fljótt á litið kann það að líta sennilega út, að þá ætti að vera auðvelt að viðurkenna þetta kaup með samningum. Það sér þó auðvitað hver maður við nána athugun, að fær ekki staðizt. Umframgreiðslurnar eru langmestar í byggingariðnaðinum, sem getur velt tilkostnaðinum yfir á aðra, en það mun óvefengjanlegt, að útflutningsframleiðslan, sem er háð erlendu verðlagi, getur ekki greitt slíkt kaup. Væri orðið við slíkum kröfum, sem stjórnarandstæðingar telja sjálfsagt, væri ekki auðið að forðast gengislækkun, sem fyrst og fremst kæmi til góða hinum skuldugu, sem ríkisstj. hefur oftast verið talin

að hjálpa, en mest í óhag hinum efnaminni þjóðfélagsborgurum. En málið er ekki svona einfalt. Víxlhækkanir kaupgjalds og verðlags mundu halda áfram með auknum hraða.

Margir segja, sem fljótt á litið lítur sennilega út: Af hverju má ekki almennt hækka kaup vegna hinna miklu launahækkana opinberra starfsmanna og stórhækkunar á afurðum bænda? Það má vel vera, að kjaradómur hafi úrskurðað einhverjum hópum of há laun. En lögin mæltu svo fyrir, að launin skyldu ákveðin með hliðsjón af því, sem sambærilegir starfshópar þá þegar höfðu, og kauphækkun hjá öðrum stéttum mundi því sjálfkrafa leiða til nýrrar kauphækkunar opinberra starfsmanna. Þetta er staðreynd málsins, þótt jafnvel lögfræðiprófessorinn Ólafur Jóhannesson, sem annars er sanngjarn maður, sé orðinn svo sýktur af Framsóknarsiðferðinu, að hann léti sér sæma að rangtúlka kjarasamningalögin í ræðu sinni í kvöld. Og við ákvörðun landbúnaðarverðs í haust var verið að ákveða bændum laun á grundvelli þess, sem aðrir höfðu þegar fengið. Almenn kauphækkun nú mundi því leiða til nýrrar hækkunar landbúnaðarvara. Vilja stjórnarandstæðingar ógilda samninginn við opinbera starfsmenn eða svipta bændur verðtryggingarlöggjöf sinni?

Það má vafalaust finna þessu skipulagi ýmislegt til foráttu, svo sem gagnrýna lítt skiljanlega ákvörðun kjaradóms um eftirvinnukaup opinberra starfsmanna. En þetta skipulag hefur einnig marga kosti. M. a. forðar það illdeilum um kjaramál þessara stétta, og hingað til hefur það ekki verið baráttumál neins flokks að afnema það. Og munu ekki verkalýðsfélögin telja óumflýjanlega nýja kauphækkun, þegar þessi afleiðing væri orðin af stórfelldri kauphækkun nú? Er það nú ekki loksins að verða öllum ljóst, að þessi hringavitleysa verður að taka enda og forustumenn stéttasamtaka við sjó og í sveit verða að taka upp ný vinnubrögð til að tryggja umbjóðendum sínum kjarabætur?

Það þýðir ekkert að skella skollaeyrum við þeirri staðreynd, að það verður aldrei hægt að skipta meiru en aflað er, hver svo sem skömmtuninni stjórnar. Skammtanir geta verið misjafnar í hvern stað, munu ýmsir segja. Rétt er það. En hver fær nú of mikið? Það væri fróðlegt að heyra það frá stjórnarandstæðingum. Ekki man ég eftir að hafa heyrt aðra tilnefnda en ráðh. og bankastjóra. E. t. v. hafa þeir of há laun. En þó eru þau mun lægri en laun efstu launaflokka í launakröfum þeim, sem forustulið Framsóknar og kommúnista í samtökum opinberra starfsmanna bar fram og bæði Tíminn og Þjóðviljinn töldu óhæfu af ríkissti. að ganga ekki að. Það er að vísu óspart gefið í skyn, að launamunur ríkisstarfsmanna sé of mikill, og ríkisstj. kennt um, þótt hún hafi lagt allt kapp á að minnka hann og hlotið fyrir ótalin skammaryrði einmitt frá framsóknarmönnum og kommúnistum. Man nú enginn skammirnar á ríkisstj. fyrir að ganga ekki orðalaust að kröfum lækna og verkfræðinga?

Jú, það er raunar einn hópur manna, sem stjórnarandstæðingar telja, að fái allt of mikið í sinn hlut. Það eru sparifjáreigendur, fólkið, sem með sparnaði og ráðdeild, sem sífellt er þó vanþökkuð, gerir auðið að byggja upp atvinnulíf og framkvæmdir í landinu. Þetta fólk má að þeirra dómi gjarnan fá minna í sinn hlut, svo að aðrir geti betur hagnazt á fé þess. Það á að vera allra meina bót og geta staðið undir öllum kauphækkunum. Það eru þó ekki braskararnir í þjóðfélaginu, sem eiga sparifé. Þeir hafa vit á að eiga sitt í eignum, sem verðbólgan gerir verðmeiri. Ég hef aldrei getað skilið réttlætið í því, að ég eigi kröfu á því að fá fyrir lítið endurgjald peninga annars fólks til að græða á þeim.

Ég held sannast sagna, að niðurstaðan verði sú, að af fáum sé hægt að taka til að bæta kjör annarra umfram þá almennu kjarabót, sem aukin þjóðarframleiðsla á að veita. Sjálfsagt er þó, að þetta sé kannað til hlítar, því að sérhver þjóðfélagsborgari verður að sjálfsögðu að geta með fullri vinnu átt kost þeirra tekna, er geri honum á sómasamlegan hátt auðið að framfleyta sér og fjölskyldu sinni. Þótt launamismunur sé hér minni og opinberar ráðstafanir til tekjujöflunar meiri en í flestum öðrum löndum, verður sá jöfnuður þó að vera enn meiri, ef ekki er auðið að veita hinum lægra launuðu lífvænlega afkomu með öðrum hætti. En þá þýðir ekki um leið að taka undir kröfugerð úr öllum áttum. Kæmi vel til athugunar í því sambandi að lögfesta viss lágmarkslaun.

Það er engum efa bundið, að kjör almennings á Íslandi hafa aldrei verið betri en nú. Það er auðvitað ekki allt ríkisstj. að þakka. En varla hefði það þó orðið, ef þær fullyrðingar stjórnarandstæðinga hefðu haft við rök að styðjast, að ríkisstj. hefði lagt allt kapp á að spyrna gegn uppbyggingu og framförum í landinu. Sérstaklega er það gleðiefni, hversu jöfn atvinna hefur verið um allt land. Hitt er rétt, að dýrtíð er mikil, og stafar fyrst og fremst af því, að þeim viðvörunarorðum hefur ekki verið fylgt að hækka ekki árlega kaup meira en framleiðsluaukningu nemur. Þessar aðvaranir hafa verið túlkaðar sem fjandskapur við verkalýð og bændur, og hringrás áróðursins er næsta kátbrosleg. Fyrst er ríkisstj. sökuð um að standa gegn sanngjörnum kauphækkunum. Síðan er hún skömmuð fyrir verðhækkanir, sem óhjákvæmilega leiðir af þessum kauphækkunum. Ríkisstj. er ásökuð um of lítla hækkun á framleiðsluvörum bænda. Síðan er hún skömmuð af sömu aðilum fyrir verðhækkun landbúnaðarvara. Ríkisstj. er ásökuð fyrir að ganga ekki orðalaust að sanngjörnum kröfum ríkisstarfsmanna um allt að 33 þús. kr. laun á mánuði. Síðan er ríkisstj. ásökuð með sama offorsi fyrir að hafa komið öllu úr jafnvægi með því að hlíta úrskurði kjaradóms, eftir að hafa synjað hinum háu kröfum starfsmannanna. Þannig eltir hver vitleysan aðra.

Sannleikurinn er sá, að engin stjórn hefur fremur þessari lagt áherzlu á að tryggja hinum launalægri raunhæfar kjarabætur. Auk hinnar stórkostlegu hækkunar almannatrygginga hefur ríkisstj. ítrekað beitt sér fyrir því, að hinir lægst launuðu fengju kauphækkun. En því miður hefur árangur orðið lítill, því að þeim aðvörunum hefur ekki verið hlýtt, að þessar kauphækkanir yrðu einskis virði, ef allir fylgdu á eftir með kauphækkanir. Um þetta hefur hin komm-

únistíska forusta A. S. Í. ekki verið til viðtals. Þá var enn fremur freistað að fá samstarf við verkalýðssamtökin um sama efni með því að samþykkja till. Alþb.-manna um að rannsaka möguleika á því að tryggja lífvænlegt kaup fyrir 8 stunda vinnu með aukinni framleiðni og betri nýtingu vinnuafls. Síðast í vor beitti ríkisstj. sér svo fyrir samstarfsnefnd til að rannsaka af raunsæi möguleika atvinnuveganna til að greiða hærra kaup. Engu að síður er því blákalt haldið fram, að ríkisstj. vilji launþegum og raunar þjóðinni allri allt hið versta.

Hin heilaga barátta gegn 2 mánaða kaupbindingu nú er fjarri því að þjóna hagsmunum launþega, heldur til þess ætluð að reyna að sameina margklofnar fylkingar kommúnista. *Síðasta verk vinstri stjórnarinnar, sem kommúnista og framsóknarmenn munar í að endurvekja, var að taka 17 vísitölustig af launþegum.* Þannig lauk ferli þeirrar stjórnar með launaskerðingu, eins og hann hafði byrjað. Höfundi þessara aðgerða er sannarlega ekki kligjugjarnt, er hann getur nú belgt sig út yfir óhæfuverkum þeirrar stjórnar, sem hefur byggt traust efnahagskerfi úr rústum þeim, sem hann lét eftir sig, og telur sig þess umkominn að lýsa vantrausti á þá ríkisstj., ekki fyrir að skerða kaup, heldur fyrir það eitt að vilja fá tveggja mánaða frest til þess að íhuga leiðir til að tryggja með nýjum úrræðum bætta afkomu þess fólks, sem hann ætti helzt að bera fyrir brjósti. Þetta er vafalaust hægt að gera, ef af raunsæi og einlægni er að málum unnið, einmitt vegna þeirra framfara, sem í þjóðfélaginu hafa orðið, síðan vinstri stjórnin góðu heilli hvarf frá völdum.

Það er engum meira virði en hinum lægst launuðu, að gengi krónunnar verði tryggt og verðbólguflóðið stöðvað. Það gerist ekki með því að ana hugsunarlaust út í fen óraunsærra kauphækkana, sem meira að segja Þjóðviljinn segir nýlega, að hafi ekki fært neinar kjarabætur, og Björn Jónsson varði stórum hluta ræðu sinnar í kvöld til að sýna árangursleysi hinnar óraunhæfu kauphækkunarstefnu fyrir verkalýðinn. Það verður að gerast með því að íhuga leiðir til breyttrar vinnutilhögunar og jöfnunar kauptaxta og finna úrræði til þess að tryggja útflutningsframleiðslunni, sem er lífakkeri þjóðarinnar, eðlileg arðskiptihlutföll, sem veitir báðum aðilum öryggi og hvetur til aukinnar framleiðslu.

Verkalýðshreyfing undir heilbrigðri forustu mundi leggja megináherzlu á að efla sem mest framleiðni og framleiðslu. En umfram allt er nauðsynlegt, að verkalýðshreyfingin fylgi því fordæmi Bandalags starfsmanna ríkis og bæja að flokka störfin og ákveða launahlutföll milli starfsgreina. Það er frumskilyrði allrar eðlilegrar og friðsamlegrar launamálaþróunar í þjóðfélaginu. Í kjaramálunum er síðast, en ekki sízt brýn nauðsyn að leita allra úrræða til að létta almenningi hinn mikla húsnæðiskostnað, þótt þar sé við ramman reip að draga.

Í þessum umr. segja stjórnarandstæðingar, að viðreisnarstefnan hafi mistekizt. Engu að síður halda þessir sömu menn því fram, að ekki aðeins geti atvinnuvegirnir borið þá 12—13% almennu kauphækkun, sem þegar er orðin á þessu ári, heldur 30—40% í viðbót. Á stjórnartíma þessara miklu verkalýðssinna í vinstri stjórninni voru ýmsir verkalýðsleiðtogar Sjálfstfl. sakaðir um að grafa undan efnahagskerfinu þá með 5% kauphækkun. Þannig er allt á sömu bókina lært. Það er ljóst, að málefnisleg rök fyrir vantrausti Alþb.-manna eru engin. Ríkisstj. vill tryggja kjör almennings, en ekki skerða þau. En hvað hafa svo þeir flokkar að boða, sem vilja stjórnina feiga? Alþb.-menn ættu fyrst að reyna að koma á friði á eigin heimili, áður en þeir bjóðast til að stjórna þjóðinni. Um stefnu Framsóknar er það helzt að segja, að enginn veit, hvort hún stefnir í austur eða vestur, suður eða norður. Það fer eftir vindáttinni hvern dag. Og þeir, sem eru flokknum vinveittir, *segja menn ekki mega dæma flokkinn hart*, því að foringjarnir meini ekkert af því, sem þeir segja. Það hefur verið trúaratriði núv. formanns flokksins, frá því að hann tók við formennskunni, að öll efnahagsmál yrðu leyst, ef vextir væru lækkaðir og losað allt bundna fé í Seðlabankanum. Það þarf ekki mikinn speking til að sjá, að slík ráðstöfun nú mundi á skömmum tíma kaffæra þjóðfélagið í botnlausu verðbólguflóði. Við bætist svo í gærkvöld sú sameiginlega speki samherjanna framsóknar- og Alþb.-manna, að auðvelt væri fyrir útveginn að hækka kaup um 30% með því að afnema gjald, sem nú rennur allt til útvegsins. Það broslega gerðist svo hér í kvöld, sem vonandi hefur ekki farið fram hjá neinum, að varaformaður Framsfl. fór þungum orðum um of mikil útlán bankakerfisins. Þetta er víst „hin leiðin", sem formaður Framsfl. lýsti hér í gærkvöld. Þjóðin þekkir vel úr áróðursræðum þessa hv. þm. dulúðgar lýsingar á einhverri „hinni leið" eða „þriðju leið", sem allan vanda á að leysa, þegar Framsfl. er utan stjórnar, en lítið verður vart við, þegar í stjórnarstóla er komið. Síðasta dæmið um „hina leiðina" í framkvæmd er strandsigling vinstri stjórnarinnar.

Einhvern tíma hefði það þótt í frásögur færandi, að Framsfl. gerðist ötull málsvari allra kröfugerða, hversu fáránlegar sem þær eru. Sannast þar sem oftar, að skammt er öfganna á milli, því að einmitt Framsfl. hefur lengst af verið hatrammur andstæðingur allra kjarabóta launþega. Vitanlega er það þeirra mál, hvernig þeir haga málflutningi og stefnu sinni. En hamingjan forði þjóðinni frá að fela slíkum flokki forustuhlutverk, meðan það er helzta keppikefli að slá kommúnista út í öfgum.

Það er svo kaldhæðni örlaganna, að engir menn hafa flutt skeleggari fordæmingarræður um þá ævintýrapólitík, sem Framsfl. nú fylgir, en einmitt Eysteinn Jónsson, þegar hann fyrr á árum las kommúnistum pistilinn. Rétt fyrir síðustu kosningar sagði iðnrekandi hér í bæ: Nú er ég að hugsa um að kjósa kommúnista. — Af hverju? spurði ég að vonum. Af því, svaraði hann, að núverandi ástand er óviðunandi, því að fólk hleypur úr vinnu sinni, þegar því þóknast, en ef kommúnistar og Framsókn fá völdin, verður komið atvinnuleysi eftir stuttan tíma. — Skyldi þessi tilgáta vera svo fjarri lagi?

Úrslit síðustu kosninga sýndu, að þjóðin vill trausta og einbeitta forustu, og það er engin ástæða til að halda annað en meiri hl. þjóð-

arinnar beinlínis ætlist til þess af ríkisstj., að hún leysi með ákveðnum tökum þann vanda, sem nú er við að glíma, og láti hótanir öfgamanna sem vind um eyru þjóta. Að sjálfsögðu ber að leita samvinnu við mikilvæg stéttasamtök, og láti forustumenn þeirra rétt mat staðreynda ráða gerðum sínum, þá er ekki að efa, að auðvelt verður að leysa vandann. En ríkisstj. og Alþingi bera ábyrgð þess gagnvart þjóðinni, að úrlausn fáist, er sé í samræmi við þjóðarhag. Þess vegna má ekki kasta vandanum á herðar stéttasamtakanna einna, svo sem vinstri stjórnin gerði, heldur verður ríkisstj. og Alþingi að eiga þann manndóm að höggva á hnútinn, ef hann leysist ekki með öðrum hætti.

Allir þjóðhollir Íslendingar munu meta þá einbeittu viðleitni ríkisstj. að verja gengi ísl. krónunnar. Það er ekkert nýtt fyrir núv. ríkisstj., að öfgamenn gera að henni hróp, og það er tiltölulega auðvelt verk að ala á óánægju og hrópa um réttlæti og mannréttindi. En það er kaldhæðnislegt, þegar þeir menn eru í fylkingarbrjósti lýðréttindaprédikaranna, sem eru boðberar þjóðskipulags, sem veitir verkalýðnum þann eina rétt að fá að biðja valdhafana um að fá að leggja meira á sig. En sem betur fer hefur reynslan sannað, að heilbrigð dómgreind og hávaðalaus íhugun á sterkari tök í þjóðinni en háreysti og hótanir, illyrði og grjótkast.

Seta núv. ráðh. í stólum sínum er ekki það, sem núverandi barátta snýst nú um, heldur er hér um að tefla velferð þjóðarinnar. Menn geta verið mismunandi ánægðir með löggjöf, en sérhvert siðað þjóðfélag hefur í heiðri þau lög, sem af rétt kjörnum valdhöfum eru sett. Þeir, sem ábyrgð bera á löggjöfinni, fá svo sinn dóm í almennum kosningum.

Nú hafa þau alvarlegu tíðindi gerzt, að alþm., sem unnið hafa eið að stjórnarskránni, hvetja menn til að hafa að engu lög frá Alþingi. Hér er vegið að undirstöðu þjóðfélagsins. Þau orð hins spakvitra manns eru enn í fullu gildi, að ef vér rjúfum lögin, rjúfum vér einnig friðinn. Þá horfir sannarlega illa um framtíð íslenzku þjóðarinnar, ef þessi sannindi ættu ekki á úrslitastundu sterkari ítök en hrópyrði öfgamanna, því að hversu oft hefur ekki verið meiri ástæða til að hafa lög að engu en þessa löggjöf, sem á mestu velmegunartímum þjóðarinnar leggur á hana þá einu kvöð að una í tvo mánuði óbreyttum kjörum, meðan verið er að leita raunhæfra úrræða til að bæta kjör þeirra, sem minnst bera úr býtum? Stjórnarandstæðingar mega vita, að með slíkum óhappaverkum verður ríkisstj. ekki hrakin frá völdum, heldur er mér nær að halda, að sú fylking þjóðhollra Íslendinga verði stærri en æsingamennina grunar, sem skipi sér að baki ríkisstj. sinni til verndar lögum og rétti í landinu. Og við vantrauststill. frá slíkum mönnum er aðeins til eitt svar: Nei.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Góðir Íslendingar. Það er þrælalagafrv., sem er tilefni þess vantrausts, sem hér er borið fram. Um það stendur nú baráttan á þingi og hjá þjóðinni. Gegn því hefur íslenzkur verkalýður risið allur, jafnt sá í vinnugallanum sem hinn flibbaklæddi, jafnt við höfnina sem á plönunum, í verksmiðjum og verzlunum, í skipum og á skrifstofum. Og það er skiljanlegt, að ráðh. ríkisstj. vefjist tunga um tönn og að skjóti mörgu skökku við hjá þeim, er þeir reyna að verja svo illan málstað sem þrælalögin eru.

Þeir ráðh. Gylfi og Gunnar Thoroddsen sögðu í ræðum sínum hér áðan, að ríkisstj. vildi aðstoða láglaunafólk til þess að fá launabætur. Og hvernig hefur sú aðstoð birzt? Í því, að þegar láglaunamenn hafa knúið fram kjarabætur, hefur ríkisstj. ráðizt á þá með gengislækkun og rænt þá allri kauphækkuninni tafarlaust.

Hæstv. viðskmrh., Gylfi Þ. Gíslason, reyndi í innfjálgri ræðu hér áðan að lofa launþegum öllu fögru, ef þeir bara vildu lofa ríkisstj. að fjötra sig. Hvernig dettur honum í hug, að nokkrir láti blekkjast af slíkum fagurgala eftir fjögurra ára níðingsverk afturhaldsins gegn íslenzkum launþegum? Hafi hann viljað íslenzkum launþegum vel, þá hefur hann haft tækifæri í 4 ár til að sýna það. Það hefur hann ekki gert, og nú er of seint fyrir hann að iðrast eftir dauðann — sinn pólitíska dauða.

Gunnar Thoroddsen, hæstv. fjmrh., þóttist harma það, að atvinnurekendur og verkamenn hefðu ekki getað komið sér saman. En hver er sannleikurinn? Einmitt þegar verkamenn og atvinnurekendur hafa samið frjálst, eins og 1961, þá er það ríkisstj., sem ræðst á samninginn og eyðileggur hann með gengislækkun.

Hæstv. forsrh., Ólafur Thors, reyndi sem von var að verja nokkuð stjórn sína hér í gærkvöld. Hann kvað lífskjörin aldrei hafa verið betri en nú. Lífskjör hverra? Kannske hálaunamanna og braskara? En lífskjör verkalýðsins eru þau, að meiri vinnuþrældóm og lægri kaupmátt launa hefur hann ekki búið við í tvo áratugi.

Hæstv. forsrh. kvartaði yfir víxlhækkunum verðlags og kaupgjalds. Hverra verk eru þær víxlhækkanir? Það er verk íslenzku verðbólgubraskaranna, sem hækka verðlagið og lækka gengið í sífellu, til þess að ræna þannig kaupgjaldinu af verkalýðnum. Og kaupmáttur tímakaupsins er í dag 20% lægri en í árslok 1958 vegna valds þessara verðbólgubraskara yfir stjórnarstefnunni.

Hæstv. forsrh. kvað launin aðeins geta aukizt, ef þjóðarframleiðslan ykist. Það er nú að vísu rangt. Launin geta líka hækkað á kostnað gróðans hjá auðmönnum og í krafti betri skipulagningar á atvinnulífinu. En tökum samt dæmið af þjóðarframleiðslunni, frá því að hann varð forsrh. 1945 og þar til nú. Hreinar þjóðartekjur á mann hafa aukizt frá 1945 um 25% samkv. skýrslum Framkvæmdabankans, en kaupmáttur lægstu Dagsbrúnarlauna hefur á sama tíma minnkað um 20%. Þarf þá frekar vitnanna við? Aukning þjóðarteknanna bæri meira en 40% kauphækkun, eins og sjá má af þessu, ef rétt væri skipt. Hæstv. forsrh. er, sem kunnugt er, mikill húmoristi. En þegar hann segist vera að gera allt þetta fyrir þá lægst launuðu, jafnvel setja þrælalaögin fyrir þá, yfirgengur hann sjálfan sig. Skyldi hann trúa því, ef alþýðan tæki upp á því á morgun að setja lög, sem bönnuðu auðmönnum alla gróðamyndun og sviptu þá yfirráðum yfir atvinnutækjunum, ef einhver segði við hann, að alþýðan væri að gera þetta allt fyrir veslings auðmennina, sem kynnu ekki fótum sínum forráð?

Ég læt nú þetta nægja. Þegar sá, sem vitrastur er og víðsýnastur úr stjórnarliðinu, sjálfur forsrh., talar svona svart, þá má nærri geta, hvernig vörnin ferst hinum smærri spámönnum.

En eitt atriði verð ég þó að taka í ræðu Birgis Finnssonar, hv. 2. landsk. Sá ræðumaður sökk svo djúpt að hóta verkalýð Íslands gengislækkun, ef hann bryti þrælalögin á bak aftur. Hann veit, að verkalýður Íslands hræðist engar hótanir. Hann veit fullvel, að ef hann ekki brýtur þessi þrælalög á bak aftur, fær hann önnur til enn lengri tíma, eins og Jón Þorsteinsson, hv. 9. landsk., viðurkenndi berum orðum í ræðu sinni hér áðan. Og verkalýðurinn veit, að ofan á þrælalög fengi hann líka gengislækkun. Braskarar Íslands hafa aldrei getað á öðru grætt en verðbólgu og gengislækkunum og munu halda áfram við þá þokkalegu iðju, svo lengi sem þeim helzt það uppi.

Alþýðuflokksfólkið um allt land stendur við hlið stéttasystkina sinna í verkalýðssamtökum landsins í baráttunni fyrir frelsi þess. Þetta Alþýðuflokksfólk hefur haldið tryggð við flokk sinn þrátt fyrir allt vegna þess, sem hann einu sinni var. Það fólk, sem forðum barðist við auðvaldið undir merkjum hans, hefur alltaf vonazt til þess, að sá dagur kæmi aftur, að það stæði sameinað öllum öðrum í verkalýðssamtökum í lífsbaráttu alþýðunnar á Íslandi. Og sá dagur er nú kominn. Við fögnum þeirri samstöðu við Alþfl.-fólkið, sem skapazt hefur í þessari orrahríð, og við efumst ekki um, að einnig í forustuliði þess flokks muni þrátt fyrir allt finnast sá stjórnmálaþroski, er á örlagastund flokksins heyrir rödd fólks síns og hlýðir henni.

Braskaravaldið hefur með þrælalögum sagt íslenzkum verkalýð stríð á hendur. Hingað til hefur þetta óráðsíuvald, sem aldrei hefur getað stjórnað Íslandi af viti og því síður réttlæti, aðeins heimtað peninga verkalýðsins og rænt þeim í ríkum mæli. Nú heimtar braskaravaldið líka frelsi verkalýðsins, og þá er íslenzkum verkalýð ofboðið. Þess vegna hefur verkalýður Íslands risið upp sem aldrei fyrr í sögu sinni, albúinn þess að brjóta þessi ólög á bak aftur, ef Alþingi Íslendinga sekkur svo djúpt að samþykkja þau.

Erfiðismenn Íslands, verkamenn og verkakonur, bera alla þjóðfélagsbygginguna á herðum sér, allt gróðabákn yfirstéttarinnar, allt embættisbákn hálaunamannanna. Þeir vita það, að ef frv. þetta er samþykkt, hafa þeir engu að tapa nema fjötrunum, en frelsi sitt og lífskjarabætur að vinna. Og þessi verkalýður til sjós og lands þekkir sinn mátt. Hann veit, að hann heldur uppi öllu þjóðfélaginu með framleiðslustarfi sínu. Án hans verður engin síld söltuð, enginn fiskur unninn, engin fleyta hreyfð. Og það vil ég minna auðmenn Reykjavíkur á, að þegar þetta erfiðisfólk réttir að fullu úr bognu baki sínu, sem það nú ber ykkur á, þá hrynur ykkar fúna og spillta gróðahöll sem hrófatildur í rúst. Gætið að því að beita ekki illa fengnum meiri hl. ykkar á Alþingi jafnóviturlega og ykkar rangfengna auði.

Það er hverri yfirstétt nauðsynlegt að læra af dýrkeyptri reynslu. Öll þau tilræði, sem íslenzkum verkalýð hafa verið sýnd á undanförnum áratugum með gerðardómum, gengislækkunum og öðrum kúgunarráðstöfunum, hafa sannað, að það er ekki hægt að stjórna Íslandi gegn verkalýðnum. En með því að vera í sífellu að gera tilraunir til slíks, þá er yfirstéttin að gera Ísland að vettvangi eilífra hjaðningavíga. Og þegar nú á að kóróna öll fyrri kúgunarlög með því að gera verkalýðinn að annars flokks fólki í sínu eigin landi, þá rís hann upp sem aldrei fyrr, af því að vinnandi íslenzk þjóð hefur ekki unnað frelsi sínu og barizt fyrir því áratugum og öldum saman til þess að láta nokkra braskara svipta sig því nú. En sá hnefi, sem verkalýðurinn nú kreppir til að berjast fyrir frelsi sínu, getur breytzt í útrétta sáttarhönd á samri stundu og verkalýðurinn finnur, að látið er af illum áformum gegn frelsi hans og rétti og lífshagsmunum og tekið að stefna í réttlætisátt.

Íslenzk verkalýðshreyfing hefur á undanförnum áratugum orðið að hafa vit fyrir þeim ofstopamönnum auðsins og gróðans, sem hafa hvað eftir annað í gróðasýki sinni ætlað að sundra þessari þjóð á nýrri Sturlungaöld og ofurselja hana erlendu valdi. Verkalýð Íslands langar ekkert til þess að sjá auðinn, sem hann hefur skapað með hörðum höndum sínum, glatast í allsherjar átökum komandi vikna, Austfjarðasíldina eyðileggjast, vetrarsíldarvertíðina fara forgörðum, verðmæti, er skipt gætu hundruðum millj. kr., eyðast eða aldrei verða til. En frelsi sitt, samningsrétt sinn metur hann miklu meira en allt þetta.

Verkalýður Íslands er reiðubúinn jafnt til þess að berjast til þrautar fyrir frelsi sínu, ef ekki er annars kostur, eins og til hins, að leysa sameiginleg vandamál okkar þjóðar af viti og réttlæti. Og vandamálin eru ekki stór. Ef við værum bláfátækir í dag, Íslendingar, ef okkur skorti skip og verksmiðjur, ef síldin brygðist og markaðurinn fyrir þorskinn hryndi, ef atvinnuleysi syrfi að, þá væri vissulega vandamál að leysa. En nú er Ísland ríkt, atvinnutækin mikil, auðlindir sjávar gjöfular, og allur heimurinn er okkar markaður og hrópar á matvæli vor. Vandinn er því lítill móts við það, sem hann einu sinni var. Það þarf aðeins að halda nokkrum hamslausum bröskurum í skefjum, láta þá ekki vaða inn á öll svið atvinnulífsins með gráðuga gróðakló sína. Það þarf að deila rétt því mikla, sem verkalýðurinn skapar, beita viti og forsjá í stjórninni á efnahagslífinu.

Og forsendan fyrir að leysa vandann og hefja samstarf er að láta þetta þrælafrv. hverfa út úr heiminum. Og það vil ég segja við hæstv. ráðh. þessarar ríkisstj., ekki sízt þá þeirra, sem ég met hátt sem raunsæja stjórnmálamenn, að það er enginn sjómaður að minni fyrir að rifa segl í stormi, og nú er stýrt beint í stormsveip, ef eigi er sveigt hjá. Þeir eru menn að meiri að meta nýjar aðstæður, er þær skapast. Og það þykist ég vita, að enginn þeirra hafi átt von á því ofviðri, sem nú er á brostið, er þeir ýttu þessu frv. úr vör. Eða hvort mun marga hafa órað fyrir því þá, þegar þrælalögin nú voru lögð fram, að þorri íslenzkra verkalýðsfélaga stæði reiðubúinn til allsherjarverkfalls á mánudaginn kemur og 500 manna fundur í Verzlunarmannafélagi Reykjavíkur samþykkti einróma

harðvítug mótmæli gegn þrælafrv. og skoraði á Alþingi að fella það?

Það er sjálft fólkið, vakandi og virkt, sem er að verki um allt Ísland í dag. Hin vinnandi þjóð er vöknuð til varðstöðu og baráttu um frelsi sitt. Jafnt alþýðan sjálf sem yfirstéttin má minnast þess, er Björnstjerne Björnson og Matthías kváðu forðum:

Vér mörgu, vér smáu, vér vinnum þetta verk,
og vilji ei hinir skilja, þá fram með tygin sterk.
Það byrjaði sem blærinn, er bylgju slær á rein,
en brýzt nú fram sem stormur, svo hriktir í grein.

Og rokviðrið nálgast, fyrr en nokkur veit af.
En nákalt og rjúkandi kveður við haf.
Sú þjóð, sem veit sitt hlutverk, er helgast afl um heim.
Eins hátt sem lágt má falla fyrir kraftinum þeim.

Hinn góði málstaður verkalýðsins mun sigra í þeim átökum, sem fram undan eru, af því að fólkið, launþegar um allt land, er þess albúið að berjast og fórna fyrir hann, fyrir frelsi sitt og rétt. En þá yrði gifta Íslands mest, ef sá sigur ynnist, án þess að okkar litla þjóðfélag yrði tætt í sundur í þeirri efnahagslegu borgarastyrjöld, sem þrælalögin stofna til, ef samþykkt yrðu. — Góða nótt.

Utanrrh. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Góðir hlustendur. Þegar í ljós kom eftir alþingiskosningarnar í sumar, að 56% kjósenda höfðu vottað ríkisstjórninni traust, flutti form. Alþb., Hannibal Valdimarsson, ávarp til þjóðarinnar í ríkisútvarpið. Niðurlagsorð þessa ávarps hljóðuðu svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Viðreisnarflokkarnir hafa nú tilkynnt þjóðinni, að viðreisninni verði haldið áfram. Þeirri stefnu eru Alþb. og verkalýðssamtökin andvíg í grundvallaratriðum. Þeirri stefnu viljum við hnekkja. Þess vegna boðar Alþb. nú stríð, en ekki frið. Og það veit, að viðreisninni verður hnekkt".

Flestir urðu undrandi, er þeir heyrðu þessa yfirlýsingu Hannibals Valdimarssonar. Meiri hluti þjóðarinnar hafði við almennar alþingiskosningar vottað viðreisnarstarfi ríkisstj. traust og látið í ljós þann vilja, að því væri haldið áfram. Með yfirlýsingu sinni í sumar boðar Hannibal Valdimarsson stríð, en ekki frið. Hann tilkynnir meiri hluta þjóðarinnar í ríkisútvarpinu, að vilja hennar skuli verða hnekkt. Stjórnarandstöðunni hafði ekki tekizt að fella ríkisstj. við kjörborðið. Meiri hluti kjósenda hafði séð fyrir því. Þá dugði ekkert minna en lýsa yfir styrjöld á hendur vilja meiri hluta kjósenda. Viðreisninni skyldi hnekkt, hvað sem vilja meiri hluta þjóðarinnar leið.

En hver var þessi viðreisn, sem Hannibal Valdimarsson og Alþb. vildu hnekkja með styrjöld, og hvað vildu þessir aðilar fá í staðinn? Athugum það lítillega.

Ríkisstj. hafði gert rekstrarskilyrði sjávarútvegsins stórum heilbrigðari en áður var með afnámi uppbótakerfisins og með breytingu stuttra lána í löng. Fyrir þetta sköpuðust betri skilyrði til aukinnar þjóðarframleiðslu og þar með raunverulega bættra lífskjara. Hallinn, sem verið hafði á greiðslujöfnuði þjóðarinnar við önnur lönd frá því í lok styrjaldarinnar, hafði horfið. Í stað hans kom verulegur greiðsluafgangur bæði árin 1961 og 1962. Með þessum og öðrum aðgerðum hafði lánstraust þjóðarinnar erlendis og traustið á gjaldmiðlinum verið endurreist. Íslendingar gátu nú fengið framkvæmdalán til langs tíma með eðlilegum hætti hjá alþjóðastofnunum, á fjármagnsmörkuðum og í erlendum bönkum, sem þeir áður gátu ekki. Þetta gerði það mögulegt að halda uppi meiri framkvæmdum en ella og þar með auka þjóðarframleiðsluna og bæta lífskjörin. Gjaldeyrisvarasjóður, sem nam 1100 millj. kr., hafði myndazt og spariinnlán í bönkum höfðu tvöfaldazt. Innflutningur hafði að mestu verið gefinn frjáls og svartamarkaðsbrask horfið, vöruval stóraukizt, skipastóll landsmanna hafði vaxið meira en nokkru sinni fyrr, lögin um almannatryggingar höfðu verið endurskoðuð og framlög til þeirra sexfölduð, lögin um verkamannabústaði höfðu einnig verið endurskoðuð og framlag til verkamannabústaða og íbúðabygginga stórum aukið. Þannig mætti lengi telja. Lífskjör alls almennings í landinu höfðu aldrei verið jafngóð, og aldrei höfðu einstaklingar veitt sér eins mikið áður. Öllu þessu vildi Alþb. hnekkja, og gegn því boðar það stríð, en ekki frið, strax og úrslit alþingiskosninganna voru kunn. En hvað vildi þá Alþb. fá í staðinn? Án efa það ástand, sem ríkti, meðan það sjálft átti sæti í ríkisstjórn, vinstri stjórninni. Alþb. vildi hverfa aftur til desemberdaganna 1958, þegar form. Framsfl. lýsti því yfir, að óðaverðbólga væri skollin yfir og engin samstaða væri innan ríkisstj. um neina úrlausn.

Alþb. telur, að nú sé tími kominn til að leggja til atlögu gegn viðreisnarstarfi ríkisstj. Tilefnið, sem notað er, er ósk ríkisstj. um tveggja mánaða frest eða varla það til að ganga frá till. varðandi efnahagsvandamál. Á undanförnum mánuðum hefur skapazt misræmi í efnahagslífinu vegna launakapphlaups og víxlhækkana kaupgjalds og verðlags. Átt hefur sér stað almenn launahækkun samkvæmt kjarasamningum, sem nemur 13%, til viðbótar við launahækkanir 1962, sem að meðaltali námu 12%. Í sumar hækkuðu og laun opinberra starfsmanna samkvæmt úrskurði kjaradóms. Ríkisstj. átti engan þátt í þeirri niðurstöðu. Stjórnarandstaðan hefur sitt hvað um þessa hækkun að segja, en gleymir því gjarnan, að lögin um kjaradóm voru sett með samþykki allra flokka. Hún gleymir því einnig, að launakröfur opinberra starfsmanna voru allar studdar af stjórnarandstöðunni, enda þótt þær væru til muna hærri en niðurstöður dómsins, einkum hinna hæst launuðu. Þá hækkaði og verð landbúnaðarafurða í haust um sem svarar 21% í verðgrundvelli eða 26% í tekjum bóndans. Hér er í heild um miklar hækkanir að ræða. Árangur viðreisnarstarfs ríkisstj., sem Hannibal Valdimarsson vill nú fyrir hvern mun brjóta niður, er hins vegar sá, að efnahagskerfið getur borið þessar hækkanir.

Seinustu vikurnar hafa komið fram kröfur um

nýjar launahækkanir, sem nema eigi undir 40% og sumar miklu meira. Augljóst er, að nái kröfur um almennar launahækkanir fram að ganga nú, svo sem til er stofnað, þá stöðvast atvinnutæki landsmanna, nema róttækar ráðstafanir verði gerðar þeim til bjargar, og víst er, að ný verðbólgualda skellur þá yfir, sem eyðir launahækkuninni á skömmum tíma.

Ríkisstj. hefur oft lýst því yfir, að hún telji óhjákvæmilegt að rétta hlut láglaunafólks. Á undanförnum árum hefur þróunin verið sú, að fyrst hefur láglaunafólk komið fram launahækkunum, síðan hafa aðrir komið á eftir og náð fram meiri hækkunum, og loks hafa hækkanir á vöruverði, landbúnaðarvörum og öðru, fylgt í kjölfarið, og á skömmum tíma hafa kjarabæturnar verið étnar upp og meira en það. Láglaunafólk hefur verið verr sett eftir en áður og verst sett af öllu. Stéttarfélög láglaunafólks hafa ekki reynzt þess megnug að ráða við þessa þróun.

En eins og ríkisstj. telur, að rétta verði hlut láglaunafólks, þá telur hún einnig, að slíkt verði ekki gert nema fyrir atbeina ríkisvaldsins. Þess vegna hefur ríkisstj. unnið að því að finna leiðir til úrlausnar á málinu, án þess að til almennra launahækkana leiði og án þess að sú kjarabót, sem láglaunafólk fengi, fari inn í hringrás verðbólgu og dýrtíðar. Þetta er vandasamt verk, og þarf margt að athuga. Hefur komið til álita að ákveða lágmarkslaun hærri en nú eru, ívilnanir í opinberum gjöldum o. fl. Einn af ræðumönnum Framsfl. vék að þessum hugmyndum í útvarpsræðu í gærkvöld og fann á þeim öll tormerki. Sýnir það bezt, hve vandasamt málið er.

Er verkföll áttu að hefjast 1. þ. m., hafði ríkisstj. ekki till. sínar tilbúnar. Þess vegna óskaði hún eftir fresti á aðgerðum í launamálum í tæpa tvo mánuði. Stjórnarandstaðan hefur ekki komizt hjá því að viðurkenna, að eðlilegt sé og réttmætt, að ríkisstj. fái nokkurn frest. Það kom fram í útvarpsumr. í gærkvöld hjá einum af ræðumönnum Alþb., að af þess hálfu var boðið upp á 10 daga frest. En með því að svo skammur frestur er ófullnægjandi, átti ríkisstj. ekki annarra kosta völ en að bera fram frv. Alþb. hefur einu sinni verið í svipuðum vanda og ríkisstj. er nú. Það var sumarið 1956. Hannibal Valdimarsson leysti þann vanda með útgáfu brbl., þar sem felldar voru úr gildi í 4 mánuði launahækkanir, sem verkalýðsfélögin áttu samningsbundinn rétt til. Þegar verkalýðsfélögin kvörtuðu undan því, að sjálfur forseti Alþýðusambandsins hefði gefið út slík lög án samráðs við þau, svaraði hann því til, að slíkt samráð hefði ekki samrýmzt hagsmunum verkalýðsfélaganna. En þegar ríkisstj. nú fer fram á frest á, að gerðir verði nýir kjarasamningar, í tvo mánuði eða tæplega það, þá er slíkt talið gerræði við verkalýðssamtökin.

Stjórnarandstaðan beitir sér nú gegn því á Alþingi, að ríkisstj. fái umbeðinn frest. Alþb. ber fram vantraust, og Framsfl. fylgir því. Utan þings beitir Alþb. sér fyrir vinnustöðvun gegn væntanlegum lögum, og Framsfl. tekur einnig þátt í því. Ljóst er, að Alþb. telur, að nú sé tími kominn til að hefja styrjöld þá gegn viðreisninni, sem Hannibal Valdimarsson boðaði eftir kosningarnar í sumar. Um það er ekkert hirt, þótt af slíku leiði nýja verðbólguöldu og aðgerðir stjórnarandstöðunnar séu þannig beint fjörráð við þá lægst launuðu í landinu. Hannibal Valdimarsson vitnaði til þess í útvarpsumr. í gærkvöld, að verkalýðsfélögin í Noregi hafi á sínum tíma með vinnustöðvunum brotið á bak aftur löggjöf, sem þau vildu ekki þola. Þetta er rétt. Þessir atburðir gerðust í Noregi fyrir u. þ. b. 40 árum. En hins vegar gleymdi Hannibal Valdimarsson að segja frá því, að reynsla norsku verkalýðshreyfingarinnar af þessum verkföllum varð sú, að hún hefur aldrei gripið til slíkra ráðstafana síðan og jafnan eftir þetta verið öruggur talsmaður þess, að vinnustöðvanir væru ekki notaðar gegn ríkisvaldinu og lögmætum stjórnarathöfnum. Því má einnig bæta hér við, að fáum árum eftir að norska verkalýðshreyfingin beitti vinnustöðvunum gegn framkvæmd laga, þá studdi hún setningu laga, reynslunni ríkari. Hannibal Valdimarsson veit vel, að dæmi það, sem hann vitnaði til úr sögu norsku verkalýðshreyfingarinnar, hefur um áratugi af verkalýðshreyfingunni sjálfri verið skoðað sem fordæmi, sem forðast bæri, en ekki taka til fyrirmyndar.

Alþfl. hefur unnið að viðreisnarstarfi ríkisstj. fyrir sitt leyti vegna þess, að hann telur, að í henni felist sú heppilegasta lausn þjóðmála, sem af núv. flokkaskipun leiðir. Alþfl. styður frv. ríkisstj. vegna þess, að frestinn á að nota til að skapa láglaunafólki raunverulegar kjarabætur. Fáist fresturinn ekki, er vá fyrir dyrum og mest hjá þeim, sem lægst eru launaðir. Alþfl. varar við slíku, og minnir á, að enn eru í fullu gildi ummæli Jóns heitins Baldvinssonar: Eðli verkalýðshreyfingarinnar er ekki skyndiupphlaup, hávaðafundir og ævintýri, heldur markvisst, sleitulaust strit fyrir málefnunum sjálfum. — Góða nótt.

Helgi Bergs: Herra forseti. Gott kvöld, góðir hlustendur. Síðasti ræðumaður var drjúgur yfir því, að stjórnin hefði fengið traust í kosningunum í vor. Þetta segir hann, þótt honum sé það fullljóst, að þeir héldu aðeins meiri hl. sínum vegna þess, að þeir leyndu þjóðina því, sem þeir eru nú að gera, og því, sem nú er komið í ljós.

Gylfi Þ. Gíslason sagði í kvöld, að Framsfl. hefði sex sinnum staðið að því að skerða samningsfrelsi verkalýðssamtakanna. Sannleikurinn er sá, að síðan á stríðsárunum hefur grunnkaup aldrei verið fest með lögum og verkalýðsfélögin aldrei verið svipt samningsréttinum í meira en 20 ár, vegna þess að Framsfl. hefur ekki léð máls á því. Hann dró sínar ályktanir af reynslunni af gerðardómnum á stríðsárunum. Og þeir nota sér það einmitt núna, að þeir telja sig komast fram hjá Framsfl. Það voru bein ósannindi, að grunnkaup hefði verið bundið árið 1950.

Það var glatt á hjalla hjá viðreisnarmönnum fyrir 4 árum. Með litinn meiri hl., — þótt hann sé naumari núna, — höfðu þeir komið út úr kosningunum þá um haustið og höfðu nú höndlað allan sannleika um, hvernig efnahagsmálum þessarar þjóðar skyldi stýrt. Allt skyldi vegið á peningavogina, og lögmál peninganna skyldu

sjálfkrafa stýra hverjum hlut í réttan farveg. Jafnvægi var slagorð þeirra daga.

Jafnvægi á peningamarkaðnum átti að skapa með því að hækka vexti til þess að draga úr eftirspurn og auka framboð lánsfjárins. Þetta var ekki aðeins talin nauðsyn fyrir atvinnulífið, heldur einnig sérstakt hagsmunamál sparifjáreigenda, eins og bankastjórinn Magnús Jónsson var enn að stagast á hér áðan. Nú hefur þetta verið reynt í 4 ár, og jafnvægisleysið hefur aldrei verið meira í peningamálum innanlands, og ófullnægð eftirspurn eftir lánsfé er meiri nú en nokkru sinni fyrr. En atvinnuvegirnir stynja undan vaxtaokrinu, og hinum vísu feðrum virðist alveg hafa yfirsézt sú afleiðing vaxtaokursins, sem augljósust hefði þó átt að vera frá upphafi, en það eru áhrif hinna gífurlegu vaxtagreiðslna á verðlagið í landinu. Háu vextirnir höfðu auðvitað áhrif á verðlagsþróunina og eiga sinn drjúga þátt í því *dýrtíðarflóði*, sem hefur sópað burt þeim hagnaði, sem sparifjáreigendur áttu að fá, og meira til. Engir hafa verið sárar leiknir af dýrtíðarholskeflunum en einmitt þeir.

Jafnvægi í gjaldeyrismálum skyldi ná með því að skrá rétt gengi, en það var annað slagorð þessara daga, sem aldrei hefur verið skilgreint. Þetta jafnvægi reyndist þannig, að með því að stofna til 600 millj. kr. verzlunarskulda erlendis og með erlendum lántökum öðrum upp á mörg hundruð milljónir tókst að nurla saman í eindæma góðu árferði 1200 millj. kr. gjaldeyrisvarasjóð í bili. En nú berast þær fréttir úr búðum ríkisstj., að 700 millj. kr. halli sé á vöruskiptunum við útlönd, það sem af er þessu ári.

Jafnvægi í verðlagsmálum átti að ná með því að taka vísitöluna, verðlagsmælinn, úr sambandi við kaupgjaldið með lagaboði, og óheftur innflutningur og samkeppni skyldu tryggja verðlagið. Fullyrt var, að jafnvægi mundi nást, þegar vísitalan hefði hækkað úr 100 stigum í 103 stig. Nú er hún komin í 144 stig og ekkert jafnvægi enn sýnilegt. En samkeppnin varð ekki frjáls vegna lánsfjárskortsins og hafði því ekki þau áhrif á verðlagið, sem sagt var, en hefur í staðinn leitt til óhóflegs innflutnings á hvers konar tízkuvöru og óheilbrigðrar birgðasöfnunar í verzluninni á þessu sviði, en skorts á öðrum sviðum.

Jafnvægi í fjárfestingarmálum átti að skapa *með því að loka vænan hluta af sparifé* landsmanna inni og frysta í bankakerfinu. Afleiðingin varð sú, að nauðsynlegar framkvæmdir almennings urðu að sitja á hakanum, en þeir, sem höfðu fullar hendur fjár, gátu valsað að vild sinni. Eftir því sem dýrtíðarflóðið jókst, komu afleiðingar þessa í ljós. Allir peningamenn, sem gátu höndum undir komizt, tóku nú að setja peninga sína í fasta fjármuni. Þegar líða tók á árið 1962 fór að bera á samkeppni um vinnuaflið, og ríkisstj. sá, að svo gæti farið, að nauðsynlegar framkvæmdir í þágu þjóðarheildarinnar yrðu útundan. Nú voru góð ráð dýr. Kosningar fóru í hönd, og ferillinn var ekki fagur. Stjórnin tók þá það ráð, sem þó var ekki sérlega rökrétt í þessu sambandi, að taka stórt framkvæmdalán í Bretlandi til þess að koma áfram ýmsum umbótaframkvæmdum í þágu þjóðarinnar. En við þetta voru víða miklar vonir tengdar, og þjóðin fagnaði lántökunni, og það er rétt, sem Jón Þorsteinsson sagði hér áðan, að Framsfl. styður gjarnan fjárframlög til þarfra framkvæmda.

Ófagrar sögur fara að vísu af því, hvernig ríkisstj. úthlutaði þessu fé í kosningabaráttunni í vor, en það er ekki aðalatriðið. Aðalatriðið er hitt, að ríkisstj. gerði enga tilraun til þess að tryggja það, að aðrar ónauðsynlegri framkvæmdir yrðu að bíða, svo að þessar framkvæmdir kæmust áfram í samkeppninni um vinnuaflið. Af þess háttar framferði hlaut að leiða þenslu, og afleiðingin varð sú, að enska framkvæmdaláninu og raunar fleiri erlendum lánum var hellt út á verðbólgubálið, svo sem öllum er nú augljóst. Þannig breytti ríkisstj. einnig sinni þörfustu framkvæmd í stórslys með fyrirhyggjuleysi og stjórnleysi. Og nú þykist hún hvorki skilja upp né niður í orsökum þeirrar ofþenslu, sem hún er að býsnast yfir. Svona fór um jafnvægið þar.

Jafnvægi á vinnumarkaðnum átti að skapa með því að láta atvinnurekendur og launþega semja um sín mál eins og áður. Forsrh. orðaði þetta svo í ræðu um efnahagsmálafrv. 1960: „*Ríkisstjórnin telur*, að það eigi að vera hlutverk samtaka launþega og atvinnurekenda að semja um kaup og kjör.“ Já, mikið rétt. En stjórnin hélt ekki þetta heit, heldur greip sífellt inn í málefni þessara samtaka með þeim árangri, að ófriður á vinnumarkaðnum hefur aldrei verið meiri en þessi undanfarin ár. Og nú leggur ríkisstj. fram frv. til l., sem *bannar* það, sem hún áður lofaði. Nú heimtar hún lög, sem *banna* frjálsa samninga atvinnurekenda og launþega. Þetta lagafrv. er einstakt í sinni röð og algerlega fordæmalaust. Það er rökstutt með kröfuhörku og óbilgirni launþegasamtakanna og þá væntanlega fyrst og fremst hinna lægst launuðu, sem þessi þvingunarlög bitna á.

Ástæða væri því til að rifja upp söguna af samskiptum ríkisstj. við lægst launaða fólkið í landinu, en til þess gefst mér ekki tími nú. Það nægir nú að minna á það, að eftir að núv. flokkasamsteypa kom til valda um áramótin 1958—1959, ríkti alger friður á vinnumarkaðnum í 2½ ár. Þá sömdu atvinnurekendur og launþegar um hóflega kauphækkun eftir harða og umfangsmikla vinnudeilu. Ríkisstj. tók þá hækkun alla aftur með ástæðulausri og órökstuddri gengislækkun, sem flestir viðurkenna nú að hafi verið versta afglapaverk stjórnarinnar á ófögrum ferli. Enn biðu launþegar í 10 mánuði, þar til þeir fengu aftur hóflega kauphækkun. Móti henni magnaði ríkisstj. dýrtíð svo ferlega, að engir samningar hafa síðan haldið nema fáa mánuði í einu, þar sem launþegar hafa reynt að verja sig áföllum dýrtíðarinnar.

Á síðasta Alþingi voru sett lög um það, að næðust ekki samningar milli ríkisins og opinberra starfsmanna, skyldi sérstakur dómstóll, kjaradómur, ákveða þeim laun. Í sumar felldi kjaradómurinn sinn fyrsta dóm. Hann taldi eðlilegt, að opinberir starfsmenn fengju að meðaltali 45% hækkun á kaupi sínu. Með hliðsjón af þeirri verðlagsþróun, sem orðið hefur undanfarin ár, munu fáir telja það óeðlilega niðurstöðu. Síðan hafa starfsmenn Reykjavík-

urborgar og fleiri bæja fylgt í kjölfarið og einnig bankastarfsmenn. Tveim vikum áður en kjaradómur felldi úrskurð sinn, sátu lægst launuðu stéttir þjóðfélagsins að samningum við sína vinnuveitendur. Þær féllust á að láta sér nægja 7½% hækkun gegn því að fá aftur leiðréttingu í okt. Sama gerði verzlunar- og skrifstofufólk. Forsrh. nefndi þetta „þjóðhátíðarsamninga“ í hjartnæmri ræðu, sem hann hélt á þjóðhátíðardaginn af svölum þessa húss. Ég hef engan mann talað við síðan, sem hefur ekki gert ráð fyrir því, að þetta fólk hlyti að fá einhverja leiðréttingu sinna mála. En nú launar ríkisstj. þjóðhátíðarsamningana og kemur til Alþ. og biður það að lögbjóða óbreytt kaup þessara stétta. Ríkisstj. hefur hækkað kaup verkafólks og skrifstofufólks, sem hjá henni vinnur, og hún vill nú láta banna öðrum með lögum að borga fólki, sem vinnur sömu störf og hefur sama undirbúning undir störfin, svipuð laun og gert er hjá ríkinu sjálfu, hjá bæjarfélögum og bönkum. Hér er um að ræða hróplegt ranglæti.

Eitt meginboðorð þeirra, sem fást við löggjafarstörf, er það að misbjóða ekki réttlætis- og siðgæðiskennd þjóðarinnar. En þau lög, sem ríkisstj. biður nú um, eru ósanngjörn gagnvart stórum hluta þjóðarinnar, og með þeim er réttlætiskennd fólksins efalaust misboðið. Þeir, sem þau samþykkja, taka á sig þunga ábyrgð af þeim afleiðingum, sem það kann að hafa fyrir virðingu þjóðarinnar fyrir lögum og rétti.

Af þessu, sem ég hef nú rakið, er alveg augljóst, hverjir það eru, sem sýnt hafa óbilgirni. Og það eru hvorki launþegasamtökin né atvinnurekendur, því að báðir þessir aðilar hafa sýnt hófsemi og ábyrgðartilfinningu í því vandasama hlutverki, sem þjóðfélagið ætlar þeim að gegna. Óbilgirnin er ríkisstjórnarinnar.

Það var eitt af vígorðum viðreisnarmanna á sinni tíð, að þannig skyldi búið að útflutningsatvinnuvegunum, að þeir gætu staðið á eigin fótum. En hvernig metur nú ríkisstj. sjálf aðstöðu fiskiðnaðarins eftir 4 ára viðreisn? Hún metur hana þannig, að nú verður að setja lög, sem banna hærri kaupgreiðslu til lægst launuðu verkamannanna en 28 kr. á klst. eða 67 200 kr. fyrir alla dagvinnutíma ársins, til þess að þessar atvinnugreinar geti starfað. Þetta kaupgjald svarar til þess, að hraðfrystihúsin borgi að meðaltali innan við 3000 kr. í vinnulaun fyrir hvert framleitt tonn af freðfiski. Meira er ekki hægt, segir ríkisstj. En það er hægt að láta þau borga 1500 kr. í vexti fyrir hvert tonn, og það er hægt að láta þau borga 1400 kr. í útflutningsgjöld fyrir hvert tonn og á fjórða hundrað krónur í opinber gjöld fyrir hvert tonn, eða samtals yfir 3200 kr. í þessi gjöld, auk annarra smærri gjalda, sem beinlínis er á valdi ríkisstj. að ákveða. Væri ekki nær að setja lög, sem banna slíkar óhóflegar álögur, en það er m. a. lækkun þessara álaga, sem leið Framsfl. út úr vandamálunum gerir ráð fyrir.

En um leið og fiskvinnslustöðvunum er bannað að borga meira en 28 kr. á klst., er öðrum, sem að undanförnu hafa yfirborgað stórlega, 40—50 kr. á klst., lögheimilað að halda því áfram. En ríkisstj. gerir enga grein fyrir því, hvernig fiskvinnslustöðvarnar eiga að halda sínu fólki upp á þessar spýtur í samkeppni við þá, sem yfirborga og er lögheimilað að gera það. Væri ekki nær að reyna heldur að tryggja framleiðsluatvinnuvegunum og nauðsynlegustu framkvæmdum vinnuaflið með því að láta ónauðsynlegasta hluta einkafjárfestingarinnar bíða um sinn?

Framsfl. telur nauðsynlegt, að efnahagsmálum Íslands sé stjórnað.

Þegar menn renna huganum 4 ár aftur í tímann, að upphafi viðreisnarinnar, þá verður mönnum efalaust minnisstæðast hið taumlausa yfirlæti, sem ríkisstj. gekk að verkefnum sínum með. Forsrh. lýsti því yfir, að tilgangslaust væri annað en að horfast í augu við allan vandann í einu. Fjmrh. lofaði nýjum þjóðfélagsháttum. Í áróðurspésum Sjálfstfl. var því lofað, að nú skyldi lokið því 30 ára tímabili, sem Framsfl. hefði sett svip sinn á. Allt var rangt, sem áður hafði verið gert á því tímabili, sem þó er mesta framfaratímabil íslenzku þjóðarinnar. Einkum var veitzt að vinstri stjórninni, og þar létu ekki ráðh. Alþfl. sinn hlut eftir liggja og settu það ekki fyrir sig, þó að þeim væri málið skylt. Með þessu hugarfari hófu þeir sitt stríð. Lúðrar voru þandir, trumbur voru slegnar, og undir blaktandi fánum lögðu þessir riddarar viðreisnarinnar til atlögu gegn kaupgetu almennings, sem þeir töldu skapa umframeftirspurn og gjaldeyrishalla, gegn fjárfestingu á vegum almennings, sem þeir töldu skapa þenslu og verðbólgu. Nú höfðu þeir höndlað allan sannleikann. Nú skyldi allur vandinn leystur og upp renna hinir góðu gömlu dagar.

En dramb er falli næst. Nú eru þeir komnir aftur úr herferð sinni. Þeir eru komnir til Alþ. og gefa því þá skýrslu, sem fjmrh. orðaði svo við 1. umr. fjárlaganna: „Á þessu ári er orðinn óskyggilegur halli á viðskiptunum við útlönd. Innflutningurinn hefur aukizt gífurlega, gjaldeyrissjóðurinn hefur ekki vaxið frá áramótum, sparifjáraukning er tregari en áður, eftirspurn eftir vinnuafli í mörgum greinum svo mikil, að enginn vegur er að fullnægja henni, og yfirborganir og undandráttur sigla í kjölfarið. Fiskvinnslustöðvarnar telja sig trauðlega geta risið undir þeirri hækkun kaupgjalds og annars kostnaðar, sem orðin er.“ Svo mörg voru þau orð. Og nú biðja þeir Alþ. um það að lögbjóða á Íslandi lægsta kaup, sem nokkurs staðar þekkist í nágrenni okkar, því að að öðrum kosti ráði þeir ekki við neitt. Þangað lá þá eftir allt saman leiðin, sem eitt sinn var kölluð „leiðin til bættra lífskjara.“ Og séu þeir spurðir, hvað þeir ætli að gera næst, er fátt um svör, helzt þau, að þeir ætli að halda viðreisninni áfram. Lúðrarnir eru þagnaðir, trumburnar eru rifnar og stríðsfánar viðreisnarinnar í henglum. Það er ekki hátt á þeim risið núna, riddurum hinnar sorglegu myndar, en stríð sitt vilja þeir hafa áfram og stefnumiðin óbreytt.

En þjóðin ætlast til forustu Alþ. í annarri baráttu, baráttu fyrir bættum lífskjörum Íslendinga til sjávar og sveita, baráttu fyrir öflugum stuðningi við atvinnuvegi landsmanna, svo að þeir geti komið á hjá sér þeim endurbótum og þeirri framleiðniaukningu, sem nauðsynleg er til þess að geta greitt það kaup, sem þjóðinni er

sæmandi, í stað þess að þeim sé íþyngt stöðugt með vaxtaokri, skattlagningu og öðrum álögum, — baráttu fyrir betri framtíð Íslendinga í landi sínu. Ríkisstj. er nú ber að því að hafa sagt þjóðinni ósatt frá efnahagsmálum þjóðarinnar fyrir síðustu kosningar. Hún hefur því fyrirgert öllu trausti, og henni ber að fara frá. — Góða nótt.

ATKVGR.

Till. felld með 32:26 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: KK, LJós, ÓlJ, PÞ, RA, SE, SkG, ÞÞ, AG, ÁB, BFB, BJ, JK, EðS, EÁ, EOl, EystJ, GeirG, GilsG, GíslG, HS, HV, HB, HermJ, IG, JSk.

nei: JÞ, JP, JR, MJ, RJ, AJ, ÓB, ÓTh, PS, SÁ, SB, SI, SÓÓ, SvJ, ÞK, AuA, BGr, BBen, BGuðm, DÓ, EggÞ, EI, EmJ, GuðlG, GÍG, GunnG, GTh, GÞG, IngJ, SvG, JÁ, BF.

2 þm. (ÁÞ, HÁ) fjarstaddir.

2. Utanríkisstefna íslenzka lýðveldisins.

Á deildafundum 3. marz var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um utanríkisstefnu íslenzka lýðveldisins [179. mál] (A. 336).

Á 49. fundi í Sþ., 4. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr..

Á 61. fundi í Sþ., 10. apríl, var till. tekin til einnar umr. (útvarpsumr.).

Forseti (SI): Samkvæmt 54. gr. þingskapa fær hver þingflokkur til umráða 45 mínútur, er skiptast í tvær umferðir. Í fyrri umferð hefur hver þingflokkur 25—30 mín. og í síðari umferð 15—20 mín. Röð flokkanna við báðar umferðir verður þessi: Alþb., Alþfl., Framsfl. og Sjálfstfl. Ræðumenn í fyrri umferð eru þessir: Af hálfu Alþb. 5. þm. Reykn., Gils Guðmundsson, og 9. þm. Reykv., Alfreð Gíslason. Af hálfu Alþfl. utanrrh. Guðmundur Í. Guðmundsson, af hálfu Framsfl. 3. þm. Norðurl. v., Ólafur Jóhannesson, og af hálfu Sjálfstfl. 2. þm. Vestf., Sigurður Bjarnason, og 6. landsk. þm., Davíð Ólafsson.

1. flm. till., hv. 5. þm. Reykn., Gils Guðmundsson, tekur til máls og talar af hálfu Alþb.

Flm. (Gils Guðmundsson): Herra forseti. Góðir hlustendur. Hinn 1. des. 1918, þegar Ísland gerðist fullvalda ríki, átti sér stað atburður, sem um margt var einstæður í sögu síðari tíma. Íslendingar voru langsamlega fámennust fullvalda þjóð í veröldinni, þá aðeins 90 þús. manna. Fullveldiskynslóðin gerði sér ljóst, að fámennið markaði Íslendingum sérstöðu um margt, lagði þeim skyldur á herðar, hvatti til varkárni, en einurðar og festu í öllum skiptum við umheiminn. Íslendingum datt ekki í hug að einangra sig, þeir voru staðráðnir í að byggja hér upp nútímaþjóðfélag, læra af öðrum, taka eðlilegan þátt í samskiptum ríkja, en gæta í hvívetna sæmdar sinnar og sjálfsvirðingar. Flestum var ljóst, að það gæti kostað fórnir að varðveita og efla íslenzkt sjálfstæði. Ætti svo sárafámenn þjóð að fá valdið hlutverki sínu, hlaut hún að forðast að láta annarleg sjónarmið draga hugann frá íslenzkum vandamálum. Sízt af öllu mátti hún láta erlend viðhorf, erlenda stórveldapólitík skipta sér í fjandsamlegar fylkingar.

Allt fram yfir stofnun lýðveldisins 1944 mátti segja, að íslenzkir stjórnmálamenn og íslenzk þjóð fylgdi nokkurn veginn þeirri utanríkisstefnu, sem eðlileg var smáríki, er vildi halda sjálfstæði sínu og sæmd. Frá árdögum fullveldisins hafði þjóðinni fjölgað um þriðjung. Efnahagurinn hafði stórbatnað og möguleikarnir til að efla atvinnuvegina voru meiri en nokkru sinni. Hið unga íslenzka lýðveldi hlaut viðurkenningu stórvelda jafnt sem smáríkja og átti þess allan kost að ganga fram frjálst og óháð í fylkingu þjóðanna. Ekkert virtist sjálfsagðara en að Ísland neytti þessa færis, kostaði kapps um góð og heilbrigði skipti við önnur lönd og beitti áhrifum sínum, þótt takmörkuð væru, við hlið óháðra ríkja til fulltingis kröfunni um allsherjar afvopnun og frið. Hver hefur þróunin orðið?

Ég þarf ekki að eyða löngu máli til þess að lýsa íslenzkri utanríkisstefnu síðustu 15—18 ára, því tímabili, þegar íslenzkir valdamenn hafa hvað eftir annað og af æ meiri forherðingu ginnt þjóð sína til að afsala sér dýrmætum réttindum, tengt land sitt hernaðarblökk, gert það að fótaskinni erlendra herja. Jafnframt hafa þeir skert sjálfsvirðingu hennar með því að teygja í sífellu fram betlihendur eftir peningum, eftir korni ellegar þeirri náð að mega stara ókeypis á ameríska dátasjónvarp. Hvað veldur slíkri fyrirmunun? Áróðursmeistarar hernaðarflokkanna staðhæfa: Innganga í NATO fyrir 15 árum, 13 ára samfelld herseta og allt, sem slíku fylgir, er framlag Íslands til vestrænnar samvinnu, liður í krossferð gegn kommúnisma. — Allir, sem andæfa, eru umsvifalaust stimplaðir kommúnistar eða handbendi þeirra, Rússaþjónar. Með svo einföldum hætti er reynt að afgreiða hvern þann stjórnmálaflokk, hóp manna eða einstakling, sem dirfist að mótmæla íslenzkri aðild að herbandalagi, hersetu, jafnvel hermannasjónvarpi á íslenzkum heimilum. Og að því er varðar hernámstekjurnar, gjafafé og ráðagerðirnar um að opna erlendum auðhringum sem greiðasta leið til Íslands, þá segja málsvarar núverandi stjórnarflokka, að slíkt séu nauðsynlegir og sjálfsagðir þættir í efnahagslegri uppbyggingu. Allt eru þetta staðlausir stafir. Forsendur þeirrar utanríkisstefnu, sem íslenzkir valdhafar hafa rekið um skeið, eru allt aðrar. Því skal að vísu ekki neitað, að einhverjir þeirra hafi fest trúnað á þá kenningu, að rétt hafi verið vegna kommúnistahættunnar að færa vígstöðvar kalda stríðsins inn á íslenzka grund. Til eru þeir menn, sem svo mjög hafa bundið hugann við heimspólitík, glímu andstæðra hugmyndakerfa, að þeir hafa gersamlega týnt hinu þjóðlega, íslenzka sjónarmiði. En

meginástæðan er þó ekki þessi. Skýringin á mörgum viðbrögðum íslenzkra valdhafa hin síðari ár er miklu fremur sálræns en hugmyndafræðilegs eðlis. Hér hefur það gerzt, að tiltölulega fjölmennur hópur áhrifamanna hefur glatað trúnni á það, að þjóð þeirra sé þess umkomin að vera stjórnarfarslega, efnahagslega og menningarlega sjálfstæð. Stjórn sjálfra þeirra á íslenzku þjóðarbúi hefur verið léleg, enda stjórnarstefnan röng. Afleiðingarnar eru stöðugir og sívaxandi örðugleikar aðalatvinnuvega þjóðarinnar, sem heimatilbúin óðaverðbólga ætlar gersamlega að sliga. Af þessu draga stjórnarherrarnir síðan þá ályktun, að allur okkar ófarnaður stafi af því, hve við séum fáir, fátækir, smáir. Við séum engir menn til þess að standa á eigin fótum, halda uppi sjálfstæðu, íslenzku ríki. Þess vegna hljótum við að tengjast stærri heild með einhverjum hætti, ganga í bandalög, opna landið fyrir stóriðjufyrirtækjum erlendra auðmanna, gerast handlangarar þeirra og þjónar. Er þá jafnan til þess vitnað, að fólki fjölgi hér ört, svo að brátt verði atvinnuleysi, nema upp rísi stóriðja á vegum útlendra auðhringa. Þó vita allir, að þrátt fyrir stjórnarstefnu, sem verkar eins og dragbítur á þróun íslenzkra atvinnuvega, hefur atvinna vaxið örar en fólksfjöldinn. Svo mikið er framtak þjóðarinnar, svo gjöfular eru íslenzkar auðlindir. Það er og auðsannað, að fiskveiðar okkar eru arðbærari og hagfelldari þjóðarbúinu en nokkur stóriðja. Er þó langur vegur frá því, að sjávarafli sé nú hagnýttur á þann veg, sem bezt má verða. Enn eru þar lítt eða allsendis ónotaðir stórfelldir möguleikar, t. d. á sviði fiskiðnaðar. Svipað má segja um aðrar atvinnugreinar. Möguleikar þeirra eru ekki hálfnýttir enn.

Fyrir hálfu öðru ári var það mesta baráttumál forustumanna núverandi stjórnarflokka, að Ísland gerðist aðili að Efnahagsbandalagi Evrópu. Í öllum áróðri stjórnarliðsins var hvergi ýjað í þá átt, að dvergþjóð sem Íslendingum kynni að vera miður hollt að tengjast slíku bandalagi. Andstaðan gegn því ráðabruggi varð hins vegar öflugri en ríkisstj. hafði búizt við. Þeir Íslendingar voru þess vegna margir, einnig úr röðum kjósenda stjórnarflokkanna, sem vörpuðu öndinni léttar, þegar þær leiðir lokuðust, a. m. k. í bili. Menn voru sannfærðir um, að Ísland hefði fyrir giftusamlega rás viðburðanna sloppið úr yfirvofandi háska. En dálítill hópur fjáraflamanna og stjórnarherrarnir sjálfir ásamt blindustu fylgismönnum voru nokkurn veginn þeir einu, sem hörmuðu atburðinn, fjáraflamennirnir af þeirri ástæðu, að þá hafði dreymt um þann gróðaveg sér til handa að gerast vikapiltar erlendra auðhringa í landi sínu, stjórnarherrarnir vegna þess, að þeir virðast hafa glatað trúnni á það, að íslenzka þjóðin sé fær um að bjargast af eigin efnum. Svo lengi og ákaft hafa þeir mænt á auð og vald stórþjóða, að þeir hafa fengið glýju í augu af þeim sýndarljóma. Þess vegna er þeim svo tamt orðið að líkja Íslandi við borðlága kænu á ólgusjó veraldar, sem hljóti að dragast aftur úr hafskipum stórvelda, nema hún hengi sig aftan í eitthvert þeirra. Er þá sú ályktun á næsta leiti, að öruggast og áhyggjuminnst sé að hafa sig um borð í hafskipið og yfirgefa kænuna.

Þegar núverandi ríkisstj. tók við völdum fyrir hálfu fimmta ári og markaði þá stefnu í innanlandsmálum, sem kennd er við viðreisn, lét hún blása fyrir sér í lúðra og berja bumbur, um leið og hún tilkynnti hátíðlega, að nú mundu upp teknir nýir og betri siðir en áður höfðu tíðkazt. Margir stjórnarliðar munu í upphafi hafa gert sér um það vonir, að viðreisnarstefnan svonefnda yrði þess megnug að styrkja fjárhagskerfið, bæta þjóðarhag. Helztu leiðtogar stjórnarflokkanna litu hins vegar frá upphafi á viðreisnina sem nauðsynlegan lið í þeirri fyrirætlan að aðlaga íslenzkt efnahagskerfi þeirri stóru heild, sem þá dreymir stöðugt um, að Íslendingar tengist sem traustustum böndum.

Eftir því sem lengra leið og betur kom í ljós, að viðreisnarpólitíkin olli hér sívaxandi glundroða og hratt af stað lítt viðráðanlegri óðaverðbólgu, þeim mun ákafari urðu stjórnarherrarnir að ná sem skjótustum tengslum við erlent auðvald. Um skeið voru þeir vongóðir um, að þessi óskadraumur rættist með aðild að Efnahagsbandalagi Evrópu. Þegar þær vonir brugðust, voru hafnar samningaviðræður við erlend auðfélög um stofnun stóriðjufyrirtækja hér á landi, svo sem alúmíníumverksmiðju og olíuhreinsunarstöðvar. Mikil leynd hefur hvílt yfir þessum viðræðum og þess gætt, að stjórnarandstaðan fengi sem minnst um þær að vita. Nýlega var þó frá því skýrt, að viðræðurnar væru í fullum gangi og kæmust e. t. v. brátt á lokastig. Síðan hefur verið haldið uppi í stjórnarblöðunum látlausum áróðri fyrir því, að samið verði sem fyrst við auðhringa um stóriðjurekstur á Íslandi. Farið er um það fjálglegum orðum, hvílíkt lán það væri, ef erlend fyrirtæki fengjust til þess að nytja auðlindir íslenzkrar þjóðar. Þó að hér sé og hafi lengi verið stórfelldur skortur á vinnuafli og möguleikar atvinnuvega þjóðarinnar varla nýttir til hálfs, er hrópað á útlenda stóriðju vegna þess, hve fólksfjölgun á Íslandi sé ör. Á því er einnig þrástagazt, að í stóriðjumálum ættum við að taka Norðmenn okkur til fyrirmyndar, ekki hafi þeir verið smeykir við erlent fjármagn, heldur byggt upp margvíslegan iðnað með þátttöku þess.

Við skulum athuga þessa síðastnefndu staðhæfingu örlítið nánar og gera um leið stuttan samanburð á okkur og Norðmönnum. Ýmsar óvefengjanlegar tölur eru tiltækar í því sambandi. Lítum fyrst á fólksfjöldann. Noregur er að vísu smáríki. Landið byggja þó 3 millj. 600 þús. manna. Íslendingar eru 180 þús. Móti hverjum einum Íslendingi eru 20 Norðmenn, móti hverjum 100 Íslendingum 2000 Norðmenn. Þær tölur, sem ég hef handbærar um erlenda fjárfestingu í Noregi, eru 2 ára gamlar. Þá nam öll hlutabréfaeign útlendra manna og fyrirtækja þar í landi 455 millj. norskra kr., eða rúmlega 2700 millj. ísl. kr., og þess ber að gæta, að þetta erlenda fé í norskum fyrirtækjum var ekki til komið á skömmum tíma, heldur smám saman á mörgum tugum ára. Miðað við fólksfjölda væri hliðstæð erlend fjárfesting hér á landi 135 millj. ísl. kr. Öll sú mikla fjárfesting, sem vitnað er til að átt hafi sér stað í Noregi og talin er fordæmi fyrir Íslendinga, jafngildir því, að útlendingar eignuðust hér á hálfri öld

eða svo eina allstóra síldarverksmiðju eða 2—3 nútíma togara. Slík erlend fjárfesting þyrfti vitanlega ekki að verða háskaleg okkur Íslendingum. En er það nú þetta eða eitthvað þessu líkt, sem stjórnarvöldin bollaleggja um, þegar þau eru að undirbúa erlenda stóriðju á Íslandi? Nei, í sambandi við alúmíníumverksmiðjuna eina eru nefndar tölur eins og 1200 millj. kr. í stofnkostnað og aðrar 1200 millj. til byggingar raforkuvers, sem að hálfu leyti eða meira yrði reist og rekið í verksmiðjunnar þágu. Jafnframt er frá því greint, að í rauninni sé slík verksmiðja of lítil til að skila arði, enda gefið í skyn, að hér sé aðeins um fyrri eða fyrsta áfanga að ræða. Verksmiðjan kynni síðar að verða stækkuð um helming eða meira.

Gerum enn einn samanburð á Íslendingum annars vegar og Norðmönnum hins vegar. Hugsum okkur, að erlendir auðhringir leggi fé í atvinnurekstur í báðum löndunum og veltu í krónutölu jafnhárri upphæð í hvoru landi. Væri framleiðsla fyrirtækjanna 1/40 hluti af framleiðslu Norðmanna og fertugasti hver verkfær maður starfandi í þjónustu þeirra, mundu samsvarandi tölur á Íslandi vera helmingur þjóðarframleiðslu og helmingur verkfærra manna. Slíkur munur er hér á.

Þegar rætt er og ritað um þessi mál eins og íslenzka og norska þjóðin séu jafnstórar og efnahagslíf beggja ámóta öflugt, er í því fólgin hin háskalegasta blekking. Erlend fjárfesting í þeim mæli, sem hér virðist í uppsiglingu, á sér naumast hliðstæðu í fullvalda og raunverulega sjálfstæðu ríki. Fordæmin finnast að vísu. Auk hreinna nýlendna er þeirra einkum að leita í ýmsum löndum Mið- og Suður-Ameríku, þar sem bandarísk auðfyrirtæki drottna yfir hag fólksins, hirða arðinn af striti þess og halda leppum sínum í valdastólum, séu þeir nógu auðmjúkir og hlýðnir. Ég trúi því ekki, að nokkur sá Íslendingur sé til, sem að lokinni nákvæmri íhugun þessara mála vill tefla á tvær hættur um það, að þjóð hans verði búið þvílíkt hlutskipti.

Ég hef dregið hér upp nokkra mynd af stefnu núverandi ríkisstj. í utanríkismálum, vikið stuttlega að fortíðinni, en lagt höfuðáherzlu á hitt, hvað í vændum getur verið, ef öllu lengra er haldið á sömu braut.

Um utanríkisstefnu Framsfl., ef stefnu skyldi kalla, get ég verið fáorður. Ég er þess fullviss, að yfirgnæfandi meiri hluti framsóknarmanna vill gagngera stefnubreytingu í íslenzkum utanríkismálum. En framsóknarforustan, þeir fáu menn, sem flokknum stjórna, hafa séð um það, að ýmist hefur Framsfl. tekið á sig fulla meðábyrgð um hin verstu óþurftarverk í utanríkismálum eða leikið tveim skjöldum, borið kápuna á báðum öxlum. Hlutleysisstefnunni hefur framsóknarforustan varpað gersamlega fyrir borð og marglýst yfir hollustu sinni við NATO. Hún stóð að hernámi landsins, en hefur hin síðari ár slegið úr og í að því er varðar dvöl erlends hers á Íslandi á friðartímum. Nú er forusta Framsóknar spurð: Hver er afstaða Framsfl. til fyrirætlana ríkisstj. um að opna landið fyrir erlendum auðhringum? Hver er afstaða flokksins til erlendrar hersetu á Íslandi í dag? Hver er í raun og sannleika utanríkisstefna Framsfl.?

Alþb. og Þjóðvfl. eru á einu máli um það, að gerbreyting þarf að verða á stefnu íslenzka lýðveldisins í utanríkismálum. Till. sú, sem hér er flutt, miðar að því að marka stefnuna á þann veg, sem flm. telja rétt og nauðsynlegt, bæði í ljósi fyrri atburða og nýrra viðhorfa. Till. er á þessa leið:

„Alþingi ályktar að lýsa yfir því, að þessi eru grundvallaratriði íslenzkrar utanríkisstefnu:

að íslenzka þjóðin haldi fullu sjálfstæði sínu, stjórnarfarslegu sem efnahagslegu;
að Íslendingar einir hafi eignar- og yfirráðarétt yfir auðlindum landsins og atvinnutækjum;
að hvorki sé á Íslandi her né herbækistöðvar;
að Ísland sé hlutlaust í hernaðarátökum, enda segi það sig úr Atlantshafsbandalaginu, jafnskjótt og samningar leyfa;
að Ísland starfi innan Sameinuðu þjóðanna og hvarvetna á alþjóðavettvangi að friðsamlegri lausn deilumála og styðji hverja þá viðleitni til takmarkaðrar eða almennrar afvopnunar, sem fram kann að koma;
að Ísland veiti undirokuðum og nýfrjálsum þjóðum ötulan stuðning í baráttu þeirra fyrir fullu frelsi og efnahagslegu sjálfstæði;
að Ísland hafi við hverja þjóð sérhver þau skipti, menningarleg og viðskiptaleg, sem samrýmast hagsmunum og sæmd íslenzku þjóðarinnar."

Þannig hljóðar sú till., sem hér er til umr. í kvöld. Íslendingar hljóta að fagna því heils hugar, að vopnatrú og valdastefna eru á undanhaldi í heiminum í dag, hernaðarbandalögum hrakar, andrúmsloftið í veröldinni er að breytast til batnaðar. Við Íslendingar þurfum nú að rísa úr ösku herstefnunnar, ganga fram á alþjóðavettvangi með óbundnar hendur og ferska sjón, hætta að hanga aftan í fjarlægu vopnavaldi og láta sjást, að við séum frjálsir menn, gæddir yfirsýn og ábyrgðartilfinningu gagnvart heill okkar sjálfra og lífi mannkynsins.

Alfreð Gíslason: Herra forseti. Góðir hlustendur. Ísland átti eitt sinn því láni að fagna að fá grundvöll lagðan að sjálfstæðri stefnu í utanríkismálum. Það gerðist, þegar lýst var yfir ævarandi hlutleysi landsins. Þá var vel af stað farið og viturlega. Hlutleysi í hernaði hæfir betur en nokkuð annað vopnlausri þjóð, sem kýs að vera fullvalda og eiga einvörðungu friðsamleg skipti við allar aðrar þjóðir.

En Adam var ekki lengi í Paradís. Þegar ágengir nágrannar sáu sér ekki hag í hlutleysi okkar, fengu þeir á því illan bifur, og þeim veittist það furðu auðvelt að ginna andvaralausa leiðtoga landsins til þess að farga hlutleysinu. Með þeirri ráðstöfun var endanlega horfið frá íslenzkri stefnu í utanríkismálum, og hefur þjóðarskútan síðan siglt þann sjó undir erlendum merkjum. Vopnlaus þjóð gengur í hernaðarbandalag. Þetta hljómar eins og þversögn, enda er slík aðild fjarstæða, sé á annað borð átt við fullvalda ríki. Síðan horfið var frá hlutleysinu, hafa íslenzk utanríkismál verið rekin í samræmi við stefnu, sem mótuð er á erlendum vettvangi af erlendum mönnum í þágu erlendra stórvelda. Þetta er bláköld staðreynd

og ekki annað en bein afleiðing þess, að við vorum beygðir undir ok NATO-valdsins. Fyrstu árin eftir þau umskipti áttu ráðh. okkar það til að ræða utanríkismál af sömu kokhreysti og önnur mál. Þá fullyrtu þeir eitt og annað, sem þeir síðar reyndust ekki menn til að standa við, svo sem það, að hér skyldu ekki vera herstöðvar né her á friðartímum. En þeir fengu fljótlega að þreifa á því, að valdið er ekki þeirra í þessum efnum, og nú gæta þeir tungu sinnar betur. Nýlega var hæstv. utanrrh. að því spurður á þingi, hvort leyfð yrði meðferð kjarnavopna í landinu. Hann svaraði því einu til, að fram á slíkt hefði ekki verið farið. Meira gat hann sem orðvar maður ekki sagt.

Það er tómt mál að tala um hug og vilja íslenzkra ráðh. í utanríkismálum, því að svo sannarlega stýra þeir ekki NATO, þar ráða allt aðrir menn. Það er orðið svo um utanríkismál okkar sem um almenn stjórnmál í einræðislandi, að þau eru vart rædd annars staðar en innan hljóðheldra veggja. Það var ekki haft hátt, þegar Bandaríkjunum var leyfð útvarpsstarfsemi í landinu þvert ofan í ákvæði íslenzkra laga. Og þó var enn laumulegar að farið, þegar sama stórveldi var veitt einkaleyfi til þess að reka hér sjónvarpsstöð. Erlend íhlutun um íslenzk málefni er orðin daglegt brauð og ógnar jafnt efnahagslífi þjóðarinnar sem tungu og menningu. Óholl áhrif hersetunnar færast ört í aukana, og er þegar svo komið, að jafnvel ólíklegustu menn rísa upp til mótmæla. En hæstv. ríkisstj. situr föst í neti NATO og má sig hvergi hræra. Því þegir hún þunnu hljóði eða svarar skætingi einum, þegar að er fundið.

Engin leið er til þess að meta nú það geigvænlega tjón, sem þjóðin hlýtur af missi hlutleysisins, og enginn veit, hvort það verður nokkru sinni bætt. Eitt örlítið dæmi um það tjón er landhelgissamningurinn við Breta 1961. Með honum var Íslandi gert að afsala sér um aldur og ævi lögskráðum rétti til landgrunnsins. Þann nauðungarsamning getum við fyrst og fremst þakkað aðildinni að Atlantshafsbandalaginu, eins og hæstv. forsrh. benti réttilega á í blaði sínu fyrir tæpri viku. Hlutlausri þjóð hefði vart verið þröngvað til slíkra samningsgerða, en fórnina urðum við að færa á altari herguðsins.

Þegar friðarstefna Íslendinga varð að þoka fyrir hernaðarandanum, hófu stærstu stjórnmálaflokkarnir hatramman áróður gegn hlutleysinu, og þeim áróðri linnir ekki síðan. Er því fundið margt til foráttu og flest að ósekju. Það er að vísu rétt, að hlutleysi getur brugðizt sem vörn, en hitt er þó enn sannara, að í NATO-aðildinni er alls enga vernd að finna. Þvert á móti er hún þjóðinni vísasta leiðin til glötunar í stórstyrjöld.

Þá er klifað á því, að hlutleysi í hernaði sé úrelt. Þetta tyggur hver eftir annan, allt frá fákænum Varðbergspiltum upp í hálærða lagaprófessora, án alls tillits til þess, að fullyrðingin stangast á við augljósar staðreyndir. Um allan heim finnast hlutlausar þjóðir, og tala þeirra fer meira að segja vaxandi. Í Evrópu eru Svíþjóð og Finnland, Austurríki, Írland og Sviss meðal hlutlausra landa og hafa síður en svo hug á að farga hlutleysi sínu. Þetta eru smáþjóðir, sem hafa ekki frekar en við Íslendingar nein tök á að verja land sitt í stórveldastyrjöld. Samt og meðfram einmitt þess vegna forðast þær hernaðarbandalög eins og sjálfa pestina og halda fast í hlutleysið. Þótt stórveldin leggi yfirleitt kapp á að ánetja smáþjóðir og gera þær sér háðar hernaðarlega, neyðast þau stundum til að beita sér fyrir hlutleysi ríkja. Þetta er alkunna. Með því viðurkenna þau í verki ekki aðeins tilverurétt hlutleysis, heldur og þýðingu þess í róstusömum heimi. Á alþjóðaþingum gætir áhrifa hlutlausu landanna svo mjög, að þau eru þar nefnd þriðja aflið. Þau hasla sér völl milli hinna stríðandi hervelda og bera klæði á vopnin. Þetta er göfugt verk og þessum þjóðum til sæmdar. Það er ekki tilviljun, að hins hlutlausa Indlands gætir meira á sviði heimsmála en Japans, að Svíum er sýndur meiri trúnaður á alþjóðavettvangi en Dönum og Norðmönnum og að Írland nýtur meiri virðingar hjá Sameinuðu þjóðunum en Ísland. Þannig er þó veruleikinn og hann blasir við augum. Hlutlaus lönd eru mýmörg til og þeim fjölgar, og jafnvel herskáar ríkisstj. afneita ekki nauðsyn þeirra. En uppi á Íslandi halda NATO-postular áfram að breiða þá falskenningu út, að hlutleysi sé úrelt og aflóga hugtak. Og NATO-menn okkar láta sér þetta ekki nægja, heldur reyna þeir að telja hrekklausu fólki trú um, að hernaðarlegt hlutleysi sé löstur, því að það jafngildi afskiptaleysi um heimsmál, ef ekki algeru skoðanaleysi. Einnig þessi fullyrðing fer í bága við staðreyndir. Eins og heimsfréttir herma, taka hlutlausu ríkin sannarlega afstöðu til mála á alþjóðaþingum og láta að sér kveða þar. Ef einhver munur er, er hann einna helzt sá, að hlutlausu ríkin eru frjáls að því að mynda sér skoðun, á meðan lönd hernaðarbandalaganna eru bundin í báða skó.

Meginþorri allra þjóða þráir frið og hlýtur því í hjarta sínu að óska hlutleysisstefnunni vaxandi gengis í heiminum. Af friðarþrá er einnig sprottin sú von, að dýrðardagar hernaðarbandalaga verði ekki margir og að þau megi úreldast sem fyrst. Frá styrjaldarlokum var allt kapp lagt á að skipta heiminum í tvær fjandsamlegar fylkingar og sá tortryggni, hatri og ótta meðal þjóða. Forusturíki heims í austri og vestri kepptu hvort við annað um að ná á sín snæri sem stærstum hluta jarðkringlunnar og voru þá ekki ætíð vönd að meðulum. Úr þessum eitraða jarðvegi spruttu Atlantshafsbandalagið og önnur stríðsbandalög, og úr honum draga þau síðan lífsnæringuna. Á meðan hernaðarandi ræður ríkjum, dafna þessi bandalög, en koðna niður, jafnótt og stríðsæsingum linnir. Annað háir og þessum bandalögum eftirstríðsáranna, þegar til lengdar lætur. Í mörgum viðkvæmum málum verða þjóðirnar að lúta boði og banni þess stórveldis, sem ægishjálminn ber í bandalaginu. Þetta þola þær ekki til langframa. Fyrr eða síðar rís innbyrðis ágreiningur, sem síðan vex, unz bandalagið liðast sundur. Í NATO eru einkenni þessarar veilu þegar komin í ljós. Þar er nú hver höndin upp á móti annarri, eins og alkunna er.

Hernaðarbandalögin eru ömurleg fyrirbæri

kalda stríðsins og hættulegri heimsfriði en nokkuð annað. Þetta veit hver maður með óbrjálaða dómgreind. Þeim mun sorglegra er, að íslenzkir ráðh., ég tala nú ekki um minni spámenn, skuli í heyranda hljóði fá sig til að vegsama nokkurt þessara bandalaga. En þetta gera þeir því miður. NATO er sungið lof og prís af sömu ákefð og ofstæki og hlutleysi er rangtúlkað og rægt. Þó er NATO ekki lofað svo mjög fyrir kjarnasprengjur, kafbáta og flugskeyti, heldur er það dásamað fyrir eiginleika, sem það hefur sízt til að bera. Þess vegna neyðast lofsyngjendur til að láta hlutina standa á höfði og snúa lofi í háð. Það er talað um varnir landsins og vernd þjóðarinnar með skírskotun til herbækistöðva, sem síður en svo yrðu fólkinu til verndar í stríði og gætu í hæsta lagi orðið einhvers megnugar til árásar eða gagnárásar. Það er talað um verndun vestræns lýðræðis af miklum fjálgleik og um samvinnu við frjálsar þjóðir, og er þá átt við hernaðarlega samábyrgð Íslands og landa á borð við einræðisríkið Portúgal ásamt Tyrklandi, Grikklandi, Frakklandi og Vestur-Þýzkalandi, þar sem menn eru hundeltir sakir stjórnmálaskoðana sinna. Loks er talað um vinaþjóðir okkar í NATO og það án afláts, einnig þau missirin, er ein fremsta þeirra óð hingað með alvæpni og dólgslegri hótun um valdbeitingu, ef blakað yrði við vissum veiðiþjófum í landhelginni.

Þannig er allt á eina bókina lært. Hafður er uppi ofstækisfullur, forheimskandi áróður í því skyni að fá íslenzka menn til að sætta sig við þann skaða og þá skömm, sem leiðir af útlendri hernaðarstefnu á Íslandi.

Að vísu má sín mikils áróður, sem studdur er af ríkisvaldinu og auk þess nær ótakmörkuðu fjármagni, en alvaldur er hann þó ekki. Þúsundir Íslendinga hafa frá öndverðu skilið, hvaða glapræði var framið, þegar hlutleysinu var á glæ kastað af glámskyggnum eða hugdeigum forráðamönnum. Þessum þúsundum er það einnig ljóst, að vaxandi ágengni útlendinga, samfara þverrandi viðnámi hérlendra valdhafa, á rót sína að rekja til NATO-aðildarinnar. En það eitt að skilja og greina meinsemdina er ekki nægilegt. Það þarf einnig að taka til höndum um að uppræta hana. Gagngер stefnubreyting er knýjandi nauðsyn. Hverfa verður frá þeirri erlendu óheillastefnu, sem nú er ákvarðandi um öll utanríkismál okkar, og marka í hennar stað sjálfstæða stefnu, byggða á friðarvilja þjóðarinnar og friðarviðleitni. Hornsteinn hinnar nýju stefnu hlýtur að verða yfirlýsing um ævarandi hlutleysi landsins í hernaði. Af henni leiðir síðan sjálfkrafa, að herinn flytjist úr landinu með allt sitt hafurtask og að Ísland láti lokið aðildinni að NATO. Þá verður staða Íslands á alþjóðasviði við hlið þeirra þjóða, sem beita sér fyrir afvopnun og friðsamlegri lausn deilumála, styðja frelsisbaráttu undirokaðra þjóða og vinna að auknu alþjóðlegu samstarfi á sviði efnahags, menningar og vísinda. Á þingum Sameinuðu þjóðanna tökum við hverju sinni afstöðu til mála í samræmi við hugsjón friðar, frelsis og jafnréttis án tillits til, hvort þessari eða hinni þjóðinni fellur það í geð. Íslendingar hafa hug á frjálsum skiptum við sem flestar þjóðir og veita fúslega viðtöku öllu erlendu, sem til menningar horfir, en þeir vilja fá að hafna því, sem ómenning er að eða er sjálfstæði landsins hættulegt.

Þessi er hin nýja stefna í grundvallaratriðum. Þeir mörgu, sem hana aðhyllast þegar, verða allir sem einn að gerast virkir í baráttunni fyrir sigri hennar. Ef enginn skerst úr leik, þarf varla að efast um árangur. Þá munu afturhaldsöflin neyðast til að láta undan síga. Út á við mun Ísland vaxa í áliti og margfalda áhrif sín, og þjóðin þarf síður að ala ugg í brjósti eftir en áður, jafnvel þótt óvinsælt kunni að reynast í bili að láta ekki segja sér fyrir verkum.

Að lokum skulum við minnast þess, að þau sjónarmið, sem þessi íslenzka utanríkismálastefna byggist á, henta ekki aðeins þjóð okkar í bráð og lengd, heldur eru þau og langlíklegust til velfarnaðar öllum heimi. — Góða nótt.

Utanrrh. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Góðir hlustendur. Þáltill. sú, sem hér liggur fyrir, er borin fram af fulltrúum þeirra þriggja samtaka, sem Alþb. kallast. Flm. eru Einar Olgeirsson og Ragnar Arnalds, fulltrúi kommúnistadeildar Sameiningarflokks alþýðu, Alfreð Gíslason, fulltrúi Málfundafélags jafnaðarmanna, og Gils Guðmundsson, fulltrúi eftirstöðva Þjóðvarnarflokksins.

Efni þáltill. er, að Alþingi ákveði sjálft, en ekki ríkisstj., eins og hingað til hefur verið venja, hver skuli verða grundvallaratriði íslenzkrar utanríkisstefnu. Segja má, að þáltill. geri ráð fyrir því, að þessi grundvallaratriði eigi að vera þríþætt. Í fyrsta lagi, að Alþingi lýsi því yfir, að íslenzka þjóðin haldi fullu sjálfstæði sínu, stjórnarfarslegu og efnahagslegu, enda hafi Íslendingar einir eignar- og yfirráðarétt yfir auðlindum landsins og atvinnutækjum, en hafi við hverja þjóð sérhver þau skipti, menningarleg og viðskiptaleg, sem samrýmast hagsmunum og sæmd íslenzku þjóðarinnar. Í öðru lagi, að Alþingi lýsi því yfir, að Ísland starfi innan Sameinuðu þjóðanna og hvarvetna á alþjóðavettvangi að friðsamlegri lausn deilumála eða styðji hverja þá viðleitni til takmarkaðrar og almennrar afvopnunar, sem fram kann að koma, jafnframt því sem Ísland lýsi yfir hlutleysi í hernaðarátökum, segi sig úr Atlantshafsbandalaginu og vísi varnarliðinu úr landi. Og loks í þriðja lagi, að Alþingi lýsi yfir stuðningi við undirokaðar og nýfrjálsar þjóðir í baráttu þeirra fyrir fullu frelsi og efnahagslegu sjálfstæði.

Bæði orðalag þáltill. sjálfrar og grg., sem henni fylgir, ber greinilega með sér, að tilgangur flm. er að ákveða stefnu Íslands í utanríkismálum í heild og einnig í vissum, einstökum atriðum nú og í nánustu framtíð.

Hver, sem hugleiðir slíka till., hlýtur að spyrja sjálfan sig tveggja spurninga. Í fyrsta lagi: Hvaða grundvallarsjónarmiðum byggja sjálfstæð ríki yfirleitt stefnu sína í utanríkismálum á? Í öðru lagi: Eru flm. þáltill. þeirrar, sem hér liggur fyrir, svo þekktir að því að virða slík sjónarmið, að þess megi vænta, að till. frá þeim sé til þess fallin að vera grundvöllur íslenzkrar utanríkismálastefnu?

Um fyrra atriðið, á hvaða sjónarmiðum sjálf-

stæð ríki byggja utanríkisstefnu sína, get ég verið fáorður. Það atriði er ljóst og óumdeilanlegt. Grundvallartilgangur utanríkisstefnu sérhvers ríkis er að vernda og efla hagsmuni þess, tryggja og treysta frelsi þess og sjálfstæði, pólitískt og efnahagslegt. Fyrir þessum sjónarmiðum hljóta önnur sjónarmið að víkja. Íslendingar verða að byggja utanríkisstefnu sína á þessu grundvallaratriði, á sama hátt og allar aðrar þjóðir. Afstaða þeirra til málefna á erlendum vettvangi og til annarra þjóða hlýtur að fara eftir því, hvað bezt samrýmist íslenzkum hagsmunum. Íslenzkir hagsmunir hljóta ætíð að vera leiðarliósið, sem siglt er eftir.

Er þá komið að síðara atriðinu, spurningunni um það, hvort feður þeirrar þáltill., sem hér liggur fyrir, séu þekktir að því að virða svo íslenzka hagsmuni í sambandi við utanríkismál, að ætla megi, að þeim sé treystandi til að marka stefnu Íslands í þeim efnum. Fróðlegt er að athuga lítillega feril þeirra á liðnum árum. Tímans vegna er þó aðeins hægt að nefna fá dæmi.

Þegar Ísland öðlaðist fullveldi árið 1918, lýsti það yfir ævarandi hlutleysi. Þjóðabandalagið var stofnað nokkrum mánuðum síðar. Árið 1930 voru flestar þjóðir Evrópu meðlimir Þjóðabandalagsins nema Sovétríkin, sem stóðu utan þess. Þá var um það rætt, að Ísland gengi í bandalagið. Einar Olgeirsson réðst hatrammlega gegn slíkum áformum og sagði, að það væri höfuðglæpur, sem kórónaði kúgun og svívirðingar síðustu þúsund ára, ef Ísland gengi í Þjóðabandalagið, sem hann nefndi þá fjandaflokk auðvaldsbandalags gegn hinum uppvaxandi, frjálsu alþýðuríkjum, Sovétríkjunum. Einar krafðist þess, að Ísland héldi fast við hlutleysið, sem væri þess eina og örugga vernd. Þetta var árið 1930.

Nokkrum árum síðar gengu Sovétríkin í Þjóðabandalagið. Þá tók Einar Olgeirsson upp baráttu fyrir því á Alþingi, að Ísland gengi einnig í Þjóðabandalagið. Nú lýsti hann því yfir, að þetta bandalag væri eina örvggi Íslendinga, enda væri hlutleysið með öllu haldlaust og það tálvon ein, að hlutleysisyfirlýsingin frá 1918 gæti verndað okkur. M. ö. o.: innganga Rússa í Þjóðabandalagið sneri alveg við afstöðu kommúnista til bandalagsins og hlutleysisins.

Haustið 1939 gerðu Hitler og Stalín með sér griðasáttmála. Hitler hóf síðari heimsstyrjöldina, en Sovétríkin voru hlutlaus. Þá gerðust þau tíðindi, að íslenzkir kommúnistar skiptu á ný um skoðun á hlutleysinu á einni nóttu. Gerðust þeir ákafir talsmenn hlutleysis, töldu engu máli skipta, hvor ynni styrjöldina, nazistar eða vesturveldin. Slíkt væri aðeins smekksatriði, eins og þeir kölluðu það. Þegar svo Bretar nokkru síðar hernámu Ísland, hvöttu þeir Íslendinga til mótspyrnu og nefndu vinnu verkafólks fyrir Breta landráðavinnu. Tveimur árum síðar réðust Þjóðverjar á Rússland. Á svipstundu breyttist afstaða íslenzkra kommúnista til hlutleysis. Nú kalla þeir hlutleysi svívirðilegan glæp, vinnan fyrir Breta á Íslandi heitir ekki lengur landráðavinna, hún heitir landvarnavinna, og nú verða allir að leggja sig fram um að vinna fyrir Breta. Talsmaður kommúnista á Alþingi lýsti því beinlínis yfir, að svo sannarlega mætti skjóta frá Íslandi, ef með þyrfti. Hlutleysi væri hreinasta fásinna.

Undir lok heimsstyrjaldarinnar síðari voru Sameinuðu þjóðirnar stofnaðar. Íslandi var gefinn kostur á að gerast stofnandi, en fyrir atbeina Sovétríkjanna var það skilyrði látið fylgja, að Ísland segði Þjóðverjum og Japönum stríð á hendur, en báðar voru þessar þjóðir þá að falli komnar. Alþm. ýmist brostu eða voru undrandi yfir skilyrðinu um, að Ísland segði Þýzkalandi og Japan stríð á hendur, allir nema kommúnistar, þeir vildu óðir og uppvægir, að Ísland lýsti yfir styrjöld við þessi ríki.

Eftir heimsstyrjöldina síðari tók hinn alþjóðlegi kommúnismi að sölsa undir sig hvert ríkið á fætur öðru með ofbeldi og vopnavaldi. Þegar farið var að svipta þessi lönd frelsi sínu, skipti það miklu máli fyrir hinn alþjóðlega kommúnisma að fá að gera slíkt í friði og að ekki kæmist á samstarf frjálsra ríkja þeim til varnar. Höfuðstöðvar hins alþjóðlega kommúnisma hvöttu þá frjálsar þjóðir til varnarleysis og hlutleysis. Og það stóð ekki á íslenzkum kommúnistum, þeir snarsnerust. Hlutleysið, sem þeir áður fordæmdu, var nú lausnarorðið, einasta vörn smáríkis.

Ég ætla ekki að rekja þetta nánar eða lengra. Þessi dæmi sanna, að flokkur kommúnista hefur margsnúizt og snarsnúizt í afstöðu sinni til hlutleysis. Afstaða flokksins til þess máls fer ekki eftir íslenzkum hagsmunum. Hún mótast af því einu, hver stefna Sovétríkjanna er á hverjum tíma, og íslenzkir kommúnistar fylgja nákvæmlega þeim fyrirmælum, sem þeir fá frá höfuðstöðvum hins alþjóðlega kommúnisma. Og þannig er það í utanríkismálum yfirleitt. Afstaðan til hlutleysisins er ekki einsdæmi. Flokkurinn og forustumenn hans eru ekki sjálfráðir um stefnuna.

Þegar Alþfl. gekk til samstarfs við kommúnista í vinstri stjórninni 1956, gerði hann sér ljóst, að kommúnistaflokkurinn var ekki hæfur til samstarfs um utanríkismál. Samstarfið var því aðeins hugsanlegt, að samkomulag næðist um, að Alþb., sem kommúnistar réðu öllu í, væri haldið gersamlega utan utanríkismálanna. Alþfl. setti það því sem skilyrði fyrir stjórnarsamstarfinu við myndun vinstri stj., svo og það, að Alþfl. væri falin meðferð utanríkismála í þeirri stjórn, til þess að tryggja, að Alþb. kæmi þar hvergi nærri. Á þetta féllust Alþb.-menn. Þeir viðurkenndu í verki, að ekki væri hægt að ætlast til þess, að þeir fengju að fylgjast með eða hafa áhrif á meðferð utanríkismála í þeirri ríkisstj., sem þeir sjálfir áttu þó sæti í. Þeir gerðu sér ljóst, að öll þjóðin vissi, að á því sviði voru þeir fjarstýrður flokkur, ósjálfráður gerða sinna og því eðlilegt, að þeir væru utangarðs. Það skal játað, að á vinstristjórnartímabilinu stóð Alþb. furðanlega vel við þetta. Því var aldrei skýrt frá neinu í utanríkismálum, og það spurði aldrei neins. Þegar þm. þess og ráðherrar heyrðu á Alþingi í des. 1956, að horfið hafði verið frá því að vísa varnarliðinu úr landi, létu þeir sér það vel líka, og aldrei báru ráðherrar Alþb. fram nein tilmæli í ríkisstj. um brottför varnarliðsins eða úrsögn úr NATO. Það eina, sem heyrðist frá Alþb. í þessa átt, var haustið 1957, er Einar Olgeirsson skildi

eftir bréf um málið til formanns Alþfl. og Framsfl., er hann fór til fundarhalda í Moskvu. Einar lét sér vel líka, að bréf hans var að engu haft.

Það sætir því nokkurri furðu, að Alþb., sem fyrir fáum árum gekk inn á að styðja ríkisstj. og eiga í henni ráðherra á þeim grundvelli að mega hvorki fylgjast með meðferð utanríkismála né hafa áhrif á gang þeirra, skuli nú, þegar það er í stjórnarandstöðu, krefjast þess að móta utanríkisstefnuna í grundvallaratriðum og jafnvel að vissu leyti í einstökum atriðum. Það er skoðun míns flokks, að stefnuna í utanríkismálum beri ætíð að miða við hagsmuni íslenzku þjóðarinnar. Kommúnistar, sem einir ráða öllu í Alþb., hafa ætíð og ávallt sýnt, að utanríkisstefnu sína miða þeir við utanríkisstefnu og hagsmuni Sovétríkjanna, og þeir taka við og fara eftir fyrirmælum hins alþjóðlega kommúnisma. Þess vegna á Alþb. að vera utangarðs í utanríkismálum. Þeim var sómi að því að viðurkenna þetta í vinstri stjórninni, og þeir væru menn að meiri, ef þeir héldu áfram að viðurkenna þessa staðreynd, í stað þess að bera fram till. á Alþingi og ætlast til þess að fá að hafa áhrif á utanríkisstefnuna.

Þáltill. sú, sem hér liggur fyrir, ber það greinilega með sér, að hún er innflutt. Ákvæði þau, sem flm. hennar vilja láta Alþ. samþykkja sem grundvöll íslenzkrar utanríkisstefnu, eru ýmist tilefnislaus og gefa villandi hugmynd um ástandið eða eru beinlínis gagnstæð íslenzkum hagsmunum. Tilefnislaust og villandi er fyrsta ákvæði till. um, að íslenzka þjóðin skuli halda sjálfstæði sínu, stjórnarfarslegu sem efnahagslegu. Engum kemur eða hefur komið til hugar að skerða sjálfstæði þjóðarinnar, en ákvæði till. gefur til kynna, að svo hafi verið.

Í grg. till. er þetta atriði rökstutt með því, að ráðagerðir hafi verið uppi um, að Ísland gerðist fullgildur aðili að Efnahagsbandalagi Evrópu, og ef svo hefði farið, væri sjálfstæði þjóðarinnar fargað. Þetta er rangt. Stefna ríkisstj. í þessum málum var alltaf ljós og alveg ótvíræð. Ríkisstj. taldi þær skuldbindingar, sem fylgja mundu fullri aðild að Efnahagsbandalaginu, ekki geta samrýmzt hagsmunum Íslands og margvíslegri sérstöðu þess. Þetta var margsagt hér á Alþingi og utan þess, og þetta var öllum erlendum ríkisstjórnum, sem málið var rætt við, gert fullkomlega ljóst. Hitt hlaut öllum vitibornum mönnum að liggja í augum uppi, að ef ríki Fríverzlunarbandalagsins hefðu yfirleitt undir forustu Bretlands gengið í Efnahagsbandalagið og Vestur-Evrópa þannig orðið ein viðskiptaheild, sem smám saman hefði komið upp sameiginlegum tolli gagnvart öðrum ríkjum, þ. á m. Íslandi, þá hefði mikilvægum viðskiptahagsmunum Íslendinga verið stefnt í voða. Það hlaut því að vera skylda íslenzkra stjórnarvalda að gera sem gleggsta grein fyrir því, með hverjum hætti auðveldast væri að gæta hagsmuna þjóðarinnar. Í því skyni hlutu könnunarviðræður við ríkisstjórnir efnahagsbandalagsríkja og fríverzlunarbandalagsríkja að vera nauðsynlegar.

Ríkisstj. undirstrikaði það sérstaklega hér innanlands og lét það koma fram í öllum viðræðum við erlendar ríkisstjórnir, að tvær leiðir kæmu til greina til þess að tryggja hagsmuni Íslendinga, leið aukaaðildar að Efnahagsbandalaginu og tollasamningur við það. Í umr. við hinar erlendu ríkisstjórnir kom það fram, að aukaaðildarhugtakið hafði ekki enn verið mótað svo skýrt, að Íslendingar gætu gert sér grein fyrir því, hvort það gæti samrýmzt hagsmunum þeirra að gera aukaaðildarsamning. Það kom enn fremur í ljós, að ógerningur var að fá fullnægjandi vitneskju um, hvað falizt gæti í tollasamningi við Efnahagsbandalagið. Þess vegna var það stefna ríkisstj. að bíða, þangað til málið skýrðist betur, ekki væri tímabært að velja milli aukaaðildar og tollasamningsins. Þannig stóðu málin, þegar slitnaði upp úr samningum Efnahagsbandalagsins og Breta. Það er því fjarri öllu lagi, að í stefnu ríkisstj. í þessu máli hafi falizt nokkur hætta fyrir sjálfstæði Íslands.

Þá er annað ákvæði þáltill. um, að Íslendingar skuli einir hafa eignar- og yfirráðarétt yfir auðlindum landsins og atvinnutækjum, einnig tilefnislaust og algerlega villandi. Engum hefur komið til hugar að skerða þessi réttindi, eins og till. gefur í skyn.

Í grg. rökstyðja flm. till. sína um þetta atriði með því, að nú sé unnið að stórfelldum flutningi erlends fjármagns inn í landið og sé augljóst, að ríkisstj. vilji sem minnstar skorður reisa við athöfnum erlendra auðfélaga á íslenzkri grund. Slíkar staðhæfingar eru fjarri öllum sanni. Sú samvinna, sem ríkisstj. hefur talið eðlilegt að þreifa fyrir sér um við erlenda aðila varðandi uppbyggingu framleiðslugreina hér á landi, felur ekki á nokkurn hátt í sér fráhvarf frá þeirri meginstefnu allra íslenzkra stjórnmálaflokka, að Íslendingar hafi einir tögl og hagldir um atvinnumál landsins og þá sérstaklega að auðlindir þjóðarinnar lendi ekki í höndum erlendra aðila.

Þær framleiðslugreinar, sem ríkisstj. hefur athugað um uppbyggingu á með erlendu fjármagni, eru aðallega þrjár. Er þar fyrst að nefna byggingu kísilgúrverksmiðju við Mývatn, en frv. um hana hefur nýlega verið lagt fyrir Alþingi. Í þessu máli er gert ráð fyrir nokkurri samvinnu við erlenda aðila, sem Íslendingum er mikilvæg í sambandi við sölu framleiðslunnar erlendis. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir því, að þetta erlenda fyrirtæki eigi nema 20% hið mesta í kísilgúrverksmiðjunni. Kísilgúrvinnslan byggist á því, að í Mývatni eru mikilvægar kísilgúrnámur. En frv. gerir ráð fyrir því, að námur þessar verði áfram eign ríkisins og það selji verksmiðjunni hráefni úr námunni eða leigi henni afnot hennar. Þær auðlindir, sem eru undirstaða þessarar framleiðslu, verða því áfram í höndum Íslendinga einna, svo að hér verður ekki fastar að hnútunum búið en gert er.

Annað málið, sem mjög hefur verið unnið að á vegum ríkisstj., er bygging alúmíníumverksmiðju. Hér er um svo stórkostlega fjárfestingu að ræða, að óhugsandi er, að Íslendingar gætu ráðizt í hana sjálfir, enda fullkomið óráð að leggja í slíka framleiðslu fyrir þá, sem ekki búa yfir hinni fullkomnustu tæknikunnáttu og aðstöðu á heimsmörkuðum. Það hefur því virzt óhjákvæmilegt, að hið erlenda fyrirtæki ætti alúmíníumverksmiðjuna svo að segja eitt, en keypti

raforku af Íslendingum. Staðsetning alúmíníumverksmiðju á Íslandi mundi byggjast á því eingöngu, að við gætum látið í té orku á hagstæðu verði miðað við það, sem annars staðar er fáanlegt við hliðstæðar aðstæður. Eign orkuveranna er því lykillinn að þessari framleiðslu, en aldrei hefur komið annað til greina en þau verði í höndum Íslendinga einna. Hér er því engan veginn um það að ræða að láta útlendingum í té yfirráðarétt yfir íslenzkum auðlindum, heldur aðeins að selja þeim ákveðna framleiðslu, þ. e. a. s. í þessu tilfelli raforku. Gert er ráð fyrir því, að gerður verði samningur um sölu raforkunnar til tiltekins árabils, en slíkur samningur er nauðsynleg forsenda fjáröflunar til virkjunarframkvæmda. Réttindi og athafnafrelsi hins erlenda aðila hér á landi yrði algerlega bundið samningum milli hans og íslenzka ríkisins, og er engin hætta á því, að yfirráðum Íslendinga yfir landi sínu geti stafað hin minnsta hætta af slíku fyrirkomulagi. Margar fyrirmyndir eru að slíkum samningum erlendis og þ. á m. í löndum, þar sem ekki er minni tortryggni í garð erlendra manna og auðhringa en hjá flm. þessarar þáltill.

Loks hefur verið nokkuð rætt um olíuhreinsunarstöð hér á landi, en ríkisstj. hefur ekki verið beinn aðili að þeim samningi. Hins vegar liggur það fyrir og gert er ráð fyrir því, að meiri hluti fyrirtækisins verði íslenzkur, en jafnframt, að allt hlutafé færist smám saman á íslenzkar hendur á ákveðnu árabili. Mun ríkisstj. að sjálfsögðu leggja áherzlu á, að tryggilega verði um þetta búið, ef úr frekari aðgerðum verður á þessu sviði.

Það, sem verið er að gera í þessum málum hér á landi, er á engan hátt frábrugðið því, sem átt hefur sér stað að undanförnu í svo að segja hverju einasta ríki í hinum frjálsa heimi. Samvinna við erlenda aðila um stofnsetningu nýrra atvinnuvega er nauðsyn hverri þjóð, sem vill auka fjölbreytni og styrk atvinnuvega sinna. Íslendingar hafa hvorki fiármagn, tæknilega þekkingu né aðstöðu á erlendum mörkuðum, er geri þeim kleift að nýta til fulls alla þá möguleika, sem land vort hefur að bjóða. Það væri því beinlínis hættulegt að afsala sér slíkri samvinnu af tilhæfulausum ótta við það, að við getum ekki staðið á rétti okkar og haldið áhrifum erlendra aðila innan þeirra marka, sem við sjálfir teljum æskileg. Þeir, sem þannig tala, eru hin raunverulegu íhaldsöfl á Íslandi í dag, sem vilja fórna ómetanlegum möguleikum til framfara vegna þess, að þeir trúa ekki á getu þjóðar sinnar til þess að standa á rétti sínum og virðingu.

Þá eru ekki síður tilefnislaus og villandi ákvæði þáltill. um, að Ísland starfi á alþjóðavettvangi að friðsamlegri lausn deilumála og afvopnun, veiti undirokuðum þjóðum og nýfrjálsum þjóðum stuðning í baráttu þeirra fyrir fullu frelsi og efnahagslegu sjálfstæði og hafi við hverja þjóð þau skipti, menningarleg og viðskiptaleg, sem samrýmast hagsmunum Íslands. Allt þetta höfum við gert, og er beinlínis ósæmilegt að gefa annað í skyn í till. Ísland hefur ætíð á alþjóðavettvangi stutt allar till. til friðsamlegrar lausnar deilumála og fordæmt ofbeldi. Allar raunhæfar till. til afvopnunar hafa hlotið stuðning Íslands, og við höfum beinlínis vakið á okkur athygli fyrir traustan og óbrigðulan stuðning við undirokaðar og nýfrjálsar þjóðir í baráttu þeirra fyrir fullu frelsi og sjálfstæði. Ég harma, að Alþb. skyldi lást á dögum byltingarinnar í Ungverjalandi 1956 að bera fram till. um stuðning við undirokaðar þjóðir, ekki á Alþ., heldur innan þingflokks Alþb. sjálfs, því að þar var þess vissulega þörf.

Loks verður ekki aðeins sagt, að ákvæði till. um úrsögn Íslands úr Atlantshafsbandalaginu, brottvísun varnarliðsins frá Íslandi og hlutleysi Íslands séu tilefnislaus, heldur beinlínis gagnstæð hagsmunum íslenzku þjóðarinnar. Mönnum er enn í fersku minni, hvernig hinn alþjóðlegi kommúnismi sölsaði undir sig í lok heimsstyrjaldarinnar landssvæði, sem samtals námu hálfri millj. km² með 23 millj. íbúa. Menn hafa ekki heldur gleymt því, hvernig hinum alþjóðlega kommúnisma tókst eftir heimsstyrjöldina með brögðum, valdi og stjórnlagarofum að koma kommúnistaflokkum, sem alls staðar voru minnihlutaflokkar, til úrslitavalds í Evrópulöndum að stærð samanlagt 1 millj. km² með 92 millj. íbúa. Engin þeirra þjóða, sem þannig urðu kommúnismanum að bráð, gekk honum á hönd af frjálsum vilja. Vopnuðu ofbeldi var alls staðar beitt, og í skjóli þess hrifsuðu fámennir kommúnistaflokkar, minnihlutaflokkar, til sín völdin gegn vilja yfirgnæfandi meiri hluta íbúa sérhvers lands, sem lenti í klóm þeirra. Það er með öllu óþekkt fyrirbrigði, að nokkur þjóð hafi í frjálsum kosningum valið leiðina til kommúnisma, enda eru þegnréttindi afnumin í ríkjum kommúnismans og engir stjórnmálaflokkar leyfðir nema kommúnistaflokkur.

Þjóðir Vestur-Evrópu sáu, hvert stefndi. Þær vissu, að hinn alþjóðlegi kommúnismi mundi halda áfram herferð sinni vestur eftir Evrópu og sölsa undir sig hvert ríkið á fætur öðru með brögðum, valdi og stjórnlagarofum, ef vestrænar þjóðir byggjust ekki til varna. Aðfarirnar voru þegar byrjaðar í Grikklandi og Tyrklandi. Þá stofnuðu vestrænar þjóðir Atlantshafsbandalagið til varnar frelsi sínu og sjálfstæði. Þessa dagana minnist Atlantshafsbandalagið 15 ára afmælis síns, og hver er árangurinn af 15 ára starfi þess? Ekki ein einasta þjóð innan vébanda þess hefur glatað frelsi sínu og sjálfstæði. Nú bera Alþb.-menn undir forustu kommúnista fram á Alþ. till. um, að Ísland gangi úr Atlantshafsbandalaginu og rjúfi þannig styrk þess og samtakamátt. Í þágu hverra er slík till. flutt? Þjónar hún íslenzkum hagsmunum? Nei, öðru nær. Hún er fram borin í þeim tilgangi einum að rjúfa varnarmúr frjálsra þjóða í Evrópu, svo að hinn alþjóðlegi kommúnismi megi á ný taka til við það, sem stöðvað var við stofnun Atlantshafsbandalagsins, að sölsa undir sig frjálsar þjóðir með brögðum, valdi og stjórnlagarofum gegn vilja yfirgnæfandi meiri hluta viðkomandi þjóða. Í slíkum hildarleik hlyti röðin að koma að okkur fyrr en varir. Frelsi þjóðar og einstaklinga væri þá glatað.

Till. sem þessi er ekki borin fram vegna hagsmuna Íslendinga. Hún er flutt í þágu og í umboði hins alþjóðlega kommúnisma. Till. um

brottvísun varnarliðsins frá Íslandi og hlutleysisyfirlýsingin þjónar sama tilgangi og till. um brottför Íslands úr Atlantshafsbandalaginu. Það er aðeins broslegt að sjá nú sömu mennina bera fram kröfu um, að Ísland lýsi yfir hlutleysi, sem áður hafa snúizt í því máli eins og vindhanar á bæjarburst, eftir því, hvernig vindurinn stóð frá Rússum og hinum alþjóðlega kommúnisma. Það er einnig dálítið ógætilegt af þeim að bera fram slíka till., vegna þess að þeir geta ekkert um það vitað, nema þeir sjálfir þurfi að snúast í málinu, eins og þeir gerðu 1930, 1937, 1939, 1941 og 1946. Íslendingar vilja ekki láta kommúnista, hvort sem þeir kalla sig Alþb. eða eitthvað annað, hafa áhrif á eða ráða meðferð og stefnu utanríkismála sinna. Þjóðin krefst þess, að stefnan verði miðuð við hennar hagsmuni, en ekki hagsmuni annars ríkis eða einhverra alþjóðlegra samtaka. Því munu þm. hafna þáltill. þeirri, sem hér liggur fyrir. — Góða nótt.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Grundvallarstefna Framsfl. í utanríkismálum hefur verið og er fastmótuð og skýr og er í varnarmálunum óbreytt frá því, sem verið hefur. Sú stefna hefur verið mörkuð á flokksþingum og miðstjórnarfundum, nú síðast á flokksþinginu í fyrravor. Í samþykkt þess um utanríkismál segir svo, með leyfi forseta:

„Framsfl. vill, að stefna Íslands í utanríkismálum sé jafnan við það miðuð að tryggja stjórnarfarslegt og efnahagslegt sjálfstæði landsins og öryggi þess og leitazt sé við að skapa sem víðtækasta samstöðu landsmanna um utanríkismálin. Flokksþingið telur, að Íslendingum beri að kappkosta góða sambúð við allar þær þjóðir, er þeir eiga skipti við. Það vill, að þeir hafi samstöðu með vestrænum þjóðum, m. a. með samstarfi í varnarsamtökum þeirra. Í samræmi við þá stefnu, sem lýst var yfir, þegar varnarsamningurinn var gerður, vill Framsfl. vinna að því, að varnarliðið hverfi úr landi, svo fljótt sem auðið er, og leggur jafnframt á það ríka áherzlu, að það er á valdi Íslendinga sjálfra, hvort hér dvelur varnarlið og hvernig vörnum landsins er fyrir komið. Framsfl. lýsir sig andvígan því, að hér sé leyfð staðsetning kjarnorkuvopna. Flokksþingið minnir á það, að Íslendingar eiga eins og mannkynið allt örlög sín undir því, að friður ríki í heiminum, og leggur þess vegna mikla áherzlu á, að fulltrúar Íslands á alþjóðavettvangi stuðli af fremsta megni að sáttum þjóða í milli, almennri afvopnun og stöðvun tilrauna með kjarnorkuvopn."

Eins og þessi stefnuyfirlýsing ber með sér og alkunnugt er, er Framsfl. og hefur verið fylgjandi aðild Íslendinga að varnarsamtökum vestrænna þjóða, ekki af því, að framsóknarmönnum sé geðfelld þátttaka Íslands í hernaðarlegum bandalögum, heldur af illri eða jafnvel óhjákvæmilegri nauðsyn. Þeir hafa talið, að með þeim hætti yrði öryggi landsins bezt tryggt, eins og sakir hafa staðið. Atlantshafsbandalagið var raunverulega neyðarúrræði vestrænna þjóða á hættunnar stund.

Fyrst eftir síðari heimsstyrjöldina og stofnun Sameinuðu þjóðanna gætti mikillar bjartsýni. Menn héldu, að ný friðaröld væri runnin upp, en menn urðu fljótt fyrir sárum vonbrigðum. Það tókst ekki að gera Sameinuðu þjóðirnar að þeim friðarverði í veröldinni, sem til var ætlazt. Herveldi Stalins tók brátt að hneppa hverja Austur-Evrópuþjóðina á fætur annarri í fjötra kommúnisma og leppríkjaskipulags. Þjóðum Vestur-Evrópu voru aðferðir Hitlers í fersku minni, og þær höfðu fengið af því dýrkeypta reynslu þá, hvað einangrunarpólitík, hlutleysisstefna og undansláttur kostaði þær þá. Þeim var það ljóst, að ef þær áttu ekki að eiga á hættu sömu örlög og þjóðir Austur-Evrópu eða þær þjóðir, sem á sínum tíma voru lagðar undir járnhæl nazisma, urðu þær að mynda varnarbandalag vestrænna ríkja og stemma þannig sameiginlega stigu við árásar- og útþenslustefnu alþjóðakommúnismans. Þær stofnuðu Atlantshafsbandalagið, þar sem öll bandalagsríkin gerast samábyrg fyrir öryggi hvers einstaks þeirra, þ. e. a. s. sé árás gerð á eitt þeirra, eru öll hin skuldbundin til varnaraðgerða. Atlantshafsbandalagið var því stofnað til sameiginlegrar og samábyrgrar sjálfsvarnar samkv. 51. gr. stofnskrár Sameinuðu þjóðanna. Með stofnun bandalagsins stefndu vestræn ríki í raun og veru að tvennu: í fyrsta lagi að því að draga úr styrjaldarhættu og í annan stað að því að vera viðbúin, ef til ófriðar drægi. Af þessum ástæðum var bandalagið upphaflega stofnað. Af þessum ástæðum gengu smáþjóðir Vestur-Evrópu, eins og t. d. Danir og Norðmenn, í varnarsamtökin. Ísland gerðist einnig aðili að bandalaginu, eftir að athugun hafði leitt í ljós og því verið lýst yfir, að Íslendingar þyrftu ekki og ætluðu alls ekki að stofna her, að þess yrði ekki krafizt, að erlendar herstöðvar væru á Íslandi á friðartímum og það væri algerlega á valdi Íslendinga sjálfra að ákveða, hvaða hernaðaraðstöðu bandalagsþjóðirnar hefðu hér á landi, ef til ófriðar drægi. Hver hefur svo reynslan orðið af starfi Atlantshafsbandalagsins? Staðreyndirnar eru þær, að eftir að það var stofnað, hafa stórstyrjaldir ekki átt sér stað í Evrópu, og eftir að það tók til starfa, hefur alþjóðakommúnisminn ekki brotið undir sig neitt Evrópuríki. Í þeim efnum urðu þáttaskil við stofnun Atlantshafsbandalagsins.

Þessar sögulegu staðreyndir þarf að hafa í huga, þegar menn mynda sér skoðun um þessi varnarsamtök og þátttöku Íslands í þeim. Það leiðir af framangreindri stefnuskráryfirlýsingu, að framsóknarmenn geta ekki greitt þeirri þáltill., sem hér er til umr., atkv. Í henni felst það m. a., og það er grundvallaratriði hennar, að Ísland lýsi yfir hlutleysi og segi sig úr Atlantshafsbandalaginu. Framsóknarmenn telja ekki þær breytingar enn á orðnar, er geri varnarsamtök lýðræðisþjóða óþörf, enda þótt talsvert hafi miðað í friðarátt að undanförnu, kannske ekki hvað sízt vegna einbeitni Atlantshafsþjóðanna. Við skulum vona, að Sameinuðu þjóðirnar eflist svo, að þær verði þess umkomnar að halda uppi friði og öryggi í heiminum. Að því marki er sjálfsagt að keppa, og að því skulum við Íslendingar styðja eftir beztu getu. Það væri vissulega æskilegt frá mínu sjónarmiði séð, að ástandið í heiminum væri þannig, að Íslendingar þyrftu ekki að vera í sérstöku varnarbanda-

lagi, heldur gætu treyst á Sameinuðu þjóðirnar til varðveizlu friðar og öryggis, því að vegna sérstöðu sinnar eru Íslendingar óneitanlega á ýmsan hátt utangátta í hernaðarlegu bandalagi. En á meðan Sameinuðu þjóðirnar eru ekki styrkari en raun ber vitni og samningar nást ekki heldur um almenna afvopnun, er ekki annað ráð líklegra til verndar friði í álfunni en varnarbandalag hinna vestrænu þjóða. Þegar þannig standa sakir, er óráðlegt fyrir Íslendinga að segja sig úr þeim samtökum eða gefa ótímabærar yfirlýsingar þar um og veikja þar með varnarkeðjuna.

Það leiðir hins vegar engan veginn af þátttöku Íslands í Atlantshafsbandalaginu, að hér skuli eða þurfi ætíð að vera erlent varnrlið eða herbækistöðvar. Er Ísland gerðist aðili að bandalaginu árið 1949, var því einmitt lýst yfir, eins og áður er sagt, að ekki kæmi til mála, að erlendur her eða herstöðvar væru hér á landi á friðartímum, enda réðu Íslendingar því algerlega sjálfir, hverja aðstöðu þeir létu bandalagsþjóðunum í té í styrjöld eða á sérstökum hættutímum. Að þessari yfirlýsingu stóðu Alþfl., Framsfl. og Sjálfstfl. Á þeirri forsendu var gengið í NATO. Bandaríkjastjórn lýsti fyrir hönd hinna aðildarríkjanna fullum skilningi og samþykki á þessari yfirlýsingu um sérstöðu Íslands. Þetta má sanna með mörgum ívitnunum í ræður stjórnmálamanna. Hér skulu aðeins sem dæmi tilfærð eftirfarandi ummæli núv. forsrh., en þau er að finna í D-deild Alþingistíðinda 1948, bls. 294—295. Þar segir hann svo um viðræður þriggja ráðh. við utanrrh. Bandaríkjanna:

„Utanrrh. Bandaríkjanna lagði á það megináherzlu, að samtök þessi væru gerð til eflingar heimsfriðnum, til að draga úr árásarhættu og ættu að öllu leyti að starfa í samræmi við tilgang og reglur Sameinuðu þjóðanna. Í lok viðræðnanna var því lýst yfir af hálfu Bandaríkjamanna: 1) Að ef til ófriðar kæmi, mundu bandalagsþjóðirnar óska eftir svipaðri aðstöðu á Íslandi og var í síðasta stríði, og það mundi algerlega vera á valdi Íslands sjálfs, hvenær sú aðstaða yrði látin í té. 2) Að allir samningsaðilar hefðu fullan hug á sérstöðu Íslands. 3) Að viðurkennt væri, að Ísland hefði engan her og ætlaði ekki að stofna her. 4) Að ekki kæmi til mála, að erlendur her yrði á Íslandi á friðartímum."

Þetta voru orð núv. hæstv. forsrh. Fyrrv. forsrh., Ólafur Thors, sagði m. a., sbr. D-deild Alþingistíðinda 1948, bls. 326:

„Hann (þ. e. NATO-samningurinn) er hvað Íslendinga sérstaklega áhrærir sáttmáli um það, að þar sem Íslendingar engan her hafi, skuli þeir heldur engan her þurfa að stofna og enga hermenn leggja af mörkum, þótt til styrjaldar komi. Hann er sáttmáli um það, að engin þjóð skuli nokkru sinni hafa her á Íslandi á friðartímum. Hann er sáttmáli um það, að aldrei skuli herstöðvar vera á Íslandi á friðartímum. Hann er sáttmáli um það, að Íslendingar láni baráttunni fyrir frelsinu sömu afnot af landi sínu, ef til átaka kemur, sem þeir gerðu í síðustu styrjöld. Hann er sáttmáli um það, að reyni nokkur nokkru sinni að teygja faðm sinn yfir fald fjallkonunnar, þá rísi 320 millj. bezt menntu þjóða veraldar upp til varnar frelsi hennar og fullveldi."

Þessi dæmi nægja til að sýna, hver var afstaða þeirra stjórnmálaflokka, sem stóðu að þátttöku Íslands í Atlantshafsbandalaginu, til hersetu hér á landi á friðartímum. Þegar varnarliðið var tekið inn í landið 1951 vegna hins sérstaka hættuástands í heiminum, var gengið út frá því, að það yrði hér aðeins um takmarkaðan tíma og gildistími varnarsamningsins, sem er uppsegjanlegur með tiltölulega skömmum fyrirvara, þyrfti á engan hátt að falla saman við gildistíma NATO-samningsins. Þessi stefna var greinilega áréttuð með ályktun Alþingis frá 28. marz 1956 um breytta skipan varnarmála og brottför hersins, en hún var samþykkt af vinstristjórnarflokkunum og var að verulegu leyti byggð á þáltill., sem þm. Alþfl. fluttu, er sá flokkur var í stjórnarandstöðu. Hitt er annað mál, að vinstri stjórnin treystist ekki til að framfylgja þessari ályktun vegna þess uggvænlega ástands, sem skapaðist sakir uppreisnarinnar í Ungverjalandi og átakanna við Súez.

Afstaða Framsfl. til varnarliðsins hefur ætíð verið í samræmi við þá stefnu, sem upphaflega var mörkuð, enda verður ekki séð, að neinar þær ytri breytingar hafi á orðið, er stefnubreytingu ættu að valda um það efni. En vitaskuld getur verið óhjákvæmilegt að laga sig eftir breyttum aðstæðum á þeim sviðum sem öðrum. Framsfl. vill því greina glöggt á milli þátttöku í NATO og hersetunnar. Hann vill vinna að því, að varnarliðið hverfi úr landi, svo fljótt sem fært þykir öryggis vegna og skuldbindingar ríkisins leyfa. Hann leggur áherzlu á, að það á algerlega að vera komið undir mati Íslendinga sjálfra, hversu lengi varnarliðið dvelst hér. Í samræmi við þessa stefnu vill Framsfl. varast hvers konar ráðstafanir, sem aukið gætu líkur fyrir varanlegri dvöl varnarliðsins hér á landi. Þess vegna lýsti Framsfl. sig að gefnu tilefni á s. l. sumri andvígan auknum herbúnaði í Hvalfirði með byggingu nýrra flotamannvirkja eða á annan hátt og skoraði á ríkisstj. að ljá ekki máls á samningum um slíkt.

Stefna Framsfl. í varnarmálum er þannig óbreytt og sjálfri sér samkvæm. Spurningin er, hvort Alþfl. og Sjálfstfl. hafi skipt um skoðun í þessu efni, en ýmis ummæli fyrirsvarsmanna þessara flokka og gerðir ríkisstj. gætu bent til þess.

Menn hefðu átt að læra það í síðustu heimsstyrjöld, jafnt Íslendingar sem aðrir, að hlutleysi er smáþjóðum engin vörn. Hlutleysisstefnan var einmitt einkennandi fyrir utanríkispólitík flestra smáþjóða á millistríðsárunum. Sú stefna reyndist þeim skaðvænleg og opnaði bil fyrir árásaraðila. Árásarþjóðir í vígahug virða einskis hlutleysisyfirlýsingar, sem ekki eru studdar nægilegu vopnavaldi. Fyrir þeirri bitru staðreynd stoðar ekki að loka augum. Ég veit, að talsverður hópur Íslendinga auk kommúnista aðhyllist samt sem áður hina gömlu hlutleysisstefnu. Það sjónarmið er í sjálfu sér skiljanlegt hjá friðsömum mönnum eins og Íslendingum, sem hafa ekki vanizt vopnaburði um aldir og hafa flestir rótgróna andúð á hvers konar hermennsku og vopnavaldi. Ég ber fulla virðingu fyrir málstað þeirra manna, sem berj-

ast fyrir hlutleysisstefnu af einlægni, en álít, að skoðanir þeirra byggist meir á óskhyggju en raunsæi. Ég efast ekki um, að svo muni vera um suma flm. þessarar þáltill.

Hlutleysistal hreinræktaðra kommúnista er hins vegar ekki hægt að taka alvarlega. Þeir dönsuðu áður fyrr á annarri línu. 6. nóv. 1938 sagði Einar Olgeirsson t. d. í Þjóðviljanum:

„Það má enn fremur segja, að eftir afstöðu hvers manns og hvers flokks í hvaða landi sem er til Sovétríkjanna fari það, hvort hann vill vernda frelsi sitt og þjóðar sinnar gegn tortímingu, því að nú, þegar utanríkispólitíkin er orðin aðalatriðið í stjórnmálum allra landa, er óhætt að segja, að án bandalags við Sovétríkin er trygging lýðræðis og þjóðfrelsis óhugsandi."

Þetta var nú hlutleysisboðskapur þeirra herra þá. Í styrjöldinni snerust þeir svo sitt á hvað eftir því, hver afstaða Rússlands var. Í styrjaldarlokin vildu þeir segja hinum sigruðu Þjóðverjum stríð á hendur eða láta það heita svo, að Íslendingar hefðu verið í stríði gegn þeim. Hvenær hefur málgagn kommúnista, Þjóðviljinn, tekið afstöðu gegn Rússum? Andmæltu kommúnistar árás Rússa á Finna? Þá var bara talað um Finnagaldur. Hafa þeir ekki mælt bót framferði Rússa í Tékkóslóvakíu, Póllandi, Ungverjalandi, svo að nokkur dæmi séu nefnd? Hvenær hafa kommúnistar gert aths. við hernaðarbandalag og efnahagsbandalag austan tjalds, og ættu þó allir að vita um tilvist þeirra? Nei, sannleikurinn er sá, að kommúnistar vilja ekki hlutleysi. Þeir vilja bara ekkert bandalag, sem Sovétríkin eru á móti. Það er kjarni málsins. Engir Íslendingar eru eins miklir einstefnuakstursmenn í utanríkis- og alþjóðamálum og einmitt kommúnistar. Þeir hafa jafnan fylgt kommúnistaríkjunum í blindni og verið taglhnýtingar og annað ekki. Þess vegna taka engir í raun og veru mark á hlutleysisáróðri þeirra nú. Menn vita, að það fylgir enginn hugur máli. Menn vita, að hann er aðeins hluti af nýju dulargervi. Þess vegna er ekki þörf á að eyða fleiri orðum að utanríkisstefnu kommúnista. Hún er ekki annað en bergmál, bergmál að austan.

Þó að við framsóknarmenn getum ekki af framangreindum ástæðum greitt atkv. með þeirri þáltill., sem hér er til umr., erum við sammála sumum þeirra atriða, sem þar eru talin, enda eru þau í samræmi við þá stefnuyfirlýsingu, sem ég las í upphafi máls míns. Ég sé ekki ástæðu til þess að ræða þau atriði sérstaklega hér. Ég vil aðeins vekja athygli á því aftur, að Framsfl. leggur ríka áherzlu á, að fulltrúar Íslands á alþjóðavettvangi stuðli af fremsta megni að sáttum þjóða í milli, almennri afvopnun og stöðvun tilrauna með kjarnorkuvopn. Ég býst við því, að undir þetta geti í sjálfu sér allir Íslendingar tekið. Hins vegar greinir menn á um það, með hverjum hætti bezt verði unnið að þessu. Ég held, að þessum markmiðum verði ekki náð með ótímabærum undanslætti og sérsamningum einstakra ríkja. Með því gæti útþenslustefnu einræðisríkja einmitt verið gefið undir fótinn.

Marghátttaðri milliríkjasamvinnu hefur fleygt fram á síðustu árum. Allar líkur benda til, að sú þróun haldi áfram. Alþjóðleg samskipti og alþjóðlegt samstarf í mörgum myndum og á ýmsum sviðum munu því fara vaxandi í framtíðinni, hvort sem okkur Íslendingum líkar það betur eða verr. Einangrun Íslands er úr sögunni. Ísland verður því eflaust að taka þátt í ýmissi alþjóðasamvinnu og alþjóðlegu samstarfi í vaxandi mæli. Þau málefni og meðferð utanríkismála almennt verða því æ mikilvægari fyrir okkur Íslendinga. Ég held, að við höfum haft og munum hafa, ef rétt er á haldið, margvíslegt gagn af þátttöku í alþjóðlegu samstarfi. Þar verðum við þó jafnan að fara að öllu með mikilli gát, ekki hvað sízt þegar um er að ræða nýtt og áður óþekkt þjóðasamstarf á sviði efnahagsmála. Þar verður að gæta þess, að ekki sé gengið of nærri efnahagslegu sjálfsforræði þjóðarinnar og fullveldi landsins. Við megum t. d. ekki gleyma þeirri sérstöðu okkar, sem byggist á fámenni þjóðarinnar og ónotuðum möguleikum landsins. Vegna þess þurfum við sérstaklega að standa vel á verði gegn hugsanlegri ásælni útlendinga til landsgæða og atvinnutækja hérlendis. Framsfl. tók því ákveðna afstöðu gegn inngöngu Íslands í Efnahagsbandalagið, er það mál var hér til athugunar og umr. Stefna framsóknarmanna í því máli kemur glöggt fram í ályktun síðasta flokksþings um efnahagsbandalagsmál. Þar segir svo:

„Með hliðsjón af þróun undanfarinna ára og fyrirsjáanlegu framhaldi hennar minnir 13. flokksþing framsóknarmanna á nauðsyn þess, að íslenzka þjóðin gæti í einu og öllu réttinda sinna og skyldna sem sjálfstæð og fullvalda þjóð. Flokksþingið álítur, að Íslendingar eigi ekki að ganga í Efnahagsbandalag Evrópu. Á hinn bóginn telur flokksþingið mikla nauðsyn á, að Íslendingar hafi framvegis sem hingað til mikil og náin viðskiptaleg og menningarleg tengsl við þjóðir Vestur-Evrópu og þá engu síður þær þessara þjóða, sem sameinast kunna Efnahagsbandalagi Evrópu. Álítur flokksþingið því, að markmið Íslendinga eigi að vera að ná sérstökum samningum við Efnahagsbandalag Evrópu um gagnkvæm réttindi í tolla- og viðskiptamálum án annarra tengsla við bandalagið. Ber því, þegar tímabært telst, að leita eftir samningum við bandalagið á þeim grundvelli, en ekki á grundvelli aðildar að bandalaginu, hvorki fullrar aðildar né aukaaðildar."

Efnahagsbandalagið er að vísu ekki nú á dagskrá, og skal ég ekkert um það fullyrða, hvort eða hvenær það verður aftur til úrlausnar, en stefna Framsfl. þar er skýrt mörkuð, ef til kemur, og á því tel ég engan efa, að einbeitt afstaða Framsfl. átti ríkan þátt í að afstýra óskynsamlegum og vanhugsuðum aðgerðum í því máli. Ályktun Framsfl. um Efnahagsbandalagið gefur einnig nokkuð til kynna grundvallarsjónarmið flokksins í alþjóðlegri efnahagssamvinnu. Afstaða Framsfl. til erlends fjármagns er annars mörkuð í ályktun síðasta miðstjórnarfundar. Þar segir:

„Þó að fundurinn telji, að meginverkefni í íslenzkri iðnvæðingu sé á þeim sviðum, sem rætt er um hér að framan, þ. e. a. s. á sviði sjávarafurða, landbúnaðarframleiðslu og almenns iðnaðar, telur hann eðlilegt, að kannaðir verði möguleikar á uppbyggingu einstakra stærri iðngreina með beinni þátttöku erlends fjármagns

samkv. sérstökum lögum og samningi hverju sinni, eins og flokkurinn hefur hvað eftir annað bent á í ályktunum flokksþings. Hins vegar leggur fundurinn áherzlu á, að gæta beri fyllstu varkárni í þessum efnum, og ályktar: 1) Að ekki komi til mála að slaka á eflingu innlendra atvinnuvega og því síður að draga þá saman til þess að rýma fyrir erlendri stóriðju á Íslandi. 2) Að fram fari nú þegar endurskoðun á lögum um réttindi erlends fjármagns á Íslandi í því skyni að tryggja Íslendingum betur en nú er full yfirráð atvinnumála sinna. 3) Að stofnun iðnaðar í samvinnu við erlent fjármagn er ekki lausn á efnahagsvanda landsins og á aðeins að vera liður í skipulegri uppbyggingu atvinnuveganna. 4) Að tryggja efnahagslegan og tæknilegan grundvöll þess, að við Íslendingar getum sem fyrst tileinkað okkur þá þekkingu, sem flytja skal inn í landið á þennan hátt, svo að slíkur iðnaður geti orðið alíslenzkur iðnaður sem allra fyrst. 5) Að við ákvörðun slíkra framkvæmda yrði stefnt að því, að þær hefðu sem hagkvæmust áhrif á þróun landsbyggðarinnar."

Þessi ályktun þarf ekki skýringa við. Þar er undirstrikað, að bein þátttaka erlends fjármagns í uppbyggingu stærri iðngreina komi því aðeins til greina, að tryggt sé, að Íslendingar hafi fullt vald á þeim málum. Það er höfuðatriðið.

Utanríkismálin eru mikilvæg og vandmeðfarin. Þess vegna vill Framsfl., að reynt sé að skapa sem víðtækasta samstöðu landsmanna um þau mál. Ég held, að á því sviði þurfum við að varðveita sem mesta einingu þrátt fyrir átök um innanlandsmál. Illvígar deilur um utanríkismál geta blátt áfram verið hættulegar og veikt aðstöðu Íslands út á við. Ég held því, að um utanríkismálin þurfi þeir flokkar að standa saman, eftir því sem unnt er, sem aðhyllast sömu grundvallarsjónarmið í þeim málum. enda þótt þeir séu á algerlega öndverðum meiði um stefnuna í innanlandsmálum. Það er því illa farið að mínum dómi, að utanrmn. skuli að verulegu leyti hafa verið vikið til hliðar og í reyndinni gerð áhrifalaus, en hún hefði verið eðlilegur aðili til að móta af Alþingis hálfu stefnuna í utanríkismálum og vera utanrrh. í senn til ráðuneytis og aðhalds. Samkv. þingsköpum á að leggja mikilvæg utanríkismál, hvort sem þau eru þingmál eða ekki, fyrir utanrmn., og er auðvitað ætlazt til þess, að það sé gert, áður en ákvörðun er um þau tekin. Á því hefur orðið mikill misbrestur. Það hefur ekki verið haft það samráð við utanrmn. um þessi mál, sem til er ætlazt. En það skal skýrt fram tekið, að í því efni er ekki við núv. ríkisstj. eina að sakast. Á starfsháttum utanrmn. þyrfti að verða breyting, hún þyrfti að verða virkur aðili við mótun og framkvæmd íslenzkrar utanríkisstefnu.

Það er skýrt samkv. því, sem áður er sagt, á hverjum grundvallaratriðum Framsfl. vill byggja íslenzka utanríkisstefnu. Við nánari mótun hennar þarf þó auðvitað að mörgu að hyggja. Smáþjóð þarf jafnan margs að gæta í skiptum sínum við aðrar þjóðir. Þar mega Íslendingar hvorki láta stjórnast af minnimáttarkennd né heldur skáka í því skjóli, að okkur leyfist sitthvað umfram aðra eingöngu vegna smæðar okkur. Þar verðum við að standa við allar skuldbindingar og megum aldrei fá á okkur óáreiðanleikaorð. Þar megum við ekki láta aðra hugsa fyrir okkur. Við megum ekki fylgja neinni þjóð eða þjóðum í hugsunarleysi eða blindni. Aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu fylgir auðvitað engin kvöð til þess að fallast á stefnu einstakra bandalagsþjóða í utanríkismálum, enda geta þar ýmsir árekstrar átt sér stað, eins og dæmin sanna. Og vestræn stórveldi eru vissulega langt frá því að vera óskeikul í sinni utanríkisstefnu.

Í utanríkismálum verðum við, þrátt fyrir alla alþjóðlega samvinnu, að fylgja lífsreglunni: sjálfur leið þú sjálfan þig. — Þar verðum við að treysta á okkur sjálfa, en ekki á annarra forsjón. Þess vegna verðum við jafnan sjálfir og án forsagna annarra þjóða að móta okkar eigin utanríkisstefnu á hverjum tíma, eftir því sem íslenzkir hagsmunir krefjast og aðstæður og þjóðréttarreglur leyfa. — Góða nótt.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Góðir hlustendur. Fyrir nokkrum árum var ég staddur í Austur-Berlín á hátíðisdegi verkalýðsins, hinn 1. maí. Það var sumar og sól og hátíðahöldin stóðu sem hæst. En hvers konar hátðahöld voru þetta? Þau voru fyrst og fremst fólgin í stórfelldum hersýningum. Fótgöngulið þrammaði um strætin með stálhjálma og byssustingi. Vélaherdeildir brunuðu fram hjá, skriðdrekar, léttir og þungir, hríðskotabyssur, sprengjuvörpur, herflutningabifreiðar og fallbyssur. Hvers konar vígvélar æddu um torgin með þrumugný, en enginn verkalýður sást marséra. Rödd hans heyrðist ekki heldur. Nokkrir unglingar klöppuðu fyrir hrikalegustu fallbyssunum og skriðdrekunum. Þannig var þá haldið upp á hátíðisdag verkalýðsins í þessu „alþýðulýðveldi" undir forustu kommúnista. Herskapur, vopnabrak og aftur vopnabrak fyllti loftið í veðurblíðunni.

Þessi mynd kemur upp í hugann, þegar hlustað hefur verið á hinar fjálgu lýsingar kommúnista hér á landi á friðarást sinni og andúð á öllum herskap og hvers konar vörnum Íslands. Hvað meina þessir menn í raun og sannleika? Þeir hafa lofsungið yfirgangs- og vígbúnaðarstefnu hins alþjóðlega kommúnisma, frelsisrán og nýlendukúgun. En Íslandi vilja þeir halda hlutlausu, einöngruðu og varnarlausu. Hv. 9. þm. Reykv., Alfreð Gíslason, sagði að vísu hér áðan, að hlutleysi gæti brugðizt sem vörn. Virðist því oftrú hans á vernd þess vera í rénun.

Myndin frá Austur-Berlín sýndi hinn nakta veruleika, vopnabrak og hernaðarstefnu kommúnista. Sú till., sem hér liggur fyrir, er hins vegar eins konar þokuslæðingur, tilraun til þess að draga athygli Íslendinga frá staðreyndum heimsmálanna og sinna eigin öryggismála á miklum umbrotatímum.

Utanríkis- og öryggismálin eru í dag sjálfstæðismál okkar, og á stjórn þeirra og stefnu veltur í ríkum mæli framtíðarsjálfstæði Íslands og hamingja þeirra kynslóða, sem landið eiga að erfa.

Á síðustu áratugum og þó einkanlega frá upphafi síðari heimsstyrjaldarinnar hefur orðið

stórfelld breyting á afstöðu Íslands til annarra þjóða og í alþjóðamálum. Íslendingar urðu með stofnun hins íslenzka lýðveldis sjálfstæður aðili á alþjóðavettvangi, og með aukinni tækni hafa viðskipti okkar við útlönd margfaldazt, en við það hefur hagur þjóðarinnar orðið háðari erlendum viðskiptum en áður var. Þess vegna er óhjákvæmilegt, að landsmenn láti ekki undir höfuð leggjast að marka skýrt afstöðu sína gagnvart meginstefnu heimsmálanna vegna þeirra margvíslegu áhrifa, sem úrslit alþjóðamála geta haft á hag íslenzku þjóðarinnar.

Með gerbyltingu á sviði samgöngumála hefur einangrun Íslands verið rofin. Íslandi og íslenzku fólki er þess vegna ekki lengur hið minnsta skjól eða vernd í fjarlægð landsins frá öðrum heimshlutum. Fjarlægðirnar mega heita horfnar. Ísland er ekki lengur yzt á Ránarslóðum, heldur mitt á veðramótum heimsátaka. Þau úrræði, sem áður voru talin góð og gild til þess að tryggja sjálfstæði landsins og öryggi þjóðarinnar, eru þess vegna flest einskis virði. Forsendurnar fyrir þeim eru brostnar.

Þetta eru blákaldar staðreyndir, sem við í engu fáum breytt um, hversu fegnir sem við vildum. Hlutleysisyfirlýsingin frá 1918, sem byggðist á einangrun landsins og legu þess norður við hið yzta haf, hefur þess vegna ekki lengur neitt raunhæft gildi til trausts og halds hinu íslenzka lýðveldi. Þess vegna hefur orðið að fara nýjar leiðir til þess að tryggja sjálfstæði Íslands í viðsjálli veröld, þar sem hrikaleg árás, átök stórvelda og andstæðra hugsjóna, setja svip sinn á gang alþjóðamála. Þegar jötnarnir berjast, er dvergunum hætt. Það er gömul saga og ný.

Helgasta skylda íslenzkra forustumanna á morgni lýðveldisins var þess vegna að taka raunhæfa afstöðu til hinna gerbreyttu viðhorfa, marka stefnu, sem væri í samræmi við vandamál hins nýja tíma og þær margvíslegu hættur, sem þá steðjuðu að okkar frelsisunnandi og friðsömu þjóð. Á þessari skyldu og þessari kröfu mikilla hættutíma höfðu forustumenn Sjálfstfl. glöggan skilning. Á landsfundi flokksins árið 1948 var gerð samþykkt um utanríkismál, þar sem m. a. var komizt að orði á þessa leið:

„Til að tryggja sjálfstæði Íslands og frelsi og vegna hagsmuna þess í bráð og lengd telur fundurinn einsætt, að Íslandi beri að skipa sér í hóp annarra vestrænna lýðræðisríkja, sem þjóðin á samfylgd með vegna legu landsins, menningar sjálfrar hennar og stjórnskipunar. Fundurinn telur þess vegna sjálfsagt, að Ísland taki þátt í viðleitni þessara ríkja til eflingar friðnum í heiminum og endurreisnarstarfi þeirra, svo sem með samtökum þeim um viðreisn Evrópu, sem kennd er við Marshall-áætlunina, enda er augljóst, að slík endurreisn miðar að því að skapa það jafnvægi í heiminum, sem bezt tryggir friðinn, auk þess sem hún er Íslandi sjálfu fjárhagsleg nauðsyn beint og óbeint.“

Segja má, að þetta sé kjarni þeirrar stefnu, sem Ísland hefur fylgt í utanríkismálum þau 20 ár, sem nú eru senn liðin síðan lýðveldi var stofnað í landinu. Það var íslenzku þjóðinni mikil gæfa, að sæmilegt samkomulag tókst þegar við stofnun lýðveldisins milli allra lýðræðisflokka hennar um mótun íslenzkrar utanríkisstefnu. Það kom að vísu í hlut tveggja leiðtoga Sjálfstfl., þeirra Ólafs Thors, fyrrv. hæstv. forsrh., og Bjarna Benediktssonar, núv. hæstv. forsrh., að fara með stjórn utanríkismálanna á árunum 1944—53, en á því tímabili gerðust flestir örlagaríkustu atburðir í utanríkis- og öryggismálum landsmanna. Af þeirra hálfu var þó lögð á það megináherzla, að „hvað sem innri ágreiningi liði, yrðum við í lengstu lög að reyna að skapa sem sterkasta samfylkingu í utanríkis- og öryggismálum,“ eins og Bjarni Benediktsson komst að orði í ræðu, er hann flutti á landsfundi Sjálfstfl. árið 1951. Sú stefna, sem mörkuð var í utanríkismálum á fyrrgreindu tímabili, var þess vegna fyrst og fremst íslenzk utanríkisstefna, sem lýðræðisöflin í landinu sameinuðust um og báru fram til sigurs. Framsóknarmenn hafa að vísu verið haltir í afstöðunni til utanríkismála, eins og margra annarra þjóðmála. Sannaðist það greinilega vorið 1956, þegar Framsfl. samþykkti uppsögn varnarsamningsins við Bandaríkin til þess að byggja brú yfir í stjórnarsamvinnu við kommúnista.

Við allar alþingiskosningar, sem fram hafa farið s. l. tæp 20 ár, hefur hin íslenzka utanríkisstefna hlotið fylgi yfirgnæfandi meiri hluta íslenzku þjóðarinnar. Hún hefur þess vegna hlotið þá traustsyfirlýsingu, sem ótvírætt sker úr um það, að Íslendingar líta á sig sem vestræna þjóð, sem leita beri sjálfstæði sínu og öryggi skjóls í samvinnu við hinar frjálsu lýðræðisþjóðir. Allar fullyrðingar kommúnista og fylgifiska þeirra um andúð Íslendinga á vestrænni samvinnu, hvort heldur er á sviði öryggis- eða efnahagsmála, eru því rakalausir stafir, sem enga stoð eiga í raunveruleikanum. Þáltill. kommúnista, sem hér liggur fyrir til umr. og felur í sér fráhvarf Íslands frá vestrænni samvinnu, gengur þess vegna gersamlega í berhögg við margyfirlýstan þjóðarvilja í frjálsum kosningum í landinu í nær 20 ár.

Hvernig hefur svo hin íslenzka utanríkisstefna verið í framkvæmd á undanförnum árum? Á grundvelli hennar hefur Ísland gerzt aðili að fjölþættu alþjóðlegu samstarfi, sem allt stefnir að því að tryggja frið í heiminum, auka efnahagsleg og menningarleg viðskipti þjóða í milli og stuðla að uppbyggingu og framförum. Ísland gerðist árið 1946 aðili að samtökum Sameinuðu þjóðanna og hefur á vettvangi þeirra hagnýtt sér dýrmæta aðstöðu sína til þess að auka þekkingu á landi og þjóð, stuðla að lausn mikilvægra hagsmunamála íslenzku þjóðarinnar og vinna Íslandi traust og álit meðal þjóða heimsins. Á þingum Sameinuðu þjóðanna hefur atkv. Íslands jafnan stutt hinar ungu þjóðir, sem eru að létta af sér oki nýlenduskipulagsins, með hverjum þeim hætti, sem staðið hefur í okkar valdi. Náin samvinna hefur verið höfð við fulltrúa hinna Norðurlandaþjóðanna á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, og hefur sú samvinna átt ríkan þátt í að auka áhrif þessara litlu, friðsömu þjóða á gang alþjóðamála á hinu mikla þjóðanna þingi.

En þótt Sameinuðu þjóðirnar væru stofnaðar til þess að hindra yfirgang og tryggja frið og öryggi í heiminum, reyndist nauðsynlegt að

efna til nýrra samtaka til þess að standa vörð um heimsfriðinn. Árið 1949 var svo komið, að Sovétríkin höfðu svipt margar þjóðir Austur- og Mið-Evrópu frelsi sínu. Á sama tíma sem hinar vestrænu lýðræðisþjóðir afvopnuðust að heimsstyrjöldinni lokinni, efldu Rússar herbúnað sinn að miklum mun og notuðu hann síðan til þess að framkvæma vægðarlausa útþenslustefnu í Evrópu. Til varnar gegn þessari yfirgangsstefnu í Evrópu og í alþjóðamálum yfirleitt var Norður-Atlantshafsbandalagið stofnað vorið 1949. Íslendingar gerðust stofnendur þess, vegna þess að þeir gerðu sér ljóst, að sjálfstæði Íslands yrði ekki varðveitt með hlutleysisyfirlýsingum einum saman. Sárbitur reynsla fjölmargra þjóða, sem urðu nazismanum að bráð við upphaf síðari heimsstyrjaldarinnar, og síðan örlög þjóða Austur- og Mið-Evrópu sönnuðu áþreifanlega, að varnarleysi og hlutleysi býður árásinni heim. Yfirgnæfandi meiri hluti lýðræðissinnaðs fólks á Íslandi taldi aðild að varnarsamtökum vestrænna þjóða lífsnauðsynlega fyrir sjálfstæði og öryggi Íslands. Flestir þm. hinna þriggja lýðræðisflokka á Alþingi studdu hana einnig, en kommúnistar hömuðust gegn henni, grýttu alþingishúsið, brutu rúður þess og sneru mynd Jóns Sigurðssonar forseta til veggjar.

Atlantshafsbandalagið hefur reynzt traustasti varnarmúrinn, sem byggður hefur verið í þágu friðarins, frá því að síðari heimsstyrjöldinni lauk. Það hefur stöðvað framsókn hins alþjóðlega kommúnisma í Evrópu, tryggt öflugar varnir hins frjálsa heims og lagt grundvöll að víðtæku samstarfi um efnahagslega uppbyggingu og batnandi lífskjör meðal þjóða sinna. Það er því að þakka, að friðarhorfur hafa um skeið farið batnandi í Evrópu, á sama tíma sem uggvænlegar blikur hafði dregið á loft í Asíu, þar sem varnirnar eru veikari gegn útþenslustefnu hins alþjóðlega kommúnisma. Í þessu sambandi er það athyglisvert, að ófriðlega horfir nú í Asíu milli tveggja forusturíkja kommúnismans, Sovétríkjanna og Rauða-Kína. Bendir margt til þess, að þungamiðja alþjóðlegra deilumála hafi nú færzt frá Evrópu til Asíu. Árás Rauða-Kína á Indland sýndi líka, að Indverjum var lítið skjól að hlutleysi sínu, sem þeir Nehru og Krishna Menon höfðu þó sett allt sitt traust á.

Íslendingar hafa einnig gerzt þátttakendur í Norðurlandaráði, sem er samtök hinna fimm norrænu þjóða, og í Evrópuráði, sem er samtök þjóða Vestur- og Suður-Evrópu. Bæði þessi samtök hafa það markmið að auka menningarleg og efnahagsleg viðskipti þeirra þjóða, er að þeim standa. Á Alþingi því, sem nú stendur yfir, hefur hæstv. ríkisstj. lagt fram till. um, að Ísland gerist aðili að UNESCO, Menningar- og fræðslustofnun Sameinuðu þjóðanna, en sú stofnun hefur beitt sér fyrir víðtækri samvinnu á sviði menningarmála, lista og vísinda meðal þjóða heims.

Á grundvelli hinnar íslenzku utanríkisstefnu hefur Ísland einnig tekið þátt í fjölmörgum alþjóðlegum ráðstefnum, þar sem fjallað hefur verið um mál, er varða íslenzku þjóðina. Lagt hefur verið kapp á að kynna aðstöðu Íslands og þjóðar þess hvarvetna þar, sem því hefur orðið við komið og líkur voru til taldar, að að gagni mætti verða. Sendiráð Íslands og utanríkisþjónustan hafa enn fremur verið notuð til að afla markaða fyrir íslenzkar framleiðsluvörur og efla menningarsambönd, ekki sízt við þær þjóðir, sem okkur eru skyldastar.

Þannig hefur hin íslenzka utanríkisstefna í stórum dráttum verið í framkvæmd. En ekki er óeðlilegt, þó að þeirri spurningu heyrist varpað fram, hvort það fjármagn, sem varið hefur verið til þátttöku í alþjóðlegu samstarfi af hálfu okkar Íslendinga á undanförnum árum, hafi borgað sig, hvort þessi litla þjóð hafi ekki reist sér hurðarás um öxl með þátttöku sinni í margvíslegum alþjóðasamtökum og fjölda ráðstefna víðs vegar um heim, hver sé árangurinn af þessu öllu saman. Hann hefur tvímælalaust orðið sá, að öryggi og sjálfstæði Íslands hefur verið treyst í viðsjálli veröld. Ísland hefur komið fram sem sjálfstæður aðili á alþjóðavettvangi, og þjóð þess hefur öðlazt þar traust og virðingu sem atorkusöm og dugandi menningarþjóð. Í skjóli alþjóðlegrar samvinnu hefur Íslandi verið veittur stórfelldur, efnahagslegur stuðningur til uppbyggingar þjóðnytjafyrirtækja og margvíslegra nauðsynlegra framkvæmda í landinu. Í baráttunni fyrir vernd fiskimiðanna hefur þátttaka okkar í Atlantshafsbandalaginu, Efnahagssmvinnustofnun Evrópu og fleiri alþjóðlegum samtökum orðið okkur að ómetanlegu gagni. Fyrirheitið um heimflutning íslenzku handritanna í Danmörku er einnig ávöxtur af víðtæku norrænu samstarfi á vettvangi Norðurlandaráðs, norræna þingmannasambandsins, norrænu félaganna og fleiri norrænna stofnana. Stóraukin og fjölþætt menningarviðskipti við fjölda þjóða og stuðningur við íslenzk vísindi og listir eiga einnig í ríkum mæli rætur sínar að rekja til þátttöku Íslands í alþjóðlegu samstarfi. Hin raunhæfa íslenzka utanríkisstefna og þátttaka Íslands í fjölþættu alþjóðlegu samstarfi hefur þannig haft stórfellda þýðingu fyrir íslenzku þjóðina á fjölmörgum sviðum þjóðlífs hennar.

En nú hefur kommúnistaflokkurinn, Alþb., eins og hann nú kallar sig, lagt fram till. um það hér á hv. Alþ., að breytt skuli um stefnu í íslenzkum utanríkismálum. Hver er kjarni þessarar till.? Hann er sá, að Ísland skuli segja sig úr varnarsamtökum vestrænna þjóða, hverfa frá vestrænu samstarfi, hætta við allar varnir í þágu öryggis og sjálfstæðis landsins, en taka í þess stað upp hlutleysisstefnu og halla sér í austurátt.

Í þessu sambandi ber fyrst að minnast þess, að stefna íslenzkra kommúnista í utanríkismálum hefur á undanförnum áratugum verið mjög á reiki. Fyrir síðari heimsstyrjöldina voru Sovétríkin mjög andvíg hlutleysisstefnunni, og árið 1938 komst páfi hins alþjóðlega kommúnisma m. a. að orði á þessa leið:

„Raunverulega táknar hlutleysisafstaðan hliðhylli við árásina, útfærslu styrjaldarinnar og þróun hennar til heimsstyrjaldar. Í hlutleysisafstöðunni liggur viðleitni til þess að fullnægja þeirri ósk, að árásaraðilarnir séu ekki hindraðir í myrkraverkum sínum."

Undir þessa skoðun tóku leiðtogar íslenzkra kommúnista hressilega. Einar Olgeirsson komst

þá meira að segja að orði þannig í forustugrein í málgagni kommúnista hér á landi hinn 3. febr. 1939:

„Vér eigum strax að leita tryggingar Bandaríkjanna og annarra ríkja fyrir sjálfstæði voru og friðhelgi, svo að vér séum ekki einangraðir og varnarlausir ofurseldir yfirgangi og ágirnd hins nazistíska Þýzkalands."

Hafa menn nú heyrt annað eins? Og það er sjálfur Einar Olgeirsson, sem þetta segir! Hann heimtaði ameríska hervernd Íslands. „Önnur var öldin, er Gaukur bjó á Stöng, þá var ei til Steinastaða leiðin löng." Þremur árum áður hafði blað kommúnista hér á landi krafizt varnarbandalags Norðurlanda og taldi það „mál málanna, fjöregg norrænnar samvinnu, sjálfstæðis og frelsis á Norðurlöndum." Þá voru kommúnistar ekki hræddir við varnarbandalög. Á þessum árum voru kommúnistar ekki heldur sífellt að flika friðarást sinni. Í einu rita þeirra var þá m. a. komizt að orði á þessa leið:

„Það er nauðsynlegt að berjast skarpri baráttu gegn þeim skoðunum, að Íslandi komi ekki stríðsundirbúningurinn við og muni engan þátt eiga í stríði."

Málgögn kommúnista hér á landi hvöttu þá einnig kommúnista til að taka þátt í borgarastyrjöldinni á Spáni.

Þegar síðari heimsstyrjöldin hófst, fögnuðu íslenzkir kommúnistar bandalagi Hitlers og Stalíns, er hratt styrjöldinni af stað. En á meðan Sovétríkin höfðu ekki flækzt í styrjöldina, gerðust íslenzkir kommúnistar hlutlausir gegn átökum hinna vestrænu lýðræðisþjóða og nazista. Þegar Hitler hafði ráðizt á Sovétríkin, fauk hlutleysisstefna íslenzka kommúnistaflokksins hins vegar út í veður og vind. Þá mátti ekki nefna hlutleysi, af því að það var óhagstætt Sovétríkjunum. Friðarást kommúnista hér á landi var þá ekki heldur meiri en svo, að Brynjólfur Bjarnason lýsti því yfir á Alþingi árið 1941, að Íslendingar mundu ekki telja það eftir sér, þótt hér á landi yrði „skotið án allrar miskunnar"! Loks vildi Sameiningarflokkur alþýðu, Sósfl., að Ísland segði Þýzkalandi og Japan stríð á hendur árið 1945.

Nú, þegar hinar vestrænu lýðræðisþjóðir hafa myndað með sér bandalag, sem fyrst og fremst hefur það takmark að vernda sjálfstæði þeirra og öryggi og tryggja heimsfriðinn, telur íslenzki kommúnistaflokkurinn það lífsnauðsynlegt fyrir Íslendinga að taka upp hlutleysisstefnu. Það fer ekkert á milli mála, hverra hagsmuna Alþb.-menn eru að gæta með þessari till. sinni. Það eru ekki hagsmunir Íslendinga.

Í þeirri till., sem hér liggur fyrir til umr., leggja kommúnistar áherzlu á, að Ísland veiti undirokuðum og nýfrjálsum þjóðum ötulan stuðning í baráttu þeirra fyrir fullu frelsi og efnahagslegu sjálfstæði. Þetta segja sömu mennirnir sem varið hafa í líf og blóð hina nýju nýlendustefnu Sovétríkjanna, sem hneppt hafa fjölda þjóða undir nýtt nýlenduok, á sama tíma sem hin gömlu nýlenduveldi í Vestur-Evrópu hafa veitt 800 millj. manna frelsi og sjálfstæði.

Það sýnir einnig fullkomna fyrirlitningu kommúnista á hagsmunum íslenzku þjóðarinnar, að þeir hafa undanfarin ár haldið því fram, að varnir Íslands séu fyrst og fremst byggðar upp til árása á Sovétríkin og fylgiríki þeirra. Allir sjá, hvílíka hættu kommúnistar eru hér að leiða yfir íslenzkt fólk, enda hafa málgögn þeirra hér á landi hvað eftir annað gert því skóna, að mesta þéttbýli Íslands gæti einn góðan veðurdag hrunið í eina rjúkandi rúst, eftir að kjarnorkusprengjum hefði verið varpað á það. Hverjir væru líklegastir til að varpa helsprengjum yfir íslenzka byggð? Mundi nokkrum heilvita Íslendingi koma til hugar, að það yrðu bandamenn Íslands í varnarbandalagi hinna frjálsu þjóða?

Nú síðast halda kommúnistar því fram, að verið sé að undirbúa árásarstöðvar kjarnorkukafbáta í Hvalfirði, enda þótt sú staðhæfing sé gersamlega úr lausu lofti gripin.

Allt ber þetta að sama brunni og sannar, að kommúnistar hér á landi miða afstöðu sína til alþjóðamála ekki við hagsmuni Íslendinga, heldur við hagsmuni erlends stórveldis. Þetta er hörmuleg og dapurleg staðreynd, sem íslenzka þjóðin verður nú að gera sér ljósa. Kommúnistar leggja nú til, að Ísland verði gert varnarlaust, en þeir höfðu ekki átt sæti í vinstri stjórninni nema örfáa mánuði, þegar þeir tóku ábyrgð á samningi um áframhaldandi dvöl varnarliðsins hér á landi um ótiltekinn tíma og létu meira að segja borga sér dollara fyrir viðvikið. Sá samningur er enn í gildi, og m. a. á honum byggist dvöl varnarliðsins hér á landi í dag.

Að lokum þetta: Það er skoðun okkar sjálfstæðismanna, að hin íslenzka utanríkisstefna beri enn sem fyrr að miða að því að tryggja sjálfstæði landsins og öryggi fólksins með friðsamlegu samstarfi við allar þjóðir og þátttöku í varnarsamstarfi þeirra þjóða, sem okkur eru skyldastar að menningu, hugsjónum og uppruna. Við teljum, að Atlantshafsbandalagið sé í dag skjöldur heimsfriðarins og jafnframt helzta skjól sjálfstæðis og öryggis Íslendinga. Það er skoðun okkar, að þátttaka Íslands í alþjóðlegri samvinnu á sviði efnahags- og menningarmála sé íslenzku þjóðinni nauðsynleg og geti átt ríkan þátt í óhjákvæmilegri hagnýtingu auðlinda landsins til sköpunar bættum lífskjörum allra landsins barna. Við viljum eiga viðskipti við allar þær þjóðir, sem af okkur vilja kaupa, vinna markaði fyrir íslenzkar afurðir sem víðast, þannig að við verðum engum sérstökum viðskiptaaðila háðir um of.

Þetta er stefna núverandi ríkisstjórnar. Þetta er hin raunhæfa, íslenzka utanríkisstefna, sem miðast fyrst og fremst við hagsmuni Íslands og þess fólks, sem það byggir. Höfuðtakmark hennar er frelsi landsins, farsæld og öryggi fólksins. Því takmarki samrýmist sú till., sem hér liggur fyrir, ekki. Þess vegna mun hún verða felld. — Góða nótt.

Davíð Ólafsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Hinn 9. apríl 1940 urðu mikil þáttaskil í stjórnmálasögu okkar. Óviðbúnir að ýmsu leyti urðu Íslendingar þá fyrirvaralaust að taka í eigin hendur öll sín mál, einnig utanríkismálin. Með fullveldistökunni 1918 höfðu Íslendingar lýst yfir hlutleysi og á því varð engin breyting við þetta tækifæri. En fljótlega átti það eftir að koma á daginn, hversu haldlítil sú yfirlýsing

var gagnvart hinum kalda veruleika styrjaldarinnar, sem þá geisaði. Það leið ekki nema réttur mánuður, þangað til búið var að rjúfa það hlutleysi, sem átti að vera vörn þjóðarinnar um aldur og ævi. Þetta þurfti raunar ekki að koma neinum á óvart. Það var til ærin reynsla fyrir því, að styrjaldarþjóðir virða ekki hlutleysi, og þetta atvik var aðeins einn liður í langri keðju hlutleysisbrota fyrr og síðar.

E. t. v. vilja flm. þessarar till. halda því fram, að Finnar hafi verið í hernaðarbandalagi og því hafi árás Rússa á þá árið 1939 verið réttmæt og eðlileg, en hinu síðarnefnda héldu þeir og skoðanabræður þeirra þá fram. Ekki dugði Eystrasaltsríkjunum þremur hlutleysi til að forða sér frá undirokun Sovétríkjanna, ekki einu sinni griðasáttmáli við Rússa dugði þar.

Noregur og Danmörk höfðu í upphafi styrjaldarinnar lýst yfir hlutleysi í hernaðarátökum og voru andvaralausir bak við þá yfirlýsingu. Þjóðverjar virtu slíkt einskis og lögðu þessi lönd undir sig, þegar þeir töldu það henta sér vegna síns styrjaldarrekstrar, og sömu dagana og Bretar rufu hlutleysi Íslands lögðu Þjóðverjar undir sig Holland, Belgíu og Lúxembourg, sem höfðu lýst yfir algeru hlutleysi í hernaðarátökum stórveldanna.

Þannig voru síðustu mánuðir ársins 1939 og fyrstu mánuðir ársins 1940 tilvalin sýnikennsla í fánýti hlutleysisyfirlýsinga til verndar sjálfstæði þjóða. Þeim fimm þjóðum, sem síðast voru nefndar, varð þetta svo dýrkeypt reynsla, að þær hafa sýnilega ekki hugsað sér að láta taka sig í rúminu á nýjan leik. Hlutleysið, sem átti að verða þeim vörn, reyndist þeim hörmuleg blekking. Þær eru nú allar meðal hinna áhugasömustu meðlima Atlantshafsbandalagsins og taka á sig þungar fjárhagslegar byrðar í því sambandi, enda telja þær þátttöku sína í bandalaginu sína einustu vörn og bandalagið einmitt enn þýðingarmeira fyrir smáþjóðirnar, sem í því eru, þar sem hinar stærri geta frekar varið sig sjálfar.

Sem betur fer sluppum við Íslendingar við hina bitru reynslu, sem hinar þjóðirnar urðu að þola, en eigi að síður lærðum við af reynslu þeirra og okkar og mótuðum stefnu okkar í utanríkismálum samkv. því. En það er líka lærdómsríkt að skoða reynslu einnar annarrar þjóðar í þessu sambandi og ekki síður fyrir það, að þar koma við sögu skoðanabræður og lærifeður flm. þessarar till. Árið 1956, í lok október, lýsti ungverska byltingarstjórnin því yfir, að Ungverjaland mundi taka upp hlutleysisstefnu í utanríkismálum. Hver voru þá viðbrögð kommúnista um allan heim, einnig hér á landi? Fögnuðu þeir ekki? Samgleddust þeir ekki ungversku þjóðinni? Við þekkjum öll svarið. Við þekkjum þá sorgarsögu, hvernig hlutleysisyfirlýsingin var kæfð í blóði ungverskra frelsisvina. Því var einnig fagnað af íslenzkum kommúnistum.

Þetta er nauðsynlegt, að menn rifji upp fyrir sér nú í tilefni af þeirri till., sem hér liggur fyrir, þar sem hún snýst raunverulega um það, að Ísland skuli lýsa yfir hlutleysi og neita sér þannig um möguleika til að verja sjálfstæði sitt. En með því að hv. 2. þm. Vestf., Sigurður Bjarnason, gerði þessu svo ýtarlega og glöggleg skil í ræðu sinni hér á undan, mun ég ekki fara nánar út í það atriði hér, en snúa mér að öðru máli, því máli, sem verið hefur eitt hið viðkvæmasta og vandasamasta af þeim málum, sem íslenzk stjórnarvöld hafa haft við að glíma á sviði utanríkismála eftir styrjöldina, landhelgismálinu. Gagnvart öðrum ríkjum var það fyrst og fremst þetta mál, sem hlaut að hafa mesta þýðingu. Þar var um að ræða vandamál, sem snart grundvöllinn að efnahagslegum hagsmunum þjóðarinnar, en jafnframt var lausn þess óhjákvæmilega tengd þróun á vettvangi alþjóðalaga og snerti því einnig önnur ríki, þ. e. a. s. fyrst og fremst þau, sem hagsmuni höfðu af fiskveiðum við Ísland. Það, sem segir í grg. með till. þessari, gefur mér tilefni til að rifja upp nokkra þætti þessa mikla máls. Að vísu hefur flest af því, sem hér verður að segja, verið margendurtekið áður. En á meðan kommúnistar og þeirra fylgifiskar endurtaka sí og æ sömu ósannindin og blekkingarnar um þetta mál, verður óhjákvæmilegt að endurtaka sannleikann um það.

Mð hliðsjón af því, hversu mikill vandi fylgdi þessu máli frá upphafi, var allur undirbúningur þess þegar frá byrjun hinn vandaðasti. Stefnan var mörkuð með landgrunnslögunum árið 1948, en fyrsta aðgerðin, sem byggð var á þeim lögum, var beinar grunnlínur fyrir Norðurlandi og 4 mílna fiskveiðilögsaga árið 1950. Það var fyrsti áfanginn. Svo gerðist merkur atburður 1951. Í okt. það ár rann út samningurinn, sem Danir höfðu gert við Breta árið 1901 um fiskveiðilögsöguna við Ísland, sem byggði á 3 mílna reglunni. Einmitt um það leyti komst á lokastig mál Norðmanna og Breta, sem rekið var fyrir alþjóðadómstólnum í Haag um grunnlínur við Noreg. Um áratugi hafði staðið deila milli þessara aðila um þetta atriði og einnig um 4 mílna landhelgi, sem Norðmenn töldu sig eiga rétt á. Að lokum varð samkomulag um það á milli aðilanna að vísa deilunni til alþjóðadómstólsins í Haag til úrskurðar, en síðar varð það þó úr, að dómstóllinn skyldi einungis fjalla um grunnlínurnar. Íslenzka ríkisstj. ákvað að bíða átekta, þar til dómur væri fallinn, en hann kom í des. 1951 og var í öllum meginatriðum Noregi í vil. Í úrskurði sínum tók dómurinn verulega tillit til efnahagslegra sjónarmiða, en einmitt það hefur haft grundvallarþýðingu, og markaði úrskurðurinn því tímamót.

Aðeins þremur mánuðum síðar var næsta skref stigið af Íslands hálfu, en það var beinar grunnlínur umhverfis allt landið og 4 mílna fiskveiðilandhelgi. Frá sjónarmiði fiskverndar var þetta tvímælalaust þýðingarmesta aðgerðin í landhelgismálinu, þar sem með henni urðu allar uppeldisstöðvar ungfisks við landið á hinu friðaða svæði og sömuleiðis mestur hluti hrygningarsvæðanna. Áður en til þessara aðgerða kom, höfðu þau sjónarmið Íslendinga, sem lágu til grundvallar framkvæmdinni, verið rækilega kynnt fyrir þeim aðilum, sem áður höfðu haft samninga um að mega stunda veiðar upp að 3 mílum undan ströndum landsins, en hins vegar réttinum til einhliða útfærslu fast fram haldið. Viðbrögð þeirra þjóða, sem veiðar stunduðu hér við land, voru sem kunnugt er þau að virða hinar nýju reglur, en í Bretlandi var hins

vegar efnt til löndunarbanns. Allur undirbúningur að framkvæmd þessa máls af Íslands hálfu var með þeim hætti, þar sem m. a. var byggt á úrskurði alþjóðadómstólsins, sem áður getur, að samrýmdist alþjóðalögum, eins og þau þá voru. Það var því í hæsta máta eðlilegt, að íslenzka ríkisstj. skyldi á árinu 1953 þjóða Bretum að *leggja málið til úrskurðar fyrir alþjóðadómstólinn*, en þó að sjálfsögðu með því skilyrði, að löndunarbanninu yrði aflétt. Þegar brezka ríkisstj. hins vegar taldi, að hún gæti ekki tryggt framkvæmd þessa skilyrðis, gat ekki orðið úr málskoti til dómstólsins, en deilan leystist hins vegar farsællega á annan hátt, með samningi, sem síðar hefur sannað gildi sitt.

Það var ljóst, að aðgerðirnar 1952 voru aðeins áfangi, þar sem þróun alþjóðalaga á þessu sviði var nú mjög ör. Á alþjóðavettvangi var á árunum þar á eftir unnið sleitulaust að því að kynna málstað Íslands og styrkja þannig aðstöðu þess, en ekki gefst tækifæri til þess hér í þessu stutta máli að gera grein fyrir því í einstökum atriðum.

Með vinstri stjórninni árið 1956 var framkvæmd landgrunnslaganna og þar með aðgerðir í landhelgismálinu byggðar á þeim lögum fengnar í hendur kommúnistum. Þá var breytt um starfsaðferðir. Vegna þeirrar miklu þýðingar, sem landhelgismálið hlaut og hlyti að hafa sem utanríkismál, var öllum þeim, sem þekkja starfsaðferðir og markmið kommúnista, ljóst, að hér var hætta á ferðum, einmitt að því er snerti frekari aðgerðir í landhelgismálinu. Það kom og greinilega í ljós þegar eftir ráðstefnuna í Genf 1958, að kommúnistaforustan hafði á því mestan áhuga að haga aðgerðum þannig í framkvæmdum í landhelgismálinu, að *hlyti að leiða* til árekstra við bandamenn okkar í Atlantshafsbandalaginu. Þar með komust þeir inn á svið íslenzkra utanríkismála, þar sem þeir gátu haft áhrif á gang mála vegna stöðu Íslands í Atlantshafsbandalaginu langt út fyrir þann ramma, sem landhelgismálið sem slíkt gat gefið tilefni til. Og þetta tækifæri skyldi nú notað. Það vakti t. d. athygli í þessu sambandi, að nokkrum vikum áður en reglugerðin um 12 mílna landhelgi gekk í gildi fór sá ráðh., sem gaf út reglugerðina, þáv. sjútvmrh., Lúðvík Jósefsson, austur til Moskvu. Það þarf ekki mikið hugmyndaflug til að ímynda sér, hvert erindi hans þangað var. Áður en reglugerðin kom til framkvæmda og einnig fyrst á eftir neituðu kommúnistar auðvitað harðlega, að landhelgismálið og aðgerðir í því hefðu hið minnsta með Atlantshafsbandalagið að gera eða samband Íslands við bandalagið. En það er eins og hið sanna komi ávallt í ljós og þá jafnvel stundum eftir hinum ólíklegustu leiðum. Í nýútkominni bók eftir ameríska prófessor, Morris Davis að nafni, sem nefnist „Iceland extends its fisheries limits", eða „Ísland færir út fiskveiðitakmörk sín", rekur höfundur gang landhelgismálsins fram að útfærslunni 1958 og fyrst þar á eftir. Ræðir hann í því sambandi einmitt þetta atriði. Segir hann þar frá því, að hinn 25. marz 1960, en það er á meðan stóð á annarri Genfarráðstefnunni, hafi hann átt viðtal við Lúðvík Jósefsson í Genf og hefur eftir honum orðrétt þessa eftirtektarverðu setningu: „Að því, er minn flokk varðaði, var eitt af meginatriðunum í sambandi við útfærsluna það, að hún mundi skaða Atlantshafsbandalagið." Síðar dregur hann svolítið úr þessu, en um það segir svo orðrétt: „Alþb., hélt hann (þ. e. Lúðvík) áfram, lagði ekki til útfærslu í 12 mílur til þess að skaða Atlantshafsbandalagið, en það," Alþb., „er ánægt yfir því, að það varð ein af afleiðingum hennar." Það má því vera hverjum manni ljóst, hvaða markmið það var, sem kommúnistar kepptu að. Þetta sýnir einnig ljóslega, og sérstök ástæða er til að vekja athygli á því hér, þegar kommúnistar ætla með *tillögugerð sinni að segja fyrir um það, hvernig* íslenzk utanríkisstefna skuli mótuð, að þegar þeir komust í aðstöðu til að ráða framkvæmd í máli, sem í eðli sínu hefur mikla þýðingu í samskiptum Íslands við aðrar þjóðir, létu þeir annarleg sjónarmið ráða við framkvæmd málsins og leiddu þannig stórkostlega hættu *yfir* þjóð sína.

Sjálf reglugerðin um 12 mílna fiskveiðilögsöguna árið 1958 var að sjálfsögðu þýðingarmikil framkvæmd, en setning reglugerðarinnar var aðeins önnur hlið málsins. Hin var sú, sem sneri að framkvæmd hennar, þ. e. a. s. að tryggja það, að hinar nýju reglur væru virtar. Þetta síðara atriði tókst þeirri stjórn, sem reglugerðina setti, ekki að framkvæma. Það féll í hlut núv. hæstv. ríkisstj. að leiða þann þátt til lykta og bægja burt þeirri hættu, sem yfir hafði vofað, en jafnframt að tryggja þjóðinni fullan sigur í lífshagsmunamáli hennar með hyggilegum samningum við þann andstæðing, sem harðastur hafði verið, og verður það aldrei fullþakkað. Kommúnistar, studdir af *Framsóknarfl.*, gerðu *sannarlega* allt, *sem* þeir máttu, til þess að hindra lausn deilunnar við Breta. Það var nánast óbærileg tilhugsun fyrir þá, að leidd yrði til lykta á friðsamlegan hátt hættuleg deila við þessa bandalagsþjóð okkar, deila, sem frá upphafi var til þess ætluð frá þeirra hálfu að koma Íslandi út úr Atlantshafsbandalaginu. En hér er hollt að minnast þess einmitt í þessu sambandi, að þátttaka okkar í Atlantshafsbandalaginu og sá andi skilnings og vináttu, sem þar ríkir milli bandalagsþjóða, var veigamikil forsenda fyrir því, að svo vel tókst til um lausn deilunnar. Okkur var þá mikill styrkur að bandalaginu.

Að lokum er svo rétt að rifja enn einu sinni upp þennan samning og þær hrakspár stjórnarandstöðunnar, sem kváðu við allt frá því, að samningurinn var gerður. Bretar viðurkenndu óafturkallanlega 12 mílna fiskveiðilögsöguna við Ísland. Þar með var það þýðingarmikla atriði leyst fyrir alla framtíð, og reglugerðin frá 1958 hafði með því fengið raunverulegt gildi. Í öðru lagi voru dregnar nýjar grunnlínur á fjórum stöðum um landið, og jók það mikið sjálfa fiskveiðilögsöguna einmitt á svæðum, sem hafa mikla þýðingu fyrir okkar fiskveiðar. Bretar fengu heimild til að veiða í þrjú ár milli 6 og 12 mílna á takmörkuðum svæðum og tímum. Sá tími og sú heimild rann út nú fyrir réttum mánuði. Allt frá því, að samningurinn var gerður, var því rækilega haldið að þjóðinni af stjórnarandstöðunni, að þessi veiðiheimild Breta væri aðeins byrjunin og mundi framlengd og

sennilega í miklu ríkari mæli, þegar 3 ára tíminn væri liðinn. Sérstaklega minnast menn þess, hversu hatrammur þessi áróður var fyrir kosningarnar í fyrra. Svo kom fiskimálaráðstefnan í London í vetur, og þá héldu þessir sömu aðilar því fram, að sú ráðstefna væri fyrst og fremst sett á svið til að fá framlengda veiðiheimildina. En svo sprakk sú blaðran, eins og allar hinar, og 11. marz s. l., þegar síðasti erlendi togarinn hvarf út fyrir 12 mílurnar, stóðu þessir herrar uppi afhjúpaðir ósannindamenn.

Af þeim atriðum samningsins, sem upphaflega var deilt um, er nú aðeins eitt eftir, hrakspár andstæðinganna. Að því er hin atriðin varðar, hafa þau þegar afsannazt. Það atriði, sem enn er deilt um, er málskot til alþjóðadómstólsins. Hinn 5. maí 1959 samþ. Alþingi einróma ályktun, þar sem segir, að afla beri viðurkenningar á rétti Íslands til landgrunnsins alls, svo sem stefnt var að með lögunum um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins frá 1948. Í samningnum er vísað til þessarar samþykktar Alþ., og hefur því engum rétti verið afsalað, eins og haldið hefur verið fram. Eins og við höfum hingað til byggt aðgerðir okkar á alþjóðalögum og sigrar okkar í landhelgismálinu hafa byggzt á því, að svo hefur verið, munum við einnig hér eftir gera það. Fyrir alla framtíð mun samkomulagið frá 1961 verða til ómetanlegs gagns, þar sem það hefur tryggt Íslendingum grundvöll til að standa á, þaðan sem þeir geta haldið áfram baráttu sinni í landhelgismálum með hagsmuni Íslands eina fyrir augum.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Góðir Íslendingar. Hv. þm. Sigurður Bjarnason talaði nokkuð um Atlantshafsbandalagið eins og fleiri. Hann hélt því fram, að bandalagið væri sérstakur verndari frelsis, friðar og lýðræðis. Hann sagði, að atkvæði Íslands á vettvangi Sameinuðu þjóðanna hefði alltaf verið beitt í þágu undirokaðra þjóða. Mér þykir hlýða að rifja það hér upp, að á seinasta kjörtímabili átti Sigurður Bjarnason ekki sæti á Alþingi, en sat í þess stað sem fulltrúi Íslands á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna. Fyrir rúmu ári, hinn 18. des., urðu miklar umræður á allsherjarþinginu um nýlendustefnu Portúgala. Fyrir þinginu lá till. til ályktunar, þar sem nýlendukúgun portúgalska einræðisherrans var harðlega fordæmd. Farið var hörðum orðum um svívirðilega meðferð Portúgala á fátækum blökkumönnum í Afríku og skorað á allar þjóðir að stöðva vopnasendingar til Portúgala. Við atkvgr. var till. samþ. með yfirgnæfandi meiri hluta, eða 82 atkv., en fulltrúar 20 þjóða greiddu atkvæði á móti eða sátu hjá. Meðal þeirra voru fasistaríkin Portúgal og Spánn, nýlenduveldin Frakkland, Bretland og Belgía ásamt kynþáttahöturum Suður-Afríku. En hvað gerði Sigurður Bjarnason, fulltrúi hins unga lýðveldis í norðurhöfum? Stóð fulltrúi Íslands með hinum 82 þjóðum, sem fordæmdu nýlendukúgun og börðust fyrir frelsi og sjálfstæði þjakaðra þjóða í Afríku? Eða stóð hann með nýlenduveldunum, fasistaríkjunum og öðrum NATO-ríkjum? Var hann í hópi þeirra 20, sem ýmist greiddu atkvæði á móti eða sátu hjá? Það er óþarfi að spyrja. Sigurður Bjarnason og Thor Thors, fulltrúar íslenzku ríkisstj., skipuðu sér í hóp minni hlutans og studdu Portúgala með hjásetu.

Hvað réð gerðum Sigurðar Bjarnasonar í þetta sinn? Hvar var þá niður komin sú frelsisást og lýðræðiselska, sem áðan stóð í langri bunu upp úr hv. þm.? Hvað olli því, að Ísland var ekki í hópi 82 þjóða heims, sem sameinuðust í að fordæma ofbeldi portúgölsku fasistanna? Hvers vegna var íslenzka þjóðin, friðsöm, vopnlaus smáþjóð, allt í einu komin í flokk með skelfilegustu nýlendukúgurum heims? Svarið þekkjum við öll. Það var ekki vegna skyndilegrar mannvonzku Sigurðar Bjarnasonar. Nei, skýringin er aðeins sú, að Ísland er meðlimur í Atlantshafsbandalaginu. Og þetta var eitt af þeim myrkraverkum, sem meðlimur í NATO er skyldur til að taka á sig.

Íslendingar eru ekki frjálsir til að hafa þær skoðanir í alþjóðamálum, sem þeir vilja. Þeir hafa gerzt bandamenn kjarnorkustórvelda og nýlendukúgara, og ráðamenn þjóðarinnar telja sér því skylt að koma einræðisherranum í Portúgal til hjálpar í stríði hans við fátæka blökkumenn, hvenær sem á þarf að halda. Þetta er NATO-stefnan. En hvað segir alþýða manna á Íslandi? Eru menn samþykkir? Er þetta rétt stefna eða ekki? Við þessari spurningu eru fyrst og fremst tvö svör. Þeir, sem enn þá trúa því í fullri alvöru, að rússnesk árás sé stöðugt yfirvofandi, álíta sjálfsagt, að gamla NATO-hernámsstefnan sé enn þá bezta lausnin. Við verðum að leita okkur verndar, segja þeir, vináttu og sálufélags, jafnvel í hópi portúgalskra fasista. En allir hinir, sem nú orðið álíta það fjarstæðukennt, að nokkur árás á Ísland sé yfirvofandi, geta ekki komizt nema að einni niðurstöðu: NATO-stefnan hæfir ekki þörfum og hagsmunum íslenzku þjóðarinnar. Ísland þarf nýja utanríkisstefnu.

Um þessar mundir eru 15 ár liðin, síðan Íslendingar gerðust aðilar að Atlantshafsbandalaginu. Í upphafi var svo um hnútana búið, að landsmenn geta ekki leyst sig úr þessu bandalagi fyrr en árið 1969, eða eftir 5 ár. Íslendingar geta sagt upp herstöðvasamningnum hvenær sem er og eiga að gera það án tafar. En 1969 geta þeir endanlega tekið upp hina nýju utanríkisstefnu og lýst yfir ævarandi hlutleysi í hernaði.

Þegar ekki er lengur unnt á friðartímum að hræða menn með Rússagrýlu og telja fólki trú um, að árás úr austri sé yfirvofandi, grípa NATO-sinnar til þess ráðs að spyrja: Hvers virði var hlutleysi Íslands í seinustu styrjöld? Og þeir bæta gjarnan við: Ef ekki eru hér herstöðvar og styrjöld brýzt út, munu stórveldin keppast um að ná hér aðstöðu. Það verður barizt um landið með hörmulegum afleiðingum fyrir landsmenn.

Þessi kenning hefði staðizt fyrir 20 árum, en hún er fjarstæðukennd í dag. Það er alkunna, að á fáum árum hefur orðið gerbylting í drápstækni og vígbúnaði. Röksemdir, sem áður töldust góðar og gildar í umræðum um varnarmál, eru skyndilega orðnar óráðshjal. Sovétríkin og Bandaríkin byggja hernaðarmátt sinn á vetnissprengjum og eldflaugum, sem skjóta má hvert á land sem er. Engar þekktar varnir eru til

gegn þessum vopnum. Til marks um hin gerbreyttu viðhorf má geta þess, að stórveldin eiga tugi kjarnorkukafbáta, sem skotið geta eldflaugum, og í hverjum slíkum kafbáti eru sprengjur, sem hafa talsvert meiri áhrifamátt en allar þær sprengjur samanlagt, sem sprungu í seinustu heimsstyrjöld. Það er furðuleg glópska, ef menn skilja ekki, að í slíkum heimi gilda ekki sömu lögmál og í seinustu styrjöld. Tímarnir eru breyttir. Fyrir 20 árum var unnt að verja Ísland. Þá var hugsanlegt, að barizt væri um landið. Nú er ekki unnt að verja Ísland. Og í kjarnorkustyrjöld hafa stórveldin engan áhuga á landi, sem engar herstöðvar hefur, þegar styrjöldin brýzt út.

Það er viðurkennt af öllum, að í kjarnorkustyrjöld mundu Bandaríkin og Sovétríkin hrapa niður á stig hinna frumstæðustu landa, kannske á fáeinum dögum, vegna óstjórnlegs manntjóns og eyðileggingar. Hvaða heilvita maður getur haldið því fram, að undir slíkum kringumstæðum færu stórveldi heimsins að berjast um Ísland? Hvaða erindi ættu þeir hingað? Hvað væri hér að sækjast eftir, ef engar herstöðvar væru í landinu? Það tekur langan tíma að koma upp þeirri aðstöðu, sem nota má í stríði, og styrjöldin væri vafalaust löngu búin, áður en landið kæmi að gagni.

Það er ekki trúlegt og ekki sennilegt, að Ísland verði fyrir árás, hvorki á friðartímum né stríðstímum, ef hér eru engar herstöðvar og landið er hlutlaust og friðlýst. En hvað verður, ef í landinu eru herstöðvar, þegar styrjöld brýzt út? Sá tími er liðinn, að varnir komi til greina. Hins vegar er það viðurkennt, jafnvel af sérfræðingi ríkisstj., að herstöðin á Suðurnesjum verður sprengd í loft upp þegar á fyrstu augnablikum stríðs, eins og aðrar herstöðvar Bandaríkjamanna og Sovétríkjanna. Þannig er ljóst, að hernámsstefnan mun leiða dauða og tortímingu yfir meiri hluta landsmanna, ef til stríðs kemur.

Hv. þm. Sigurður Bjarnason er jafnframt þingstörfum ritstjóri Morgunblaðsins. Í leiðara blaðsins hefur hann oftlega haldið því fram, að hlutleysi sé ekki til. Hlutleysi sé sama og skoðanaleysi og slík stefna leiði aðeins til glötunar. Eins og ég tók fram í upphafi míns máls, hefur Sigurður Bjarnason oft setið á þingum Sameinuðu þjóðanna. En mér er spurn: Hvernig hefur hv. þm. getað setið þar árum saman án þess að uppgötva, að yfir 30 ríki í Sameinuðu þjóðunum fylgja hlutleysi í hernaði? Það þarf ekki lítið ofstæki til að loka þannig augunum fyrir staðreyndum. Áreiðanlega hefur enginn erlendur stjórnmálamaður leyft sér þann munað að halda því fram, að hlutleysi í hernaði eigi eitthvað skylt við skoðanaleysi. Meira en þriðji hver fulltrúi á allsherjarþinginu er frá hlutlausri þjóð, og þessi ríki eru einmitt fullkomlega frjáls og óháð í skoðunum, enda ekki bundin á hernaðarklafa neins stórveldis.

Við skulum viðurkenna staðreyndir. Við skulum játa þá staðreynd, að hlutleysisstefnan er stefna okkar tíma. Ár frá ári fjölgar hlutlausum þjóðum, meðan herbandalög stórveldanna eru í upplausn. Hlutlausar þjóðir hafa óumdeilanlega tekið forustuna í friðarstarfi og sáttaviðleitni á alþjóðavettvangi. Menn frá hlutlausum þjóðum gegna öllum æðstu og mikilvægustu embættunum hjá samtökum Sameinuðu þjóðanna, enda eru þau samtök nú margfalt betur búin undir að gæta sjálfstæðis og frelsis smáþjóða en var um Þjóðabandalagið gamla fyrir stríð. Nú nýlega lýsti Frakklandsforseti því yfir, að vonin um frið í Suðaustur-Asíu væri einmitt bundin við samninga um hlutleysi smáþjóða í þeim heimshluta. Með þeirri yfirlýsingu hefur einn helzti forustumaður Atlantshafsbandalagsins viðurkennt kosti hlutleysisstefnunnar, og ættu skjaldsveinar NATO á Íslandi ekki að þurfa frekar vitnanna við.

Hæstv. utanrrh. flutti þá ræðu hér í kvöld, sem dæmir sig sjálf. Það er alkunna, að sá maður hefur aldrei orðið sáttur við sannleikann, og nægir þar að benda á fullyrðingar hans um gerðir Alþb. í vinstri stjórninni og fleira. Þetta eru hrein ósannindi, sem hrakin hafa verið aftur og aftur. Það hefði verið fróðlegra að heyra hæstv. ráðh. minnast á Hvalfjörð. Nýlega upplýsti ráðh. í þingræðu, að á árinu 1956 hefðu Bandaríkjamenn lagt fram áætlanir um stórfelldar hernaðarframkvæmdir í Hvalfirði, eins og ráðh. sagði þá orðrétt. Hernámsflokkarnir voru búnir að samþ. þessa ráðagerð, en guggnuðu vegna andstöðu almennings við hernámið. Síðan hafa Bandaríkjamenn aldrei misst áhugann á Hvalfirði. En nú á að nálgast markið í áföngum, skref fyrir skref. Fyrst var það lóranstöð á Snæfellsnesi, hæsta mannvirki í Evrópu, síðan nákvæm botnrannsókn á Faxaflóa og nú síðast olíustöð og birgðastöð. Enginn þarf að efast um, að þeir munu ná takmarki sínu, ef látið er undan í hverju nýju skrefi. En verður það gert? Því hefði utanrrh. verið nær að svara.

Að undanförnu hefur mikið verið rætt um áskorun hinna 60 til Alþ. um að loka fyrir bandarísku hermannasjónvarpið, en á þessu skjali voru samankomnir margir helztu menningarfrömuðir þjóðarinnar. Á vegum hernámsandstæðinga hafa listamenn, rithöfundar og menntamenn mótmælt hundruðum saman bæði hersetu og hermannasjónvarpi, en enginn úr þeim hópi var fenginn til að rita undir áskorun 60-menninganna. Má af þessu draga þá augljósu ályktun, að verulegur hluti hugsandi manna á Íslandi er andvígur því, að erlent sjónvarp haldi aðstöðu sinni í íslenzku menningarlífi.

Eins og enn er í fersku minni, urðu harðar umr. um þetta mál í Alþingi fyrir 2 árum. Knappur meiri hluti stjórnarflokkanna tók á sig þá ábyrgð að hleypa sendingum sjónvarpsins inn í íslenzkt þjóðlíf. Nú, þegar mótmælaaldan rís, borin uppi af forustumönnum íslenzkrar menningar úr öllum flokkum, er ekki nokkurn bilbug að sjá á stjórnarflokkunum. Mér er ekki kunnugt um einn einasta þm. úr þessum flokkum, sem er reiðubúinn að rísa gegn flokksvaldinu og styðja málstað 60-menninganna á þingi. Og hæstv. menntmrh. þegir, aldrei þessu vant.

Við inngöngu Íslands í Atlantshafsbandalagið fyrir réttum 15 árum mælti einn hv. þm. þessi orð:

„Af setu erlends hers í landinu á friðartímum mundi stafa stórkostlegur þjóðernisháski.

Íslenzkri tungu og íslenzkri menningu hlyti að vera stefnt í voða, ef hér yrði erlendur her að staðaldri, og sjálfstæði landsins yrði nafnið eitt.

Hver mælti þessi stóru orð? Það var enginn annar en Gylfi Þ. Gíslason, núv. yfirmaður mennta- og menningarmála á Íslandi. Sá, sem áður varaði við áhrifum hersetunnar, hann ber nú höfuðábyrgð á innrás hermannamenningarinnar í íslenzkt þjóðlíf, svo stórfelldri, að þingmanninn Gylfa Þ. Gíslason hefði ekki órað fyrir slíku árið 1949. Þessi sami maður stendur nú í varnarstríði fyrir erlent sjónvarp gegn samfelldri fylkingu íslenzkra menntamanna. Stundum er mér nær að halda, að menntmrh. viti ekki, hvað íslenzk menning er.

Íslenzk menning er ekki dauður arfur frá liðinni tíð, handrit frá Sturlungaöld eða minjagripir hjá þjóðminjaverði. Íslenzk menning er skapandi starf þúsunda manna og lifandi áhugi og umræður tugþúsunda. Skilur ekki menntmrh., að þegar erlent sjónvarp er komið inn á fjórða hvert heimili í Reykjavík og nágrenni, hlýtur íslenzkt menningarstarf að vera í hættu? Þúsundir manna á Faxaflóasvæðinu dragast að nokkru út úr íslenzku félagslífi, bókmennta- og listalífi og hverfa frá íslenzkum viðfangsefnum til erlendra áhugamála. Erlendur aðili hefur brotizt með sterkasta áróðurstæki nútímans inn í íslenzka menningarhelgi.

Hefur hæstv. ráðh. gert sér það ljóst, að vegna sjónvarpsins eru þeir margfalt færri hér í kvöld en fyrir einu ári, sem hlusta á útvarpsumræður frá Alþingi og eru með því þátttakendur í vandamálum líðandi stundar? Svo að tekið sé dæmi, hefur hæstv. utanrrh., flokksbróðir Gylfa, langtum minna tækifæri til að koma ósannindum sínum á framfæri við þjóðina vegna þess, að þúsundir Íslendinga hafa í kvöld setið við sjónvarpið og horft á ameríska kúrekamynd, sem á íslenzku mundi nefnast „Hráskinn", eða þeir hafa beðið eftir þættinum „Fight of the week", sem þýðir á íslenzku „Slagsmál vikunnar", en sá þáttur átti að hefjast fyrir nokkrum mínútum, eða kl. 10, að sögn dagblaðsins Vísis.

Sjónvarpsmálið er ein af afleiðingum NATO-stefnunnar. Hin misheppnaða utanríkisstefna eftirstríðsáranna hefur alvarlega sýkt menningu þjóðarinnar og sjálfstæðisvitund, að ég tali ekki um siðferði. Eða hvað hugsa menn, þegar þjófnaðarmálin spretta eins og gorkúlur upp úr skíthaugum hernámsins næstum því mánaðarlega?

Ísland þarf nýja utanríkisstefnu. Það er kjarni þessa máls. Ísland á ekki að einangra sig frá öðrum þjóðum, slíkt dettur engum í hug. En þjóðin verður að halda reisn sinni. Íslendingar verða að varðveita sjálfstæði sitt og menningu, og þeir eiga ekkert erindi í herbandalag með nýlenduþjóðum og kjarnorkustórveldum. Íslendingar! Höldum góðri vináttu við Bandaríkjamenn, en vísum á brott hinum erlenda her og tökum upp þá einu stefnu, sem Íslandi sæmir, ævarandi hlutleysi í hernaði, því að eins og þjóðskáldið Davíð Stefánsson kvað:

„Svo viti það öll voldug þjóðabákn,
að vopnleysið er Íslands friðartákn."

Góða nótt.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Góðir hlustendur. Fyrir tæplega 50 árum var austurrískur erkihertogi myrtur í borginni Sarajevo suður á Balkanskaga. Þetta morð reyndist vera neisti, sem kveikti í púðurtunnu. Á skömmum tíma gerðust þau ótíðindi, að stórveldi álfunnar voru komin í stríð.

Þegar fregnir af þessum atburðum bárust hingað til Íslands, sló óhug á kynslóð aldamótanna, sem var bjartsýn og trúði á frið, frelsi og framfarir. Íslendingar óttuðust, að Danmörk kynni að dragast inn í ófriðinn, að erfitt yrði um aðdrætti og loks að peningaseðlar yrðu verðlausir. Haldnir voru kvöldfundir á Alþingi, skipuð sérstök nefnd og rætt um að kaupa gull í staðinn fyrir seðlana.

Þá gerðist það einn ágústdag 1914, að Guðmundur Björnsson landlæknir kvaddi sér hljóðs í þessum þingsal og spurði ráðh. landsins, hvað gert hefði verið til að tryggja öryggi þjóðarinnar, því að ekki nægði að ná sér í matinn og telja skildinga. Og landlæknir spurði: Hvaðan kemur mönnum sú vissa, að Ísland sé óhult í þessum mikla ófriði? Hverju sætir það, að þessi óvissa er orðin að fastri vissu? Trúa menn því, að varnarleysið sé öruggasta vörnin? Lúxembourg hafði varnarleysið að hlífiskildi. Þjóðverjar og önnur stórveldi hétu því órjúfandi griðum, fullu hlutleysi. En nú segja fréttirnar, að Þjóðverjar hafi tekið Lúxembourg og innlimað það fullvalda ríki. Hver herþjóðin, sem vill og til nær, getur tekið Ísland herskildi.

Hálf öld er liðin síðan þetta gerðist, og mikið vatn hefur runnið til sjávar. Íslenzka þjóðin er reynslu ríkari eftir tvær heimsstyrjaldir, en samt eru enn til menn á Alþ., sem flytja till. um hlutleysi og varnarleysi. Þeir verða enn að svara spurningum Guðmundar landlæknis frá 1914: Hvaðan kemur þeim sú vissa, að Ísland mundi óhult í nýjum ófriði? Hverju sætir það, að sú óvissa er orðin að fastri vissu? Hafa þeir Gils og Einar ekki séð, hversu haldlaust hlutleysi hefur reynzt flestum þjóðum Evrópu síðustu 50 ár?

Við lýstum að vísu yfir hlutleysi í sambandslögunum 1918. Þó voru leiðtogum þjóðarinnar fyllilega ljósir annmarkar þeirrar yfirlýsingar, og þeir treystu fjarlægðinni betur en hlutleysisyfirlýsingunni til að vernda þjóðina. Einar Arnórsson sagði, að enginn gæti gert við því, þótt hlutleysið væri brotið í ófriði, engin skrifleg skjöl gætu fyrirbyggt það. Magnús Torfason sagði, að yfirlýsingin væri engin vörn. Ef ófriðarþjóðir vildu slægjast til Íslands, mundi ekkert pappírsblað hindra það. Og í Reykjavík var gefið út blað, sem hét Einar Þveræingur. Þar stóð m. a.: „Hlutleysisgrýlan er hégómi, sem verið er að veifa framan í þjóðina." Eins og allir vita, hefur á þessum ófriðartímum hlutleysi og hlutleysisyfirlýsing ekkert haft að segja. Ófriðarþjóðir spyrja ekkert um hlutleysi. Og blaðið Njörður á Ísafirði sagði, að stórveldi gætu stungið okkur í vestisvasa sinn með sambandslögunum og öllu saman, ef þeim sýndist svo.

Þessar tilvitnanir sýna og sanna, að Íslendingum var vel ljóst 1918, hve lítil stoð mundi í hlutleysisyfirlýsingunni á ófriðartímum. Þess vegna er ekki rétt, heldur nálgast það sögufölsun

að telja þessa yfirlýsingu hyrningarstein íslenzkrar sjálfstæðisbaráttu, eins og ýmsir hafa reynt að gera. Hlutleysið hélzt í 22 ár, eða þar til næsti ófriður brauzt út. Það veitti Íslendingum enga vernd. Þegar fjarlægðin til annarra landa styttist vegna flugvéla og nýrra kafbáta, varð hlutleysið þýðingarlaust.

Jón Sigurðsson hugsaði og skrifaði um viðhorf Íslendinga til annarra þjóða. Hann sagði í Nýjum félagsritum einhverju sinni: „Það er að vísu enginn kostur á mannkyninu, að hver þjóð skuli verða að vera viðbúin til varnar á móti annarri eins og á móti villidýrum og að því leyti betur sem menn eru slægari en dýrin. En svo verður að búa sem á bæ er títt."

Íslendingar hafa endurreist lýðveldi á örlagatímum. Þjóðin hefur metið ástand heimsmála og markað þá stefnu, sem hún hefur talið vænlegasta til að tryggja frelsi sitt, öryggi og afkomu. Margar ákvarðanir hafa verið þungar í skauti og umdeildar, en það hefur verið gæfa okkar, að yfirgnæfandi meiri hluti þjóðarinnar, jafnan 80—85% kjósenda, hefur stutt þá stefnu, sem fylgt hefur verið. Hlutleysinu var varpað fyrir borð þegar árið 1940, og það hefur aldrei verið stefna þjóðarinnar síðan. Hernámi Breta í upphafi ófriðarins var að vísu mótmælt formlega, en þjóðin breytti ekki eftir þeim mótmælum, heldur tók upp virka samvinnu við bandamenn. Þessi afstaða var formlega staðfest 1941, þegar gert var samkomulag við Bandaríkin um varnir landsins, og heyrðist hlutleysi varla nefnt út styrjaldarárin.

Stærsta skref Íslendinga í utanríkismálum var þátttaka í Atlantshafsbandalaginu fyrir 15 árum. Þessi samtök eru hernaðarlegt varnarbandalag, sem hefur náð þeim tilgangi að stöðva framsókn kommúnista í Evrópu og tryggja frið á því svæði. Við Íslendingar tökum engan þátt í hinni hernaðarlegu hlið bandalagsins, nema hvað við gerum land okkar að hlekk í varnarkeðju með því að tryggja varnir þess. Þar með aukum við öryggi sjálfra okkar og nágranna okkar. Er rétt að gleyma ekki afstöðu og öryggi annarra þjóða eins og Norðmanna í nágrenni okkar í þessu sambandi. Ef Ísland segði sig skyndilega úr Atlantshafsbandalaginu, mundi sú ákvörðun t. d. koma eins og hnefahögg í andlit norsku þjóðarinnar og gerbreyta öryggi hennar og þeirri stefnu, sem hún hefur valið sér. Í þessum efnum stendur engin þjóð ein.

Þegar starf Atlantshafsbandalagsins er íhugað í heild, er rétt að líta á Evrópu alla og athuga það valdajafnvægi, sem þar er. Þetta jafnvægi var ekki til 1948—1949, enda sóttu austanmenn þá stöðugt á í Tékkóslóvakíu, Grikklandi og Þýzkalandi. Með stofnun Atlantshafsbandalagsins komst á það jafnvægi, að hvorugur getur lengur sótt á lönd hins. Er þetta undirstaða friðar í álfunni, og það sem meira er: jafnvægið milli Atlantshafsbandalagsins og Varsjárbandalagsins er sá hornsteinn, sem vonin um afvopnun hvílir á. Án þessa jafnvægis hefði aldrei verið samið um bann við tilraunum með kjarnorkusprengingar. Og á þessu jafnvægi byggjast tilraunir til frekari afvopnunar, sem við eigum öll að tengja miklar vonir við.

Nú bið ég menn að íhuga þetta atriði: Er það ekki í fyllsta samræmi við friðaróskir Íslendinga, að þjóðin taki á þennan hátt þátt í því samstarfi, sem hefur skapað jafnvægi, frið og byrjun á afvopnun í Evrópu? Hvað getum við betur gert í utanríkismálum?

Till. kommúnista um að losa Ísland úr Atlantshafsbandalaginu er tilraun til að spilla þessu jafnvægi, kljúfa bandalagið og veikja málstað lýðræðisþjóðanna. Af því mundi leiða nýja óvissu á siglinga- og flugleiðum yfir Atlantshafið, en sú óvissa mundi draga úr vonum um frið og afvopnun í næstu framtíð. Þetta skilur íslenzka þjóðin. Hún hefur hafnað hinum óraunhæfu hugmyndum um hlutleysi og verið mest á móti þeim, þegar hættuástand hefur ríkt og raunveruleg staða Íslendinga hefur verið skýrust. Á ófriðarárunum var ekki minnzt á hlutleysi Íslands. Þjóðin sá, að það var óraunhæf fjarstæða. Þegar Kóreustríðið brauzt út, blöstu sömu staðreyndir við. Allir þm. lýðræðisflokkanna samþykktu komu varnarliðsins, þ. á m. menn eins og Hannibal Valdimarsson og Hermann Jónasson. Kommúnistar héldu ekki einu sinni uppi málþófi hér á Alþ., og þeim kom ekki til hugar að flytja till. um hlutleysi. Þeir vissu hug íslenzku þjóðarinnar. Og enn má nefna ungversku byltinguna og Súezmálið, þegar heimsfriðurinn hékk á bláþræði. Það haust talaði enginn um hlutleysi á Íslandi, og meira að segja kommúnistar lögðu niður rófuna. Þannig hefur þjóðin skilið aðstöðu sína bezt, þegar uggvænlegast hefur verið í heimsmálum, og einmitt þá hafnað hlutleysi sem óraunhæfri stefnu.

Við deilum um öryggi þjóðarinnar. Kommúnistar segja, að varnarliðið mundi, ef til ófriðar kæmi, kalla yfir þjóðina árás. En lýðræðisflokkarnir halda fram, að varnarlaust land mundi strax verða hernumið og um það barizt.

Varnir Íslands eru taldar nægilegar til þess, að ekki verði gerð á það árás, þótt til ófriðar drægi. Landið er hluti af varnarkerfi og hingað mundi berast mikill liðsstyrkur flugleiðis á fáum klukkustundum, ef hans væri þörf. Við höfum valið þann kost að neita öllum kjarnorkuvopnum í landi okkar, og þar af leiðandi er ekki rökrétt ástæða til að ætla, að hér sé nokkurt skotmark fyrir kjarnorkusprengjur í byrjun nýs ófriðar. Hins vegar væri hægt að taka landið, ef það væri varnarlaust, og mundi þá mótaðilinn örugglega gera gagnárás. Er mikil fjarstæða að halda, að kjarnorkustyrjöld mundi þýða, að mannkynið eyddist allt eða lamaðist. Það er nokkurn veginn víst, að þótt það tæki nokkur ár, þá yrði annaðhvort stórveldið að hernema land hins til að vinna styrjöldina. Þess vegna búa stórveldin öll, bæði í austri og vestri, sig undir hernað á gamla mátann engu síður en hina nýju kjarnorkustyrjöld, og þess vegna verðum við að hugsa um okkar land, okkar öryggi og okkar frið á þeim vettvangi líka. Ef til vill getur Ragnar Arnalds útskýrt, hvers vegna svo að segja allar þjóðir heims verja stórkostlegum fjármunum til að halda uppi landvörnum án kjarnorkuvopna, ef þær eru eins tilgangslausar og hann telur.

Sænski landvarnaráðh., Sven Andersson, sagði fyrir nokkrum árum um hlutleysi Svía: „Það hefur verið veigamikið skilyrði fyrir þessari stefnu, að Svíþjóð hefur haldið uppi eigin varn-

arstyrk, nægilega öflugum til þess, að land okkar hefur ekki orðið hernaðarlegt tómrúm."

Andersson taldi, að varnarleysi mundi gera Svíþjóð að hernaðarlegu tómrúmi og hernaðarlegt tómrúm mundi gera hlutleysið þýðingarlaust og gagnslaust. Sem dæmi um land, þar sem einmitt þetta hefur nýlega komið fyrir, má nefna Laos. Það land var með samningum gert hlutlaust fyrir nokkrum árum og varð þá að slíku tómrúmi. En þá streymdu strax inn í landið herir frá bæði austri og vestri, og þar hefur verið vígvöllur stöðugt síðan. Það er athyglisvert, að kommúnistar skuli sérstaklega tala um hlutleysi í Suðaustur-Asíu, þar sem við sjáum fyrir okkur, hvernig kommúnisminn étur hlutlausu ríkin upp. Sá er vafalaust þeirra tilgangur, hérna megin á hnettinum alveg eins og þar.

Stundum hefur verið haldið fram, að við Íslendingar ættum að semja við Bandaríkin og Sovétríkin um hlutleysi og varnarleysi landsins. Ef slíkir samningar um friðlýsingu Íslands væru gerðir, mundi verða litið á þá sem samkomulag milli Ameríkumanna og Rússa um Ísland, en á því andartaki, er ófriður brytist út á milli þessara þjóða, væri samkomulagið af sjálfu sér ógilt og úr sögunni. Slík friðlýsing mundi því óhjákvæmilega bregðast á þeirri stundu, er hún ætti að vernda Íslendinga. Einnig þetta, eins og annað hjá hlutleysissinnum, er óraunhæf hugmynd.

Lengi var hægt að bera virðingu fyrir þjóðvarnarmönnum, af því að skoðanir þeirra spruttu af einlægri, íslenzkri þjóðerniskennd, þótt þær væru hvorki skynsamlegar né raunhæfar. En síðan Þjóðvfl. var seldur kommúnistum fyrir eitt þingsæti, er þetta breytt, því að um kommúnista er allt öðru máli að gegna.

Hlutleysi er í sjálfu sér algerlega andstætt kommúnismanum. Hann er þróttmikil byltingarstefna, sem hefur alla tíð talið það heigulshátt að vera hlutlaus í átökum um örlög mannkynsins. Kommúnistar báru litla virðingu fyrir hlutleysi Evstrasaltsríkjanna. Þau höfðu þessa stefnu, sem nú er kölluð „ný utanríkisstefna fyrir Ísland", — og hver urðu örlög þeirra? Kommúnistar tala ekki um að gera Norður-Vietnam hlutlaust, en þeir vilja stöðugt gera Suður-Vietnam hlutlaust. Hvaða munur er á þessum ríkjum? Jú, þeir hafa þegar náð Norður-Vietnam, svo að það er tilgangslaust í þeirra augum að tala um hlutleysi þess. Kommúnistar tóku ungverska forsrh. Nagy af lífi fyrir að vilja gera Ungverjaland hlutlaust. Þannig mætti lengi telja rök fyrir því, að í raun og veru telja kommúnistar hlutleysi ríkja aðeins biðsal. áður en þau eru dregin inn í heim kommúnismans. Þessa staðreynd skulum við Íslendingar gera okkur ljósa. Vegna hennar getum við ekki tekið hlutlevsisstefnu kommúnista alvarlega. Þeir eru fyrst og fremst að hugsa um, hvernig þeir geti gert Ísland að kommúnistísku alþýðulýðveldi, og þeim virðist hlutleysi vera ærið gott skref í þá átt. En hvað er Gils að gera í þeirra félagsskap?

Till. sú, sem hér er til umr., kveður á um gerbreytingu þeirrar utanríkisstefnu, sem íslenzka lýðveldið hefur fylgt frá stofnun 1944. Við skulum gera okkur grein fyrir, hver þessi stefna er.

Utanríkisstefna Íslendinga er í fyrsta lagi þátttaka í bandalagi Sameinuðu þjóðanna og einlægur stuðningur við hugsjón bandalagsins um frið og öryggi allra landa á grundvelli frelsis og réttar. Utanríkisstefna Íslendinga er í öðru lagi samstarf við grannþjóðir okkar í Atlantshafsbandalaginu til að skapa valdajafnvægi í okkar hluta heims og þar með grundvöll fyrir frið og afvopnun. Utanríkisstefna Íslendinga er í þriðja lagi samstarf við hinar norrænu þjóðirnar. Þar fáum við holl ráð og stuðning í ólgusjó heimsmála og nokkurt mótvægi gegn áhrifum stórveldanna. Utanríkisstefna Íslendinga er í fjórða lagi að dreifa viðskiptum til að tryggja örugga markaði. Þess vegna höldum við miklum austurviðskiptum við hlið verzlunar við Vesturlönd. Utanríkisstefna Íslendinga er í fimmta lagi að styðja nýfrjálsar þjóðir í lífsbaráttu þeirra. Við höfum á alþjóðavettvangi, hvað sem Ragnar Arnalds segir, greitt atkv. með Kýpur gegn Bretum, með Alsír gegn Frökkum og á fjöldamörgum öðrum stöðum fylgt þeirri sömu stefnu. Við þurfum að vísu að gera betur, við þurfum að veita fátækum þjóðum beinan fjárhagsstuðning til þess að gera fulla skyldu okkar við þær. Utanríkisstefna Íslendinga er í sjötta og síðasta lagi að standa á rétti okkar í öllum málum, t. d. landhelgismálinu, hverjir sem á móti tefla. Þetta höfum við gert með þeim árangri, að Íslendingar eru nú þekktir víða um lönd að því að vera sjálfstæðastir allra sjálfstæðra þjóða.

Þetta hefur verið og er stefna okkar, sem kommúnistar vilja breyta. Þetta er raunhæf stefna, byggð á því, sem Jón Sigurðsson benti á, að við verðum að búa eins og á bæ er títt. Annar merkur Íslendingur, Hermann Jónasson, sagði 1941: „Það erum ekki við, sem höfum breytzt, heldur veröldin kringum okkur, og við verðum að haga okkur samkvæmt því."

Þess vegna hefur íslenzka þjóðin hafnað hlutleysi og gerir enn. Það samrýmist ekki landfræðilegri stöðu okkar eða aðstæðum á þeim hluta hnattarins, þar sem forsjónin hefur sett okkur niður. Það getur dugað í Ceylon eða Sviss, en hér og nú dugir það ekki.

Undanfarin 20 ár, síðan lýðveldið var stofnað, hefur þjóðin haft alíslenzka utanríkisstefnu, sem hefur mótazt af frelsi Íslands, öryggi og velmegun. Við skulum styrkja þá stefnu í framtíðinni. Með því vinnum við Íslandi bezt. — Góða nótt.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Hér á landi hefur á seinustu árum gætt þriggja meginstefna í afstöðu til utanríkismála, þ. e. stefnu Alþb. eða Sósfl., stefnu forráðamanna núv. stjórnarflokka og stefnu framsóknarmanna.

Stefna Alþb. hefur verið hin sama og stefna kommúnistaflokka í öðrum vestrænum löndum. Hún hefur í samræmi við stefnu annarra kommúnistaflokka beinzt að því megintakmarki að fjarlægja Ísland sem mest frá öllu samstarfi við vestrænar þjóðir, en þessa einangrun hefur síðan átt að nota til þess að koma á sem nánustum skiptum við kommúnistalöndin. Þetta hefur ekki verið sagt opinberlega, heldur reynt að breiða yfir þetta skikkju hlutleysisins. Til þess að fela sem dyggilegast nafn og númer hafa ýmsir óflokksbundnir meðreiðarsveinar,

eins og Alfreð Gíslason, Gils Guðmundsson og Ragnar Arnalds, verið notaðir til að túlka þessa stefnu, en sjálfir forustumenn kommúnista hafðir í felum, eins og hefur gætt í þessum umr. Þetta eru algeng vinnubrögð kommúnista, þar sem þeim þykir ekki sigurvænlegt að koma hreint til dyra.

Stefna forráðamanna stjórnarflokkanna, Sjálfstfl. og Alþfl., hefur verið alveg gagnstæð. Þeir hafa ekki aðeins talið rétt að hafa sem nánast samstarf við vestrænar þjóðir, heldur að Íslendingum bæri að haga sér eins og þeim væri fyrir lagt af stórveldunum í hinum vestrænu þjóðasamtökum. Innan Atlantshafsbandalagsins hafa þeir fylgt þeirri stefnu, að Íslendingum bæri að gera hvað eina, sem af þeim væri krafizt af herforingjaráði bandalagsins. Annað væri svik við bandalagið, og það væri líka vantrú á styrk íslenzkrar menningar og íslenzku þjóðina, ef landið væri ekki opið útlendum mönnum og útlendum áhrifum hömlulítið eða hömlulaust. Strax og það komst á dagskrá, að Bretland gerðist aðili að Efnahagsbandalagi Evrópu, vildu forráðamenn stjórnarflokkanna ólmir, að Ísland gerðist aðili þess með einhverjum hætti, og voru bersýnilega fúsir til að fórna því í staðinn, að útlendingar öðluðust hér margvísleg réttindi, sem þeir hafa ekki nú. E. t. v. kemur þessi afstaða forráðamanna stjórnarflokkanna þó einna skýrast fram í Hvalfjarðarmálinu nýja, þar sem margt bendir til, að þeir séu ekki ófúsir til að fallast á óskir NATO um bækistöð í Hvalfirði, sem síðar mætti nota fyrir kjarnorkuvopnaflota þess. Af svipuðum ástæðum hafa forustumenn stjórnarflokkanna ekki heldur viljað, að Alþingi lýsti yfir því, að hér yrðu aldrei staðsett kjarnorkuvopn.

Afstaða Framsfl. er mjög frábrugðin afstöðu Alþb. og einnig afstöðu forráðamanna stjórnarflokkanna. Við kommúnista greinir framsóknarmenn m. a. á um þetta: Samvinna við vestrænar þjóðir er nauðsynleg. Íslendingar eiga að gera það, sem eðlilegt verður talið af þeirra hálfu, til þess að hafa hana góða. Þótt Íslendingar kappkosti að sjálfsögðu góða sambúð við allar þjóðir, er legu Íslands, viðskiptum, menningu og stjórnarfarslegum hugsjónum þannig háttað, að Ísland hlýtur að hafa nánust skipti við hinar vestrænu þjóðir, þ. e. þjóðir Norður-Ameríku og Vestur-Evrópu. Auk þess að flestar þjóðir taka nú þátt í margvíslegum alþjóðasamtökum, taka þær einnig þátt í marghátttuðum svæðisbandalögum, er fjalla um ýmis sérmál viðkomandi heimshluta, t. d. varnarmál. Þetta gerir þátttöku Íslands í vestrænni samvinnu eðlilega og jafnvel óhjákvæmilega í mörgum efnum. Þess vegna hafna framsóknarmenn þeirri stefnu kommúnista, að Ísland eigi að einangra sig frá vestrænum þjóðum, en sá er megintilgangur kommúnista, þótt þeir reyni að klæða stefnu sína öðrum búningi. Framsóknarmenn vilja ekki, að Ísland einangrist eins og Kúba.

Við forustumenn stjórnarflokkanna greinir okkur framsóknarmenn á um þetta: Við erum, eins og þeir, fylgjandi vestrænni samvinnu, en teljum hins vegar með öllu rangt að láta henni fylgja það, að erlendir menn geti sagt okkur fyrir verkum og að íslenzk stjórnarvöld fari eftir öllu því, sem lagt er til af herforingjaráði Atlantshafsbandalagsins. Ísland má aldrei kaupa þátttöku í þjóðabandalögum því verði að glata sjálfsákvörðunarréttinum í örlagaríkustu málum landsins. Þátttaka okkar í Atlantshafsbandalaginu sviptir okkur ekki á neinn hátt þessum rétti, því að í sjálfum stofnlögum bandalagsins er tekið skýrt fram, að hvert ríki ráði sjálft því, er það leggur af mörkum. Þessu til enn frekari staðfestingar var það áréttað af Íslands hálfu við inngönguna í bandalagið, að Ísland teldi sig óskuldbundið til að leyfa hér hersetu á friðartímum. Á Íslandi hvíla því ekki neinar kvaðir um að leyfa hér hersetu eða herstöðvar, nema Íslendingar vilji það sjálfir. Þess vegna er það meira en furðulegt, þegar málgögn stjórnarflokkanna eru að stimpla það svik við bandalagið og fjandskap af Íslands hálfu, ef það vill ekki fallast á allar kröfur herforingjaráðs bandalagsins um hersetu eða herstöðvar hér á landi. Á slíka rangtúlkun samnings Atlantshafsbandalagsins munu framsóknarmenn aldrei fallast né afsala sjálfsákvörðunarréttinum á þennan hátt eða annan í hendur erlends valds. Í þessum efnum hafa framsóknarmenn líka til fyrirmyndar þær smáþjóðir, sem nú njóta einna mests álits, Norðmenn og Dani, sem hvað eftir annað hafa hafnað óskum frá herforingjaráði Atlantshafsbandalagsins um herstöðvar í löndum þeirra, um lengd herskyldutíma, framlög til hermála o. s. frv. Norðmenn og Danir hafa þannig haldið fast við sjálfsákvörðunarrétt sinn í þessum efnum, eins og framsóknarmenn vilja að Íslendingar geri. Eins eindregið og framsóknarmenn eru mótfallnir því, að Ísland einangri sig frá vestrænum þjóðum, líkt og Kúba, jafneindregið eru þeir mótfallnir því, að Ísland verði leppríki vestrænna stórvelda, líkt og Guatemala og Panama.

Af hálfu andstæðinga okkar framsóknarmanna er því stundum haldið fram, að stefna okkar sé ekki eins glögg og stefna Alþb., sem vill einangra okkur frá vestrænum þjóðum, eða stefna forustumanna stjórnarflokkanna, sem vilja hlíta forsjá vestrænna stórvelda í nær því hvívetna. Framsóknarmenn vilji hér þræða milliveg, sem sé ekki alltaf nægilega ljós.

Ég vil svara þessu hiklaust þannig, að stefna Framsfl. sé hin eina, sem er raunhæf, ef þjóðin vill halda sjálfstæði sínu og virðingu. Í hinum nýja heimi, þar sem fjarlægðirnar eru að þurrkast út, er það vonlaust að ætla að einangra sig frá nágrannaþjóðum sínum án þess að hljóta af því margvíslegt tjón. En á sama hátt er það líka hættulegt fyrir smáþjóð að ganga fram með stærilæti og segja, að menning hennar sé svo sterk, að hún þoli að opna land sitt fyrir hvers konar erlendum áhrifum, menningarlegum sem fjárhagslegum, og alveg sé óhætt að fela erlendum aðilum sjálfsákvörðunarvald í málum hennar. Í þessum efnum gildir það framar en flestum öðrum, að hér verður að sigla milli skers og báru, leitast við að einangrast ekki, en verja þó menningu sína og sérstöðu gegn of mikilli ágengni. Framtíð Íslendinga sem sjálfstæðrar þjóðar veltur á því, hvort okkur tekst að þræða þennan vandfarna meðalveg.

Af hálfu forustumanna stjórnarflokkanna er því mjög haldið fram, að vestrænar þjóðir séu vinaþjóðir okkar. Á þennan hátt er reynt að

gefa til kynna, að okkur sé áhættulaust að fela stofnunum þeirra, eins og herforingjaráði NATO, sjálfsákvörðunarvald í málum okkar. Ég skal á engan hátt gera lítið úr velvild þeirra þjóða né annarra í garð Íslendinga. En þeirri staðreynd má hins vegar ekki gleyma, að það eru fyrst og fremst hagsmunir þjóðanna, sem móta afstöðu þeirra til annarra, en ekki umhyggja fyrir öðrum. Í hvert sinn, sem hagsmunir okkar og annarra vestrænna þjóða rekast á, hugsa þær vissulega meira um sinn hag en okkar. Þetta sýndi bezt framkoma Breta í landhelgisdeilunni. Þess vegna er það hættulegt að treysta svo á góðvild annarra, að dýrustu réttindi séu af hendi látin. Íslendingar verða ekki lengi sjálfstæðir, ef þeir treysta meir á aðra en sjálfa sig.

Ég tel rétt að víkja nokkrum orðum alveg sérstaklega að Hvalfjarðarmálinu. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að það hefur lengi verið ósk Bandaríkjanna að fá varanlega herstöð í Hvalfirði. Fljótlega eftir síðari heimsstyrjöldina fóru Bandaríkin þess á leit að fá hér herstöðvar næstu 99 árin. Alveg sérstaklega óskuðu þau þó eftir því að fá að halda herstöðinni í Hvalfirði. Allir flokkar voru þá sammála um að hafna beiðni þeirra um herstöð í Hvalfirði, því að ljóst var, að ef þeir dveldust þar áfram, mundi stefna að varanlegri hersetu á Íslandi. Með þessu voru þeir þó ekki af baki dottnir, því að bráðlega eftir að varnarsamningurinn var gerður 1951, fóru að koma fram nýjar óskir um herstöð í Hvalfirði. Slíkum óskum var hafnað, þegar dr. Kristinn Guðmundsson var ráðh. á árunum 1954—1956 og aftur í tíð vinstri stjórnarinnar á árunum 1956—1958. Í þessi skipti var það herforingjaráð Atlantshafsbandalagsins, sem stóð að óskum um herstöð í Hvalfirði. Þessar neitanir virðast hafa orðið þess valdandi, að mál þetta hefur legið í salti hjá Atlantshafsbandalaginu þangað til á s. l. ári. Það virðist þá hafa verið vakið til lífs að nýju í sambandi við áætlunina um hinn sameiginlega kjarnorkuvopnaflota Atlantshafsbandalagsins, sem á að byggjast á olíuknúnum ofansjávarskipum. Bandaríkin hafa aldrei viljað veita hinum NATO-ríkjunum aðild að kjarnorkukafbátaflota sínum, en hins vegar talið rétt að ganga til móts við óskir þeirra um nokkur umráð yfir kjarnorkuvopnum, einkum vegna óska Vestur-Þjóðverja. Þess vegna gerði Norstad, yfirhershöfðingi NATO, þá till., að NATO-löndin kæmu sér upp sameiginlegum kjarnorkuvopnaflota, sem í væru 24 olíuknúin ofansjávarskip, hvert um 10 þús. smál. að stærð og hvert búið 8 langdrægum kjarnorkueldflaugum. Á þessum skipum eiga að vera blandaðar áhafnir frá þeim ríkjum, sem vilja gerast aðilar að þessum flota, og verður byrjað að bjálfa fyrstu áhöfnina í næsta mánuði. Aðeins 7 ríki innan Atlantshafsbandalagsins hafa óskað eftir aðild að þessum flota. Meðal þeirra, sem hafa lýst yfir því, að þau vilji enga aðild eiga að þessum flota, eru Noregur og Danmörk. Bretland hefur enn ekki tekið endanlega ákvörðun um aðild, og má telja víst, að ekki verði neitt úr henni, ef Verkamannaflokkurinn vinnur þingkosningarnar á þessu ári. Ef Bretland verður ekki aðili og hvorki Noregur né Danmörk, mun þennan flota skorta bækistöð á Norður-Atlantshafinu, og þarf því ekki að undra, þótt rennt sé vonaraugum til Hvalfjarðar í sambandi við þennan ráðgerða kjarnorkuvopnaflota. Beiðni sú, sem nú er borin fram í sambandi við bækistöð í Hvalfirði, lítur stórum meinleysislegar út en fyrri beiðnir um sama efni. Nú er aðeins beðið um aukningu á olíugeymum og legufærum. Öllu meira þarf ekki heldur til þess, að hægt sé að breyta Hvalfirði í bækistöð fyrir olíuknúin ofansjávarskip búin kjarnorkuvopnum. Það er líka eins víst og tveir og tveir eru fjórir, að þegar einu sinni er búið að fallast á aukinn útbúnað fyrir flotastöð í Hvalfirði, verður örðugra að hafna næstu beiðni um aukna aðstöðu þar. Hér er farin sú klóklega leið að ná fótfestu í áföngum.

Strax og þær fréttir bárust á s. l. sumri, að Atlantshafsbandalagið hefði farið fram á bækistöð í Hvalfirði, lýsti Framsfl. sig því andvígan, að það yrði leyft. Það er í samræmi við þá stefnu, sem fylgt hefur verið síðan í lok heimsstyrjaldarinnar, að leyfa ekki herstöð í Hvalfirði, því að ef erlendur aðili fengi að búa um sig þar, mundi reynast stórum örðugra að koma honum í burtu, þegar friðarhorfur bötnuðu, en frá flugvellinum í Keflavík. Það er í samræmi við þá stefnu, að Íslendingar hafi ekki her né herstöðvar í landi sínu stundu lengur en ýtrasta þörf krefur að dómi þeirra sjálfra, og því verði sá herbúnaður, sem hafður er í landinu á hættutímum, eins lítill og auðið er. Það er í samræmi við þá stefnu, að þegar friðarhorfur batna í heiminum, eiga Íslendingar heldur að hjálpa til að draga úr víghúnaði en að auka hann. Æðstu menn vesturveldanna, eins og forseti Bandaríkjanna og forsrh. Bretlands, segja nú hiklaust, að friðarhorfur fari batnandi og vonir um samkomulag séu nú betri en um langt skeið. Það væri hörmulegt öfugstreymi, ef hin friðsama íslenzka þjóð leyfði auknar herstöðvar í landi sínu undir slíkum kringumstæðum.

Af hálfu ýmissa talsmanna stjórnarflokkanna er þeitt hinum furðulegustu blekkingum í sambandi við þetta mál. Annað veifið er það stimplað sem svik við NATO og lýðræðið í heiminum, ef þetta leyfi yrði ekki veitt, og með því gefið til kynna, að hér sé um mjög örlagaríkt stórmál að ræða. Hitt veifið er reynt að gera sem minnst úr málinu og það talið sambærilegt að veita NATO leyfi til að byggja olíugeyma í Hvalfirði og að leyfa Olíufélaginu að hafa olíugeyma í Hafnarfirði eða Skeljungi í Skerjafirði. Hvort tveggja er þetta jafnrangt. Það er engin brigð við NATO, þó að Ísland fallist ekki á herstöð, sem að dómi þess sjálfs er óþörf og ótímabær, heldur hafa Íslendingar til þess fullan rétt samkv. sáttmála NATO og fyrri yfirlýsingu sinni. Það er svo vissulega alveg ósambærilegt að veita erlendu hernaðarbandalagi rétt til að byggja olíugeyma og legufæri á hernaðarlega mikilvægasta stað landsins og að leyfa íslenzku olíufélagi að reisa olíugeyma vegna augljósra þarfa landsmanna. Þetta mál er sannarlega alvarlegra en svo, að rétt sé að skopast að því á þennan hátt. Sams konar útúrsnúningur er líka það að ætla að bera saman annars vegar lóranstöðina á Snæfellsnesi og radarstöðvarnar á Langanesi og í Hornafirði og hins vegar auknar olíustöðvar og legufæri í Hvalfirði. Lór-

anstöðvar eða radarstöðvar geta aldrei orðið bækistöðvar fyrir kjarnorkuvopnaflota eins og hin umbeðnu mannvirki í Hvalfirði.

Vegna ræðu hv. þm. Davíðs Ólafssonar kemst ég ekki hjá að minnast hér að lokum þess samnings, sem er verstur allra samninga, sem Íslendingar hafa gert, síðan þeir urðu frjáls þjóð, og reynzt getur íslenzkum sjávarútvegi hinn versti fjötur, ef ekki tekst að fá hann felldan úr gildi sem fyrst. Hér á ég að sjálfsögðu við landhelgissamninginn frá 1961. Haustið 1960 var svo komið, enda játaði núv. forsrh. það þá í umr. í Ed., að Íslendingar voru búnir að vinna fullan sigur í 12 mílna deilunni við Breta þrátt fyrir andstöðu Sjálfstæðisfl. gegn útfærslunni vorið og sumarið 1958 og þrátt fyrir tilraunir Breta til að hindra hana með ofbeldi um skeið. Íslendingar þurftu því enga samninga að gera við Breta um þetta mál. Málið var fullkomlega unnið. Þrátt fyrir það settust núv. stjórnarherrar að samningaborði með brezkum ráðh. og féllust á, að Íslendingar mættu ekki færa fiskveiðilandhelgi sína frekar út nema annaðhvort með samþykki Breta sjálfra eða alþjóðadómstólsins í Haag. Fyrir smáþjóð eins og Íslendinga er það vissulega sjálfsagt að leggja mál sitt undir úrskurð alþjóðadóms, þegar fyrir hendi eru ákveðin lög eða samningar til að dæma eftir. Deilumál, þar sem ekki eru lög eða samningar fyrir hendi, heyra hins vegar undir aðrar stofnanir Sameinuðu þjóðanna. Slíkum deilumálum vísa smáþjóðir undantekningarlaust ekki til alþjóðadómstólsins, heldur til öryggisráðs eða allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna. Nú er þannig háttað, að ekki eru til nein alþjóðleg lög eða alþjóðlegir samningar um víðáttu fiskveiðilandhelginnar, og því veit enginn, hvað alþjóðadómstóllinn kann að úrskurða í þeim efnum. Meðan svo háttar, að ekki eru til nein lög eða samningar um víðáttu fiskveiðilandhelginnar, telur hver þjóð sig hafa einhliða rétt til útfærslu á henni innan þeirra marka, sem hún álítur sér nauðsynlegt og framkvæmanlegt. Samkvæmt þessum einhliða rétti færðu Íslendingar út fiskveiðilandhelgina 1952 og 1958. Bretar lögðu til strax haustið 1958 að vísa útfærslunni á fiskveiðilandhelgi Íslands til alþjóðadómstólsins, en enginn íslenzkur stjórnmálaflokkur vildi þá fallast á það. Í stað þess lagði Sjálfstfl. til, að málinu yrði vísað til Atlantshafsbandalagsins. En Guðmundur Í. Guðmundsson lagði til, að allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna fjallaði um málið, eins og líka var rétt málsmeðferð. Ástæðan fyrir því, að Íslendingar vildu þá ekki vísa málinu til alþjóðadómstólsins, var sú, að engin alþjóðleg lög voru til um víðáttu fiskveiðilandhelginnar, og meðan svo væri, vildu þeir ekki skerða hinn einhliða útfærslurétt sinn. Með hinum furðulega landhelgissamningi 1961 létu Íslendingar hinn einhliða útfærslurétt sinn af hendi og féllust á málsskot til alþjóðadómstólsins, ef Bretar vildu ekki samþykkja útfærsluna. Brezkir ráðh. hafa lýst þeirri trú sinni, að þetta tryggi það, að Íslendingar geti ekki fært út fiskveiðilandhelgi sína næstu 25 árin. Hvílíkum rétti Íslendingar hafa hér afsalað sér, sést bezt á því, að nýlega var sagt frá því í fréttum, að stjórn Argentínu væri að undirbúa útfærslu á fiskveiðilandhelginni langt úr fyrir 12 mílur. Þetta byggir stjórn Argentínu á því, að hún hafi einhliða útfærslurétt og sé ekki skuldbundin til að leggja útfærsluna undir úrskurð alþjóðadómstólsins, sem enginn veit, hvernig mundi falla, þar sem rétturinn hefur engin lög til að dæma eftir og kann því að byggja á meira og minna úreltri hefð. Ef Íslendingar hefðu ekki bundið sig með samningnum 1961, hefðu þeir nú óbundnar hendur líkt og Argentína og gætu látið fiskveiðilandhelgina ná til alls landgrunnsins, þegar þeim þætti tími til kominn. Sést bezt á þessu, hvílíkt réttindaafsal er fólgið í samningnum frá 1961 og hvílíkur fjötur hann getur orðið sjávarútveginum, ef ekki tekst að fá hann afnuminn.

Stjórnarflokkarnir bera það stundum fram til réttlætingar samningnum frá 1961, að á alþjóðlegu landhelgisráðstefnunni 1958 hafi Íslendingar verið reiðubúnir til þess að fallast á 12 mílna fiskveiðilandhelgi. Þetta er algerlega rangt. Íslendingar beittu sér þá fyrir því, að strandríki, sem væri mjög háð fiskveiðum, hefði frekari útfærslurétt, ef fiskstofninn væri í hættu, og um það skyldi gerðardómur fjalla, ef þess væri krafizt. Það var vissulega allt annað að fallast á gerðardóm, sem átti að dæma eftir ákveðnum reglum, er auðsjáanlega voru hagstæðar Íslandi, en fallast á úrskurð alþjóðadómstólsins, sem hefur engar ákveðnar reglur til að fara eftir, og hending ein getur því ráðið, hvernig úrskurður hans verður.

Landhelgissamningurinn frá 1961 er hörmulegt dæmi þess, hvernig smáþjóð á ekki að halda á málum sínum. Hér, eins og á mörgum öðrum sviðum, hefur ráðið sú skoðun forráðamanna stjórnarflokkanna, að Íslendingum sé óhætt að gefa útlendingum sjálfdæmi í íslenzkum málum. Það séu alltaf góð ráð, sem valdamenn vestrænu stórveldanna hvísla í eyru íslenzkra valdamanna í morgunverðarboðum og hádegisverðarboðum, alveg eins og kommúnistar telja það hina einu réttu línu, sem rússneskir ráðamenn hvísla í eyru þeirra. Því skal ekki á móti mælt, að erlendir valdamenn geta verið okkur vinveittir, en það er enginn óhróður, þótt því sé jafnframt haldið fram um þá, að þeir séu meiri vinir þjóðar sinnar en Íslendinga. Það er þetta, sem öllum íslenzkum stjórnmálamönnum þarf að lærast, að varðandi rétt og hagsmuni Íslands er engum að treysta nema Íslendingum sjálfum. Ef Íslendingar bregðast sjálfir á þeim verði, mun íslenzkri sögu ljúka á þann veg, er enginn okkar mun þó raunverulega óska eftir. — Góða nótt.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Þessum sérstæðu umr. er nú að ljúka. Fulltrúar þeirra þriggja flokksbrota, sem kommúnistar hafa innlimað í svokallað Alþb., hafa í ræðum sínum hér í kvöld rækilega sannað það, að heilaþvotturinn hefur tekizt svo vel, að ekki mátti á milli sjá, hver þeirra túlkaði dyggilegast hina kommúnistísku utanríkisstefnu. Hætt er þó við, að hinir kommúnistísku húsbændur hv. þm. Ragnars Arnalds hafi brosað kaldhæðnislega, er hann staðhæfði, að skoðanir sínar á utanríkismálum væru óháðar. En annars hefur þessi ungi þm. á sínum stutta þingferli náð ótrúlegum árangri í

hávaðasamri ræðumennsku, svo að lærimeistari hans, hv. 3. þm. Reykv., má fara að vara sig.

Framsfl. hefur í þessum umr. verið dyggur þeirri meginstefnu sinni að hafa a. m. k. tvær stefnur í hverju máli. Annars vegar var ábyrgur og heiðarlegur málflutningur varaformanns flokksins, hins vegar öfgafullur og rangfærslukenndur málflutningur talsmanns Tímadeildar flokksins, sem veldur því, að enginn veit, hvaða stefnu flokkurinn raunverulega hefur. Þessi hv. þm. flutti enn einu sinni þá alröngu staðhæfingu, að ríkisstj. ætlaði að leyfa flotastöð í Hvalfirði, jafnvel gaf í skyn kjarnorkukafbátastöð. Hv. þm. veit, að hér er aðeins um olíubirgðastöð að ræða, sem að vísu Olíufélagið á ekki að ráða yfir, svo sem áður var. Það skyldi þó ekki ráða einhverju um afstöðu Framsfl.?

Allt frá stofnun íslenzka lýðveldisins hefur utanríkisstefna þess verið í höfuatriðum óbreytt, svo sem hún þá þegar var mörkuð undir forustu þáv. utanrrh., fyrst Ólafs Thors og síðan Bjarna Benediktssonar. Þau meginatriði eru vernd og trygging sjálfstæðis þjóðarinnar og efnahagslegs öryggis með aðild að alþjóðlegum samtökum til verndar friði og réttaröryggi og í nánu samstarfi við vestrænar lýðræðisþjóðir, bæði um efnahagssamvinnu og varnir, eftir að hinn alþjóðlegi kommúnismi tók að brjóta með ofbeldi undir sig frjálsar þjóðir hverja af annarri. Þótt einstaka frávik hafi orðið um stundarsakir frá þessari stefnu vegna þess, að sumir flokkar hafa fallið í þá freistni að draga utanríkismálin inn á vettvang innlendrar flokkabaráttu, þá hefur þó reyndin orðið sú, að þegar til úrslita kom, reyndist þessi stefna eiga svo sterkan hljómgrunn hjá þjóðinni, að engin ríkisstjórn frá stríðslokum hefur talið fært að hverfa frá henni, og lýðræðisflokkarnir, þó stundum með brotalöm í Framsfl., hafa staðið að þessari meginstefnu, þótt að vísu Sjálfstfl. einn hafi óhvikull og einhuga aldrei látið stundar öldurót á innlendum vettvangi hrekja sig frá stefnunni.

Kommúnistar og hjálpardeild þeirra í Þjóðvfl., sem nú hefur endanlega verið innbyrt í skútu kommúnistanna, hafa hins vegar aldrei farið dult með andúð sína á utanríkisstefnu þessari. Þar ráða eðlileg sjónarmið manna, sem telja það Íslendingum farsælast að komast í tölu svokallaðra alþýðulýðvelda. Ágreiningur um utanríkismál varð þess valdandi, að nýsköpunarstjórnin rofnaði á sínum tíma, því að af hálfu sjálfstæðismanna hefur aldrei komið til álita að hörfa frá þessari utanríkisstefnu. Það sannar þó kannske skýrast, hversu stefna þessi er raunhæf og Íslendingum nauðsynleg, að enda þótt kommúnistum hefði tekizt að þoka vinstra liðinu í Framsókn það í austurátt að fá samþykkta yfirlýsinguna um brottför varnarliðsins 1956, þá reyndist sú samþykkt, þegar á reyndi, svo andstæð íslenzkum hagsmunum, að kommúnistar treystu sér ekki til annars en láta það gott heita, að vinstri stjórnin varpaði samþykktinni fyrir borð og sýndi sannarlega ekki minni áhuga á að hagnýta sér hlunnindi vestrænnar efnahagssamvinnu en aðrar ríkisstjórnir. Kommúnistar hafa því í reynd orðið að kaupa aðild sína að ríkisstjórnum því verði að beygja sig undir þessa utanríkisstefnu í meginatriðum.

Þegar þessar staðreyndir eru skoðaðar og það blasir við hverjum sæmilega sjáandi manni, að þessi utanríkisstefna hefur á svo mörgum sviðum sannað kosti sína, að hún stendur nú fastari fótum en oftast áður, þá gegnir það furðu, að þeim Alþb.-mönnum skuli hugkvæmast að biðja Alþ. um að hverfa frá þessari stefnu og slíta tengsl sín og samvinnu við vestrænar vinaþjóðir og meira að segja heimta útvarpsumræðu um þessa undarlegu hugdettu.

Fyrri ræðumenn stjórnarliðsins hafa gert ýtarlega grein fyrir inntaki utanríkisstefnunnar og þróun utanríkismálanna að undanförnu. Í tillögu Alþb.-manna eru tínd upp nokkur almenn atriði, sem allir eru sammála um, svo sem aðild að Sameinuðu þjóðunum, almenn menningarleg og viðskiptaleg samskipti við allar þjóðir, stuðningur við baráttu undirokaðra þjóða, afvopnun og hollusta við sjálfstæði íslenzku þjóðarinnar. En auk þess eru tvö atriði, sem jafnan hafa verið kommúnistum þyrnir í auga, aðild Íslands að NATO og vestræn efnahagssamvinna.

Viðhorfinu til varnarmálanna hefur hv. 2. þm. Vestf. gert svo góð skil, að þar er engu við að bæta. Síðan þau frægu orð höfuðsmanns vinstri stjórnarinnar voru töluð, að betra væri að vanta brauð en hafa her í landi, hefur lítill þróttur verið í kröfunum um brottför varnarliðsins. Þótt öll vonum við, að eigi aðeins verði hið erlenda varnarlið óþarft hér, heldur einnig, að vígvélar og herbúnaður verði almennt bannfærð, sjá flestir nú orðið, að varnarliðið er engin ógnun við fullveldi landsins, heldur aðeins hlekkur í þeirri keðju vestrænna varnarsamtaka, sem það er að þakka flestu eða öllu fremur, að tekizt hefur að hindra gereyðingarstyrjöld.

Aðild Íslands að vestrænni efnahagssamvinnu á ómetanlegan þátt í eflingu atvinnuvega þjóðarinnar og velmegun hennar. Hér sem annars staðar í vestrænum löndum reyndu kommúnistar að gera Marshall-samstarfið tortryggilegt og sögðu það tæki Bandaríkjanna til þess að arðræna þessar þjóðir og gera þær sér háðar. Reynslan hefur þegar sannað haldleysi þessara ásakana. Hin risavaxna efnahagsaðstoð Bandaríkjanna við þjóðir Vestur-Evrópu fyrstu árin eftir stríðið lagði grundvöll að ótrúlega skjótri uppbyggingu þessara landa, sem ýmis eru nú veitendur, en ekki þiggjendur í efnahagssamvinnu við Bandaríkin.

Marshall-aðstoðin átti þátt í margvíslegum framförum hér á landi sem annars staðar, og henni fylgdu aldrei nein pólitísk skilyrði. Síðari efnahagsstofnanir Vestur-Evrópu og Bandaríkjanna hafa á ótal sviðum styrkt íslenzkt efnahagslíf, og stofnanir þessar hafa verið boðnar og búnar til þess að veita mikilvægar leiðbeiningar og tæknilega aðstoð. Mótvirðissjóður hinnar erlendu efnahagsaðstoðar gegnir nú þýðingarmiklu hlutverki í uppbyggingu íslenzkra atvinnuvega.

Alla tíð hafa kommúnistar verið trúir þeirri kenningu sinni, að öll þessi aðild Íslendinga að vestrænni samvinnu væri þjóðinni fjötur um fót og tefldi sjálfstæði hennar í voða. Dómur reynslunnar er svo ótvíræður á þessu sviði, að kommúnistar eru löngu sjálfir hættir að trúa sínum eigin áróðri. Þess vegna er nú reynt að

breyta svolitið um aðferð, og samtímis verða þeir Alþb.-menn fyrir því happi, að Framsókn er utan ríkisstjórnar og sem oft áður ekki vönd að meðulum til þess að reyna að klekkja á pólitískum andstæðingum.

Svo sem öllum er minnisstætt, voru efnahagsmálin stjórnarandstæðingum erfið viðfangs í síðustu þingkosningum. Var því reynt bæði af hálfu Alþb.-manna og framsóknarmanna að gera landhelgismálið og erlent fjármagn að meginefni kosningaáróðursins. Því var haldið blákalt fram, að ríkisstj. ætlaði að veita Bretum áfram veiðiréttindi í íslenzkri landhelgi, hvort sem Bretar vildu eða ekki. Á hinn bóginn var svo staðhæft, að ríkisstj. áformaði að veita erlendu fjármagni hömlulausan aðgang að íslenzkum atvinnuvegum og hagnýtingu auðlinda landsins og fórna raunverulegu sjálfstæði landsins með aðild að efnahagsbandalagi sexveldanna. Niðurstöður nýafstaðinnar landhelgisráðstefnu í London ættu að hafa sannfært alla um það, hvílíkur sigur landhelgissamningurinn við Breta var fyrir Íslendinga. Með þeim samningi var Íslendingum ekki aðeins tryggð 12 mílna landhelgi, heldur miklu meira, sem vinstri stjórnin undir leiðsögn kommúnista í öllu sínu fljótræði og ógætni hafði láðst að gera. Hv. 6. landsk. þm. hefur þegar gert landhelgismálinu rækileg skil. En ég er sannfærður um það, að landhelgissamningurinn á eftir að verða talinn meðal hinna merkilegustu afreka í sögu íslenzkra utanríkismála. Breyta þar engu um rangfærslur hv. 5. þm. Reykv.

Hinn þáttur landráðabrigzlanna var álíka heiðarlegur. Þegar þannig horfði málum, að bæði Bretar, Danir og Norðmenn leituðu eftir aðild að Efnahagsbandalaginu, taldi íslenzka ríkisstj. sér eðlilega skylt að fylgjast sem bezt með þróun þeirra viðræðna og kynna bandalagsríkjunum hin sérstöku vandamál Íslendinga. Við erum flestum þjóðum fremur háð erlendum viðskiptum, og útilokun frá mörkuðum Vestur-Evrópu hlaut að valda okkur ófyrirsjáanlegum örðugleikum. Það hefði því blátt áfram verið vítaverð vanræksla af íslenzkum stjórnarvöldum að kanna ekki viðhorf bandalagsþjóðanna til vandamála Íslendinga, ef áðurnefndar þjóðir yrðu beinir aðilar að bandalaginu. Það var hins vegar fram tekið æ ofan í æ, að vegna smæðar þjóðarinnar gætum við ekki gengizt undir ákvæði Rómarsamningsins, að leyfa frjálsan flutning fjármagns og vinnuafls til landsins. En viðbrögð bæði kommúnista og Framsóknarforustunnar urðu hér hin sömu og í landhelgismálinu. Stjórnarflokkarnir skyldu þrátt fyrir allar yfirlýsingar vera staðráðnir í því að ofurselja þjóðina erlendum auðhringum.

Efnahagsbandalagsmálið hefur um sinn a. m. k. tekið þá stefnu, að alvarlegustu vandkvæðum okkar í því sambandi hefur verið bægt frá, en þó aðeins að nokkru leyti. Tollamálastefna beggja efnahagsbandalaganna veldur okkur vaxandi erfiðleikum, og af því það er ofarlega í hugum manna nú, má nefna sem dæmi, að ef ekki væri talið víst, að gæði kísilgúrs úr Mývatni gerðu hann verðmeiri en kísilgúr framleiddan í efnahagsbandalagslöndum, hefði hinn sameiginlegi verndartollur þeirra á kísilgúr getað valdið verksmiðjunni hér litt viðráðanlegum vandræðum. Hér er því vissulega um alvarlegt vandamál að ræða, nema takist víðtæk samvinna um tollamál, svo sem Bandaríkjamenn hafa reynt að vinna að.

Svo sem nýfrjálsum þjóðum með lítt nýttar náttúruauðlindir er eðlilegt, hafa Íslendingar verið hræddir við að leyfa útlendingum aðild að atvinnurekstri hér á landi. Þó höfum við sjaldnast verið hikandi við erlendar lántökur, ekki einu sinni þeir, sem mestan ímugust hafa haft á erlendu fjármagni. Ég þekki engan mann, sem boðar þá kenningu, að við eigum að hleypa erlendu fjármagni almennt eða hömlulaust inn í atvinnuvegi okkar. Hins vegar mun nú fæstum dyljast sú staðreynd, að eigi að virkja íslenzk fallvötn í stórum stíl í þágu stóriðjufyrirtækja, sé hvorugt það framkvæmanlegt nema með atbeina erlends fjármagns í einhverri mynd. Sumir kunna að telja slíkt brölt þarflaust og núverandi atvinnuvegi okkar fullnægjandi. En á það er vert að benda, að skammt er síðan Alþingi mótatkvæðalaust samþykkti ályktun um stórvirkjun í Dettifossi, beinlínis með stóriðju til útflutnings fyrir augum. Þessi ályktun var eftirtektarverð stefnuyfirlýsing, eigi aðeins varðandi virkjun Dettifoss, heldur einnig varðandi viðhorf til erlends fjármagns, því að engum hefur getað dulizt, að stóriðja *til hagnýtingar* meginhluta orkunnar frá stórvirkjun í Dettifossi var óhugsandi án beinnar aðildar erlends einkafjármagns. Og við höfum enn ljósara dæmi um viðhorfið til erlends einkafjármagns, því að á dögum vinstri stjórnarinnar fól forsrh. hennar trúnaðarmönnum sínum að kanna viðhorf ameríska alúmíníumfyrirtækja til byggingar alúmíníumverksmiðju hér á landi. Þótt sú stjórn færi frá völdum, áður en niðurstöður fengjust í málinu, sömdu trúnaðarmennirnir mjög eftirtektarverða skýrslu um þessar athuganir sínar.

Með hliðsjón af þessum atriðum og margvíslegum ummælum forustumanna Framsfl. hlaut það að vekja sérstaka undrun, þegar flokkurinn algerlega söðlaði um rétt fyrir síðustu kosningar, ákærði ríkisstj. fyrir að ætla að ofurselja erlendu einkafjármagni náttúruauðlindir landsins og taldi þjóðinni lífsnauðsyn að tryggja Framsókn valdaaðstöðu til þess að koma í veg fyrir slík ósköp. — Áhuginn á virkjun Dettifoss til stóriðju gufaði algerlega upp. En af því að kísilgúrverksmiðjumálið var of langt komið, til þess að hyggilegt þætti að snúast gegn því, var bæjarstjórn Húsavíkur látin óska formlega eftir því að fá að sitja fyrir hlutabréfakaupum í væntanlegu fyrirtæki, og mátti þá öllum ljóst vera, að ekki væri þörf erlends fjármagns.

Það skal fram tekið, að margir gegnir framsóknarmenn voru andvígir þessum ósæmilega leik, og nú virðist flokkurinn aftur horfinn að fyrri stefnu í sambandi við *viðhorf til stóriðju* og erlends fjármagns, þótt enn reyni vinstri deild flokksins undir forustu formanns hans og Tímans að reyna að ala á tortryggni og reyna að hræða með hættum, sem eiga sér enga stoð í veruleikanum.

Það verður að játa, að kommúnistar hafa alltaf verið sjálfum sér samkvæmir í þessum málum. Þeir hafa talið alla vestræna efnahagsaðstoð illa, þótt allir verði að viðurkenna ómetanlegan þátt hennar í eflingu atvinnuvega þjóð-

arinnar. Þeir hafa að vísu tekið bandarískri efnahagsaðstoð fegins hendi í vinstri stjórninni, en þó sem bragðvondu meðali, af því að ekki var kostur á öðru eftirsóknarverðara úr annarri átt. Þeir óskapast því að sjálfsögðu yfir aðild vestræns fjármagns að stóriðju hér á landi og hafa enda gengið svo langt að telja í höfuðmálgagni sínu kísilgúrverksmiðju við Mývatn hinn mesta óvinafögnuð, af því að erlendir aðilar eiga 20% aðild að henni til þess að tryggja sem bezt sölu framleiðslunnar erlendis. Þá hafa þeir látið málgagn sitt á Akureyri halda því fram, að alúmíníumverksmiðja við Eyjafjörð mundi eitra allar sveitir Eyjafjarðar og gera þær óbyggilegar. Minna má ekki gagn gera.

Meginstefnan í uppbyggingu íslenzkra atvinnuvega og viðhorf til hagnýtingar erlends fjármagns í því sambandi er svo mikilvægt hagsmunamál íslenzku þjóðarinnar, að miklu varðar, að allir þjóðhollir Íslendingar án tillits til annarra stjórnmálaskoðana geti staðið að mótun þeirrar stefnu. Er líka vonandi, að svo verði, þótt Framsfl. hafi fallið fyrir þeirri freistingu í síðustu kosningum að reyna með höfðun til tilfinninga almennings í garð erlends auðvalds að gera merkilegar undirbúningsathuganir stjórnvaldanna tortryggilegar, þótt það kostaði að afneita eigin stefnu.

Sem betur fer, lét þjóðin ekki villa sér sýn, og markvisst hefur verið haldið áfram á þeirri braut að kanna helztu leiðir, er til greina virðast koma að sinni til þess að koma upp nýjum orkuverum og stóriðjufyrirtækjum í því skyni að tryggja sem bezt efnahagslegt öryggi þjóðarinnar. Slík þróun á ekki að verða núverandi atvinnuvegum fjötur um fót, heldur beinlínis verða þeim til styrktar á ýmsa lund, og vissulega hugkvæmist engum hugsandi manni að hagnýta ekki til hlítar þroskamöguleika núverandi atvinnugreina.

Erlent einkafjármagn hefur vissulega reynzt víða þjóðum með vanþróað stjórnarfar hættulegt. En ekki virðist nein frambærileg ástæða fyrir því, að Íslendingar þurfi að vera í þeim hópi, þótt kommúnistar telji það sjálfsagt. Það er líka reginmisskilningur, að við bæjardyr okkar bíði erlendir auðkýfingar með fulla gullpoka til þess að kæfa okkur í gullflóði, ef við drögum loku frá dyrum. Það er engin tilviljun, að frændur okkar Norðmenn fengu sínum heimskunnasta borgara, Tryggve Lie, það sérstaka hlutverk að laða erlent fjármagn til Noregs. En þótt erlent fjármagn liggi þannig áreiðanlega ekki svo á lausu sem margir álíta, verðum við að gæta þess, að það er ekki stórt fyrirtæki á mælikvarða stórþjóða, sem er risavaxið á okkar mælikvarða, og við verðum við uppbyggingu stóriðju að gæta þess að raska ekki jafnvægi í þjóðfélaginu. Sumir kunna að segja, að við eigum að takmarka okkur við erlent lánsfé, en það er síður en svo víst, að miklar erlendar lántökur séu hættuminni en bein aðild erlends einkafjármagns, en þetta verður að kanna í hverju einstöku tilfelli. Meginsjónarmiðið verður að vera það að hagnýta af raunsæi og hyggindum það erlent fjármagn, sem kann að vera í boði hverju sinni, en hafa þó ætíð það meginatriði efst í huga að hafa húsbóndavaldið örugglega í eigin höndum.

Aðild Íslendinga að vestrænni efnahagssamvinnu er þeim svo nauðsynleg, að jafnvel kommúnistar hafa neyðzt til að viðurkenna þá staðreynd í verki í vinstri stjórninni. Með ráðagerðunum um stóriðju, sem nú er unnið markvisst að og kísilgúrverksmiðjan við Mývatn er fyrsti áfanginn, er verið að marka stefnuna um hagnýtingu erlends fjármagns, þar sem það hentar, til uppbyggingar fjölþættara atvinnulífi í landinu. Um mótun þeirrar stefnu næst vonandi samstaða allra annarra en kommúnista, sem enn hafa með flutningi þáltill. sinnar sannað ótvírætt, að þeir geta ekki átt samleið með öðrum Íslendingum um mótun utanríkisstefnu þjóðarinnar.

Fátt er meiri prófsteinn á hæfileika þjóðar til sjálfstæðis en meðferð utanríkismála hennar. Þau mál mega því sízt af öllu verða bitbein í innanlandsátökum þeirra flokka, sem í meginefnum geta þar átt samstöðu. Kommúnistar hafa í engu frjálsu landi getað átt samstöðu með öðrum flokkum um mótun utanríkisstefnu. Kommúnistar hafa að vísu í öllum þessum löndum þótzt vera allra manna þjóðlegastir og þjóðhollastir, en hvarvetna, þar sem þeir hafa fengið völdin í sínar hendur, hefur þjónustan við forustuland heimskommúnismans orðið allsráðandi, þótt vandinn verði að vísu meiri, eftir að forustulöndin eru orðin tvö. Þáltill. þeirra Alþb.-manna er á yfirborðinu mörkuð af sömu þjóðhollustustaðhæfingunum. En hver trúir því, að tilgangurinn sé ekki hér sá sami og meðal skoðanabræðranna í öllum vestrænum löndum, enda sannar till. það sjálf, þegar hún er skoðuð niður í kjölinn?

Íslenzk utanríkisstefna er í dag fastmótuð. Reynslan hefur staðfest, að þessi stefna er í beztu samræmi við hagsmuni þjóðarinnar. Íslenzka þjóðin mun aldrei lúta leiðsögn kommúnista og fylgisveina þeirra í utanríkismálum. Þáltill. þeirra er að megintilgangi í ósamræmi við sjálfstæðis- og frelsishugsjónir íslenzku þjóðarinnar, og því mun Alþingi fella hana. — Góða nótt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 63. fundi í Sþ., 15. apríl, utan dagskrár, mælti

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Á föstudagskvöldið í vikunni sem leið var útvarpað umr. hér á Alþingi. Ákveðið var, að hver þingflokkur skyldi hafa 45 mínútna ræðutíma, en allir flokkarnir notuðu lengri tíma. Hjá einum flokki var ræðutími 47 mínútur, hjá öðrum 48 og þeim þriðja 49 mínútur. En fjórði flokkurinn fór verulega fram úr þessum tíma. Ræðumenn hans töluðu samtals í 54 mínútur. Það hefur oft komið fyrir áður, að ræðumenn í útvarpsumr. hafa notað lengri ræðutíma en leyfilegt er, og fer þá jafnan svo, að tíminn verður ójafn hjá flokkunum. Þetta er mjög aðfinnsluvert, því að með þessu háttalagi hafa menn rangt við. Ég geri þetta að umtalsefni utan dagskrár, til þess að koma á framfæri þeirri áskorun til hæstv. forseta Alþingis, að þeir komi fram síðabót í þessu efni. Trúlegt þætti mér, að forsetar gætu gert þetta í samvinnu við formenn þingflokkanna. Annars verða forsetar hik-

laust að beita valdi sínu til að kveða þennan ósið niður. Ég vil skora á forsetana að gera þær ráðstafanir, sem að gagni koma, til þess að framvegis noti enginn þingflokkur lengri ræðutíma í útvarpsumr. á þinginu en fyrir fram ákveðið og leyfilegt er.

Forseti (SI): Út af ummælum hv. þm. skal ég aðeins geta þess, að við þessar útvarpsumr. fengu allir flokkarnir tilkynningu eftir fyrri umr. um, hvernig ræðutíma þeirra væri háttað í fyrri umferðinni og að öðru leyti. Ég er nú ekki með þessar tölur fyrir framan mig, en það ber dálítið á milli. Mér telst til, að sá flokkurinn, sem lengst talaði, hafi farið 6 mínútur yfir, en að sjálfsögðu er rétt að verða við tilmælum ræðumanns um að reyna að ráða bót á þessu framvegis.

Á sama fundi var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.
1. málsl. tillgr. felldur með 41:8 atkv.
Till. þar með fallin.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Hér var farið fram á það, að hver einstakur liður yrði borinn upp sérstaklega. Ég held, að eðli málsins samkv. geti það ekki verið eðlilegur málsgangur, að fyrst sé borin upp ein setning, sem alls ekki getur staðið sjálfstætt, hún síðan felld og þar með ályktað, að allir liðirnir séu fallnir þar með. Sem sagt, forseti framkvæmir nákvæmlega það, sem hann var ekki beðinn um að gera. Ég held, að það liggi í augum uppi, að það sé ekki hægt að greiða atkv. eftir óskum okkar nema á einn veg, þ. e. a. s. bera upp hvern lið fyrir sig ásamt þessum tiltekna formála, þ. e. a. s. fyrst sé t. d. borið upp: „Alþingi ályktar að lýsa yfir því, að þessi eru grundvallaratriði íslenzkrar utanríkisstefnu: 1. Að íslenzka þjóðin haldi fullu sjálfstæði sínu, stjórnarfarslegu sem efnahagslegu," og síðan sé greitt atkv. um þetta og síðan hinn næsta lið ásamt með formálanum. Vil ég því óska eftir því, að forseti verði við tilmælum okkar um það að endurtaka atkvgr.

Forseti (SI): Ég sé ekki, að þessi till. hafi neinn tilgang, eftir að búið er að fella þennan formála. Það komu fram tilmæli um, að hann væri borinn upp sérstaklega.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég hlýt að vekja athygli hæstv. forseta á því, að hér hafa farið fram alger þingsafglöp. Á þennan hátt er vitanlega ekki hægt að bera upp hvorki þetta mál né önnur í þinginu og hefur aldrei verið gert hér áður. Ef forseti léti hér staðar numið við atkvgr. um málið, jafngilti það því, að hér hefði engin atkvgr. farið fram um þá till., sem fyrir liggur. Ég hlýt því að gera kröfu til þess, að forseti láti hér fara fram atkvgr. um till. á þinglegan hátt, eins og þingsköp segja til um, en slíta ekki út úr á þennan hátt aðeins formála, sem er fyrir hverjum einstökum lið. Þetta væri svipað því, að forseti tæki í frv. aðeins fyrstu setninguna í 1. mgr. og bæri þá setningu upp. Slíkt hefur vitanlega aldrei þekkzt. Hér á vitanlega að bera upp þessa till., og ég geri hiklausa kröfu um það, að samkv. þingsköpum verði till. borin upp. Hins vegar er það margföld venja hér, að einstakir töluliðir eða heilar málsgr. séu bornar upp út af fyrir sig í till., og það gefur auðvitað alveg auga leið, að það er ekki hægt að bera upp þennan fyrri hluta, þar sem stendur: „Alþingi ályktar að lýsa yfir því, að þessi eru grundvallaratriði íslenzkrar utanríkisstefnu", og síðan kemur ekkert meira. Þetta er alveg óframkvæmanlegt. Ég óska eftir því, að hæstv. forseti endurtaki nú atkvgr. og fari hér rétt að, að till. verði borin upp þannig, að hver einstakur töluliður verði borinn upp út af fyrir sig, því að ella, ef forseti héldi við það, sem gert hefur verið, hefur verið komið í veg fyrir það, að atkvgr. færi hér fram um till., sem flutt er. Og það er út af fyrir sig sérstakt mál hér á þingi.

Forseti (SI): Eins og ég hef tekið fram, hafa tillöguliðirnir enga þýðingu, ef inngangurinn er felldur, og ég tel, að með þeirri atkvgr. hafi vilji þingsins um till. í heild greinilega komið fram.

Þingsályktunartillaga afgreidd með rökstuddri dagskrá

Rannsóknarnefnd til rannsóknar á verðbréfa- og víxlakaupum.

Á 5. fundi í Ed., 24. okt., var útbýtt:
Till. til þál. um skipun rannsóknarnefndar samkv. 39. gr. stjórnarskrárinnar til rannsóknar á verðbréfa- og víxlakaupum banka og annarra lánastofnana, sem verðbréf kaupa [40. mál] (A. 40).

Á 7. fundi í Ed., 29. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 9. fundi í Ed., 4. nóv., var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Gils Guðmundsson): Herra forseti. Í 39. gr. stjórnarskrárinnar er ákvæði þess efnis, að hvor deild Alþingis um sig geti, þegar ástæða þykir til, skipað nefnd þdm., nefnd með allvíðtæku valdi, til að rannsaka tiltekin mál. Er síðan ráð fyrir því gert, að slík rannsóknarnefnd geri deildinni grein fyrir störfum sínum og niðurstöðum. Ekki mun mikið hafa að því kveðið, að hv. Alþingi skipaði slíkar nefndir. Þó hefur það verið gert og orðið til þess, að aukin vitneskja fékkst um mál, sem nauðsyn bar til að þing og þjóð gerðu sér sem ljósasta grein fyrir. Sérstök ástæða virðist til skipunar slíkrar rannsóknarnefndar, þegar tilefni þykir til að kanna, hvort fram hafi farið eða fram fari einhver sú starfsemi á sviði viðskipta, sem teljast verður óeðlileg og varhugaverð, enda þótt hún brjóti e. t. v. ekki í bága við gildandi lög og verði því tæplega heft eða stöðvuð fyrir atbeina dómstóla. Vissulega getur löggjafinn haft fulla ástæðu til að rannsaka viðskiptahætti af slíkum toga, m. a. til að gera sér grein fyrir því, hvort þörf sé annars tveggja, strangara eftirlits eða nýrrar og fyllri lagasetningar til þess að hefta þess háttar starfsemi.

Nú um tveggja mánaða skeið hafa orðið allmikil blaðaskrif um verðbréfa- og víxlakaup, sem vakið hafa athygli alþjóðar. Bornar hafa verið fram ásakanir og lagðar fram kærur, sem eru þess eðlis, ef sannar reynast, að full ástæða er til, að könnuð verði til nokkurrar hlítar verðbréfa- og víxlakaup opinberra lánastofnana almennt, hvaða meginreglur gilda þar um, hvort þeim hafi verið fylgt eða út af þeim brugðið í alvarlegum atriðum. Ég geri ráð fyrir, að hv. þdm. hafi flestir eða allir fylgzt nokkuð með þeim umr., sem orðið hafa í blöðum um fyrrgreind víxlakaup, og ég skal því ekki fjölyrða mjög um þau.

Upphafið var það, að seint í ágústmánuði s. l. kærði verkamaður hér í bæ verðbréfasala, sem jafnframt er lögfræðingur, fyrir meinta féflettingu. Fyrir 2½ ári kvaðst verkamaður þessi, sem átti í fjárhagsörðugleikum vegna íbúðarkaupa, hafa neyðzt til að taka lán gegn víxli hjá lögfræðingnum að upphæð 150 þús. kr. og hefði lögfræðingurinn tekið 65 þús. kr. í afföll. Fullyrt er og enda sannað, að ég hygg, að víxill sá, sem hér um ræðir, var þá samstundis seldur einum ríkisbankanum affallalaust. Síðan hefur verið í blöðum skýrt frá dæmum um víxla- og verðbréfasölu, sem talin er svipaðs eðlis, og eins og oft vill verða, þegar slík mál koma upp, án þess að orðrómi sé hnekkt með sönnunargögnum eða víðtæk rannsókn látin fara fram án tafar, hafa komizt á kreik tilgátur um það, að viðskiptahættir af þessu tagi kynnu að hafa tíðkazt í allstórum stíl. Ekkert annað en gagnger rannsókn fær úr því skorið, hvort slíkar tilgátur eru á rökum reistar eða úr lausu lofti gripnar. Hér er um mál að ræða, sem svo mjög snertir almennt viðskiptasiðgæði, að nauðsyn ber til, að sannleikurinn komi í ljós. Hvað sem lagastafurinn kann að segja, þá er það víst, að siðgæðisvitund manna dæmir þann verknað, sem í því fælist, ef opinberar lánastofnanir reyndust sannar að því að gera verðbréfabröskurum auðveldan þann leik að taka stór afföll af fé, sem væri ekki áhættufé þeirra sjálfra, heldur fé bankans, sparifé almennings. Reynist hins vegar svo, að hér sé málum blandað og um rangar sakargiftir að ræða, er nauðsynlegt og sjálfsagt, að þeim, sem fyrir sökum eru hafðir, gefist fyllsti kostur á að hreinsa sig af slíkum áburði.

Till. sú um skipun nefndar til að rannsaka verðbréfa- og víxlakaup lánastofnana, sem ég og hv. 4. þm. Norðurl. e. flytjum á þskj. 40, hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Efri deild Alþingis ályktar að skipa 4 manna nefnd, eins frá hverjum þingflokki, innandeildarmanna samkv. 39. gr. stjórnarskrárinnar til þess að rannsaka:

1) hvort brögð séu að því, að bankar og aðrar

lánastofnanir hafi á undanförnum árum átt einhver þau skipti við verðbréfa- og víxlasala, sem samrýmast ekki eðlilegum viðskiptareglum;

2) hvort eðlilegum viðskiptareglum sé almennt fylgt um kaup og sölu verðbréfa;

3) hvort á kunni að skorta fullnægjandi löggjöf um verðbréfasölu og eftirlit með henni.

Nefndinni heimilast að ráða í þjónustu sína sérfróðan mann um banka- og viðskiptamál, er vinni með henni að rannsókninni.

N. skal hafa það vald, sem heimilað er í 39. gr. stjórnarskrárinnar, til þess að heimta skýrslur af embættismönnum og öðrum.

N. skal að rannsókn lokinni gefa deildinni ýtarlega skýrslu um störf sín og niðurstöður."

Till. þessi er, eins og fyrr segir, einkum fram komin vegna blaðaskrifa og málaferla, sem orðið hafa um víxla- og verðbréfakaup nú að undanförnu. Eins og kunnugt er, hefur vikublaðið Frjáls þjóð birt margar greinar um þessi efni, þar sem fram hafa komið ófá atriði, sem alþjóðar athygli hafa vakið og þurfa vissulega allra hluta vegna að upplýsast til fulls. Og þó að ekki verði sagt, að önnur blöð hafi birt ýkja mikið um þessi mál, sum enda þagað þunnu hljóði, þá hafa nokkur þeirra tekið eindregið undir þá kröfu, að hið rétta verði leitt í ljós. Þannig segir dagblaðið Tíminn hinn 29. sept. s. l., með leyfi hæstv. forseta:

„Í vikublaðinu Frjálsri þjóð, sem birti kæru Ágústar Sigurðssonar, hafa auk þess verið að birtast fregnir af öðrum hliðstæðum málum, sem ekki hafa verið kærð eða tekin til rannsóknar. Sumar þessar greinar blaðsins hafa verið í viðtalsformi við nafngreinda menn. . . . Í viðtölum við þessa menn og fleiri kemur fram, að þeir gera ráð fyrir að þurfa að mæta fyrir rétti út af máli Ágústar og öðrum hliðstæðum. Jafnvel virðist vikublaðið Frjáls þjóð hafa samband við menn, er bjóðist sem vitni til að gefa upplýsingar, bæði í sambandi við hið kærða mál og önnur, sem hefur verið skrifað um. Verður að fara fram ýtarleg rannsókn í kærumáli Ágústar og öðrum hliðstæðum málum. . . . Það er eins nauðsynlegt að upplýsa, hverjir eru hafðir fyrir rangri sök, eins og hitt, hverjir eru sekir."

Hinn 28. sept. ritaði Alþýðublaðið leiðara um þessi mál og sagði þá, með leyfi hæstv. forseta:

„Grófust og andstyggilegust eru talin þau afbrot, er menn kaupa víxla með miklum afföllum og selja síðan fullu verði í opinberum peningastofnunum. Undanfarnar vikur hafa blaðaskrif og málaferli valdið miklum umræðum almennings um þessi mál. Einstakt atvik hefur verið kært til dómstóla, og var Búnaðarbankinn nefndur í því sambandi. Bankastjórar hans hafa lýst óskum sínum um fullkomna rannsókn á því máli og hvers konar misferli. Þjóðin er sammála þeim. Þessi mál verður að upplýsa, og í framtíðinni verður að fyrirbyggja alla misnotkun á aðstöðu í peningaviðskiptum. Þetta er eitt þeirra mála, þar sem tiltrú alþýðunnar á stofnunum og valdakerfi þjóðfélagsins er í veði."

Þessi afdráttarlausu orð voru ummæli Alþýðublaðsins. Enginn vafi leikur á, að menn taka almennt undir þá kröfu, að þessi mál verði upplýst.

Fleiri mál í sambandi við starfshætti lánastofnana hafa verið og eru á dagskrá, vekja undrun almennings og renna stoðum undir þá till. um rannsóknarnefnd, sem hér er fram borin. Menn spyrja: Hvernig gat það skeð, að á þeim tímum, þegar bankar draga verulega úr lánastarfsemi, skuli lítt þekktur forstöðumaður ekki ýkja merkilegrar vínstofu í Reykjavík koma með fullar hendur lánsfjár úr hverri peningastofnuninni á fætur annarri, ekki einungis hér í höfuðstaðnum, heldur allt austan af Fljótsdalshéraði? E. t. v. þætti þeim fróðlegt að vita, bændunum þar eystra, eftir hvaða reglum er farið við lánveitingar úr bankaútibúinu þeirra. Þar stofnaði Búnaðarbankinn útibú fyrir nokkrum árum, og þótti það góð og skynsamleg ráðstöfun, þar kæmi þá saman innlánsfé fólks úr nærliggjandi byggðum, sem gæti síðan orðið atvinnu- og menningarlífi austur þar til eflingar og örvunar. Nú dreg ég ekki í efa, að útibú þetta hafi þegar komið Austfirðingum að góðum notum og eigi þó eftir að gera betur. En vissulega hrökkva menn við, þegar vínsali úr Reykjavík, sem reynist hreinn ævintýramaður, er handtekinn og yfirheyrður og upp úr kafinu kemur, að hann hefur getað labbað inn í bankaútibú austur á landi og fengið þar að láni hálfa þriðju millj. kr., ekki til búnaðarframkvæmda austur á Héraði, heldur í umboði einhvers nýstofnaðs skipafélags hér í höfuðstaðnum. Og reynist það rétt, sem fullyrt er, að umrætt skipafélag hafi með engu móti getað fengið lán þetta á eigin nafni, heldur hafi veitingamanninum reykvíska verið betur trúað og honum veitt lánið, þá fer sú spurning að verða næsta áleitin, hvort hér hafi verið fylgt eðlilegum viðskiptareglum útibúsins. Vissulega er ástæða til, að athuguð sé bankastarfsemi af þessu tagi og leitazt við að fá fullnægjandi skýringar á henni.

Þar sem nafn Búnaðarbankans og útibús hans á Egilsstöðum hefur verið nefnt hér sérstaklega, þykir mér rétt að leggja á það áherzlu, til að koma í veg fyrir misskilning, að till. sú, sem hér er flutt, fjallar um rannsókn verðbréfa og víxlakaupa opinberra lánastofnana almennt, ef með því fengist nokkurt yfirlit um það, hvernig þeirri starfsemi hefur verið og er hagað. Það er óþarft að fara um það mörgum orðum, hve nauðsynlegt er, að almenningur geti borið sem fyllst traust til opinberra lánastofnana. Ég á þá ekki einungis við, að þeim sé treyst sem vel stæðum og fjárhagslega öruggum fyrirtækjum, heldur engu síður hitt, að þær njóti álits og verðskuldi það fyrir réttláta lánastarfsemi í hvívetna. Það er sá hornsteinn, sem rekstur þeirra hlýtur að byggjast á.

Þó að ég hafi einkum rætt hér um opinbera banka og aðrar lánastofnanir, vil ég einnig leggja áherzlu á nauðsyn þess, að fyrirhuguð rannsókn beinist jafnframt, eftir því sem tök eru á, að fyrirkomulagi verðbréfasölu í landinu almennt. Við flm. till. teljum líklegt, að á því sviði sé verulegra breytinga þörf. Sú mun reynsla allra þjóða, sem búa lengi við stöðuga og mikla verðþenslu og lánsfjárskort, að kaup og sala verðbréfa reynist þar nokkurt vandamál. Hafa og flestar þjóðir, þar sem auðmagnið er fyrst og fremst í höndum einstaklinga og fyrirtækja, sett allvíðtæka löggjöf um verðbréfasölu, komið henni í fast kerfi og tekið upp eftirlit með henni. Jafnvel í þeim löndum, þar sem

verðbréfamarkaður mun hvað frjálsastur, er hann háður einhvers konar opinberu eftirliti. Í Bandaríkjunum, þar sem frelsi auðmagnsins er mikið, eins og menn vita, hefur ekki þótt annað gerlegt en að koma á eftirliti með verðbréfamarkaði. Slíkt eftirlit var, að því er mér er tjáð, lítið sem ekkert í Bandaríkjunum þar til eftir verðhrunið mikla við upphaf heimskreppunnar árið 1929. Síðan hefur Bandaríkjaþing öðru hvoru skipað rannsóknarnefndir, sem fengið hafa víðtækt vald til að kanna verðbréfamarkaðinn og gera tillögur um endurbætur. Nefndir þessar hafa oftar en einu sinni flett ofan af stórfelldu og þjóðhættulegu fjármálabraski þar í landi og átt mikinn þátt í að kippa ýmsu í liðinn, sem aflaga hefur farið. Ein slík rannsóknarnefnd Bandaríkjaþings skilaði áliti í septembermánuði s. l. eftir margra mánaða störf. Í fréttum um skýrslu hennar segir, að í þetta sinn hafi ekki verið um að ræða afhjúpanir neinna stórfelldra fjármálahneyksla, en þó bent á sitthvað varhugavert og bornar fram tillögur um eitt og annað, sem betur þótti mega fara, og á það var lögð rík áherzla í þessari frétt, að einmitt rannsóknarnefndir þær, sem þingið hefur skipað öðru hvoru, nefndir, sem peningafurstarnir eiga yfir höfði sér og oft eru settar á laggirnar án nokkurs fyrirvara, hafi átt geysimikinn þátt í því að takmarka eða hindra óeðlilegt verðbréfabrask og hættulegar sveiflur á verðbréfamarkaði Bandaríkjanna. Í nágrannalöndum okkar flestum eða öllum hafa lengi gilt ströng lög og reglur um verðbréfasölu. Eru þar að staðaldri undir eftirliti haldin kauppþing, þar sem verðbréf ganga kaupum og sölum og eru skráð til verðs. Er það að sjálfsögðu mikilvægt fyrir einstaklinga og þjóðfélagið í heild, að verðbréf séu keypt og seld á sannvirði, þ. e. því verði, sem ákvarðast af framboði og eftirspurn. Hafa opinberar lánastofnanir í þessu efni mikilvægu hlutverki að gegna og geta að sjálfsögðu, ekki sízt hér á landi, ráðið miklu um verðbréfagildi.

Hér á hv. Alþingi hafa nokkrum sinnum verið flutt frv. til l. um kauppþing. Ekki náðu þau fram að ganga, þar til heimildarákvæði um slíkan verðbréfamarkað voru sett inn í löggjöfina um Seðlabankann árið 1960. Þessi heimildarlög hafa ekki verið notuð enn þá, hvað sem veldur. Vel kynni svo að fara, að rækileg rannsókn á íslenzkum verðbréfa- og víxlamarkaði leiddi í ljós, að ástæða þætti til að koma hér á laggirnar kauppþingi, annað tveggja á grundvelli áðurnefndrar heimildarlöggjafar eða með nýrri lagasetningu, ef annað form þætti betur henta. Um þetta skal ég ekkert fullyrða, en ástæða virðist til, að það verði rækilega kannað.

Í till. þeirri, sem hér liggur fyrir, er ráð fyrir því gert, að rannsóknarnefndin fái heimild til, meðan hún gegnir störfum, að ráða í þjónustu sína sérfróðan mann um viðskipta- og bankamál, er starfi á vegum hennar að hinni fyrirhuguðu rannsókn. Þetta teljum við flutningsmenn eðlilegt og jafnvel nauðsynlegt, ef verulegur árangur á að nást.

Ég tel óþarft að fara um till. fleiri orðum á þessu stigi málsins. Ég legg til, að henni verði að lokinni þessari umr. vísað til síðari umr. og hv. allshn.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég vil láta það koma strax fram við þessa umr. málsins, að við framsóknarmenn munum greiða atkv. með till. þeirri til þál., sem hér liggur fyrir. Þá afstöðu okkar ber ekki að skilja á þá lund, að við tökum undir þær aðdróttanir eða getsakir í garð einstakra manna, sem fram hafa komið í blöðum eða manna á milli varðandi málefni þau, sem þessi þáltill. fjallar um. En við teljum nauðsynlegt, eins og málum er komið, að reynt sé með alhliða og víðtækri rannsókn að leiða hið sanna í ljós í þessum efnum, og þá ekki síður til þess að hreinsa af ómaklegum grun og tortryggni þá, sem saklausir eru, en til þess að sakfella þá, sem sekir kynnu að reynast. Það er æskilegt, að með þvílíkri rannsókn, sem menn almennt hafa traust á, séu allir málavextir kannaðir og í ljós leiddir, því að vel má vera, að á því, sem ámælisvert sýnist við fyrstu sýn, séu til skýringar eða málsbætur til réttlætingar. Þögnin er í þessum efnum ekki rétta svarið. Hún getur ýtt undir grun og getsakir, sem opinber starfræksla má ekki undir liggja, ef almenningur á að bera til hennar traust.

Það hafa komið fram einhverjar ákveðnar kærur til dómstóla, ein eða fleiri, út af tilgreindum víxil- eða verðbréfaviðskiptum. Þær kærur taka dómstólar að sjálfsögðu til meðferðar með venjulegum hætti. Þeirra vegna er því ekki þörf á neinni annarri rannsókn eða sérstakri rannsóknarnefnd. En það hafa jafnframt á opinberum vettvangi komið fram ásakanir fyrir ýmislegt annað atferli í lánaviðskiptum tiltekinnar peningastofnunar, og kynni sumt að því að vísu að vera aðfinnsluvert, ef satt reyndist, en án þess þó að vera saknæmt eða refsivert og mun því varla eiga erindi til dómstóla. Auk þess ganga svo alls konar hviksögur manna á milli, sem ekki verður hnekkt né vitað, hvað rétt er í, nema með opinberri rannsókn. Þessi atriði er sjálfsagt að taka til rannsóknar, úr því sem komið er. Það er af ýmsum ástæðum skynsamlegt, að sú rannsókn sé framkvæmd af þingkjörinni rannsóknarnefnd. Það er að vísu rétt, eins og fram kom líka hjá hv. flm., að slíkar rannsóknarnefndir eru fátíðar hér á landi. En það er mín skoðun, að það mætti gjarnan grípa til þeirra hér oftar en raun ber vitni, og er mér þó ljóst, að í því efni má ekki ætíð hlaupa til eftir órökstuddum blaðadylgjum. Ýmsum rekstri og opinberri sýslun er þörf á aðhaldi. Þingkjörnar rannsóknarnefndir geta vissulega verið mikilsverðar í því sambandi, ef rétt er á haldið. Og þær geta átt við og átt fullan rétt á sér, þótt ekki sé spurning um beinlínis refsivert atferli. Í slíkri rannsókn þarf því eðli máls samkv. alls ekkert ámæli og því síður nokkur áfellisdómur að felast.

Þegar alls er gætt, virðist það því rétt og eðlilegt, svo sem gert er ráð fyrir í þessari þáltill., að rannsóknarstarf fyrirhugaðrar nefndar beinist að víxla- og verðbréfaviðskiptum almennt, hvort heldur er hjá opinberum lánastofnunum eða einkaaðilum, sem gera sér slík viðskipti að atvinnu, en sé ekki eingöngu bundið við þá lánastofnun eða þá aðila, sem opinberar umræður hafa í þessu sambandi sérstaklega beinzt að að undanförnu, og ég mun alveg leiða hjá mér hér að ræða einstakar stofnanir í þessu

sambandi og mun ekki fara að ræða sérstaklega þær athugasemdir, sem hv. flm. gerði við tiltekna lánastofnun á Austurlandi og ákveðin lán þar, sem hann taldi að fram hefðu farið. Ég hef að vísu séð einhverjar yfirlýsingar um það í blöðum, en er annars allsendis ókunnugt um, að skýrsla sé komin um þá rannsókn, sem í því máli hefur fram farið, hvernig svo sem hv flm. hefur þá vitneskju í því efni, sem hann greindi hér frá. En um það atriði mun ég sem sagt ekki ræða hér. Það er sjálfsagt, að sú stofnun eins og aðrar komi til rannsóknar hjá þessari nefnd, þegar til kemur.

Að lokum vil ég aðeins segja það, að það er ljóst, að fyrirhugaðri rannsóknarnefnd er með því móti, sem ég drap á áðan, — þ. e. þegar henni er ætlað að rannsaka víxla- og verðbréfaviðskipti almennt, — ætlað mjög vandasamt starf. Það verða áreiðanlega margir framkvæmdaerfiðleikar á vegi þessarar rannsóknar, og hún verður fyrirsjáanlega mjög kostnaðarsöm, ef af henni á að verða árangurs að vænta. Þeir erfiðleikar réttlæta það þó ekki, að dómi okkar framsóknarmanna, að till. þessari um þingkjörna rannsóknarnefnd sé vísað á bug. Þess vegna munum við, eins og áður er sagt, fylgja þessari till. og þá í því trausti, að rannsókn með þeim hætti, sem þar er fyrirhuguð, geti stuðlað að því, að allur almenningur fái að vita hið rétta í þessum efnum, og þeir, sem kynnu að hafa verið bornir röngum sökum, fái í almenningsálitinu uppreisn sinnar æru, en hinir sakfelldir, sem sekir kunna að reynast, hvort heldur er vegna ámælisverðra verðbréfaviðskipta eða uppdiktaðra sakargifta og ærumeiðandi slúðurs.

ATKVGR.
Till. vísað til síðari umr. með 17 shlj. atkv. og til allshn. með 18 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Ed., 27. febr., var till. tekin til síðari umr. (A. 40, n. 262 og 263).

Frsm. meiri hl. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Allshn. hefur haft til meðferðar þáltill. þá, sem hér liggur fyrir til umr., en eins og nál. þau, sem útbýtt hefur verið, bera með sér, hefur hún ekki getað orðið á eitt sátt um afgreiðslu málsins. Tveir nefndarmanna, þeir hv. 1. þm. Vestf. og hv. 3. þm. Norðurl. v., leggja til, að þáltill. verði samþ., en við þrír, sem stöndum að nál. á þskj. 262, leggjum til, að till. verði afgr. með svo hljóðandi rökstuddri dagskrá, með leyfi hæstv. forseta:

„Þar eð bankaráðsmenn og endurskoðendur ríkisbankanna eru kjörnir af Alþingi og Seðlabankanum einnig sérstaklega falið það hlutverk að hafa eftirlit með störfum banka og sparisjóða og deildin sér ekki ástæðu til að ætla, að þessir þingkjörnu aðilar vanræki eftirlitsskyldu sína eða að sérstök þingnefnd sé líklegri til þess að dæma um eðlileg lánsviðskipti, telur deildin till. ekki raunhæfa og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá."

Það er auðvitað, hvað sem öðru líður, enginn ágreiningur um það, að nauðsyn beri til þess, að eftirlit sé af hálfu Alþ. með ríkisbönkunum og stjórn þeirra. Ef ekkert slíkt eftirlit væri til, býst ég ekki við, að neinn ágreiningur yrði um það, að samþykkja bæri þessa till. eða gera aðrar ráðstafanir til þess að koma slíku eftirliti á fót. En eins og öllum hv. þdm. og einnig flm. þessarar till. hlýtur að vera kunnugt, er þetta eftirlit þegar fyrir hendi. Vil ég í því sambandi leyfa mér að vísa til umsagnar bankastjórnar Seðlabanka Íslands um þessa till., en þar segir svo m. a. orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Út af till. um skipun rannsóknarnefndar skal minnt á það, að yfirstjórn ríkisviðskiptabankanna, bankaráðin eru sett af Alþ. Sama er að segja um endurskoðendur þessara stofnana. Á Alþ. þar með greiðan aðgang að þeim upplýsingum, sem sótzt kann að vera eftir úr stofnununum."

Ég vil í framhaldi af þessu leyfa mér að vitna í ákvæði gildandi laga um ríkisbankana að því er snertir bankaráðin, valdssvið þeirra og hlutverk. Skulu þessi ákvæði nú einnig, með leyfi hæstv. forseta, tilfærð hvað snertir ríkisbankana alla nema Framkvæmdabankann, en lög um hann hef ég ekki við höndina, en býst við því, að þau séu svipuð ákvæðum laga um aðra banka.

Í gildandi lögum um Landsbanka Íslands segir svo í 8. gr. laganna: „Yfirstjórn bankans er í höndum ráðh. þess, sem fer með bankamál, og bankaráðs, svo sem fyrir er mælt í lögum þessum." Enn fremur segir í 10. gr. sömu laga: „Bankastjórn Landsbanka Íslands er skipuð 3 bankastjórum, sem bankaráð ræður." Og í 12. gr. sömu laga um Landsbankann segir svo: „Bankaráð hefur yfirumsjón með starfsemi Landsbankans. Það gerir till. um reglugerð bankans, sem ráðh. setur, ákveður verkaskiptingu bankastjóra og setur þeim erindisbréf."

Í gildandi lögum um Útvegsbanka Íslands segir svo í 8. gr. laganna: „Yfirstjórn bankans er í höndum ráðh. þess, sem fer með bankamál, og bankaráðs, svo sem fyrir er mælt í lögum þessum." Og í 10. gr. sömu laga segir enn fremur: „Bankastjórn Útvegsbanka Íslands er skipuð 3 bankastjórum, sem bankaráð ræður." Og í 12. gr. laganna: „Bankaráð hefur yfirumsjón með starfsemi Útvegsbankans. Það gerir till. um reglugerð bankans, sem ráðh. setur, ákveður verkaskiptingu bankastjóra og setur þeim erindisbréf."

Í gildandi lögum um Búnaðarbanka Íslands segir svo í 53. gr. laganna frá 1941, sem breytt hefur verið með 1. frá 1960, en þar segir svo: „Fimm manna bankaráð fer með stjórn bankans." Og í sömu gr. segir: „Bankaráð skipar einn bankastjóra, aðalbókara og aðalféhirði."

Í lögum um Seðlabanka Íslands segir svo í 24. gr. laganna: „Yfirstjórn Seðlabankans er í höndum ráðh. þess, sem fer með bankamál, og bankaráðs, svo sem fyrir er mælt í lögum þessum. Stjórn bankans að öðru leyti er í höndum 3 manna bankastjórnar." Og í 29. gr. l. segir: „Bankaráð hefur yfirumsjón með starfsemi Seðlabankans, og skal bankastjórnin hafa náið samráð við bankaráð um stefnu bankans almennt svo og um ákvarðanir í mikilvægum málum, er stefnu bankans varða, svo sem um vexti og innlánsbindingu."

Þetta eru ákvæði gildandi laga um skipun bankaráðanna. En enn fremur vil ég leyfa mér að vekja athygli á því, sem stendur í 3. gr. laga

um Seðlabanka Íslands, en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta, þegar rætt er um, hver séu hlutverk bankans, sem talin eru upp í 7 liðum, en í 5. lið segir svo: „Að vera banki annarra banka og peningastofnana, hafa eftirlit með bankastarfsemi og stuðla að heilbrigðum verðbréfa- og peningaviðskiptum.“

Af þessu ætti að vera ljóst, að bankaráðin hafa með hendi yfirstjórn bankanna. Þau ráða bankastjóra, og aðalhlutverk þeirra hlýtur einmitt að vera það að hafa eftirlit með störfum bankastjóranna, m. a. því, hvort, eins og það er orðað í till., um sé að ræða viðskipti við víxla- og verðbréfasala, er ekki geti talizt eðlileg. Bankaráðin hljóta því að mínu áliti að vera ábyrg fyrir því, að bankarnir séu reknir í samræmi við lög og reglur um hlutverk þeirra. Ef slíkt misferli á sér stað eða hefur átt sér stað, sem um ræðir í þáltill., þá hlyti það að þýða, að bankaráðin hefðu látið undir höfuð leggjast að gegna þeim skyldum, sem þeim ber lögum samkvæmt, annaðhvort þannig, að þau hefðu ekki haft það eftirlit með störfum bankastjór anna, sem þau eiga að hafa, eða það sem verra væri auðvitað, að þau hefðu beinlínis verið í vitorði um misferlið. Mér finnst því augljóst, hvað sem öðru líður, að með samþykkt þessarar till. væri lýst vantrausti á bankaráðin og raunar einnig Seðlabanka Íslands, en eitt af hlutverkum hans, eins og ég greindi áðan frá, er einmitt það að hafa eftirlit með starfsemi viðskiptabanka þeirra, sem ríkið rekur. En hverjir skipa bankaráðin og bera þannig ábyrgð á þeim? Það er, eins og kunnugt er, hv. Alþingi, og væru vissulega teknir upp með því óvenjulegir starfshættir, ef Alþingi lýsti þannig vantrausti sínu á nefndir, sem kjörnar eru af því sjálfu.

Nú skal ég auðvitað ekki fullyrða, að starfsemi bankaráðanna kunni ekki að vera ábótavant, þannig að í því efni geti ekki verið úrbóta þörf. Hitt tel ég hins vegar, að væru vinnubrögð og meðferð á opinberum fjármunum, sem væru ekki Alþingi sæmandi, að láta bankaráðin starfa áfram óáreitt og bankaráðsmenn halda áfram að hirða laun sín, eftir að Alþingi væri búið að lýsa vantrausti á þeim og skipa nýjar þingnefndir til þess að gegna þeim hlutverkum, sem bankaráðin m. a. eiga að hafa með höndum. Það væri sjónarmið út af fyrir sig, að leggja beri niður það eftirlitskerfi með stjórn ríkisbankanna, sem nú starfar, bankaráðin og Seðlabankann, og skipa í þess stað, ef sérstök ástæða þætti til, rannsóknarnefndir í líkingu við þá, er till. gerir ráð fyrir. En hitt væri að mínu áliti fráleitt, að bankaráðin starfi áfram, jafnframt því að nýjar þingnefndir væru kosnar til þess að gegna hlutverki þeirra.

Ef rannsóknarnefndunum er hins vegar ætlað það m. a. að rannsaka starfsemi bankaráðanna, er það, eins og öllum hv. þdm. mun kunnugt, venja, þegar opinberir starfsmenn og störf þeirra eru undir rannsókn, að þeir séu látnir víkja úr starfi, meðan á rannsóknunum stendur, en hvergi er að því vikið í þáltill. eða grg. fyrir henni, og yfirleitt er þar ekki vikið að bankaráðunum né eftirliti Seðlabankans með starfsemi bankanna frekar en slíkt eftirlit sé ekki til.

Eins og ég sagði áðan, er það fjarri mér að halda því fram, að ekki megi bæta um starfsemi bankaráðanna, og ég fullyrði ekki heldur, að þau séu yfirleitt skipuð þeim hæfustu mönnum, sem völ sé á, enda á ég sjálfur sæti sem varamaður í einu bankaráðanna og raunar sem aðalmaður sem sakir standa, þannig að ég mundi með slíkri staðhæfingu gerast dómari í eigin sök. En hitt dreg ég þó í efa, að af rannsóknarnefndum sem þeirri, sem till. gerir ráð fyrir, sé meira að vænta í þessum efnum en af bankaráðunum. Það mun vera allt að því þriðjungur hv. þm., sem í bankaráðunum eiga sæti, annaðhvort sem aðalmenn eða varamenn. Ég skal síðar en svo halda því fram, að fjármálavit okkar, sem þar eigum sæti, sé upp og ofan meira en þeirra hv. þm., sem eiga ekki sæti í bankaráðunum. En hins vegar hafa, eins og kunnugt er, margir hinna eldri þm. átt sæti í bankaráðum um áratuga skeið og ættu því að hafa meiri reynslu og betri skilyrði til að átta sig á bankamálefnum en þeir, sem hafa ekki áður verið við slík störf riðnir, og þá m. a. til að átta sig á því, hvort víxla- og verðbréfaskipti bankanna og önnur viðskipti þeirra eru með eðlilegum hætti, svo að ég noti orðalag þáltill.

Það má vel vera, að þörf væri einhverra mannaskipta í bankaráðunum, en að mínu áliti hlýtur slíkt þó fyrst og fremst að vera mál milli flokkanna og fulltrúa þeirra í bankaráðunum. En það, sem er þó aðalatriðið, er það, að ekki verður séð, að þingkjörnar rannsóknarnefndir eins og sú, sem þáltill. gerir ráð fyrir, hafi í neinu betri aðstöðu til þess að sannreyna, hvort verðbréfakaup eða önnur bankastarfsemi sé með eðlilegum hætti, en bankaráðin. Bankaráðin hljóta eðli málsins samkv. að hafa aðgang að öllum þeim upplýsingum, sem slíkar nefndir ættu aðgang að. Og auðvitað fer því fjarri, að mögulegt sé fyrir bankastjórana að halda leyndum upplýsingum fyrir bankaráðunum, því að bankastjórarnir eru undirmenn bankaráðanna, og það eru bankaráðin, sem ákveða, hvaða gögnum bankastjórarnir skuli hafa aðgang að, en ekki öfugt. Og eins og kunnugt er, þá er það þannig nú, þó að á því kunni auðvitað að verða breyting síðar, að allir þingflokkar eiga fulltrúa í bankaráðunum og eiga því, eins og segir í áliti Seðlabankans, sem ég áðan vitnaði í, greiðan aðgang að þeim upplýsingum, sem sótzt kann að vera eftir úr stofnununum.

Varðandi 3. lið þáltill., sem er þannig orðaður, með leyfi hæstv. forseta, að rannsóknarnefndin eigi m. a. að rannsaka, „hvort á kunni að skorta fullnægjandi löggjöf um verðbréfasölu og eftirlit með henni,“ vil ég einnig leyfa mér að vísa til umsagnar Seðlabankans, sem ég áðan minntist á, en í henni segir svo orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Um athugun þess, hvort á kunni að skorta fullnægjandi löggjöf um verðbréfasölu og eftirlit með henni, vill Seðlabankinn svara því játkvætt. Með lögum sínum er Seðlabankanum heimilt að stofna og reka kaupþing, þar sem verzlað yrði með vaxtabréf og hlutabréf. Því miður er enn ekki tímabært að setja það á stofn. Þegar það verður, er æskilegt, að sett verði almenn lög um slík viðskipti. Þegar þau eru komin á góðan rekspöl, ætti að vera talsvert unnið í þá átt að koma á eðlilegum verðbréfaviðskiptum.“

Hér er viðurkennt, að réttmætt sé í rauninni það, sem í þessum lið till. felst. En ég lít svo á með tilliti til þessarar grg. Seðlabankans, að ekki sé á þessu stigi málsins tímabært, að nefnd sé skipuð sérstaklega með það fyrir augum að undirbúa slíka löggjöf. Ég álít, að þessi grg. Seðlabankans, sem ég las upp, sé fullnægjandi skýring á því, að svo sé ekki.

Að lokum vil ég aðeins segja þetta: Það er auðvitað enginn ágreiningur um það, að upplýsa þurfi, hvort misferli af því tagi, sem um er rætt í þáltill., hafi átt sér stað í bönkunum. En það, sem hins vegar ræður afstöðu okkar þremenninganna til þáltill., er það, að við fáum ekki séð, að rannsóknarnefnd sú, er till. gerir ráð fyrir, hafi í neinu betri aðstöðu til þess að fá þessi mál upplýst en þeir þingkjörnu aðilar, sem nú fara með eftirlit með starfsemi bankanna, en með því á ég við bankaráðin og hina þingkjörnu endurskoðendur reikninga bankanna. Niðurstaða okkar er því sú, að þáltill. verði að teljast óraunhæf, og leggjum við því til, að hún verði afgreidd svo sem ég þegar hef gert grein fyrir.

Frsm. minni hl. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Eins og hv. frsm. meiri hl. hefur gert grein fyrir, gat allshn. ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Við hv. 1. þm. Vestf. og ég leggjum til, að þáltill. sú um skipun rannsóknarnefndar, sem hér liggur fyrir, verði samþykkt. Sú till. okkar er í samræmi við þá afstöðu framsóknarmanna til þessa máls, sem lýst var við 1. umr. um þáltill. þessa, en við þá umr. málsins gerði ég grein fyrir þeim ástæðum, sem lágu til þeirrar afstöðu flokksins. Þar sem ekkert nýtt hefur komið fram við athugun n., get ég að mestu látið nægja að vísa til þess, sem þá var sagt.

Í máli sem þessu er, eins og komið er, eina rétta leiðin sú að fá öll spilin lögð á borðið. Það væri raunverulega gert með rannsókn þingkjörinnar nefndar. Með slíkri rannsókn væri í öllu falli gerð heiðarleg tilraun til þess að komast að hinu sanna í þessu máli, þ. e. hvort nokkur fótur sé fyrir þeim sakargiftum, sem fram hafa verið bornar. Slík rannsókn er jafnnauðsynleg til þess, að þeir, sem sekir kynnu að reynast um ámælisvert atferli, fái sinn áfellisdóm, hvort heldur er fyrir dómi eða í almenningsáliti, og til þess, að hinir, sem röngum sökum kynnu að hafa verið bornir, fái fulla uppreisn í almenningsálitinu. Mér er að sjálfsögðu mætavel ljóst, að rannsókn sem þessi er miklum erfiðleikum bundin, en hún er þó að mínu áliti á engan hátt óframkvæmanleg. Verði skilizt við þetta mál á þann veg, sem stjórnarflokkarnir leggja nú til, upplýsist ekki, hvað satt er og rétt í málinu. Ein afleiðingin af því verður m. a. sú, að hætt er við því, að sumir þeirra, sem hér hafa komið við sögu, liggi um ófyrirsjáanlegan tíma undir óverðskulduðum grun í almenningsálitinu.

Ég get ekki betur séð en ástæður þær, sem hv. nefndarmeirihl. færir fram til rökstuðnings frávísunartill., séu hreinar tylliástæður. Sé ég því ekki ástæðu til að eyða orðum að þeim. Þó vil ég aðeins benda á, að þingkjörin nefnd með sérstöku rannsóknarvaldi samkv. 39. gr. stjórnarskrárinnar er auðvitað ekki að neinu leyti sambærileg við þingkjörin bankaráð, auk þess sem rannsókn gæti einmitt m. a. beinzt að því, hvort bankaráð hefðu gert skyldu sína, eins og reyndar hv. frsm. meiri hl. n. benti hér áðan réttilega á. Ég hef bent á það áður, að ég tel æskilegt, að það verði gripið oftar til slíkra sérstakra rannsóknarnefnda af þingsins hálfu heldur en átt hefur sér stað til þessa. Það er svo, að það er æskilegt, að rekstur þjóðfélagsstofnana fari fram að sem mestu leyti fyrir opnum tjöldum. Rannsókn þingkjörinnar nefndar mundi stuðla að því að skapa þá trú hjá almenningi, að rekstur þvílíkra stofnana færi þannig fram, og mundi skapa almennt aðhald. Sú spurning, sem hér liggur fyrir til úrlausnar og ákvörðunar, þ. e. a. s. hvort skipa á sérstaka rannsóknarnefnd eða ekki, liggur annars svo ljóst fyrir að mínum dómi, að ég sé ekki ástæðu, herra forseti, til að fjölyrða frekar um hana.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil nú byrja á því að þakka minni hl. hv. n. fyrir það að taka jákvætt í þetta mál og leggja til, að sú till. um rannsóknarnefnd, sem hér er til umr., verði samþykkt. Hins vegar hlýt ég að harma það, hver afstaða meiri hl. n. hefur orðið til þessa máls. Mig undrar það, að hann skuli ætla sér að eyða þessu máli með ástæðum, sem ég get ekki betur séð en séu algerar tylliástæður. Meiri hl. leggur til, að till. verði vísað frá með rökstuddri dagskrá, en rökin, sem fyrir henni eru fram flutt og hv. frsm. lagði nú mikið upp úr og flutti hér um langt mál, virðist mér að séu harla léttvæg, eins og ég ætla að koma dálítið betur að síðar.

Ástæðan til þess, að þessi till. um skipun rannsóknarnefndar í sambandi við tiltekin viðskipti, þ. e. a. s. verðbréfa- og víxlaviðskipti, var flutt, er alkunn, þ. e. í fyrsta lagi sú mikla lausung, sem nú er orðin í íslenzku fjármála- og viðskiptalífi og virðist koma fram í ýmsum myndum. Í sambandi við flutning till. voru nefnd tiltekin dæmi, þar sem miklar umr. höfðu orðið þá nýlega um ýmis meint misferli í sambandi við víxla- og verðbréfakaup. Önnur dæmi voru um svipaða hluti eða ýmist, að umr. höfðu orðið um það í blöðum, að slíkir hlutir hefðu gerzt, eða jafnvel slík mál voru komin til dómstólanna. Það var sagt og hefur verið dregið mjög í efa opinberlega, að réttum eða a. m. k. eðlilegum viðskiptareglum hefði ætíð verið fylgt í sambandi við kaup og sölu á þessum verðbréfum og víxlum. Einstakir aðilar lágu og liggja enn undir grun eða aðdróttunum um óeðlilega viðskiptahætti í þessum efnum. Okkur þótti því full ástæða til þess, að Alþingi gerði sitt til að fá úr því skorið, hvort þessar ásakanir væru réttmætar eða ekki, svo að sekt manna eða sýkna gæti komið í ljós. En jafnframt vakti það fyrir okkur, að í sambandi við slíka allsherjarrannsókn kynni það að koma í ljós, að af löggjafans hálfu væri ekki nægilega vel og tryggilega um hnútana búið í ýmsum efnum í sambandi við víxla- og verðbréfaviðskipti í landinu. Það vakti fyrir okkur, að slík rannsókn sem þessi kynni að leiða í ljós, að þarna þyrfti löggjafinn að bæta úr með nýrri eða endurbættri löggjöf um þessi efni.

Í þeirri umsögn, sem komið hefur frá Seðla-

bankanum um þessa þáltill. um rannsóknarnefnd, kemur það fram, að Seðlabankinn er þeirrar skoðunar, að hér skorti skýr lagaákvæði, a. m. k. um tiltekin atriði varðandi verðbréfasölu í landinu. Það er að vísu talað um það í þessu áliti, að enn sé naumast tímabært að setja slík lagaákvæði, vegna þess að bankinn hefur ekki enn notað þá heimild, sem hann hefur til þess að koma hér upp opnum verðbréfamarkaði. Þetta er sjálfsagt eitt af þeim atriðum, sem ég tel að kæmu skýrar fram í sambandi við þá rannsókn, sem hér er lagt til að framkvæmd verði, hvort álit Seðlabankans, að löggjöf skorti um þetta efni, en tæplega sé tímabært að setja hana enn, þ. e. hvort það stenzt eða hvort löggjöfin eigi að koma sem fyrst.

Meiri hl. n. leggur hins vegar til, að þetta sé ekki rannsakað, till. sé vísað frá og engin rannsókn fari fram, hvorki um það atriði, hvort þurfi frekari löggjöf í þessu efni, eða hvort misferli hafi átt sér stað. Og aðalröksemdin hjá meiri hl. er sú, að bankaráð bankanna, sem séu þingkjörin, ættu að vera næg trygging í þessum efnum, það séu þau, sem geti í rauninni komið í stað og hljóti að koma í stað þeirrar rannsóknarnefndar, sem till. fjallar um. Hv. frsm. meiri hl. n. lagði einmitt í sinni ræðu megináherzlu á þetta, að bankaráðin hefðu því hlutverki að gegna í rauninni, sem rannsóknarnefndinni væri ætlað, og hann las ýmislegt upp úr lögum bankanna þessu til staðfestingar. Og sá lestur og röksemdafærsla hans átti að sanna það, að þar sem bankaráð séu starfandi og kosin af Alþingi, sé þessi till. um rannsóknarnefnd óþörf. Ég held, að þarna sé um hinn mesta misskilning að ræða. Það er að sjálfsögðu allt önnur aðstaða hjá þingkjörinni nefnd, nefnd, sem fær alveg sérstakt rannsóknarefni samkv. 39. gr. stjórnarskrárinnar, heldur en hjá bankaráðunum hverju um sig, til þess að rannsaka í heild slík mál sem þetta niður í kjölinn.

Hv. frsm. meiri hl. lagði á það töluverða áherzlu, að þessi till. sé í rauninni hið mesta vantraust á bankaráðin. Mér þykir þetta nú í sjálfu sér nokkuð langsótt fullyrðing, og mér fannst hv. frsm. ekki færa veigamikil rök fyrir þeirri staðhæfingu sinni. Ég vil kveða fastar að orði um þetta. Mér fannst, að þær tilraunir til röksemda, sem hann bar fram í þessu sambandi, væru í rauninni alveg út í hött, því að það er vitað, að bankaráð bankanna starfa hvert á sínum afmarkaða vettvangi. Hér er hins vegar lagt til, að framkvæmd verði af þingkjörinni nefnd heildarrannsókn á þessum málum. Það er lagt til, að þingkjörin nefnd fái sérstakt rannsóknarvald samkv. tiltekinni grein stjórnarskrárinnar og geti fjallað um þessi mál í heild með því valdi, sem þar er tiltekið. Það vald tekur m. a. til þess, að slík þingkjörin rannsóknarnefnd getur kallað menn fyrir sig, jafnt embættismenn sem einstaklinga, og krafizt þess, að þeir standi fyrir sínu máli og gefi skýrslur um þau efni, sem um er spurt og verið er að rannsaka. Bankaráð bankanna hafa hins vegar ekkert slíkt vald, a. m. k. ekki vald, sem í hverju tilfelli nær þá neitt út fyrir þá stofnun, sem bankaráðin hvert og eitt tilheyra. Og bankaráðin hafa ekki heldur aðstöðu til að undirbúa löggjöf, ef á þyrfti að halda í sambandi við þessi mál, eins og er einn megintilgangur þeirrar till., sem hér er nú til umr.

Með tilvísun til þessa vil ég algerlega vísa því á bug, að till. sé borin fram sem nokkurt sérstakt vantraust á bankaráð bankanna í heild eða hvert fyrir sig.

Ef ég man rétt, eru nú liðnir rúmir þrír mánuðir, síðan við tveir þm. þessarar hv. d. lögðum fram till. okkar um skipun rannsóknarnefndar vegna víxlakaupa og verðbréfakaupa. Okkur þótti þá, eins og fram hefur komið, verulega ástæða til þess, að slík rannsókn færi fram, og ég verð að segja, að á þeim þremur mánuðum eða svo, sem síðan eru liðnir, hefur eitt og annað gerzt í íslenzku fjármálalífi, sem gerir það að verkum, að það er ekki síður þörf nú að taka þessi mál öll eins föstum tökum og nokkur kostur er. Ástæðan er sízt minni nú en þegar þessi till. var flutt fyrir 3 mánuðum eða rúmlega það. Það má segja, að undanfarna mánuði hafi hvert málið viðskiptalegs eðlis af öðru skotið upp kollinum, þar sem bankar hafa að meira eða minna leyti átt hlut að, að því leyti til, að þeir virðast hafa reynzt furðu hjálpsamir við ýmsa miður heppilega fjármálamenn. Ég held, að það sé ekki í þessu sambandi ástæða til að nefna nein tiltekin dæmi, þau eru hv. alþm. meira og minna kunn, m. a. af blaðaskrifum og af rannsóknum, sem þegar eru hafnar í sumum þessara mála, þó engan veginn, að því er ég hygg, öllum.

Ég get ekki stillt mig um í sambandi við þessar umr. að vitna í mjög ákveðin og skorinorð ummæli, sem nýlega féllu í ríkisútvarpinu. Sá, sem þau ummæli viðhafði, var einn af bankastjórum Landsbankans, Pétur Benediktsson. Þessi bankastjóri Landsbankans sagði þar, eftir að hafa rakið tiltekið fjársvikamál, sem hefur verið ofarlega á baugi, með leyfi hæstv. forseta:

„En nú getur varla verið blöðum um það að fletta, að fram undan séu jafnvel allmörg mál ekki ósvipaðs eðlis á næstu missirum.“ Og enn sagði bankastjórinn: „Þótt margt ljótt hafi orðið uppvíst nú að undanförnu, fer því víðs fjarri, að öll kurl séu komin til grafar. Það er örugglega víst, að hér eru farin að myndast bófafélög, sem stunda margar tegundir glæpa og þar sem hver glæpamaður styður annan með ráðum og dáð.“

Ég held, að enginn hafi verið eins þungorður um það ástand í íslenzku fjármála- og viðskiptalífi, sem hér virðist vera að skapast, eins og þessi bankastjóri stærsta ríkisbankans. Því miður virðast of margar stoðir renna undir það, að þessi hörðu orð séu a. m. k. ekki alveg úr lausu lofti gripin. En þegar svo er ástatt, þegar jafnvel fjármála- og viðskiptasiðferði þjóðarinnar kann að vera í veði, er full ástæða til þess fyrir Alþingi að gera allt, bókstaflega allt, sem í þess valdi stendur, til þess að stemma þar stigu við, til þess að reyna að hamla á móti og ef unnt væri að uppræta meinsemdina.

Þessi rannsóknartill., sem hér er nú til umr. varðandi verðbréfa- og víxlaviðskipti í landinu almennt, er því í hæsta máta tímabær. Ég vil segja, að eins og ástandið er í okkar viðskiptasiðferði, er það ekki mikil ábyrgðartilfinning, sem í því felst að ætla að vísa henni frá. Ástandið í viðskiptalífi okkar er vissulega þannig, að einskis má láta ófreistað til þess að reyna að

kippa því í liðinn, sem aflaga fer. Þessi till. er viðleitni í þá átt. Það mæla því öll rök með því, að hv. d. samþykki till. Á þann hátt leggur d. svo ríka áherzlu á það sem verða má, að á þeim sviðum viðskiptalífsins, sem till. fjallar um, sé þörf rannsóknar og að líkindum bættrar og hertrar löggjafar.

Frsm. meiri hl. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Ég lít nú að vísu svo á, að ekkert hafi komið fram í ræðum þeirra tveggja hv. þm., sem nú hafa talað, sem hnekki því, sem ég sagði í framsöguræðu, svo að ég get orðið stuttorður.

Ég skal taka það fram, að ég er alveg sammála hv. 5. þm. Reykn., sem hér talaði áðan, um það, að ástandið á lánamarkaðinum er að mörgu leyti óheilbrigt. Og ég skal einnig taka fram, að ég lít svo á, að ummæli hv. flm. þessarar þáltill. í grg. fyrir henni séu réttmæt hvað snertir orsakirnar til þessa óheilbrigða ástands á lánamarkaðinum. Það er að mínu áliti alveg laukrétt hjá þeim, þegar þeir tala um verðbólguna sem orsök þessa og þá staðreynd, sem af henni leiðir, að eftirspurn eftir fjármagni er stórum meiri en framboðið. Þetta ástand skapar hagstæðan jarðveg fyrir alls konar fjárplógs- og okurstarfsemi, sem hlýtur að verða hið mesta þjóðfélagsmein. Þetta er alveg rétt. Ég býst einnig við því, að hv. flm. sé það ljóst, að með því einu að ljóstra slíkum málum upp, þó að sjálfsagt sé að vinna að því eins og föng eru á, er ekki fundin lækning á því meini, heldur þarf að útrýma jarðveginum fyrir slíku og því ástandi, sem er á lánamarkaðinum, en það er miklu stærra mál en svo, að að mínu áliti sé hægt að ræða það hér. Það, sem ágreiningurinn er hins vegar um, er, hvort sú rannsóknarnefnd, sem hér er lagt til að skipa, hafi meiri möguleika til þess að komast til botns í þessum málum heldur en þær þingkjörnu nefndir, sem að mínu áliti eiga þegar að starfa að þessu.

Ég tel rétt að taka það fram, vegna þess að alllangt er nú um liðið, síðan þessi till. var borin fram og rædd hér við 1. umr., að ég var ekki staddur hér á landi, þegar 1. umr. um till. fór fram, og vissi því ekki, hvað gerðist á þeim fundi, og er þess vegna ókunnugt um þau atriði, sem hv. 3. þm. Norðurl. v. vitnaði til í ræðu, sem hann hélt við það tækifæri, þótt ég vænti þess ekki, að það hafi neina úrslitaþýðingu.

Hvað sem öðru líður, er ljóst, að bankaráðin eru þingkjörin nefnd, og ekki hafa verið bornar á það brigður heldur af þeim tveim hv. þm., sem hér hafa talað, að bankaráðin hafi aðgang að öllum þeim upplýsingum, sem þessi rannsóknarnefnd hefur aðgang að. Hv. 5. þm. Reykn. nefndi það, að rannsóknarnefndin hefði betri aðstöðu í þessum efnum, vegna þess að hún gæti kallað menn fyrir sig og fram eftir þeim götunum. Ég lít hins vegar þannig á, að þar sem það er hlutverk bankaráðanna að hafa eftirlit með bankastjórunum og með öðrum æðstu embættismönnum bankanna, þá hljóti þau einnig að hafa ekki eingöngu vald, heldur beinlínis skyldu til þess að kalla þá fyrir sig og láta þá gera grein fyrir sínum málum, ef bankaráð telur rökstudda ástæðu til þess að ætla, að einhvers konar misferli geti verið hjá þeim um að ræða. Ég álít, að hvað snerti rannsókn slíkra mála hljóti bankaráðin að hafa sömu aðstöðu og þessi nefnd.

Það gæti út af fyrir sig verið röksemd fyrir því að skipa þessa rannsóknarnefnd, sem hv. 3. þm. Norðurl. v. nefndi í framsöguræðu sinni, að það ætti að vera rannsóknarnefnd á bankaráðin sjálf og starfsemi þeirra. Ég upplýsti, og það stendur enn þá óhaggað, að allt að því þriðjungur hv. þm. mundi eiga sæti í bankaráðunum nú þegar, og ég er hræddur um, að almenningi hlyti að koma það þannig fyrir sjónir, að hver gullhúfa færi að verða upp af annarri, ef kosnar yrðu svo nýjar þingkjörnar rannsóknarnefndir, sem ættu að rannsaka starfsemi þeirra þingkjörnu nefnda, sem bankaráðin eru. Og væri þá óhugsandi, ef menn væru óánægðir með þessa þingkjörnu rannsóknarnefnd á sama hátt og bankaráðin, að till. kæmi þá fram um það að skipa enn rannsóknarnefnd til að rannsaka það, hvort rannsóknarnefndirnar hefðu gegnt þeim hlutverkum, sem þeim væri ætlað? Þannig gæti þetta auðvitað lengi gengið.

Hvað snertir spurninguna um það, hvort þörf væri löggjafar um verðbréfaviðskipti, verður það auðvitað alltaf álitamál, hvenær slíkrar löggjafar er þörf. Ég tel, að sú grg. Seðlabankans, sem ég vitnaði til, gefi fullnægjandi skýringu á því, að það sé ekki tímabært að setja slíka löggjöf. En það verður auðvitað alltaf matsatriði. Hitt vildi ég benda á að gefnu tilefni í ræðu hv. 5. þm. Reykn., að auðvitað hafa rannsóknarnefndir eins og sú, sem þáltill. gerir ráð fyrir, ekkert löggjafarvald í þessum efnum. Aðstaða þeirra er sú sama og bankaráðanna, að þær geta aðeins haft tillögurétt, en auðvitað ekki löggjafarvald, þannig að slíkt hlýtur auðvitað alltaf að koma til kasta Alþingis.

Af því, sem ég nú hef sagt, leiðir það, að ég tel, að bankaráðin hafi bæði heimild til þess að framkvæma allar slíkar rannsóknir, sem hér er um að ræða, og þau hafa beinlínis skyldu til þess. Í því sambandi vildi ég leyfa mér að benda á það, sem öllum hv. þdm. e. t. v. er ekki kunnugt, að bankaráðin eru yfirleitt betur launuð en gengur og gerist um þingkjörnar nefndir. Þetta álít ég að sé a. m. k. af hálfu Alþingis ekki hugsað þannig, að bankaráðin eigi að vera bitlingastörf. Slíkt ætti auðvitað engan rétt á sér, því að svokallaðir bitlingar, þar sem menn taka laun, sem eru ekki í neinu hlutfalli við þau störf, sem unnin eru, eru pólitísk spilling og ekki annað. En ég býst við, að þessi ríflegu laun séu einmitt ákveðin með tilliti til þess, að hægt sé að heimta talsverða vinnu af þeim, sem í bankaráðunum eiga sæti, þannig að þeir mæti ekki eingöngu á hinum reglulegu fundum bankaráðanna, heldur hafi líka, eins og bankaráðunum samkv. lögum er ætlað, raunhæft eftirlit með starfsemi bankanna.

ATKVGR.

Rökst. dagskrá á þskj. 262 samþ. með 11:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞK, AuA, BGuðm, EggÞ, GÍG, GTh, JÁ, JÞ, MJ, ÓB, SÓÓ.

nei: DÁ, BJ, GilsG, HB, HermJ, KK, ÓlJ, PÞ.

1 þm. (AG) fjarstaddur.

Þingsályktunartillögur, vísað til ríkisstjórnarinnar.

1. Æskulýðsmálaráðstefna.

Á 8. fundi í Sþ., 30. okt., var útbýtt:
Till. til þál. um æskulýðsmálaráðstefnu [49. mál] (A. 50).

Á 15., 18., 22., 24., 35., 37. og 38. fundi í Sþ., 13., 20. og 27. nóv., 4. des., 22. og 31. jan., 5. febr., var till. tekin til fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 39. fundi í Sþ., 6. febr., var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Till. sú, sem hér liggur fyrir, er borin fram af 10. þm. Framsfl. og mun ég af hálfu flm. gera nokkra grein fyrir málinu.

Það, sem mestu máli skiptir með hverri þjóð, er manngildi þjóðfélagsþegnanna og að hver maður fái sem bezt notið hæfileika sinna til farsældar fyrir hann og eflingar þjóðinni. Hjá fámennri þjóð eins og Íslendingum, þar sem nærri óþrjótandi verkefni bíða úrlausnar, þarf að vera valinn maður í hverju rúmi. Hæfileikar manns eru þó ekki einhlítir til að tryggja farsæld hans, holl áhrif á félaga og samvistarmenn eða heillavænlegt starf. Hegðun, starfshættir og framkoma í félags- og skemmtanalífi ræður miklu um giftu, manndóm og gildi einstaklingsins í þjóðfélaginu. Hinir ungu eiga að erfa landið. Hverju góðu heimili er annt um þau ungmenni, sem þar alast upp. Á sama hátt þarf ríkisvaldið og þjóðarheildin að láta sér umhugað um æskufólkið, búa því góð skilyrði til menntunar og þroska, laða það að hollum viðfangsefnum og veita aðhald, ef það leggur út á óheillavænlega braut. Af hálfu íslenzkra stjórnvalda, ýmissa félagasamtaka og einstaklinga hefur þessu verið nokkur gaumur gefinn. Á síðari árum hefur íslenzka þjóðin lagt mikið af mörkum til að búa æskunni góð skilyrði til menntunar og félagslífs. Skólar hafa verið reistir, félagsheimilum og öðrum samkomuhúsum komið á fót, íþróttamannvirki gerð og samgöngur bættar, en það greiðir fyrir félagsstarfi á stórum svæðum. Barnaverndarnefndir hafa unnið gott starf á sínu sviði. Ýmsir uppeldisfræðingar, æskulýðsleiðtogar, kennarar og kennimenn kirkjunnar hafa jafnframt beitt sínum áhrifum til að leiða æsku landsins á réttar brautir. Vissulega ber allt þetta mikinn árangur.

Á tveim síðustu áratugum hafa ungmennin haft miklu meiri fjármuni milli handa en nokkur kynslóð önnur á uppvaxtarárum hér á landi. Það veitir mörg ný tækifæri, en ýtir um leið undir það, að þeir, sem ístöðulitlir eru, falli fyrir freistingum eyðslusemi og óreglu. Það er og augljóst, að í sambandi við skemmtanir, félagslíf og tómstundir æskufólks eru margþætt vandamál og annmarkar, sem virðast fara vaxandi með hverju ári sem líður. Í daglegu lífi og viðar í þjóðfélaginu birtist spegilmynd þessara vandamála. Nægilegrar hófsemi er ekki gætt. Félags- og skemmtanalíf æskufólks er ekki ávallt með þeim menningarbrag sem skyldi og ytri skilyrði veita aðstöðu til. Áfengisnautn er áberandi í skemmtanalífinu og ekki sízt ef löggæzla á samkomum er takmörkuð eða engin, svo að veikar eru varnir að því leyti. Þess eru dæmi, að svo keyri úr hófi fram, að á skemmtiferð ungmenna á friðsæla staði úti á landi, svo sem í Þjórsárdal, verði svo mikil vandkvæði af umgengni og framkomu manna og séu gerð þau spjöll, að dómsmálastjórn og lögregla verði að gera gangskör að gaumgæfilegri athugun. Margháttuð afbrot unglinga fara því miður vaxandi. Af sama toga eru spunnin, þótt fullfríða menn kunni stundum að eiga í hlut, innbrot, óleyfilegur bifreiðaakstur, er stundum leiðir til umferðarslysa, ávísanafalsanir, er mikið hefur orðið vart við að undanförnu.

Þannig er ytra borð þessara margþættu vandamála. Hin hliðin er ekki jafnáberandi, en spegilmynd hennar er þó ekki síður alvarleg: of mikið hirðuleysi við nám og starf, vaxandi ístöðuleysi æskumannsins gagnvart skaðlegum nautnum, glataðar vinnustundir til tjóns fyrir einstakling, heimili og þjóðfélag, áhyggjur fjölskyldu og vandafólks út af velferð æskumannsins og því, hvert braut hans muni leiða, jafnvel þung raun á heimilum.

Ríkisvaldinu ber skylda til að gefa þessu gaum og hafa forustu um, að leitað sé að sem flestum leiðum, sem færar eru til að breyta hér um til bóta. Þær leiðir hljóta annars vegar að stefna að því marki að leiðbeina, laða æskufólk til hófsemi og menningarlegra hátta í félags- og skemmtanalífi og hins vegar með vissum ráðstöfunum draga úr áhrifum þess, er reynist viðsjált á vegum ungmenna, og veita nauðsynlegt aðhald með aukinni löggæzlu og fleiru. Hér verður ekki gert yfirlit um þær leiðir og

þau ráð, er til greina koma, enda er það samkv. till. hlutverk æskulýðsmálaráðstefnunnar að benda á leiðir. Nokkur atriði vil ég þó nefna.

Ótvíræð reynsla sannar, að hættan er mest á því sviði, sem hér um ræðir, þegar Bakkus er með í för. Það, sem fyrst kemur til athugunar í þessum efnum, er að draga úr áfengisneyzlu og takmarka að miklum mun frá því, sem nú er, möguleika æskumanna til að komast yfir áfengi. Þetta verður að gera, bæði með breytingum á áfengislögum og strangari framkvæmd á áfengissölu og vínveitingum. Ríkið hefur einkasölu á áfengi, og ríkisvaldinu ber að hlutast til um þetta. Frv. um breyt. á áfengislögum, sem nú liggur fyrir Alþingi, stefnir að mínum dómi í rétta átt. Ríkisvaldið gæti mælt fyrir um og haft eftirlit með, að í öllum skólum, sem ríkið kostar eða styður fjárhagslega, sé aukin fræðsla um bindindismál og gott fordæmi gefið um hófsemi. Þegar þess er gætt, að í framhaldsskólum landsins sitja samtals um 20 þús. nemendur, verður augljóst, hve skólarnir eru áhrifaríkur aðili á þessu sviði. Niðurstöður nefndar þeirrar, sem rannsakaði atburðina í Þjórsárdal s. l. sumar, eru vafalaust góð leiðbeining, en þær niðurstöður eru m. a. þessar:

Aukin verði félagsleg fræðsla og félagsstarfsemi í unglinga- og framhaldsskólum undir forustu hæfra leiðtoga, sem sinni félags- og tómstundaþörfum nemenda, bæði á skólatímanum og á sumrum. Æskulýðsstarfsemi á vegum bæjar- og sveitarfélaga, svo sem Æskulýðsráðs Reykjavíkur og fleiri bæja, verði í auknum mæli beint inn á þau svið, sem skólar og frjáls félagasamtök ná ekki til. Leitazt verði við að auka stuðning af hálfu hins opinbera til félaga, er starfa að æskulýðsmálum, svo að þau geti sinnt betur því hlutverki að sjá ungmennum fyrir hollum og þroskandi tómstundastörfum.

Kleift væri að koma á fót í höfuðborginni, þar sem fjölmennið er mest, félagsheimilum, þar sem haldið væri uppi undir opinberu eftirliti félagsstarfi og skemmtunum, er orðið gætu til fyrirmyndar, með það fyrir augum að ná þeim markmiðum, er stefna þarf að. Með samstilltu átaki og skipulegu þarf að gera menningarstarfsemi í félagsheimilunum úti um land fjölbættari en nú er, með því t. d., að þau fái notið í vaxandi mæli lista í ýmsum greinum með heimsókn hjálfaðra manna frá höfuðborginni. Þá verður einnig, ef vel á að fara, að draga úr áhrifum þess, sem viðsjált reynist á vegum æskumanna. Kvikmyndahúsin eru eftirsóttir skemmtistaðir. Allmikið þykir að því kveða, að myndir séu valdar meira með tilliti til væntanlegra tekna en menningarlegs gildis. Þessu þyrfti að gefa meiri gaum en gert hefur verið. Þess þarf stranglega að gæta, að sölustaðir sælgætis og gosdrykkja séu ekki settir í næsta nágrenni við skóla eða aðrar menningarstofnanir, og óhjákvæmilegt er að auka og efla löggæzlu á samkomum hvarvetna um landið. En til þess að ráðstafanir, sem gerðar eru á þessu sviði, beri góðan árangur, þarf almenningsálitið að standa að baki ríkisvaldinu. Hér þarf þjóðlega vakningu í þessum efnum. Einstakir áhugamenn, stofnanir og félagssamtök hafa opin augu fyrir þeim vanda, sem hér er rætt um, á sviði uppeldismála og þjóðlífs, og þessir aðilar leggja sig fram við að koma á breytingum til bóta, en samvinna þeirra á milli er allt of lítil, svo að átökin verða dreifð. En skipulegt samstarf margra aðila, er allir vilja ná sama marki, er líklegast að dómi okkar flm. til góðs árangurs, þar sem viðfangsefnið er svo vaxið, að sækja verður gegn straumi aldarandans.

Við leyfum okkur því að leggja fram svo hljóðandi till. til þál.:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að kveðja til ráðstefnu, er hafi það verkefni að taka til rækilegrar athugunar hin margþættu vandamál í sambandi við skemmtanir, félagslíf og tómstundir æskufólks og gera till. til úrbóta. Ríkisstj. skipar 25 fulltrúa til setu á ráðstefnunni. Skipan þeirra skal vera með þessum hætti: Ríkisstj. skipar einn fulltrúa án tilnefningar, og skal hann vera formaður, aðrir fulltrúar séu skipaðir samkv. till. aðila, en þeir eru þessir: Alþingi 4 fulltrúar, þ. e. 1 frá hverjum þingflokki. Kvenfélagasamband Íslands 5 fulltrúar, þ. e. 1 úr Reykjavík og 1 úr hverjum landsfjórðungi. Þessir aðilar tilnefni 1 fulltrúa hver: Kirkjuráð. Háskólaráð. Samband framhaldsskólakennara. Samband ísl. barnakennara. Ungmennafélag Íslands. Íþróttasamband Íslands. Æskulýðsráð. Stórstúka Íslands. Ríthöfundasamband Íslands. Alþýðusamband Íslands, Stéttarsamband bænda. Farmanna- og fiskimannasamband Íslands. Landssamband iðnaðarmanna. Samband ísl. verzlunarmanna. Lögreglustjórn Reykjavíkur. Nú skorast aðili undan tilnefningu fulltrúa, og skipar þá ríkisstj. í það sæti. Ráðstefnan skal fela 5 manna nefnd úr hópi fulltrúa að starfa milli funda. Ríkisstj. hefur yfirumsjón með ráðstefnunni og sér henni fyrir hæfilegri aðstöðu til starfa. Ráðstefnan skal hafa lokið störfum fyrir 1. okt. 1964 og sent till. sínar ríkisstjórninni, en hún leggur þær fyrir Alþingi. Starf fulltrúa sé ólaunað, en hóknun til 5 manna n. og annar kostnaður við ráðstefnuna, þ. á m. ferðakostnaður fulltrúa, greiðist úr ríkissjóði."

Með till. þessari er stefnt að því að leita eftir uppástungum og áhrifum að þessu leyti sem víðast úr þjóðlífinu og skapa vettvang til skipulegs samstarfs á þessu sviði af hálfu margra áhrifamikilla stofnana og félagsheilda í landinu. Ýmsir uppeldisfræðingar, æskulýðsleiðtogar og kennimenn hafa opinberlega vakið athygli á þeim vandamálum, sem hér er drepið á, m. a. á s. l. hausti hinn þjóðkunni æskulýðsleiðtogi, Snorri Sigfússon, fyrrv. námsstjóri, í skörulegu útvarpserindi, er vakti mikla athygli. Það er því án efa mikill og vaxandi vilji fyrir hendi um það meðal þeirra, sem um þessi vandamál hugsa, að tekið sé á þeim með röggsemi og festu og reynt að finna heppilegar leiðir til úrbóta.

Um þetta mál hafa verið ákveðnar tvær umr., en í eðli sínu er þetta ekki stórt fjárhagsmál, heldur miklu fremur almenns eðlis, menningar- og uppeldismál. Ég vil því að lokum gera það að till. minni, að málinu verði vísað til allshn., eftir að þessari umræðu lýkur.

Það hefur nú atvikazt svo, að liðinn er fullur ársfjórðungur, síðan þetta mál var lagt hér

fram á hv. Alþingi og þangað til mér gefst kostur á að mæla þessi orð til skýringar á málinu. Ég vænti þess, að hv. nefnd, sem málið fær til afgreiðslu, láti þessa miklu töf ekki verða því til hindrunar, að það fái fullnaðarafgreiðslu nú á þessu þingi.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Í þessari till. er hreyft mjög athyglisverðu máli. Á því leikur enginn vafi, að vaxandi tekjur almennings síðustu ár og áratugi og auknar tómstundir, ekki hvað síst æskufólks, hafa í för með sér margvísleg vandamál, sem vafasamt er að úr greiðist með heppilegum hætti, nema atbeini ríkisins, hins opinbera, komi þar til, a. m. k. að nokkru leyti. Mjög aukin fjárráð æskufólks og auknar tómstundir þess hafa ekki aðeins bjartar hliðar, heldur færa æskufólki og ýmsan nýjan vanda, sem áður var óþekktur.

Um margt er að velja í *nútímaþjóðfélagi* til þess að nota fjármuni og tómstundir til, og skiptir þá mjög miklu máli, að skynsamlega sé valið. Ég tel það tvímælalaust vera eitt af hlutverkum ríkisvaldsins og bæjar- og sveitarfélaga og meira að segja eitt af mikilvægustu hlutverkum þessara opinberu aðila að hjálpa æskufólki til þess að nota aukna fjármuni og auknar tómstundir sér til aukins þroska, til mannbóta, en ekki á þann hátt, að það hafi öfug áhrif. Þetta hefur menntmrn. verið ljóst undanfarin ár, og þess vegna hefur þar nokkuð verið unnið að því með gagnasöfnun og öðrum hætti, viðræðum við ýmsa aðila, með hverjum hætti bezt yrði snúizt við þessum sívaxandi vanda.

Í lok s. l. árs var svo komið, að ég taldi heppilegast til að hrinda málinu fram að skipa nefnd æskulýðsfulltrúa eða æskulýðsleiðtoga til þess að fjalla um þetta mál, nánar tiltekið til þess að athuga, hvort ekki væri orðið tímabært að setja löggjöf um æskulýðsmál. Hinn 20. des. s. l. skipaði menntmrn. því nefnd til að semja frv. til l. um æskulýðsmál, þar sem sett séu ákvæði um skipulagðan stuðning hins opinbera, þ. e. a. s. ríkis og sveitarfélaga, við æskulýðsstarfsemi, er m. a. miði að því að veita æskufólki þroskandi viðfangsefni í tómstundum. Í n. skipaði menntmrn. oddvita eða forustumenn helztu æskulýðssamtaka landsins eða þeirra samtaka, sem láta æskulýðsmál til sín taka, og eiga þessir menn sæti í n.: Séra Bragi Friðriksson framkvstj. Æskulýðsráðs Reykjavíkur, séra Eiríkur J. Eiríksson, sambandsstjóri Ungmennafélags Íslands, Gísli Halldórsson forseti ÍSÍ, Jón Pálsson tómstundaráðunautur Æskulýðsráðs Reykjavíkur, Jónas B. Jónsson skátahöfðingi, Ólafur Egilsson formaður Æskulýðssambands Íslands, Ólafur Þ. Kristjánsson stórtemplar, séra Ólafur Skúlason æskulýðsfulltrúi þjóðkirkjunnar, Þorsteinn Einarsson íþróttafulltrúi ríkisins og Knútur Hallsson deildarstjóri í menntmrn., og er hann jafnframt formaður nefndarinnar. Í skipunarbréfi hennar er sagt, að þess sé óskað, að n. hafi lokið störfum svo snemma, að unnt verði að leggja frv. um æskulýðsmál fyrir Alþingi, er það kemur saman haustið 1964.

N. er þegar tekin til starfa og hefur nú þegar safnað nokkrum gögnum um æskulýðslöggjöf og skipan æskulýðsmála erlendis. Af þeim gögnum, sem n. hafa þegar borizt og hún hefur hafið að vinna úr, telur hún, að engin sérstök heildarlög um æskulýðsmál séu til í nágrannalöndunum, heldur séu ákvæði um þau efni á víð og dreif í ýmsum lögum. N. telur, að þar sem væntanlega sé við engar beinar hliðstæður að styðjast í erlendri löggjöf, kunni hlutverk n. að verða nokkru tímafrekara og vandasamara en ætlað var í fyrstu, en n. hefur þó heitið því að hraða störfum sínum eins og unnt er. N. hefur og hafizt handa um söfnun gagna um framlag ríkis og hinna ýmsu bæjar- og sveitarfélaga til æskulýðsmála, svo og framlag æskulýðssamtakanna sjálfra og annarra aðila til þessara mála, til að fá glögga mynd af því, hvernig skipan þessara mála er háttað á Íslandi í dag, og er slík gagnasöfnun að sjálfsögðu undirstöðuatriði í starfi nefndarinnar.

Með hliðsjón af því, að þegar er hafið starf að þeim málum, sem till. fjallar um, vildi ég beina því til þeirrar hv. n., sem málið fær til meðferðar, hvort hún teldi ekki heppilegustu meðferð málsins þá að vísa þessari till. til ríkisstj. Með því á ég ekki við það, að í því felist ekki fullkomin viðurkenning á því, að hér er um mikilvægt mál að ræða, heldur þvert á móti undirstrikun á því, að hér er um mikilvægt mál að ræða, sem ég lýsi ánægju minni yfir, að margir þm. eins stjórnmálaflokksins hafa sýnt þann áhuga á, að till. er fram komin hér á hinu háa Alþingi.

Hins vegar skal ég segja það og enga dul á það draga, að ég hef meiri trú á því að fela þetta sérstakri nefnd, sem sé beinlínis skipuð af ríkisvaldinu, heldur en að kveðja til allfjölmenna ráðstefnu eða ráðstefnu 25 fulltrúa, eins og hér er gert ráð fyrir, og virðast raunar flm. vera mér sammála um þetta að því leyti, að í till. er beinlínis gert ráð fyrir því, að þessi ráðstefna kjósi 5 manna nefnd, sem raunverulega eigi að vinna aðalverkið, að því er mér hefur skilizt. Þó að ég telji 25 manna ráðstefnu vera of fjölmenna til að geta sinnt beinu starfi að undirbúningi löggjafar, tel ég hins vegar 5 manna nefnd vera of fámenna, til þess að öll sjónarmið, sem eðlilegt er að menn vilji láta koma fram, fái notið sín í aðeins 5 manna nefnd, því að samtökin, sem láta sig þessi mál miklu skipta, eru 9 starfandi í landinu, og mér þótti þau öll vera þess eðlis, að mjög eðlilegt væri, að raddir þeirra heyrðust, þegar löggjöf um þetta mál yrði undirbúin.

Ég vil beina því til hv. n., herra forseti, að hún taki til athugunar, hvort það væri ekki eðlilegust afgreiðsla á þessu mjög svo mikilvæga máli, að ríkisstj. fengi till. þessa til athugunar. Hún mundi þá að sjálfsögðu láta hana koma til meðferðar í n., sem þegar er að starfa að þessum málum.

Flm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Það kom fram í ræðu hæstv. menntmrh., að hann hefur góðan skilning á þeim vandamálum, sem hér eru gerð að umræðuefni í sambandi við þessa till., eins og vænta mátti. En hann virðist ekki líta svo á, að þörf sé á eða ástæða til, að Alþingi geri ályktun í þessu máli á annan veg en þann að vísa till., sem hér liggur fyrir, til ríkisstj., og skírskotar til þess, að hann sem

ráðh. hafi skipað nefnd manna til að undirbúa löggjöf um æskulýðsmál. Ég vil nú taka fram og leggja á það áherzlu, að mér virðist, að þetta tvennt geti vel farið saman og þurfi alls ekki að rekast á, sú till., sem hér er til umræðu, þótt samþykkt yrði, og sú nefndarskipun, sem hæstv. ráðh. hefur beitt sér fyrir. Það er, eins og kveðið var að fornu, að það „varðar mest til allra orða, að undirstaðan sé réttlig fundin," og þetta á sérstaklega við, þegar setja á löggjöf um nýmæli, sem jafnvel ekki á sér fullkomnar hliðstæður í löggjöf annarra þjóða, eins og hæstv. ráðh. gaf nú upplýsingar um. Það er því að mínum dómi og okkar flm. eðlileg aðferð í þessu máli að leita fyrst eftir till. og uppástungum sem víðast að úr þjóðfélaginu og reyna að virkja þann áhuga meðal margra einstaklinga og félagsheilda í þessum efnum, sem til staðar er, en nú er allt of dreifður og skilar ekki sameiginlegu átaki, til þess að færa þessi mál í það horf, sem við erum sammála um að þörf sé á. Með till. okkar er sérstaklega miðað við það að fá uppástungur, ábendingar og till. sem víðast að, vekja áhuga hjá mörgum félagasamtökum og áhrifamiklum stofnunum í þjóðfélaginu og tengja þær þannig við þetta mál að vissu leyti, áður en löggjöfin er sett, því að það er alveg augljóst, eins og ég tók fram í fyrri ræðu minni, að hér þarf að sækja gegn straumi aldarandans, og til þess að fá góðan árangur, þarf almenningsálitið að standa að baki aðgerðum ríkisvaldsins á þessu sviði. Við ætlumst til, að þessi ráðstefna starfi í sumar og þessir 25 fulltrúar sitji ekki að störfum mjög langan tíma, heldur komi fram með sínar till. og beri ráð sín saman, síðan vinni 5 manna undirnefnd að því að gera till. til ríkisstj. eftir þeim ábendingum, sem fram koma á ráðstefnunni, og við ætlumst til, að þessu starfi verði lokið fyrir 1. okt. 1964. Ég fæ ekki betur séð en það væri augljós ávinningur fyrir þá nefnd, sem hæstv. ráðh. hefur skipað og hefur því hlutverki að gegna að semja frv. til laga um þetta efni, að fá upp í hendurnar einmitt tillögugerð sem og álit ráðstefnu, sem við leggjum til að kvödd verði til starfa. Mér virðist því, að þetta þurfi alls ekki að brjóta í bága hvort við annað, heldur sé miög vel hægt að samræma þetta og það gæti orðið stuðningur að því fyrir þá nefnd, sem á að undirbúa löggjöf á þessu sviði, að hafa til hliðsjónar og leiðbeiningar þær till., sem ráðstefnan kynni að gera, og það væri eðlilegt með tilliti til þess, hve viðfangsefni n. er að ýmsu leyti fjölþætt og ekki kannað nema að litlu leyti, og má alveg gera ráð fyrir, eins og hæstv. ráðh. drap á, að hún þurfi lengri tíma til starfa en fram að þingbyrjun á næsta hausti, og ég fæ ekki betur séð en það væri einnig stuðningur fyrir ríkisstj. í viðleitni hennar til að ráða bót á þessum vanda að hafa á bak við sig samþykkt Alþingis á þeim grundvelli, sem við leggjum til.

Ég vil því eindregið vænta þess, að sú nefnd, sem fær þetta mál til athugunar, líti á þau sjónarmið, sem ég hef dregið hér fram, og skoði málið í því ljósi, að samþykkt till. þeirrar, sem hér liggur fyrir, þarf alls ekki á nokkurn hátt að brjóta í bága við störf þeirrar n., sem hæstv. ráðh. hefur skipað, því að hér er um þjóðfélagslegt vandamál að ræða, sem við erum sammála um, að þarf að ráða bætur á.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 40. fundi í Sþ., 12. febr., var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og til allshn. með 33 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Sþ., 8. maí, var till. tekin til síðari umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 75. fundi í Sþ., 9. maí, var till. aftur tekin til síðari umr. (A. 50, n. 523).

Frsm. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Till. til þál., sem útbýtt hefur verið á þskj. 50, fjallar um það, að Alþingi feli ríkisstj. að kveðja til ráðstefnu, sem hafi það að verkefni að taka til rækilegrar athugunar hin margþættu vandamál í sambandi við skemmtanir, félagslíf og tómstundir æskufólks og gera till. til úrbóta. Í till. er gert ráð fyrir því, að saman yrði kölluð 25 manna ráðstefna, þar sem sæti ættu helztu æskulýðsleiðtogar og fulltrúar stjórnmálaflokkanna auk fulltrúa kvenfélagasambands og nokkurra fleiri aðila.

Tilefni þessarar þáltill., sem flutt var snemma hér á þessu þingi, á fyrstu dögum þess, mun hafa verið ekki hvað sízt útvarpserindi, sem Snorri Sigfússon fyrrv. námsstjóri flutti þá, þar sem hann hvatti mjög til þess, að slíkt ráð yrði reynt til þess að bæta nokkuð ástandið í þessum þýðingarmiklu málum. Hér var um það að ræða að reyna að koma á fót aukinni æskulýðsstarfsemi til þess að hafa holl áhrif á tómstundalíf unglinga, og hygg ég, að allir muni sammála um, að þess sé engin vanþörf í því nokkuð rótlausa þjóðfélagi, sem við nú lifum í.

Eftir að þessi till. kom fram hér á hv. Alþingi, eða nánar tiltekið 20. des. s. l., skipaði hæstv. menntmrh. nefnd 10 manna, forustumanna á sviði uppeldis- og kennslumála, til þess að semja frv. til l. um æskulýðsmál. Í þessu frv. átti sérstaklega að taka til athugunar ákvæði um skipulagðan stuðning hins opinbera við æskulýðsstarfsemi, sem ætti hvað helzt að miða að því að veita æskufólki þroskandi viðfangsefni í tómstundum. Hér hefur því nokkuð verið komið til móts við þann anda, sem í till. þessari felst, og vil ég leyfa mér að lýsa ánægju minni yfir þessari nefndarstofnun.

Með hliðsjón af því, sem gerzt hefur í málinu, síðan till. var borin fram, hefur allshn. sameinaðs Alþingis orðið sammála um að vísa þessari þáltill. til ríkisstj., og mér er kunnugt um það, að flm. till. eru þessari afgreiðslu samþykkir. enda verði á það treyst, að 10 manna n. taki það til athugunar í sambandi við lausn verkefnis síns að kalla saman æskulýðsmálaráðstefnu á svipuðum grundvelli og þessi þáltill. gerir ráð fyrir. Þess vegna er það till. allshn., að till. til þál. á þskj. 50 verði vísað til hæstv. ríkisstj.

ATKVGR.

Till. á þskj. 523 um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 44 shlj. atkv.

---

2. Ferðir með skriðbíl yfir Skeiðarársand.

Á deildafundum 18. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um tilraun til að hefja skipulagðar ferðir með skriðbíl yfir Skeiðarársand [70. mál] (A. 76).

Á 18. fundi í Sþ., 20. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 22. fundi í Sþ., 27. nóv., var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 25. fundi í Sþ., 11. des., var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Jónas Pétursson): Herra forseti. Þáltill. sú, sem ég hef leyft mér hér að flytja ásamt þremur öðrum hv. alþm. um skipulagðar ferðir með skriðbíl yfir Skeiðarársand, er á þessa leið:
„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta á næsta sumri hefja skipulagðar tilraunaferðir með skriðbíl yfir Skeiðarársand milli Lómagnúps og Öræfa."
Í grg., sem fylgir þessari þáltill., eru rakin öll þau helztu atriði, sem þetta mál varða, en svo sem hv. alþm. marga mun reka minni til, var samþykkt hér við afgreiðslu fjárlaga á síðasta ári heimild til þess að kaupa slíkt tæki, hinn svonefnda skriðbíl, og reyna sem samgöngutæki á Skeiðarársandi. Þessi skriðbíll var svo keyptur samkv. þessari heimild á s. l. vori og reyndur síðari hluta sumars. Það voru nokkrir menn, sem framkvæmdu þá reynsluferð, og m. a. var fulltrúi frá samgmrn. með í þeirri ferð, og hann hefur skilað stuttri skýrslu um þetta ferðalag til samgmrh., og ég vil, með leyfi hæstv. forseta, lesa hér upp fáein atriði, sem þar koma fram:
„Innkaupastofnun ríkisins annaðist kaup á skriðbílnum. Kom hann til landsins 24. maí. Var verð hans samkv. reikningi Innkaupastofnunarinnar að meðtöldum öllum kostnaði um 288 þús. kr. Síðan voru breytingar gerðar á bílnum, sem kostuðu ca. 35 þús. Að loknum nauðsynlegum breytingum var ákveðið að fara reynsluferð á bílnum. Var hann fluttur austur að Skálmarbrú í Álftaveri miðvikudaginn 21. ágúst. Fimmtudaginn 22. ágúst var ekið á skriðbílnum niður í Álftaver yfir Kúðafljót og austur Meðalland yfir Eldvatn og að Skaftárósi. Föstudaginn 23. ágúst var ekið yfir Hvalsíki og Melós á Skaftafellsfjöru að skipbrotsmannaskýli þar á sandinum og gist þar um nóttina. Laugardaginn 24. ágúst var ekið eftir söndunum austur að Skeiðará og gist þar í skipbrotsmannaskýli. Sunnudaginn 25. ágúst var ekið upp með Skeiðará og austur yfir hana á móts við Svínafell að Fagurhólsmýri. Farið var á bíl, jeppa, austur að Jökulsá á Breiðamerkursandi og staðhættir athugaðir þar. Mánudaginn 26. ágúst var farið frá Fagurhólsmýri yfir öll vötnin nokkuð langt fyrir neðan vegartroðning að Núpsstað, þar sem bíllinn var skilinn eftir og gengið vandlega frá honum. Í allri þessari ferð reyndist skriðbíllinn ágætlega. Á leiðinni yfir stærstu fljótin austur sandana fór hann nokkrum sinnum á flot og var þá knúður áfram af spöðum, sem eru festir á beltin. Hann fór vel á vatninu og lét sæmilega að stjórn, en ekki reyndist unnt að stjórna honum á floti, nema lítill straumur væri. Bíllinn flaut með þeim þunga, sem í honum var, ca. 3—4 tonn, á ca. 1½ m djúpu vatni. Hann fór auðveldlega yfir öll fljót, þar sem hann tók niðri, og í sandbleytu reyndist hann framar öllum vonum. Hann sökk einu sinni í sandbleytu á sandinum austan við Hvalsíki, en náðist fljótlega upp aftur með því að láta hann vega sig upp á staurum, sem settir voru undir beltin að framan og hann dró inn undir sig og fékk viðspyrnu af. Það, sem aðallega má að skriðbílnum finna, er, að beltin eru of mjó, ca. 35 cm, til að gott megi teljast. Auðvelt er að bæta úr því með því að sjóða 10 cm viðbótarstálplötu hvorum megin á skaflana á beltunum og færa plöturnar á bílnum inn til að fá rúm fyrir beltin að innanverðu."
Ég sé ekki ástæðu til að lesa meira úr þessari skýrslu. Helztu atriðin koma fram í því, sem ég hef nú lesið, þau sem máli skipta um það, hvernig þetta farartæki hefur reynzt. Það má að vísu segja, að það sé kannske hæpið að draga algilda ályktun af þessu, þar sem aðeins er hér um eina ferð að ræða. En þess má þó jafnframt geta, að það hafa verið farnar margar ferðir áður á svipuðum farartækjum um þessar slóðir, og þess vegna er þessi reynsla í raun og veru betur studd en með þessari einu ferð. En ég vænti þess, að það sé öllum hv. alþm. ljóst, að það væri ákaflega þýðingarmikið mál, ef unnt væri að opna samgönguleiðina umhverfis landið, en aðalþröskuldurinn á þeirri leið er einmitt vötnin á Skeiðarársandi og kannske sandurinn sjálfur.
Staðreynd er, að jökullinn eyðist nú mjög fljótt, og það er að verða þarna mjög mikil breyting á, sérstaklega hvað snertir jökulhlaupin, sem áður voru svo mikil, að það var gersamlega útilokað, að nokkur mannvirki gætu staðizt á söndunum, og þýddi þess vegna ekki að láta sér til hugar koma brúargerðir yfir þessi vatnsföll, svo sem annars staðar er yfirleitt gert. En breyting er orðin svo mikil á þessu nú, að jafnvel er að verða í sumra huga, að það verði mögulegt innan tíðar að brúa þessi vötn. En ég geri þó ráð fyrir, að það taki enn allmörg ár, áður en menn telja það nægilega reynt og nægilega öruggt að leggja í slíkan kostnað. Þess vegna væri það ákaflega mikilsvert, ef á þennan hátt eða svipaðan væri hægt að leysa þetta brúarspursmál, og eins og ég hef lýst og lesið upp úr þessari stuttu skýrslu, er reynslan af þessum skriðbíl frá síðasta sumri svo góð, að það virðist vera fullkomin ástæða til þess að gefa henni gaum og halda henni áfram. Má raunar segja, að það sé sérstaklega annar þáttur þessara tilrauna, sem er eftir, en það er að fá úr því skorið, hvort það er yfirleitt hagrænn grundvöllur fyrir að nota þennan skriðbíl þarna til samgöngubóta. Og ég held að það eigi þess vegna nú á næsta sumri að ráðast í fullkomnari tilraunir með þetta tæki. Það mun vera nauðsynlegt að kaupa a. m. k. einn annan slíkan vatnadreka. Það er bæði af öryggisástæðum og einnig vegna þess, að kaupverð þeirra er til-

tölulega mjög lágt, en á hinn bóginn eru þeir mjög hæggengir, en þarna er um allmikla vegalengd að ræða eftir tiltölulega greiðfærum söndum milli Núpsvatna og vatnanna, sem næst þeim eru, annars vegar og Skeiðarár hins vegar, og mundi því vera hagkvæmast í framkvæmd að hafa tvo slíka dreka, annan staðsettan við við Skeiðará, en hinn við vestari vötnin. Og að lítt athuguðu máli virðist manni a. m. k., að það hljóti að verða hagkvæmari lausn. Annars er það vitanlega ekki á valdi þessarar þál. að ákveða beint um framkvæmd, heldur ákveða aðeins, að þessi tilraun skuli gerð.

Ég vænti, að hv. alþm. sé nokkuð ljóst, hvað hér er um að ræða, og ég sé þess vegna ekki ástæðu til að hafa langa framsögu, en ég vil aðeins benda á það, að svo mikilsvert sem þetta er fyrir næstu byggðirnar austan Skeiðarársands og raunar fyrir allt sunnanvert Austurland, ef mögulegt er að opna þessa leið, þá verður það einnig mikilvægt atriði fyrir landsmenn alla, því að nú eru sumarferðalögin orðin að segja má fastur þáttur í lífi fjölda þess fólks, sem í þéttbýlinu býr, og það liggur í augum uppi, hversu menn teldu það miklu hagkvæmara, ef hægt væri að aka hringveginn um landið, en ekki t. d., ef menn fara til Hornafjarðar, að verða þá að aka norður um og síðan sömu leið til baka. Þess vegna vildi ég vænta þess, að þessi till. fengi greiðan gang gegnum þingið og hún verði hér samþykkt síðar, og þá vildi ég vænta þess, að það yrði séð fyrir því, að þessi tilraun verði gerð á komandi sumri.

Ég vil þá að lokum leyfa mér að leggja til, að till. sé vísað til hv. fjvn.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 41 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 74. fundi í Sþ., 8. maí, var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 75. fundi í Sþ., 9. maí, var fram haldið einni umr. um till. (A. 76, n. 544).

Frsm. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Till. sú, sem hér liggur fyrir á þskj. 76, er flutt af hv. 3. þm. Austf., Jónasi Péturssyni, o. fl. og hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta á næsta sumri hefja skipulagðar tilraunaferðir með skriðbíl yfir Skeiðarársand milli Lómagnúps og Öræfa."

Till. var á sínum tíma vísað til fjvn., og hefur n. haft hana til athugunar og leggur til, að till. verði vísað til ríkisstj. Nefndarálit fjvn. er á þskj. 544.

Það verður að telja, að hér sé um mjög athyglisverða tilraun til samgöngubóta að ræða á því svæði, sem till. gerir ráð fyrir, en það er yfir Skeiðarársand milli Lómagnúps og Öræfa. Vitað er, að Skeiðarársandur er ekki fær neinum venjulegum ökutækjum, og verður því að grípa til þeirra úrræða, sem hugsanlegt er að fyrir hendi séu til samgöngubóta á þessu svæði. Samkv. heimild í fjárl. var á s. l. ári keyptur svonefndur skriðbíll eða vatnadreki í tilraunaskyni til úrlausnar samgöngubótum yfir Skeiðarársand. Telja flm. í grg., sem till. fylgir, að reynsla sú, sem af þessu farartæki fékkst á s. l. sumri, sé mjög góð hvað hina tæknilegu hlið snertir. Hins vegar hafi tíminn verið allt of stuttur til þess, að nokkuð liggi fyrir um, hver fjárhagsgrundvöllur farartækisins kunni að vera. Má segja, að eðlilegt hefði verið, að tekin hefði verið inn á fjárlög ákveðin upphæð til tilrauna í þessu sambandi, en svo var ekki. Telur fjvn. því eðlilegt, að till., eins og hún liggur fyrir, verði vísað til ríkisstj. til fyrirgreiðslu, í trausti þess, að endanlegar tilraunir verði gerðar nú í sumar til þess að fá úr því skorið, hvort farartæki það, sem hér um ræðir, hinn svonefndi skriðbíll, leysi þann vanda, sem honum var ætlað, er hann var keyptur hingað til landsins.

ATKVGR.

Till. á þskj. 544 um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 36 shlj. atkv.

Þingsályktunartillögur ekki útræddar.

1. Framkvæmdir Atlantshafsbandalagsins í Hvalfirði.

Á deildafundum 15. okt. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um framkvæmdir á vegum Atlantshafsbandalagsins í Hvalfirði [22. mál] (A. 22).

Á 3. fundi í Sþ., 16. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 8., 14. og 18. fundi í Sþ., 30. okt., 13. og 20. nóv., var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 24. fundi í Sþ., 4. des., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Till. sú, sem hér liggur fyrir til umr., er fram borin í því tilefni, að hæstv. ríkisstj. hefur í hyggju að gera samning við Atlantshafsbandalagið um mannvirkjagerð í Hvalfirði. Þetta mál hefur tvívegis komið til umr. utan dagskrár í Sþ., og liggur nú ljóst fyrir, að aðalatriði málsins eru fyrst og fremst þessi:

1) Hefur hæstv. ríkisstj. leyfi til að gera þennan samning, án þess að samþykki Alþingis liggi fyrir? Við þm. Alþb. segjum hiklaust nei og vitnum til stjórnarskrárinnar. Hæstv. utanrrh. segir já.

2) Að hverju er verið að stefna í Hvalfirði með framkvæmdum Atlantshafsbandalagsins þar? Er aðeins verið að endurnýja nokkra olíugeyma, leggja nokkrum legufærum og smíða litla bryggju, eins og hæstv. utanrrh. vill vera láta? Eða er nú stefnt að því með markvissum vinnubrögðum að koma upp í Hvalfirði stórfelldum hernaðarmannvirkjum, flotastöð fyrir Atlantshafsbandalagið og jafnvel kafbátastöð?

Ég vil fyrst snúa mér að lagalegri hlið þessa máls. Hefur hæstv. ríkisstj. leyfi til að gera samning við NATO um að byggja í Hvalfirði átta olíugeyma, bryggju, legufæri og múrninga á hafsbotni til afnota fyrir Atlantshafsbandalagið, án þess að samþykki Alþingis liggi fyrir?

Hæstv. utanrrh. svarar játandi og styður mál sitt með þeim rökum, sem fram komu í ræðu hans 16. okt. s. l., með leyfi hæstv. forseta:

„Varnarliðið hefur verið hér í full 10 ár og haft hér stórkostlegar verklegar framkvæmdir. Allar hafa þessar framkvæmdir, eins og ég sagði í upphafi, verið bornar undir ríkisstj. og leyfðar án samráðs við Alþingi, enda ekki þingmál. Í samkomulaginu, sem gert verður, ef til kemur, um framkvæmdir í Hvalfirði, verður samið um þær sem hluta varnarliðsframkvæmda samkvæmt varnarsamningnum. Þessar framkvæmdir fara fram á vegum Bandaríkjanna, og gagnvart Íslandi virðist ekki breyta máli, hvaðan féð kemur."

Þessi röksemdafærsla hæstv. ráðherra er í algerri mótsögn við skýlaus ákvæði stjskr., þar sem segir í 21. gr., með leyfi forseta:

„Forseti lýðveldisins gerir samninga við önnur ríki. Þó getur hann enga slíka samninga gert, ef þeir hafa í sér fólgið afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi eða ef þeir horfa til breytinga á stjórnarhögum ríkisins, nema samþykki Alþingis komi til."

Hæstv. ráðh. segist mega hunza þetta afdráttarlausa ákvæði stjskr. En með hvaða rökum getur hæstv. ráðh. komizt hjá því að virða þetta ákvæði?

Í fyrsta lagi: Getur hæstv. ráðh. skotið sér á bak við þá skýringu, að hér sé ekki um að ræða samning við önnur ríki, eins og stjórnarskráin nefnir? Ég vil þá minna á, að í fjöldamörgum ummælum hæstv. utanrrh. hefur hann talað um samningsgerð við Atlantshafsbandalagið um Hvalfjörð. Í viðtali, sem fulltrúar Alþb. áttu við hæstv. ráðh. í sumar, kom það einnig fram, að ráðh. telur, að samningur þessi geti gilt áfram, enda þótt varnarsamningurinn frá 1951 falli úr gildi. Hér er því greinilega um að ræða nýjan samning við erlend ríki, Atlantshafsbandalagið og Bandaríkjamenn.

Í öðru lagi: Er ekki mannvirkjagerð Atlantshafsbandalagsins í Hvalfirði kvaðir á landi, eins og stjórnarskráin tilgreinir? Ég vil — með leyfi hæstv. forseta — vitna til orða hæstv. núv. forsrh., Bjarna Benediktssonar, frá því er hann var prófessor í lögum við Háskóla Íslands. Prófessor Bjarni samdi þá ágrip af íslenzkri stjórnlagafræði með hliðsjón af ritum prófessors Einars Arnórssonar. Hæstv. forsrh. lýsir þessu ákvæði stjskr. um kvaðir á landi, og er álit hans samhljóða skoðunum Einars Arnórssonar. Prófessor Bjarni segir:

„Hér er átt við svonefndar „ríkisréttarlegar servitutir". Þær eru að sínu leyti svipaðar ítökum, kvöðum og ískyldum í landi einstakra manna. Heimila þær annaðhvort öðrum ríkjum

yfirráð eða notkunarrétt á landi eða landhelgi og per analogium lofti, sem þeim væri ella óheimilt, t. d. er bannað að efna til heræfinga í landi, lofti eða sjóhelgi, eða landið sjálft er takmörkum háð um notkun einhvers hluta landsins eða ef á því hvíldi skylda til ákveðinnar meðferðar á landi."

Vitna mætti til ummæla fleiri lagaprófessora um þetta atriði, t. d. skrifa hv. 3. þm. Norðurl. v., prófessors Ólafs Jóhannessonar, sem túlkar ákvæðið á sama veg. Prófessor Bjarni nefnir í bók sinni, að heræfingar danskra manna á Íslandi væru kvaðir á landi. Varla getur neinum dulizt, að mannvirki í Hvalfirði, sem NATO reisir og fær afnotarétt af, eru mjög hliðstæðar kvaðir. Mannvirkjagerð Atlantshafsbandalagsins eru kvaðir á landi, því að NATO kemst ekki hjá því, ef af samningum verður, að hljóta þar notkunar- og yfirráðarétt, sem hæstv. forsrh. hefur kallað kvaðir á landi. Atlantshafsbandalagið mun t. d. öðlast afnotarétt af væntanlegum mannvirkjum, sem ekki verður af þeim tekinn með einhliða ráðstöfunum, nema samningnum sé riftað. Sú kvöð mun óhjákvæmilega hvíla á þessum mannvirkjum, að íslenzk stjórnvöld geta ekki ráðskazt með þau að eigin geðþótta. Yfirráð Íslendinga verða takmörkuð og þannig lagðar kvaðir á land.

Í þriðja lagi ber að nefna þá röksemd hæstv. utanrrh., að samið verði um væntanlegar framkvæmdir í Hvalfirði sem hluta varnarliðsframkvæmda samkv. varnarsamningnum. Hæstv. utanrrh. virðist þannig álíta, að hann geti sniðgengið ákvæði stjskr. með því einu að vísa til samningsgerðar við Bandaríkjamenn, sem hlaut lagagildi árið 1951. Fram að þessu hafa Íslendingar verið sammála um, að ákvæði stjórnarskrárinnar skuli sett ofar venjulegum lagaákvæðum. Engum nema hæstv. utanrrh. hefur áður dottið í hug, að íslenzk ríkisstj. geti samið um það við erlent ríki, að framvegis verði skýlaust ákvæði stjskr. sniðgengið í ákveðnu máli. Í þessu tilviki tekur 21. gr. stjskr. af allan vafa. Venjulegur millirikjasamningur, sem hlotið hefur lagagildi, verður aldrei tekinn fram yfir ákvæði stjskr. Alþingi gat ekki árið 1951 og mun aldrei geta með einfaldri lagasamþykkt afsalað sér þeim rétti fyrir fullt og allt, sem gefinn er með ótvíræðum orðum í stjórnarskrá lýðveldisins. Samningurinn við Bandaríkjamenn, sem gerður var af ríkisstj. vorið 1951 og staðfestur af Alþingi um haustið, veitti heimild til þeirra framkvæmda, sem þá voru fyrirhugaðar, og á þeim landssvæðum, sem Bandaríkjamenn fengu þá að nota. En samþykki Alþingis þarf aftur að koma til, ef gerður er samningur um nýjar framkvæmdir. Í hvert skipti, sem erlent ríki öðlast nýjan notkunarrétt á íslenzku landi, þarf að leita samþykkis Alþingis. Hvað sem hæstv. utanrrh. lætur sig dreyma um, liggur það ljóst fyrir, að í því máli, sem hér um ræðir, er allt bundið á einn þráð, nýr samningur, nýr yfirráðaréttur, nýjar kvaðir á landi og nýtt samþykki Alþingis.

Í fjórða lagi ber að nefna þá röksemd hæstv. utanrrh., að skapazt hafi fordæmi. Ráðh. segir, að Bandaríkjaher hafi áður fengið leyfi til framkvæmda hér á landi, án þess að leitað væri eftir samþykki Alþingis, og hefur hæstv. ráðh. sérstaklega tilnefnt lóranstöðina á Snæfellsnesi. Það er rétt hjá hæstv. ráðh., að ill fordæmi hafa verið gefin. Alþingi hefur áður verið sniðgengið og stjórnarskráin verið þverbrotin. En ráðh. þarf ekki að ímynda sér, að fyrri afglöp réttlæti það, sem nú á að gera. Glæpur er engu minni, þótt áður hafi verið framinn. Auk þess er rétt að minna á, hver gerði samninginn við NATO í marz 1959 um lóranstöð á Snæfellsnesi. Það var enginn annar en núv. hæstv. utanrrh. Hæstv. ráðh. þarf vissulega ekki að ímynda sér, að hann geti stungið stjórnarskrá lýðveldisins undir stól fyrir fullt og allt og um alla framtíð, þó að hann hafi einu sinni áður komizt upp með það. Hver er svo skýringin á því, að hæstv. utanrrh. tókst árið 1959 að gera samning við Atlantshafsbandalagið um mannvirkjagerð á Snæfellsnesi, án þess að fram kæmi krafa um, að Alþingi fjallaði um málið? Ekki get ég svarað þessari spurningu til fulls, en e. t. v. er skýringin sú, að hæstv. utanrrh. lét starfsmenn sína gefa villandi upplýsingar um þessa samningsgerð á sínum tíma, bæði þjóð og þing var blekkt. Hinn 19. marz 1959 gaf deildarstjóri í utanrrn. blöðunum upplýsingar um væntanlega samninga, og var þá alls ekki minnzt á, að samningurinn væri við Atlantshafsbandalagið, eins og síðar kom á daginn og eins og utanrrh. hefur núna upplýst. Hins vegar var það gefið í skyn, að stöðin yrði reist á vegum póst- og símamálastjórnarinnar. Upplýsingar utanrrn. voru slíkar, að engan gat grunað, að fáum árum síðar yrði risið á Snæfellsnesi hæsta mannvirki í Evrópu, sérstaklega útbúið til þess að auðvelda kafbátum miðanir. Það er satt að segja ótrúleg ósvífni af hæstv. utanrrh. að ætla að réttlæta athæfi sitt nú með því að vitna í NATO-framkvæmdir, sem hann sjálfur laumaði inn á þjóðina fyrir nokkrum árum.

Það mun fáum koma á óvart, að fyrirætlanir ríkisstj. um framkvæmdir í Hvalfirði skuli framkvæmdar með lævísi og brögðum, og engan þarf víst að undra, að vart verði við tilhneigingar til að brjóta sjálfa stjórnarskrána. Saga hernámsins á Íslandi er saga um svik á svik ofan. Ferill hernámsstefnunnar er markaður af sviknum loforðum og beinum lögbrotum. Keflavíkursamningurinn 1946 var samþykktur þvert ofan í loforð flokkanna í kosningunum þá um sumarið, og eins var um NATO-samninginn 1949. Herstöðvasamningurinn 1951 var ekki aðeins herfileg svik á gefnum loforðum, heldur og hreint stjórnarskrárbrot, því að Alþingi var ekki kvatt til ráða fyrr en hálfu ári eftir að herinn var kominn til landsins. Síðan hefur sömu ólögunum verið beitt og millirikjasamningar gerðir í trássi við lög og rétt og án samráðs við æðstu stofnun landsins. Það er sannarlega tími til kominn, að þessum myrkraverkum ljúki og hæstv. utanrrh. sé skyldaður til að fara með utanrríkismálin eins og þau séu mál þjóðarinnar, en ekki einkamál hans sjálfs.

Ég hef nú rætt um lagalega hlið þessa máls með það fyrir augum að sýna fram á, að ríkisstj. hefur enga heimild til þess að gera samninga við Atlantshafsbandalagið um framkvæmdir í Hvalfirði, nema samþykki Alþingis komi til, jafnvel þó að sú mannvirkjagerð sé aðeins fólgin í byggingu 8 olíugeyma, hafskipabryggju og

múrningu á hafsbotni og aldrei verði meira gert í Hvalfirði.

Næst liggur fyrir að ræða þá spurningu, að hverju er raunverulega stefnt. Þetta mál er einmitt svo örlagaríkt fyrir Íslendinga vegna þess, að þær framkvæmdir, sem nú er talað um, eru aðeins fyrsta litla skrefið til miklu voldugri og háskalegri framkvæmda, byggingar flota- og kafbátastöðvar í Hvalfirði. Það skal fúslega játað, að ekki er unnt að leggja hér fram beinar sannanir fyrir því, að ríkisstj. hafi þegar leyft byggingu flotastöðvar í Hvalfirði eða hafi það í undirbúningi. En unnt er að færa að því svo sterkar líkur, að þær taka af allan vafa. Við skulum fyrst athuga sögu þessa máls.

Það liggur nú fyrir sem skjalföst staðreynd, að Bandaríkjamenn hafa lengi haft hug á að koma slíkum stöðvum upp á Íslandi. Hvalfjörður var í seinasta stríði ein helzta flotastöð Bandaríkjanna á Norður-Atlantshafi, og flestar skipalestir á leið um norðanvert hafið höfðu viðkomu í firðinum. Þegar eftir að landið var hernumið öðru sinni árið 1951, var farið að ræða um nýja flotastöð í Hvalfirði. Bandaríska flotamálaráðuneytið lét teikna og gera áætlanir um sprengingu kafbátalægis inn í Þyril, og átti þetta risavaxna neðansjávarbyrgi að þola loftárás með sterkustu kjarnorkuvopnum þeirra tíma. Síðar var þessum ráðagerðum breytt og 1955 var gerð hjá Atlantshafsbandalaginu ný áætlun um miklar hernaðarframkvæmdir í Hvalfirði. Um þessar ráðagerðir komst hæstv. utanrrh. svo að orði á þingfundi 16. okt. s. l., með leyfi forseta:

„Snemma á árinu 1955 komu fram till. frá NATO um, að komið skyldi á fjarskiptasambandi milli Bretlands og Íslands á vegum NATO og á kostnað Infrastructur-sjóðsins. Einnig komu fram á sama tíma till. um, að gera skyldi í Hvalfirði geymslur fyrir olíu og sprengiefni ásamt aðstöðu fyrir skipalægi samkv. Infrastructur-áætlun NATO."

Síðar í sömu umr. sagði hæstv. ráðh., með leyfi forseta:

„Árið 1955 koma tilmæli til utanrrh. Framsfl. um stórfelldar hernaðarframkvæmdir í Hvalfirði."

Í upplýsingum hæstv. utanrrh. kom það skýrt fram, að hinar stórfelldu hernaðarframkvæmdir í Hvalfirði voru stöðvaðar með samþykkt Alþ. 28. marz 1956. Andstaða almennings gegn herstöðvunum og hræðsla hernámsflokkanna við kjósendur kom að þessu sinni í veg fyrir, að Hvalfirði yrði breytt í flota- og kafbátastöð. Næstu árin eru engar ákvarðanir teknar, Hvalfjarðarmálið liggur í salti. En á sama tíma verður úti í heimi mjög þýðingarmikil breyting á hernaðartækninni. Herbúnaður Atlantshafsbandalagsins breytist og forustumenn þess leggja vaxandi áherzlu á notkun kafbáta í hugsanlegri styrjöld, sérstaklega svonefnda Pólaris-kafbáta, sem skotið geta kjarnorkuhlöðnum eldflaugum. Bandaríkjamenn hafa smíðað sér flota af slíkum kafbátum, en þeim hefur gengið erfiðlega að fá fyrir þá hentuga aðsetursstaði. Það er opinber staðreynd, að Bandaríkjamenn hafa hvað eftir annað leitað til Norðmanna og farið fram á að fá að reisa kafbátastöðvar í norskum fjörðum, en þessum tilmælum hefur ævinlega verið vísað á bug. Aðalbækistöð slíkra kafbáta á Norður-Atlantshafi hefur að undanförnu verið í Clyde-firði í Skotlandi, en Bandaríkjamenn óttast nú mjög að verða að hverfa úr bækistöðvum sínum þar, enda er brezki Verkamannaflokkurinn í mikilli sókn og mjög líklegt, að hann komist senn til valda. Með hliðsjón af þessum nýju viðhorfum þarf enginn að furða sig á, að Bandaríkjamenn renni íslenzka firði hýru auga og þá sérstaklega Hvalfjörð, þar sem aðstæður eru taldar mjög heppilegar frá landfræðilegu og hernaðarlegu sjónarmiði. Fjörðurinn er þröngur og djúpur, girtur háum fjöllum, en byggð er þar óveruleg og fjarlægðin frá herstöð Bandaríkjamanna á Miðnesheiði er tiltölulega lítil.

Enda þótt hernaðarframkvæmdir Bandaríkjamanna á Íslandi legðust niður á miðju ári 1956, er mjög ólíklegt, að hershöfðingjar þeirra hafi nokkurn tíma misst áhugann á Hvalfirði. Þeir biðu færis og tækifærið kom í ársbyrjun 1959. Þetta tækifæri gafst, þegar núv. og þáv. hæstv. utanrrh., Guðmundur Í. Guðmundsson, hóf ásamt flokksbræðrum sínum að vinna með Sjálfstfl. Þá eru áformin um stórfelldar hernaðarframkvæmdir í Hvalfirði tekin upp að nýju, enda þótt nú sé ákveðið að fara hægt í sakirnar og fikra sig að markinu skref fyrir skref. Þrjú skref hafa þegar verið stigin. Fyrsta sporið var stigið í marz 1959, þegar hæstv. utanrrh. gerði upp á sitt eindæmi samning við Atlantshafsbandalagið um byggingu lóranstöðvar á Snæfellsnesi. Þessi miðunarstöð er nú orðin hæsta mannvirki í Evrópu, og getur það engum dulizt lengur, að staðurinn var fyrst og fremst valinn með hliðsjón af væntanlegri mannvirkjagerð í Hvalfirði. Næst var Keflavíkurflugvöllur gerður að stjórnarmiðstöð fyrir kafbátaflotann á norðanverðu Atlantshafi, og flotinn tók við yfirstjórn bandarísku herliðsins á Íslandi af landhernum. Ísland átti fyrst og fremst að verða flotastöð, og þess vegna varð landher og flugher að víkja fyrir flotanum. Í þriðja lagi fengu Bandaríkjamenn leyfi íslenzku ríkisstj. til að mæla upp og kortleggja botn Faxaflóa og rannsaka nákvæmlega umhverfi Hvalfjarðar. Þessu verki er nú lokið og munu Bandaríkjamenn óvíða eiga jafnnákvæm kort um kafbátaleiðir í landhelgi annarra ríkja.

Hæstv. ráðh. hefur þegar stigið þrjú skref, og nú er komið að því fjórða. Í þetta sinn eiga Bandaríkjamenn að fá leyfi til að hefjast handa í sjálfum Hvalfirði. Enn einu sinni á að sniðganga Alþ. og laumast til verkanna, svo að lítið beri á. Aðeins 8 olíugeyma, hafskipabryggju og nokkur legufæri, það er allt og sumt, segir hæstv. ráðh., og hann er bæði hneykslaður og sár, þegar minnzt er á flota- og kafbátastöð.

Það er engin ástæða fyrir ráðh. að gera sig að viðundri frammi fyrir Alþ., og hann getur sannarlega sparað sér englasvipinn að þessu sinni. Fyrir nokkrum vikum viðurkenndi hann hér á Alþ., að Bandaríkjamenn hefðu áformað stórfelldar hernaðarframkvæmdir í Hvalfirði. Eftir þær upplýsingar mun enginn efast um, að þessi áform eru enn hin sömu. Hæstv. ráðh. mun ekki fá nokkurn Íslending til að trúa hinu gagnstæða, ekki einu sinni hv. þm. Sjálfst.- og Alþfl., og eru þeir þó ýmsu vanir um dagana.

Eins og kunnugt er, eru friðarhorfur í heiminum betri nú en verið hefur um árabil. Hin nýju múgmorðstæki, eldflaugin og vetnissprengjan, hafa breytt öllum fyrri viðhorfum í varnarmálum. Engin vörn er lengur til í nútímastríði, en kjarnorkudauðinn bíður okkar allra á næsta leiti. Stórveldin hafa skynjað háskann, sem vofir yfir mannkyni, og leitast nú við að semja um deilumál sín. Stjórnmálafréttariturum ber saman um, að undirritun Moskvusáttmálans í sumar um takmarkað tilraunabann sé mikilvægasta sporið í friðarátt, sem stigið hafi verið frá stríðslokum. Stórveldin eru nú í óðaönn að breyta herbúnaði sínum með hliðsjón af breyttum viðhorfum og endurskoða herstöðvastefnuna. Herstöðvum er fækkað og þær fáu, sem eftir verða, eru stækkaðar. Stórveldin vilja annaðhvort volduga herstöð eða enga herstöð, og smáþjóðir, er lánað hafa land sitt undir herstöðvar, sem nú eru að verða úreltar, verða að velja annaðhvort volduga herstöð eða enga herstöð.

Áform hæstv. ríkisstj. um framkvæmdir í Hvalfirði tákna örlagarík tímamót fyrir Íslendinga. Í dag eiga þeir um tvær leiðir að velja. En ríkisstj. virðist þegar hafa valið fyrir þeirra hönd. Hún hefur valið volduga herstöð. Hún hefur valið þann kostinn að breyta fjölbýlasta hluta landsins í hernámsfylki, geysistóra atómstöð. Við aðalsamgönguæðina til Norðurlands á að rísa bandarísk flotastöð, og höfuðborgin verður umkringd hernaðarmannvirkjum á báðar hliðar. Á sama tíma og friðarhorfur fara batnandi og þjóðir heims leita eftir leiðum til afvopnunar, eru íslenzkir ráðamenn önnum kafnir við stríðsundirbúning, og þetta gerist með þeirri þjóð, sem engan óvin á og aldrei hefur vopnazt í þúsund ára sögu sinni.

Herra forseti. Ísland þarf nýja utanríkisstefnu. Ef nokkuð er satt, þá er það þetta: Ísland þarf nýja utanríkisstefnu. Það er tími til kominn, að íslenzk utanríkismál verði vakin af dásvefni kalda stríðsins. Við lifum nýja tíma, viðhorfin eru breytt, en enn þá eru umræður íslenzkra ráðamanna um varnarmál 20 árum á eftir tímanum. Eldflaugin og vetnissprengjan virðast engu hafa breytt í þeirra augum.

Það er einkenni hins nýja tíma, að blómaskeið hinna miklu herbandalaga er liðið. Smáþjóðir heimsins láta ekki lengur draga sig í tvo andstæða dilka, og þriðjungur mannkynsins, íbúar yfir 40 þjóða, halda sig utan við herbandalög og undirbúning kjarnorkustríðs. Það er lærdómsríkt, að engin nýfrjáls þjóð hefur á seinustu árum látið draga sig í aðra hvora hernaðarblökkina. Hlutlausar smáþjóðir hafa ekki kosið að híma undir pilsfaldi stórveldanna, þær hafa valið sér það hlutverk að miðla málum í heiminum, lægja öldurnar og bera sáttarorð á milli tveggja stríðandi afla. Friðarstefna smáþjóðanna er köllun þeirra á kjarnorkuöld.

Íslendingar eiga nú um tvær leiðir að velja: stríðsstefnu stórveldanna eða friðarstefnu smáþjóðanna. Úrslit Hvalfjarðarmálsins marka afgerandi spor í aðra hvora þessa átt. Ég hef áður lagt á það áherzlu, að Alþ. hefur skýlausan rétt til að fjalla um þetta mál. Ég vil að lokum brýna fyrir hv. Alþ., að jafnframt er það skylda þess að grípa nú í taumana og marka nýja utanríkisstefnu, sem stuðlar að friði og sáttum með þjóðum mannkynsins.

Ég legg til, að málinu verði vísað til hv. utanrmn.

Utanrrh. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Hv. 1. flm. till. á þskj. 22 tók það alveg réttilega fram í upphafi ræðu sinnar, að við þær tvær umr., sem farið hafa fram um málið á þessu hausti, hafa öll meginatriði þess komið fram og verið rædd hér á hv. Alþ. Það var því naumast við því að búast, að í ræðu hans kæmi nokkuð nýtt fram. Enda fór það svo, að allt það, sem hann sagði um málið, hefur hann og flokksmenn hans margsagt áður hér á hv. Alþ., og jafnoft og það hefur verið sagt, hefur það einnig verið hrakið.

Ég ætla ekki að fara ýtarlega út í einstök atriði málsins, en vil þó víkja nokkrum orðum að þeim tveimur atriðum, sem hv. 1. flm. till. gerði að uppistöðu í ræðu sinni. Hann hélt því í fyrsta lagi fram, að ríkisstj. væri óheimilt að gera samning um byggingu eldsneytisgeymslna í Hvalfirði, án þess að fá samþykki Alþ. til þess áður, og hann hélt því einnig fram, að verið væri að undirbúa í Hvalfirði flota- og kafbátastöðvar á vegum Atlantshafsbandalagsins. Þessi voru tvö meginatriði máls hans, og skal ég víkja nokkuð að þeim málum.

Vil ég þá fyrst koma að fyrra málinu, fullyrðingu um það, að ríkisstj. sé óheimilt að semja við Bandaríkin á vegum Atlantshafsbandalagsins um byggingu geymanna í Hvalfirði án samþykkis Alþ. Hv. þm. vildi halda því fram, að hér væri um algerlega nýjan samning að ræða og að ríkisstj. væri með öllu óheimilt að afhenda varnarliðinu eða Atlantshafsbandalaginu nokkurt landssvæði á Íslandi til afnota, án þess að hafa áður hverju sinni fengið til þess samþykki Alþ. Sérstaklega gat ræðumaður þess, að í varnarsamningnum fælist engin heimild fyrir ríkisstj. til þess að leyfa nein afnot sérstakra landssvæða á Íslandi án sérstaks samþykkis Alþ. hverju sinni. Hér kennir mikils misskilnings hjá þessum hv. þm., og skal ég ekkert um það fullyrða, hvort sá misskilningur stafar af því, að hann veit ekki betur, eða hann vill ekki vita betur, annaðhvort hlýtur það að vera. Ég vil vekja athygli á því, að varnarsamningurinn var gerður af ríkisstjórn Íslands annars vegar og hins vegar af ríkisstjórn Bandaríkjanna í umboði Norður-Atlantshafsbandalagsins. Samkvæmt þessum samningi taka Bandaríkin að sér fyrir hönd Norður-Atlantshafsbandalagsins að annast varnir Íslands. Ríkisstjórn Íslands skuldbindur sig hins vegar til þess að afhenda Bandaríkjunum á vegum Norður-Atlantshafsbandalagsins þá aðstöðu á Íslandi, sem nauðsynleg er til þess að framkvæma þessar varnir og báðir aðilar verða ásáttir um. Í samningnum er ekkert sagt um það, hver þessi aðstaða skuli vera, hvaða landssvæði þeir skuli fá hér eða annað, það er lagt á vald ríkisstjórnanna að meta þetta. Samningurinn var lagður fyrir Alþ., og þar var hann lögfestur, og þar með fékk Alþ. ríkisstj. það vald, sem nauðsynlegt var að mati ríkisstj. til þess að framkvæma samninginn, þ. á m. vald til að veita varnarliðinu þá aðstöðu á Íslandi, sem nauðsynleg var.

Eitt af því fyrsta, sem þurfti að gera í þann mund, sem varnarliðið var að koma til Íslands, var að fá því einhvern aðsetursstað í landinu. Varnarsamningurinn sagði ekkert um það, hvar varnarliðið skyldi vera eða hvar það skyldi fá landssvæði til dvalar. Það var sérstakt samningsatriði á milli ríkisstjórnanna. Um þetta var samið, án þess að það væri með nokkrum hætti borið undir Alþ. eða Alþ. um það spurt, hvaða landssvæði varnarliðið skyldi fá til afnota. Það kom engum til hugar þá, að um þetta atriði þyrfti að spyrja Alþ., enda þótt ekkert væri fram tekið um það í samningnum, um hvaða landssvæði skyldi vera að ræða. Allir voru þá á einu máli um það, að ríkisstj. hefði ein fullkomið vald til að semja um þetta. Í upphafi var samið um Keflavíkurflugvöll, en seinna voru einnig önnur landssvæði afhent varnarliðinu til afnota, varnarsvæði í Hornafirði, á Langanesi og á Vestfjörðum og enn síðar á Snæfellsnesi. Það hefur aldrei heyrzt fyrr en nú, að hv. 1. flm. þessarar till. fer að halda því fram, að það hefði þurft að bera það undir Alþ. hverju sinni, hvort þessi landssvæði mætti afhenda eða ekki. Slík fjarstæða hefur auðvitað engum til hugar komið, og nákvæmlega sama gildir einnig nú, þegar verið er að ræða um landssvæði í Hvalfirði til að byggja þar geymslur undir eldsneyti. Ríkisstj. hefur í varnarsamningnum fullkomna heimild til að afhenda þessa aðstöðu og þarf ekki að bera slíkt undir Alþ.

Ég hygg, að ég þurfi ekki að fara fleiri orðum um þessa fráleitu kenningu þessa hv. þm. Hún er bersýnilega svo fráleit, að hún hrekur sig sjálf, enda hefur engum, eins og ég sagði áðan, komið til hugar að halda slíkri fjarstæðu sem þessari fram í meira en 10 ár, sem varnarliðið hefur verið hér og hefur alltaf verið að fá smálandssvæði til afnota, eftir því sem nauðsynlegt hefur verið talið og um hefur samizt hverju sinni.

Hv. þm. vildi láta í það skína, að hér væri um ráðstöfun að ræða, sem væri nokkurs annars eðlis en önnur landaafhending til varnarliðsins, vegna þess að hér kæmi Atlantshafsbandalagið sjálft til sögunnar. Þetta er alrangt, m. a. vegna þess, að allar aðgerðir Bandaríkjamanna á Íslandi og öll vera þeirra hér fer fram á vegum og í umboði Atlantshafsbandalagsins, og þegar Íslendingar eru að fá Bandaríkjamönnum einhverja aðstöðu á Íslandi, hvort sem það er landssvæði eða eitthvað annað, afhenda þeir Bandaríkjamönnum þetta landssvæði sem umboðsmanni Atlantshafsbandalagsins, jafnt í það skiptið, sem hér um ræðir, eins og í önnur skipti.

Þá vildi hv. þm. halda því fram, að með samningunum um geymana í Hvalfirði væri verið að stofna flota- og kafbátastöðvar á Íslandi til afnota fyrir Bandaríkjamenn og Atlantshafsbandalagið. Þessi fullyrðing er alröng og hefur ekki við nein rök að styðjast. Hér er í rauninni ekki verið að gera nokkurn skapaðan hlut, sem ekki hefur verið gert þegar fyrir löngu, og hér er ekki efnislega verið að breyta neinu því ástandi, sem hér hefur áður ríkt, að því er aðstöðu í landinu varðar. Eina breytingin, sem verður, er sú, að geymarnir, sem verið er að byggja, eru eign annars aðila en áður var.

Ég hef áður skýrt frá því, að fyrir um það bil 20 árum voru byggðir nokkrir tugir geyma í Hvalfirði, þar sem geymt var benzín og olía. Þessir geymar voru byggðir á styrjaldarárunum af herliðinu, sem hér var þá. Eins og títt var um framkvæmdir, sem gerðar voru á þeim tíma, var illa til þessara mannvirkja vandað í upphafi og alls ekki til þess ætlazt, að þau entust lengur en í örfá ár. Sá tími, sem ætlazt var til og búizt var við að geymarnir mundu endast, er nú fyrir löngu liðinn, enda geymarnir orðnir mjög úr sér gengnir, og við liggur, að þeir geti meira og minna bilað hvenær sem er. Það var á árinu 1942, að byggðir voru þarna upp frá 29 geymar. Þessir 29 geymar eru orðnir nú svo mjög úr sér gengnir, að talið er, að nauðsynlegt sé að endurnýja þá að verulegu leyti og að öllu leyti áður en mjög langt um líður. Það hafa að vísu verið gerðar ráðstafanir til þess að halda þeim við, en slíkar ráðstafanir eru með öllu taldar ófullnægjandi. Á árinu 1943 eru enn byggðir 8 mjög stórir geymar uppi í Hvalfirði. Þeir geymar eru sumir hverjir orðnir ónýtir og búið að endurnýja þá að einhverju leyti og talið óhjákvæmilegt að endurnýja aðra mjög fljótlega, enda hafa þeir, sem nú eiga þessa geyma, sýnt á því nokkurn lit og mikla viðurkenningu, að sú endurnýjun væri óhjákvæmileg. Þegar stríðinu lauk, voru þessir geymar afhentir íslenzku olíufélagi. Í upphafi voru þeir notaðir til að geyma eldsneyti fyrir íslenzk skip, en áður en langt um leið, tók olíufélagið, sem átti geymana, að sér að geyma á þeim olíu fyrir varnarliðið, og hefur svo verið nú um mörg ár. Geymarnir hafa eingöngu verið notaðir til þess að geyma varabirgðir, en ekki til þess að fylla á skip til venjulegra afnota. Þeir eru fylltir á margra ára fresti, og þegar talið er, að eldsneytið sé búið að vera á þeim of lengi, er skipt um og komið með annað nýtt í staðinn. T. d. er mjög verulegur hluti af því, sem geymt er í tönkunum núna í Hvalfirði, búið að vera þar síðan 1957, en aðrar birgðir hafa verið þar síðan 1961. Í sambandi við þessa geyma eru engar skipaferðir aðrar en þær, að hér koma olíuskip til að fylla geymana, og síðan, þegar skipt er á þeim, koma önnur til þess að taka eldsneytið í burtu. Um herskipaferðir er þarna ekki að ræða.

Það eina, sem áformað er að gera núna, er að endurnýja þessa gömlu og úr sér gengnu geyma og byggja aðra nýja og geyma þar eldsneyti með nákvæmlega sama hætti og verið hefur um fjöldamörg ár. Þangað munu koma flutningaskip og fylla á geymana, og þar verður eldsneytið geymt. Þegar talið er, að það sé orðið svo gamalt, að það megi ekki vera þar lengur, verður skipt um og annað sett á, en engin áform eru um að nota geymana til þess að fylla á herskip eða önnur skip, sem sjálf eiga að brenna því eldsneyti, sem þarna er. Hér er því ekki um neina breytingu að ræða frá því ástandi, sem verið hefur, aðra en þá, að í stað þess, að olíufélagið, sem á þessa geyma og rekur þá, endurnýi geymana sjálft, eru þeir endurnýjaðir af Bandaríkjamönnum, að nokkru leyti á kostnað Atlantshafsbandalagsins.

Í sambandi við þessa geymabyggingu verður komið þarna fyrir bryggju á nákvæmlega sama

hátt og er við geymana, sem fyrir eru, og þarna verður komið fyrir sennilega tveimur legufærum, sem þó verður ekki sökkt í hafið, nema þegar nota þarf.

Ég hygg, að allir, sem vilja hugsa með sanngirni um þetta mál, geti séð, að í þessum aðgerðum felst engin byrjun á neinni flota- eða kafbátastöð. Ef túlka ætti þær aðgerðir, sem þarna eru undirbúnar, sem stofnun á flota- eða kafbátastöð, mætti nákvæmlega með sama hætti segja, að um fjöldamörg ár hafi verið flota- og kafbátastöð í Hvalfirði, vegna þess eins, að þarna hefur verið geymt eldsneyti á geymum, sem eingöngu hefur átt að nota sem varabirgðir. Ég hef orðið þess mjög var, að af hálfu Sameiningarflokks alþýðu hefur því verið haldið á loft, að ríkisstj. væri að stofna þarna til flota- og kafbátastöðvar og jafnvel atómstöðvar. Þetta kemur ekki aðeins fram í grg. þeirrar till., sem hér liggur fyrir. Þetta kom fram í ræðu hv. 1. flm. till., þetta hefur iðulega komið fram í blöðum Sósfl., og nú nýlega var einn af þm. þess flokks að rita ýtarlega afmælisgrein um Sameiningarflokkinn, sem birt var í Pravda austur í Moskvu, og þar voru Rússar fræddir á því, að íslenzka ríkisstj. væri nú að koma upp í Hvalfirði flota- og kafbáta- og jafnvel atómstöð, sem þeir sósíalistar heima á Íslandi væru að berjast gegn. Ég þykist vita, að þó að þeir sósíalistar tali á þennan veg, sé þeim engu að síður ákaflega vel ljóst, að hér eru engar þær ráðstafanir á ferðinni, sem hægt sé að nefna þeim nöfnum, sem þeir vilja nefna þær. Þeir hljóta að sjá það sjálfir, ef þeir vilja kynna sér málið og hugleiða það, að hér er ríkisstj. ekki að leyfa neinar þær aðgerðir eða framkvæmdir í landinu, sem í raun og veru hafa ekki verið til þar í mörg ár.

Hér er ekki verið að stofna til neins nýs að því er varnir landsins varðar. Þetta hljóta þeir sósíalistar að vita ákaflega vel, en þeim ætti líka að vera ljóst, að þó að það sé kannske meinlaust fyrir þá að vera að hafa uppi fullyrðingar eins og þeir gera hér innanlands, er það meira en lítið vafasamur málflutningur af þeirra hálfu að snúa sér til erlends stórveldis og skýra því frá því, að ríkisstjórnin á Íslandi sé með mjög alvarlegan hernaðarundirbúning, og hika ekki við að gefa í skyn, að sá undirbúningur beinist gegn því stórveldi, sem frásögnin er birt hjá. Ég verð mjög að átelja þennan ósæmilega málflutning af hálfu þess stjórnmálaflokks, sem að honum stendur, og ég veit, að allir Íslendingar, sem um þetta mál vilja hugsa af fullkominni alvöru, telja, að þó að menn geti leyft sér ýmislegt í stjórnmálum innanlands, eins og þeir sósíalistar gjarnan gera, getur það ekki talizt sæmilegur málflutningur að snúa sér til erlends herveldis til þess að túlka þar fyrir mönnum, fyrir alþjóð, að ríkisstj. Íslands sé með hernaðarundirbúning gegn viðkomandi stórveldi, sem allir í landinu, sósíalistar jafnt sem aðrir, ættu nú að vita, að eru rakalausar fullyrðingar með öllu.

Þá minntist hv. 1. flm. till. á, að nú horfði svo friðvænlega í heiminum, að með öllu væri ástæðulaust og ósæmilegt að vera að leyfa nokkrar aðgerðir í landinu, sem efldu eða styrktu varnir þess. Mér varð nú á að hugsa, þegar ég hlýddi á þessi orð þessa hv. þm.: Skyldi hann gera sér nokkra grein fyrir því, hvers vegna friðvænlegar horfir nú í heiminum en áður gerði, ef það er tilfellið, að friðvænlegar horfi en áður var? Hver skyldi vera ástæðan fyrir því, að vonir manna eru bjartari nú en kannske áður, að því er friðarhorfur varðar? Við minnumst þess, að mörg ár fyrir heimsstyrjöldina horfði ekki friðvænlega í heiminum. Nazisminn þýzki og fasisminn ítalski óð yfir hvert varnarlaust landið á fætur öðru og kúgaði það undir sinn járnhæl. En hvers vegna var þetta? Hver var ástæðan fyrir þessu? Hún var sú fyrst og fremst, að lýðræðisþjóðirnar báru ekki gæfu til að hafa með sér nein varnarsamtök eða standa saman gegn einræðis- og ofbeldisöflunum. Það var þetta sundurlyndi og þessi skortur á varnarsamtökum lýðræðisþjóða, sem leiddi til heimsstyrjaldarinnar 1939 m. a. Við minnumst þess líka, að á fyrstu árum eftir stríðið, á meðan engin varnarsamtök voru til hjá frjálsum lýðræðisþjóðum, lagði hinn alþjóðlegi kommúnismi með ofbeldi og hernaðaraðgerðum hvert frjálsa landið undir járnhæl sinn á fætur öðru. Þegar svo loks vestrænar lýðræðisþjóðir sáu, að þetta gat ekki lengur gengið, og mynduðu með sér sín varnarsamtök, leiddi það til þess, að hinn alþjóðlegi kommúnismi hætti yfirtroðslu sinni í Vestur-Evrópu. Það voru varnarsamtök hinna vestrænu þjóða, sem stöðvuðu þær ofbeldisaðgerðir. Og ég er ekki í nokkrum vafa um, að það voru ekki aðeins þessi varnarsamtök, sem stöðvuðu þessa uppivöðslu á sínum tíma. Það er einnig sú staðreynd, að þessi varnarsamtök eru til í dag og að hinn alþjóðlegi kommúnismi veit, að þessi varnarsamtök munu verja frelsi sitt og sjálfstæði, ef á þau verður ráðizt, — það er einnig þessi staðreynd, sem hefur ýtt undir það og gerir hinum alþjóðlega kommúnisma það ljóst, að það þýðir ekki að beita ofbeldi og hann verður að setjast við samningaborðið. Ég hygg, að m. a. það samkomulag, sem tókst í haust, sé árangurinn af þessum varnarsamtökum, og ég ætla svo vissulega að vona, að fleiri og þýðingarmeiri slík samkomulög eigi eftir að koma í kjölfarið.

Vestrænar þjóðir eiga að sjálfsögðu að stilla undirbúningi sínum og aðgerðum í hóf. En þær mega þó aldrei missa vöku sína, og þær verða að jafnaði að vera viðbúnar að mæta þeirri hættu, sem á vegi þeirra kann að verða. Það þarf ekki að koma neinum á óvart, þó að sósíalistar beiti sér gegn varnarsamtökum vestrænna þjóða. Og það þarf engum að koma á óvart, þó að sósíalistar vilji hafa varnir Íslands sem veikastar og sporni við þeim á allan hátt, þ. á m. þeim aðgerðum, sem á ferðinni eru í Hvalfirði. Sósíalistar vilja ryðja hinum alþjóðlega kommúnisma braut vestur á bóginn og inn í löndin, eins og þeir geta. Þeir vita, að það verður bezt gert með þeim hætti, að sem minnstar varnir og viðbúnaður sé af hálfu vestrænna frjálsra þjóða. En við hinir, sem á hinn veg hugsum, viljum hafa varnir okkar það traustar og öflugar sem ástandið á hverjum tíma kallar á, og við viljum freista að leggja okkar af mörkum, eftir því sem til þarf, í því skyni, og einmitt þær aðgerðir, sem áformaðar eru nú í Hvalfirði, eru byggðar á því einu að veikja ekki varnir lands-

ins og Norður-Atlantshafsins frá því, sem verið hefur. Þær eru byggðar á því, að varnirnar haldist jafnsterkar og þær hafa verið, en þær eru ekki aðgerðir til þess að undirbúa neitt nýtt og sízt af öllu nokkuð, sem getur kallazt árás eða ógnun við aðrar þjóðir.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Enda þótt afstaða Framsfl. í þessu máli sé vel kunn og hafi komið skýrt fram í umr. á þessu hv. Alþ. við önnur tækifæri, þykir mér rétt að rifja hana upp í aðeins örfaum orðum í sambandi við þessa þáltill. og lýsa um leið afstöðunni til þáltill. sjálfrar.

Þegar vart varð við það í sumar samkv. fréttatilkynningu frá hæstv. ríkisstj. og upplýsingum, sem fengust hjá hæstv. utanrrh., að ætlunin væri að semja um nýjar framkvæmdir eða leyfa nýjar framkvæmdir af hálfu NATO í Hvalfirði, tók framkvæmdastjórn Framsfl. í fjarveru þingflokksins afstöðu til málsins og gerði heyrinkunna, m. a. hæstv. ríkisstj., og þar stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Lýsir Framsfl. sig andvígan því, að aukinn verði herbúnaður í Hvalfirði með byggingu nýrra flotamannvirkja eða á annan hátt, og skorar á ríkisstj. að ljá ekki máls á samningum um slíkt."

Þetta var sú afstaða, sem tekin var í tilefni af þessum upplýsingum og þessum samningaumleitunum, sem sagt var að yfir stæðu, og þessi afstaða er enn hin sama og hún var þá, og hefur verið áður greint frá því hér á hv. Alþingi. Ég vil færa rök fyrir þessari afstöðu í fáeinum setningum, en ég skal viðurkenna, að það verður ekki margt nýtt í því, sem ég segi um þetta, því að það hefur áður verið tekið fram hér á hv. Alþingi af minni hálfu.

Við álítum, að menn verði að gera það upp við sig nú sem fyrr, hvort það eigi að ljá máls á því, að í Hvalfirði komi flotastöð. Við vitum, að það hefur hvað eftir annað verið farið fram á að gera ýmsar framkvæmdir í Hvalfirði, sem hlutu að teljast vera hugsaðar í sambandi við að koma þar upp flotastöð, en þessar framkvæmdir, eins og allir vita, hafa ekki verið samþykktar.

Nú teljum við, að það sé ríkari ástæða til en nokkru sinni fyrr að standa gegn því, að slíkar framkvæmdir eigi sér stað í Hvalfirði, þar sem friðvænlegra er nú í heiminum en lengi hefur verið áður, og skal ég ekkert draga úr því, að Atlantshafsbandalaginu sé það að verulegu leyti að þakka. Það er annað mál, ég skal ekkert draga úr því, að það geti verið rétt. En við teljum alveg sjálfsagt að ljá nú ekki máls á neinum nýjum hernaðarframkvæmdum í Hvalfirði fremur en áður. Við álítum, að þessi framkvæmd, sem nú kemur til greina, að NATO byggi þarna nýja stöð, hljóti að teljast undir nýjar hernaðarframkvæmdir. Nú er sagt, að að vísu eigi ekki að vera nema 8 geymar fyrst, en þar með fylgja nýjar bryggjur og bólverk og svo legufæri, sem er nokkuð óljóst, hvort eigi að setja strax niður í sjálfan fjörðinn eða hvort eigi að vera þar til taks. Ég held, að það geti engum blandazt hugur um, að þessar framkvæmdir hljóti að vera hugsaðar sem byrjun að öðru meiru, ef svo vill verkast, og með tilliti til þess, sem áður hefur komið fram um óskir varðandi Hvalfjörð, er mjög líklegt, að það geti einmitt orðið sótt á að koma upp þarna raunverulegri flotastöð í áföngum, — í staðinn fyrir, að áður hefur verið farið fram á meira og því hefur verið illa tekið, þá sé farið fram á minna með það fyrir augum að koma þarna upp flotastöð í áföngum. Við teljum þess vegna, að það sé lífsnauðsyn að taka þessa línu hreina og leyfa ekki neinar nýjar framkvæmdir í Hvalfirði af þessu tagi og leyfa ekki Atlantshafsbandalaginu að setja þarna upp nýja stöð.

Þetta er okkar afstaða, og þetta er okkar hugsun. Við teljum, að það væri mjög illa farið, ef það væri farið að færa út hernaðarframkvæmdir í landinu, eins og nú standa sakir, og koma upp nýjum stöðvum. Og við bendum á, og ég benti á það um daginn líka, og ég bendi á það enn, að það er ekkert ólíklegt, að ef léð er nú máls á því að setja þarna upp stöð á vegum NATO, þá kæmu, áður en langt um líður, óskir um að setja varnarlið í þá stöð, og gæti þá, áður en menn vissu, verið þannig komið, að þarna yrði flota- og hernaðarstöð á aðalþjóðleiðinni umhverfis landið. Við viljum ekki eiga þátt í þessu, og við viljum skora á hæstv. ríkisstj. að gera ekki samning um að byggja þessa nýju stöð í Hvalfirði á vegum NATO og ljá ekki máls á þessum framkvæmdum.

Ég vil benda á, eins og ég hef áður gert, að þótt Íslendingar séu aðilar að Atlantshafsbandalaginu, ber þeim engin skylda til að leyfa framkvæmdir eins og þessar, og það er algerlega á okkar valdi sjálfra, hvaða framkvæmdir við leyfum í sambandi við varnarundirbúning í landinu. Það hvílir ekki á okkur nein samningsskylda í þessu efni og heldur engin siðferðileg eða mórölsk skylda, vegna þess að þegar Ísland gekk í Atlantshafsbandalagið, var það greinilega tekið fram af þeim, sem töluðu fyrir ríkisstj. og Alþingi, að það væri ekki gert ráð fyrir því, að hér yrði erlent varnarlið á friðartímum í landinu. Og það var margtekið fram af þeim, sem ræddu við íslenzka ráðamenn á þeim tímum um afstöðu Íslands og annarra landa til Atlantshafsbandalagsins, að það væri stórfelldur ávinningur að því fyrir bandalagið, ef Ísland vildi vera með, þó að hér yrði ekki leyfður neinn her á friðartímum, og við töldum það, sem stóðum að þeirri framkvæmd, einnig ávinning fyrir Ísland, vegna þess að í Atlantshafsbandalaginu eru gagnkvæmar yfirlýsingar og skuldbindingar um, að árás á einn er skoðuð sem árás á annan og í þessu væri fólgin mikil vernd fyrir Ísland, og ég er enn sömu skoðunar um þetta og ég var þá.

Nú hefur verið hér varnarlið í landinu ærið lengi, og það hefur verið byggt á því, hversu ófriðvænlegt hefur verið í heiminum, og þegar tillit er tekið til þess, er það alveg augljóst mál, að Íslendingar hafa a. m. k. uppfyllt það, sem þeir létu skína í, að þeir gætu lagt fram til þessara mála, þegar þeir gerðust aðilar að NATO, — uppfyllt það alveg fullkomlega og vel það, sem þá var látið skína í að kæmi til greina, þannig að um siðferðislega skyldu vegna verunnar í Atlantshafsbandalaginu til að leyfa að koma upp nýrri hernaðarstöð í Hvalfirði er alls ekki að ræða.

Að okkar áliti verður, eins og ég sagði áðan,

að taka hér hreina stefnu og leyfa ekki þarna neinar nýjar hernaðarframkvæmdir á vegum Atlantshafsbandalagsins.

Þá vil ég segja það varðandi sjálfa þáltill., sem fyrir liggur, að það er okkar skoðun, að hér sé um stórfellt mál að ræða, hér sé um stefnumál að ræða, hvort eigi að ganga út á þá braut að veita þarna leyfi fyrir hernaðarmannvirkjum. Það skiptir ekki ákaflega miklu máli í því sambandi, hvort þau mannvirki, sem byrjað er að leyfa þarna á vegum NATO, eru stór eða smá, heldur er hitt „prinsip"-atriði, hvort á að fara að leyfa NATO að byggja hernaðarmannvirki í Hvalfirði. Við álítum því, að það sé algerlega rangt og eigi ekki að koma til mála að afgreiða nokkuð slíkt, án þess að um það sé fjallað á Alþingi eða samþykki Alþingis komi hreinlega til. Og í því sambandi skipta lagakrókar engu máli. Hér er um stóra ákvörðun að ræða, hér er um verulegt stefnumál að ræða, hvort það eigi að ganga inn á þessa braut eða ekki, og af þeim ástæðum álítum við, að það sé ekki viðeigandi af hæstv. ríkisstj. og hún sé ámælisverð fyrir, ef hún ætlar sér að gera slíkan samning, án þess að hafa fyrir því fullt samþykki Alþingis.

Af þessu leiðir, að við munum standa með þeirri þáltill., sem hér er borin fram, því að hún einskorðar sig við það að lýsa yfir, að það sé skoðun Alþingis, að óheimilt sé að gera nokkra samninga við Atlantshafsbandalagið um framkvæmdir í Hvalfirði, nema samþykki Alþingis komi til. Og sé þessi þáltill., samþ., er það alveg augljóst mál, að stjórnin hefur ekki neina heimild til að gera þetta. Ég lýsi því fylgi við þessa þáltill,. eins og hún liggur fyrir.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Ég ætla mér nú ekki að tala hér langt mál í kvöld. Það er þó ekki vegna þess, að hér sé um neitt smámál að ræða. Hér er vissulega stórmál á ferðinni, vafalaust eitt hinna stærri, ef ekki hinna stærstu, sem fyrir Alþingi liggja. En ástæðan til þess, að ég tel mig ekki þurfa að vera langorðan, er sú, að frsm. þeirrar till., sem hér er til umr., hv. 5. landsk. þm. (RA), reifaði málið svo vel í tæpitungulausri og rökfastri ræðu hér í dag, að ég tel þar ekki þörf miklu við að bæta.

Hæstv. utanrrh. hefur gert nokkra tilraun til að hrekja sumar röksemdir frsm., en ég verð að segja, að þær tilraunir hafa ekki tekizt. Þrátt fyrir alkunna leikni þessa hæstv. ráðh., leikni hans við að verja erfiðan og stundum heldur vondan málstað með ísmeygilegum orðaleppum og stundum með nokkuð frjálslegri meðferð á staðreyndum, þá held ég, að honum hafi varla tekizt í þessu máli að slá ryki í augu nokkurs manns, sem á annað borð vill sjá sannleikann, sjá kjarna málsins.

Það er rétt hjá hæstv. utanrrh., að það eru tvö mikilvæg atriði í þessu máli. Í fyrsta lagi það, hvort hæstv. ríkisstj. sé heimilt að gera slíkan samning um Hvalfjörð við NATO, sem hér er um að ræða, án þess að spyrja Alþingi. Og það er í öðru lagi um það að ræða, og um það deilt, hvers konar mannvirkjagerð sé eða geti orðið um að ræða í Hvalfirði. Þessi tvö atriði vil ég því ræða hér örlítið nánar í tilefni af ræðu hæstv. ráðh.

Um fyrra atriðið, um heimild ríkisstj. til einhliða samningagerðar, vil ég fyrst og fremst segja þetta: Hæstv. ráðh. reynir að verja afstöðu sína, þá, að hann hafi heimild til samningagerðarinnar einhliða, með því að vitna í varnarsamninginn svonefnda við Bandaríki Norður-Ameríku, á grundvelli hans sé heimilt að semja nú einhliða um Hvalfjörð við NATO. En hér er vissulega nokkuð málum blandað hjá hæstv. ráðh. Herstöðvasamningurinn var skýlaust gerður við Bandaríki Norður-Ameríku og ekki við aðra þjóð. Bandaríkin og Atlantshafsbandalagið eru engan veginn sami aðili, þótt náin samvinna sé á milli, og þetta veit hæstv. utanrrh. mætavel. Hér er heldur alls ekki um það að ræða að gera samkomulag um Hvalfjörð við Bandaríkin á grundvelli herstöðvasamningsins. Það er því þarflaust að ræða um það hér, hversu víðtækt samkomulag ríkisstj. gæti gert við Bandaríkin um herstöðvar, um bækistöðvar og aðstöðu á grundvelli hins margumtalaða herstöðvasamnings. Þarna er, eins og þegar er viðurkennt, um það að ræða að gera samning við annan aðila, við NATO, við hernaðarsamtök margra Evrópuríkja. Það er því alveg skýlaust, að samningur við Atlantshafsbandalagið um Hvalfjörð verður ekki gerður á grundvelli herstöðvasamningsins við Bandaríkin, enda er ekki ætlunin að gera það. Þess vegna stendur það alveg óhrakið, að hæstv. ríkisstj. skortir algerlega lagaheimild til að gera samning um íslenzk landsréttindi við NATO. Slík samningagerð bryti alveg ótvírætt í bág við skýlaus ákvæði stjórnarskrárinnar. Gagnstæðar staðhæfingar hæstv. utanrrh. breyta þessum staðreyndum í engu. Hann og hæstv. ríkisstj. virðast vera staðráðin í að taka sér þarna vald, sem þessir aðilar hafa ekki. Ég held, að þetta liggi alveg ljóst fyrir, og það er þetta, sem Alþingi ber tvímælalaust skylda til að hindra, og Alþingi gerir það bezt með því að samþykkja þá till., sem hér liggur fyrir. Það er svo algerlega rétt athugað hjá hv. síðasta ræðumanni, 1. þm. Austf. (EystJ), að lagahlið þessa máls er engan veginn aðalatriðið, engan veginn þungamiðjan, heldur hitt, að þessi samningagerð fyrirhugaða um Hvalfjörð er slíkt stórmál, að það væri alger óhæfa að ganga fram hjá Alþingi, meðan það situr, og gera samninga um slíkt mál bak við það.

Ég kem þá að hinu síðara atriði þessa máls, hvort hér sé um að ræða upphaf að hernaðarframkvæmdum í Hvalfirði eða ekki, og sé um upphaf slíkra framkvæmda að ræða, þá hversu alvarlegs eðlis þetta mál er eða kann að verða.

Hæstv. ráðh. gerði hér í ræðu sinni og hefur gert áður sem minnst úr þessu öllu, allri þessari samningagerð, og staðhæfir hvað eftir annað, að hér sé ekki um neina samninga varðandi hernaðarmannvirki eða hernaðarframkvæmdir að ræða og sízt af öllu neitt, sem gæti snert atómvopn. En ef við lítum aðeins á það, hver er forsaga þessara mála, getur verið, að maður efist um það, að hér sé í þessum staðhæfingum hæstv. ráðh. öll sagan sögð nákvæmlega rétt og ekkert undan dregið. Það hafa nefnilega áður komið fram kröfur um stórfellda bækistöð fyrir herflota í Hvalfirði. Þetta er alveg ómótmælanlegt, og ég held, að nú upp á síðkastið hafi því jafnvel ekki verið mótmælt. Þessari alkunnu staðreynd þýðir ekkert að reyna að neita.

Og nú vaknar óneitanlega sú spurning í hugum manna: Er ekki núna ætlunin, er það ekki meining þeirra, sem þarna standa öðrum megin að þessari samningagerð, að reyna nú að ná því í áföngum, sem áður var farið fram á að fá í einu lagi? Ég held, að það sé engan veginn ástæðulaust, þó að menn spyrji, því að hver hefur reynslan verið hjá okkur í sambandi við ýmis viðkvæm og mikilvæg utanríkismál, sum hin stærstu mál, sem komið hafa til okkar kasta á síðustu 25—30 árum? Ég held, að það megi segja, að það hafi komið fyrir oftar en einu sinni og oftar en tvisvar, að íslenzka þjóðin frétti um það, sem í vændum var, sem verið var að semja um, fyrst frá erlendum aðilum, ýmist úr erlendum blöðum, eftir erlendum fréttastofum eða á annan hátt frá útlöndum. Þannig hefur þetta því miður gengið til, þannig hefur hreinskilnin stundum verið í sambandi við íslenzk utanríkismál, og þess vegna er von, að menn spyrji: Er e. t. v. verið að leika sama leikinn enn?

Það var fyrr á þessu ári, sem um það var töluvert mikið rætt í erlendum blöðum, sérstaklega er mér um það kunnugt, að það var mikið rætt í norskum blöðum, að nú væru að fara fram mjög mikilvægar breytingar á svonefndum varnarmálum Atlantshafsbandalagsins. Þá var það til umr. til að mynda í norsku blöðunum Orientering og Dagbladet, að norskir firðir kynnu e. t. v. að hafa mikla þýðingu í sambandi við þessar breytingar, í sambandi við þessa fyrirhuguðu uppbyggingu nýrrar varnarkeðju við Norður-Atlantshaf, eins og það var kallað, uppbyggingu kerfis, sem fyrst og fremst væri byggt á Pólaris-kafbátum, kafbátum, sem flutt geta atómvopn, og að einhverju leyti einnig á ofansjávarskipum. Þessi norsku blöð skýrðu frá því og fjölluðu um það, að norskir ráðamenn, bæði Lange utanrrh. og landvarnamálaráðh., hafi að vísu neitað því hvað eftir annað, að til mála kæmi, að norsk landssvæði verði léð undir atómstöðvar af neinu tagi. Frá því var einnig sagt, að þessir norsku ráðh. hefðu neitað því, að nein tilmæli hefðu enn komið fram til norskra stjórnarvalda um, að slík aðstaða yrði veitt við Noreg. En þessi norsku blöð, sem ég vitna hér til, lögðu hins vegar á það áherzlu, að hvenær sem væri gætu slík tilmæli borizt. Og þau töldu jafnvel ekki útilokað, að eitthvað slíkt hefði þegar komið til umr., hvað sem formlegri beiðni um slíkt kynni að líða. Og þau drógu þetta af því, blöðin, að nýskipan þessara varnarmála Atlantshafsbandalagsins væri alveg tvímælalaust á döfinni, það væri verið að byrja að framkvæma hana og í því sambandi væri algerlega upplýst, að þýðing hafdjúpsins á norðurhveli jarðar og ýmissa stöðva á því svæði yrði mjög mikilvæg, hafi farið mjög vaxandi, einkum með tilkomu þessara Pólaris-kafbáta, og blöðin sögðu, að það mætti telja líklegt, að ráðamenn í þessum efnum hefðu þegar augastað á ströndum Grænlands, Íslands og e. t. v. Noregs í þessu sambandi. Í hinum sömu heimildum sagði einnig, að sérfræðingar Atlantshafsbandalagsins varðandi þessa atómkafbáta telji hvergi betri aðstöðu fyrir kafbátabækistöð en í Hvalfirði á Íslandi, enda mundi hafa verið um það rætt í þeim herbúðum, að höfuðstöðvar þessara kafbáta við norðanvert Atlantshaf ættu að vera þar.

Hæstv. utanrrh. neitar þessu öllu saman. Hann neitar því, að neitt, sem talizt geti hernaðarmannvirki, sé í bígerð í sambandi við þessa samninga um Hvalfjörð. Þetta sé allt saman ákaflega sakleysislegt, hér sé um að ræða endurnýjun benzínbirgðastöðva, það eigi að setja niður eða það eigi að koma hingað með einhverjar múrningar, eins og hann orðaði það einu sinni, sem alls ekki virðist eiga að nota, kannske eigi bara að liggja uppi á landi. Og hann vill telja mönnum trú um það, að Atlantshafsbandalagið af sérstakri umhyggju fyrir Íslendingum, að því er virðist, sé að endurnýja þar og koma upp nýjum geymum til þess að hafa þar varabirgðir af benzíni fyrir Íslendinga og varnarliðið.

En eins og ég áðan sagði, er það nú svo þrátt fyrir þessar staðhæfingar hæstv. ráðh., að reynslan, reynsla okkar Íslendinga í sambandi við viðkvæm utanríkismál, hvetur óneitanlega til varfærni, hún hvetur til þess, að menn séu á verði. Reynslan sýnir, að hátíðlegar yfirlýsingar núv. hæstv. utanrrh. í stórmálum, jafnvel gefnar hv. Alþingi og íslenzku þjóðinni héðan úr þessum ræðustól, hafa áður reynzt heldur lítils virði, því miður. Þess vegna er það ekki undarlegt, þó að menn séu dálítið tortryggnir og þó að þeir leitist þess vegna við að draga ályktanir af líkum, reyni að átta sig á því sjálfir, hvað um er að vera og hvað í vændum kynni að vera. Og í því sambandi liggur tvennt sérstaklega ljóst fyrir, sem ástæða er til að vekja athygli á. Í fyrsta lagi, að tiltölulega nýlega hefur verið lagt á það mikið kapp að byggja svonefnda lóranstöð á Snæfellsnesi. Það er vitað, að einmitt slík stöð er talin afar mikilvæg í sambandi við Pólaris-kafbáta. Hún er talin sérstaklega vel til þess fallin að auðvelda staðarákvarðanir slíkra neðansjávarskipa. Og í öðru lagi hefur Atlantshafsbandalagið farið þess á leit að gera við íslenzk stjórnarvöld samning um mannvirkjagerð í Hvalfirði, þeim stað, þar sem áður hefur verið krafizt stórfelldra hernaðarmannvirkja. Það er reynt að gera sem minnst úr því, hvað í þessum tilmælum felst. Þó er játað, að hér er ekki aðeins til umr. endurnýjun og aukning benzíngeyma, heldur er hér einnig þegar í þessari samningagerð um bryggjugerð og lagningu legufæra skipa af einhverju tagi að ræða.

Frsm. þessarar tlil. sýndi fram á það með ljósum rökum í frumræðu sinni hér í dag, að hæstv. ríkisstj. hefur enga lagaheimild til að gera slíkan samning sem hér er um að ræða, og ég vil leggja á það áherzlu, að enn þá síður hefur hún siðferðilega heimild til að gera slíkt að Alþingi forspurðu, meðan það situr að störfum. Og ég vil að lokum segja aðeins þetta, að sómi Alþingis er undir því kominn, að það haldi stjórnarskrá ríkisins í heiðri, að það skjóti sér ekki undan þeirri ábyrgð, sem stjórnarskráin leggur því á herðar. Þess vegna ber hv. Alþingi að afgreiða þá till., sem hér liggur fyrir, afgreiða hana fljótt, afgreiða hana á jákvæðan hátt.

Flm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Í framsöguræðu minni í dag benti ég á það, að á þessu máli væru fyrst og fremst tvær hliðar, þ. e. a. s. hin lagalega hlið málsins og í öðru lagi sú hlið, sem snýr að þeirri spurningu, hvað raunverulega sé á seyði í Hvalfirði og hvað raun-

verulega sé ætlunin að gera þar. Ég er sammála tveimur seinustu ræðumönnum um það, að lagalega hlið málsins skiptir ekki mestu máli. En á hitt vil ég benda, að það hlýtur að varða hv. Alþingi töluvert miklu, hvort stjórnarskrá íslenzka lýðveldisins er þverbrotin frammi fyrir allri þjóðinni, og þar af leiðandi hljótum við að reyna að brjóta það mál til mergjar, hvort svo sé, ef af samningum verður og án þess að Alþingi sé spurt.

Hin lagalega hlið málsins rís upp af þeirri staðreynd, að í stjórnarskrá lýðveldisins, 21. gr. nánar tiltekið, segir, að ríkisstj. megi enga samninga gera við erlend ríki, sem hafi í sér fólgið afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi, nema samþykki Alþingis komi til. Hæstv. utanrrh. gerði nokkra tilraun hér áðan til að sýna fram á, að þetta væri ekki stjórnarskrárbrot og að ríkisstj. hefði fullkomna lagaheimild til að gera þetta. Hann mótmælti því ekki, að hér er um að ræða samning við erlent ríki, eins og á er kveðið í stjórnarskránni. Hann mótmælti því ekki heldur, að hér er um að ræða kvaðir á landi. Hann reyndi ekki að styðja mál sitt þeim rökum, að skapað hefði verið fordæmi, sem leyfði þessa sérstöku málsmeðferð.

Það merkilega var, að hæstv. utanrrh. gerði ekki hina minnstu tilraun til þess að svara þeirri ásökun, sem ég bar hér fram í dag, þegar ég skýrði frá því og benti á það, að þegar samningur um lóranstöð á Snæfellsnesi var gerður í marz 1959, var hann gerður á röngum forsendum, þjóð og þing var blekkt og það var rangt skýrt frá aðalatriðum málsins. Ég fullyrti þá, að hæstv. utanrrh. hefði laumað þeim framkvæmdum inn á þjóðina, svo að lítið bar á, og benti á, að aldrei hefði komið fram, að sá samningur væri gerður við Atlantshafsbandalagið, heldur þvert á móti voru þar tilgreindir aðrir aðilar. En núna, þegar hæstv. utanrrh. ræðir þessi mál, kemur það skýrt fram, að sá samningur var einmitt gerður við Atlantshafsbandalagið. Hæstv. utanrrh. gerði enga tilraun til að útskýra þetta, og vil ég vekja sérstaka athygli á því.

Allur málflutningur hæstv. utanrrh. byggðist á því, að ríkisstj. væri heimilt að gera þennan samning upp á sitt eindæmi á grundvelli varnarsamningsins, eins og hann hefur svo oftlega komizt að orði. Hann ætlar að reyna að komast fram hjá stjórnarskrárákvæðinu á þeim forsendum, að í samningnum frá 1951 við Bandaríkjamenn er ekkert um það rætt, hvað framkvæmt skuli eða hvar í landinu það skuli gert. Hann virðist sem sagt álíta, að á grundvelli þessa samnings geti ríkisstj. gert hvað eina, sem hún vill, hún geti haldið áfram um alla framtíð, — komandi ríkisstj. geti byggt á þessum samningi, sem gerður var fyrir 12 árum, og þær geti leyft sér að halda áfram að byggja upp herstöðvar allt í kringum landið að vild og án þess að spyrja Alþingi nokkurn tíma leyfis. Ég vil ítreka það, sem ég sagði hér í dag, það er aldeilis útilokað, að ríkisstj. geti sniðgengið það ákvæði stjskr., sem ég nefndi hér áðan, með því að vísa til samningsgerðar, sem aðeins hefur lagagildi. Hingað til hafa lög ekki verið sett ofar stjórnarskránni. Það er útilokað, að í eitt skipti sé hægt að semja um það við erlent ríki, að um alla framtíð skuli stjórnarskráin sniðgengin.

Varðandi þá spurningu, hvað gera skuli, þar sem ekkert standi í samningnum um það, hvaða framkvæmdir séu leyfðar eða ekki, liggur í augum uppi, að það verður ekki túlkað á annan veg en þann, að með samningnum hafi verið leyfðar þær framkvæmdir, sem þá voru fyrirhugaðar og þá var hafizt handa um, og á þeim landssvæðum, sem Bandaríkjamenn fengu þá að nota, en þegar til frekari framkvæmda kemur, er nauðsynlegt að gera sérstakan samning hverju sinni og bera þann samning undir Alþ., eins og stjskr. segir mjög greinilega frá. Sem sagt, eins og ég sagði í dag, hér hlýtur allt að fylgjast að. Sé gerður nýr samningur, sem hefur í sér fólginn nýjan yfirráðarétt erlends ríkis á íslenzku landi og hafi þar með í sér fólgnar nýjar kvaðir á íslenzku landi, verður að koma til nýtt samþykki Alþingis.

Hin hlið málsins er sú spurning, sem ég gat um áðan, að hverju raunverulega er stefnt með framkvæmdum í Hvalfirði. Ég færði að því allsterkar líkur hér í dag, að það væri með þessum framkvæmdum, sem nú standa til, ekki aðeins verið að koma upp nokkrum olíubirgðum í Hvalfirði, heldur þvert á móti, að verið væri að byggja flotastöð þar í áföngum. Þessu hefur hæstv. utanrrh. mótmælt. Að sjálfsögðu verður ekki endanlega úr þessu skorið, eins og málin standa í dag, úr því að hæstv. utanrrh. mótmælir. En hitt hlýtur að liggja í augum uppi, að hver og einn skynsamur maður í landinu getur metið líkurnar, og ég vil enn einu sinni nefna þessar sterku líkur. Í fyrsta lagi er það hinn augljósi áhugi Bandaríkjamanna í fjöldamörg ár á því að koma upp flotastöð í Hvalfirði. Í því sambandi er nærtækast að vitna í orð hæstv. utanrrh., sem hann lét frá sér fara hér fyrir nokkrum vikum, þar sem hann sagði það alveg skýrt og greinilega með þessum nákvæmu orðum, að 1955 hefðu komið tilmæli til Framsfl. um stórfelldar hernaðarframkvæmdir í Hvalfirði. Ég hef hins vegar haldið því fram hér, að það sé alveg augljóst mál, að Bandaríkjamenn stefni enn að þessu sama marki, og það sé engin ástæða til þess að efast um það.

Við flm. þessarar till. höfum bent á ásókn Bandaríkjamanna í kafbátastöðvar víða í nágrannalöndunum. Við höfum greint frá því, að þeir hafi fengið neikvæðar viðtökur í Noregi, og við höfum bent á það, sem flestum mönnum mun ljóst, sem fylgjast með erlendum stjórnmálum, að líkurnar fyrir því, að Bandaríkjamenn haldi sínum kafbátastöðvum í Bretlandi, fara minnkandi, um leið og sigurlíkur Verkamannaflokksins fara vaxandi. Á það hefur líka verið bent, að Hvalfjörður er talinn mjög heppilegur staður fyrir slíka kafbátastöð og hentar til slíks brúks. Loks hefur á það verið bent, að ríkisstj. hefur að undanförnu tekið hvert skrefið af öðru í þessa átt, og það er ekkert, sem skyggir á það og mælir á móti því, að það sé einmitt verið að stíga þetta skref í áföngum.

Í fyrsta lagi hefur bandarískt flotinn nýverið tekið við yfirstjórn kafbátaflotans á norðanverðu Atlantshafi og tekið við herstöðvunum hér á landi. Flotinn er sem sagt réttilega kominn í stað landhersins, og á því þurfti að sjálfsögðu

að halda, ef gera átti mjög þýðingarmikla flotastöð á Íslandi. Á þetta hefur hæstv. utanrrh. ekki enn þá þorað að minnast.

Í öðru lagi höfum við bent á þá furðulegu staðreynd, að erlent ríki hefur fengið réttindi til að mæla og kortleggja botn innan íslenzkrar lögsögu, þ. e. a. s. einmitt botn Faxaflóa, allt nágrenni Hvalfjarðar. Ekki hefur hæstv. utanrrh. minnzt á þessa staðreynd.

Í þriðja lagi höfum við bent á, að lóranstöðin á Snæfellsnesi og staðsetning hennar er augljóslega miðuð við að geta orðið heppileg miðunarstöð fyrir kafbáta, og nú bætist fjórða atriðið við, þar sem eru þessar framkvæmdir í Hvalfirði.

Eins og ég sagði áðan, hafa verið færðar sterkar líkur að okkar máli. Utanrrh. neitar. Og það er vissulega rétt að minna á það, að þegar slík mál hafa verið á döfinni, hafa þessir herrar alltaf neitað. Þeir hafa aldrei viljað viðurkenna nokkurn skapaðan hlut, fyrr en allt var um garð gengið. Það er rétt að minna á einn mjög hliðstæðan atburð fyrir um það bil 17 árum, þ. e. a. s. 1946. Hvað gerðist þá um haustið? Jú, þá stóð til að gera nýjan samning við Bandaríkjamenn um aðstöðu í Keflavík. Þá sögðu andstæðingar þess samnings, að enda þótt hann kynni kannske að líta sakleysislega út á yfirborðinu, væri hann vissulega fyrirboði þess, sem koma mundi. En forsvarsmenn samningsins, þ. e. a. s. Alþfl., Sjálfstfl. og helmingurinn af Framsfl., sögðu: Þetta er ósköp saklaust fyrirbæri, sem hér er á sevði, þetta er aðeins lendingarleyfi fyrir bandaríska flugherinn. — Og það er rétt í því sambandi að rifja upp, hverjar voru fyrirsagnir blaðanna á þessum tíma. Þegar þessi samningur var gerður, 20. sept., sagði Morgunblaðið, með leyfi forseta:

„Herstöðvamálið er niður fallið. Bandaríkjamenn flytja brott allan her sinn frá Íslandi. Flugvöllurinn við Keflavík afhentur Íslendingum. Herstöðvamálið er úr sögunni. Bandaríkin hafa nú algerlega látið niður falla óskir sínar um herstöðvar á Íslandi. Er það vissulega lofsvert, að þetta volduga lýðræðisríki hefur nú skilið tilfinningar íslenzku þjóðarinnar í þessum viðkvæmu málum og tekið fullt tillit til þeirra. Þessi samningur felur í sér uppfyllingu þeirra óska, sem íslenzka þjóðin hefur skýrt og skorinort látið í ljós."

Þetta sögðu þessir sömu herrar, um leið og Keflavíkursamningurinn var gerður. Og þarf ég annað en minna á, hvað síðan hefur gerzt og hvert var framhald þessara mála, til þess að sýna fram á, hvað þetta mál og málið 1946 eru nauðalík? Ég vil aðeins bæta því við, hvað málgagn hæstv. utanrrh. sagði á þessum sama tíma, þegar það átti að líta svo út, að herinn væri að fara, en þá var hann einmitt að koma. Þá sagði Alþýðublaðið 20. sept., með leyfi hæstv. forseta:

„Herstöðvamálið er úr sögunni. Bandaríkin vilja fella niður herverndarsamninginn, afhenda Keflavíkurflugvöll og flytja allt lið héðan, en vilja fá afnotarétt af flugvellinum undir íslenzkri stjórn til uppfyllingar skuldbindingum sínum um hernám Þýzkalands. Má öllum vera ljóst, að Bandaríkin hafa með þessu tilboði fallið frá öllum tilmælum um leigu á herstöð hér á landi, hvort heldur til lengri eða skemmri tíma, m. ö. o.: að herstöðvamálið er með öllu úr sögunni."

Þar fengu menn að heyra það. Og þetta gerðist nákvæmlega sömu dagana, þegar herstöðvamálið var að byrja. Skyldi það ekki vera sama sagan, sem er að gerast í dag?

Utanrrh. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Það hefur farið svo um þessar umr., að svo til allt, sem sagt hefur verið hér í kvöld, er áður fram komið í málinu, og ekkert nýtt hefur bætzt við. Þeir, sem talað hafa fyrir þeirri till., sem hér liggur fyrir til umr., hafa talið upp öll sín fyrri rök, sem áður er margsinnis búið að hrekja. Ég vék að þeim nokkuð í minni fyrri ræðu og ætla þess vegna ekki að gera það með mörgum orðum nú.

Það virðist alveg ljóst með hv. 1. flm. þessarar till., að hann gerir sér ekki hina allra minnstu grein fyrir því, hvert er efni og eðli varnarsamningsins frá 1951. Hann endurtók í ræðu sinni hér áðan þá fyrri fullyrðingu, að ef varnarliðið þyrfti á einhverri aðstöðu að halda á Íslandi, einhverju landssvæði, eftir að varnarsamningurinn var gerður, bæri ríkisstj. skilyrðislaust að leggja allt slíkt fyrir Alþingi, áður en nokkur ákvörðun yrði tekin, ella væru samningar um slíka hluti með öllu óheimilir, lögleysa og stjórnarskrárbrot. Hann tók það líka fram enn á ný, að þegar verið væri að ræða um geymana í Hvalfirði nú, væri verið að semja við allt annan aðila en áður hefði verið samið, hér væri nýr aðili á ferðinni. Ég benti þessum hv. þm. á í ræðu minni áðan, að allar eru þessar fullyrðingar rangar, og ef hann aðeins hefði viljað hafa svo lítið fyrir að líta á sjálfan varnarsamninginn og lesa hann, getur hann séð, að allt, sem hann heldur fram um þetta, eru helberar firrur. Varnarsamningurinn tekur það sjálfur fram berum orðum, að það er ríkisstj. Íslands, sem er aðili annars vegar, en hins vegar er það ríkisstj. Bandaríkjanna sem umboðsaðili Norður-Atlantshafsbandalagsins. Bandaríkin taka að sér fyrir hönd Norður-Atlantshafsbandalagsins að annast varnir Íslands. Þau koma með varnarliðið hingað á vegum og í umboði Atlantshafsbandalagsins, og allt, sem Bandaríkjamenn gera hér, gera þeir fyrir hönd bandalagsins. Ríkisstj. Íslands hins vegar skuldbindur sig til að afhenda Bandaríkjunum sem umboðsaðila Atlantshafsbandalagsins þá aðstöðu á Íslandi, sem nauðsynleg er til framkvæmdar varnanna og báðir aðilar eru ásáttir um. Þessi samningur var lagður fyrir Alþingi og lögfestur þar. Þar með var ríkisstj. í eitt skipti fyrir öll gefið nauðsynlegt umboð til þess að láta varnarliðið fá þá aðstöðu á Íslandi, sem báðar ríkisstj. yrðu sammála um. Um þetta er ekki nokkur leið að deila. Í krafti þessa ákvæðis hefur síðan varnarliðið fengið öll þau landssvæði og þá aðstöðu, sem það hefur haft á Íslandi, frá því að það fyrst kom hingað. Í krafti þessa ákvæðis var Keflavíkurflugvöllur afhentur varnarliðinu til afnota. Það út af fyrir sig var aldrei lagt fyrir Alþingi og aldrei borið undir Alþingi, og engum kom til hugar, að þess þyrfti. Skömmu síðar fær varnarliðið landssvæði í Hornafirði til að byggja þar radarstöð og fer þangað með varnarlið. Ríkisstj. afhenti varnarliðinu þetta

land. Engum kom til hugar að bera það undir Alþingi. Í annað skipti fékk varnarliðið landssvæði á Langanesi og fer þangað með varnarlið. Ríkisstj. afhenti varnarliðinu þetta land. Engum kom til hugar að ætla að bera það undir Alþ., enda var slíkt fjarstæða. Í þriðja sinn kemur síðan radarstöðin á Vesturlandi, sem er afhent nákvæmlega á sama hátt. Þarna höfum við Keflavíkurflugvöll og land undir þrjár radarstöðvar, sem er afhent varnarliðinu með samkomulagi við ríkisstj., án þess að nokkurt þessara atriða sé borið undir Alþ., og þetta er allt byggt á því ákvæði varnarsamningsins, sem ég hef vitnað til. Sama skeður síðar í sambandi við stöðina á Snæfellsnesi. Það er því alveg furðanleg óskammfeilni hjá hv. 1. flm. þáltill. að vera enn, eftir að búið er að benda á allar þessar staðreyndir, að þrástagast á því, að það sé stjórnarskrárbrot af hálfu ríkisstj., ef hún ber það ekki undir Alþ., í hvert skipti sem hún fær varnarliðinu einhverja aðstöðu á Íslandi, hvort sem það er landssvæði eða annað. Og svo segir þessi hv. þm. enn þá, að nú sé verið að semja við annan aðila en varnarsamningurinn var gerður við. Varnarsamningurinn var gerður við Bandaríkin í umboði Atlantshafsbandalagsins. Það samkomulag, sem ríkisstj. er að gera innan marka varnarsamningsins, er ekki sjálfstæður eða sérstakur samningur. Það er framkvæmdarsamningur við varnarsamninginn, hann er gerður við Bandaríkin í umboði og með samþykki Atlantshafsbandalagsins. Atlantshafsbandalagið leggur fram féð að mestu, Bandaríkin að nokkru og Bandaríkin annast framkvæmdina. En vegna þess að Atlantshafsbandalagið leggur þarna fram fé að nokkru, kemur það einnig fram sem beinn samningsaðili. Hér er því ekkert nýtt á ferðinni og hér kemur enginn nýr aðili til sögunnar.

Hv. 1. þm. Austf. sagði, að Bandaríkin og NATO ættu að fara að byggja nýja olíustöð í Hvalfirði, væri þar um nýjar hernaðarframkvæmdir að ræða, þetta væri slíkt stórmál, að Framsfl. vildi ekki á það fallast, og m. a. gæti þetta leitt til þess, að einhverjir hermenn yrðu til varnar þessum olíustöðvum í Hvalfirði. Sérstaklega lýsti þessi hv. þm. því yfir, að slíkt stórmál sem þetta yrði að leggjast fyrir hv. Alþ., áður en hægt væri að afgreiða það. Undir þetta tóku svo að sjálfsögðu þeir þm., sem hér hafa talað af hálfu Alþb. og samherja þess, hvað sem þeir nú kalla sig. Ég vil nú minna þessa þm. og ekki hvað síst hv. 1. þm. Austf. á, að fyrir nokkrum árum hafði varnarliðið enga aðstöðu í Hvalfirði. Það voru þar olíugeymar, en þar var geymt eldsneyti fyrir íslenzk fiskiskip. Svo skeður það einn dag, að olíufélagið, sem á þessa geyma, losar alla olíuna og allt eldsneytið, sem skipunum var ætlað, af geymunum og semur við varnarliðið um, að geymarnir skuli hér eftir notaðir til þess að geyma eldsneyti fyrir varnarliðið. Með þessum samningum byrja afnot varnarliðsins af Hvalfirði. Það var olíufélagið, sem innleiddi þessi afnot varnarliðsins af Hvalfirði með þessum samningum. Ekki sáu þeir, sem að þessum samningum stóðu, og eru þeir nokkuð nákomnir hv. 1. þm. Austf., að því er mér er kunnugt, ástæðu til að spyrja ríkisstj. um þetta, og ekki þótti ástæða til þess, að Alþingi skipti sér neitt af því, þó að olíufélagið í Hvalfirði væri að taka um 40 olíugeyma þar í þjónustu varnarliðsins. Og það gerðist svolítið meira. Nokkurn veginn um það leyti, sem farið var að dæla fyrstu olíudropunum á geymana, kom hópur varnarliðsmanna, sem settist að í Hvalfirði, til þess að gæta olíunnar þar í samráði og með samþykki olíufélagsins, sem hafði tekið að sér geymsluna á eldsneytinu. Þeir, sem lögðu þar með grundvöllinn að því, að Hvalfjörður varð að nokkru leyti herstöð, sáu ekki ástæðu til þess að blanda ríkisstj. inn í þetta, og mér er ekki kunnugt um, og ég held, að það sé áreiðanlega rétt með farið hjá mér, að sú ríkisstj., sem var, þegar allt þetta gerðist, þegar geymarnir í Hvalfirði voru teknir í þjónustu varnarliðsins og þegar herinn var staðsettur í Hvalfirði, — sú ríkisstj., sem þá sat hér, hafði ekkert um þetta mál við Alþingi að tala, hún bar það aldrei undir þingið og hún spurði þingið ekkert um það. En núna, þegar þessir geymar eru orðnir svo úreltir, að eigendur geymanna eru farnir að endurnýja þá að verulegu leyti og kosta til þess stórfé og í raun og veru miklu, miklu meira fé en þeir hafa efni á og þeir eiga sjálfir, og þegar bersýnilegt er, að þeir, sem eiga þessa geyma og reka þá, geta ekki haldið þeim við, þannig að við því má búast, að þeir fari að springa hver á fætur öðrum og olían renni í sjóinn, og gengið er í það, að þeir, sem annast varnir landsins, taki að sér á eigin kostnað að vinna þetta verk fyrir okkur, þá er málið allt í einu orðið svo alvarlegt, að það má til að bera það undir Alþingi, áður en nokkuð gerist í því. Það má ekki endurnýja geymana, sem olíufélagið á sínum tíma gerði að varnarstöð í Hvalfirði, án þess að bera það undir Alþ., þó að stofnun stöðvarinnar og innleiðsla herliðsins í Hvalfirði hafi ekki verið borin undir Alþingi. Ég verð að segja, að í mínum augum er enginn annar munur á því ástandi, sem ríkt hefur í Hvalfirði, og því ástandi, sem er fram undan í Hvalfirði, en sá, að á undanförnum árum hefur íslenzkt olíufélag leigt varnarliðinu geymana og þegið nokkra umbun fyrir, en þeir geymar, sem hér eftir verða byggðir, eru eign þeirra, sem byggja þá, en ekki olíufélagsins, og þá kemur að sjálfsögðu ekki leiga eftir geymana. Það er leigan ein, sem mér finnst gera hér muninn.

Fullyrðingar hv. síðasta ræðumanns og 1. flm. till. og flokksbræðra hans, sem hér hafa talað, um það, að verið sé að breyta Hvalfirði í flota- og kafbátastöð, eru svo margendurteknar og marghraktar, að ég sé ekki ástæðu til að víkja að þeim sérstaklega. Hann minntist á nokkur atriði, sem hann sagði að væru máli sínu til stuðnings. Ég sé nú sannast að segja heldur litinn stuðning í þeim atriðum, sem hann taldi fram, sérstaklega þegar gætt er þeirra upplýsinga, sem liggja fyrir í málinu, og vitað er, hvað er að gerast.

Þessi hv. þm. fullyrti, að Bandaríkin hefðu haft áhuga á að fá miklu frekari aðstöðu í Hvalfirði en þar væri eingöngu geymt eldsneyti. Þetta er alveg rétt. Það hefur enginn neitað þessu. En því hefur bara verið hafnað. Það eina, sem er að gerast, er, að það er verið að leyfa að endurbyggja, það er verið að leyfa að endurnýja geymana, sem fyrir eru.

Þessi hv. þm. segir líka, að sennilega séu að verða stjórnarskipti í Bretlandi og Bandaríkjamenn séu að missa aðstöðu í Skotlandi fyrir flota sinn. Ég ætla ekki að fara að spá neinu um, hvað er að gerast í brezkum stjórnmálum, þaðan af síður ætla ég að spá neinu um það, hvernig framtíðaraðstaða Bandaríkjanna verður þar. Um þá hluti veit ég ekki nokkurn skapaðan hlut. En það liggur ljóst fyrir, að eins og ástandið hefur verið að undanförnu, er ekki um það að ræða, að nein aðstaða skapist hér til þess að flytja þann flota, sem er í Skotlandi, eða neinn hluta hans hingað til Íslands.

Þá sagði hv. þm., að vegna þess að flotinn hefði tekið við rekstri herstöðvanna á Íslandi af flughernum, væru líkur fyrir því, að herskipafloti mundi í nánustu framtíð fá aðsetur hér á Íslandi. Þetta er eins og hver önnur fjarstæða, og ef þessi hv. þm. hefur eitthvað fylgzt með, á að hann að vita það. Því var lýst yfir, þegar flotinn tók við stjórn varnarmálanna á Íslandi af flughernum, að þar væri eingöngu um að ræða mannabreytingar í landi, en ekki kæmi til mála að breyta aðstöðu á neinn hátt og flotanum væri með þessu ekki skömmuð hér nein aðstaða. Þessu var lýst yfir bæði af ríkisstj. Íslands og ríkisstj. Bandaríkjanna, og á þessu hefur engin breyting orðið, hvorki í orði né í verki.

Þá sagði hv. þm., að það, að Hvalfjörður hefði verið mældur af Bandaríkjamönnum, væri einhver sönnun fyrir því, að hér væri að koma floti, sem ætti að hafa hér aðsetur. Einnig þetta er fjarstæða. Bandaríkjamenn hafa verið að mæla hér á landi í mörg ár. Þeir hafa verið að mæla í kringum Ísland líka, og um leið og varnarsamningurinn var gerður 1951, var gert ráð fyrir því og þeim heimilað að gera hér nauðsynlegar mælingar. Þessi heimild hefur verið til og Bandaríkjamenn hafa haft aðstöðu og leyfi til þess að gera þetta allar götur síðan 1951. Það hefur ekki leitt til þess, að neinn floti hafi fengið hér neina aðstöðu.

Þá sagði þessi hv. þm. einnig, að ég hefði farið að einhverju leyti með ósatt í sambandi við stofnun stöðvarinnar á Snæfellsnesi. Hann fer hér algerlega með rangt mál, — gersamlega. Ég vil bara benda þessum hv. þm. á að koma með þær yfirlýsingar, sem ég hef um þetta mál gefið, og ég skal sýna honum, að það er nákvæmlega satt og rétt, sem í þeim stendur samkv. því samkomulagi, sem gert var, og þeim rekstri, sem þarna hefur átt sér stað.

Ég verð að segja, að þau rök, sem verið hafa hér á ferðinni í þessum umr. í kvöld, eru tvíbætt, eins og fram hefur komið, annars vegar hvort ríkisstj. hefði heimild til þess að gera það samkomulag, sem í ráði er að gera, án þess að bera það undir Alþingi, og hins vegar, hvort með þessu væri verið að stofna flotastöð. Eftir þær umr. og þau rök, sem fram hafa komið, þar sem sýnt hefur verið fram á, að ríkisstj. hefur fullkomna heimild til þessa samkomulags í varnarsamningnum og ekki er hinn minnsti fótur fyrir því, að hér sé verið að gera nokkra breytingu á því ástandi, sem ríkt hefur að undanförnu, þá furðar mig á því, að formælendur till., sem hér liggur fyrir, skuli vera að endurtaka það, sem þeir kalla rök fyrir sínu máli.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það er greinilegt, að því oftar og því meir sem hæstv. utanrrh. talar í þessu máli, því hættulegra verður það ástand, sem við búum við og því örlagaríkari verður afgreiðsla þessa máls. Það gengur eins og rauður þráður í gegnum alla hans ræðu þetta: Ég get gert allt, ég hef heimild til hvers sem ég vil, en ég ætla ekki að gera það núna. — Og það er þetta, sem gerir það að verkum, að þessi þáltill., sem hér liggur fyrir, verður enn þá miklu þýðingarmeiri en við raunverulega gengum út frá, flm., þegar við fluttum hana. Hæstv. utanrrh. segir: Með hernámssamningnum 1951 er því í eitt skipti fyrir öll slegið föstu, að ríkisstj. Íslands og fyrst og fremst utanrrh. Íslands hefur heimild til þess að gera það, sem hann álítur nauðsynlegt á hverjum tíma í samningum við Bandaríkin, án þess að spyrja Alþingi að. — Og ég ætla alveg sérstaklega að vekja eftirtekt hv. þm. á þessum endurteknu yfirlýsingum hæstv. utanrrh., því að þetta eru stórhættulegar yfirlýsingar. Þetta eru yfirlýsingar, sem hægt er að hagnýta sér á svo vægðarlausan hátt, að þjóðinni stendur voði af. Við munum það áður, þegar talað hefur verið um möguleikann á því að geyma kjarnorkuhlaðnar skotflaugar á Keflavíkurflugvelli, um þann hugsanlega möguleika, og þegar hæstv. utanrrh. var spurður að því, af því að það upplýstist, að flugvélar, sem gætu skotið slíkum flaugum, mundu getað verið þar staðsettar, og hann var spurður að því, hvort hann vildi heita því, að slíkar flaugar yrðu ekki settar þangað til geymslu, nema ráðgast við Alþingi áður, og hann tók greinilega fram, að hann vildi engu lofa um það að ráðgast við Alþingi áður. M. ö. o.: það, sem hæstv. utanrrh. er að fara fram á, er, að með því, að þessi þáltill. sé ekki samþ., hafi hann algera heimild, algert alræði til að gera hvað sem er og hvaða utanrrh. sem kynni að taka við af honum á grundvelli varnarsamningsins svokallaða frá 1951, þannig að Alþ. má alvarlega vara sig, þegar svona er komið.

Nú mundi maður náttúrlega segja, ef það væri eins mikið mark takandi á talinu um lýðræðið og það er oft notað, næstum því eins og þegar aðrir leggja guðs nafn við hégóma, þá ætti svo sem einn svona voðalega lýðræðislegur ráðh. að segja alveg þveröfugt við Alþingi Íslendinga, hann ætti að segja: Jú, sem harðvítugur lögfræðingur mundi ég máske líta svo á, að ég hefði leyfi til þess að gera þetta og þetta, en af því að ég elska svo heitt bæði lýðræðið og þingræðið, dytti mér aldrei nokkurn tíma í hug að gera slíkt, án þess að tala við Alþingi. — Það mundi vera lýðræðislega mælt og þingræðislega mælt. En hér er nú farið alveg þveröfugt að. Hér er sagt við þá 60 þm., sem hér sitja: Þið hafið ekkert um þetta að segja, ég tek mér vald til að gera hvað sem mér þóknast í sambandi við þessa hluti. — Hæstv. utanrrh. er sem sé búinn að lýsa því yfir, að hann áliti, að hann geti leyft flotastöð í Hvalfirði, að hann geti jafnvel leyft að bora þar undir fyrir Pólaris-kafbáta, til þess að gera Þyrilinn kjarnorkuheldan, til að gera byrgi þar undir kjarnorkuhelt. Mér skilst, að hann meini, að ef farið væri fram á Seyðisfjörð hinn daginn sem flotastöð, og hann áliti það nauðsynlegt til verndar

lýðræðinu, þá segðist hann hafa rétt til að fara eins að með Seyðisfjörð, eða hinn daginn kæmi tillaga um Eyjafjörð, t. d. Akureyri, þá þættist hann út frá samningnum 1951 hafa sama rétt. Ég tala nú ekki um, hvað snertir okkur hérna í Reykjavík. 1945 var krafizt þess að fá Skerjafjörð að lendingarstöð og flugvöllinn hérna fyrir sjóflugvélar. Máske utanrrh. áliti líka, að hann hefði heimild til þess að semja um það á morgun, ef hann áliti það nauðsynlegt til verndar lýðræðinu? Ég held því, að það sé nauðsynlegt, að menn fari nú að athuga nokkuð vel, til hvers hæstv. utanrrh. þykist hafa heimild, því að fyrir þá okkar, sem áttu enn sæti á Alþingi 1951, eftir að búið var að gera þennan samning áður og varast að kalla Alþingi saman og búið að koma með hermenn inn í þetta land, þannig að Alþingi stóð frammi fyrir her, erlendum innrásarher í landinu, — þegar Alþingi átti að taka afstöðu til málsins, þá sagði ekki einn einasti maður af þeim, sem fyrir þessu töluðu: Utanrrh. Íslands skal héðan af hafa heimild í eitt skipti fyrir öll til þess að semja við Bandaríkjastjórn um herstöðvar á Íslandi í sambandi við þennan samning, eins og honum þóknast.

Það er bezt fyrir hæstv. utanrrh. að fara að athuga það, sem talað hefur verið. Það er ekki í öllum milliríkjaviðskiptum aðeins farið eftir því, hvað harðsvíraðir lögfræðingar og einhverjir útfarnir lagasnápar kunna að reyna að finna út úr einhverri orðanna hljóðan. Í samningum á milli ríkja er talað um, hvað hafi verið hin rökrétta forsenda, hvað rætt hafi verið um, hverju gengið hafi verið út frá, a. m. k. að svo miklu leyti sem snýr að þjóðþingi því, sem utanrrh. er fulltrúi fyrir. Það má vel vera, að Bandaríkin í sambandi við þann samning, sem þau hafa gert, stundum á vegum NATO, stundum á vegum sjálfs sín, reyni að hafa sem útfarnasta lagasnápa í sinni þjónustu og túlka hvert einasta atriði sem allra frekast, og það þekkjum við. Við vitum, hvernig Bandaríkin túlkuðu ákvæðin í samningnum frá 1941. Við munum það enn, að þau túlkuðu þann samning öðruvísi en íslenzka ríkisstj. gerði. Þau túlkuðu þann samning þannig, að þau mættu hafa herinn áfram í landinu, eftir að stríðinu var hætt. En íslenzka ríkisstj. leit svo á með réttu, að til þess hefðu Bandaríkin ekki heimild, og ein af forsendunum fyrir Keflavíkursamningnum af hálfu þáv. hæstv. forsrh. var sú, að með því að gera hann, fengjust Bandaríkin til þess að fallast á að fara með herinn burt, sem þau álitu sig ekki þurfa að gera eftir samningnum frá 1941. M. ö. o.: við erum því vanir í viðskiptum við Bandaríkin, að þau túlki freklega og af ósvífni, með ágangi og ásælni á okkar land þann samning, sem við höfum gert við þau. En við höfum hingað til gengið út frá því, að sá, sem væri utanrrh. Íslands, væri ekki umboðsmaður Bandaríkjanna, heldur ætti hann að vera umboðsmaður Íslands og hann ætti að reyna að túlka þá samninga, sem Ísland gerir, eins og er Íslandi sem hentugast. En hæstv. utanrrh. virðist hafa tilhneigingu til að vilja túlka slíkan samning eins og Bandaríkjunum er hentugast og segja síðan, að þetta sé lýðræðislega hentugast, til að breiða einhverja fallega gæru yfir það.

Hæstv. utanrrh., hver sem hann er á hverjum tíma, verður að gera svo vel að gæta orða sinna. Hann er ekki bara að tala sem einhver og einhver lögfræðingur, þó að hann sé það að mennt, hann er að tala sem utanrrh. Íslands. Og hvert orð, sem hann segir af öðru eins ábyrgðarleysi og hæstv. utanrrh. hefur talað nú, verður notað á móti Íslandi seinna meir, þegar aðrir utanrrh. eru hér, sem líta öðruvísi á þetta mál og vilja túlka þann samning, sem Ísland hefur illu heilli gert, út frá hagsmunasjónarmiðum Íslands. Þess vegna á hver utanrrh. að tala gætilega í þessum málum. Hann á ekki að tala eins og hann væri einhver flokksmaður, þótt hann eðlilega sé það og tali út frá því pólitíska sjónarmiði, sem hann fylgir. Hann verður að gera svo vel að tala sem embættismaður þjóðarinnar, sem fulltrúi þjóðarinnar, og gæta þess, að þau orð, sem hann segir, eru ekki einhver orð, sem einhver t. d. Guðmundur Í. Guðmundsson hefur sagt einhvern tíma, heldur orð, sem utanrrh. Íslands hefur sagt.

Ég segi þetta vegna þess, að það má ekki fara með þessi mál eins og við værum bara að rífast hér innbyrðis í pólitískum deilum. Það verður að fara með þessi mál sem utanríkismál, sem hvert íslenzkt Alþingi og hver íslenzk ríkisstj. verður að geta byggt á, þegar Alþ. væri máske allt öðruvísi skipað en nú. Þess vegna má ekki með svona yfirlýsingum vera að gefa undir fótinn með, hvað hægt sé að gera. Að vísu er rétt náttúrlega að taka það fram, svo að maður sé fullkomlega sanngjarn, að frá sjónarmiði hæstv. utanrrh. mundi þetta þýða, sem hann hefur sagt, að væri utanrrh., sem hugsaði öðruvísi en hann um þessi mál, þá hefði sá hinn sami utanrrh. rétt, án þess að ræða við Alþingi, að láta Bandaríkin fara úr öllum þeim herstöðvum, sem þau væru hér í, vegna þess að það væri einvörðungu utanrrh., sem það hefði gert. En ég álít sem sagt, að hvorugt sé heppilegt.

Af hverju verðum við að vera gætin í þessum málum? Við verðum að vera gætin vegna þess, að við eigum hér í langri baráttu, sem getur tekið enn þá áratugi fyrir okkur. Og við þurfum í þeirri baráttu að læra af forfeðrum okkar, sem kunnu það í okkar aldalöngu sjálfstæðisbaráttu, sem þeir háðu, þar sem þeir öldum saman stóðu á gömlum sáttmála, sem alltaf hafði verið brotinn öld eftir öld á þeim og þeir féllust aldrei á að búið væri að eyðileggja, heldur byggðu allar sjálfstæðis- og frelsiskröfur sínar á því, að þessi sáttmáli væri enn í gildi. Einmitt við, sem höfum ekki annað að byggja á en rétt okkar, okkar túlkun á samningum okkar, verðum að vera gætnari með túlkun á samningum en nokkur önnur þjóð í heiminum. Aðrar þjóðir geta beitt valdinu, þær geta komið og sagt við þessa og þessa þjóð: Nú rís ég upp á móti þessu, og far þú burt með allt þitt hafurtask, — og rekið þá burt. Við getum það ekki. Við höfum ekkert nema réttinn að byggja á í þessu, eins og við höfðum áður, þegar við áttum í baráttu okkar við Dani. Við erum búnir að standa núna meira en 20 ár í þessari baráttu við Bandaríkin, og við skulum alveg gera okkur það ljóst, að þetta er barátta fyrst og fremst við Bandaríki Norður-Ameríku. Það voru Bandaríki Norður-Ameríku sem slík, sem fóru fram á það

og ætluðu sannarlega að koma því í gegn að fá hér herstöðvar til 99 ára, og það voru ekki aðeins herstöðvar, sem þau fóru fram á, það var að fá vissa hluta úr Íslandi afhenta undir ameríska lögsögn, afhenta sem algerlega amerískt yfirráðasvæði, sem engir Íslendingar mættu koma inn á nema með leyfi Bandaríkjanna og íslenzk yfirvöld hefðu ekkert með að gera og hefðu ekkert yfir að segja.

Hæstv. utanrrh. minntist á Sósfl. hér áðan. Það, að Sósfl. átti sæti í þeirri ríkisstj., sem tók við þessum kröfum, það, að kosningar voru fram undan á næsta ári og við höfðum með sameiginlegu átaki þjóðarinnar stofnað lýðveldi árinu áður, það gerði það að verkum, að þessum kröfum var hafnað, og það eru enn til skýrslurnar um það, hvað fram fór á þeim fundum. Það var greinilegt, að hefði Sósfl. ekki notið við í ríkisstj., sem fyrst og fremst var vinsæl fyrir hans framkomu þá, hefði verið fallizt á svo og svo mikið af þeim kröfum. Þá var það Keflavíkurflugvöllur, Skerjafjörðurinn og Hvalfjörður, sem áttu að fara undir ameríska lögsögn til 99 ára, — Hvalfjörðurinn undir ameríska lögsögn sem flotastöð til 99 ára, afgirtur, þannig að Íslendingar hefðu þar ekkert að segja, réðu engu, hvað gert væri, þyrftu ekki einu sinni að spyrja um múrningu, ekki einu sinni utanrrh., hvað þá ef þeir hefðu viljað byggja þar einhver skotheld byrgi. Sósfl. fyrst og fremst og sú þjóðernishreyfing, sem þá var á Íslandi, kom í veg fyrir, að þetta væri gert. og það er eitt af því bezta, sem sá flokkur hefur getað áorkað á Íslandi. Hann hefur síðan staðið þessi 20 ár og rúm þó í baráttunni við þetta vald, það vald, sem ásælist okkur nú harðar og hættulegar en Danir ásældust land okkar nokkru sinni, á meðan þeir réðu því, — ég undirstrika sérstaklega: hættulegar. Og Sósfl. hefur staðið flokka fremst í þessari baráttu allan tímann, og það er barnaskapur af hæstv. utanrrh. að tala um það, ef þess er minnzt í sambandi við 25 ára afmæli Sósfl. og maður skrifar um það í erlent blað, eins þó að það sé blað kommúnistaflokks Sovétríkjanna, að þessa baráttu hafi Sósfl. háð og það hafi verið góð barátta. Og til allrar hamingju hafa Bandaríkjamenn ekki komizt lengra en þeir eru komnir, þrátt fyrir sína fyrirætlun 1945, einmitt vegna þess, að hér hefur verið staðið á verði. Það hefði ekki þurft að heyja neitt af þessari baráttu með neinni von um árangur, ef áhlaupið 1945 hefði heppnazt. Þá væri ameríska flotastöðin hérna enn þá til 77 ára eða eitthvað þar í kring, og hvað sem við berðumst, hefðum við litla möguleika til að koma þeim burt. Það stendur þó svo í dag, að við þurfum ekki nema hálft annað ár til þess að segja þessum samningi upp.

Þegar við ræðum þessi mál, verðum við þess vegna fyrst og fremst að ræða þau út frá sjónarmiði Íslands, út frá sjónarmiði þess, að Ísland er að verjast ásælni Bandaríkjanna í þessum efnum. Hæstv. utanrrh. hefur viljað reyna að leiða alþjóðastjórnmál og baráttuna milli sósíalismans og kapítalismans í heiminum inn í þessi mál. Það er vissulega alltaf fróðlegt að ræða þau mál, en það er ekki fyrst og fremst út frá því sjónarmiði, sem við eigum að ræða þessi mál. Hæstv. utanrrh. vildi hugga sig með því, að Atlantshafsbandalagið hefði reynzt svo framúrskarandi gott bandalag, að eftir að það hefði komið til, hefði nú ekki aldeilis þýtt fyrir alþýðuna í heiminum að vera að berjast miklu meira á móti auðvaldinu. Sósíalisminn og þjóðfrelsishreyfingin hefðu nú verið stöðvaðar, eftir að NATO hefði verið stofnað. Það er eins og hann gleymi því, að sama árið sem NATO var stofnað vann sósíalisminn einn sinn mesta sigur, sem hann hefur unnið í heiminum, þegar byltingin sigraði í Kína og ¼ hluti mannkynsins hóf að leggja grundvöll að því að reyna að byggja þar upp í því fjölmenna ríki sósíalistiskt þjóðfélag. *Og það er eins og hann gleymi því líka*, þegar hann er að tala um, að það hafi ekki orðið neitt stórkostlegt um að vera í Vestur-Evrópu, nema kommúnistaflokkarnir séu að vinna á í löndum eins og Ítalíu og slíkum, að rétt við bæjardyrnar hjá aðalveldi Atlantshafsbandalagsins er nú risið upp eitt sósíalistiskt ríki á Kúbu. Og fyrir utan allt þetta hefur á þessu sama skeiði, sem Atlantshafsbandalagið hefur verið og sumir menn eru að hreykja sér af þessu veldi, þá hefur allt það nýlenduveldi, sem einmitt Atlantshafsbandalagsríkin, auðveldin í Vestur-Evrópu og Norður-Ameríku, hafa verið að stæra sig af, verið að hrynja í rústir fyrir þjóðfrelsisbyltingu í Afríku, Asíu og ólgunni, sem nú er að verða í Suður-Ameríku. M. ö. o.: það sama Atlantshafsbandalag, sem var stofnað til þess að vernda auðmannastéttirnar í Vestur-Evrópu og Norður-Ameríku, sér tök þessara auðmannastétta í öllum heiminum vera að hrynja. Meira að segja nýlendur, sem sérstaklega var fram tekið að skyldu tilheyra Atlantshafsbandalaginu og vörnum þess, eins og Alsír, og Atlantshafsbandalagið árum saman barðist þar, hjálpaði Frökkum óbeint og beint, meira að segja þar hefur nú þjóðfrelsisbyltingin sigrað á móti franska imperialismanum og NATO. Ég vil aðeins minna á þetta, fyrst hæstv. utanrrh. var að fara út í alþjóðastjórnmálin í sambandi við þetta.

Hann segir, að við viljum hafa varnir Íslands sem veikastar. Við viljum hafa varnir Íslands mjög sterkar, og við höfum reynt að verja Ísland allan þennan tíma á móti þeim aðila, sem Íslandi hefur stafað hætta af. Sá aðili einn saman, eftir að Bretar réðust á okkur í tvígang, fyrst hertóku okkur 1940, síðan réðust á okkur í sambandi við landhelgismálið, — sá eini aðili, sem hefur sýnt okkur ásælni og ágang, er Bandaríkin, og hafa rofið á okkur samninga, hótað okkur í skjóli herveldis, sem þau hafa haft hérna í skjóli rofinna samninga, og þvingað þannig fram hvað eftir annað þau friðindi, sem hafa gert það að verkum, að þau sitja nú hér með her sinn og reyna í sífellu og ætla auðsjáanlega að nota til þess aðstoð þeirra utanrrh., sem vilja túlka þá samninga, sem þau gera, eins og þessi hæstv. utanrrh. hefur túlkað, — ætla auðsjáanlega að reyna að dreifa vígstöðvum sínum smátt og smátt um allt landið, í hvert skipti sem þau finna til þess nógu þæga menn í utanríkisráðherrastól.

Hæstv. utanrrh. þarf ekki að halda, að her Bandaríkjanna á Íslandi sé einhver vörn á móti sósíalismanum í heiminum. Ef það eru einhverjir, sem halda það, er það alger misskilningur.

Sósialismminn getur jafnt sigrað hér á Íslandi og verið kallaður heimskommúnismi, eða hvað sem menn vilja kalla hann, ef menn vilja ekki kalla hann sínu nafni, þó að hér sé amerískur her. Sósialismminn hefur þegar sigrað á Kúbu, þó að þar sé amerískur her, og almenningsálitið í **heiminum er sterkara** en nokkur amerískur her sem stendur. Hvenær sem sósialismminn fær fylgi meiri hluta Íslendinga, verður byrjað að byggja hér upp sósialistískt ríki, jafnvel þó að hér væri enn amerískur her. Og ég ber það miklu meiri virðingu fyrir afstöðu amerískrar ríkisstj. til lýðræðis og þingræðis, að ég held, að hún mundi ekki beita þeim her á móti Íslandi, þó að hún hefði hann hér, meira að segja þó að hún sæi fram á, að e. t. v. yrði hann ekki miklu lengur hérna þar á eftir. Það má hins vegar vel vera, að hæstv. utanrrh. líti öðruvísi á, hann vilji líta á ameríska herinn hér á Íslandi sem sérstaka vörn fyrir t. d. auðvaldsskipulag á Íslandi, fyrir Reykjavíkurauðvaldið, fyrir heildsalana hérna, og svo framarlega sem hér ætti t. d. að fara að þjóðnýta olíuhringana, mundi jafnvel vera talið, að nú væri heimskommúnisminn að ryðja sér til rúms á Íslandi, ég tala nú ekki um, ef væri farið að þjóðnýta hér utanríkisverzlunina. Okkur greinir þarna máske dálítið á um lýðræði, vald, rétt og fullveldi einnar þjóðar, og máske höfum við einhverjar mismunandi hugmyndir meira að segja um afstöðu Bandaríkjastjórnar til laga og réttar.

Ég held þess vegna, þegar menn eru að ræða mál eins og þessi íslenzku utanríkismál, að þá sé vert að halda sér við það, sem fyrir liggur, og reyna að kryfja til mergjar, hvað frá sjónarmiði Íslands sé bezt að gera í þeim. Sovétríkin hafa aldrei ógnað Íslandi. Þau hafa ekki allan þann tíma, sem við höfum verið sjálfstætt lýðveldi, sýnt okkur neitt annað en vinsemd. Eini aðilinn, sem við auk Bretlands höfum eitthvað haft að óttast í þessum efnum, hefur troðið á okkar samningum, brotið á okkur samninga, rofið á okkur samninga, það eru Bandaríkin.

Mér finnst það dálítið óhugnanlegt þess vegna, að það skuli koma fram í þessum umræðum hjá hæstv. utanrrh. tvennt svona alveg gagnólíkt, að annars vegar skuli hann segja: Utanrrh. Íslands hefur rétt samkv. samningnum 1951 til að gera svo að segja allt, setja herstöð á hvaða stað á Íslandi sem hann kærir sig um að semja um við Bandaríkin og án þess að spyrja Alþ., en segja svo um leið: Þetta er ekki neitt, sem við erum að gera. Ég má allt, en ég er ekki að gera neitt. — Þetta virðist vera höfuðinntakið, og þetta er hættulegt. Og af hverju er þetta hættulegt? Af því að þetta er búið í 20 ár að vera það, sem alltaf hefur verið sagt við okkur, það, sem alltaf hefur verið reynt að blekkja okkur með. Hvað var sagt við okkur 1941, þegar Alþ., eftir að amerískur her var genginn á land tveimur dögum áður, eftir að þáv. ríkisstj. höfðu verið settir 24 stunda úrslitakostir að fallast á samning, þar sem stóð, að hún féllist á hann af frjálsum vilja, — en hún féllst á hann með byssustingina á sér, ef svo má segja, — hvað var sagt við okkur þá um þann samning? Jú, hann væri bara meðan stríðið stæði. Svo var hann af Bandaríkjastjórn túlkaður allt öðruvísi, eftir að stríðið var búið, túlkaður þannig, að þeir eru ekki farnir burt af landinu enn, dulklæddu um tíma hermennina, en eru ekki farnir burt af landinu enn. Sá ólöglegi samningur, sem gerður var 1941, var rangtúlkaður af þeim, hann er enn þá grundvölluriinn að því, að þeir eru hérna. 1946 var sagt við okkur: Þetta, sem við erum að gera, það er alveg jákvætt, við erum að láta herinn fara, við erum að gera samning um að láta herinn fara. — Það var reynt alltaf að gera sem minnst úr þessu öllu saman: Við þurfum að gera þetta, við þurfum að gera þennan Keflavíkursamning til þess að losna við herinn, af því að Bandaríkjamenn rangtúlka samninginn frá 1941. — M. ö. o.: Bandaríkin sögðu: Við höldum hernum hér, hvernig sem þið lítið á samninginn, ef þið fallizt ekki á Keflavíkursamninginn. Þeir sögðu: Ég er hér með hermennina og byssustingina, og ég fer ekki, nema þið fallizt á þennan samning. — Það var sagt við okkur: Þetta er óttalega saklaust, þetta er bara „civil"-flug, bara flutningar til Þýzkalands. — Og svo var sagt við okkur 1949, — ég held, að ég muni það orðrétt, sem sjálfur hæstv. forsrh. þá sagði, þá flokksforingi hæstv. utanrrh.: „Ef hér væri verið að ræða um það að setja herstöð á Íslandi, þá þyrftum við ekki að tala um þennan samning." Það held ég, að Stefán Jóh. Stefánsson hafi sagt þá, — þá þyrftum við ekki að tala um þennan samning, enda var það vel rökstutt þá, það var meira að segja uppáskrift sjálfs utanrrh. Bandaríkjanna um, að fram á slíkt yrði ekki farið, því að þetta var svo ósköp lítið, sem verið var að gera, það var bara smáhernaðarbandalag af ást á lýðræðinu, gera bara smáhernaðarbandalag, en við ætluðum ekki að fara í neina herstöð hérna, — þá mundum við alls ekki gera þennan samning, sagði sjálfur forsrh. Og 1951, — jú, það voru einhverjir með eitthvert smásamvizkubit, meira að segja svo mikið, að Morgunblaðið kom sér ekki að því 9. ágúst 1951 að minnast slita þjóðfundarins á 100 ára afmælinu, þeir kunnu ekki við að minnast á, að það hefði verið mótmælt gerræði, sem umboðsmaður konungsins hefði framið, það var enn þá ofur lítil samvizka lifandi víða þá. En 1951, þegar búið var að hleypa hernum inn, þá var sagt: Þetta er nú bara vegna Kóreustríðsins. Sameinuðu þjóðirnar eiga í stríði, og við erum í Sameinuðu þjóðunum, og við verðum að gera þetta fyrir blessaðar Sameinuðu þjóðirnar. Það er Kóreustríð, þar sem þær eru allar að slást við Kóreu — og ég veit ekki hvað og hvað. Þetta er nú bara meðan allt ófriðarástandið er í heiminum. — Og svona hefur alltaf verið sagt við okkur, þetta hafa alltaf verið aðfarirnar. Og nú segir hæstv. utanrrh.: Nei, þetta er nú ekki neitt, þetta gerir ekki nokkurn skapaðan hlut, þetta eru einir einustu átta geymar af olíu, og olían lekur þarna út hjá þeim alveg hreint, þetta streymir út í Hvalfjörðinn. Það er ekki um neina flotahættu að ræða, nei, nei, nei, en ég hef rétt til að semja um hana þegar ég vil, hvenær sem ég vil. Nei, ég er bara að hleypa hérna inn 8 geymum, en ef ég vil, get ég samið við Bandaríkin um flotastöð í Hvalfirði og þarf ekki að tala neitt við Alþ. um það. — Það er þetta, sem mér líkar ekki.

Ég held, að hæstv. utanrrh. sé með ræðum

sínum hérna búinn að gefa till. okkar beztu meðmæli, sem hún gat fengið. Hann segir: Ég — og hver sem hefði mitt vald — get samið, ef ég vil, í eitt skipti fyrir öll á grundvelli samningsins frá 1951 um flotastöð í Hvalfirði, flotastöð á Seyðisfirði, flotastöð á Akureyri, flugvelli enn þá víðar á Íslandi, ef vill, ég tala nú ekki um radarstöðvar, ef þyrfti enn meira, — það er víst komið nóg, — ég get þetta allt. — Þetta þýðir m. ö. o.: Höfum við verið andvaralausir fram að þessu, er eftir þessar yfirlýsingar óleyfilegt að vera það lengur. Hæstv. utanrrh. er búinn að segja Alþ. það, að þessa þáltill. verði það að samþykkja, ef það ætlar ekki að gefa einum manni, sem situr í utanrrh.-stólnum, alræði til þess að gera Ísland að algeru vopnahreiðri, án þess að minnast á það við Alþ.

Umr. frestað.

Á 25. og 43. fundi í Sþ., 11. des. og 19. febr., var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 57. fundi í Sþ., 1. apríl, utan dagskrár, mælti

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Hinn 15. okt. 1963 var útbýtt í hv. Sþ. till. til þál. um framkvæmdir á vegum Atlantshafsbandalagsins í Hvalfirði á þskj. 22. Voru flm. 4 þm. Alþb. Þar sem þetta var í upphafi þingsins og áður nefnd þáltill. með allra fyrstu málum hv. Alþ., gerði ég mér nokkra von um, að mál þetta kæmist fljótlega til nefndar. Síðan eru nú liðnir 5½ mánuður, og er málið enn ekki komið til nefndar. Þetta mál hefur aðeins einu sinni verið tekið til umr. allan þennan tíma, eða hinn 4. des. s. l. Síðan hefur málið verið nokkrum sinnum á dagskrá og seinast fyrir um 6 vikum, en ævinlega mjög aftarlega. Ég vil því eindregið fara þess á leit við hæstv. forseta, að hann sjái svo til, að mál þetta komi fljótlega aftur á dagskrá.

Á 59., 70. og 73. fundi í Sþ., 8. og 29. apríl, 5. maí, var till. enn tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

2. Endurskoðun laga um bjargráðasjóð.

Á deildafundum 15. okt. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um endurskoðun laga um Bjargráðasjóð o. fl. [24. mál] (A. 24).

Á 3. fundi í Sþ., 16. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 8. fundi í Sþ., 30. okt., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Jónas Pétursson): Herra forseti. Þáltill. sú, sem hér liggur fyrir á þskj. 24, er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta endurskoða lög um Bjargráðasjóð Íslands í því skyni, að komið verði á fót tryggingarkerfi fyrir landbúnaðinn í heild, sem geti að mestu leyti mætt tjónum, sem koma fyrir af náttúruhamförum og annarri óáran. Ber þá að athuga, hvort bjargráðasjóður í þeirri mynd eða svipaðri, sem hann er nú, er eðlilegasta formið á lausn allsherjartryggingamála landbúnaðarins, eða sjálfstæð tryggingarstofnun, og á hvern hátt er fært og eðlilegt að afla aukinna tekna til þessara trygginga. Þessari endurskoðun og athugun verði hraðað eftir föngum, enda verði kvaddar til undirbúnings málsins þær sérstofnanir, sem telja má málið skyldast."

Við hv. 6. þm. Norðurl. e., Magnús Jónsson, flytjum þessa till. nú, en fluttum hana einnig á síðasta Alþingi alveg shlj. En þá lá mikið af málum fyrir Sþ., og till. komst ekki til umr. fyrr en undir þinglok og vannst þá ekki tími til afgreiðslu. En ástæða er til að ætla, að hún hafi átt og málið í heild fylgi í Alþingi. Og ég vil benda á í því sambandi, að eigi færri en þrjár þáltill. komu þá fram, sem hnigu mjög eða alveg að sama marki, um sama efni, og enn eru þær komnar fram á þessu hv. Alþingi. Enda eru tryggingamál ofarlega á baugi í nútíma þjóðfélagi, og ég vil þar benda á hinar víðtæku almannatryggingar, og ég bendi enn fremur á aflatryggingasjóð útgerðarinnar, en lög um hann voru sett hér á hv. Alþingi á síðasta kjörtímabili. Það er að vísu viðurkennd staðreynd, að landbúnaður sé í eðli sínu tryggur og frekar árviss atvinnuvegur, en þrátt fyrir það er ávallt fyrir hendi margs konar áhætta og margs konar tjón að ske. Að þessu er nokkuð vikið í grg. þeirri, sem fylgir þáltill. Þar segir:

„Saga undanfarinna ára sýnir glögglega þörfina fyrir fullkomnari tryggingar en bjargráðasjóður veitir nú. Má minna á Heklugosið 1947, vorharðindin 1949, hallærissumarið norðan- og austanlands 1950 með fimbulvetur í kjölfarið, óþurrkasumarið 1955 sunnan- og vestanlands, kalið í ræktunarlöndunum eftir 1950 og aftur nú, 10 árum síðar. Enn má nefna einstök, staðbundin tjón, svo sem lambalát í ám eða fjárskaða í veðrum."

Og enn segir:

„Þau náttúrufyrirbæri, sem valda rýrum fóðuröflu og uppskeru, eru alvarlegasta tjónið, sem landbúnaðurinn verður fyrir, eins og rekstri hans og framleiðslumálum er nú háttað. Sú tilrauna- og vísindastarfsemi, sem í gangi er í atvinnumálum, hnígur m. a. að því að finna ráð og starfsaðferðir, sem fyrirbyggja sem mest, að slíkt tjón geti orðið. Má þar nefna rannsókn á heyverkunaraðferðum, áburðartilraunir o. fl. Má mikils vænta af þeirri starfsemi á næstu árum, sem gerir uppskeru og arð búskaparins öruggari en áður. M. a. má vænta þess, að unnt reynist að draga úr því tjóni, sem kalið í ræktunarlöndunum nú veldur. En það er of mikil bjartsýni að ætla, að tjón af misæri og náttúruhamförum verði yfirstigið með öllu í náinni framtíð."

Það er vikið að því, að ört vaxandi þáttur fjármagnsins skapi aukna áhættu. Á það er og að líta, að leið þess, frá því að það er lagt í reksturinn og þar til það kemur fram sem fullkomin markaðsvara, — sú leið er alllöng og margt getur skeð á leið fjármagnsins þar. Eins

og ég áður minnti á: kalið í ræktunarlöndunum, óþurrkar, stormar, stórrigningar spilla heyfeng, sjúkdómar, veðuráföll o. fl. geta rýrt og spillt búfjárafurðum. Þetta þarf ekki að skýra nánar, en ég vænti, að till. fái stuðning hv. alþm.

Ég vil minna á í þessu sambandi, að nýlega er tekin til starfa fóðurframleiðslustöð í Gunnarsholti á Rangárvöllum, sem áreiðanlega getur hjálpað til að leysa vanda fóðurtrygginganna, sem er stór þáttur þessa máls og kannske stærstur. Fjármagnið eitt getur aldrei tryggt að fullu gegn tjóni af vöntun á fóðri. Fóðrið þarf að vera til. Fjármagnið þarf að vera í nýtanlegu formi.

Þetta er aðkallandi nauðsynjamál og þarf að flýta því, að nefnd taki til starfa og undirbúi lagasetningu, og Alþingi þarf sem fyrst að setja þessi lög. Það er engan veginn víst, að bjargráðasjóður sé heppilegasta form þessara trygginga. En allt slíkt er nefndarinnar að athuga, og undir tryggingunum á að standa bæði af landbúnaðinum sjálfum og þjóðfélaginu í heild.

Ég vil leyfa mér að leggja til, að þessari umr. verði nú frestað, og ég vil enn fremur leggja til, að till. verði vísað til hv. allshn. Það kann að vera álitamál, hvort ætti heldur að vísa henni til fjvn. eða allshn., en eins og störfum þessara nefnda er nú háttað, þá er fjvn. mjög hlaðin störfum, en ég vildi ætla, að það væri möguleiki á því, að allshn. gæti tekið þessa till. skjótlega til athugunar og afgreiðslu, þannig að hún gæti orðið afgreidd hér á Alþingi fyrir jól, því að það er mikil nauðsyn að mínu viti, að unnt sé að skipa nefnd í þetta mál sem fyrst. Það er engan veginn áhlaupaverk að semja slíka löggjöf, hins vegar þýðingarmikið, að það dragist ekki úr hófi, og þess vegna mikils vert, að n. verði skipuð sem fyrst.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 38 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

3. Búfjártryggingar o. fl.

Á deildafundum 17. okt. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. varðandi búfjártryggingar, tryggingar gegn uppskerubresti o. fl. [29. mál] (A. 29).

Á 8. fundi í Sþ., 30. okt., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 15. fundi í Sþ., 13. nóv., var till. aftur tekin til fyrri umr.

Flm. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Till. sú, sem er á þskj. 29, hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar, að skipuð skuli 5 manna milliþn. til þess að endurskoða lög nr. 20 1943, um búfjártryggingar, svo og lög nr. 8 14. febr. 1961, um Bjargráðasjóð Íslands, og miðist endurskoðunin fyrst og fremst við rækilega athugun möguleika á því að koma á fót tryggingum gegn uppskerubresti og öðrum áföllum í landbúnaði með hliðsjón af aflatryggingasjóði sjávarútvegsins. Skipun nefndarinnar fer þannig fram, að sameinað Alþingi kýs með hlutbundinni kosningu 3 menn í nefndina, en Búnaðarfélag Íslands tilnefnir einn manninn og Stéttarsamband bænda annan. Nefndin kýs sér formann. Nefndin skilar áliti og till. svo fljótt sem henni er unnt. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Þessi till. var flutt á síðasta Alþingi, en kom ekki einu sinni til umr. og er flutt nákvæmlega samhljóða því, sem þá var. Við flm. teljum, að það sé komin mikil reynsla á lögin um búfjártryggingar, þar sem þau eru 20 ára gömul. Og það má segja, að þessi löggjöf sé tvíþætt, þar sem annars vegar er gert ráð fyrir því, að það sé skylt að tryggja í búfjártryggingadeild gegn hvers konar vanhöldum kynbótahesta, kynbótanaut og kynbótahrúta, sem notaðir eru af félögum eða í kynbótabúum, sem styrks njóta af opinberu fé. Þetta er skyldutrygging. Hins vegar er heimilt að tryggja í búfjártryggingadeild gegn venjulegum vanhöldum og slysum með þeim undantekningum, sem um ræðir í 16. gr., þ. e. hrúta, naut, kynbótahesta, ær á kynbótabúum, kúabú og heil sauðfjárbú, þannig að meginþorri þessara trygginga er heimildarákvæði. Og það hefur líka sýnt sig við framkvæmd þessara laga, að þau hafa ekki náð þeim tilgangi, sem til var ætlazt í upphafi, að menn teldu sér hagfellt að tryggja búfé sitt. Hins vegar hefur þróunin orðið sú, að þeim hefur fækkað ár frá ári, sem hafa tryggt búfé sitt, og þeir einir harla talið sér hagfellt að tryggja, sem hafa búið við mestu vanhöldin, svo að það hefur af þeim orsökum líka orðið þeim mun óhagstæðara fyrir búfjártryggingadeild Brunabótafélags Íslands og rekstrarhalli orðið meiri með hverju árinu sem hefur liðið. Þannig var komið s. l. haust, eða fyrir ári, að búfjártryggingadeildin taldi sér ekki unnt að taka til tryggingar heil sauðfjárbú, svo að því var hætt með öllu. Og það er lítið nú af búfé, sem tryggt er, nema það, sem skyldutryggingin nær til. Iðgjöld eru líka mjög há og hafa farið hækkandi, en þó hafa þær hækkanir ekki nægt til þess að koma rekstri þessara trygginga á hagfelldan grundvöll, þótt tillag hafi nokkuð verið greitt úr ríkissjóði öll árin eða um 300 þús. kr. árlega, sem veittar eru á fjárlögum til þessara trygginga. Það er því gefið mál, að þessi löggjöf þarf nákvæmrar athugunar við.

Búnaðarfélag Íslands og Brunabótafélag Íslands hafa á undanförnum árum sýnt mikla viðleitni til þess að finna þann grundvöll, sem búfjártryggingarnar gætu starfað á, en það virðist ekki hafa tekizt sem skyldi, þannig að bændasamtökin væru ánægð með þær ráðstafanir. Þess vegna er það, að það hefur vaknað sú spurning nú, hvort það muni heppilegt að athuga búfjártryggingarnar í samráði og sambandi við önnur tryggingamál landbúnaðarins, því að margt er það í landbúnaði, sem er áhættusamt og ótryggt. Bjargráðasjóður Íslands er í

mörgum tilfellum góð hjálparhella. En eins og fram kemur í 9. gr. l., er það ekki einungis landbúnaðurinn, sem á tilkall til hjálpar úr sjóðnum, heldur og sjávarútvegur líka, sem bjargráðasjóðurinn á að geta náð til undir vissum kringumstæðum. Þessi samhjálp er að sjálfsögðu góð, og ber að virða hana, svo langt sem hún nær. En séu mikil áföll til lands og sjávar, er sýnilegt, að bjargráðasjóður getur ekki orðið sú hjálparhella, sem til er ætlazt samkv. l. og þarf að verða undir slíkum kringumstæðum.

Áföll og skaðar eru margvíslegir í landbúnaði. Þótt nægjanlegt fóður sé til fyrir búfé landsmanna, sem bæði verður að gera kröfu til að sé og er í flestum tilfellum nokkuð öruggt, þá eru hætturnar samt margvíslegar, sem yfir vofa. Hríðarveður geta drepið sauðfé haust og vor og jafnvel um hávetur, ef skyndilega skellur á með stórhríð, og allir vitum við, hversu fámennt er orðið á heimilum og erfitt að ná saman sauðfé, ef skyndilega skellur á og fé er fjarri heimilunum, þannig að áhættan er alltaf yfirvofandi og getur valdið miklu tjóni, jafnvel á þeim tímum, þegar maður telur öryggi vera fyrir hendi, að tjón hljótist ekki. Þá er líka alþekkt, hversu óþurrkasumur geta gereyðilagt heyöflun, eins og t. d. s. l. sumar í nyrztu hreppum Strandasýslu og átt hefur sér stað oft og einatt hér á landi, t. d. sumarið 1955 og sumarið 1947, sem heyöflun um meginþorra landsins gekk mjög erfiðlega og heyforði mjög lélegur um haustið, auk þess sem venjulega er árlega í einhverjum landshluta, að veður hamla því, að heyforði sé eins tryggur og þarf að vera. Þá hefur og kal í túnum valdið mjög víða stórtjóni hin síðari ár, t. d. sumarið 1962 á norðausturhluta landsins og víðar. Rok og vond veður valda sums staðar stórtjóni, hús fjúka, heyforði eyðileggst og margs konar mannvirki eru í hættu. Hús brenna, og stundum brennur búfé líka inni, og er það þá venjulega ekki brunatryggt. Og þannig er það líka oft eftir frosta- og fannavetur og þegar eldfjöll gjósa, þá geta margvísleg og stór vandræði steðjað að stórum landshlutum, þannig að landbúnaðurinn getur orðið mjög miklum erfiðleikum bundinn, a. m. k. á tímabili. Þess vegna er það, að það er nauðsynlegt að reyna að finna einhver ráð til að bæta úr, þegar slík vandræði skapast.

Af þeim fáu dæmum, sem ég hef hér nefnt, má öllum ljóst vera þetta öryggisleysi, sem ríkir fyrir þá, sem landbúnað stunda. Eitt einasta óhappaár getur valdið því, að þeir, sem fyrir því verða, eiga aldrei framar fjárhagslega viðreisnar von. Við lifum á öld tryggingarinnar, þar sem hundruðum milljóna er varið til að treysta afkomu og öryggi þegna þjóðfélagsins. Þess vegna verður að finna flöt á því að bæta þau stórfelldu tjón, sem alltaf eiga sér öðru hverju stað í landbúnaði. Það hefur verið leitazt við að skapa öryggi í sjávarútvegi, og það er vel farið, að svo hefur tekizt á mörgum sviðum. Aðrar þjóðir hafa líka skapað öryggi í landbúnaði, t. d. Norðmenn. Þar ríkir veruleg tryggingastarfsemi innan landbúnaðarins. Af þessu eigum við að læra og þurfum að kynna okkur.

Viðhorf unga fólksins til landbúnaðarins er ekki glæsilegt hin síðari ár, og er það mjög illa farið. Búskapur okkar byggist æ meir og meir á viðskiptum innanlands og utan. Landbúnaðurinn býr ekki lengur að sínu, eins og áður var. Tæknin ryður sér til rúms í ríkum mæli, hún kostar mikið fjármagn, og það kostar líka mjög mikið fjármagn að stofna myndarlegt bú í sveit. En til þess að létta undir og skapa öryggi í fjárútvegun við bústofnsmyndun verður að hafa búið og búfénaðinn tryggðan, svo að þeir, sem fjármagn leggja í landbúnaðinn, eigi ekki á hættu að missa sitt, þótt óhöpp kunni að steðja að. Engum verður heldur fjær skapi en íslenzkum bændum að geta ekki staðið í skilum með sínar skuldbindingar, en það kann að vera erfitt á stundum, þegar illa árar.

Með lögum um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins á að bæta útgerðinni aflabrest, og er nánar í þeim lögum tilgreint, á hvern hátt þeim tryggingum er fyrir komið, í 10. gr. l. Engu skal ég um það spá, hversu víðtækum tryggingum hægt er að koma á í landbúnaði, en ég ætla, að þegar tvær höfuðstofnanir landbúnaðarins, Búnaðarfélag Íslands og Stéttarsamband bænda, eiga að hafa menn í ráðum á þessu sviði og við endurskoðun þessara laga, þá verði hagur bænda ekki fyrir borð borinn, enda eru þessi tvö félög brjóstvörn bændastéttarinnar allajafna. Svo er það einnig Alþingi sjálft, sem á að kjósa þrjá menn til að endurskoða þessa löggjöf og endurskoða tryggingamál landbúnaðarins í heild og finna leiðir til úrbóta í þeim efnum. Ég tel það nauðsynlegt, vegna þess að samráð verður að vera á milli bændastéttarinnar annars vegar og Alþingis hins vegar, svo að framgangur málsins verði tryggður með löggjöf, áður en langt um líður. Sé það svo, að nokkrir einstaklingar verða að leggja á sínar herðar stórfellt tjón, þá á þjóðarheildinni ekki að vera um megn að bera þær byrðar sameiginlega, en það er tilgangur tryggingastarfseminnar að verja einstaklinga gegn miklum áföllum, en láta þjóðarheildina koma þar með sinn hlut til að létta þeim byrðarnar, sem fyrir áföllunum verða.

Ég sé ekki á þessu stigi málsins, að ég þurfi hér fleira að segja eða færa meiri rök fyrir mínu máli, en vitna að öðru leyti til þeirrar grg., sem við flm. látum fylgja þessari till. Ég vænti þess, að Alþingi leggi sitt bezta fram til þess að leysa þessi mál, svo að vel fari. Og ég efast ekki um, að góður vilji er fyrir hendi í þeim efnum, þar sem fluttar hafa verið þrjár till. hér á hv. Alþingi um hliðstæð efni og miða í sömu átt. Vænti ég, að þær tillögur verði skoðaðar samhliða og reynt að finna úr þeim það bezta, sem verða má.

Ég legg svo til, að þessu máli verði vísað til allshn. og síðari umræðu.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv. og til allshn. með 36 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

4. Tryggingarsjóður landbúnaðarins.

Á deildafundum 17. okt. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um tryggingarsjóð landbúnaðarins [31. mál] (A. 31).

Á 8. fundi í Sþ., 30. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 15. fundi í Sþ., 13. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Björn Jónsson): Herra forseti. Á síðasta Alþingi fluttum við Karl Guðjónsson, þáv. þm. Sunnl. till. til þál. samhljóða þeirri, sem ég hef nú leyft mér að flytja hér ásamt hv. 5. landsk. þm. og hv. 5. þm. Reykn. Till. er á þá lund, að Alþingi álykti að skora á ríkisstj. að undirbúa í samráði við Búnaðarfélag Íslands og Stéttarsamband bænda löggjöf um tryggingarsjóð landbúnaðarins, sem ætlað sé það hlutverk að tryggja bændastéttina gegn tjóni af völdum uppskerubrests eða öðru tjóni, sem að höndum kann að bera, eins og t. d. vegna óhagstæðrar veðráttu, af völdum náttúruhamfara og af öðrum ástæðum, og við löggjöf þessa skuli höfð hliðsjón af þeim tryggingum, sem sjávarútvegurinn nýtur samkv. l. um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

Áður en ég vík að sjálfu efni þessa máls, vil ég geta þess, að á síðasta þingi Sósfl. var að frumkvæði bændafulltrúa, sem þingið sátu, gerð ályktun, sem mjög var á sömu lund og þessi þáltill., og það var í framhaldi af samþykkt þess þings, sem við Karl Guðjónsson fluttum þessa till. á síðasta þingi. Ég tel eftir atvikum rétt að geta um þessa forsögu málsins, þar sem svo skemmtilega hefur viljað til, að till. okkar Karls Guðjónssonar hafði ekki legið hér frammi á hv. Alþingi nema 2—3 daga, þegar birtust tvær aðrar þáltill. að mestu eða öllu um sama efni og önnur þeirra því nær samhljóða, þ. e. a. s. till. hv. 1. þm. Vesturl. o. fl. Og flm. beggja þessara till. hafa svo endurflutt þær á því hv. Alþingi, sem nú situr. Það er vissulega ánægjulegt, eins og hv. 1. þm. Vesturl. sagði hér í sinni ræðu, þegar það kemur í ljós, að fyrir hendi er svo eindreginn samstöðuvilji til framkvæmda í nauðsynjamáli, og væri þá ekki ólíklega spáð, að slíkur áhugi þriggja stærstu þingflokkanna entist málinu til samþykktar á þessu þingi til hagsbóta fyrir bændastéttina og löggjafarþinginu til sæmdar. Og það ætti svo ekki að spilla fyrir framgangi málsins, að tveir stærstu þingflokkarnir, þ. e. a. s. þeir, sem oftast hafa talið sig hafa eins konar einkaleyfi á því að fjalla um hagsmunamál bænda, hafa með miklu og lofsverðu snarræði brugðið svo skjótt við á þessu þingi, að við, sem upphaflega fluttum málið, mælum nú fyrir því síðastir. En ég skal ekki kvarta undan því, það er auðvitað aðalatriði um gott mál, að það nái fram að ganga, en hitt algert aukaatriði, hvort það verður frekar þakkað einum eða öðrum eða í hvaða röð menn hafa veitt því stuðning sinn.

Ég tel, að þær óbeinu undirtektir, sem þetta mál hefur fengið með flutningi þriggja þáltill., sýni ótvírætt, að hér er um þarft mál að ræða, og flm. hinna till., bæði hv. 3. þm. Austf. og hv. 1. þm. Vesturl., hafa í rauninni sparað mér að flytja ýmis rök, sem ég annars kynni að hafa talið fram þessu máli til framdráttar. Ég get því í ýmsum greinum látið mér nægja að taka undir þau rök, sem þeir hafa flutt fyrir sínum till. En það er kjarni þessa máls, að afkomumöguleikar þeirra tveggja atvinnugreina, sem þjóðin hefur lengst byggt afkomu sína á og gerir enn að miklu leyti, þ. e. a. s. sjávarútvegs og landbúnaðar, eru enn þrátt fyrir alla nútímatækni og margvíslegar framfarir að verulegu leyti háðar náttúruöflunum, sem oft má gera ráð fyrir að skapi jafnvel mjög miklar sveiflur, sem geta orðið einstaklingunum ofviða. Í sjávarútveginum hefur verið reynt og það með verulegum árangri að jafna áföll vegna aflabrests og fleyta þeim, sem af þeim sökum fara halloka, yfir erfiðleikana. Þetta hefur verið gert með tryggingastarfsemi aflatryggingasjóðs sjávarútvegsins, en eins og öllum er kunnugt, þá er fjár til hans aflað bæði frá útveginum sjálfum og frá ríkissjóði. Það gegnir í raun og veru hreinni furðu, að ekki skuli enn vera fyrir hendi nein tryggingastarfsemi, sem geti á hliðstæðan hátt tryggt þá, sem stunda landbúnað, að einhverju leyti gegn uppskerubresti og mildað þannig afleiðingar óhagstæðs árferðis, en afleiðingar þess hafa m. a. orðið þær, að það hefur orðið að grípa til sérstakra aðgerða í sérstökum neyðartilfellum, eins og t. d. 1951 vegna óþurrkanna miklu á Norður- og Austurlandi og Suðurlandi 1955. En miklu oftar hafa þó bændur orðið að þola óbætt tjón sitt af mörgum þeim búsifjum, sem eðlilegt og sjálfsagt er að tryggingar nái til, eins og t. d. vegna stórfelldra kalskemmda, sem orðið hafa alveg sérstaklega síðustu árin á stórum landssvæðum og hafa rýrt heyfeng og afkomu bænda jafnvel allt að helmingi, eða svo að tekið sé dæmi af þeirri búgrein, sem nýjust er, en margir binda þó stórar vonir við, þ. e. a. s. kornræktinni, þegar hún bregzt jafnvel í heilum sveitum, sem vafalaust getur komið fyrir, þó að hún hafi öll skilyrði til þess að heppnast venjulega.

Þá vil ég taka undir það, sem hv. síðasti ræðumaður sagði um nauðsynina á því, að búfjártryggingar séu efldar, en þær eru nú mjög ófullkomnar, eins og hann rakti ýtarlega í sinni ræðu.

Það er vafalaust ekki vandalaust verk að byggja upp sæmilega fullkomna tryggingastarfsemi í þágu landbúnaðarins og vafalaust margt í þeim efnum, sem torveldara kann að reynast í framkvæmd en við fyrstu ráðagerð. Og það veltur þess vegna áreiðanlega á miklu, að vel sé til vandað og fullt samráð sé haft við samtök bænda um allan undirbúning og framkvæmdir í þessu máli, eins og við flm. leggjum til.

Ég vil svo aðeins ljúka orðum mínum með því að láta enn í ljós þá von, að sá áhugi, sem sýnilega er vakinn fyrir þessu máli, megi fleyta því til lokaafgreiðslu og samþykktar á yfirstandandi þingi. Ég vil svo leyfa mér, herra forseti, að leggja til, að umr. verði nú frestað og málinu vísað til allshn.

ATKVGR.
Till. vísað til allshn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

5. Vesturlandsvegur.

Á 5. fundi í Sþ., 22. okt., var útbýtt:
Till. til þál. um lagningu Vesturlandsvegar [35. mál] (A. 35).

Á 8. fundi í Sþ., 30. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 15. fundi í Sþ., 13. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Jón Skaftason): Herra forseti. Á þskj. nr. 35 hef ég leyft mér að flytja svofellda till. til þál.:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta nú þegar ákveða vegarstæði Vesturlandsvegar frá Elliðaám og inn fyrir Kollafjörð og vinna þau undirbúningsstörf önnur, sem nauðsynleg eru, til þess að endurbygging vegarins geti hafizt á næsta sumri."

Till. þessa flutti ég á síðasta þingi, en hún náði þá ekki fram að ganga, og hef ég því leyft mér að endurflytja hana hér aftur í upphafi þessa þings í þeirri von, að hún kunni nú að ná samþykki.

Eins og hv. alþm. er eflaust öllum kunnugt, hefur byggð farið mjög vaxandi á síðari árum í Mosfellssveit. Þar munu nú vera búandi um 800 manns, og er ekkert lát á flutningum fólks inn í hreppinn, sem er að ýmsu leyti mjög vel í sveit settur. Með vaxandi íbúafjölda í hreppsfélaginu hefur það gerzt, að atvinnuhættir hafa breytzt að verulegu leyti frá því, sem áður var. Áður var það þannig, að þar höfðu flestir lífsframfæri sitt af landbúnaði, en nú er svo komið, að í Mosfellssveit hafa risið á síðari árum nokkur iðnaðarfyrirtæki, og vitað er, að ýmis iðnaðarfyrirtæki vildu gjarnan geta flutt starfsemi sína upp í Mosfellssveitina, ef aðstæður leyfðu.

Eitt af því, sem mjög hefur háð vexti þessa sveitarfélags, er það, að skipulag fyrir hreppsfélagið hefur vantað. Ein af aðalástæðum þess, að ekki hefur verið unnt að ráðast í að gera þetta skipulag, er sú, að enginn veit nú, eftir því sem ég hef getað aflað mér beztra upplýsinga um, hvernig Vesturlandsvegur, sem nú liggur í gegnum hreppsfélagið, á að liggja. Till. mín gerir ráð fyrir því, að ákvörðun um sjálft vegarstæðið verði ekki slegið lengur á frest og það ekki látið dragast að ákveða sjálft vegarstæðið, svo að hægt sé að fara að vinna að skipulagsmálefnum fyrir hreppinn.

Síðari hluti till. gengur svo út á það, að endurbygging vegarins, Vesturlandsvegar, frá Elliðaám og inn fyrir Kollafjörð, verði hafin strax næsta sumar. Eins og hv. alþm. vita, mun öll umferð hér frá höfuðborginni og þéttbýlissvæðinu við sunnanverðan Faxaflóa til a. m. k. þriggja landsfjórðunga liggja um þennan veg. Ástand vegarins er því oft þannig, ekki sízt þegar vætuveður eru mikil, að illmögulegt er að komast eftir honum í bifreiðum og illmögulegt fyrir gangandi fólk að komast eftir honum, auk þess sem mjög skortir á, að vegurinn sé nægilega vel upplýstur, þannig að þarna er veruleg slysahætta, og því miður hafa komið fyrir á seinni árum dauðaslys á þessum vegarkafla. Enn fremur, eins og ég tek fram í grg., er mikill hluti eða sennilega mestur hluti þess byggingarefnis, sem notað er hér í höfuðborginni, möl og sandur, og einnig í kaupstöðunum í nágrenni Reykjavíkur, Kópavogi, Hafnarfirði og víðar, flutt eftir þessum vegarkafla til þessara kaupstaða, þannig að ekki þarf um það að deila, að þörfin fyrir góðan veg á þessum stað er mjög brýn.

Ég sé ekki ástæðu til að fara út í frekari útskýringar með þessari þáltill. Efni hennar er mjög skýrt. En ég vil að endingu láta í ljós þá von, að till. þessi nái nú í þetta skipti fram að ganga og verði samþykkt í hv. sameinuðu þingi.

Ég legg svo til, herra forseti, að umr. um málið verði nú frestað og því vísað til hv. fjvn.

ATKVGR.
Till. vísað til fjvn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

6. Heyverkunarmál.

Á 5. fundi í Sþ., 22. okt., var útbýtt:
Till. til þál. um heyverkunarmál [37. mál] (A. 37).

Á 8. fundi í Sþ., 30. okt., var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Ágúst Þorvaldsson): Herra forseti. Till. sú til þál. um heyverkunarmál á þskj. 37, sem hér er á dagskrá, er flutt af mér og öðrum þm. Framsfl. Við höfum flutt shlj. till. þessari á undanförnum þingum, en hún hefur ekki fundið náð fyrir augum hv. meiri hl. hér á Alþingi og ekki fengið afgreiðslu. Enginn hefur þó á undanförnum þingum viljað mótmæla efni hennar, enda á hvers manns vitorði, hvílík nauðsyn það er að hjálpa með opinberum aðgerðum til í miklu stærra mæli en fram að þessu hefur verið gert við það að tryggja möguleika sem allra flestra bænda í landinu til árvissrar og öruggrar heyverkunar. Tæknin býður, eins og kunnugt er, upp á slíka möguleika, og hafa margir bændur brotizt í því, þó að dýrt sé, að koma fyrir hjá sér þeirri aðstöðu og tækni, sem til slíks þarf. En þetta er svo dýrt í stofnkostn-

aði, að fjöldi bænda hefur enn ekki getað notfært sér þetta. Til þess að bæta úr því höfum við flm. þessarar þáltill. flutt hana þing eftir þing í trausti þess, að þótt seint gangi róðurinn, þá sækist hann þó um síðir og málið nái fram að ganga á einhvern þann veg, er verða megi bændunum að gagni í starfi þeirra við verkun heyjanna, en í okkar landi er sú uppskera undirstaðan að mestum hluta af okkar landbúnaðarframleiðslu, eins og mönnum er kunnugt. Ef hægt er að ná því hugsaða marki, sem till. gerir ráð fyrir, á einhvern annan hátt eða eftir öðrum leiðum, þá erum við flm. fúsir til að fallast á breytingar, því að fyrir okkur vakir auðvitað það eitt að vinna þessu máli það gagn, er í okkar valdi stendur. Þetta málefni snertir auðvitað fleiri en bændurna. Það er eins og flest, sem snertir atvinnuvegina, að það er málefni þjóðarinnar allrar. Þjóðin sem heild mundi græða á því, að bændurnir gætu notað þær aðferðir við heyverkun, sem gefa þá góðu raun, sem reynslan hefur sýnt að þær gera og er þannig, að tiltölulega lítið efnatap verður við verkun og geymslu heyjanna, sem kvikfjárrækt okkar hér á landi byggist á að aflað sé.

Ég hef áður hér á hv. Alþingi rætt þetta mál nokkuð, og ég sé þess vegna ekki ástæðu til þess að fara um þetta mörgum orðum núna. Ég vil aðeins minna á það enn einu sinni, að landbúnaðurinn veltur nálega eingöngu á heyöflun hér hjá okkur Íslendingum. Nú má heita, að heyjanna sé svo til eingöngu aflað af ræktuðu landi. Það hefur verið miklu til þess kostað að rækta landið, og mikill er áburðarkostnaðurinn árlega, sem til þarf, svo að ræktunin skili góðri uppskeru. Það er því mikið til vinnandi að tryggja það, að fóðrið nýtist sem bezt. Okkur flm. er ljóst, að hið opinbera hefur í mörg horn að líta, því að kröfur berast frá hinum ýmsu þáttum framkvæmda- og atvinnulífs um alls konar stuðning og fyrirgreiðslu, og er flest eða allt slíkt nauðsynlegt. Atvinnulíf þjóðarinnar er að verða margþætt og fjölskrúðugt, og er gott til þess að vita.

Landbúnaðurinn er okkar elzti atvinnuvegur, jafngamall þjóðinni og allt fram á okkar daga svo að segja hennar eina lífsbjörg, sem hún fæddi sig og klæddi af. Það er hagsmuna-, menningar- og metnaðarmál fyrir Íslendinga að tryggja og efla velgengni og öryggi þessa atvinnuvegar, sem veitti þjóðinni bæði fæðu og föt, svo að hún hélt þoli og þreki í þrengingum margra alda. Og nú með hinum miklu vísindum og tækni hefur það komið í ljós, að Ísland er mjög vel fallið til grasræktar og að hér eru meira að segja betri skilyrði til framleiðslu hinna dýrmætustu landbúnaðarvara, mjólkur og kjöts, skinna og ullar, heldur en er í ýmsum suðlægari löndum. Mér finnst eins og mönnum vilji stundum gleymast þetta mikilvæga atriði. Heilbrigt atvinnulíf eigum við að efla á öllum sviðum auðvitað, og þar má landbúnaðurinn sízt verða hornreka. Fyrir nokkrum árum má segja, að íslenzkir bændur hafi staðið varnarlausir gagnvart hinu mislynda og oftast raka loftslagi, sem hér er ríkjandi. Nú vantar hins vegar ekki hjá fjölda bænda annað til að standast slíkt heldur en þeir eigi aðgang að nægilegu og hagkvæmu lánsfé til að eignast vélar og tæki, sem hjálpa til við verkun heyjanna, hvernig sem viðrar. Ég trúi nú ekki öðru en slíka aðstoð sé hægt að veita af hálfu hins opinbera, ef góður skilningur og vilji er fyrir hendi, og því fyrr sem slík aðstoð er veitt, því betra, bæði fyrir bændurna og landið í heild.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að hafa fleiri orð um þetta nú að þessu sinni. Það hafa verið ákveðnar tvær umr. um þetta mál, og ég vil leyfa mér að leggja til, að þegar þessari umr. er lokið, verði málinu vísað til 2. umr. og hv. fjvn., og vil ég þá æskja þess, að n. tæki málið til ýtarlegrar athugunar og skilaði áliti um það sem fyrst, svo að það mætti verða afgreitt snemma á þessu þingi.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og til fjvn. með 32 shlj. atkv.

Nefndaráliti frá minni hl. fjvn., á þskj. 680, var útbýtt 13. maí, en till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

7. Þjóðhagsáætlun fyrir árin 1964—68.

Á 6. fundi í Sþ., 23. okt., var útbýtt:

Till. til þál. um samningu nýrrar þjóðhagsáætlunar fyrir árin 1964—1968 [38. mál] (A. 38).

Á 8. fundi í Sþ., 30. okt., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 15. fundi í Sþ., 13. nóv., var till. aftur tekin til fyrri umr.

Flm. (Helgi Bergs): Herra forseti. Á þskj. 38 hef ég ásamt 7 öðrum þm. Framsfl. flutt þáltill., sem er svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að kjósa hlutfallskosningu í sameinuðu þingi 5 manna nefnd til að semja nýja þjóðhagsáætlun til næstu 5 ára. Áætlunin skal miðuð við örari hagvöxt og meiri framleiðniaukningu í atvinnuvegunum en áætlun sú, sem ríkisstj. lagði fyrir Alþingi í aprílmánuði 1963. Nefndin skal í starfi sínu njóta aðstoðar Efnahagsstofnunarinnar og annarra opinberra aðila eftir þörfum og skal ljúka störfum svo snemma, að hún geti lagt niðurstöður sínar fyrir Alþingi það, sem nú situr."

Á undanförnum árum hefur það víða verið tekið upp að gera þjóðhagsáætlanir til notkunar við stjórn efnahagsmála. Með þessum áætlunum setja þjóðirnar sér ákveðið mark, sem skuli keppt að á áætlunartímabilinu, og við gerð áætlunarinnar er síðan kannað, hvernig megi beita hinum ýmsu þáttum efnahagslífsins til þess að ná því marki, og stefnan í efnahagsmálum þannig mörkuð. Það markmið, sem þjóðirnar keppa að, er yfirleitt að ná örum hagvexti. Nýlega hefur verið hafin áætlunargerð af þessu tagi í Bretlandi, einmitt með það fyrir augum að reyna að örva vöxt þjóðarframleiðslunnar. Frakkar starfa nú samkv. þjóðhagsáætlun fyrir

árin 1962—1965, og markmið hennar er að auka framleiðsluna um 5% á ári. Efnahags- og framfarastofnunin hefur mælt með því við löndin innan sinna vébanda, að þau stefni að því að auka þjóðarframleiðslu sína um 50% á áratugnum 1960—1970, og þetta svarar til árlegrar aukningar upp á 4..1%. Þegar þessar tölur eru skoðaðar, verður að hafa í huga, að fólksfjölgunin í þessum löndum er minni en hjá okkur Íslendingum, og til þess að halda til jafns við þær, verðum við því að setja okkur hærra markmið í þessum efnum. Flestar af nágrannaþjóðum okkar hafa líka haft meiri vöxt en þetta á undanförnum árum, eins og fram kemur í grg. með þessari tillögu.

Nú er það nauðsynleg forsenda fyrir því, að hægt sé að gera þjóðhagsáætlanir að gagni, að fyrir hendi séu haldgóðar upplýsingar um þjóðhagsreikningatölur undanfarinna ára og sem nýjastar og beztar upplýsingar um þróun efnahagsmálanna. Síðan fyrir um það bil áratug hefur verið unnið hér á landi gott og þýðingarmikið starf í þessum efnum. Hagfræðingar á vegum Framkvæmdabankans fyrst í stað, en síðan á vegum Efnahagsstofnunarinnar, hafa unnið að gerð þjóðhagsreikninga fyrir árin, sem liðin eru frá stríðslokum. Niðurstöður þeirra eru merkilegar, og þær eru allgóður grundvöllur fyrir áframhaldandi starfi í þessum efnum, þótt þær eigi sjálfsagt enn eftir að batna með aukinni reynslu og með auknu starfi, sem í það er lagt að afla meiri og betri upplýsinga. Hagskýrslugerð hér á landi er sjálfsagt á ýmsan hátt ófullkomnari enn þá en víða í nágrannalöndum okkar, þó að hún hafi vissulega mikið batnað nú á seinustu árum.

Sá grundvöllur, sem hefur verið lagður á undanförnum árum með gerð þessara þjóðhagsreikninga fyrir liðið árabil, verður að álíta, að sé mjög verðmætur. Og það er ástæða til þess að ætla, að sá undirbúningur, sem af hálfu sérfræðinga var lagður að áætlunargerð ríkisstj. frá s. l. ári, hafi verið vel gerður. Til undirbúnings þjóðhagsáætlun sinni leitaði ríkisstj. einnig til Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu um sérfræðilega aðstoð við undirbúning og gerð áætlunarinnar. Það dvöldu hér á landi um nokkurn tíma norskir hagfræðingar, sem unnu að þessum verkefnum. Það voru nokkrir hinna sömu manna, sem áður höfðu unnið að sams konar eða svipaðri áætlunargerð fyrir norsku ríkisstj. En engin skýrsla hefur hér birzt um störf hinna norsku hagfræðinga. Á bls. 13 í þjóðhagsáætlun ríkisstj., eins og hún er gefin út sérprentuð, er sagt frá því, að starf hinna norsku hagfræðinga hafi verið miklum erfiðleikum bundið, og látið liggja að því, að þeim hafi ekki tekizt að ljúka starfi sínu. Ýmsir áhugamenn hérlendis, sem hafa kynnt sér norsku þjóðhagsáætlunina, sem þessir menn unnu einnig að, eru flestir sammála um það, að hún sé mjög vel unnið verk. Þess vegna er mönnum mikil forvitni á því að kynnast störfum hinna norsku hagfræðinga hér á landi, og ég vil nota þetta tækifæri til þess að láta í ljós undrun mína yfir því, að ekki skuli hafa verið birtar frá þeim neinar niðurstöður. Það verður varla talið sanngjarnt gagnvart hinum ágætu útlendu gestum að birta þjóðinni ekki niðurstöður þeirra og láta jafnvel að því liggja, að þeim hafi ekki tekizt að ljúka verkefni sínu.

Það verður varla um það deilt, að miðað við allar aðstæður hafi hinir innlendu og erlendu sérfræðingar lokið ágætu starfi til undirbúnings þeirri þjóðhagsáætlun, sem ríkisstj. birti í vor. En þar með er líka sagt það, sem hægt er að segja jákvætt og gott um þessa áætlun. Þær pólitísku ákvarðanir, sem liggja til grundvallar því markmiði, sem í áætluninni er sett, verður að láta vonbrigði sín í ljós með. Á bls. 20 í þeirri grg., sem fylgir þjóðhagsáætluninni, segir:

„Sá vöxtur þjóðarframleiðslu á mann, sem búast má við að unnt sé að ná á Íslandi, liggur á milli markanna 2% og 4% á mann á ári."

Þegar tekið er tillit til fólksfjölgunarinnar, þýðir þetta, að sá vöxtur þjóðarframleiðslu, sem búast má við að sé hægt að ná hér á landi, liggi á sviðinu frá tæplega 4% og upp í tæplega 6%. Og ég skal ekki að svo stöddu vefengja, að þetta kunni að vera eðlileg niðurstaða. En samkv. þessari niðurstöðu mundi maður ætla, að framsækin ríkisstj. veldi okkur markmið, sem lægi ofarlega á þessu sviði, en ekki neðst á því. En svo fór ekki. — Á bls. 26 í þessari sömu áætlun er kafli, þar sem markmiðin eru skilgreind, og kaflinn hefst raunar á þessum orðum: „Eitt helzta markmið efnahagsmála á næstu árum er að stuðla að örum og traustum vexti þjóðarframleiðslunnar." En í lok þess kafla er svo markmiðið í þessu efni skilgreint. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Af þessum sökum hefur í þjóðhagsáætluninni ekki verið gert ráð fyrir, að vöxtur þjóðarframleiðslu á árunum 1963—1966 yrði meiri en á árunum 1955—1960, eða 4% á ári að meðaltali. Þar sem fólksfjölgunin verður sennilega heldur hægari á þessum árum en á árunum 1955—1962, svarar þetta til lítið eitt meiri aukningar þjóðarframleiðslu á hvern íbúa en þá var, eða 2.2% í stað 2%."

Hér er sett það mark, sem liggur neðst á því sviði, sem áður var sagt að væri eðlilegt. Það er reynt að punta svolítið upp á þetta lágkúrulega markmið með því að gera ráð fyrir því, að fólksfjölgunin verði minni á næstu árum en hún hefur verið um nokkurt skeið. Samkv. upplýsingum, sem fyrir liggja um væntanlega fólksfjölgun á næstu árum, sem ég hef haft aðgang að, en það er ritgerð eftir Guðjón Hansen tryggingafræðing, sem birtist í 1. hefti Fjármálatíðinda 1961, má gera ráð fyrir því, að fólksfjölgunin á tímabili áætlunarinnar verði 1.9%, en ekki 1.8%, eins og ríkisstj. gerir ráð fyrir. En það skiptir nú raunar ekki verulegu máli. Hitt er þýðingarmeira, að gera sér grein fyrir, að flestar aðrar þjóðir mæla ekki framleiðsluaukninguna á mann þannig, að þær deili í framleiðsluaukninguna með öllum fólksfjöldanum í landinu, heldur mæla þær aukninguna á hvern starfandi mann. Þegar um er að ræða ráðstöfunarhlið þjóðarframleiðslunnar, er það kannske ekki óeðlilegt að miða við heildarfjölgun þjóðarinnar. En þegar um það er að ræða, hverjir möguleikar séu á því að auka þjóðarframleiðsluna, þá er eðlilegra að miða við starfandi fólk.

Nú liggja að vísu ekki fyrir góðar skýrslur um tölu starfandi manna á Íslandi, en það er

samt ástæða til að vekja athygli á því, að nú á næstu árum verður fjölgun þess fólks, sem er í þeim aldursflokkum, sem gera má ráð fyrir að séu starfandi á næstu árum, meiri en áður hefur verið. Þetta er vitað með töluvert miklu meira öryggi heldur en það, hver fólksfjölgunin í heild verður, því að viðkoman er sjálfsagt alltaf eitthvað óviss stærð. En þessi staðreynd skapar að öðru jöfnu aukna möguleika á mikilli framleiðsluaukningu, og ef litið er á fólksfjöldaskýrslurnar, þá hníga þær þess vegna frekar að því, að okkur beri að stefna hátt í þessu efni, heldur en við megum láta undan síga.

Í þjóðhagsáætlun sinni gerir ríkisstj. ráð fyrir, að þjóðarframleiðsla og þjóðartekjur muni aukast jafnt, þ. e. a. s. um 4% á ári hvort tveggja á áætlunartímabilinu. Samkvæmt þeim þjóðhagsreikningum, sem fyrir liggja, hafa þjóðartekjurnar á undanförnu árabili, frá 1955 til 1962, aukizt um 4.6% og þjóðarframleiðslan um 4.1%. Það er að vísu ekki fyrir tilverknað okkar sjálfra, heldur fyrir hagstæða verðþróun út á við, sem tekjurnar aukast svo miklu meira en framleiðslan, en eigi að síður er það tekjuaukningin, sem þjóðin finnur á sjálfri sér og hún tekur þar af leiðandi eftir.

Með þessum hætti er að dómi okkar flm. gert ráð fyrir afturför, sem íslenzka þjóðin hefur ekki efni á að leyfa sér. Þó að hinar iðnþróuðu þjóðir, sem með okkur eru í Efnahags- og framfarastofnuninni, telji sig hafa ráð á því að stefna ekki að meiri framleiðsluaukningu en sem svarar 4.1% á ári, þá er það skoðun okkar, að við getum ekki fylgt þeim í því. Bæði er, eins og áður var sagt, fólksfjölgunin meiri hjá okkur en þeim, og auk þess eigum við miklu meira ógert, því þó að tekjur okkar af atvinnuvegum okkar hafi verið allgóðar um sinn, þá eru þær á vissan hátt ótryggar og við þurfum að endurbæta þá og byggja upp nýja. Auk þess er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því, að framleiðsluaukning seinustu þriggja til fjögurra ára byggist ekki að öllu leyti á því, að þjóðin hafi aukið framleiðni sína eða tækni sína eða bætt vinnubrögð sín, heldur byggist þessi vöxtur að nokkru leyti á auknu vinnuálagi, lengri vinnutíma, mikilli eftirvinnu og næturvinnu. Slík þróun er að sjálfsögðu ekki til frambúðar, úr henni verður þvert á móti að draga, í staðinn verður að auka framleiðni atvinnuveganna og þjóðarframleiðsluna. Af þessum sökum teljum við flm., að það sé þjóðinni beinlínis hættulegt, að starfað sé eftir áætlun, sem setur svo lágt mark sem sú áætlun, sem ég hef hér gert að umræðuefni, enda verður að gera ráð fyrir því, að mönnum sé alvara með þjóðhagsáætluninni að vinna að því, að framþróunin verði í samræmi við hana og áætlunin komi til með að standa heima. En það stekkur enginn lengra en hann hugsar, og því verður að setja markið í þessum efnum hátt, þó að það verði að sjálfsögðu að vera raunhæft. Þess vegna höfum við flutt þessa till. um, að ný þjóðhagsáætlun verði samin, sem setji okkur hærra mark að keppa að og kanni, hvernig hinum ýmsu þáttum efnahagslífsins verði beitt til þess að ná því marki.

Nú er það að sjálfsögðu ljóst, að eftir því sem þjóðin leggur meira kapp á að auka afköstin, þá verður hún að sjálfsögðu að fórna einhverju öðru í staðinn. Þetta verður að vega og meta hvað á móti öðru, eftir því sem áætlunargerðin vinnst, og þess vegna höfum við flm. ekki talið eðlilegt að setja ákveðið tölulegt mark í þessa till. Það er hins vegar rétt að minna aftur á það, að í þjóðhagsáætluninni, sem setur okkur þetta markmið, 4%, er einmitt frá því greint, að eðlilegt mark mundi liggja á bilinu frá tæplega 4 til tæplega 6%, eins og ég gat um áðan, og það virðist þess vegna ekki vera nein goðgá, þó að við settum okkur það mark að ná 6% aukningu þjóðarframleiðslunnar á næstu árum. Ég geri það þó ekki að neinu aðalatriði í þessu máli, hversu hátt menn vilja setja þetta mark, heldur að það verði hækkað allverulega frá því, sem það er í núverandi áætlun, innan þess ramma þó, sem raunsær verður talinn.

Þegar hæstv. forsrh. lagði áætlun ríkisstjórnarinnar fyrir Alþ. 16. apríl s. l., sagði hann m. a.:

„Í henni eru engar gyllingar um framtíðina eða tylliboð. Þvert á móti felur hún í sér raunhæft mat, ég mundi jafnvel vilja segja varlegt mat á því, hver framleiðslugeta íslenzku þjóðarinnar verði á komandi árum."

Þetta voru dálítið einkennilegar setningar. Ég veit ekki, hvort hæstv. forsrh. hefur með þessu viljað gefa það í skyn, að ef áætlunin setti okkur hærra mark en þetta, þá væri um gyllingar um framtíðina að ræða eða tylliboð. Annars staðar í áætluninni segir, að framleiðsluvöxtur á mann, sem nemi 2—4%, sé raunhæfur. Við höfum í rauninni ekki neitt að gera við varlegt mat í þessum efnum, heldur markvissa stefnu að raunhæfu, en dálítið háu markmiði. Auðvitað verður framleiðslugeta þjóðarinnar á næstu árum ekki nema að nokkru leyti ákveðin af forsjóninni, heldur verður hún ráðin af þeirri efnahagsstefnu, sem við sjálfir ákveðum og vinnum eftir.

Af þessum ástæðum vil ég láta í ljós þá von, að hv. þm. geti fallizt á till. okkar um það, að Alþ. kjósi sérstaka nefnd til þess að semja nýja áætlun og leggja hana fyrir þetta þing, áður en því lýkur. Eins og ég sagði áðan, þá hefur verið unnið svo gott undirbúningsstarf undir þessa áætlunargerð, að það sæmir ekki annað en að byggja á því undirbúningsstarfi myndarlega og bjartsýna, en þó raunhæfa áætlun. Og vegna þessa undirbúningsstarfs er ástæða til þess að ætla, að óhætt sé að gera ráð fyrir, að hin nýja áætlun yrði samin á tiltölulega skömmum tíma. Þegar sú nefnd, sem kosin yrði, ef till. þessi yrði samþykkt, hefði lagt niðurstöður sínar fyrir Alþ., er svo eðlilegt, að Alþ. taki um það ákvörðun, hvað gera skuli í framhaldi þeirrar áætlunargerðar, hvernig marka skuli efnahagsstefnuna í samræmi við hana, og einnig lætur þá Alþ. væntanlega gera framkvæmdaáætlun, sem sé í samræmi við hina nýju þjóðhagsáætlun, sem þá væntanlega ætti að ná til sama tímabils og þjóðhagsáætlunin, en ekki til miklu skemmra tímabils.

Ég vil svo, herra forseti, leggja til, að þessari till. verði að lokinni þessari umr. vísað til síðari umr. og hv. allshn.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég get að vísu ekki mælt með samþykkt þess-

arar till., en sé hins vegar ástæðu til þess að fagna þeim anda, sem mér virðist búa að baki hennar, og þó ekki síður ýmsum ummælum í framsöguræðu hv. 1. flm. og í þeirri grg., sem till. fylgir.

Ástæðan til þess, að ég get ekki mælt með því, að hið háa Alþingi samþykki þessa till., er sú, að mér er ekki kunnugt um það, að í nokkru því landi, þar sem þjóðhagsáætlanir eru samdar, sé sá háttur á hafður við samningu þeirra, að það verk annist þingkjörin nefnd, eins og hér er lagt til. Alls staðar, þar sem þjóðhagsáætlanir eru samdar og við þær stuðzt sem tæki við stjórn efnahagsmála, þá er það skoðað hlutverk framkvæmdarvaldsins að annast samningu slíkra áætlana. Þær eru stundum, þó ekki alltaf, lagðar fyrir löggjafarsamkomur og þá einvörðungu til umr., einstaka sinnum til atkvgr. Það er fullkomlega eðlilegt, að löggjafarsamkoma ræði þá stefnu, sem framkvæmdarvald markar í þjóðhagsáætlunum sínum. Það má jafnvel segja, að það geti komið til greina, að þær séu bornar undir atkvæði löggjafarsamkomu, þannig að henni gefist kostur á að hafna þeirri stefnu, sem í þjóðhagsáætlun felst, eða láta í ljós samþykki sitt við hana með því að staðfesta hana með atkvgr., líkt og atkvgr. fara fram um ýmis meginstefnumál þeirrar ríkisstj., sem situr að völdum hverju sinni.

En mér vitanlega tíðkast það hvergi, er það hvergi til, að nefnd, sem kjörin sé af sjálfri löggjafarsamkomunni, annist það verk, sem hér er um að ræða, og ég held, að það væri ekki til bóta, að við einir hér á Íslandi tækjum þann hátt upp. Það er skoðun mín, að það sé heppilegra að fylgja fordæmi þeirra annarra, sem lengst hafa komizt, mest gagn hafa haft af samningu og notkun fjárhagsáætlana í þessu efni, þ. e. a. s. að það sé skoðað verkefni ríkisvaldsins, verkefni ríkisstj. á hverjum tíma að semja þjóðhagsáætlanir. Ég tel heppilegt og skynsamlegt, eins og hér hefur verið gert, að þær séu lagðar fyrir Alþingi, lagðar fyrir löggjafarsamkomuna, til þess að unnt sé að ræða þá stefnu, sem í þjóðhagsáætluninni felst. En meðan ríkisstj. hefur traust löggjafarsamkomunnar, þá á það að vera eitt af verkum hennar, og það meira að segja eitt af meginverkum hennar, að semja árlegar þjóðhagsáætlanir og þjóðhagsáætlanir fyrir ákveðið árabil í senn. Ef í slíkum áætlunum kemur fram stefna, sem löggjafarsamkoman vill ekki hlíta, vill ekki una við, vill ekki samþykkja, þá er sú leið að fá þeirri stefnu breytt, að löggjafarsamkoman lýsi vantrausti á þá ríkisstj., sem hlut á að máli, og eigi hlut að því, að ný ríkisstj. taki við völdum, sem hefur þá traust meiri hl. löggjafarsamkomunnar til þess að framfylgja þeirri efnahagsstefnu, sem sá meiri hl. óskar að fylgt sé, því að að sjálfsögðu situr engin ríkisstj. lengur en hún hefur traust meiri hl löggjafarsamkomunnar.

Af þessum sökum tel ég þá stefnubreytingu, sem í till. felst að þessu leyti, áreiðanlega ekki vera til bóta, enda mundi hún vera einsdæmi í þeim löndum, sem styðjast við þjóðhagsáætlanir með sama hætti og hér er nú nýbyrjað að gera.

Ástæðan til þess að ég taldi samt sem áður rétt rök liggja til þess að fagna þeim anda, eins og ég sagði, sem að baki till. liggur, og ýmsum ummælum í framsöguræðu og grg., er sú, að ég veit ekki nema það sé í fyrsta skipti, sem af hálfu hv. Framsfl. hefur komið fram eindreginn stuðningur við þá stefnu í efnahagsmálum, sem í því felst, að þjóðhagsáætlanir skuli vera samdar og þær skuli vera notaðar sem mikilvægt tæki við stjórn efnahagsmála. Þetta hefur ekki alltaf verið stefna Framsfl., a. m. k. hefur ekki alltaf andað jafnhlýju í garð þeirrar meginhugsunar, sem í þjóðhagsáætlanagerð felst, eins og gerir hér í grg. og gerði í framsöguræðu hv. 1. flm. till. Þess er skemmst að minnast, að Alþfl. átti aðild að ríkisstj. með Framsfl., ríkisstj., sem ég átti sæti í. Að þeirri ríkisstj. stóð þriðji flokkurinn, Alþb., sem einnig hafði mikinn áhuga á samningu þjóðhagsáætlana. Við létum það hvað eftir annað í ljós, fulltrúar þessara tveggja flokka, að við hefðum áhuga á því, að þjóðhagsáætlanagerð væri beitt í miklu ríkara mæli en þá átti sér stað við stjórn efnahagsmálanna, en það fann aldrei hljómgrunn í hv. Framsfl.

Að svo miklu leyti sem hér er um alvörustefnubreytingu að ræða, finnst mér því ástæða til þess að fagna því.

Í grg. er í raun og veru í aðalatriðum lögð áherzla á sömu rök fyrir samningu þjóðhagsáætlana og gert er í þjóðhagsáætlun ríkisstj. sjálfri, og röksemdafærslan í grg., sem var endurtekin í helztu atriðum í framsöguræðu hv. 1. flm., var að mínu viti rétt og mjög skynsamleg. Ég vil leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að vekja sérstaka athygli á eftirfarandi setningum í grg. fyrir till., þar sem segir svo:

„Hér á landi gera nú fleiri og fleiri sér ljóst, að með óbreyttum þjóðartekjum getur ein stétt ekki bætt kjör sín nema á kostnað annarrar. Aðeins með því að auka framleiðslu sína og þar með þjóðartekjur getur þjóðin sem heild bætt kjör sín. Í stað kjarabaráttunnar, sem eytt hefur kröftum þjóðarinnar um of á undanförnum árum, verður hún nú að einbeita kröftum sínum fyrst og fremst að því að koma til leiðar sem örustum hagvexti hér á landi.“

Í þessum setningum felst kjarninn í rökstuðningnum fyrir framkvæmdaáætlun ríkisstj. fyrir árin 1963—1966, og sú hugsun, sem hér er orðuð, ágætlega orðuð í grg. þessarar till., er einnig orðuð og rækilega rökstudd í grg. eða rökstuðningnum eða fylgiskjölum framkvæmdaáætlunar ríkisstj. Væri auðvelt að sýna fram á það með beinum tilvitnunum í þjóðhagsáætlunina, en það hygg ég að sé óþarfi, því að hv. alþm. er hún og þær umr., sem um hana fóru fram, svo í fersku minni, að óþarfi er að vekja sérstaka athygli á því. Það liggur við, að maður eigi erfitt með að trúa því, að það sé sami ræðumaðurinn, sem talaði hér áðan, flutti ágæta ræðu fyrir þessari till. sinni og lýsti þeim hugsanagangi, sem í þessum tilvitnuðu setningum kemur fram, — að það skuli vera sami ræðumaðurinn, sem flutti hér skelegga útvarpsræðu fyrir nokkrum kvöldum, þar sem tekið var kröftuglega undir þær miklu launakröfur, sem uppi hafa verið í íslenzku þjóðfélagi nú undanfarnar vikur, þar sem farið er fram á allt að 40% launahækkun hjá hinum mikilvægustu starfsstéttum.

Og þá urðu ummæli þessa hv. ræðumanns, sem hér var að ljúka máli sínu, með engu móti á annan veg skilin en þann, að allar þessar kröfur væru fullkomlega réttmætar og að við þeim ætti að verða öllum sem allra fyrst, og í raun og veru væri það mannvonzka ríkisstj. ein, sem stæði í vegi fyrir því, að launþegar yfirleitt fengju ekki þegar í stað kauphækkun eða hefðu ekki fengið kauphækkun, sem næmi frá 20 og upp í 40%. En með hliðsjón af því, að hv. 1. flm. þessarar till. hafði þá lagt fyrir Alþingi þskj., þar sem hann segir, að fleiri og fleiri, og þá væntanlega einnig hann sjálfur geri sér ljóst, að með óbreyttum þjóðartekjum geti ein stétt ekki bætt kjör sín nema á kostnað annarrar, þá hlutu þessi ummæli hans í útvarpsumræðunum að koma nokkuð spánskt fyrir sjónir, a. m. k. voru þar ekki leidd rök að því, hvaða stéttir það væru, sem rýra mætti kjörin hjá, til þess að hægt væri að veita þeim stéttum, sem hann vildi styðja í kjarabaráttunni, 30—40% tekjuaukningu.

Í grg. till. og í ræðu hv. frsm. er reynt að gera lítið úr því takmarki, sem stefnt er að í þjóðhagsáætlun ríkisstj., þar sem gert er ráð fyrir 4% árlegum vexti þjóðarframleiðslu og þjóðartekna á áætlunartímabilinu, og það er sagt bæði í grg. og var sagt í framsöguræðu hv. flm., að þetta mark væri lægra en vöxtur þjóðarframleiðslu og þjóðartekna væri í nágrannalöndum, og þessi vöxtur, sem gert var ráð fyrir í framtíðinni, væri minni en sá vöxtur, sem raunverulega hefði orðið á undanförnum árum. Hér gætir nokkurs misskilnings, sem nauðsynlegt er að leiðrétta og brýna nauðsyn ber til að leiðrétta. Og hann liggur í því, að ekki er gerður nægilega skýr greinarmunur, þegar þessar tölur eru notaðar, á því, sem hagfræðingar kalla þjóðarframleiðslu, og því, sem hagfræðingar kalla þjóðartekjur. Með þjóðarframleiðslu eiga hagfræðingar við samanlagt verðmæti þeirrar vöru og þeirra gæða, sem þjóðin framleiðir á ákveðnu tímabili, venjulega á einu ári, þ. e. a. s. það er verðmæti þjóðarframleiðslunnar sjálfrar, eins og orðið beinlínis bendir til. Hins vegar getur þjóðin á því sama ári ýmist haft úr meira eða minna að spila en því, sem hún framleiðir á hinu sama ári, og koma þar til greina viðskiptakjör þjóðarinnar í viðskiptum við önnur lönd. Verðlag getur hækkað á útflutningsafurðum meira en það hækkar á innfluttum afurðum. Þá segjum við, að viðskiptakjörin batni. Þjóðin hefur þá úr meira að spila en nemur þjóðarframleiðslunni, vegna þess að verðlag á því, sem hún framleiðir og selur öðrum þjóðum, hækkar meira en á því, sem hún kaupir af þeim.

Hið gagnstæða getur átt sér stað. Verðlag á útfluttum vörum getur hækkað minna en á innfluttum vörum, eða beinlínis lækkað samtímis því, sem verðlag á innfluttum vörum annaðhvort lækkar minna eða beinlínis hækkar. Þá segjum við, að viðskiptakjörin fari versnandi. Ef slíkt á sér stað, hefur þjóðin auðvitað úr minna að spila en hún framleiðir á hinu sama ári. Ráðstöfunarfé þjóðarinnar er því ekki á ákveðnu ári þjóðarframleiðslan, heldur þjóðarframleiðslan leiðrétt með þeim breytingum, sem verða á viðskiptakjörunum, sem eru annaðhvort hagstæð eða óhagstæð. Þegar tekið hefur verið tillit til slíkra áhrifa viðskiptakjaranna, þegar tekið hefur verið tillit til þess, hvort kjör þjóðarinnar í viðskiptum við aðrar þjóðir hafa batnað eða versnað, þá tala hagfræðingar um þjóðartekjur. Þjóðartekjurnar geta m. ö. o. verið meiri og eru meiri en þjóðarframleiðslan, ef viðskiptakjörin hafa farið batnandi. Þjóðartekjurnar eru minni en þjóðarframleiðslan, ef viðskiptakjörin hafa farið versnandi.

Það, sem átt hefur sér stað nokkur undanfarin ár, það tímabil, sem hér er um að ræða, og gert er að umræðuefni í grg. þessarar till. og var gert að umræðuefni í ræðu hv. frsm., er, að á undanförnum árum hafa viðskiptakjör farið batnandi, þannig að þjóðartekjur hafa vaxið meira en þjóðarframleiðslan, eða þjóðartekjurnar hafa vaxið árlega á undanförnum árum um 4.6%, en þjóðarframleiðslan ekki nema um 4.1%. Í þjóðhagsáætluninni er ekki gert ráð fyrir því, að viðskiptakjörin hafi nein áhrif á þjóðarframleiðsluna, þ. e. a. s. það er ekki gerð nein tilraun til að spá neinu um viðskiptakjörin á komandi árum. Það er ekki heldur venja í slíkum þjóðhagsáætlunum, af þeirri einföldu ástæðu, að viðskiptakjörin eru ekki á valdi þeirrar þjóðar sjálfrar, sem þjóðhagsáætlunina gerir, og þess vegna er venjan að gera ráð fyrir þeim sem hlutlausum, þ. e. a. s. hvorki jákvæðum né neikvæðum áhrifum af viðskiptakjörunum, og þessari algengu reglu hefur verið fylgt við samningu íslenzku þjóðhagsáætlunarinnar fyrir næstu ár.

Þegar talað er um 4% aukningu á næstu árum, er átt við aukningu þjóðarframleiðslunnar, að vísu sagt: þjóðarframleiðslu og þjóðartekna, af því að ekki er gert ráð fyrir neinum áhrifum, hvorki jákvæðum né neikvæðum, frá viðskiptakjörunum, en þá verða þjóðarframleiðsla og þjóðartekjur sama stærðin. Þegar hv. 1. flm. þessarar till. fellir þann dóm, að íslenzka ríkisstj. setji sér lægra mark á næstu árum en reynsla undanfarinna ára hafi sýnt og stefni því niður á við í raun og veru, byggist sá samanburður á framtíðartölunni fyrir þjóðarframleiðsluna og fortíðartölunni um þjóðartekjurnar, sem voru hærri en þjóðarframleiðslan. Þjóðarframleiðslan undanfarin ár hefur vaxið um 4% — milli 4.0 og 4.1%, markmiðið í framtíðinni, sem gert er ráð fyrir, er 4%. M. ö. o.: það er gert ráð fyrir nákvæmlega sama vexti þjóðarframleiðslunnar á næstu fjórum árum og hafði verið á fimm árunum þar á undan.

Það er því ósanngjarn dómur, dómur, sem er byggður beinlínis á villandi skilgreiningu, á villandi upplýsingum, þegar sá sleggjudómur er felldur um þjóðhagsáætlunina, að þar sé um lágkúrulegt markmið að ræða, þar sé um afturför að ræða frá því, sem íslenzk reynsla hafi verið. Sá dómur byggist á því, eins og ég sagði, að bera framtíðartölu, sem er um þjóðarframleiðslu, saman við fortíðartölu um þjóðartekjur, en tölurnar um framtíð og fortíð um þjóðarframleiðsluna eru hinar sömu.

Það má auðvitað að því spyrja, hvernig á því standi, að ríkisstj. hafi ekki treyst sér til eða ekki talið hyggilegt að gera ráð fyrir örari hagvexti á næstu 3—4 árum en reynsla hefur verið fyrir á undanförnum árum. Ástæða þess

er sú, að það er í raun og veru aðeins fyrir tilstilli tiltölulega mjög hægfara þróunar, sem unnt er að auka hagvöxt í þjóðfélagi, sem er jafnháþróað og íslenzka þjóðfélagið er, í þjóðfélagi, sem hefur jafnháar þjóðartekjur á mann og á sér stað hér á Íslandi. Um þetta mætti ræða nánar og væri hægt að rökstyðja miklu nánar, þó að hér sé ekki tími til þess, enda fundartíma — sé ég — að ljúka. En þess vildi ég þó geta, að því fer víðs fjarri, að það sé einsdæmi, að háþróaðar þjóðir, eins og við Íslendingar í þessu sambandi verðum að telja okkur með tilliti til hæðar þjóðartekna á mann hér á landi, að þær setji sér markið 4% hagvöxtur á ári. Þetta er einmitt það markmið, sem öll aðildarríki Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu hafa sett sér fyrir áratuginn 1960—1970. Þess er auk þess að geta, að fólksaukning er nokkru meiri hér á landi en í þessum löndum, þannig að aukning á mann yrði hér aðeins minni en þessi ríki gera ráð fyrir hjá sér að meðaltali, en í aðalatriðum er þetta mark. 4% árlegur hagvöxtur, einmitt markið, sem unnið er að á þessum áratug í háþróuðustu löndum heims, háþróuðustu iðnaðarlöndum heims, þeim löndum, sem eru aðilar að Efnahags- og framfarastofnuninni, en það eru öll helztu ríki í Vestur-Evrópu auk Bandaríkjanna og Kanada.

Það er svo annað mál, að gagnrýni á því, að núv. ríkissti. skuli ekki setja sér hærra mark heldur en 4% árlegan vöxt á þjóðarframleiðslu, sú gagnrýni kemur úr hörðustu átt úr herbúðum Framsfl., vegna þess að á undanförnum áratug var vöxtur þjóðarframleiðslunnar tæplega þetta, og þetta gerðist einmitt á þeim árum, sem Framsfl. var óslitið í ríkisstj. Ef Framsfl. telur sig þess umkominn að kenna núv. ríkisstj., með hvaða hætti eigi að hafa hagvöxtinn örari en 4% á ári að meðaltali, þá liggur beinast við að spyrja: Hvers vegna var hagvöxturinn ekki örari á undangengnum áratug, þegar Framsfl. var samfellt í ríkisstj.? Ef Framsfl. raunverulega kann ráð til þess að tryggja örari hagvöxt en 4% aukningu þjóðarframleiðslu á ári, hvers vegna beitti hann ekki þeim ráðum, meðan hann hafði aðstöðu til og var í ríkisstj., eins og hann var lengst af á áratugnum 1940—1950? Nei, reynslan af stjórn efnahagsmálanna á þeim áratug sýnir einmitt, að það er hægara sagt en gert að tryggja, að árlegur hagvöxtur verði örari en hér átti sér stað.

Hitt er rétt, að einmitt á árunum eftir stríðið var hagvöxtur hér á landi hægari en hann var í nágrannalöndunum. Það er rétt tekið fram í grg. þessarar till. Þetta atriði er margrætt áður. Ég hef haldið því fram og við fjöldamargir aðrir, að meginskýringin á því, að hagvöxturinn hér á landi var hægari á árunum eftir stríðið heldur en í ýmsum nágrannalandanna, var einmitt sú, að hér á landi var fylgt óheilbrigðri efnahagsstefnu. Við Íslendingar urðum seinni til en nokkur önnur þjóð í Vestur-Evrópu að losa okkur við efnahagskerfi styrjaldaráranna og höfum raunar ekki gert það að öllu leyti enn þá. Allt fram til 1960 einkenndist íslenzkt efnahagslíf af ýmsum þeim sömu megindráttum og efnahagskerfið hafði tekið á sig á styrjaldarárunum sjálfum, en allar eða flestar þjóðir í Vestur-Evrópu höfðu breytt sínu efnahagskerfi þegar á fyrstu fimm árunum eftir stríðið í átt til aukins jafnvægisbúskapar og aukins frjálsræðis í efnahagsmálum og viðskiptum. Við urðum á eftir öðrum þjóðum í þessu efni, — við urðum um tíu ár á eftir öðrum þjóðum í Vestur-Evrópu í þessum efnum, og það er af því, sem við súpum seyðið.

Höfuðmálsvari þeirrar stefnu í efnahagsmálum, sem hér hefur ríkt síðan á styrjaldarárum, hefur einmitt verið Framsfl., — höfuðmálsvari þeirrar stefnu, sem hér hefur verið fylgt frá stríðslokum til 1960, hefur verið Framsfl. Hann hefur haft aðstöðu til þess að vera svo að segja óslitið í ríkisstj., og ég hika ekki við að fullyrða, að sú efnahagsmálastefna, sem hér var fylgt frá stríðslokum til 1960, ber meiri svip Framsfl. en nokkurs annars íslenzks stjórnmálaflokks. Árangur þessarar efnahagsstefnu er sá, sem þm. Framsfl. undirstrika hér í grg., að vöxturinn hefur á árunum 1945—1960 verið hægari hér á landi en í flestum öðrum iðnaðarlöndum Vestur-Evrópu. M. ö. o.: Framsfl. beitir sér fyrir efnahagsmálastefnu hér á Íslandi, sem hefur það í för með sér, að hagvöxturinn verður hægari en annars staðar og hægari en hann hefði getað orðið. Svo allt í einu, þegar gerð hefur verið róttæk tilraun til stefnubreytingar, eins og gerð var 1960 og eins og er í framkvæmd síðan og án efa er að leggja grundvöll að örari hagvexti en hér varð á árunum 1945—1960, þá telur þessi sami flokkur, Framsfl., sig þess umkominn að gagnrýna ríkissti. fyrir að setja sér ekki hærra mark en hann sjálfur kom í framkvæmd, meðan hann gat og bar ábyrgð á stjórnartaumum.

Þetta er sannarlega ekki málflutningur, sem mér finnst sérlega líklegur til þess að öðlast hljómgrunn eða öðlast skilning hjá skynsömum og hugsandi mönnum.

Frumskilyrði örs hagvaxtar er tvímælalaust jafnvægisbúskapur í efnahagsmálum og frjálsræði til framkvæmda og viðskipta, þó undir því ríkiseftirliti og þeirri ríkisstj., sem nauðsynleg er til þess að tryggja jafnvægi og félagslegt réttlæti. Þetta hefur verið kjarninn í þeirri efnahagsmálastefnu, sem núv. stjórnarflokkar hafa beitt sér fyrir frá árinu 1960. Í þeirri stefnu fólst mikil stefnubreyting frá því, sem áður var, en tilgangurinn er einmitt að tryggja í framtíðinni örari hagvöxt en átti sér stað á árunum 1945—1960. Þess vegna hlýt ég að vísa algerlega á bug þeirri gagnrýni, sem fram kom hjá hv. flm. og kemur fram í grg., að framkvæmdaáætlunin marki spor aftur á bak eða að í henni felist ekki nógu bjartsýnt mat á framtíðarskilyrðum í íslenzku efnahagslífi og skilyrðum íslenzkrar þjóðar til þess að bæta lífskjör sín á næstu árum.

Ég tel, að í framkvæmdaáætluninni felist fullkomlega raunsætt mat á þeim möguleikum, sem fyrir hendi eru í íslenzku efnahagslífi. Hitt er auðvitað sjálfsagt að undirstrika, að það er ekki meginatriði í málinu, hvaða tölur settar eru á pappír um það, hver framtíðarþróunin skuli vera. Á sama hátt og það getur dregið úr framkvæmdahug, ef menn setja markið of lágt, þá getur það og valdið margs konar vandræðum, spákaupmennsku og óheilbrigðri þróun, ef sett er í áætlun ríkisvalds markmið, sem aug-

ljóst er að ekki er unnt að ná. Ef ríkisstj. setur í þjóðhagsáætlun eða framkvæmdaáætlun markmið, sem a. m. k. mjög hæpið er að muni takast að ná, þá getur það hvatt einstaklinga til óskynsamlegra og óvarfærinna ráðstafana, sem þeir síðan að sumu leyti, ef þær bregðast, geta kennt ríkisvaldinu um að hafa hvatt sig eða espað sig til.

Þess vegna er um að gera, og fyrir því var og fullkominn skilningur hjá hv. 1. flm. í ræðu hans áðan, að þjóðhagsáætlun sé fyrst og fremst raunsæ, og það tel ég þá þjóðhagsáætlun, sem nú er starfað eftir, hafa verið, þegar hún var samin, og vera enn.

En sízt situr á þeim, sem sjálfir hafa mótað stefnu í efnahagsmálum í 15 ár og með þeim árangri, að hagvöxturinn hefur verið að meðaltali tæplega 4% á ári, að gagnrýna ríkisstj. fyrir það, að hún skuli í framtíðinni ekki geta treyst sér til þess að áætla hagvöxtinn meiri en sömu tölu, sem var niðurstaða af starfi þess flokks, sem gagnrýnina flytur.

Umr. frestað.

Á 18. fundi í Sþ., 20. nóv., var fram haldið fyrri umr. um till.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Í sambandi við þá þáltill., sem hér liggur frammi, hafa orðið nokkrar umr. um áætlanagerð og um aðfarir hæstv. ríkisstj. í sambandi við áætlanagerð. Það voru aðeins nokkur atriði, sem mig langaði til að skjóta hér að í sambandi við þessar umr.

Það er í fyrsta lagi, að hér er lagt til að auka allmikið þann hraða, sem ætti að vera í okkar framleiðslugetu, og reyna að tryggja meiri afköst en verið hafa, örari hagvöxt í þjóðfélaginu. Það, sem er nauðsynlegt að við gerum, þegar við ræðum svona mál, er, að við gerum okkur ljóst, í hverju slíkt er fólgið. Nú er það svo um okkar þjóðfélag, að við byggjum ákaflega mikið á veiðinni, eins og allir vita. Það er höfuðgallinn fyrir okkur, hvað snertir alla áætlunargerð, að við erum miklu háðari en allar aðrar þjóðir, sem slíkt stunda, því, hvernig veiðist. Venjulegt iðnaðarþjóðfélag, eins og flest þau þjóðfélög eru, sem hafa tekið upp að einhverju leyti áætlunarbúskap, getur raunverulega alveg reiknað út, hvernig hlutirnir skuli ganga. Og fyrir þau er þetta tiltölulega lítill vandi. Fyrir okkur gegnir þetta allt öðru máli, að svo miklu leyti sem við ekki reynum að koma okkar sjávarútvegi, og þá sérstaklega þeim fiskiðnaði, sem við hann er tengdur, meira og meira yfir á iðnaðarstigið. Það þýðir m. ö. o., að við verðum að reyna að tryggja það, að sveiflurnar, sem geta verið í veiðinni, valdi sem minnstum sveiflum í verðmæti þess útflutnings, sem við byggjum okkar afkomu á.

Ég skal nefna sem dæmi í þessu sambandi síldina og hvernig við þurfum að fara þar að. Enn sem komið er flytjum við síldina út, að svo miklu leyti sem hún er söltuð, sem hálfgert hráefni, eða ef við viljum orða það hinseginn, sem hálfgerða iðnaðarafurð, flytjum hana út í verksmiðjur annarra landa, til þess að þær verksmiðjur geti unnið úr henni til fullnustu. Ef við gætum í staðinn farið yfir í það, sem margoft hefur verið bent á og að nokkru leyti unnið að, ef við gætum sjálfir unnið úr bæði okkar kryddsíld og svo og svo miklu af okkar saltsíld hér, í verksmiðjum, þar sem hún væri lögð niður eða jafnvel niðursoðin, þá mundum við geta tí- til tvítugfaldað hennar verðmæti. Nú sem stendur flytjum við út upp undir 100 þús. tunnur af síld handa sænsku niðurlagningarverksmiðjunum til þess að vinna úr, sem þessir hringir selja í Svíþjóð, til Bandaríkjanna og víðar. Mér reiknaðist til hér um árið, þegar okkar framleiðsla var aðeins um 500 þús. tunnur, að ef við hefðum getað lagt niður 100 þús. tunnur af þessu, þá væri verðmætið jafnmikið og 500 þús. tunnurnar, sem við söltuðum eða unnum úr á okkar venjulega máta. M. ö. o.: um leið og við komum þessu yfir í það að vera iðnaðarframleiðsla, þá er öll aðstaða gerbreytt og verðmætið, sem við framleiðum, margfalt meira. En ástandið er þannig á Íslandi nú, að það er bókstaflega staðið í vegi fyrir því, að þetta sé gert, vegna þess að áhrif útlendu hringanna eru allt of sterk hérna í þessum efnum og stjórnarvöldin ekki nógu óhrædd við að grípa til þeirra aðferða, sem nauðsynlegar eru til þess að efla okkar útflutningsverðmæti. Við yrðum vafalaust að hafa það þannig með það útflutningsverðmæti, alveg eins og við höfum haft með hraðfrysta fiskinn, reyna að byggja allmikið á mörkuðunum þar austur frá, til þess að skapa okkur öruggan grundvöll til sölu á okkar framleiðslu, en verja svo því fé, sem við fáum þannig greitt, að meira eða minna leyti til þess að reyna að byggja okkur upp söluskipulag í þeim kapítalistísku löndum. En til þess að við förum út í svona hluti, er nauðsynlegt, ekki aðeins að tala um, að við þurfum örari hagvöxt, gera áætlanir um það, heldur að taka ákvarðanir um, að þetta skuli gert.

Eins og þeim hv. þm., sem sitja í Nd., er kunnugt, hef ég lagt fram nokkur frv. um áætlunarráð, þar sem m. a. er sérstaklega mælt fyrir um, á hvað skuli leggja höfuðáherzlu á næstunni. Og þar er það tekið fram, að á næstu 5 árum skulum við sérstaklega einbeita okkur að fullvinnslu úr okkar íslenzku matvælum, úr síldinni og fiskinum og úr okkar landbúnaðarafurðum. Og það er gefið, að á þessum sviðum getum við unnið stórafrek. Það er engin spurning um það, að þótt við séum ekki alltaf eins heppnir með síld og við erum núna, þá getum við tvöfaldað verðmætið í síldarframleiðslunni, á sama tíma sem t. d. sjálf síldarmergðin kynni að minnka hjá okkur, — ég tala ekki um, þegar það fer þannig hjá okkur, eins og oft hefur farið, að við verðum að henda eins miklu í bræðslu og við gerum, vegna þess að þeir markaðir, sem við höfum, eru ekki fullnýttir, bara vegna rangrar utanríkisverzlunarstefnu.

Við skulum taka sem dæmi allt það, sem við hefðum getað t. d. látið framleiða af bátum, fiskibátum, fyrir okkur í Austur-Þýzkalandi, á sama tíma sem við ösnumst til að láta byggja báta í Noregi og Danmörku. En Danir, Norðmenn og nú Svíar fara í vaxandi mæli að láta byggja báta fyrir sig í Austur-Þýzkalandi, þannig að Norðmenn láta okkur halda uppi skipa-

smíðastöðvunum fyrir sig eða bátasmíðastöðvunum úti um land, en kaupa sjálfir inn báta frá Austur-Þýzkalandi.

Það er óhugsandi að ræða þjóðhagsáætlun af nokkru viti án þess að taka um leið fyrir þá stefnu, sem á að marka í okkar verzlunarmálum, vegna þess að 40% af allri okkar þjóðarframleiðslu flytjum við út úr landi, og því aðeins að við kunnum að vinna almennilega úr henni hér heima og tryggja markaði fyrir hana, því aðeins getur okkar þjóðhagsáætlun staðizt. Þess vegna verður þetta sífellt að fylgjast að.

Þessu vildi ég aðeins skjóta hér inn, um leið og verið væri að ræða þessa hluti, og satt að segja er það ákaflega gott, að till. eins og þessi skuli hafa komið fram, því að það er allt of lítið að því gert að ræða þessi mál. Þetta eru grundvallarmálin í öllu okkar þjóðfélagsskipulagi, grundvöllurinn, hvort heldur það er að okkar fjárlögum eða öllum öðrum ráðstöfunum, og þar með öllum þeim ráðstöfunum, sem við gerum í sambandi við kaupgjaldsmál og annað slíkt. En þetta eru þau mál, sem venjulega hefur gengið erfiðast að fá rædd hér á Alþingi að undanförnu.

Ég vil svo aðeins að lokum segja það, að það gleður mig nú alveg sérstaklega, að allmargir hv. þm. Framsfl. skuli flytja þessa þáltill. Það er, eins og ég hef stundum áður tekið hér fram, alltaf jafnánægjulegt, þegar maður verður var við það, hvað hv. Framsfl. gerist róttækur og lærir mikið, þegar hann er í stjórnarandstöðu. Ég hafði þá ánægju fyrir nokkrum árum að standa í samstarfi við Framsfl., og eitt af því, sem ákveðið var í þeim stjórnarsáttmála að semja um, var samning þjóðhagsáætlunar, og meira að segja lögð nokkur drög að því, hvað í henni skyldi standa. Síðan voru þau mál tekin fyrir þar, sem eðlilegt og nauðsynlegt er að taka fyrir í sambandi við slíkt. Þá voru bankamálin til úrlausnar, og Alþb. og Alþfl. urðu sammála um, að það væri heppilegast fyrirkomulag til þess að láta semja og framkvæma þjóðhagsáætlun að breyta þannig til, að stjórn Seðlabankans, bankaráð Seðlabankans, skyldi um leið vera áætlunarráð, þannig að öll yfirstjórnin á bankamálum landsins og fjárfestingarmálum þar með væri svo að segja á einni hendi við hlið ríkissti, og það gæti ekki orðið nein andstaða á milli þess ráðs, sem ætti annars vegar að sjá um og framkvæma undirbúninginn að áætlunargerðinni, og þess bankavalds, sem ætti að framkvæma þetta. Það var nefnilega reynslan frá tímum nýsköpunarstjórnarinnar, þegar hafði verið lagt í það af mestum stórhug að reyna að framkvæma hér áætlun, að allan tímann, sem sú stjórn stóð, varð það nýbyggingarráð eða það áætlunarráð, sem þá var að störfum, þá varð það að berjast við landsbankavaldið, þá varð það að berjast við tregðu, skilningsleysi, þröngsýni og vitlausa pólitík Landsbankans, sem þá var um leið seðlabanki og stóð á móti því, sem varð að gera, tafði það 1½ ár og reyndi að bregða fæti fyrir þær framfarir, sem þá var verið að knýja fram hjá þjóðinni. Og Alþfl. og Alþb., sem báðir höfðu nokkra reynslu af þessu, vildu þess vegna hindra, að nokkur slík klofning gæti komið upp í stjórnarkerfinu. En þá vildi svo til, að Framsfl., sem er, eins og menn vita, sterkur og voldugur flokkur og harður í horn að taka, þegar samið er við hann, setti sig algerlega upp á móti þessu, hindraði á móti þessum tveimur flokkum, að þetta næði fram að ganga, knúði fram úrlausn á þeim málum, sem ég býst við að Framsfl. sé jafnóánægður eftir á með eins og þeir, sem urðu að lúta því þá, voru óánægðir með að framkvæma það þá, og síðan fékkst Framsfl. aldrei til þess að gera neina ráðstöfun til þess að koma á neinu, sem héti áætlunarráð, eða neinu, sem ætti að undirbúa heildaráætlun. Það er þess vegna ákaflega ánægjulegt, að nú skuli Framsfl. vera inni á því, að þessir hlutir séu nauðsynlegir, og ég vona, að það gleymist nú ekki hjá honum, áður en hann kemst næst í ríkisstj.

Það annað, sem er líka mjög ánægjulegt í þessu, er sá stórhugur, sem kemur fram, sérstaklega í grg. fyrir þessari till. Þar er gengið út frá því að reyna að auka nokkuð frá því, sem hefur verið, þá framleiðsluaukningu, sem orðið gæti hjá þjóðinni, og ef rétt er að farið, þá getur og á sú framleiðsluaukning að koma fram í aukinni kaupgetu almennings, þannig að ef stilað væri nú upp á 4—5% og þaðan af meira, þá ættu þó alltaf að geta komið fram 2—3% í kaupgetuaukningu á ári, jafnvel þótt mjög djarflega væri tekið til með þann hlut, sem fer í fjárfestinguna, og hann aukinn.

Hins vegar var það svo, að ef við 1956 hefðum tekið ákvörðun um að koma upp slíku áætlunarráði, semja slíka þjóðhagsáætlun miðað við slíka framleiðsluaukningu og fara að vinna að henni, þá hefðum við á þeim 6 árum getað skapað álíka aukningu kaupgetunnar og var sköpuð með hækkununum, sem fram fóru haustið 1958 og urðu tilefni til þess, að Framsfl. sleit þá vinstri stjórninni. Ég hef reiknað það út á öðrum stað og get vitnað í það, ef vill. En nokkurn veginn sú sama kaupgetuhækkun, um 6 stigum hærri en var 1956, sem var komin á í des. 1958, gaf Framsfl. tilefni til þess að verkalýðsflokkunum báðum forspurðum að slíta þá vinstri stjórnarsamvinnunni. M. ö. o.: það sama, sem hv. þm. Framsfl. finnst sjálfsagt nú, það notuðu þeir sem tilefni til þess að slíta stjórnarsamvinnu þá. Ég segi þetta ekki vegna þess, að ég vilji fara að ýfast neitt um þetta, heldur bara til hins, að Framsfl. mætti, næst þegar hann kemur í ríkisstj., læra af þeim misfellum, sem hann gerði, þegar hann var í vinstri stjórninni, gera sig ekki sekan um sömu vitleysurnar aftur, en vera álíka stórhuga, þegar hann er í ríkisstj., eins og þegar hann er utan stjórnar.

Ég held hins vegar, hvað snertir sjálfa þessa þáltill., að sá háttur, sem ég hef lagt til að hafður yrði um samningu þjóðhagsáætlunar í því frv., sem liggur fyrir hv. Nd., sé réttari en sú till., sem hér er borin fram. Sannleikurinn er, að áætlunarráð — eða hvað sem við viljum kalla það — er stofnun, sem hlýtur að koma upp hjá hverri þjóð, sem ætlar sér að reyna að þróa sitt efnahagslíf af einhverju viti, og ég tala nú ekki um, ef hún ætlar að reyna að gera það af stórhug, og slík ráð eru þegar komin upp og eru þegar orðin fastar stofnanir, ekki aðeins í þeim sósíalistísku löndum, heldur líka í kapítalistískum löndum Evrópu, eins og Frakklandi, Noregi og víðar. Og þá eru þetta náttúrlega

líka sérstakar ríkisstofnanir með sérstökum mönnum, sem því stjórna, og allmiklu bákni, sem þessi áætlunarráð hafa yfir að segja. Það er þess vegna óskynsamlegt út af fyrir sig að ætla að setja í þetta einhvers konar þingnefndir, sem kannske starfa á milli þinga og séu ekki festar í lögum. Það er óhjákvæmilegt, að slíkar stofnanir séu festar í lögum og starfi án tillits til þess, hvaða ríkisstj. eða hvers konar þingmeirihl. er á hverjum tíma. Ég held þess vegna, ef Framsfl. hefur nú svona aukinn áhuga, sem ég gleðst mjög yfir, fyrir að láta semja nýjar þjóðhagsáætlanir, þá ætti hann að taka þátt í því að reyna að fá þær till. og það frv., sem ég er með í Nd., samþykkt. Ég álít, að það sé ekki heldur heppilegt, að það sé reynt að hola slíkri stofnun eins og áætlunarráði niður sem einni deild í stjórnarapparatinu, eins og að sumu leyti hefur kannske verið reynt að gera með efnahagsmálaráðuneytinu, enda sýnist mér á öllu, að öll afstaða, sem þar hefur verið tekin, og þeir, sem ætlað er að stjórna, séu í rauninni ákaflega fjarri því að vinna að raunverulegri áætlanagerð. Sú þjóðhagsáætlun, sem við fengum í hendur fyrir kosningar, var raunverulega aðeins um sjálfan ríkisbúskapinn, ekki um neitt annað, og engar ráðstafanir gerðar í sambandi við það með þá hluti, sem liggja utan við ríkisbúskapinn, ekki a. m. k. neinar ákvarðanir teknar um, hvað þar skyldi vinna og á hvaða sviðum skyldi sérstaklega treyst á að auka á framleiðslugetu þjóðarinnar.

Ég held þess vegna, þegar það frv., sem er lagt fyrir Nd., kemur til 2. umr. þar, þá ætti hv. Framsfl. að athuga um að koma þar heldur með þær brtt., sem hann hefði, og ljá því máli lið að koma þeirri stofnun endanlega á laggirnar. Þó að seint sé og þó að góðum tækifærum hafi verið sleppt til slíks, þá er það aldrei of seint.

Flm. (Helgi Bergs): Herra forseti. Það eru nokkur atriði í ræðu hæstv. viðskmrh., sem hann hélt í þessu máli s. l. miðvikudag, sem gefa mér tilefni til þess að kveðja mér hljóðs. Hæstv. viðskmrh. hefur farið frá. (**Gripið fram í:** Hann var hér fyrir stundu síðan.) Hæstv. viðskmrh. hélt því fram þá, að ég væri að reyna að gera lítið úr því markmiði, sem ríkisstj. hefði sett sér um hagvöxt í landinu í þeirri áætlun, sem hún lagði fram í vor. Og það má vissulega til sanns vegar færa, að ég hefði reynt að gera lítið úr því, en þó ekki minna en efni stóðu til. Sannleikurinn er nefnilega sá, að ríkisstj. hefur sjálf gert næsta lítið úr þessu markmiði sínu. Ef við sláum upp á bls. 20 í þjóðhagsáætlun ríkisstj., má þar lesa þessa setningu: „Sá vöxtur þjóðarframleiðslu á mann, sem búast má við að unnt sé að ná á Íslandi, liggur því milli markanna 2% og 4% á mann, en það er á þessu bili, sem hagvöxturinn hefur verið síðan 1955 í langflestum löndum Vestur-Evrópu.“ Þ. e. a. s. milli 2% og 4% á mann er eðlilegt markmið að dómi ríkisstj. sjálfrar. Að svo mæltu velur hún sér markmið, sem er 2.2 í hæsta lagi eða 2, eftir því, hvernig fólksfjölgunin er áætluð, sem sagt eins lágt og mögulegt er innan þess ramma, sem talinn er raunsær. Það er þess vegna ekki ég einn, sem er að gera lítið úr þessu markmiði. Það kom einnig fram í ræðu hæstv. viðskmrh., að hann var ekki sérlega stoltur yfir þessu markmiði. Hann sagði annars staðar í ræðu sinni, þar sem hann var að tala um framleiðsluaukninguna alls, ekki á mann, að þetta mark, sem hefði verið sett, 4%, í því tilliti, væri ekki einsdæmi Ég hef ekki haldið því fram, að það væri einsdæmi, en ég hef haldið því fram, að það væri of lágt fyrir okkur Íslendinga, þjóð, sem er í mjög örri fjölgun. Enn fremur sagði hæstv. viðskmrh., að vöxturinn hefði verið tæplega þetta, tæplega það, sem gert er ráð fyrir í þjóðhagsáætluninni, á þeim tíma, sem Framsfl. hefði sett svip sinn á stjórnmálin. Nú er framleiðsluaukningin áætluð 4%, en ef við lítum á bls. 38 í þjóðhagsáætluninni, þar sem birtir eru þjóðhagsreikningar undanfarinna ára, þá sjáum við eftirfarandi: Vöxtur vergrar þjóðarframleiðslu, sem við erum hér að tala um, var á tímabilinu 1955—1962 4.1%, sem sagt aðeins hærri en nú er gert ráð fyrir. En á tímabilinu 1955—1959, en þetta tímabil næstum allt var Framsfl. í stjórn, var vöxturinn þó 4.4%, en á tímabilinu 1960—1962 segir þessi sama áreiðanlega heimild, að vöxturinn hafi verið 3.7%. Ég veit ekki, hvort hæstv. viðskmrh. meinar, að það sé þetta tímabil, árin 1960—1962, sem Framsfl. hafi sett sérstaklega svip sinn á, en ef hann hefur meint það, þá vísa ég þeirri ásökun heim til föðurhúsa.

Hæstv. viðskmrh. taldi einnig í þessari ræðu sinni, sem ég nú er að gera að umræðuefni, að það gætti nokkurs misskilnings eða jafnvel villandi málflutnings hjá mér í framsöguræðu minni og einnig í grg., þar sem hann taldi, að ég bæri saman 4.6% vöxt þjóðarteknanna á undanförnum árum annars vegar og hins vegar 4% áætlaðan vöxt þjóðarframleiðslunnar. Þetta er ekki rétt hjá hæstv. viðskmrh. Ég bar saman þjóðartekjurnar í báðum tilfellum, enda segir bæði á bls. 30 og á bls. 33 í þjóðhagsáætluninni, að aukning þjóðarteknanna sé einnig áætluð 4% á áætlunartímabilinu. Ég tók það hins vegar skýrt fram í framsöguræðu minni, að það væri engan veginn fyrir okkar tilverknað sjálfra, sem þjóðartekjurnar hefðu aukizt svo miklu meir en þjóðarframleiðslan á undanförnum árum, heldur ættum við það að þakka hagkvæmum ytri aðstæðum. Hins vegar er óvarlegt, eins og ríkisstj. sjálf segir, að gera ráð fyrir því, að viðskiptakjörin fari áframhaldandi batnandi og þess vegna sé ekki hægt að gera ráð fyrir, að þjóðartekjurnar aukist meira en þjóðarframleiðslan. En einmitt ef viðskiptakjörin hætta að batna, þá er þeim mun meiri ástæða fyrir okkur til þess að reyna að vega það upp með auknum hraða í framleiðsluaukningunni. Það er þetta atriði, sem ég vildi benda á og reyndi að benda á, og ég held, að menn hafi ekki þurft að misskilja mig í því efni, ef þeir vildu skilja orð mín rétt.

Það hefur lengi verið talið drengskaparbragð á Íslandi að tala hlýlega um gamla vini sína, þó að eitthvað kunni að hafa sletzt upp á vinskapinn. Hæstv. viðskmrh. hefur hins vegar tamið sér nokkuð sérstæðan og einkennilegan málflutning, þegar hann ræðir um fyrri vini sína. Hann taldi í ræðu sinni hér t. d., að Framsfl. hefði beitt sér gegn og komið í veg fyrir framkvæmd till. hans, hæstv. ráðh., í vinstri stjórninni. Út af fyrir sig sé ég ekki ástæðu til þess

að vefengja það, ef hæstv. viðskmrh. telur henta að halda því fram, að hann hafi átt erfitt með að koma till. sínum fram í vinstri stjórninni og ekki verið þar mjög áhrifamikill. En hitt er ekki rétt, að Framsfl. hafi ævinlega verið andvígur áætlunargerð þar til nú. Ég hlýt að minna hæstv. viðskmrh. á það, að þó að áætlunargerðir hafi auðvitað breytt mjög um form, eftir því sem tímarnir hafa liðið, og þær þjóðhagsáætlanir, sem nú tíðkast, séu ekki gamalt form, þá er nú ýmiss konar áætlunargerð og planökónómía töluvert gamalt fyrirbrigði, og ég hlýt að minna á það í þessu sambandi, að strax á árinu 1934 beitti Framsfl. sér fyrir því í samvinnu við flokk hæstv. viðskmrh., að sett var á stofn nefnd, sem vann um nokkurt skeið að áætlunargerð af ýmsu tagi. Þessi nefnd var kölluð, ef ég man rétt, skipulagsnefnd atvinnuveganna, en gekk undir nafninu „Rauðka" meðal almennings. Ég hlýt einnig í þessu sambandi að minna hæstv. viðskmrh. á það og raunar hv. 3. þm. Reykv. líka, sem sá ástæðu til þess að taka undir þennan málflutning hæstv. viðskmrh., að á árinu 1947 stóð Framsfl. ásamt flokki hæstv. viðskmrh. og raunar Sjálfstfl. einnig að stofnun fjárhagsráðs, sem átti að hafa það hlutverk að gegna áætlunarstörfum, þó að það verði að viðurkennast, að ýmsar ástæður leiddu til þess, að þeim árangri varð ekki náð í því efni, sem vonir stóðu til. Á árinu 1952 var það fyrir forgöngu þáv. fjmrh., hv. 1. þm. Austf., að lögfest voru lög um Framkvæmdabanka Íslands, meðal þeirra hlutverka, sem honum voru ætluð, var einmitt a. m. k. viss þáttur áætlunargerðar, og það kom greinilega fram í framsöguræðu hv. 1. þm. Austf., þáv. fjmrh., að hann hafði þessa hluti mjög í huga við undirbúning málsins um Framkvæmdabanka Íslands. Ég sé ekki ástæðu til sérstakra tilvitnana í ræðu hans um þetta efni, en ég vil benda mönnum á, sem áhuga hafa á, að kynna sér það, og þá sérstaklega hæstv. viðskmrh.

En hverjar skýringar eru þá á því, að ekki var gerð þjóðhagsáætlun á árinu 1956? Þegar ég leita skýringa á því fyrirbrigði, verður mér fyrst fyrir sú mjög svo eðlilega skýring, sem fram kemur í þjóðhagsáætlun ríkissti., á bls. 14, með leyfi hæstv. forseta. Þar stendur: „Til þess að hægt sé að gera almennar þjóðhagsáætlanir, þarf fyrst og fremst að vera til haldgott kerfi þjóðhagsreikninga fyrir liðinn tíma, mikil almenn þekking á atvinnulífi landsins og sem nýjastar upplýsingar um þróun efnahagsmála."

Fyrsta tilraunin til þess að gera þjóðhagsreikninga að nokkru gagni á Íslandi var gerð af hagfræðideild Framkvæmdabankans og hófst líklega á árinu 1954. Það er vitað mál og öllum kunnugt, að niðurstöður þess mjög þarfa starfs, sem þar hefur verið unnið, voru ekki orðnar neinar verulegar fyrr en nú fyrir örfáum árum, og meira að segja á bls. 13 í þjóðhags- og framkvæmdaáætlun ríkissti. segir frá því, að starf hinna norsku hagfræðinga, sem hingað hafi verið fengnir, hafi reynzt miklum erfiðleikum bundið. — Það var víst á árinu 1962, ef ég man rétt, eða 1961, — vegna þess að frumgögn þau, sem stuðzt er við í slíkri áætlunargerð, voru ekki til hér á landi nema að litlu leyti og í ófullkominni mynd. Hagfræðingar Framkvæmdabankans og síðar Efnahagsstofnunarinnar hafa sífellt verið að betrumbæta sína reikninga og eru að því enn, og það er ekki fyrr en núna nýlega, að nokkur grundvöllur hefur verið fyrir því að gera þjóðhagsáætlun af því tagi, sem hér er um að ræða. Hins vegar er rétt í þessu sambandi, þegar Framsfl. er borinn þeim sökum að hafa sífellt sýnt þessum málum áhugaleysi, að benda á, að einmitt á árinu 1956 lét Framsfl. í ljós áhuga sinn og vilja til þess að taka þátt í slíkri áætlunargerð, og ég vil í því sambandi leyfa mér að lesa hér upp, með leyfi hæstv. forseta, örfáar setningar úr framsöguræðu þáv. hæstv. fjmrh. fyrir fjárlagafrv. fyrir árið 1957.

„Eitt af því," segir þar, „sem mundi geta glætt skilning á þessum efnum og bætt vinnuskilyrði þeirra á Alþ. og utan þings, sem að þessu vilja keppa, væri þjóðhagsáætlun, sem fylgdi fjárlagafrv. hverju sinni, eins konar fjárlög fyrir þjóðarbúskapinn í heild, þar sem reynt væri að gera grein fyrir tekjum og gjöldum þjóðarbúsins ásamt fyrirhuguðum framkvæmdum, svo að nokkur atriði séu nefnd. Kæmi þá gleggra í ljós margt af því, sem þarf að fá sem skýrasta mynd af, t. d. hve fjárfestingin í heild getur með góðu móti verið mikil, án þess að getunni sé ofboðið, hvort þjóðartekjur séu vaxandi og hvort gera megi ráð fyrir, að neyzla geti farið vaxandi miðað við þjóðartekjur og nauðsynlega fjárfestingu, svo að dæmi séu nefnd. Samkvæmt lögum Framkvæmdabankans er í þeirri stofnun dregið saman mikið efni í slíka þjóðhagsáætlun, og vona ég, að þess verði ekki langt að bíða úr þessu, að þjóðhagsáætlun geti fylgt fjárlagafrv."

Og að endingu vil ég minna á það, þá hv. þm. og hæstv. ráðh., sem klifa á áhugaleysi Framsfl. í þessum efnum, að á Alþ. 1960, þskj. 92, er till. til þál. um undirbúning löggjafar um framleiðslu- og framkvæmdaáætlun þjóðarinnar, flutt af hv. þm. Gísla Guðmundssyni, Ólafi Jóhannessyni, Páli Þorsteinssyni, Halldóri E. Sigurðssyni, Karli Kristjánssyni, Einari Ágústssyni, Garðari Halldórssyni og Evsteini Jónssyni.

Ég hef hér drepið á nokkur atriði, sem hæstv. viðskmrh. gæti að skaðlausu haft í huga, áður en hann ber fyrri samstarfsmenn sína ósanngjörnum og röngum sökum um þetta efni.

Hæstv. viðskmrh. greip á lofti í ræðu sinni um þetta mál setningu úr greinargerðinni með þessari till., sem hljóðar svona: „Hér á landi gera nú fleiri og fleiri sér ljóst, að með óbreyttum þjóðartekjum getur ein stétt ekki bætt kjör sín nema á kostnað annarrar." Þessa setningu taldi hæstv. viðskmrh. vera réttlætingu fyrir þvingunarlögum gegn þeim lægst launuðu og taldi, að við framsóknarmenn, sem bæði hefðum sagt þessa setningu og einnig beitt okkur gegn þvingunarlögunum á dögunum, værum orðnir alvarlega tvísaga. Ég þarf víst ekki að fara mörgum orðum um það, hversu öfgakenndur slíkur málflutningur er. Þessi setning, sem hér er tekin upp úr grg. þessarar þáltill., er oft endurtekin staðreynd, sem ekki getur orðið neinn ágreiningur um, a. m. k. ekki fyrr en farið er að draga ályktanir af þessari staðreynd. En út frá þessari staðreynd má að sjálfsögðu álykta með ýmsu móti. Hæstv. viðskmrh. ályktaði út frá þessari setningu, að ekki mætti hækka kaup hinna lægst launuðu. Ef menn eru ánægðir með tekjuskiptinguna í landinu og þá breytingu, sem orðið hef-

ur á henni að undanförnu, þá er þessi ályktun rökrétt. En flutningsmenn draga aðra ályktun af þessari setningu. Þeir draga þá ályktun, að það verði að leggja megináherzlu á að auka framleiðsluna. Báðar þessar ályktanir eru að sínu leyti, miðað við hinar gefnu forsendur, algerlega rökréttar. Önnur er bara neikvæð, en hin jákvæð. Önnur miðar að því að sætta menn við ófullnægjandi ástand í þessum efnum, hin miðar að því að bæta það.

Hæstv. viðskmrh. byrjaði ræðu sína, ef ég tók rétt eftir, með því að fagna þeim anda, sem fram kæmi í þeirri till., sem hér er til umr., en hann gat ekki mælt með samþykkt hennar vegna þess, að hann taldi óeðlilegt, að þessi mál væru í höndum þingkjörinnar nefndar, og sagðist hvergi annars staðar þekkja þess dæmi. Þó að það væri rétt, að þess þekkist ekki annars staðar dæmi, sem ég hef þó nokkra ástæðu til að efast um, þá eru það í sjálfu sér engin rök. Flm. þessarar till. telja málið bezt komið í höndum þingkjörinnar nefndar, eins og nú er ástatt. Hæstv. viðskmrh. verður sjálfsagt ekki sammála okkur um það, eins og sakir standa nú, og verður við það að sitja.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Höfuðástæða þess, að ég kvaddi mér hljóðs um þessa till., þegar hún var hér síðast til umr., var það, að bæði í framsöguræðu hv. 1. flm. og í grg. till. var veitzt að framkvæmdaáætlun ríkisstj. með þeim rökum, að henni væri sett lágkúrulegt markmið, þar sem gert var ráð fyrir því, sem kallað var aðeins 4% aukning þjóðarframleiðslu og þjóðartekna á áætlunartímabilinu. Mér þótti og þykir enn þessi ádeila vera ósanngjörn. Hún var auk þess studd algerlega röngum rökum, þegar því var haldið fram, að markmiðið í framtíðinni væri sett mun lægra en reynsla fortíðarinnar hefði verið. Ég benti þegar á það, að hér er um misskilning eða rangtúlkun að ræða, vöxtur þjóðarteknanna hefði að vísu verið nokkuð yfir 4% nokkur undanfarin ár, s. l. 5 ár, en þjóðarframleiðslan hefði hins vegar ekki vaxið nema um 4%. Það, sem gert væri ráð fyrir í framkvæmdaáætluninni, væri að gera ekki ráð fyrir neinum mun þjóðarframleiðslu og þjóðartekna. Ég útskýrði á miðvikudaginn var, í hverju sá hugtakamunur er fólginn, þ. e. a. s., að ekki væri gert ráð fyrir neinni breytingu, hvorki til hins betra né til hins verra, á viðskiptakjörum þjóðarinnar gagnvart útlöndum. Þess vegna væri tala framkvæmdaáætlunarinnar um 4% árlegan vöxt tala, sem raunverulega væri áætlun um 4% vöxt þjóðarframleiðslunnar, og það væri sama tala og þjóðarframleiðslan hefði vaxið um á undanförnum árum. Ef viðskiptakjör skyldu reynast batna á næstu árum, eins og þau hafa gert á undanförnum árum, þá mundi vöxtur þjóðarteknanna verða jafnmiklu meiri á áætlunartímabilinu og hann hefur reynzt á undanförnum 4—5 árum. Það er því beinlínis rangtúlkun, þegar því er haldið fram, að það, sem í framkvæmdaáætluninni sé gert ráð fyrir, sé eitthvert lægra mark að að keppa heldur en reynslan hefur gefið tilefni til þess á undanförnum árum, að vænta megi.

Þá þótti mér þessi ósanngirni einnig vera ómakleg vegna þess, að hún kæmi frá þeim flokki, sem setið hefði í ríkisstj. lengst af s. l. 15 ár, eða allar götur frá því að stríði lauk, þar til núverandi stjórnarflokkar tóku við völdum, en einmitt á þessu tímabili hefði meðalaukning þjóðarframleiðslunnar ekki náð 4% markinu og verið mun lægri en átt hefur sér stað í flestum grannlöndum Íslands. Og ég lýsti eftir svari við þeirri spurningu, hvers vegna Framsfl., sem telur sig þess umkominn að telja 4% aukningu, 4% árlegan hagvöxt, vera eitthvað óumræðilega lítilmótlegt og lélegan árangur af starfrækslu þjóðarbúsins, — hvers vegna honum tókst þá ekki að stuðla að því a. m. k., að hagvöxtur þjóðarframleiðslunnar hefði verið hærri síðan í stríðslok, eða á þeim árum, sem hann hafði veruleg áhrif á mótun stefnunnar í efnahagsmálum.

Ég fékk engin svör við þessari spurningu í ræðu hv. 1. flm. hér áðan. En sannleikurinn er sá, að höfuðástæða þess, að hagvöxturinn hefur hér á Íslandi á árunum eftir síðari heimsstyrjöldina verið hægari en hann hefur verið í ýmsum öðrum, jafnvel flestum öðrum löndum Vestur-Evrópu, er án efa sú, að Íslendingar hafa ekki mannað sig upp í það fyrr en á árunum 1959—1960, — eða á árinu 1960, með þeirri stefnu, sem þá var tekin upp, að hverfa frá stefnu í efnahagsmálum, sem fyrst og fremst átti rót sína að rekja til styrjaldaráranna, til nauðsynja styrjaldaráranna, sem hins vegar er ekki nauðsyn uppbyggingarára að styrjöld lokinni. Íslendingar drógust í hálfan annan áratug með margs konar leifar styrjaldarstefnu í efnahagsmálum, losuðu sig ekki við þá stefnu — með þeim árangri, að hagvöxturinn hér var lægri en í flestum öðrum löndum Vestur-Evrópu.

Hins vegar var gerð ýtarleg og rækileg og róttæk tilraun til þess að breyta stefnunni í efnahagsmálum 1960, með þeirri stefnu, sem ríkisstj. Emils Jónssonar undirbjó og síðan var framkvæmd og hefur verið framkvæmd af krafti og dugnaði af þeim stjórnarflokkum, sem nú fara með völd. Megintilgangur hinnar nýju stjórnarstefnu var einmitt og er einmitt sá að leggja hér grundvöll að örari hagvexti en hér átti sér stað að meðaltali á árunum 1945—1960.

Hitt verða þó allir raunsæir menn að gera sér ljóst, að það er ekkert lítið átak að gerbreyta grundvallarstefnu þjóðar í efnahagsmálum svo, að það geti skilað árangri á 3—4 árum. Sannleikurinn er sá, að í nútímaþjóðfélagi, sérstaklega háþróuðu nútíma iðnþjóðfélagi, eins og íslenzka þjóðfélagið er orðið, er um svo flókinn búskap að ræða, að snögg umskipti geta ekki orðið í hagvexti og á lífskjörum manna. Slík snögg umskipti geta orðið með róttækum aðgerðum. Þegar er verið að breyta frumstæðum bændaþjóðfélögum í iðnaðarþjóðfélög, þegar verið er að breyta þjóðfélagi. sem mótazt hefur af sveitabúskap, í borgarþjóðfélag, sem grundvallast á verksmiðjurekstri og notar tækni í mjög verulegum mæli, þá er hægt að gera róttækar breytingar á sviði hagvaxtar og lífskjara á tiltölulega stuttum tímabilum, t. d. áratug, en um skemmri tíma er varla að ræða til öruggs samanburðar í þessum efnum. En þegar þjóðfélag einu sinni hefur náð því

þroskastigi, sem íslenzka þjóðfélagið hefur orðið, þá takmarkast möguleikarnir mjög verulega, og við snöggum umskiptum er þar ekki hægt að búast.

Þetta eru meginrökin fyrir því, grundvallarhugsunin í því, að ríkisstj. taldi ekki skynsamlegt — með sérstakri hliðsjón af mikilli þjóðarframleiðslu og háum þjóðartekjum Íslendinga — að gera ráð fyrir neinni grundvallarbreytingu á hagvextinum á næstu 4 árum, miðað við það, sem hafði verið á 4 s. l. árum, einkum og sér í lagi þegar þess er að gæta, að þetta mark, 4% árlegur hagvöxtur á næstu árum, er það mark, sem Efnahags- og framfarastofnunin í París, sem háþróuðustu iðnveldi Evrópu og Ameríku eru aðilar að, hefur sett sér sem sameiginlegt mark fyrir alla efnahagsheildina. Þar var fyrir 2 árum, að undangengnum ýtarlegum undirbúningi og ýtarlegum rannsóknum, ákveðið, að stefnt skyldi á síðari helmingi áratugsins 1960—1970 að 4% meðalhagvexti í aðildarríkjum Efnahags- og framfarastofnunarinnar. Þetta studdi og þá skoðun, að eðlilegt væri og heilbrigt að keppa að því hjá allháþróuðu iðnaðarríki, eins og Ísland er, að hafa hagvöxtinn um 4% á ári á næstu árum.

Hins vegar má ekki skilja slíkar tölur, sem eru heildarniðurstaða mjög sundurliðaðrar framkvæmda- og þjóðhagsáætlunar, þannig, að svo hljóti endilega að fara, að þetta þýði það, að ríkisstj. undir engum kringumstæðum treysti sér eða vilji vinna að því, að hagvöxturinn verði enn örari. Það kemur í ljós á hverju ári við skoðun á aðstæðum, hvort unnt er að setja markið enn hærra, og ef tekst að halda skynsamlegu jafnvægi í þjóðarbúskapnum, sem er frumskilyrði þess, að jafnvel 4% hagvöxtur náist, ef tekst að halda skynsamlegu jafnvægi í þjóðarbúskapnum og haga heildarstjórn efnahagsmálanna skynsamlega að öðru leyti, ef tekst að forðast alvarlega verðbólgu, getur vel svo farið og samrýmist framkvæmdaáætlunum fullkomlega, að hagvöxturinn verði örari en 4%, t. d. 5, jafnvel 6%. En eins og ég færði nokkur rök að í ræðu minni á miðvikudaginn, er varkárni í þessum efnum skynsamlegri en hitt, að villa um fyrir bæði þjóðinni, atvinnurekendum og launþegum með því að hafa óraunhæfar tölur í áætlunum. Það er betra að hafa raunhæfar tölur í áætlunum og láta síðan reynsluna verða hagstæðari, ef þjóðin ber gæfu til þess að halda þannig á efnahagsmálum sínum í heild, að sú geti orðið niðurstaðan. En reynslan hefur sýnt undanfarin ár og er ekki hvað síst að sýna núna, hversu miklum erfiðleikum er bundið að halda jafnvægi í þjóðarbúskap eins og hinum íslenzka, með hliðsjón af þróuninni undanfarna áratugi, en á því er ekki nokkur minnsti vafi, að ekkert er eðlilegum og örum hagvexti jafnskaðlegt og verðbólguþróun, stöðugt kapphlaup á milli verðlags og kaupgjalds.

Með þessum orðum vildi ég aðeins gera grein fyrir því, hvernig á því stóð, að ég blandaði mér inn í þessar umr. á miðvikudaginn var, og hvað það var, sem ég hafði fyrst og fremst talið ástæðu til þess að gera aths. við í málflutningi hv. 1. flm. þá og grg., sem hann hafði birt fyrir sinni till. Hitt er svo annað mál, og því vildi ég bæta við núna í ljósi þeirra umr., sem fóru hér fram s. l. miðvikudag, að það er ekki aðeins, að illa sitji á Framsfl. að deila á framkvæmdaáætlun ríkisstj. og það markmið, sem í henni felst, að illa sitji á honum að deila á það markmið, vegna þess að hann hefur, þegar hann hefur setið í ríkisstj., ekki getað átt aðild að örari hagvexti en þetta, heldur þvert á móti. Það situr einnig sérstaklega illa á hv. Framsfl. að deila á þetta markmið ríkisstj., þegar hans efnahagsmálastefna almennt, og þó alveg sérstaklega þegar hans stefna í málefnum landbúnaðarins er skoðuð, og það langar mig að gera nú nokkru nánar en ég hafði aðstöðu til að gera s. l. miðvikudag. En Framsfl. telur sig alveg sérstakan málsvara landbúnaðarins og bændastéttarinnar og gumar mjög af því að hafa átt meginþáttinn í að móta þá stefnu, sem hér hefur verið fylgt í landbúnaðarmálum undanfarna áratugi, og þá væntanlega er þeirri stefnu sammála og telur hana hafa verið til góðs, ekki aðeins fyrir íslenzka bændur, heldur væntanlega fyrir þjóðarbúið íslenzka í heild. En um landbúnaðinn almennt er það að segja, að af þremur framleiðslugreinum íslenzks þjóðarbúskapar, þ. e. a. s. sjávarútvegi, iðnaði og landbúnaði, er framleiðni í landbúnaði langsamlega minnst og hún er langt undir meðaltali framleiðni í sjávarútvegi og iðnaði, ef þær tölur eru teknar saman. Sannleikurinn er sá, að framleiðsluafköst landbúnaðarins, framleiðni í landbúnaði er svo lítil hér á Íslandi, að það er hagvextinum verulega fjötur um fót.

Þetta er raunar ekki einstakt fyrirbæri fyrir Ísland. Hér er um að ræða fyrirbæri, sem er alþekkt um alla Vestur-Evrópu og raunar talið grundvallaratriði í efnahagsvandamálum Vestur-Evrópu, og þess vegna atriði, sem þar er þrautrætt og allir ábyrgir og skynsamir menn, hvar í flokki sem þeir standa, hafa gert sér fullkomlega ljóst. En hér á Íslandi virðast stjórnmálaumr., umr. um efnahagsmál, aftur á móti vera á því stigi, að ef á þessa staðreynd er minnzt, að framleiðni í landbúnaði hafi vaxið miklu minna en átt hefur sér stað um aðrar greinar og vaxið svo miklu minna og sé svo langt á eftir framleiðni í t. d. iðnaði — og hér á Íslandi má segja í sjávarútvegi, þá er um þetta hrópað sem níð um bændur, sem ofsókn í garð landbúnaðarins. Slíkt tal heyrist ekki, þar sem umr. um stjórnmál og efnahagsmál eru á sæmilega háu stigi.

Hér var staddur á s. l. sumri þáv. efnahagsmálaráðh. Dana, prófessor Kjeld Philip, þekktur fræðimaður í heimalandi sínu og víðar. Hann hélt hér í Háskóla Íslands fyrirlestur um vandamál landbúnaðar í Vestur-Evrópu. Og hann skýrði þar frá athugunum, sem gerðar hefðu verið og leitt hefðu það í ljós, að framleiðslukostnaður vestur-evrópsks landbúnaðar væri svo miklu hærri en fá mætti hliðstæðar vörur fyrir frá öðrum löndum, öðrum svæðum heimsins, sem betur væru fallin til landbúnaðar en Vestur-Evrópulöndin yfirleitt, að telja mætti, að 40% af tekjum bænda í Vestur-Evrópu væru greiðsla frá samfélaginu, frá öðrum stéttum, frá samfélaginu í heild í beinu eða óbeinu formi, m. ö. o., að vestur-evrópskir bændur í heild fengju u. þ. b. 40% tekna sinna í beinan og óbeinan styrk frá

samfélaginu í heild. Ég varð ekki var við, að þetta væri kallaður neinn landbúnaðarfjandskapur eða bændafjandskapur af hálfu þessa ágæta fræðimanns, sem þarna átti hlut að máli, enda vita allir, sem fylgjast með umr. um efnahagsmál og ekki sízt landbúnaðarmál í öðrum löndum, þó að ég vilji ekki bera ábyrgð á þessari tölu og hef raunar ekki getað kynnt mér neitt grundvöllinn að henni, þá eru þetta í stórum dráttum alþekktar og alkunnar og alviðurkenndar staðreyndir.

En hvernig skyldi þessu vera háttað hér á Íslandi? Hvernig skyldi staða íslenzks landbúnaðar vera, ef hún er skoðuð út frá svipuðum forsendum og prófessor Kjeld Philip gerði að umtalsefni í háskólafyrirlestri sínum á s. l. sumri? Ef við viljum meta þjóðhagslegt gildi landbúnaðarins, þ. e. a. s. ef við viljum meta raunverulegan skerf hans til þjóðarbúsins, ef við viljum horfa burt frá öllum innanlandsráðstöfunum, sem við hér gerum til að halda uppi verði á landbúnaðarvörum innanlands, sem við gerum með því að veita landbúnaðinum margs konar styrk og með því að styrkja hans aðstöðu með samgöngubótum og raforkudreifingu og þar fram eftir götunum, — ef við horfum burt frá öllu þessu, þá má segja, að tvær aðferðir komi til greina til að gera sér grein fyrir skerfi landbúnaðarins til þjóðarframleiðslunnar í heild, ef um styrkjalausan rekstur væri að ræða. Hin fyrri má segja að væri sú í stórum dráttum að reikna út, fyrir hvaða verð mætti fá þær vörur, sem framleiddar eru hér í landinu, eða hliðstæðar vörur erlendis frá og hvað þær kostuðu komnar á land hér á Íslandi, í samanburði við framleiðslukostnað þann, sem þjóðfélagið í heild nú greiðir íslenzku bændastéttinni fyrir þessar framleiðsluvörur. Hin aðferðin er sú að gera sér grein fyrir því, hvað verð til bænda reynist hér á Íslandi samkv. þeim skýrslum, sem eru mjög nákvæmar, sem til eru um það efni, og svo hins vegar, hvað bændur í nágrannalöndunum fá fyrir sams konar vöru til sín, og bera saman þessi tvö verð. Það væri mjög flókið reikningsdæmi að gera þetta nákvæmlega upp eftir hvorri aðferðinni sem valin væri. En ýmislegt bendir til, að ekki mundi verða um mjög verulegan mismun á niðurstöðunni að ræða. En ástæðan til þess, að erfitt er að beita hvorri aðferðinni um sig á alla íslenzku landbúnaðarframleiðsluna, er sú, að annars vegar er mjög erfitt að gera sér grein fyrir því, hvað nýmeti, eins og mjólk t. d., mundi kosta hingað komið, ef gera ætti ráðstafanir til að kaupa hana erlendis að. Það yrði þó væntanlega um gervimjólk að ræða, sem komið gæti til samanburðar. Það má mjög deila um gæði, a. m. k. bragð, þótt næringargildi sé að vísu svipað. En þetta er útreikningur, sem yrði svo miklum erfiðleikum háður, að ég mundi ekki mæla með því, teldi varla ómaksins vert að reyna hann. Það, sem gerði aftur á móti torvelt að bera saman annars vegar, hvað bændur á Íslandi fá í verð til sín fyrir alla heildarlandbúnaðarframleiðsluna og hvað bændur annars staðar fá til sín fyrir sams konar landbúnaðarframleiðslu, er það, að ein helzta afurðin hér, dilkakjötið, er ekki framleidd sem aðalafurð annars staðar með sama hætti og hér er gert. Það yrði þá að taka aðrar kjöttegundir, sem eru aðalkjöttegundir annars staðar, til samanburðar, og sá samanburður gæti orðið mjög erfiður eða a. m. k. hann mætti vefengja mjög mikið. En með því að blanda þessum aðferðum saman, nota hvora aðferðina um sig, þar sem hún á við, þá má fá hugmynd, sem í grundvallaratriðum er tvímælalaust rétt til mats á heildarskerf landbúnaðarins til þjóðarframleiðslunnar. Og um þetta hef ég hér nokkra útreikninga, sem ég vildi gjarnan gera grein fyrir niðurstöðunum af í mjög stuttu máli.

Samkv. verðlagsgrundvellinum eru tekjur af sölu mjólkur og kindakjöts 77% heildarteknanna. Ef ull og gærum er bætt við, þá eru það 89% heildarteknanna, en ull og gærur og fleiri afurðir eru settar inn í verðlagsgrundvöllinn á væntanlegu útflutningsverðmæti að frádregnum áætluðum kostnaði við vinnslu, flutninga o. fl. Gildir því fyrst og fremst um sölumjólk og kindakjöt munurinn á því verði, sem framleiðendur hér fá fyrir þessar afurðir, og því verði, sem starfsbræður þeirra erlendis fá fyrir þær eða hliðstæðar vörur. Og þar sem þær eru meira en ¾ af heildartekjum íslenzkra bænda, ætti athugun, nánari útreikningur, eins og ég mun skýra hér frá á eftir, á grundvelli þeirra að gefa mjög áreiðanlegar vísbendingar. Árið 1962 er síðasta árið, sem endanlegar framleiðslutölur eru til um. Að frátöldum tekjum af heimamjólk og af aukabúgreinum hafa tekjur af mjólk og kindakjöti numið 74.6% af heildartekjum bóndans. Og nú skulum við gera nokkurn samanburð á því, hvert verðið til íslenzka bóndans er fyrir mjólkurframleiðsluna, heildarmjólkurframleiðsluna, og bera það saman við það, sem bændur í nágrannalöndunum fá fyrir sína mjólkurframleiðslu.

Í Árbók landbúnaðarins, 1. hefti, 1963, bls. 51, er tafla um verð til framleiðenda fyrir lítra nýmjólkur í ýmsum löndum á framleiðsluárinu 1961—1962. Ég les ekki þær tölur allar, en óvegið meðalverð í Noregi, Danmörku, Svíþjóð, Bretlandi og Finnlandi var á þessu ári 3,50 kr. Á framleiðsluárinu 1961—1962 var meðalverð til bænda hins vegar 4.76 kr. Og þess vegna er ég með svona gamlar tölur, því miður næstum 2 ára gamlar, að þetta eru síðustu alveg öruggu, endanlega uppgerðu tölurnar um sannanlegt, raunverulegt greitt meðalverð til bænda, og það ber ég saman við verð til framleiðenda á sama framleiðsluári í þeim 5 nágrannalöndum, sem ég nefndi, Norðurlöndunum og Bretlandi. Munurinn á meðalverðinu til bænda var 1.26 kr., sem íslenzki bóndinn hefur meira fyrir hvern lítra af sinni mjólkurframleiðslu en bændurnir í þessum löndum, sem ég nefndi. Ef við margföldum saman heildarframleiðslu sölumjólkur á árinu 1962, sem var 95039 tonn, — að vísu er kíló örlítið meira en lítri, en það skiptir ekki máli, — þá er niðurstaðan 119.7 millj. kr. eða tæpar 120 millj. kr., sem íslenzkir bændur hafa fengið hlutfallslega meira í sinn hlut fyrir sína mjólkurframleiðslu en bændur í hinum 5 nágrannalöndunum fengu.

Nákvæmlega hliðstæðan útreikning þessu er ekki hægt að gera að því er snertir kjötfram-

leiðsluna af þeim ástæðum, sem ég gat um áðan. Það er ekki til verð til bænda á sambærilegu kjöti og dilkakjötinu, og að taka aðrar kjöttegundir er meiningarlaust. Það, sem ég hef gert til þess að gera einhverja grein fyrir stöðu kjötframleiðslunnar, er því að bera saman verðið til bænda hér, sem endanlegar, tölulegar upplýsingar liggja fyrir um fyrir árið 1962, og útflutningsverðið fob. á því íslenzka kjöti, sem flutt er til útlanda. En það er sá munur á kjötframleiðslu bændanna og mjólkurframleiðslunni, að hluti kjötframleiðslunnar er seldur út og hefur raunverulegt heimsmarkaðsverð. Aftur á móti er svo lítill hluti af mjólkurframleiðslunni seldur út, svo örlítill hluti af mjólkurafurðum, að algerlega ósanngjarnt væri að dæma mjólkurframleiðsluna í heild á grundvelli útflutningsverðs á t. d. ostum. Og hver verður niðurstaðan, ef kjötsalan er skoðuð þannig? Samkv. grein í Hagtíðindum í maí 1963, sem endurprentuð er úr Árbók landbúnaðarins, í 3. heftinu 1963, á bls. 165—170, var mismunurinn á skráðu heildsöluverði innanlands og útflutningssöluverðmæti fob. á frystu dilkakjöti, saltkjöti og ærkjöti að vegnu meðaltali 9.48 kr. á kg. Mismunurinn á heildsöluverðinu innanlands og söluverðmætinu fob. á því, sem selt er til útlanda, var 9.48 kr., og ef við skoðum þetta verð, útflutningsverðið, sem raunverulegt markaðsverð á kjöti, raunverulegt heimsmarkaðsverð á þeim kjöttegundum, sem framleiddar eru hér, þannig að ef við vildum kaupa alveg sams konar kjöt, þurfum að greiða sama verð fyrir það, — væntanlega seljum við ekki útlendum neytendum það fyrir lægra verð en við gætum fengið það á, — þá verður mismunurinn 117.9 millj. kr. (Gripið fram í.) Jú, jú, ég á eftir að koma að því. Þá eru það 117.9 millj. kr.

Samtala þessara tveggja talna, þ. e. a. s. þess, sem íslenzki bóndinn fær annars vegar, og þess, sem mjólkurframleiðandi í nágrannalöndunum fær hins vegar, að því er mjólkina snertir, og þess, sem íslenzki bóndinn verður að sætta sig við sem heimsmarkaðsverð á kjötinu fob. Reykjavík, að því er kjötið snertir, er um 237.6 millj. kr., þ. e. tæpar 240 millj. kr.

Ég vil undirstrika alveg sérstaklega til þess að fyrirbyggja allan misskilning og alla útúrsnúninga um það, hvað þessar tölur raunverulega þýða. Þær þýða það, hvað íslenzki neytandinn greiðir íslenzka bóndanum meira fyrir mjólkina, sem hann framleiðir, heldur en það, sem norræni og brezki bóndinn fær fyrir þá mjólk, sem hann framleiðir handa neytendum þar í landi annars vegar, og hins vegar þýðir það, hvað við hér innanlands greiðum íslenzka bóndanum miklu meira fyrir það kjöt, sem hann framleiðir í heild, heldur en íslenzki bóndinn selur þetta sama kjöt úr landi fyrir. Og summan af þessu tvennu, ef menn hafa vit á að skilja, við hvað hér er átt, er um 240 millj. kr.

Ef við hins vegar vildum reyna að gera okkur grein fyrir, hvað við gætum fullnægt þeim þörfum, sem við nú fullnægjum með íslenzkum landbúnaðarvörum, fyrir lítið eða mikið, ef við vildum fullnægja þeim með því að nota útlendar landbúnaðarvörur, þá er þar um svo stórt og flókið dæmi að ræða, að það er þýðingarlaust að ætla sér að reyna að reikna það eða áætla það með nokkurri skynsemi, nema þá með mjög mikilli vinnu. Það er að sjálfsögðu inn í það dæmi, sem flutningskostnaðurinn mundi koma, sem einn fyrsti liður, sem taka þyrfti til athugunar. En það, sem gerir það dæmi flókið, er allra sízt flutningskostnaðurinn, það væri tiltölulega auðreiknað dæmi. Miklu torreiknaðri eru önnur atriði, sem ég skal nú leyfa mér að nefna með örfáum setningum.

Í fyrsta lagi er það, að við framleiðum hér og notum aðallega dilkakjöt, en hægt er að fá aðrar kjöttegundir á heimsmarkaðinum, sem eru tiltölulega miklu ódýrari í framleiðslu og hafa lægra heimsmarkaðsverð en dilkakjötið. Nákvæmlega sama er að segja um ýmsar mjólkurafurðir, sem yrðu tiltölulega miklu ódýrari. Mjólkurafurðir, sem hægt er að flytja, eins og t. d. smjör, osta og jafnvel egg, er hægt að fá á miklu lægra verði en það, sem við greiðum til íslenzkra bænda fyrir nákvæmlega sams konar vöru. En hér vandast aftur á móti málið að því leyti, að smjör og ostar eru afgangsframleiðsla mjólkurframleiðslu, og þar sem að sjálfsögðu eru erfiðleikar á því að kaupa nýmjólk erlendis frá, nema þá sem iðnaðarvöru, er í sjálfu sér ekki sanngjarnt í garð íslenzkrar bændastéttar að bera saman verðið á smjöri og ostum hér og t. d. í löndum, sem hafa mjög lágan framleiðslukostnað, eins og í Danmörku annars vegar, og dæma íslenzka landbúnaðinn eftir því, því að danskir bændur geta ekki sett á markað hér nýmjólk af sömu gæðum og íslenzkir bændur geta. En einmitt vegna allra þessara erfiðleika er í raun og veru mjög erfitt að reikna dæmið í heild með þeim hætti að bera saman, hvað íslenzkir neytendur gætu fengið hliðstæðar vörur og þeir nú fá frá íslenzka landbúnaðinum fyrir lítinn pening, ef þær ættu allar saman að kaupast erlendis frá. Ég tel það líka hafa tiltölulega litla þýðingu að vera að reikna dæmið upp á þennan máta. Það er óhætt að fullyrða, að út úr því mundu koma miklu, miklu hærri tölur en þær, sem ég nefndi hér áðan og skal skýra nokkru betur á eftir. Út úr dæminu svona reiknuðu, eins og einn hv. þm. virtist vera að panta að það yrði reiknað, mundi koma miklu, miklu óhagstæðari niðurstaða fyrir íslenzkan landbúnað heldur en ég tel þær tölur, sem ég nefndi áðan, gefa nokkurt tilefni til þess að benda á.

Vandamálið í þessu sambandi er auðvitað ekki leyst með því að ætla sér að leggja niður íslenzkan landbúnað og fá allar landbúnaðarafurðir erlendis frá. Þá till. hef ég ekki heyrt frá nokkrum manni, sem betur fer, því að það væri fjarstæða. Íslenzkur landbúnaður, eins og landbúnaður í Vestur-Evrópu yfirleitt, er íslenzku þjóðfélagi nauðsynlegur af mörgum ástæðum, til þess að þjóðin sé örugg um nokkra matvælaframleiðslu, ef um stríð er að ræða, ef stríð skellur á. Landbúnaðarframleiðsla á Íslandi er nauðsynleg af sögulegum ástæðum. Íslenzkur landbúnaður stendur á meira en þúsund ára gömlum merg, og engum dettur í hug, að unnt sé eða skynsamlegt sé eða réttmætt sé að kippa rótunum undan slíkum atvinnurekstri upp, vegna þess að þróun annars staðar hefur

verið svo ör, að hægt væri að kaupa allar vörur eða nær allar vörur, sem hann framleiðir, við lægra verði annars staðar að. Íslenzkur landbúnaður er nauðsynlegur af félagslegum ástæðum, af því að svo róttæk breyting á íslenzkum félagsmálum, sem af því mundi leiða, ef einhverjum dytti í hug að framkvæma svo fáránlega stefnu að leggja íslenzkan landbúnað hreinlega niður á einhverju tilteknu árabili til þess að spara íslenzka þjóðarbúinu, íslenzkum neytendum, eitthvert fé, af því að af slíkum fáránlegum ráðstöfunum mundi leiða svo mikið félagslegt rask í íslenzku þjóðfélagi, að það kæmi af sjálfu sér ekki til greina. Menningarleg rök má einnig færa fyrir því, að íslenzkur landbúnaður eigi rétt á sér þrátt fyrir litla framleiðni og þrátt fyrir það, að hann selur sínar afurðir íslenzkum neytendum við mun hærra verði en hægt væri að fá hliðstæðar vörur framleiddar eða keyptar annars staðar að. En þó að íslenzkur landbúnaður sé Íslendingum og íslenzku þjóðfélagi nauðsynlegur af öryggisástæðum, af félagslegum ástæðum, af sögulegum ástæðum, af menningarlegum ástæðum, þá mega þessar staðreyndir ekki loka augum okkar fyrir því, að íslenzka þjóðin greiðir með honum, landbúnaði sínum, að íslenzka þjóðin styrkir íslenzka bændur mjög verulega fyrir að framleiða það, sem þeir framleiða. Þessar staðreyndir mega ekki loka augum okkar fyrir því, hvað það kostar Íslendinga að halda uppi landbúnaði á Íslandi. Þetta er sú meginstaðreynd, sem menn margir hverjir alls ekki vilja hafa opin augun fyrir. Þetta er öllum viti bornum mönnum, stjórnmálamönnum og mönnum, sem kynnt hafa sér efnahagsmál, t. d. verzlunarmönnum, algerlega ljóst.

Vestur-evrópskur landbúnaður kostar Vestur-Evrópu í heild mikið fé. Vestur-evrópskir neytendur verða að greiða verulegar upphæðir fyrir að vilja halda uppi landbúnaði, og það á við um Íslendinga í mjög ríkum mæli og ég vil segja í enn ríkara mæli en það á við um þjóðir Vestur-Evrópu að meðaltali. Það er það, sem ég tel þessa tölu, sem ég nefndi áðan, sýna, og skal nú koma nánar að því.

Ég sagði áðan, að það væru um 240 millj. kr., sem íslenzkir bændur fengju frá íslenzkum neytendum umfram það, sem bændur í nágrannalöndum fá fyrir sína mjólkurframleiðslu, og umfram það, sem íslenzkir bændur fá fyrir það kjöt, sem þeir flytja úr landi. En með þessu er ekki upp talin sú krónutala eða sú fjárupphæð, sem segja má að íslenzkir bændur fái í sinn hlut eða fyrir sína framleiðslu umfram það, sem hliðstætt má teljast, ef um utanríkisviðskipti eða framleiðslu annars staðar væri að ræða. Það verður einnig að taka tillit til þess, að samfélagið, — þetta er það, sem íslenzkir neytendur greiða beint til bændanna umfram það, sem segja má, að eigi sér stað undir hliðstæðum kringumstæðum annars staðar, — en íslenzka samfélagið í heild greiðir og mjög verulegar beinar styrkupphæðir til íslenzkra bænda. Þó að ég taki ekki nema 3 stærstu styrkjaliðina í 16. gr., atvinnumálagrein fjárl., í kaflanum um landbúnaðarmál, sem samtals er upp á 117 millj. kr., — þó að ég taki ekki nema 3 stærstu styrkjaliðina þar, sem eru gjöld samkv. jarðræktarlögum, 28.7 millj. kr., gjöld vegna laga um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, 1.3 millj. kr., framlag samkv. l. um stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og nýbyggingar í sveitum, 29.2 millj. kr., aðeins þessa 3 liði, jarðræktarlögin, jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum og stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, þá er hér samtals um að ræða 61.3 millj. kr. Þetta eru óumdeilanlega beinir styrkir í þágu landbúnaðarins. Ég sleppi öllu öðru, sem um kynni að vera meiri deila, hvort geti talizt til beinna styrkja, en þetta eru rúmar 60 millj. kr., sem óumdeilanlega eru beinir styrkir, stærstu styrkjaliðirnir einir. Við það hækkar 240 millj. kr. talan upp í um það bil 300 millj. kr. Auk þessa er svo þess að geta, að tölurnar í útreikningunum, sem ég byggði á áðan, eru orðnar 2 ára gamlar, vegna þess að yngri tölur um endanlegt verð til bænda eru því miður ekki til. En allir vita, að síðan á verðlagsárinu eða framleiðsluárinu 1961—1962 hefur bæði verð á kjöti og mjólk og tekjur bóndans í verðlagsgrundvellinum hækkað mjög verulega. Nú í haust hækkaði mjólkin frá því í fyrra um 17.7%, verð til bænda. Verð til bænda hækkaði um 17.7%, með mjólkinni og verð á kjöti hækkaði um rúm 29%. Meðalhækkun verðlagsgrundvallarins var hins vegar ekki nema 20.8%.

Ég skal ekki gera þetta mál flóknara með því að gera neinar áætlanir um það, hvað umframgreiðslur íslenzkra neytenda til bænda séu miklar, ef tekið er tillit til þessara nýjustu verðhækkana tveggja s. l. ára, enda ekki fara með neinar tölur, sem mætti vefengja. En geta má þess, að tekjur bóndans í verðlagsgrundvellinum hafa líka hækkað mjög verulega á þessum síðustu tveimur árum. 1961—1962 voru tekjur bóndans í verðlagsgrundvellinum 86 142 kr. Þetta er árið, sem framleiðslutölur mínar áðan voru miðaðar við. 1962—1963 voru tekjur bóndans 94 576 kr., og við verðlagninguna í haust voru bóndanum reiknaðar 119 121 kr. tekjur. Það er því alveg auðséð, að síðan þær framleiðslutölur og verðtölur, sem ég nefndi áðan, hafa átt sér stað, hefur orðið mikil hækkun á verði til bænda á mjólk og kjöti og jafnframt mikil hækkun, þótt hún sé ekki tilsvarandi náttúrlega, á þeim tekjum, sem bóndanum eru reiknaðar í verðlagsgrundvellinum. En við skulum sleppa öllum áætlunum um þetta efni og halda okkur við þær tölur, sem ég nefndi áðan, sem eru óumdeilanlegar og byggðar á skýrslum framleiðsluráðs landbúnaðarins sjálfs. Það eru engar áætlanir og verða þær því vonandi ekki vefengdar.

Að síðustu, til skýringar á þessum bollaleggingum, ef ætti að gera tilraun til þess að gera landbúnaðinn upp í heild, svo að ég haldi mér enn við innskotið varðandi flutningskostnaðinn, sem er svo tiltölulega einfaldur hlutur í sambandi við þetta og auðreiknaður, ef menn vildu það viðhafa, þá er þess að geta, að bændur fá ekki aðeins styrk til sinnar framleiðslu úr ríkissjóði, þ. e. á fjárlögum, beina styrki eins og þá, sem ég nefndi hér áðan, heldur eru fjárl. að mörgu leyti, að mjög verulegu leyti beinlínis

mótuð af fjárveitingum, sem óbeint eiga rót sína að rekja til þess, að við höldum uppi landbúnaði á Íslandi og viljum halda uppi landbúnaði á Íslandi. T. d. útgjöld ríkisins til rafmagnsmála eiga að mjög verulegu leyti rót sína að rekja til þess, að landbúnaður er á Íslandi stundaður í dreifbýli. Þeir bændur, sem njóta raforku, fá raforkuna langt, langt undir kostnaðarverði, einhverjir borga þetta, sumpart þeir, sem borga verð á raforku yfir kostnaðarverði, og sumpart sjálft ríkisvaldið með beinum fjárveitingum til raforkuframkvæmda og greiðslu á halla raforkunnar. Þá er það og alkunna, að bændur njóta ívilnana í benzín- og olíuverði. Einhver borgar það. Af þeirri olíu, sem fer í þessar stöðvar, er ekki greiddur skattur. Mjög verulegur hluti af kostnaðinum við símakerfið á náttúrlega rót sína að rekja til þess, að landbúnaður er stundaður og hann verður að stunda í dreifbýli. Að einhverju leyti gildir þetta líka um strandferðirnar. Að einhverju leyti gildir þetta líka um gjöldin til vegamála. Ég nefni þetta aðeins hér til athugunar, en hér er að sjálfsögðu um dæmi að ræða, sem er óleysanlegt og óreiknanlegt í nákvæmar og óumdeilanlegar og áreiðanlegar tölur. En ég segi þetta aðeins til þess að undirstrika, að ef menn vilja gera tilraun til þess að reikna þjóðhagslegan skerf landbúnaðarins, þá verður a. m. k. að hafa allar þessar staðreyndir í huga, og þetta hafa menn auðvitað annars staðar gert sér fullkomlega ljóst.

Niðurstaðan af þessu er sú, að það, sem við höfum algerlega öruggar upplýsingar um, þó að þær séu orðnar nokkuð gamlar og allar tölur séu lægri en þær mundu vera miðað við árið í ár, — það, sem við höfum tiltölulega öruggar upplýsingar um, eru þessar 3 stærðir. Það er í fyrsta lagi það, sem íslenzki bóndinn fær fyrir sína mjólkurframleiðslu umfram það, sem bændur í 5 nágrannalöndum fá fyrir sína mjólkurframleiðslu. Þar fær íslenzki bóndinn ca. 120 millj. kr. meira en bændurnir í nágrannalöndunum. Að því er kjötið snertir höfum við alveg öruggar upplýsingar, að vísu 2 ára gamlar, um það, hvað íslenzki bóndinn fékk til sín fyrir framleiðslu ársins 1961—1962 og hvað hann seldi sams konar vöru á til útlanda á því sama ári. Þessi verðmismunur er 117.9 millj. kr. Og við höfum upplýsingar um, hvað ríkið veitir í beina og óumdeilanlega styrki til landbúnaðarins á fjárl., og það tók ég úr nýju fjárl., sem fyrir okkur liggja núna, og það eru rúmar 60 millj. kr., þannig að í heild er hér um að ræða tölulegar upplýsingar, sem sýna, að Íslendingar greiða eða greiddu fyrir tveimur árum a. m. k. 300 millj. kr. til landbúnaðarins, fyrir það að landbúnaðurinn byrgir íslenzkan neytendamarkað að þeim vörum, sem hann sendir á hann. M. ö. o.: íslenzka þjóðfélagið í heild beinlínis greiðir með íslenzkum landbúnaði, það styrkir íslenzka landbúnaðinn.

Ég vil undirstrika það, að hér er um lágmarkstölu að ræða, — ef við tækjum nýjar tölur, yrðu þær áreiðanlega mun hærri en þessar, — en þetta er alveg nægilegt til þess að sýna fram á það grundvallaratriði, sem ég vildi sýna fram á og alveg er nauðsynlegt, að ekki aðeins allir þm., heldur þjóðin í heild geri sér ljóst, að íslenzka þjóðfélagið í heild greiðir landbúnaðinum hundruð milljóna uppbætur fyrir sína framleiðslu. (**ÁB:** Hvað er greitt með öðrum atvinnugreinum?) Af því náttúrlega, að íslenzka þjóðin telur nauðsynlegt að halda uppi landbúnaðarframleiðslu á Íslandi. Þetta þarf ég líklega að endurtaka tvisvar, þrisvar sinnum. (**ÁB:** Hvað er greitt með öðrum atvinnugreinum?) Það eru hinir, sem greiða þetta til landbúnaðarins. Þess vegna er ekki unnt að segja, að landbúnaðurinn fái það ekki greitt. (**Forseti:** Ekki samtal.) Og það er eflaust nauðsynlegt fyrir mig að endurtaka það einum tvisvar, þrisvar sinnum, að ég er í sjálfu sér ekki og tel engin rök liggja til þess að telja þessar greiðslur eftir eða telja þær vera algerlega ónauðsynlegar, eins og málum háttar nú í íslenzka landbúnaðinum. En jafnnauðsynlegt er, að menn geri sér grein fyrir hinu, að svona eru staðreyndirnar, og staðreyndirnar verða ekki umflúnar. Þær eru svona, og þess vegna er vandamálið í íslenzkum landbúnaði auðvitað það að framkvæma þess konar stefnu í landbúnaðarmálum, að þessar greiðslur frá samfélaginu til íslenzka landbúnaðarins geti minnkað.

Ég geri mér algerlega ljóst, og það gera auðvitað allir hugsandi menn, að skyndilega geta þær ekki minnkað, þær geta ekki minnkað á einu ári neitt verulega. — Vill forseti biðja þm. um að stilla sig, stilla sig aðeins. (**Forseti:** Viljið þið gera svo vel og gefa ráðh. hljóð.) Það er auðvitað algerlega vonlaust verk að láta sér detta í hug, að þessar greiðslur geti minnkað mjög verulega á einu ári, jafnvel ekki 5 árum, og þær geta aldrei horfið, svo langt fram í tímann sem við getum séð. Það er öldungis öruggt. (**ÁB:** Eftir því, hverjir verða í stjórn.) Það er líka öldungis öruggt. En það þarf að gera sér grein fyrir vandamálinu, eins og það er fyrir hendi, og þarf að mynda skynsamlega stefnu til þess að leysa vandamálið, til þess að auka framleiðnina í landbúnaðinum, þannig að þessar heildargreiðslur samfélagsins til hans geti minnkað. En að slá höfðinu við steininn, að ég nú ekki tali um að bera á móti þessum staðreyndum, að þær eigi sér stað, það er náttúrlega þeim einum til minnkunar, sem slíkar staðhæfingar leyfa sér að viðhafa, enda væri það skárra, ef Ísland væri eina landið í Vestur-Evrópu, sem greiddi ekki með sínum landbúnaði. Því kemur mér ekki til hugar að halda fram. En hinu held ég fram og vil undirstrika, og það er nauðsynlegt, að það geri allir sér ljóst, að þetta á sér stað hér eins og annars staðar og því miður í ríkara mæli hér en annars staðar.

Okkar fyrsta mark þyrfti að vera að koma stuðningi samfélagsins við landbúnaðinn ofan í það mark, sem á sér stað í helztu nágrannalöndunum, og helzt að keppa að því, að stuðningurinn geti orðið minni. Og nú kem ég að því, sem er í raun og veru kjarni þess, sem ég vildi segja við hv. 1. flm. till., sem hér er til umr., og það er þetta:

Mér finnst það í sannleika sagt talsvert hart, að talsmaður þess flokks, sem skoðar sig vera talsmann landbúnaðarins á Íslandi og ber höfuðábyrgð á þeirri stefnu í landbúnaðarmálum, sem fylgt hefur verið hér undanfarna áratugi, skuli

með hliðsjón af þessum staðreyndum, sem ég nú hef lýst, telja sig þess umkominn að kalla það mark, sem ríkisstj. setur þjóðarbúskapnum með framkvæmdaáætluninni og um hagvöxt, að telja það mark lágkúrulegt, þegar sá atvinnuvegur, sem þeir guma mest af stuðningi sínum við undanfarna áratugi, er þannig á vegi staddur, að um hundraða millj. kr. stuðning samfélagsins við þennan atvinnuveg er að ræða. Og sannleikurinn er sá, að ekkert er íslenzkum hagvexti meiri fjötur um fót en einmitt sú staðreynd, hve samfélagsstuðningurinn við íslenzka landbúnaðinn er og þarf að vera mikill, eins og stefnan hefur verið undanfarna áratugi í íslenzkum landbúnaðarmálum.

Til viðbótar því, að Framsfl. er þess ekki umkominn að deila á ríkisstj., þegar maður hefur í huga þátttöku hans í ríkisstj. undanfarið með minni hagvexti en nú á sér stað og við ráðgerum í framtíðinni, þegar maður bætir hinu við, að hér er um að ræða þann flokkinn, sem vill helga sér þá stefnu og væntanlega það ástand, sem nú er í íslenzkum landbúnaðarmálum og er helzti dragbítur á hagvöxt á Íslandi, þá fer skörin sannarlega að færast upp í bekkinn.

Sannleikurinn er sá, að einfaldasta og fljótvirkasta ráðið til þess að auka mjög hagvöxt hér á Íslandi væri að stuðla í mjög verulegum mæli að flutningi vinnuafls úr landbúnaði í sjávarútveg og í stærri iðnað að mjög verulegu leyti. Það væri öruggasta ráðið til að efla íslenzkan hagvöxt, ef þetta yrði gert. En sannleikurinn er sá, að róttækum aðgerðum í þessa átt vill ríkisstj. ekki vinna að, og það er ekki liður í framkvæmdaáætluninni, eins og hún liggur fyrir, að gera ráð fyrir slíkum breytingum, vegna þess, hve þær mundu kosta mikið félagslegt rót. Það, sem hér verður að gera, er að fara skynsamlegan og hóflegan meðalveg á milli þess, sem er efnahagslega hagkvæmast, en það mundi án efa vera að flytja mjög verulegt vinnuafl úr landbúnaðinum í sjávarútveg og iðnað, og hins, sem er félagslega fært og félagslega réttmætt. Og sannleikurinn er sá, að eitt megineinkenni íslenzkrar heildarstefnu í efnahagsmálum á undanförnum áratugum hefur verið það, að það hefur verið leitað jafnvægis á milli þess, sem væri efnahagslega réttast, og hins, sem talið er félagslega fært. Þetta er kjarninn í því, sem í raun og veru þarf að segja í þeim umr., sem s. l. miðvikudag og nú fara fram á milli okkar 1. flm. þessarar till. og mín um þetta efni. Sá, sem hefur ekki áttað sig á þessu varðandi efnahagsþróunina hér í framtíðinni og varðandi skilyrði til efnahagsþróunarinnar hér á næstu árum, hefur í raun og veru ekki botnað neitt í grundvallarvandamálum íslenzkra efnahagsmála. (**ÁB:** Þetta sannar ráðh. sjálfur.) Sá, sem áttar sig ekki á því, að það má einkenna efnahagsstefnuna hér með slíkum tilraunum til jafnvægis á milli þess, sem væri efnahagslega hagkvæmast og félagslega rétt eða skynsamlegt, hann hefur ekki skilið rauða þráðinn í efnahagsþróuninni hér undanfarna áratugi, og sá, sem fellir sleggjudóma um framtíðina í þessum efnum án þess að hafa hugmynd um þetta og án þess að gera sér grein fyrir þessu, er að fella sannkallaða sleggjudóma.

Það, sem íslenzka ríkisstj. vill láta vera grundvöll áætlunargerðar sinnar um framtíðina og stefnu sinnar í þessum málum í framtíðinni, er að halda áfram að fara einhvern slíkan gullinn meðalveg á milli þess, sem telja mætti rétt, ef eingöngu efnahagsleg sjónarmið væru höfð til hliðsjónar, og hins, sem nauðsynlegt er út frá félagslegum og sögulegum forsendum. Því mun verða haldið áfram. En það auðvitað hjálpar ekki neinum og ruglar dómgreind alls almennings, ef menn rugla ekki meira dómgreind sjálfs sín, að loka augunum fyrir grundvallarstaðreyndum í málinu öllu, og þær staðreyndir, sem ég hef viljað gera að umræðuefni hérna, eru þessar og eru alveg ómótmælanlegar, að íslenzka þjóðfélagið greiðir stórkostlegar upphæðir til landbúnaðarins til að njóta hagræðisins og til að njóta þess félagslega jafnvægis, sem af því hlýzt, að hér sé stundaður landbúnaður núna, enda þarf svo að verða áfram, ég segi: um alla framtíð. En það jafngildir auðvitað ekki því, að það megi og eigi að gerast með hvaða kostnaði sem er.

Af því að ég geri mér auðvitað ljóst, að margir hafa tilhneigingu til að snúa harkalega út úr þeim orðum, sem ég hef nú látið falla, ég er því ekki óvanur, og við, sem skipum stjórnarflokkana, erum það auðvitað ekki, þá verður að taka því, sem koma kann í þeim efnum, og svara því aftur, ef ástæða þykir til, — en til þess aðeins að benda hv. alþm. á, að það er svo fjarri því, að ég einn hafi þessar grundvallarskoðanir á landbúnaðinum, þá dettur mér í hug, með leyfi hæstv. forseta, að lesa hér stuttan kafla úr grein eftir einn kunnan íslenzkan vísindamann af yngri kynslóðinni, sem einmitt hefur kynnt sér landbúnaðarmál mjög rækilega, dr. Björn Sigurbjörnsson, sem skrifaði grein um framtíð landbúnaðarins í nýlegt hefti af Árbók landbúnaðarins, sem gefið er út af framleiðsluráðinu og Arnór Sigurjónsson er ritstjóri fyrir, en það er fyrsta hefti yfirstandandi árs, — að lesa stuttan kafla, vegna þess að þar koma, þó að það sé ekki gert með tölum, eins og ég reyndi að undirbyggja mitt mál með, í grundvallaratriðum fram sömu staðreyndirnar og sömu skoðanirnar sem ég var hér að gera grein fyrir, svo að ef menn vilja snúa út úr fyrir mönnum, þá er mönnum þá líka gefinn kostur á að snúa út úr fyrir þessum unga og ágæta vísindamanni, Birni Sigurbjörnssyni. En kaflinn, sem mig langar til þess að lesa upp, er svona, með leyfi hæstv. forseta:

„Þegar við tölum um framtíð landbúnaðar á Íslandi, erum við ekki að tala um það, hvort hann leggst niður eða ekki. Framleiðsla á matvöru er svo mikið undirstöðuatriði í okkar þjóðfélagi sem öðrum og gróðurlendi landsins svo víðáttumikið, að við þurfum varla að óttast það. Það, sem máli skiptir um framtíð landbúnaðarins, er, hvort okkur tekst að haga framleiðslu landbúnaðarafurða þannig, að atvinnuvegurinn verði blómlegur og þeir, sem að honum vinna, beri gott hlutskipti úr býtum, a. m. k. til jafns við þá, sem aðra atvinnu stunda. Vöxtur landbúnaðarframleiðslu er háður því fyrst og fremst, að markaður sé fyrir hendi til að taka við vörunni. Án markaða þýðir ekki að auka fram-

leiðsluna, og án þess að framleiðslukostnaður sé lækkaður og gæði fullnægjandi, þýðir ekki að leita nýrra markaða. Það er með raunhæfum rannsóknum, sem unnt er að finna nýjar aðferðir, sem lækka framleiðslukostnað og auka gæðin, og þess vegna eru rannsóknir frumskilyrði fyrir framförum í landbúnaði. Aukning fólksfjölda í landinu er nú eini markaðurinn innanlands, sem getur tekið við auknum afurðum landbúnaðarins. Ef við bindum landbúnaðarframleiðsluna við innlenda markaðinn, má hún ekki aukast umfram það. En til þess að skapa viðunandi lífskjör til handa bændum verður að beita tæknilegu og skipulagslegu hugviti til að auka framleiðslu hvers býlis. Kotbúskapur á engan rétt á sér, en hlýtur alltaf að leiða af sér fátækt. Þess vegna blasir við staðreynd, sem margir eru feimnir við að horfast í augu við. Hún er sú, að ef við viljum auka tekjur bóndans, en slíkt er óhugsandi, nema hann stækki bú sitt, og byggja landbúnaðarframleiðsluna jafnframt á núverandi innanlandsmarkaði og eðlilegri aukningu hans, höfum við skapað ástand, sem leiðir óhjákvæmilega af sér fækkun innan bændastéttarinnar, fólksflótta úr sveitunum, eins og það er stundum kallað. Það er í raun og sannleika fáránlegt, að mönnum skuli detta í hug, að fólksfækkun í sveitunum sé eingöngu merki um hnignun landbúnaðarins. Meðan ekki fæst nægur markaður fyrir vöruna, er fækkun framleiðendanna áhrif af tæknilegum framförum við framleiðsluna. Bændabýli, sem áður fyrr framleiddu matvæli handa 5 manns, framleiða nú fyrir 30 manns. Það er vert að íhuga vandlega, að án þess að markaður fyrir landbúnaðarvörur aukist umfram innlendan markað, hlýtur þessi þróun að halda áfram. Það er talið, að til þess að kúabú beri sig vel, þurfi að vera um 30 kýr í fjósi. Af um 6000 býlum landsins eru aðeins tæp 40, sem ná þessum gripafjölda. Ef þessi fjöldi kúa ætti hins vegar að vera á hverjum bæ, þyrfti aðeins um 1400 mjólkurframleiðendur. Ef 500 vetrarfóðraðar ær væru á hverjum bæ, þyrfti aðeins 1600 sauðfjárbú til að ná núverandi sauðfjáreign landsmanna, eða samtals um 3000 býli. Í þessu sambandi má minna á, að í Gunnarsholti á Rangárvöllum hirðir einn maður um 1100 ær.

Það ætti að vera ljóst af þessu, að ef við eigum að bæta efnahag bænda með því að auka á næstunni afköst núverandi framleiðslugreina hverrar jarðar upp að því marki, sem talið er þurfa til þess, að um góða afkomu sé að ræða, er innlendi markaðurinn hvergi nærri nógu stór til að taka við þeirri framleiðsluaukningu. Þá er um þrennt að velja. Í fyrsta lagi að framleiða núv. landbúnaðarafurðir til útflutnings; í öðru lagi að taka upp framleiðslu á nýjum vörutegundum, sem nú eru fluttar inn; eða horfa fram á annars óhjákvæmilega fækkun bújarða og áframhaldandi flótta úr sveitunum. Þessar staðreyndir verða ekki umflúnar með nýjum félagsheimilum og ekki þótt komið væri sjónvarp heim á hvern bæ. Ef við viljum koma í veg fyrir, að framleiðendum landbúnaðarafurða fækki meira en komið er, verðum við að vinna að hinu tvennu, þ. e. a. s. finna aðferðir og ráð til þess að finna nýjar vörutegundir, auka fjölbreytnina í búskapnum og finna ráð og aðferðir til þess að auka gæði vörunnar og lækka framleiðslukostnaðinn til þess að gera landbúnað okkar sem samkeppnisfærastan á erlendum markaði."

Svo mörg eru þau orð og í grundvallaratriðum um nákvæmlega sömu hugsunina að ræða og ég lýsti í mínu máli og rökstuddi með tölum. Hér talar landbúnaðarsérfræðingur út frá öðrum sjónarmiðum, en grundvallarhugsunin í máli hans er sú sama.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Það er í þessum umr. deilt um það, hvort áætlaður sé í þjóðhagsáætlun ríkisstj. nægur hagvöxtur á næstu árum og sambærilegur við það, sem tíðkist í öðrum löndum, þar sem svipað stendur á. Sumum þykir of lítið áætlað. Aðrir telja byggt á raunsæi. Um þetta má auðvitað endalaust deila. En víst er það, að með áætlunargerðinni einni, uppsetningu talna, verður ekki gerð breyting. Til þess þarf samfelldar ráðstafanir í efnahagsmálum, atvinnumálum og ótal greinum öðrum, sem of langt yrði upp að telja. Og við vitum, að það er grundvallarskoðanamunur á milli stjórnmálaflokka, hvers um sig og allra í senn, hverjar leiðir í þessu séu líklegastar, þó að núv. stjórnarflokkar hafi þar sameinazt um ákveðna efnahagsstefnu.

Hitt er svo ljóst og verður að hafa í huga, þegar talað er um, að hagvöxtur hér hafi verið hægari undanfarin ár heldur en sums staðar annars staðar og heldur en sumar þjóðir aðrar áætli hann á næstunni, samanburður við hvaða þjóðir valinn er. Það verður auðvitað að miða við þær þjóðir, sem hafa líkastar aðstæður og við höfum, en ekki við þær þjóðir, sem nú eru fyrst að gera gerbyltingu, sem hér hefur að ýmsu leyti orðið, við getum sagt á síðasta hálfrar aldar skeiði eða e. t. v. nánar tiltekið á síðustu 60 árum. Þar erum við, þótt mörgu sé ábótavant hjá okkur, komnir yfir það tímabil, þar sem skjótastar umbreytingar reynast verða í sumum þjóðfélögum, þó að víða gangi hægt — sorglega hægt og mun hægar en hjá okkur.

En fyrst og fremst verðum við að hafa í huga, þegar talað er um öran vöxt framleiðni, lífskjarabætur og annað slíkt, að við höfum valið okkur alveg sérstakt verkefni, sem við hvorki viljum gefast upp við að leysa né viljum heldur láta frá okkur taka. Og það er, að það hlýtur ætíð að kosta hlutfallslega margfalt meira að halda uppi litlu þjóðfélagi en stóru. Það var á það bent í umr. um Efnahagsbandalag Evrópu á sínum tíma, m. a. af mér, að það væri vafalaust hyggilegast, ef við hugsuðum um það eitt að auka á skömmum tíma bætt lífskjör í landinu, hraða þeim bata sem allra mest, þá væri vafalaust vænlegt ráð að taka skilyrðislaust eða skilyrðislítið þátt í þessu Efnahagsbandalagi. En ég minnist þess, að ég tók það skýrt fram og það var tekið fram af mörgum öðrum en mér, að málið væri engan veginn svo einfalt. Hér kæmu miklu fleiri atriði til, sem gerðu það að verkum, að aðild okkar að slíku bandalagi yrði aldrei Íslandi til farsældar, nema full gát væri á höfð og svo margir fyrirvarar af okkar hálfu, að litlar líkur væru til þess, að aðrir gætu

á þá fallizt. Nú er komið á daginn, eins og haldið var fram af mér og stjórnarflokkunum í heild fyrir kosningar, að Efnahagsbandalagið er ekki lengur á dagskrá. Það gera allir sér ljóst, að það mál muni bíða mörg ár, e. t. v. áratugi. Um það skal ég ekki spá. En umr. á þessu þingi og deilur, sem þó hafa verið allharðar, sýna glögglega, að við reyndumst sannspáir um það, að málið væri ekki á dagskrá og hefði ekki þá þýðingu í bili, sem sumir vildu vera láta fyrir kosningar. En hitt stendur eftir, að íslenzkt þjóðfélag vegna sinnar smæðar og vegna þess stóra og ég vil segja að ýmsu leyti mjög erfiða lands, sem við byggjum, er um margt mjög sérstætt og gerir það m. a. að verkum, að við eigum ákaflega erfitt með að bera okkur um beinan lífskjarabata og beina framleiðsluaukningu saman við flest önnur þjóðriki. Þetta sjá allir menn, þegar þeir hugleiða það. Hér hlýtur að kosta hlutfallslega margfalt meira að hafa hina nauðsynlegu yfirbyggingu í þjóðfélaginu. Það væri auðvitað miklu kostnaðarminna, eins og áður var gert, að láta aðra þjóð fara með okkar utanríkismál. Það væri kostnaðarminna að láta stjórna okkur frá erlendri stjórnarskrifstofu heldur en bera hér uppi ríkisstj., hafa Alþingi, hafa allt það ríkiskerfi, sem uppi er haldið og við allir tölum öðru hverju um að sé of viðamikið, en enginn — ég legg áherzlu á það: enginn hefur enn kunnað að benda á hagkvæm ráð, þegar hann sjálfur hefur haft völd og möguleika til að draga úr, heldur hefur báknið, ef svo má segja, ætíð farið jafnt og þétt vaxandi í samræmi við breytta þjóðarhætti. Það er auðvitað einnig ljóst, að þó að við gerum okkur grein fyrir, að samgöngur um landið séu dýrar, kostnaðarsamar, og það væri að vissu leyti ódýrara að láta alla Íslendinga búa hringinn í kringum Faxaflóa og á Suðurlandsláglendi einu, þá kemur engum manni þetta til hugar. Menn geta haft misjafnan skilning og áhuga á því, sem kallað er jafnvægi í byggð landsins, en það gera sér allir grein fyrir því, að við viljum án tillits til skoðanaágreinings að öðru leyti reyna að halda uppi hinni fornu byggð í landinu, eftir því sem nokkur föng og geta er til og eftir því sem fólkið sjálft fæst til þess að dveljast þarna. Og það er þegar sýnt, að jafnvel kostnaðarsamar aðgerðir af hálfu ríkisvaldsins nægja ekki einar í þessu skyni. Þar kemur margt annað fleira til álita. En þessum okkar vilja og ákvörðun fylgir það, að margs konar kostnaður hlýtur að verða þessari óhagganlegu ákvörðun samfara. Það er miklu dýrara að halda uppi samgöngum, halda uppi menningarlífi um allt landið, löggæzlu og öllu því, sem upp má telja og þarf að telja, ef menn vilja reikna þetta, heldur en ef við værum öll samankomin í þeim landshlutum, sem ég gat um áðan, hvað þá í einni borg, sem þó væri ekki talin nein stórborg á erlendan mælikvarða.

Þessari okkar ákvörðun að vilja byggja okkar land, vilja halda byggðinni við, eftir því sem föng eru til, vilja halda uppi sjálfstæðu, frjálsu þjóðfélagi, fylgir svo margvíslegur og mikill kostnaður, að hann hlýtur að verða til þess á ýmsan veg að draga úr þeim efnahagslega hag, sem hægt væri að hafa af allt annarri skipan og ef við gæfumst upp við þetta, sem engum manni dettur í hug að gefast upp við. Eins sjáum við, þegar litið er á einstakar atvinnugreinar, að auðvitað væri hægt að fá ýmislegt ódýrara hér í landi, ef ekki væru háir tollar á ýmsum nauðsynjum og algert aðflutningsbann á öðrum. Það væri vafalaust hægt að fá ýmsa hluti ódýrar. En þessar ákvarðanir um verndartolla, um algert aðflutningsbann á ýmsum nauðsynjum, eru gerðar af ríkri nauðsyn, vegna þess að við viljum, eftir því sem föng eru til og mögulegt nú á tímum, halda við hinni fornu íslenzku menningu, hinni fornu íslenzku þjóð með sinni þjóðarvitund allt frá upphafi, eins lítið breyttri og breyttir tímar frekast leyfa. Ef við tækjum ekki afleiðingum af óhjákvæmilegum breytingum tímanna, mundi okkur daga uppi og við ekki heldur halda lífi með því móti.

En ég legg áherzlu á, að hér getur aldrei orðið um eiginlegt reikningsdæmi að ræða, heldur verðum við að byggja á vissum staðreyndum og gera okkur grein fyrir, að þeim viljum við ekki hagga nema af ýtrustu nauðsyn, og við erum reiðubúnir til þess að taka á okkur þann kostnað, sem þessu er samfara og verður að vera samfara, ef við viljum halda áfram að vera íslenzk þjóð.

Út af þeirri deilu, sem hér hefur orðið milli hv. 6. þm. Sunnl. og hæstv. viðskmrh., sem nokkuð mótast af því, eins og hv. 6. þm. Sunnl. sagði, að þeir eru frá fornu fari gamlir vinir og vináttan nú ekki eins heit og áður var, þá skal ég ekki blanda mér neitt í þeirra deilur, og vil ég þó engan veginn segja, að þar eigist þeir einir við, sem ég hirði ekki um, hvorum betur veiti. En það er bezt, að þeir geri upp sína gömlu reikninga sín á milli án okkar atbeina hinna. En það er alveg óhagganlegt, að án íslenzks landbúnaðar heldur íslenzk þjóð ekki sínu eðli og glatar mörgu því bezta, sem í henni er, og við getum með vissu efazt um, hvort hún haldi áfram að vera til sem sjálfstæð þjóð, ef íslenzkur landbúnaður væri niður lagður. Þetta segi ég því til áréttingar, sem hæstv. viðskmrh. sagði, að vitanlega kemur engum manni til hugar að leggja íslenzkan landbúnað niður. Um það er ekki að ræða. Við verðum að taka afleiðingunum af því, að við viljum halda honum við, alveg eins og við viljum ekki drepa þann blómlega vaxandi íslenzka iðnað, með því að hleypa hér alveg skefjalaust inn útlendri fjöldaframleiðslu, þótt hægt væri og hægt sé að sýna fram á, að ef tollar væru ekki meðtaldir, væri hún þessum atvinnuvegi hættuleg.

Við verðum þvert á móti að gera okkur grein fyrir, að til varanlegrar efnahagslegrar þróunar verðum við að líta á hlutina eins og þeir eru, gera okkur grein fyrir, að aðstæðurnar eru á ýmsan hátt slíkar, þær taka svo mikinn kostnað til sín, að um sumt hljótum við, og í heild er ekki nema eðlilegt, að við verðum frekar hægfara en ýmsir aðrir. En því til viðbótar kemur svo það, sem hv. 3. þm. Reykv. alveg réttilega benti á, að öll gerð þjóðhagsáætlana okkar og samanburður á milli einstakra ára er allt mjög hæpið og vægast sagt villandi, vegna þess að hér erum við svo mjög háðir veiðum og veðri, náttúrulögmálum, sem við enn ráðum ekki við nema

að sáralitlu leyti. Þess vegna er tölulegur samanburður við aðstæður í fullþróuðum iðnaðarlöndum gersamlega villandi og algerlega út í hött, og það fer auðvitað ekki nema að sáralitlu leyti eftir því, hverjir eru við völd hverju sinni, hvenær mest stökk eru í framleiðslu milli ára á Íslandi. Þetta er vitanlegt, og það vitum við öll. Við skulum ekki vera að blekkja hver annan með því. Við vitum, að þetta fer langmest eftir því, hvort vel aflast eða ekki. Þetta er of erfiður og óviss grundvöllur fyrir okkar þjóðfélag. Þess vegna þurfum við að fjölga stoðunum, sem undir öruggri hagþróun hljóta að hvíla, og það er auðvitað eitt af meginverkefnum næstu ára.

Umr. frestað.

Á 22. fundi í Sþ., 27. nóv., var enn fram haldið fyrri umr. um till.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Til umr. er till. á þskj. 38, flutt af hv. framsóknarmönnum, um það að kjósa með hlutfallskosningu í sameinuðu þingi fimm manna nefnd til að semja nýja þjóðhagsáætlun til næstu 5 ára. Nú er það vitað, að þjóðhagsáætlun hefur verið samin til 4 ára, en hv. framsóknarmenn segja, að það sé ekki gert ráð fyrir nógu miklum hagvexti í þeirri áætlun og þess vegna sé þörf á að samþykkja nýja. M. ö. o.: hagvöxtur þjóðarinnar skal aukast með því að kjósa 5 manna nefnd til að semja nýja áætlun, sem gerir ráð fyrir auknum hagvexti. Þetta út af fyrir sig væri mjög æskilegt að gera, að kjósa nefnd í þessu skyni og semja nýja áætlun, ef það út af fyrir sig hefði áhrif á hagvöxtinn, því að það er vitanlega eitt af því nauðsynlega að auka framleiðnina og auka framleiðsluna. Það er undirstaða bættra lífskjara, sem alltaf er verið að berjast fyrir. En málið er ekki svona einfalt, og þótt þessi till. væri samþykkt og sett slík nefnd, þá hefði það ekki áhrif á hagvöxtinn til þess tíma, sem hér er um að ræða, m. a. vegna þess, að þjóðhagsáætlunin hefur verið samin og í þeirri þjóðhagsáætlun er gert ráð fyrir að nýta alla hugsanlega möguleika til þess að auka framleiðsluna og framleiðnina. Það kemur þjóðinni ekki að gagni að gera áætlun, sem e. t. v. er ekki raunhæf. Og við getum sett okkur í spor bónda, við getum sett okkur í spor forstjóra fyrirtækis, sem er hygginn og vill sjá fram í tímann. Bóndinn vill ekki gera ráð fyrir meiri tekjum af búinu en hann er öruggur með að fá. Og fyrirtæki, sem er vel stjórnað, reiknar ekki með meiri hagnaði af fyrirtækinu en líklegt er að fá. Ef gert er ráð fyrir of miklum tekjum og tilkostnaður er miðaður við þessar óraunhæfu tekjur, getur svo farið, að af því stafi hreinn háski.

Við skulum hugsa okkur, að bóndinn gerði ráðstafanir til útgjalda miðaðar við þær tekjur, sem hann fengi ekki, þá vita allir, hvernig fer fyrir þeim bónda. Og sama máli gegnir um fyrirtæki, sem bindur sér bagga og ræðst í kostnað, sem er miðaður við hinar óraunhæfu tekjur, þá vita allir, hvernig fer fyrir slíku fyrirtæki. Það er miklu hyggilegra að gera ráð fyrir lægri tekjum, því að auknar tekjur fram yfir áætlunina koma vitanlega alveg að sama gagni, þótt ekki hafi verið að öllu leyti reiknað með þeim í byrjun tímabilsins. Eða hverjum dettur í hug, að við munum fiska meiri síld við strendur landsins eða þorsk, hvort sem gert er ráð fyrir því í þjóðhagsáætluninni, við skulum segja, að síldaraflinn verði 500 tonn, eða það væri bara gert ráð fyrir, að hann væri 300 tonn? Mundum við ekki fiska nákvæmlega jafnmikla síld, hvað sem væri sagt í áætluninni um þetta? Og mundum við ekki fiska nákvæmlega jafnmörg tonn af þorski, hvort sem við gerum ráð fyrir 100 tonna afla meira eða minna í áætluninni? Við mundum gera það undir þeim kringumstæðum, sem hér er um að ræða, þegar allt er gert til þess að ná í aflann: með því að kaupa fiskiskip til landsins, með því að byggja frystihús, síldar- og fiskimjölsverksmiðjur og gera ráðstafanir til að taka á móti aflanum, þegar hann kemur í land. En það gerir þessi þjóðhagsáætlun, sem hefur verið samin. Hún gerir ráð fyrir svo mikilli aukningu í skipakosti, vinnslustöðvum og öðru slíku, sem hugsanlegt er, að við höfum mannafla til að ráða við. Og þessi þjóðhagsáætlun, sem hefur verið gerð, gerir einnig ráð fyrir því að auka framleiðnina samkv. þeim tækjum, sem fyrir hendi eru, og nýta þau sem bezt, þannig að fiskvinnslustöðvar, frystihús og verksmiðjur geti í sífellu mæli tileinkað sér þá tækni, sem nýjust er, og það er vitanlega verkefni einnig samkv. þessari áætlun, sem hér hefur verið samin, að endurbæta frystihúsin og afkastagetu þeirra, fullkomna vélakost þeirra þannig, að þau verði megnug að greiða hærra kaup en áður. Ef ekki væri gert ráð fyrir þessu í þjóðhagsáætlun ríkisstj. og það væri meiningin með þessari till. og nefndarskipun að taka þetta upp í nýja áætlun, þá væri það mjög þarft og mjög nauðsynlegt. En það er ónauðsynlegt, af því að þessi þáttur er í þeirri áætlun, sem hefur verið gerð.

Þetta var um frystihúsin og þetta var um fiskiskipin, og það er vitanlega fleira, sem um er að ræða. Við vitum, að okkar aðalatvinnuvegir eru fiskveiðar, landbúnaður og iðnaður. Það er gert ráð fyrir því einnig í þessari þjóðhagsáætlun ríkisstj., að iðnaðurinn verði efldur og unnið verði að því að auka framleiðni hans og stefna að auknum útflutningi iðnaðarvara. Einmitt vegna þess að þetta er í þjóðhagsáætlun ríkisstj., verður ekki um það bætt með því að semja nýja, þótt hún yrði samin af þingkjörinni nefnd.

Um landbúnaðinn hefur verið nokkuð rætt í sambandi við þessa till. og talað um framleiðni hans. Stundum eru menn ekki alveg sammála um þátt landbúnaðarins í þjóðarbúskapnum. Stundum er því jafnvel haldið fram, að framleiðni í landbúnaði sé minni en hjá öðrum atvinnuvegum. Framleiðni í landbúnaði hefur verið ákaflega mikil síðustu árin. Og þegar skyggnzt er inn í þessi mál og það athugað ofan í kjölinn, er það alveg ótrúlegt, hver landbúnaðarframleiðslan er, miðað við þann fólksfjölda, sem að landbúnaði vinnur.

Það er dálítið fróðlegt að líta í skýrslur og athuga það, að um aldamót eru í landinu 78470 manns. **(Gripið fram í:** Hvar er Gylfi?) Gylfi, ég er ekki að tala við hæstv. viðskmrh. frekar en hv. 1. þm. Austf. um þessi mál. Þeir hlusta

á það, sem vilja, hv. þm., og ég ætla, að það sé hollt fyrir hv. 1. þm. Austf. að hlusta vel á það, sem hér er verið að segja og verður sagt um landbúnaðinn. Ég las um það í Tímanum núna fyrir nokkrum dögum, að það væri tekin upp ný stefna í landbúnaði, og það er að vissu leyti rétt. Það hefur verið tekin upp ný stefna frá því sem var, þegar hv. 1. þm. Austf. var fjmrh. Og í hverju er sú nýja stefna fólgin? Eigum við að rifja upp, hver var stefnan í landbúnaðinum 1957 og 1958? Eigum við að rifja það upp, hvað hv. 1. þm. Austf. sagði, þegar hann var fjmrh.? Hann sagði, að það væri ekki um það að ræða að borga eina kr. úr ríkissjóði með því, sem kallað var umframframleiðsla í landbúnaði. Þess vegna var það, að búnaðarþing 1957 og 1958 eyddi miklu af sínum tíma í að ræða um það, hvað ætti að gera við það, sem kallað var umframframleiðsla, því að bændur urðu að bera hallann af því, sem flutt var út fyrir lágt verð. Bændur vantaði stundum 10% af grundvallarverði mjólkur, vegna þess að það voru fluttir út ostar. Og bændur voru að tala um það, hvernig þeir ættu að bregðast við, úr því að ríkisvaldið vildi ekkert koma til móts við þá og tryggja fullt verð fyrir framleiðsluna alla. Niðurstaðan var sú hjá hyggnum bændum að draga úr framleiðslunni. Bændur hugsuðu sem svo: Úr því að það vantar 10% af verði mjólkurinnar og við þurfum að flytja út, þá er ekkert annað en draga úr framleiðslunni þannig, að hún verði mátuleg fyrir innanlandsmarkaðinn og við þurfum ekkert út að flytja.

Þessi stefna var ráðandi á árunum 1957 og 1958, og afleiðingin sagði til sín. Mjólkurmagnið minnkaði, og við urðum í fyrsta sinn í mörg ár að flytja inn smjör í ársbyrjun 1960. Þetta var ekki holl stefna. Þetta var vitanlega algerlega röng stefna í landbúnaðarmálum, því að okkur ber að framleiða matvæli, ekki aðeins fyrir þjóðina, heldur einnig til þess að afla okkur gjaldeyris, einnig fyrir landbúnaðarvörur. Og síðan núv. ríkisstj. tók við völdum og tók upp nýja stefnu að þessu leyti, hefur landbúnaðarframleiðslan farið stöðugt vaxandi. Nú talar enginn um það að flytja inn smjör, nú tala menn um e. t. v. óþarflega miklar smjörbirgðir, sem munu vera um 700 tonn. Nú eru fluttir út ostar og mjólkurduft, án þess að bændur beri hallann af því. Það er flutt út kjöt, án þess að bændur beri hallann af því, Og það er gert ráð fyrir, að ríkissjóður greiði á þessu framleiðsluári allt að 120 millj. kr. með landbúnaðarvörum, sem eru seldar úr landi fyrir lægra verð en gildir á innlendum markaði. Þetta hefði ekki verið mögulegt að gera, ef hv. 1. þm. Austf. hefði verið með lykilinn að ríkiskassanum. Hann hefði ekki samþykkt það, að bændur fengju þetta greitt. Bændur mundu enn glíma við þann vanda, sem búnaðarþing réð ekki við á árunum 1957 og 1958: hvað ætti að gera við umframframleiðsluna. En sennilegra er, að ef stefna hv. 1. þm. Austf. væri enn ráðandi í landbúnaðarmálum, þá væru engar landbúnaðarvörur til þess að flytja út, vegna þess að bændur hefðu séð sinn hag beztan í því að haga framleiðslunni þannig, að hún rétt nægði til innanlandsnotkunar. Og ef stefna hv. 1. þm. Austf. væri ráðandi í dag, væri samdráttur í landbúnaði og jafnvel kreppa í landbúnaði, og þess vegna er það, sem margir eru undrandi yfir því, hvernig framsóknarmenn hv. á Alþingi tala og skrifa um landbúnaðarmál nú, þegar þróun landbúnaðarins á síðustu árum hefur verið sú, að framleiðslan hefur stóraukizt, að framkvæmdir í landbúnaði hafa verið meiri nú en nokkru sinni fyrr og flótti frá landbúnaði er minni nú en áður. (**ÁB**: Miklu meiri.) Nú, hv. 1. þm. Vesturl. grípur fram í og segir: Hann er meiri. Og þetta segir hv. þm. kannske í trausti þess, að ég hafi ekkert fyrir framan mig til þess að rökstyðja minn málflutning. En ég hef nú skýrslur fyrir framan mig, sem geta sannað mitt mál, og ég er ekkert undrandi yfir því, þótt hv. 1. þm. Vesturl. eigi dálítið erfitt með að átta sig á staðreyndunum, því að ég man það, þegar þessi hv. þm. var að tala um landbúnaðarmál veturinn 1960 í hv. Ed og var að tala um, að hér eftir þyrfti örugglega að flytja á hverju ári inn meira og minna af smjöri, það yrði samdráttur í sauðfjárframleiðslunni, samdráttur í nautgripaframleiðslunni, samdráttur í öllu. Hann, þessi hv. þm., hafði sett upp móðuharðindagleraugun og sá vitanlega ekkert nema dökkt og þoku. En hv. þm. ætti nú að hafa áttað sig á því, að spádómarnir hafa ekki rætzt og íslenzkur landbúnaður er í framför síðan núv. ríkisstj. kom til valda og breytti um stefnu og tryggði bændum grundvallarverð fyrir alla framleiðsluna með því að láta ríkissjóð greiða hallann. Já, hv. 1. þm. Austf. greip fram í áðan, þá ætlaði ég að fara að lesa upp skýrslu, sem sýnir það, að landbúnaðurinn og bændurnir í landinu hafa leyst mikilvægt hlutverk af hendi og landbúnaðarframleiðslan er ótrúlega mikil miðað við þann mannfjölda, sem að landbúnaðinum vinnur.

1901 var 71.3% af landsfólkinu, sem stundaði landbúnað, 1910 51%, 1920 42.9%, 1930 35.8%, 1940 31.6%, 1950 21.7% og 1960 aðeins 18.8%. En framleiðsla landbúnaðarvaranna hefur þrátt fyrir þetta stöðugt haldið áfram að aukast. og það er vitanlega hvort tveggja, sem hefur skeð, að fólkið, sem við landbúnað vinnur. hefur unnið vel og oft langan vinnudag, og að landbúnaðurinn hefur tekið í þjónustu sína þá tækni, sem er bezt og dugar bezt við framleiðsluna. Þannig mun íslenzkur landbúnaður vera betur vélvæddur en landbúnaður hjá jafnvel nágrannaþjóðum okkar. Og ræktunin hefur stöðugt haldið áfram að aukast. Það er vissulega gott til þess að vita, að við eigum blómlegan landbúnað, sem hefur mikil vaxtarskilyrði, þar sem líklegt má telja, að um næstu aldamót muni landsbúar verða um 350 þús. talsins. Samkv skýrslu, sem ég hef í höndum, er það svo, að 1955—1956 voru 5176 býli í landinu, 1957—1958 5168. 1958—1959 5078, 1959—1960 5159 og 1960—1961 5266. Það er talsvert um það, að jarðir fari í eyði og séu lagðar undir aðrar jarðir, en í skarðið kemur þá það, sem almennt er kallað nýbýli á vegum nýbýlastjórnar, þannig að bændunum fækkar ekki, þrátt fyrir það að einstöku jarðir leggist í eyði. Út í það skal ég ekki nánar fara, en ég vildi segja það, að miðað við það, að þjóðinni fjölgar, og miðað við það gildi, sem landbúnaðurinn á í

þjóðlifinu og mun eiga, mundi það vera slæmt, ef bændunum héldi áfram að fækka, og ég er reyndar ekki í nokkrum vafa um það, að nú erum við komnir í botn hvað þetta snertir og straumurinn mun snúast við aftur og bændur setjast að í sveitinni, þeir sem nú eiga heima við sjávarströndina. Og ekki er að efast um það, að nóg höfum við landið til ræktunar. Það var talið, að á landnámsöld væru 50 þús. ferkm samfellt gróðurlendi, en nú sé þetta aðeins 25 þús. ferkm. Það er talið, að milli 44 og 45 þús. ferkm séu undir 400 metrum yfir sjávarmáli, sem má teljast gott til ræktunar. Og þegar það er athugað, að við höfum ekki enn ræktað nema 85 þús. hektara eða 850 ferkm, aðeins tæplega fimmtugasta hluta af því landi, sem vel er ræktanlegt, þá getum við gert okkur ljóst, hversu möguleikarnir eru miklir í landbúnaðinum, og fyrir fjölgandi þjóð er vissulega gott að vita til þess.

Nautgripum í landinu hefur fjölgað mjög mikið, enda talar nú enginn lengur um samdrátt. Það má geta þess, að 1901 voru 25674 nautgripir, 1950 44505 og í árslok 1962 54744, og mjólkurframleiðslan hefur vitanlega vaxið í samræmi við fjölgun nautgripanna og meira. Fyrir bætta meðferð og aukna ræktun er það vitanlega meira, sem kemur eftir hvern grip.

En mjólkurframleiðslan hefur farið stöðugt vaxandi, síðan tekin var upp þessi nýja stefna að tryggja bændum fullt verð fyrir allt, sem þeir framleiða. Þannig er það, að 1959 er mjólkurframleiðslan 93 millj. 714 þús. lítrar, 1960 97 millj. 672 þús., 1961 108 millj. og 1962 113 millj. 600 þús., og 1963 verður mjólkurframleiðslan talsvert meiri en 1962, þrátt fyrir það að árferðið hafi ekki verið sem bezt. Og ég endurtek það, að þegar þetta er athugað, þessi mikla aukning í framleiðslunni, getur það ekki verið af öðru en því, að landbúnaðurinn hefur tekið í þjónustu sína aukna framleiðni og afkastar ótrúlega miklu. Og mér finnst, að þeir, sem landbúnað stunda, eigi vissulega þakkir skildar frá þjóðarheildinni, einmitt fyrir það, hversu mikill dugnaður hefur verið sýndur hvað þetta snertir. Og það eru vitanlega þáttaskil, síðan núv. ríkisstj. kom til valda, í sambandi við vélvæðingu landbúnaðarins og aukna framleiðni. Við getum vitað það, að það er erfitt fyrir bónda að framleiða mikla mjólk, ef hann hefur ekki mjaltavél, en allt þangað til núv. ríkisstj. kom til valda, var það miklum erfiðleikum bundið að fá mjaltavélar. Það þurfti margs konar leyfi, og það er óhætt að fullyrða, að það var fleirum synjað um leyfi heldur en þeim, sem fengu þær. En það er vitanlega undirstaða að því, að menn geti framleitt mikla mjólk, að hafa mjaltavélar og hafa byggingarnar þannig úr garði gerðar, að það sé sem léttast og auðveldast að vinna við þetta.

Kjötframleiðslan hefur einnig vaxið, vegna þess að nú er ekkert að óttast um, að það verði of mikið framleitt. Það er flutt út, sem ekki er notað í landinu, og það fæst eins gott verð fyrir það.

Áætlað er, að heildarframleiðsla landbúnaðarvara sé um 1500 millj. kr., og er það vissulega mikið miðað við það, að ekki eru fleiri en sagt hefur verið frá, sem að landbúnaðarstörfunum vinna. En framleiðsla landbúnaðarins gæti þó verið miklu verðmætari á margan hátt en hér kemur í ljós, vegna þess að með því að vinna úr vörunni meira og betur en gert hefur verið má jafnvel margfalda verðmæti hennar. Tökum t. d. gærurnar, sem eru ágæt vara, og gærur eru taldar vera í góðu verði nú, en bændum eru ætlaðar í grundvellinum 34 kr. fyrir hvert kg. En ef við ynnum gærurnar í landinu, gætum við fengið tvöfalt það verð. Árið 1961 voru fluttar út gærur saltaðar fyrir rúml. 97 millj. kr. Magnið var 2689 tonn. Sama ár voru fluttar út loðsútaðar gærur fyrir 1 millj. 77 þús. kr., það voru 4.8 tonn. Samkv. mjög góðum heimildum fást ca. 320 kg af loðsútuðum gærum úr einu tonni af söltuðum gærum. Ef allt það magn af gærum, sem að framan er nefnt, er flutt var út 1961, þ. e. 2689 tonn, hefði verið loðsútað, mundi það magn hafa orðið 860 tonn og verðmætið 192 millj. kr., eða helmingi meira en fékkst fyrir söltuðu gærurnar. Magnið er tekið samkv. Árbók landbúnaðarins. Það er athyglisvert þetta, að með því að vinna gærurnar í landinu gætum við fengið a. m. k. helmingi meira verð fyrir þær. Það er þó talið, að fyrir ósunnar gærur fáist 108 kr. stykkið, en fyrir unnu gærurnar 241 kr. stykkið, og sjáum við, að það er reyndar nokkru meira en helmingi meira.

Ef við tökum ullina, verður dæmið enn hagstæðara með því að vinna hana í landinu heldur en selja hana ósunna, eins og við höfum gert. Fullvinnsla íslenzku ullarinnar gefur feiknalega mikla möguleika til aukinnar verðmætasköpunar. Hingað til hefur það þó dulizt öðrum en sérfræðingum, hverjir möguleikar liggja í því, ef hægt væri að finna upp aðferð til þess að skilja þelið frá toginu. Yrði þá þelið notað í finni vörur, kjóla, kápur og því um líkt, en togið í áklæði, teppi, skjólfatnað o. s. frv. Lauslega athugað mundi fullkomin verksmiðja til þess að framkvæma þann aðskilnað kosta um 150 millj. kr., eftir að búið væri að finna aðferðina. Möguleikunum, sem í þessu felast, má lýsa á eftirfarandi hátt, og er þá miðað við, að ullarframleiðsla landsmanna sé 850 tonn: Ósunnin og óaðskilin ull, 60 kr. pr. kg, þ. e. 51 millj. kr. Ósunnin, en aðskilin ull, þ. e. tvöföld verðmætisaukning, varlega reiknað 102 millj. Aðskilin og unnin sem garn, yfirleitt mun reiknað með tvöföldun á verðmætum með því, það gera 204 millj. Aðskilin og unnin ull sem vefnaður eða prjón 408 millj., þ. e. áttföldun á verðmætinu miðað við það að flytja ullina út eins og við höfum gert áður. Að vísu er áætlað, að kosti um 150 millj. kr. að koma upp verksmiðju til að vinna þetta, en miðað við þá verðmætisaukningu, sem við fáum fyrir ullina með því að fullvinna hana, eru 150 millj. í þessu tilfelli smápeningur.

Ríkisstj. hefur þetta mál til athugunar í samvinnu við norska iðnmrn., og verður væntanlega tekin upp á næstu fjárlög ½ millj. kr., sem skal varið til rannsókna í þessu skyni. Þetta er ákaflega mikilvægt, og einmitt eðlilegt að benda á þetta, þegar rætt er um þátt landbúnaðarins í þjóðarbúskapnum. Og þótt ég hafi hér aðeins talað um ull og gærur, þá má einnig og ekki

síður minnast á önnur skinn, og ég get upplýst það, að ríkisstj. hefur það einnig til athugunar, á hvern hátt mætti gera alla skinnaframleiðsluna margfalt verðmætari en hún er með því að flytja skinnin út ósunnin. Við vitum einnig um kindagarnirnar, að með því að vinna þær og hætta að flytja þær út eins og við gerum mætti margfalda verðmæti þeirra.

En við Íslendingar eru ungir að árum að því leyti að taka okkur tæknina á vald á öllum sviðum, og á iðnaðarsviðinu erum við hvað yngstir í þessu tilliti, og við skulum ekkert syrgja það, þótt við séum tiltölulega skammt á veg komnir að þessu leyti. Við skulum miklu frekar fagna því, að við höfum komið auga á möguleikann til þess að margfalda verðmæti framleiðslu okkar, og það er vitanlega fyrsta skilyrðið til þess, að unnið verði að þessum málum, að gera sér grein fyrir möguleikunum. Og núv. ríkisstj. hefur gert sér grein fyrir möguleikunum og hefur þegar byrjað athuganir og rannsóknir á þessum sviðum, en það er fyrsta sporið, sem þarf að gera, og í þjóðhagsáætluninni er gert ráð fyrir mikilli aukningu í iðnaði og landbúnaði, enda þótt við hljótum að vera mjög skammt á veg komnir á árinu 1966 í þessu tilliti, þar sem rannsóknir t. d. á ullinni eru aðeins að byrja og allt hlýtur að taka sinn tíma, sem þróun þarf að hafa. Landbúnaðurinn skilar miklu í þjóðarbúið, en hann mun þó eiga eftir að skila miklu meira tiltölulega en hann hefur gert fram að þessu, m. a. vegna þess að við höfum ekki enn nýtt landbúnaðarframleiðsluna eins vel og við gætum gert.

Um till. þeirra framsóknarmanna er í rauninni óþarfi að fara mörgum orðum, og ég veit, að hv. framsóknarmenn gera sér grein fyrir því, þegar þeir fara að athuga málið, að í rauninni er ekki frambærilegt að koma með till. eins og þessa hér á hv. Alþingi undir því yfirskini, að það eigi að fara að betrumbæta þá þjóðhagsáætlun, sem fyrir liggur og unnin er af færustu mönnum samkv. beiðni ríkisstj., undir því yfirskini, að það mætti takast að auka framleiðni og hagvöxt með því að skrifa á blöð nýja áætlun. Ef ríkisstj. hefði sofið á verðinum, ef ríkisstj. hefði ekkert hafzt að, enga þjóðhagsáætlun látið gera, enga grein gert sér fyrir því, hvaða möguleika þjóðarbúið hefur og hinar ýmsu atvinnugreinar, hefði verið þörf á að flytja till. eins og þessa, eða eitthvað í þá átt.

Hv. 3. þm. Reykv. hefur tekið til máls í sambandi við þessa till., og hann furðaði sig á því, að hún skyldi vera komin úr herbúðum framsóknarmanna, vegna þess að þeir hafi alltaf verið á móti áætlanagerð. En þessi hv. þm., 3. þm. Reykv., hefur nú lýst því svo myndarlega, hvernig hv. framsóknarmenn eru, þegar þeir eru í ríkisstj., og hvernig þeir eru, þegar þeir eru utan stjórnar, hann hefur lýst því ágætlega, hvernig þessi hamskipti eiga sér stað. Og það gerist ekki aldeilis hljóðalaust. Það hefur skeð margt broslegt í sambandi við stjórnarandstöðuna, síðan framsóknarmenn hv. komust í stjórnarandstöðu, því að þeir hafa yfirleitt í hverju máli, sem ríkisstj. hefur komið með, komið með gagntill. og skrifað ávísun á ríkissjóðinn. Ríkissjóðurinn skal borga.

Mér fyrir mitt leyti fyndist það enginn löstur á hv. framsóknarmönnum, þótt þeir breyttu um skoðun, og mér finnst það alveg geta verið samrýmanlegt, að þótt hv. framsóknarmenn hafi verið á móti áætlanagerð í þjóðarbúskapnum fyrir 5 árum, þá gæti það verið alveg heilbrigt, að þeir væru með því nú, ef það væri fyrir skoðanaskipti eftir heilbrigða athugun, eftir heilbrigt mat á ástandinu í þjóðmálunum. Og ég er alveg sannfærður um það, að áætlunargerð getur verið nauðsynleg, er nauðsynleg og leiðbeinandi fyrir þá, sem með völdin fara, enda þótt það sé aldrei unnt að fylgja því alveg bókstaflega, og framleiðsluaukningin vitanlega verður alveg jafnmikil, þótt ekki sé gert ráð fyrir í þjóðhagsáætlun ríkisstj. nema 4%, þá vitanlega getur hún alveg eins farið upp í 5 eða 6%, ef aflabrögðin verða þannig, vegna þess að það hefur aldrei gerzt áður, að það hafi verið gerðar slíkar ráðstafanir til þess að nýta aflann eins og einmitt nú, nýta alla þá möguleika, sem fyrir hendi eru.

Ég sagði áðan, að fataskipti hv. framsóknarmanna hafi á ýmsan hátt borið broslega að í yfirboðum, og af því að ég minntist nú á það, þá kannske er ætlazt til, að ég finni orðum mínum einhvern stað frekar en orðið hefur. Það er þó ekki beinlínis ástæða til þess, vegna þess að þetta er nú öllum kunnugt, og ég sé, að hv. þm., sem stendur hér á móti mér, brosir að því með sjálfum sér, hvernig þetta hefur getað átt sér stað hjá hv. framsóknarmönnum. En mér er sérstaklega minnisstætt, þegar hv. framsóknarmenn eru að tala um viðreisn lánasjóða landbúnaðarins. (**ÁB:** Nýja skattinn.) Hv. 1. þm. Vesturl. talar um skatt, þegar rætt er um búvörugjald til stofnlánadeildar landbúnaðarins, en þegar rætt er um það, sem borgað er til bændahallarinnar, þá er það ekki skattur, þá er það framlag frá bændum til framtíðarinnar, eins og hann hefur sjálfur orðað það, það er ekki skattur. Nei, það er ekki skattur að borga taprekstur af hóteli í Reykjavík, en það er skattur að byggja upp lánastofnun fyrir landbúnaðinn, lánastofnun, sem fær frá ríkinu miklu stærri upphæð en það, sem bændurnir greiða, og neytendur hafa möglunarlaust tekið á sig að greiða 0.75% af landbúnaðarverðinu í stofnlánadeildina. En það eru sumir bændur, sem eru að reyna að ala á óánægju innan stéttarinnar af pólitískum ástæðum með þetta gjald. Og það er enginn vafi á því, að þótt hv. framsóknarmenn af pólitískum ástæðum reyni að ala á óánægju hjá bændastéttinni fyrir þetta nú, þá mun framtíðin sanna það, að hér var rétt að farið, og stofnlánadeildin með þeirri uppbyggingu og þeim föstu tekjum, sem henni hafa nú verið tryggðar, mun verða sú lyftistöng, sem landbúnaðurinn nauðsynlega þarf að fá, til þess að hann geti þróazt í þjóðfélaginu, eins og æskilegt er fyrir þjóðarheildina. Og hvernig halda menn, að landbúnaðurinn væri staddur í dag með sín lánamál, ef fyrir 20 árum og jafnvel ekki nema fyrir 10 árum hefðu verið sett lög svipuð sem þessi? Það er enginn vafi á því, að hverjir sem komast í ríkisstj., hverjir sem verða í ríkisstj., munu þeir ekki leyfa sér að bregða fæti fyrir uppbyggingu stofnlánadeild-

ar landbúnaðarins með því að svipta hana þeim tekjustofnum, sem henni hafa nú verið tryggðir. Og þegar við ræðum um framleiðni og hagvöxt, þá skulum við gera okkur það ljóst, að fyrsta skilyrðið fyrir hvern atvinnuveg er að hafa greiðan aðgang að lánastofnun, og þótt ekki séu nú nema tæp 2 ár, rúmlega hálft annað ár, síðan lög um stofnlánadeild tóku gildi, er árangurinn þegar kominn í ljós. Lán til landbúnaðarins hafa verið aukin til muna frá því, sem var, og nú er farið að lána út á dráttarvélar, súgþurrkunartæki og hækka lán til annarra sviða landbúnaðarins, þannig að lán til landbúnaðarins hafa hækkað tiltölulega mest frá árinu 1960—1962, þegar miðað er við aðra atvinnuvegi, og hvað halda menn, að verði í þessum málum, þegar stofnlánadeildin hefur starfað, hefur aukizt og eflzt samkv. þeirri löggjöf, sem hér er um að ræða? Sjávarútvegurinn getur ekki misst fiskveiðasjóðinn. Sjávarútvegurinn getur keypt fiskiskip til landsins, vegna þess að fiskveiðasjóður er til, og fiskveiðasjóður hefur verið byggður upp af útflutningsgjaldinu, en ríkissjóður greitt aðeins 2 millj. kr. á ári, sem er ekki nema lítið brot miðað við það, sem sjávarútvegurinn sjálfur hefur greitt til sjóðsins. Og á s. l. þingi voru sett lög til tryggingar og uppbyggingar iðnaðinum, með því að iðnaðurinn tekur á sig að greiða visst gjald af framleiðslunni í iðnlánasjóð, en fær aðeins lítið brot frá ríkinu á móti. Og þannig er það, að þegar við erum að tala um aukinn hagvöxt og aukna framleiðni, er það vitanlega undirstaðan, að það sé einhvers staðar fáanlegt fjármagn, að það sé ekki sú lánsfjárkreppa hjá atvinnuvegunum, eins og var á tímabili í landbúnaðinum, þar sem bændur urðu langtímum saman að bíða eftir lánum, sem voru skorin niður, vegna þess að féð var ekki til.

Á þessu ári hefur stofnlánadeildin afgreitt byggingarlán og önnur lán eftir hendinni, jafnóðum og umsóknir hafa borizt, og biðtíminn, sem áður var ærið langur hjá bændum eftir lánum, er ekki lengur fyrir hendi. Stofnlánadeildin hefur einnig það verkefni að efla veðdeild Búnaðarbankans, sem lengst af hefur verið tóm, og samkv. lögum er henni ætlað að kaupa árlega veðdeildarbréf að upphæð 10 millj. kr. til þess að efla veðdeildina. Enn sem komið er hefur stofnlánadeildin ekki getað notað þessa heimild að fullu, en hefur þó á þessu ári keypt veðdeildarbréf fyrir 5 millj. kr., þannig að það var þó fært að hækka lán úr veðdeild til jarðarkaupa á þessu ári úr 35 þús. í 150 þús. kr. Og ef hv. 1. þm. Vesturl. hefði nú stutt stjórn, sem hefði gert þetta, þá hefði hann séð ástæðu til að lýsa ánægju sinni yfir þessum aðgerðum, en ég fyrirgef honum það alveg, þótt hann hafi ekki enn sem komið er farið viðurkenningarorðum um ríkisstj. fyrir aukin útlán landbúnaðinum til handa, vegna þess að ef hann gerði það, mundi það valda merkingartruflunum og mótsögnum það miklum, að það er ekki eðlilegt, að hann geri slíkt.

Það er ekki heldur um það að ræða hér, hvort ríkisstj. eða öðrum er þakkað fyrir það, sem hefur verið gert, en til þess verður að ætlast af reyndum mönnum, sem hafa setið lengi á Alþingi, að þeir leitist við að líta raunhæfum augum á málið og sanngjörnum og gera sér grein fyrir því viðhorfi, eins og það er. Og einmitt það, sem mestu máli skiptir með landbúnaðinn, er, að með lögum um stofnlánadeild hefur verið lagður hornsteinn að eflingu landbúnaðarins, ekki bara í nútíð, heldur um alla framtíð, því að þessi sjóður mun vaxa ár frá ári og verða eftir tiltölulega fá ár ein öflugasta lánsstofnun í landinu. Og það væru vissulega fjörráð við landbúnaðinn, ef þeim, sem nú tala yfir sig gegn þessum lögum, tækist það, sem aldrei skeður, að skemma þessa lagasetningu. Þá væru það vissulega fjörráð við landbúnaðinn. Og við skulum gera okkur grein fyrir því, að þótt margt hafi breytzt til batnaðar í tíð núv. ríkisstj. og víða megi sjá fé í stofnunum og sjóðum, sem áður voru tómir, þá eru samt sem áður takmörk fyrir því, hversu háar ávísanir má skrifa á ríkissjóðinn hverju sinni. Og við skulum minnast þess, að síðasta árið sem framsóknarmenn áttu fjmrh. í ríkisstj., eftir að gengið hafði raunverulega verið fellt um 55% vorið 1958, sá hæstv. fjmrh. Framsfl. sér ekki fært að hækka framlag til lánasjóða Búnaðarbankans úr 4 millj., sem það hafði lengi verið, heldur var frv. til fjárl. fyrir árið 1959 flutt með þessari sömu upphæð. Það var vitanlega vegna þess, að það vantaði þá fé, að allir sjóðir voru tómir, að þetta var ekki gert, en þess vegna má það merkilegt heita, að hv. framsóknarmenn skuli nú í dag ekki gera sér grein fyrir því, þótt fjárhagur hafi batnað, að það eru takmörk fyrir því, hvað hægt er hverju sinni að heimta úr ríkissjóði.

Ég sá ástæðu til að fara nokkrum orðum um þá till., sem hér liggur fyrir, og lýsa skoðun minni á henni, og ég vil endurtaka það, að ég tel þessa till. algerlega óþarfa, þar sem þjóðhagsáætlun ríkisstj. liggur fyrir og þar sem sú þjóðhagsáætlun gerir ráð fyrir að nýta alla þá möguleika, sem fyrir hendi eru, til þess að auka þjóðarhag, framleiðni og þjóðartekjur, og við skulum vona, að hagvöxturinn verði meiri en 4%. Það er vissulega gott, ef það gæti orðið. En það væri ekki aðeins til einskis, heldur gæti verið skaðlegt að reikna með, að hagvöxturinn yrði 5—6%, og byggja svo aðrar áætlanir á því til útgjalda og svo brygðist þessi áætlun og hagvöxturinn yrði ekki nema 4%. Með því móti gæti ýmsu verið stefnt í hættu og leitt til þess, að við yrðum að fara að stíga spor aftur á bak. Og ég vil vona, að hv. framsóknarmenn hafi nú þegar gert sér grein fyrir þessu. Till. þessi hefur verið flutt, við skulum segja hreinskilnislega: í áróðursskyni, og það út af fyrir sig er mannlegt og ekkert við því að segja. En það væri vitanlega enn mannlegra og stórmannlegra að viðurkenna hreinskilnislega, að till. eftir atvikum og nánari athugun sé algerlega óþörf.

Umr. frestað.

Á 24., 25., 59., 68., 70. og 73. fundi í Sþ., 4. og 11. des., 8., 22. og 29. apríl, 6. maí, var till. tekin til frh. fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

8. Héraðsskólar.

Á deildafundum 28. okt. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um nýja héraðsskóla o. fl. [44. mál] (A. 45).

Á 8., 15. og 18. fundi í Sþ., 30. okt., 13. og 20. nóv., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 30. fundi í Sþ., 18. des., var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Á þskj. 45 flytjum við nokkrir þm. úr Framsfl. till. til þál. um nýja héraðsskóla o. fl. Ég vil leyfa mér að lesa tillgr., en hún hljóðar þannig:

„Alþingi ályktar að kjósa 5 manna mþn., er kanni aðstæður unglinga í sveitum og þorpum til gagnfræða- og miðskólanáms og einkum, hver þörf einstakra sýslna eða landshluta er fyrir nýja eða stærri héraðsskóla eða aðra gagnfræðaskóla. Jafnframt skal n. athuga þörf dreifbýlisins fyrir heimavistarbarnaskóla eða heimangönguskóla eftir staðháttum og einnig með hverju móti megi tryggja á viðunandi hátt, að börn og unglingar í dreifbýli fái stundað skólanám til 15 ára aldurs."

Hlutverk umræddrar mþn. yrði samkv. þessu í aðalatriðum: Í fyrsta lagi að kanna þörfina fyrir nýja héraðsskóla eða aðra gagnfræðaskóla í sveitum og þorpum. Í öðru lagi að athuga þörf dreifbýlisins fyrir nýja barnaskóla. Og í þriðja lagi að athuga, hvernig hægt sé að tryggja, að börn í dreifbýlinu fái stundað skólanám til 15 ára aldurs.

Á síðasta þingi flutti ég þáltill. um stofnun héraðsskóla í Eyjafjarðarsýslu vegna mjög brýnna þarfa Eyfirðinga á slíkum skóla, en í ljós kom, sem raunar gat ekki dulizt, að vöntun héraðsskóla var ekki bundin við Eyjafjörð einan, heldur áttu margar sýslur við sömu erfiðleika að etja í sambandi við almenna framhaldsmenntun unglinga. Það varð því að ráði, að við tillögumenn sameinuðumst um flutning þessarar till., sem ætlað er allvíðtækt svið, að því er varðar skólamál dreifbýlisins.

Svo sem kunnugt er, starfa alls 8 svonefndir héraðsskólar í landinu. Upphaflega voru héraðsskólarnir sveitagagnfræðaskólar með sérstöku sniði og eiga flestir rætur að rekja til lýðskólanna eða alþýðuskólanna, sem stofnaðir voru um og eftir aldamótin og oft að forgöngu einstakra manna. Hugmyndin um alþýðuskóla í sveit er orðin gömul, og má telja, að meðal þess fyrsta, sem fram kemur í þeim efnum, séu nokkur frv., sem flutt voru á Alþingi 1887, þó að þau leiddu þá ekki til lagasetningar. Elzti skóli, sem mér er kunnugt um að hafi starfað sem eins konar héraðsskóli og þá fyrirrennari annarra alþýðuskóla, er Heydalsskólinn í Strandasýslu, sem stofnaður var 1897 og starfaði nokkur ár. Hjarðarholtsskóli séra Ólafs Ólafssonar var stofnaður upp úr aldamótum og starfaði lengi, meðan séra Ólafs naut við. Hvítárbakkaskóli var stofnaður 1905 og Núpsskóli í Dýrafirði 1905. Tveir þessir síðasttöldu skólar nutu forustu ágætra skólamanna, Sigurðar Þórólfssonar og séra Sigtryggs Guðlaugssonar. Alþýðuskólinn á Eiðum hóf starf sem slíkur árið 1918, eftir að búnaðarskólinn var lagður niður, og síðar verða til Laugaskóli í Suður-Þingeyjarsýslu árið 1924, en undanfari hans var alþýðuskóli Arnórs Sigurjónssonar, og Laugarvatnsskólinn árið 1928.

Árið 1929 voru sett lög um héraðsskóla, og komu undir þau lög allir þeir skólar, sem þá voru starfandi í sveitunum, og þeir, sem síðan urðu til. Héraðsskólalögunum var nokkuð breytt 1940, án þess þó að grundvelli þeirra og markmiði væri haggað. Samkv. l. um héraðsskóla voru skólarnir sjálfseignarstofnanir, en ákveðið, hver hluttaka ríkissjóðs og sýslnanna skyldi vera. Í eldri héraðsskólalögunum var um helmingaskipti að ræða milli ríkis og sýslna um eign og rekstur skólanna, en 1940 var hlutföllunum breytt þannig, að ríkið lagði fram ¾, en sýslur ¼, enda kom í ljós, að sýslurnar áttu í vaxandi erfiðleikum með að rísa undir stærri hlut, og síðan hefur sótt æ frekar í það horf að gera skólana að algerum ríkisskólum, hvað stofnun og rekstur snertir, og má telja þá þróun eðlilega, eftir að héraðsskólalögin voru í rauninni afnumin með l. um gagnfræðanám frá 1946. En samkv. þeim eru héraðsskólarnir felldir inn í almenna skólakerfið sem hverjir aðrir gagnfræðaskólar eða miðskólar, og má segja, að munur á námsskrá héraðsskóla og annarra gagnfræðaskóla sé nú horfinn og samheitið héraðsskóli hefur því ekki alveg sama gildi og áður var.

Að vísu eru héraðsskólarnir staðsettir í sveitum og jafnframt heimavistarskólar, svo sem verið hefur frá fyrstu tíð, og það markar skólunum nokkra sérstöðu enn í dag. Og venja er enn að nefna skólana héraðsskóla og engin ástæða til þess að amast við því, þó að rétt sé að gera sér grein fyrir þeim breytingum, sem orðið hafa á grundvelli þeirra og starfsemi. Við flm. göngum út frá því, að stöðu héraðsskólanna í skólakerfinu verði ekki breytt frá því, sem nú gildir. Ekkert slíkt felst a. m. k. í þessari till. Höfuðatriði till., að því er héraðsskólana varðar, er það, að kannað verði, hver þörf sé fyrir nýja héraðsskóla í landinu, og þá jafnframt, hvort ekki sé þörf á að stækka þá skóla, sem fyrir eru, því að e. t. v. felst einnig í því nokkur úrbót á þeim vanda, sem við er að stríða. Nú um nokkurra ára skeið hefur ástandið verið þannig, að héraðsskólarnir átta hafa verið fullsetnir og að auki orðið að vísa frá nemendum svo að hundruðum skiptir. Ekki liggur fyrir ákveðin tala um það, hversu mörgum hefur verið vísað frá skólunum sakir þrengsla, en samkv. viðtölum, sem við flm. höfum átt við skólastjórana, er það sammæli þeirra, að ófullnægðar umsóknir skipti hundruðum, eins og við höfum leyft okkur að halda fram í grg. Annars tel ég, að það yrði hlutverk og eitt af verkefnum mþn. að kanna þessar tölur.

Um þörf einstakra héraða fyrir héraðsskóla verður ekki efazt. Ég gat m. a. um þörfina í Eyjafjarðarsýslu og gerði nákvæma grein fyrir henni í fyrra í framsöguræðu fyrir till. minni um héraðsskóla þar, og skal ég ekki orðlengja það frekar, en vil þó vísa til þess, sem ég þá sagði, og einnig þess, að sterk og mjög ákveðin hreyfing er nú vakin í Eyjafirði fyrir því að koma upp héraðsskóla í sýslunni. Sömu sögu er að

segja í Skagafirði. Þar er tilfinnanlegur skortur á héraðsskóla og áhugi mikill heima fyrir um að hrinda skólamálinu í framkvæmd. Í Norður-Þingeyjarsýslu hafa framhaldsskólamálin verið til umr. nú sérstaklega í haust, og að því er ég hef frétt, eru uppi till. í málinu, sem telja má að leysi vanda Norður-Þingeyinga, a. m. k. í bili. Hygg ég að þannig megi fara um landið þvert og endilangt og finna alls staðar brýna þörf fyrir nýja skóla gagnfræðastigsins. Fjölgun héraðsskólanna er því tvímælalaust bráðaðkallandi, fyrst og fremst vegna sveitanna, en einnig vegna þorpanna, sem næst liggja, því að þar eru aðstæður til almennrar framhaldsmenntunar víða mjög ófullnægjandi og óviðunandi í sumum tilfellum. Þarf ekki síður að hyggja að þörfum þeirra en annarra hluta sýslnanna, enda hefur sú venja skapazt, að unglingar úr sjávarplássum hafa sótt nám í héraðsskólum, eftir því sem aðstæður hafa leyft. En í sambandi við þetta mál ber þó að hafa í huga, að sums staðar kann að vera ástæða til að efna til sérstakra gagnfræða- eða miðskóla í þorpunum, og þarf það einnig sinnar athugunar við, og vil ég taka það fram, að það vakir einmitt fyrir okkur flm. þessarar till., að það mál verði athugað jafnframt.

Á það er bent í grg., að mjög algengt sé, að unglingar úr kaupstöðum, þ. á m. í Reykjavík, óski eftir inngöngu í héraðsskólana, en eins og aðstæður nú eru í skólunum, verður að sjálfsögðu að vísa slíkum umsækjendum frá í mjög stórum mæli. Þessi mikla aðsókn kaupstaðarunglinga að héraðsskólunum bendir ótvírætt til þess, að kaupstaðarfólk hafi trú á þeim sem góðum mennta- og uppeldisstofnunum, og því finnst okkur flm., að þetta bendi enn frekar til nauðsynjar fleiri héraðsskóla, og raunar full ástæða til þess að halda því fram, að fjölgun héraðsskóla mætti sitja í fyrirrúmi í sambandi við gagnfræðaskólabyggingar á næstu árum. Má á það benda, að ekki hefur verið reistur nýr héraðsskóli síðan 1949, er Skógaskóli tók til starfa, en að sjálfsögðu hefur þá verið unnið að endurbótum og breytingum á eldri héraðsskólum á þessu tímabili, og hefði þó þurft að gera meira.

Ég skal láta staðar numið um þennan þátt till., sem má telja höfuðatriði hennar, þótt önnur atriði séu ekki síður mikilvæg og þá einkum það, sem lýtur að því að kanna þörf dreifbýlisins fyrir nýja barnaskóla. Eins og rakið er í grg. og raunar er öllum hv. þm. kunnugt, er verulegur munur á framkvæmd skólagöngu sveitabarna og barna í kaupstöðum. Í kaupstöðum eru undantekningarlaust starfandi fastir barnaskólar með fjölmennu starfsliði og víða allfullkominni starfaskiptingu milli kennara. Kaupstaðabörn sækja barnaskóla sinn frá 7 ára aldri og skólagöngu lýkur með barnaprófi, þegar barnið er 13 ára, og síðan er þeim skylt að vera tvo vetur í neðstu bekkjum gagnfræðastigsins og enda þau þá skyldunám sitt með svonefndu unglingaprófi 15 ára gömul.

Í dreifbýlinu er skólaganga barnanna ekki með þessum hætti að öllum jafnaði. Þar hefja börn víða ekki skólanám fyrr en þau eru orðin 10 ára, en foreldrum þeirra er þá skylt að annast fræðslu þeirra heima frá 7 ára aldri undir eftirliti kennara skólahverfisins. Skólagöngu sveitabarna lýkur að jafnaði, þegar þau eru 14 ára. Af þessu sést, að skólaskyldan er misjafnlega löng eftir því, hvort um er að ræða sveitir eða kaupstaði. Hún er frá 7—15 ára í kaupstöðum, en víða í sveitum frá 10—14 ára. Þá er þess að gæta, að í mörgum sveitum eru engin föst skólahús, heldur búið við farkennslu og oft í ófullkomnum húsakynnum. Ég skal láta það ógert að gagnrýna þetta fyrirkomulag sterkum orðum, en að mínum dómi getur það tæplega talizt til fyrirmyndar, því að frumstætt má það teljast.

Nú finna menn það æ betur, að hér er úrbóta þörf, og það er tvímælalaust mikil nauðsyn að fjölga barnaskólum í dreifbýlinu. Víða verður vegna staðhátta að efna til heimavistarbarnaskóla, en vissulega er ekki síður æskilegt að koma upp heimangönguskólum, þar sem staðhættir leyfa, því að heimavistarskólar handa börnum eru ekki annmarkalausir, að því er ýmsir telja, og ekki ástæða til að hafa þá fleiri en nauðsyn krefur. Mitt álit er það, að barnafræðsla í sveitum komist ekki í gott horf, fyrr en skólabyggingarmálin hafa verið endurskoðuð og fleiri skólar reistir.

Eins og ég gat um áðan, eru kaupstaðabörn skólaskyld til 15 ára aldurs, en sveitabörn og börn í fjöldamörgum þorpum ljúka skólaskyldu 14 ára. Ég er sannfærður um það persónulega, að dómur framtíðarinnar verður sá, að þessum mun á skólaskyldu verði að eyða. Stefnan hlýtur óhjákvæmilega að verða sú, að sama skólaskylda gildi jafnt í bæjum og sveitum. Ég held líka, að tími sé kominn til þess að gera athugun á því, hvernig því verði við komið, að þessi munur á skólaskyldu verði jafnaður, þannig að börn í dreifbýlinu geti stundað skólanám til 15 ára aldurs. Með tilliti til þess er það ákvæði í tillgr., sem síðast getur í 2. mgr.

Ég hef þá gert grein fyrir efni og tilgangi þessarar till. til þál. og vænti þess eindregið, að hún fái hér í þinginu þá fyrirgreiðslu, sem mikilvægi málsins krefst. Ég hygg, að það hafi verið ákveðnar tvær umr. um till. og ég vil því leyfa mér að leggja til, herra forseti, að till. verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og til allshn. með 33 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Sþ., 29. apríl, var till. tekin til síðari umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 73. fundi í Sþ., 6. maí, var till. aftur tekin til síðari umr. (A. 45, n. 456 og 477).

Frsm. meiri hl. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Til allshn. hefur verið vísað till. til þál. á þskj. 45 um nýja héraðsskóla o. fl. Meiri hl. n. hefur í áliti sínu á þskj. 456 lagt til, að þáltill. þessari verði vísað til ríkisstj.

Með till. þessari er út af fyrir sig hreyft góðu og gagnlegu máli. En meiri hl. getur ekki fallizt á að láta kjósa fimm manna mþn. til að framkvæma athuganir og undirbúning í þessum

efnum, þar sem þetta undirbúningsstarf hefur þegar verið af hendi leyst að mestu leyti af fræðslumálaskrifstofunni. Till. er m. ö. o. óþörf.

Fyrri hluti þáltill. þessarar er á þá leið, að Alþingi kjósi fimm manna mþn., er kanni aðstæður unglinga í sveitum og þorpum til gagnfræða- eða miðskólanáms og einkum, hver þörf einstakra sýslna eða landshluta er fyrir nýja eða stærri héraðsskóla eða aðra gagnfræðaskóla.

Um þennan þátt till. segir fræðslumálastjóri m. a. í umsögn sinni:

„Áður en hafizt verður handa um byggingu nýrra héraðsskóla, tel ég eiga að gera þá skóla, sem fyrir eru, svo vel úr garði, m. a. með viðbyggingu, sem þarf til þess, að þeir geti tekið þann nemendafjölda, sem hæfilegur getur talizt í slíkum skólum, þ. e. allt að 150 nemendur. Þess skal getið, að í athugun er hjá fræðslumálaráði Norður-Þingeyjarsýslu að nota einn af heimavistarbarnaskólunum við Axarfjörð til miðskólahalds, og ráðagerðir eru uppi um það í innanverðum Eyjafirði að koma þar upp unglingaskóla, er geti síðar orðið héraðsskóli, ef henta þykir."

Þetta var úr umsögn fræðslumálastjóra.

Síðari hluti þáltill. er á þá leið, að mþn. athugi þörf dreifbýlisins fyrir heimavistarbarnaskóla eða heimangönguskóla eftir staðháttum og einnig með hverju móti megi tryggja á viðunandi hátt, að börn og unglingar í dreifbýli fái stundað skólanám til 15 ára aldurs. Undirstöðuatriði til að tryggja skólagöngu barna í dreifbýlinu til 15 ára aldurs er að sjálfsögðu það að sameina hreppana um byggingu nægilega stórra skóla og að auka fjárframlög til skólabygginga. Eigi þarf að kjósa mþn. til að koma auga á svo ljós atriði.

Um þennan síðari lið till. segir fræðslumálastjóri svo í umsögn sinni:

„Það eru hartnær 30 ár síðan farið var að vinna að því fyrir atbeina fræðslumálastjórnarinnar að sameina sem flesta hreppa í sveitum landsins um hæfilega heimavistarbarnaskóla, þ. e. að þar verði hæfilegt starf fyrir 3—5 fasta kennara. Má nú segja, að fyrir liggi áætlun um skipan hreppa á öllu landinu í skólahverfi, og hafa þegar verið byggðir sex skólar, sem hver um sig er fyrir 3—7 hreppa, og fé þegar veitt til 4 sameiningarskóla að auki, og von er á fleiri sams konar skólum á næstu árum."

Enn fremur segir fræðslumálastjóri:

„Með byggingu heimavistarbarnaskóla, er rúmar 50—60 nemendur í einu, þ. e. 100—120 nemendur yfir veturinn, er gert ráð fyrir því, að unnt verði að annast þar þá barna- og unglingafræðslu, sem nær til 15 ára aldurs. Í fámennari skólum verður þetta erfitt, en þar þarf til að koma mjög aukinn styrkur til þeirrar unglingafræðslu, sem styrkt hefur verið með sérstakri fjárveitingu úr ríkissjóði."

Í framhaldi af þessum orðum fræðslumálastjóra má benda á þáltill. á þskj. 335 um endurskoðun á reglum um unglingafræðslu utan kaupstaða, sem Alþingi hefur nú samþykkt.

Niðurlagsorðin í umsögn fræðslumálastjóra eru á þessa leið:

„Með framanrituðu vildi ég sýna fram á, að um margra ára skeið hefur verið unnið að flestu því, sem mþn. skv. þáltill. er ætlað að gera, og meginniðurstöður um þessi mál eru ýmist þegar fyrir hendi eða nærtækar."

Af því, sem ég hef rakið hér að framan, tel ég það liggja ljóst fyrir, að það er hlutverk fræðslumálastjórnarinnar að leysa þau verkefni, sem hv. flm. till. vilja fela mþn., og að fræðslumálastjórnin hefur þegar leyst þessi verkefni af hendi í meginatriðum.

Í nál. minni hl. er vitnað til umsagnar frá Fjórðungssamböndum Norðlendinga og Vestfirðinga til stuðnings við till. Þessar umsagnir verða að skoðast í því ljósi, að þeim aðilum, er umsagnirnar gefa, var alls ekki nægjanlega vel kunnugt um það, hvað fræðslumálastjórnin hafði gert í þessum efnum. Í umsögninni frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga er undirstrikuð nauðsyn þess að koma á fót héraðsskóla á Reykhólum. Alþingi var nú rétt í þessu að samþ. þáltill., sem allshn. mælti með, um eflingu byggðar á Reykhólum, en einn þáttur þeirrar till. fjallar um athugun á stofnun héraðsskóla þar á staðnum.

Meiri hl. allshn. telur rétt að vísa þáltill. þeirri, sem hér er til umr., til ríkisstj. í trausti þess, að stjórnarvöld skólamála muni hér eftir sem hingað til leysa vel af hendi þau verkefni, sem í till. felast, og að ríkisstj. muni halda áfram þeirri stefnu, sem hún hefur markað í skólamálum, að bæta mjög skólakost landsmanna og auka sífellt fjárframlög til nýrra skólabygginga.

Frsm. minni hl. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Eins og fram kom af máli hv. síðasta ræðumanns, frsm. meiri hl. allshn., þá hefur allshn. ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Við, sem undirskrifum nál. á þskj. 477, leggjum til, að till. verði samþ., en meiri hl. vill vísa henni til ríkisstj.

Allshn. leitaði álits nokkurra aðila um þetta efni, þ. e. fræðslumálastjóra og fjórðungssambandanna, og svör bárust frá tveim fjórðungssamböndum, þ. e. Fjórðungssambandi Norðlendinga og Fjórðungssambandi Vestfirðinga, og fræðslumálastjóra, en ekki frá hinum tveim fjórðungssamböndunum.

Formenn fjórðungssambandanna, sem undirrita umsagnirnar, mæla báðir með samþykkt till. Í umsögn Magnúsar Guðjónssonar bæjarstjóra á Akureyri, formanns Fjórðungssambands Norðlendinga, segir, að hann telji þá könnun og athugun, sem ráðgerð er í þessari þáltill., mjög í anda þeirra samþykkta, sem þing fjórðungssambandsins hafi gert á undanförnum árum í skóla- og fræðslumálum, — bætir því síðan við, að persónulega telji hann, að þessi athugun þyrfti að vera viðtækari, þar sem hann telur að þyrfti að athuga aðstæður unglinga í sveitum og þorpum til iðnnáms, og er það vissulega mjög athyglisvert, þó að þessi till. fjalli ekki sérstaklega um það.

Í svari Fjórðungssambands Vestfirðinga — Sturla Jónsson undirritar það — segir, að hér sé mikið nauðsynjamál á ferð. Allir, sem eitthvað fylgist með fræðslumálum, viti, að aðsókn að héraðsskólum sé langt umfram það, sem skólarnir taki. Þess vegna sé brýnasta þörf á því að fjölga þeim.

Hv. frsm. meiri hl. vísaði til umsagnar fræðslumálastjóra máli sínu til stuðnings, en eins og hann réttilega tók fram, þá er till. aðallega í tveim liðum og fjallar annars vegar um að auka eða bæta aðstöðu til náms í héraðsskólum og hins vegar að rannsaka þörf dreifbýlisins fyrir heimavistarbarnaskóla.

Um fyrra atriðið vísaði hv. frsm. til annars liðar í umsögn fræðslumálastjóra, þar sem hann segir, að áður en hafizt verði handa um byggingu nýrra héraðsskóla, þá telji hann, að gera eigi þá skóla, sem fyrir eru, svo vel úr garði, m. a. með viðbyggingum, að þeir geti tekið þann nemendafjölda, sem hæfilegur getur talizt í slíkum skólum.

Þessi leið, sem fræðslumálastjóri bendir á þarna, er eitt af því, sem umrædd till. fjallar um, því að þar er einmitt sagt: „hver þörf einstakra sýslna eða landshluta er fyrir nýja eða stærri héraðsskóla eða gagnfræðaskóla," þannig að þessi liður umsagnar fræðslumálastjóra felur ekki í sér neinn ómöguleika á því að samþykkja till., nema síður sé.

Um hitt atriðið, barnafræðsluna, var vísað til 3. liðar í svari fræðslumálastjóra, þar sem hann segir, að það séu hartnær 30 ár, síðan hann og hans skrifstofa eða það embætti, sem hann veitir forstöðu, hafi farið að vinna að því að sameina skólahéruðin. Eftir 30 ára starf hefur ekki meira áunnizt en hv. frsm. lýsti, og virðist þá sannarlega ekki vanþörf á því, að eitthvað sé hert á þeirri sameiningu, svo mjög sem nauðsyn kallar á hana.

Hér var í fyrri framsöguræðu mjög vitnað til þess, sem Alþingi hefði gert nú a. m. k. í dag í þessum málum. Ég vil leyfa mér að vekja athygli á því, að sú till., sem hér er til umr., er ein af fyrstu þáltill., sem lagðar voru fyrir hv. Alþingi á þessu hausti. Það er alveg rétt, sem hv. frsm. meiri hl. sagði, að nokkuð hefur verið gert einmitt af því, sem þessi till. fjallar um, og sýnir það þá, að hún hefur ekki að ófyrirsynju verið borin fram, en miklu meira er þó ógert, og þess vegna er það, að við í minni hl. allshn. leggjum áherzlu á, að till. verði samþ.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að hafa lengri framsögu fyrir nál. okkar, en ég ítreka það aðeins að lokum, að það mun vera staðreynd, sem ekki er á móti mælt og hefur ekki verið á móti mælt hér við afgreiðslu till., að þörf fyrir nýja og aukna héraðsskóla og gagnfræðaskóla utan Reykjavíkur og næsta nágrennis a. m. k. er mjög mikil og að það er knýjandi nauðsyn að ráða bót á henni, til þess að aðstaða unglinga verði sem jöfnust til framhaldsskólanáms, hvar á landinu sem þeir eru búsettir.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Hv. frsm. minni hl. allshn., hv. 11. þm. Reykv. (EÁ), hefur þegar gert ýtarlega grein fyrir afstöðu okkar minnihlutamanna í allshn., sem viljum leggja til, að till. á þskj. 45 verði samþykkt.

Ég vil aðeins leyfa mér að taka undir það, sem hann sagði hér áðan, að það virðist nokkuð einkennilegt, að hv. meiri hl. skuli draga þá ályktun af umsögn fræðslumálastjóra, sem prentuð er hér sem fskj. III með nál. minni hl., að ekki sé ástæða til þess að samþykkja till. Í þessari umsögn sinni gerir fræðslumálastjóri grein fyrir því, hvernig þessi mál standi og hvað unnið hafi verið að þeim á vegum fræðslumálaskrifstofunnar á undanförnum áratugum, en út af fyrir sig segir hann ekkert um það, hvort hann leggi til, að till. verði samþ. eða felld. Það er vitað mál, að stofnun eins og fræðslumálaskrifstofan og embættismaður eins og fræðslumálastjóri, þessir aðilar eru alltaf að vinna að þessum málum, safna upplýsingum þar að lútandi og leggja grundvöll að ýmiss konar till. um þessi mál. En eigi að síður hefur flm. þessa máls — og við minnihlutamennirnir í allshn. erum þeim sammála — þótt tímabært nú að leggja til, að mþn. yrði sett í málið, og það er svo sem ekkert óalgengt, að mþn. séu settar í mál, sem eru á vegum ríkisstofnana og hafa verið það áratugum saman. Á einhverju stigi málsins þykir tímabært, að mþn. fjalli um það, og mþn. nýtur þá auðvitað góðs af þeim upplýsingum og gögnum, sem hlutaðeigandi ríkisstofnun hefur safnað.

Nú standa þessi mál svo, fræðslumál dreifbýlisins, og þar með eru héraðsskólamálin, að það virðist alveg sérstök þörf á, að Alþingi eða n., sem það kýs, staldri ofur lítið við og líti yfir sviðið, eins og það er í dag, líti yfir verkefnin og taki stefnu í þessum málum, — stefnu, sem eðlilegt er að Alþingi taki. Ég vil m. a. nefna það í þessu sambandi, að nú alveg nýlega hafa verið samþ. hér á Alþingi breyt. í sambandi við héraðsskólalöggjöfina. Þessar breyt. eru þess efnis, að ríkinu er heimilað að taka að sér rekstrar- og stofnkostnað, eins og hann verður, nokkurra tiltekinna héraðsskóla, skóla, sem allir hafa nokkuð lengi verið starfandi. Á þeim stöðum, þar sem hlutaðeigendur óska þess, að þessi heimild sé notuð, eru þessir héraðsskólar, sem upphaflega voru sjálfseignarstofnanir, orðnir eða að verða ríkisskólar. Og þá er eðlilegt, að menn spyrji: Hvernig á að fara um þá héraðsskóla, sem síðar verða stofnaðir? Auðvitað verða, hvað sem hver segir, stofnaðir einhverjir nýir héraðsskólar á komandi árum. Það er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir þessu, og það væri m. a. eitt af verkefnum þessarar mþn. að gera það.

Af sérstökum ástæðum hefur þörfin fyrir aukið rúm í héraðsskólum orðið sérstaklega brýn sums staðar á landinu nú síðustu árin, og ég fer ekki nánar inn á það að rekja þær ástæður, þær eru fyrir hendi. Það getur vel verið, að í sumum tilfellum sé það heppileg leið til þess að bæta úr þessari þörf að stækka eldri héraðsskóla, sem starfandi eru, en á öðrum stöðum er það e. t. v. ekki heppileg leið. Á öðrum stöðum er það e. t. v. heppilegri leið að reisa sérstakan héraðsskóla, og ég hef hérna fyrir framan mig bréf, sem er alveg nýkomið til okkar þm. Norðurl. e., þar sem verið er að beina því til okkar að hafa frumkvæði um stofnun héraðsskóla í Eyjafjarðarsýslu. Ég get nefnt það sem dæmi um það, sem á döfinni er í þessum málum.

Sú þál., sem Alþingi gerði fyrir nokkrum dögum um fræðslumál í dreifbýlinu, fjallar ekki um neinn undirbúning að lagabreytingum. Hún var aðeins þess efnis að skora á ríkisstj. að breyta reglugerðum, sem settar hafa verið skv. núgildandi l., og taka inn í nýja reglugerð um

tiltekin atriði, sem nefnd eru í þeirri þál. Við vorum því allir fylgjandi í hv. allshn., að sú till. yrði samþ. En verksvið mþn. skv. þessari till., sem hér liggur fyrir, er á miklu breiðara grundvelli en verkefni þeirrar till. var, og það er mjög sennilegt, að þó að þessi till., sem hér liggur fyrir, yrði samþ. sem þál., þá kæmu eigi að síður, áður en mþn. hefur lokið störfum, til framkvæmda þau atriði, sem fjallað er um í þál., sem samþ. var fyrir nokkrum dögum og hér hefur verið minnzt á.

Ég verð að segja það og taka undir þau orð, sem hv. frsm. minni hl. lét falla í því sambandi, að mér kemur þetta nokkuð á óvart, — kom það á óvart í n. og kemur það á óvart, — ef það reynist svo nú, að Alþingi vilji ekki, eins og þessi mál nú standa víða um land, gera ráðstafanir til þess, að fram fari heildarathugun á þessum málum.

Undirtektir fjórðungssambandanna, sem hv. frsm. minni hl. las hér áðan, gefa nokkra hugmynd um það, hvernig á þessi mál er litið úti á landsbyggðinni, sem býr við það ástand, sem nú er í þessum málum. Þar er það talið æskilegt, að athugun fari fram á þeim grundvelli, sem hér er lagt til. Það er auðvitað svo, að einstakir þm. geta borið fram hér á hinu háa Alþingi till. um byggingu einhvers héraðsskóla í einhverju héraði, sem þeir hafa sérstakan áhuga fyrir. En hitt sýnist á allan hátt eðlilegra, að þessi mál séu tekin til meðferðar á milli þinga af þingkjörinni n. og að þar fari fram athugun, sem nær til landsins alls. Þess vegna vil ég nú, þrátt fyrir það þótt meiri hluti hafi ekki fengizt fyrir því í hv. allshn. að þessu sinni, vænta þess, að niðurstaðan verði önnur hér í þinginu og að till. verði samþykkt.

Ágúst Þorvaldsson: Herra forseti. Ég verð að segja það, að ég varð mjög undrandi, þegar ég sá þá afgreiðslu, sem þetta mál hefur fengið hjá meiri hl. allshn., þar sem lagt er til að vísa málinu til ríkisstj. Ég hafði búizt við, að þessi till. mundi fá jákvæða afgreiðslu hjá n. Mér datt ekki annað í hug en nm. hefðu kynnt sér svo vandlega viðhorfið, eins og það er í þessum málum úti í dreifbýlinu, að þeim fyndist full ástæða til þess að láta fara fram kosningu á sérstakri nefnd til þess að rannsaka þessi mál hvarvetna á landinu. Það fer ekkert á milli mála, — við vitum það, sem búum úti í dreifbýlinu, — að það er að verða helzt ómögulegt að koma unglingi til náms. Við verðum að bíða í 2—3 ár eftir því að koma krökkum í unglinga- eða héraðsskóla. Þannig er ástandið orðið, og þetta er í raun og veru algerlega óviðunandi ástand.

Frsm. meiri hl. telur, að það sé búið þegar að móta stefnuna í fræðslumálum dreifbýlisins, það sé búið að gera það hjá fræðslumálastjóra, fræðslumálastjóri og hans starfsmenn séu þegar búnir og hafi tilbúnar till. um skipulagningu í þessum málum. Ég veit ekki til, að þetta sé. Ég hygg, að þetta sé algerlega rangt. Ég hygg, að það sé algert skipulagsleysi í þessu og engar till. liggi fyrir um það, hvernig á að leysa málin, enda er óhugsandi að leysa þessi mál eins fyrir allt landið. Það verður að gera þetta með tilliti til aðstæðna á hverjum stað, t. d. um barnafræðsluna. Það er óhugsandi að setja upp allsherjarkerfi yfir allt landið. Það eru svo mismunandi aðstæður í landinu. Sums staðar er e. t. v. mögulegt að hafa heimavistarbarnaskóla fyrir marga hreppa saman, þó að ég telji að vísu, — það er mitt persónulega sjónarmið, — að það muni vera mikill vandi að reka slík fyrirtæki, þegar skólaskyldan er komin niður í 7 ár — og sennilega verður hún færð niður enn — og fólk sendir börn sín 6—7 ára gömul í margra mílna fjarlægð frá heimilum sínum til langdvalar í skólum. Ég efast um, að það sé hægt að hafa mörg svo ung börn saman í heimavistarskólum fjarri heimilum sínum.

Annars staðar er það víða komið á, að það eru heimanaksturssskólar svokallaðir fyrir börnin. Mér er kunnugt um, að þar sem það fyrirkomulag er, er það þannig, að þeir, sem það hafa, vilja ekki missa það, ekki með nokkru móti missa það. Þeir vilja hafa þetta fyrirkomulag. Ég álít, að það verði að leysa þessi mál eftir því, sem hentar og vilji fólksins stýður á hverjum stað. Þess vegna hefði mér þótt eðlilegt, að kosin hefði verið mþn., þótt hún hefði jafnvel þurft að vera að störfum í tvö ár, til þess að rannsaka og kanna þessi mál og reyna að komast að niðurstöðu um það, hvernig heppilegast er að leysa þetta á hverjum stað fyrir sig.

Þá vil ég minnast á eitt enn, sem einhver vék að hér áðan, og það er um þá vöntun, sem er á því hjá dreifbýlisfólki að koma börnum sínum eða unglingum til iðnnáms. Í sveitunum er fjöldi unglinga, sem vill komast í iðnskóla. Við höfum enga slíka skóla í sveitunum. Það væri nauðsynlegt að koma upp sérstökum iðnskólum, sérstökum heimavistarskólum í sveitum, eins konar héraðsiðnskólum. Það þyrfti kannske ekki að vera nema einn til að byrja með fyrir allt landið, en gæti svo fjölgað, eftir því sem tímar liðu og nauðsyn bæri til. Þetta þarf allt að rannsaka og kanna og mér þykir það ólíklegt, að fræðslumálastjóri hafi því starfsliði á að skipa, að hann geti innt þetta af höndum. Mér þætti miklu eðlilegra, að hér væri til fengin sérstök þn. og henni fengið starfslið til þess að rannsaka þessi mál. Þetta er eitt þýðingarmesta mál þjóðarinnar, það er uppeldi og menntun æskunnar, og ég furða mig á þeirri niðurstöðu, sem meiri hl. n. hefur komizt að, og vil þess vegna leggja áherzlu á, að till. verði samþykkt.

Frsm. meiri hl. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Í tilefni af því, sem fram hefur komið hér hjá þrem síðustu hv. ræðumönnum, vildi ég vekja athygli á því, sem reyndar ætti að vera óþarft, að hlutverk þessarar mþn. samkv. till. er könnun og athugun. Það segir í fyrri hluta till., að það eigi að kanna aðstæður unglinga í sveitum og þorpum til gagnfræða- og miðskólanáms o. s. frv., og í síðari hluta till. segir: „Jafnframt skal n. athuga þörf dreifbýlisins.“ Þetta er þess vegna n., sem á að vinna þarna tiltekið undirbúningsstarf. En þegar taka á ákvörðun um það, hvort eigi að fela þetta þn., þá kemur í fyrsta lagi sú spurning: Er þörf á þessari athugun eða könnun? Og um það hlýtur fræðslumálastjóri að vera dómbærastur. Í umsögn

fræðslumálastjóra, — ég skal aðeins vitna lauslega í hana aftur, — þar segir: „Má nú segja, að fyrir liggi áætlun um skipan hreppa á öllu landinu í skólahverfi.“ Það segir enn fremur í umsögn fræðslumálastjóra, í niðurlagi hennar: „Með framanrituðu vildi ég sýna fram á, að um margra ára skeið hefur verið unnið að flestu því, sem mþn. samkv. þáltill. er ætlað að gera, og meginniðurstöður um þessi mál eru ýmist þegar fyrir hendi eða nærtækar.“ Þetta segir fræðslumálastjóri, og við í meiri hl. n. teljum, að hann sé manna færastur um að segja til um, hvernig þessi mál standi. Hitt er svo auðvitað alveg rétt hjá hv. ræðumönnum, að það vantar skólakost í dreifbýlið, og það verður vitanlega að halda áfram að vinna að því að bæta úr honum. Og þar sem þetta undirbúningsstarf hefur að mestu leyti þegar verið unnið af fræðslumálaskrifstofunni, er auðvitað framhaldið af því í höndum fjárveitingavaldsins.

Umr. frestað.

Á 74. fundi í Sþ., 8. maí, var till. tekin til frh. síðari umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

9. Kaup Seðlabankans á víxlum iðnaðarins.

Á deildafundum 29. okt. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um endurkaup Seðlabankans á framleiðslu- og hráefnavíxlum iðnaðarins. [46. mál] (A. 47).

Á 14. fundi í Sþ., 12. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 15., 18., 22., 24., 25., 30. og 35. fundi í Sþ., 13., 20. og 27. nóv., 4., 11. og 18. des., 22. jan., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 37. fundi í Sþ., 31. jan., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti Þessi till. er gamall kunningi hér á Alþingi, svo að ég tel ekki ástæðu til þess að láta fylgja henni mörg orð að þessu sinni, en mér finnst þó rétt að rifja forsögu hennar upp í nokkrum megindráttum.

Efni till. er það, að Alþingi felur ríkisstj. að hlutast til um, að Seðlabankinn endurkaupi framleiðslu- og hráefnavíxla iðnaðarfyrirtækja eftir ákveðnum reglum, er settar verði með svipuðu sniði og reglur þær, er gilda um endurkaup framleiðsluvíxla sjávarútvegs og landbúnaðar.

Forsaga þessa máls er í stuttu máli sú, að hinn 3. júní 1958 var samþykkt till. hér á Alþingi, sem gekk í mjög svipaða átt og þessi till. Sú till. var samþykkt með algeru samkomulagi allra þeirra flokka, sem þá áttu sæti á Alþingi. Það var alger samstaða um hana, og þess vegna mátti vænta þess, að þá þegar yrði unnið að framgangi hennar. En þó að síðan séu nú liðin bráðum 6 ár, bólar ekki neitt á því, að unnið sé að framgangi þessarar till. Ég hef kynnt mér það, að það stóð ekki neitt á þáv. ríkisstj., þegar till. var samþykkt, vinstri stjórninni svokölluðu, að vinna að framgangi þess máls, nema ef það kann að hafa strandað eitthvað á þeim ráðh., sem sá um framkvæmd þessara mála. En það er algerlega rangt, sem hefur áður komið fram í umr. hér á Alþingi, að það hafi nokkuð strandað á þáv. forsrh., að þetta mál væri tekið fyrir til afgreiðslu í ríkisstj. Ég hef kynnt mér það, að það er alveg rangt. Sú ríkisstj. fór ekki heldur með völd nema í 6 mánuði eða tæplega það, eftir að þessi till. var samþykkt, og aðrar ríkisstj. hafa þess vegna átt að sjá um það á þessum tíma, að þessi till. kæmi til framkvæmda, í rúmlega 5 ár, sem liðin eru síðan vinstri stjórnin fór frá völdum. Af hálfu þeirra ríkisstj., sem hafa farið með völd á þessum 5 ára tíma, hefur ekkert bólað á því, að reynt yrði að framkvæma þessa till. Rétt er þó að geta þess, að það mun hafa verið skipuð sérstök nefnd til þess að gera athugun á endurkaupum á hráefnavíxlum iðnaðarins, eða a. m. k. ber ríkisreikningurinn frá 1962 vitni um þetta, því að þar sést, að störf þessarar n. hafa kostað 65 þús. kr. En nál., sem þessi nefnd hefur skilað, ef það hefur eitthvað verið, hefur enn ekki séð dagsins ljós, a. m. k. ekki opinberlega og enginn árangur hefur orðið af hennar störfum, svo að sjáanlegur sé. Það verður þess vegna ekki séð, að þær ríkisstj., sem hafa farið með völd á undanförnum 5 árum, stjórn Alþfl. fyrst og síðan núv. ríkisstj., hafi haft nokkurn áhuga á því að framkvæma þessa till. Þó er ljóst mál, að það ástand hefur skapazt á þessum tíma, að það hefur verið stóraukin nauðsyn fyrir að sinna þessu mikla vandamáli iðnaðarins, þ. e. að hann sæti við sama borð og aðrir atvinnuvegir hvað snertir kaup Seðlabankans á hráefnavíxlum. Á þessum tíma hafa átt sér stað tvær stórfelldar gengisfellingar, og það hafa átt sér stað ýmsar hækkanir aðrar, sem hafa að sjálfsögðu gert það að verkum, að þörf iðnaðarins fyrir það, að hann fengi sína afurðavíxla selda eða fengi afurðalán á svipaðan hátt og aðrir atvinnuvegir, hafa stórkostlega aukizt. En þrátt fyrir þessa þörf iðnaðarins hafa þeir flokkar, sem með völdin hafa farið á þessum árum, algerlega lokað augunum fyrir þessari nauðsyn og ekkert sinnt þessum vandamálum iðnaðarins. Þetta sýnir, að enn er sá hugsunarháttur ríkjandi í landinu með þeim mönnum, sem með völdin fara, að iðnaðurinn eigi að vera eins konar olnbogabarn í þjóðfélaginu og hann eigi ekki að njóta sama réttar í þessum efnum og t. d. sjávarútvegur og landbúnaður.

Ég tel af þeim ástæðum, sem ég hef nú greint, í fyrsta lagi þeirri, að Alþingi hefur þegar markað stefnu í þessu máli, en ekki verið framkvæmd, og í öðru lagi vegna þess, að þörf iðnaðarins fyrir þessa lausn málanna er miklu brýnni nú en áður, að þá sé nauðsynlegt, að Alþingi endurnýi þessa ályktun sína og ýti á eftir því, að ríkisstj. láti þessa viljayfirlýsingu

Alþingis koma til framkvæmda. Og ég verð að segja það í framhaldi af þeim umr., sem urðu hér í hv. d. í sambandi við annað mál, en snertir þó þetta mál nokkuð, að þá vildi ég vænta þess, að þessu máli yrði nú sýndur nokkur meiri áhugi en á undanförnum árum hjá hæstv. ríkisstj., og þess vegna ætti að mega vænta þess, að þessi till. næði framgangi að þessu sinni, og það væri því rétt af ríkisstj. að sýna meiri áhuga á þessu sviði en komið hefur fram hjá henni á undanförnum 5 árum. En hitt er þó líka ómótmælanlegt, að ef þessi till. verður enn einu sinni látin daga uppi og ekkert verður gert til þess að framkvæma viljayfirlýsingu Alþingis frá 1958, þá hefur hæstv. ríkisstj. ekki þann áhuga í iðnaðarmálum, sem hún vill vera láta, og þá er það hennar stefna, hvað sem öllum yfirlýsingum líður af hennar hálfu, að iðnaðurinn eigi að vera olnbogabarn meðal atvinnuvega landsins.

Ég skal svo ekki hafa þessi ummæli fleiri að sinni, en legg til, að að lokinni þessari umr. verði till. vísað til fjvn.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Það er rétt hjá hv. fyrri flm. þessarar till., að efni hennar er gamall kunningi hér á hinu háa Alþingi. Hv. þm. virtist telja afstöðu til þessarar till. prófstein á það, hvern hug stjórnmálaflokkar eða ríkisstj. bæri til iðnaðarins. Nú er ég honum alveg sammála um, að nauðsynlegt er, að iðnaðurinn fái hjá Seðlabankanum eðlilega og hliðstæða afgreiðslu við það, sem sjávarútvegur og landbúnaður hafa fengið hjá Seðlabankanum um alllangt skeið undanfarið. En til þess að tryggja það, að iðnaðurinn fái í Seðlabankanum sams konar aðstöðu og sjávarútvegur og landbúnaður, er auðvitað ekki nóg að flytja till. hér á hinu háa Alþingi. Það er ekki nóg, að hið háa Alþingi samþykki till. um þetta efni. Það eitt, sem máli skiptir, er það, að Seðlabankinn geti með eðlilegum hætti, án þess að skaða þjóðarbúið í heild, veitt iðnaðinum sams konar fyrirgreiðslu framvegis og hann hefur veitt landbúnaðinum og sjávarútveginum um alllangt skeið undanfarið. En það mál er ekki eins einfalt og virðast kann. Kom það greinilega fram, þegar till., efnislega séð samhljóða þessari, var samþykkt vorið 1958, en þá var að völdum hér samsteypustjórn Framsfl., Alþb. og Alþfl. Hv. þm. minnti á samþykkt þeirrar till. og sagði, að framkvæmd hennar hefði alls ekki strandað á vinstri stjórninni. Mér er spurn: Á hverju gat framkvæmd hennar strandað öðru en þeirri stjórn, sem fór með völd, nema þá hún hafi strandað á stjórn Seðlabankans? En það get ég upplýst, hef raunar gert það áður og skal endurtaka það hér og undirstrika það rækilega, að frá vinstri stjórninni, frá stjórn Hermanns Jónassonar, fóru aldrei nein tilmæli til Seðlabankans um að framkvæma efni þessarar till. Og það getur hv. þm. fengið staðfest í skjölum stjórnarráðsins og hjá stjórn Seðlabankans, ef hann óskar eftir því.

En þá er spurningin: Hver átti að hafa forgöngu um það í ríkisstj. Hermanns Jónassonar að ýta á eftir framkvæmd þessarar till. gagnvart Seðlabankanum? Undir hvaða ráðh. skyldi það hafa heyrt að reyna að koma efni þessarar till. á framfæri við Seðlabankann og fá hann til þess að framkvæma till.? Í stjórn Hermanns Jónassonar heyrðu bankamál ekki undir neinn einstakan ráðh., þau heyrðu ekki undir viðskmrh., svo sem átti sér stað í fyrrv. ríkisstj. og öðrum ríkisstj. síðan. Bankamál heyrðu undir ríkisstj. alla og þar með formlega séð undir forsrh., enda voru öll bankamál í þeirri ríkisstj. og á þeim þingum, sem hún sat, flutt af forsrh. í nafni ríkisstj. sem heildar. Enginn einstakur ráðh., ekki heldur forsrh., gat afgreitt bankamálin. Þau voru afgreidd af ríkisstj. í heild. Það kom aldrei til úrskurðar í ríkisstj., og hefði slík till. átt að leggjast fyrir ráðherrafund af þáv. forsrh., að ríkisstj. beindi þeim tilmælum til Seðlabankans, að hann framkvæmdi efni þeirrar till., sem samþykkt hafði verið vorið 1958.

Ef það væri rétt hjá hv. þm., að afstaða ríkisstj. eða einstakra ráðh. til þessarar till. skæri úr um það, hvort menn vildu hafa iðnaðinn olnbogabarn í þjóðfélaginu eða ekki, ef afstaða ríkisstj. eða ráðh. skæri úr um það, hvort menn vildu iðnaði vel eða illa, þá hlyti þessi afstaða að túlkast á þann hátt, að vinstri stjórnin hafi viljað hafa iðnaðinn olnbogabarn, að vinstri stjórnin hafi viljað iðnaðinum illa og þá fyrst og fremst sá flokkur, sem fór með forsæti í ríkisstjórninni, þ. e. a. s. Framsfl., flokkur forsætisráðherra. Þetta er hins vegar alger rangtúlkun.

Mér kemur ekki til hugar, hef aldrei sagt og mun aldrei segja, að flutningur till. hér á Alþingi né heldur samþykki Alþingis á till. sé neinn endanlegur prófsteinn á það, hvaða hug menn bera til heillar iðngreinar eins og iðnaðarins, sem hér á hlut að máli. Það er nefnilega eitt að flytja till. á Alþingi, jafnvel að greiða atkv. með till. á Alþingi, og því miður annað að eiga að sjá um framkvæmd á efni till. Það fékk vinstri stjórnin því miður að reyna. Og í sannleika sagt brást vinstri stjórnin af ábyrgðartilfinningu við efni þeirrar till., sem samþykkt hafði verið og flutt af Sveini Guðmundssyni. Vinstri stjórnin gerði sér grein fyrir því, að það væri alveg þýðingarlaust að beina tilmælum til Seðlabankans um að framkvæma efni þessarar till., nema því aðeins að gera annað tveggja, að sjá Seðlabankanum fyrir nýju fé til þess að lána iðnaðinum eða þá mæla með því við Seðlabankann, að hann drægi úr útlánum sínum til annaðhvort sjávarútvegs eða til landbúnaðar. Þá var ekki fyrir hendi neinn gjaldeyrisvarasjóður, sem hægt væri að eyða í þessu sambandi. Hann var enginn til. Seðlabankinn skuldaði erlendis. Þess vegna var þáv. forsrh., Hermanni Jónassyni, fullkomlega ljóst, eins og okkur öllum hinum 5, sem í þeirri ríkisstj. sátum, að ef iðnaðurinn ætti að fá endurkaupafé úr Seðlabankanum, yrði eitt af þrennu að gerast: Seðlabankinn að fá nýtt fé eða draga yrði úr útlánum Seðlabankans til sjávarútvegs eða í þriðja lagi að draga úr útlánum Seðlabankans til landbúnaðar. Ekkert af þessu þrennu vildi nokkur okkar í þáv. ríkisstj., og þess vegna beindu menn aldrei þessum tilmælum til Seðlabankans. Það bar ekki og ber ekki enn að skoða

sem fjandskap við iðnaðinn né heldur skoða það þannig, að við teljum hann eiga að vera olnbogabarn, heldur einfaldlega af því, að okkur skorti ráð til þess að auka ráðstöfunarfé Seðlabankans, fyrst við vildum ekki draga úr útlánum hans til sjávarútvegs eða til landbúnaðar.

Stjórn Hermanns Jónassonar bar því miður ekki gæfu til að hafa tækifæri til að taka ýtarlega á þessu máli, því að nú leið ekki á löngu, þangað til hún hvarf frá völdum. En þegar hún var farin frá völdum, var breytt um fyrirkomulag um meðferð bankamálanna og viðskmrh. fengin þau mál til meðferðar. Mér voru fengin viðskiptamálin til meðferðar. Ég lét það vera eitt af mínum fyrstu verkum í þeirri stjórn, eftir að ég tók við stjórn viðskiptamálanna, að skipa nefnd, sumpart sérfróðra manna og sumpart fulltrúa frá iðnaðinum, hagsmunaaðilanum í þessu sambandi, til þess að athuga möguleika á því, að Seðlabankanum yrði gert kleift að hefja endurkaup á framleiðslu- og hráefnavíxlum iðnaðarins. Sú nefnd vann mjög gott starf, starfaði lengi, starfaði í ein tvö ár, og þær till., sem nú liggja fyrir um þessi efni og ég skal víkja fáeinum orðum að hér á eftir, eiga einmitt að verulegu leyti rót sína að rekja til starfs þessarar n. Nefndin var á einu máli um, að það væri ekki hægt að leggja til, að dregið yrði úr lánum til sjávarútvegs eða til landbúnaðar til þess að hjálpa iðnaðinum. Hún var á einu máli um, að eina raunhæfa ráðið, sem iðnaðinum gæti að gagni komið, væri að auka ráðstöfunarfé Seðlabankans. Þess vegna er það einmitt, sem núv. ríkisstj. hefur flutt um það frv., sem liggur fyrir þessu þingi, að ráðstöfunarfé Seðlabankans skuli aukið þannig, að heimild Seðlabankans til þess að binda hluta af innstæðuaukningu í bönkum og lánsfjárstofnunum skuli aukin frá því, sem verið hefur. Það er yfirlýstur tilgangur með þessari ráðstöfun m. a., að þá skuli Seðlabankinn hefja endurkaup á framleiðslu- og hráefnavíxlum iðnaðarins, auk þess sem þessi ráðstöfun á að gera Seðlabankanum kleift að auka afurðakaup af landbúnaðinum frá því, sem verið hefur. Þetta hefur hvort tveggja komið greinilega fram í umr. um seðlabankafrv.

M. ö. o.: það, sem núv. ríkisstj. hefur lagt til, er, að það verði gert, sem eitt getur komið iðnaðinum að gagni, að Seðlabankinn fái aukið fé. Ríkisstj. hefur lýst yfir því, að ef frv. nái fram að ganga, muni hún beita sér fyrir því við Seðlabankann, að þetta aukna fé verði sumpart notað til þess að hefja endurkaup á framleiðslu- og hráefnavíxlum iðnaðarins, sérstaklega þá útflutningsvöruvíxlum iðnaðarins. Og Seðlabankinn hefur lýst yfir í viðræðum, sem fram fóru um frv. milli viðskmrn. og Seðlabankans, áður en það var lagt fram, að ef hann fái þetta aukna ráðstöfunarfé, muni hann m. a. nota það í því skyni að hefja endurkaup á framleiðslu- og hráefnavíxlum iðnaðarins. Það er því einmitt núv. ríkisstj., sem gert hefur það eina raunhæfa í því máli að bæta lánsfjáraðstöðu iðnaðarins.

Þær ríkisstj., sem hingað til hafa setið að völdum, svo sem m. a. ríkisstj. Hermanns Jónassonar, fundu ekki ráð til að rétta iðnaðinum hjálparhönd í þessu efni. Þm. og flokkar hafa flutt um þetta till. á Alþingi. Það er iðnaðinum gagnslaust. Alþingi hefur meira að segja samþykkt till. um þetta efni. Þær till. hafa ekki lagagildi, eins og allir vita, og iðnaðinum er ekkert gagn að slíkum tillöguflutningi, ekki einu sinni að samþykki slíkra tillagna. Það eina, sem iðnaðinum er gagn að, er, að Seðlabankinn fái fé til að lána iðnaðinum. Og einmitt um það efni hefur núv. ríkisstj. flutt frv., sem nú er til meðferðar hér á hinu háa Alþingi. Ef hv. fyrri flm. þessarar till. hefur raunverulegan áhuga á því að efla hag iðnaðarins, sem ég skal sízt draga í efa, ef flokkur hans hefur raunverulegan áhuga á því að bæta hag iðnaðarins og veita honum greiðari aðgang að lánsfé en átt hefur sér stað, þá á hann að sýna þann vilja sinn í verki með því að styðja seðlabankafrv. ríkisstj., því að það veitir Seðlabankanum nýtt fé, sem hann hefur lýst yfir að hann muni sumpart nota iðnaðinum til stuðnings. Raunhæfa ráðið til að hjálpa iðnaðinum er því að samþykkja seðlabankafrv., en hvorki að flytja né heldur að samþykkja þáltill. um þetta efni, því að það er búið að sýna sig, sýndi sig fyrir 6 árum, að það eitt kemur iðnaðinum ekki að gagni. Ég hef enga löngun til þess að taka þátt í slíkum leik. Hitt vil ég heldur gera, að eiga þátt í raunhæfum ráðstöfunum, sem geta komið þessari miklu og vaxandi iðngrein að notum.

Flm. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Það eru ekki nema tvö eða þrjú atriði í ræðu hæstv. viðskmrh., sem ég þarf að víkja að að þessu sinni.

Hann ræddi nokkuð um afstöðu vinstri stjórnarinnar til till., sem samþ. var hér á þingi 1959, og hvers vegna vinstri stjórnin hefði ekki tekið þá till. til framkvæmda. Eins og menn sjá af efni þeirrar till., sem hér liggur fyrir og er shlj. þeirri till., sem samþykkt var á þingi 1958, fjallar hún um iðnaðarmál, um lánamál iðnaðarins, og venjum samkvæmt er það iðnmrh., sem á að taka slík mál upp í ríkisstj., ef nauðsynlegt er að taka slík mál upp á þeim vettvangi, eins og t. d. það er eðlilegt, þegar um lánamál landbúnaðarins er fjallað, þá er það landbrh., sem tekur þau mál upp í ríkisstj. og við Seðlabankann. Og þar sem, eins og rétt var, eins og hæstv. viðskmrh. réttilega sagði, bankamálin heyrðu á þeim tíma undir ríkisstj. alla, þá var það iðnmrh. að hreyfa þessu máli í ríkisstj. og fá hana til þess að taka þetta mál upp við Seðlabankann. En að því er mér er bezt kunnugt, var aldrei gerð nein tilraun til þess af þáv. iðnmrh. að taka þetta mál upp í ríkisstj. og fá hana til að taka þessa till. Alþingis upp við Seðlabankann. Í þeim umr., sem urðu í sambandi við annað mál, er snertir þetta, snemma á þessu þingi, kom það fram frá hv. 1. þm. Austf. og hv. 5. þm. Austf., sem þá áttu báðir sæti í ríkisstj., að þetta mál hefði aldrei verið tekið upp á fundum hennar, og ég hef einnig rætt þetta mál við þáv. forsrh., sem skipaði forsæti í ríkisstj., og það hafði aldrei verið farið fram á það við Hermann Jónasson, að þetta mál yrði tekið upp á fundum ríkisstj. Það stafar einfaldlega af því, að það hefur vantað forgöngu þess ráðh., sem þetta mál heyrir sérstaklega undir, hæstv. iðn-

mrh., að taka þetta mál upp í ríkisstj. Og ég held, að það sé rétt munað hjá mér, að það hafi einmitt verið hæstv. núv. viðskmrh., sem fór með iðnaðarmálin í vinstri stjórninni. Þess vegna horfir þetta mál þannig við, að ef vinstri stjórnina er að saka um það, að hún hafi ekki hreyft þessu máli sérstaklega á þeim 6 mánuðum, sem hún fór með völd, eftir að þessi till. var samþykkt, þá liggur sökin fyrst og fremst hjá þáv. hv. iðnmrh., núv. viðskmrh. Og mig undrar það ekki neitt, þó að þessi hæstv. ráðh. hafi verið athafnalítill í þessum málum á þessum 6 mánuðum, því að síðan þá er hann búinn að eiga sæti í ríkisstj. í á sjötta ár og hefur stundum farið með iðnaðarmálin og ég held oftar með bankamálin, án þess að nokkuð hafi verið gert til þess að framkvæma þessa ályktun Alþingis. Mér finnst þess vegna liggja nokkurn veginn ljóst fyrir, að ef nokkurn einstakan mann er um það að saka, að þessum vilja Alþingis, sem felst í till. frá 1958 um lánamál iðnaðarins, hefur enn ekki verið komið fram, sé það hæstv. núv. viðskmrh., sem sé sökudólgurinn í þeim efnum og honum megi frekar kenna en nokkrum öðrum manni um það algera aðgerðarleysi, sem hefur ríkt í þessum málum fram á þennan dag. Skal ég svo ekki fara fleiri orðum um þetta atriði að sinni.

En í sambandi við það, sem hæstv. viðskmrh. var að gefa í skyn, að það væri ekki hægt að framkvæma þessa till. um aukin kaup Seðlabankans á hráefnavíxlum iðnaðarins eða framleiðsluvíxlum iðnaðarins öðruvísi en tekin væri upp stórfelld og aukin frysting á sparifé, þá vil ég aðeins benda honum á þá staðreynd, að áður en þessi frysting sparifjárins var tekin upp, voru kaup Seðlabankans á afurðavíxlum miklu meiri en þau eru í dag. Á þeim árum, sem vinstri stjórnin fór með völd, hygg ég, að það sé rétt munað hjá mér, að Seðlabankinn hafi þá keypt afurðavíxla, sem námu allt að því 67% af verðmæti viðkomandi vöru. Í dag hygg ég, að Seðlabankinn kaupi ekki nema sem svari 55%, svo að hans kaup á þessum víxlum hafa tiltölulega stórminnkað á þessum tíma, þrátt fyrir það að frysting sparifjár hafi verið tekin upp í stórum stíl á þessum árum, en ekki tekin upp í tíð vinstri stjórnarinnar. Ég held, að þetta sýni alveg fullkomlega, að það er ekkert samhengi þarna á milli og það er ekki minnsta þörf fyrir frystingu á sparifé, til þess að Seðlabankinn geti keypt afurðavíxla í mjög verulegum mæli, þar sem reynslan sjálf sýnir, að á þeim tíma, þegar engin frysting sparifjár átti sér stað í Seðlabankanum, var hann fær um að kaup afurðavíxla af atvinnuvegunum í miklu ríkari mæli en nú á sér stað.

Það er ekki annað en hreinn tilbúningur, að það sé eitthvert samband á milli þessa tvenns, frystingarinnar á sparifénu og kaupa Seðlabankans á afurðavíxlum. Það er bara kenning, sem hefur verið búin til í seinni tíð til þess að réttlæta frystinguna á sparifénu, — kenning, sem reynsla fyrri tíma hefur sýnt, að er algerlega röng. Og ég er líka alveg sannfærður um það, að ef svo færi, að þetta frv., sem nú liggur fyrir um aukna frystingu sparifjárins, næði fram að ganga, yrði það ekki til þess að bæta aðstöðu atvinnuveganna í þessum efnum, því að það mundi alveg augljóslega leiða af því, ef frysting sparifjárins yrði aukin og meira fé tekið af viðskiptabönkunum en nú á sér stað, að viðskiptabankarnir ættu miklu örðugra með að veita atvinnuvegunum þá fyrirgreiðslu, sem þeir veita þeim í dag, auk þess sem það mundi tvímælalaust leiða til þess, að þegar þannig yrði þrengt að viðskiptabönkunum og þeir gætu ekki haldið uppi eðlilegri bankastarfsemi, — því að það er alveg augljóst, ef á að taka 25% af því sparifé, sem kemur inn til þeirra, þá þrengjast þeirra starfsmöguleikar alveg stórkostlega, — þá verður það að sjálfsögðu til þess, eins og þegar er farið að bera á í vaxandi mæli, að þeir menn, sem þurfa á lánsfé að halda, hvort sem það er til framkvæmda eða af öðrum ástæðum, leita að sparifé utan við bankana, fara til einstaklinga og kunningja sinna, sem hafa sparifé með höndum, og fá þá til að lána sér. Þetta hefur þess vegna ekki önnur áhrif en þau, að spariféð kemur ekki inn í bankana og fer eftir einhverjum öðrum leiðum, sem eru að sjálfsögðu miklu óheilbrigðari en það, að spariféð gangi gegnum bankana. Þetta verður til þess að ýta undir alls konar lánastarfsemi, meira og minna óheilbrigða, utan við sjálfa bankastarfsemina í landinu. Ég er þess vegna alveg sannfærður um, að það er ekki hægt að gera annað verk, sem stuðlar meira að óheilbrigðri starfsemi bankamálanna í landinu heldur en auka frystingu sparifjárins frá því, sem nú er. En hitt mundi verða til þess að koma henni í miklu eðlilegra horf og svipaðra því, sem á sér stað í öðrum löndum, ef það yrði dregið úr frystingunni á sparifénu. Þess vegna er ég algerlega ósammála hæstv. viðskmrh. um, að það yrði til bóta fyrir atvinnuvegina að auka frystingu á sparifénu, heldur yrði það þvert á móti til þess að þrengja stórlega þeirra hlut frá því, sem nú er, því að þótt yrði gefið loforð um það, að Seðlabankinn keypti eitthvað meira af afurðavíxlum en nú á sér stað, þá mundi það aftur á móti þýða, að aðstaða viðskiptabankanna þrengdist svo mikið, að þeir neyddust til að veita atvinnuvegunum miklu minni fyrirgreiðslu en þeir gera í dag, auk þess sem þetta ýtti svo undir það, eins og ég áðan færði rök að, að sparifféð mundi meira og meira leita að leiðum utan við sjálfa bankastarfsemina í landinu, fara meira og meira inn á svartamarkað, eins og hefur átt sér stað í vaxandi mæli að undanförnu og hefur hinar verstu afleiðingar í för með sér að mörgu leyti, því að við sjáum það t. d. á skýrslum núna, að sparifjárinnlög fara heldur minnkandi í bönkunum.

Af hverju er það, sem sparifjárinnlög fara minnkandi í bönkunum? Það er vegna þess að frysting sparifjárins í Seðlabankanum hefur þær afleiðingar, að viðskiptabankarnir geta ekki veitt sömu fyrirgreiðslu og þeir ella mundu gera. Og vegna þess að viðskiptabankarnir geta ekki veitt eðlilega fyrirgreiðslu, leita menn nú, bæði einstaklingar og fyrirtæki, í vaxandi mæli að lánsfé utan við bankastarfsemina og verður talsvert ágengt í þeim efnum, og þetta leiðir að sjálfsögðu til þess, að sparifjárinnlögin fara lækkandi í bönkunum. Ef við viljum raunverulega stuðla að því að auka sparifjárinnlögin í við-

skiptabönkunum og stuðla að heilbrigðri bankastarfsemi í landinu, er ekkert ráð heilbrigðara og réttara í þeim efnum, heldur en draga úr sparifjárfrystingu Seðlabankans, gefa viðskiptabönkunum meira olnbogarúm til að halda uppi heilbrigðri bankastarfsemi, og það mundi sýna sig, ef þetta væri gert, að þá mundu sparifjárinnlögin aftur fara vaxandi í viðskiptabönkunum. Ég held því þess vegna fram, að það sé ekki hægt að hugsa sér meira óráð, sem mundi bitna harðar á atvinnuvegunum, jafnt iðnaðinum og öðrum atvinnugreinum, heldur en fara inn á það svið að auka frystingu sparifjárins frá því, sem nú er. Hitt er miklu vissara að mundi verða atvinnuvegunum að gagni, ef dregið yrði úr sparifjárfrystingunni og viðskiptabönkunum gefnar frjálsari hendur en nú á sér stað. Þess vegna er ég algerlega ósammála hæstv. viðskmrh. um, að það sé einhver leið til úrbóta í þessum efnum að auka sparifjárfrystinguna frá því, sem nú er. Og ég er líka viss um, að ef það væri heilbrigðari stjórn á bankamálunum en er í dag, þá væri nú, alveg eins og á árinu 1958, auðvelt að veita atvinnuvegunum 67% afurðalán í staðinn fyrir 55%, og það væri líka hægt að veita iðnaðinum meiri úrlausn en á sér stað, en að sjálfsögðu með því að breyta algerlega um stjórn og þá stefnu, sem nú á sér stað í þessum málum.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég sé enga ástæðu til að gera þessa umr. að neinni allsherjarumræðu um stefnuna í banka- og peningamálum og mun ekki gera það, enda sannleikurinn sá, að ef ég ætti að hrekja allar þær reginfirrur, sem hv. þm. lét sér um munn fara í síðustu ræðu sinni, þyrfti ég til þess talsverðan tíma, og til þess gefst áreiðanlega tækifæri seinna, og þá skal mér vera sannkölluð ánægja að eiga orðastað við hv. þm. um þau efni, sem hann gerði að umtalsefni í þessari seinni ræðu sinni, sem sagt, gildi sparifjárbindingarinnar og það, hvernig hún hafi verið notuð.

Ég get þó ekki neitað mér um að segja í einni setningu, að það er auðvitað algerlega rangt hjá hv. þm., að endurkaupin hafi verið meiri í tíð vinstri stjórnarinnar en þau eru nú. Þau voru meiri í prósentum. En svo glöggur reikningsmaður er hv. þm. auðvitað, að það segir engan hluta af þeirri sögu, sem hér skiptir máli. Endurkaupin í krónum eru miklu, miklu hærri núna en þau voru 1959, og það eitt skiptir auðvitað máli, þegar um er að ræða fjárþörf Seðlabankans til þess að standa undir endurkaupunum. Þegar hann fullyrðir, að engin þörf hafi verið á sparifjárbindingunni, vegna þess að endurkaupin hafi þá verið hærri en þau eru núna, þá erum við að bera saman prósenttölurnar. En eina ástæðan til þess, að þörf var fyrir sparifjárbindinguna, er auðvitað sú, að endurkaupin eru í hundruðum milljóna talin miklu hærri nú en þau voru þá. Þess vegna m. a. hefur Seðlabankanum verið þörf á auknum hundruðum millj. til þess að geta haldið endurkaupunum áfram, og þessi auknu hundruð milljóna hefur hann fengið í sparifjárbindingunni. Að öðru leyti hefur hún auðvitað verið nauðsynleg til þess að byggja upp gjaldeyrisvarasjóðinn, því að hvernig hefði Seðlabankinn átt að geta eignazt 1100—1200 millj. kr. gjaldeyrisvarasjóð og liggja með hann í erlendum gjaldeyri, ef hann fengi ekkert fé til þess innanlands. Þó að framsóknarmenn séu miklir galdramenn á ýmsum sviðum, hef ég ekki vitað til þess, að þeir kynnu slíka galdra, að þeir gætu gert Seðlabankanum, öðrum bönkum eða nokkrum einstaklingum kleift að eiga eign án þess að kosta einhverju til hennar. Í öllum eignum er bundið eitthvert fé, og yfir því fé verða menn að fá umráð, ef þeir eiga að geta eignazt eignina. Ég held ekki, að framsóknarmenn kunni neitt ráð til þess að kaupa hús án þess að eiga peninga til þess. Og mér þætti gaman að vita, ef þeir gætu kennt Seðlabankanum að eignast gjaldeyrisvarasjóð án þess að hafa peninga til þess. Þá a. m. k. mundi Framsfl. geta lagt eitthvað alveg heimssögulegt til stjórnar á bankamálum og fjármálum, ef hann kynni þessi ráð.

En það var ekki þetta, sem gaf mér tilefni til að segja hér nokkur orð, heldur hitt, sem ræðumaður hóf mál sitt með, að stimpla mig sökudólg í því efni, að það hefði verið mín skylda í vinstri stjórninni að leggja till. Sveins Guðmundssonar, sem Alþingi samþykkti á sínum tíma, fyrir ríkisstj. og berjast fyrir framgangi hennar þar, m. ö. o., það hafi verið hlutverk iðnmrh. í þeirri stjórn að hafa forgöngu um endurkaup víxla í þágu iðnaðarins. Ef þetta væri rétt, ætti líka — og það sagði hann raunar — að vera verkefni landbrh. að hafa forgöngu um það, hversu mikið Seðlabankinn keypti af víxlum frá landbúnaðinum, og þá sjútvmrh. hafa forgöngu um það, hversu mikið Seðlabankinn keypti af víxlum sjávarútvegsins. Þetta væri að setja eitt mikilvægasta verksvið Seðlabankans undir stjórn margra ráðh. Þetta hefur engum manni dottið í hug fyrr. Þetta hef ég aldrei heyrt fyrr. Það heyrir ekki undir landbrh., hvorki í þessari stjórn né nokkurri annarri, að semja við Seðlabankann um það, hversu mikið hann kaupi af afurðavíxlum landbúnaðarins. Það heyrir ekki undir sjútvmrh. að fjalla um það, hve Seðlabankinn kaupi mikið af víxlum sjávarútvegsins, og auðvitað ekki heldur undir iðnmrh. að fjalla um það, hvort Seðlabankinn eigi að kaupa afurðavíxla iðnaðarins. Þetta heyrir allt saman undir þann ráðh., sem fer með bankamál. Það heyrir undir viðskmrh. í þessari stjórn, og það heyrði undir ríkisstj. alla, að forminu til forsrh., í vinstri stjórninni. Þannig leit Alþingi á, því að þessi till. 1958 var fyrst og fremst send forsrh. Hún er send úr Alþingi, — það fékk ég upplýst á skrifstofunni rétt áðan, — 10. júní 1958 er þessi till. fyrst og fremst send forsrh., en einnig iðnmrh., svo að ef um sökudólg í þessu efni er að ræða, þá erum a. m. k. við þáv. forsrh. jafnmiklir sökudólgar báðir. Ef hv. fyrri flm. till. Þórarinn Þórarinsson, vill endilega kalla þann mann sökudólg, sem lagði ekki þessa till. fram í vinstri stjórninni, þá verður hann a. m. k. að kalla okkur báða sökudólga, mig og hv. 1. þm. Vestf., Hermann Jónasson, þáv. forsrh.

Eins og ég sagði áðan, tel ég hvorugan okkar eiga nokkurt sökudólgsnafn skilið í þessu efni, því að við höfum þá áreiðanlega verið sammála

um, að það væri algerlega gagnslaust og raunar skaðlegt að fara fram á það við Seðlabankann, að hann hæfi slík endurkaup á afurðavíxlum iðnaðarins, nema Seðlabankanum yrði jafnframt séð fyrir nýju fé til þess að geta innt þessi afurðakaup af hendi, og við höfðum ekki þá till. á reiðum höndum um þetta.

En sem sagt, ég skal enga tilraun gera til að vera að metast neitt um það, hvor okkar hafi frekar átt að hafa forustu um þetta mál í vinstri stjórninni, þó að ég vilji að síðustu segja það sem skoðun mína, — leit þannig á þá og lít þannig á enn, — að um þessi efni eigi sá ráðh. að fjalla, sem fer með bankamálin. Þannig hefur a. m. k. síðan verið litið á, því að það var eitt af mínum fyrstu verkum, eftir að ég tók við viðskiptamálunum, að ég skipaði þá nefnd, sem síðan starfaði nokkurn tíma, og ég hef í þessari ríkisstj. sem viðskmrh. talið það í mínum verkahring að vinna að því, að iðnaðurinn fengi aðstöðu í Seðlabankanum til endursölu á sínum víxlum. Ég tel það ekki vera verkefni iðnmrh. og tel það vera algerlega ranga ásökun í hans garð að saka hann um það, að málið er ekki enn komið lengra en raun ber vitni um. Ef við einhvern er að sakast um það efni síðan 1959, þá er það við þann mann, sem hefur farið með viðskiptamálin, þ. e. a. s. við mig. En fyrir 1959 tel ég, að ábyrgð á því, að ekkert gerðist í málinu, sé fyrst og fremst hjá þeim ráðh., sem þá fór með bankamálin, sem var forsrh. í vinstri stjórninni svokölluðu. M. ö. o.: það er sem viðskmrh., sem ég hef beitt mér fyrir þeirri raunhæfu lausn á vandamálum iðnaðarins, sem nú er til meðferðar hjá hinu háa Alþingi, og ég vil innilega vona það, að Alþingi beri gæfu til að samþykkja seðlabankafrv., því að þá og þá fyrst mun iðnaðurinn geta fengið þá sanngjörnu meðferð sinna mála, sem hann sannarlega á rétt á.

Flm. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Hæstv. viðskmrh. heldur því nú fram, að hann hafi ekki átt að hafa neina forgöngu um þetta mál í vinstri stjórninni sem iðnmrh. Ég man nú ekki betur en fyrir nokkrum vikum, þegar rætt var um þetta mál hér í þinginu, — það var um mál, sem Sveinn Guðmundsson flutti hér um lausaskuldir iðnaðarins, — þá hefði hæstv. viðskmrh. allt aðra sögu að segja. Ég man ekki betur en hæstv. viðskmrh. segði þá sögu þá, að hann sem iðnmrh. í vinstri stjórninni hefði lagt það til á stjórnarfundi, að þetta mál yrði tekið til sérstakrar athugunar, hann hafi talið sér skylt að gera það sem iðnmrh., en það hafi ekki náð fram að ganga á þeim fundi stjórnarinnar. En þeir voru viðstaddir við þessa umr., bæði hv. 1. þm. Austf. og 5. þm. Austf., sem einnig áttu sæti í vinstri stjórninni, og þeir upplýstu það, að þeir minntust þess ekki, að hæstv. núv. viðskmrh., þáv. iðnmrh., hefði nokkru sinni hreyft þessu máli í vinstri stjórninni, og eftir að þeir höfðu gefið þessa yfirlýsingu, taldi hæstv. viðskmrh., sem þá var iðnmrh., að hann hefði hreyft þessu máli við þáv. forsrh. og farið fram á það við hann, að hann tæki þetta mál upp í stjórninni. Ég hef spurt þann mann, sem þá var forsrh., Hermann Jónasson, að því, hvort hann minntist þess, að þáv. iðnmrh. hafi nokkru sinni minnzt á þetta mál við sig og óskað eftir því, að hann legði þetta fyrir fund í vinstri stjórninni, og hann minntist þess ekki, að það hefði átt sér stað. En eins og hæstv. viðskmrh. sagði frá á sínum tíma í þinginu fyrir nokkrum vikum, í þeim umr., sem ég áðan rakti, vildi hann telja, að þetta hefði endanlega strandað á þáv. forsrh., að hann hefði ekki viljað taka málið upp í vinstri stjórninni, en kannaðist ekki við það, að nokkru sinni hafi verið farið fram á það við hann að taka þetta mál upp á þeim vettvangi.

Sem sagt, þetta, sem hæstv. viðskmrh. sagði hér fyrir nokkrum vikum, benti alveg hiklaust til þess, þótt það væri rangminni hjá honum, sem hann sagði þá, að hann hefði talið það skyldu sína að hefja máls á framkvæmd þessarar till. í vinstri stjórninni á sínum tíma, en nú er upplýst að hann hefur ekki gert. Og það stafaði einfaldlega af því, að honum var ljóst, að lánamál eins og þetta, sem snertir iðnaðinn í landinu, heyrði sérstaklega undir hann sem iðnmrh. að sjá um framkvæmd á því, alveg eins og þm. er það áreiðanlega í fersku minni hvað eftir annað í umr., sem hafa orðið hér á þessu þingi, að það heyrir undir hæstv. landbrh. að sjá um framkvæmd á ályktunum, sem Alþingi gerir varðandi lánamál landbúnaðarins, þó að í heild heyri bankamálin svo undir annan ráðh. En þeir ráðh., sem eiga að sjá um viss atvinnumál, eins og iðnaðar-, sjávarútvegs- og landbúnaðarmál, eru ábyrgir fyrir því gagnvart Alþingi, að þær till., sem þar eru samþykktar og snerta lánamál þessara atvinnuvega, komist fram, og þeir vinna að því við rétta aðila, hvort heldur þar er um að ræða bankamálaráðh., lánastofnanir eða aðra. Það er þeirra að hafa frumkvæðið um það, að þessar samþykktir nái fram að ganga, og að sjálfsögðu heyrir það fyrst og fremst undir iðnmrh. að koma þessu máli fram. Það hafa t. d. komið hér fram nú á þessu þingi, að mig minnir, og áður fyrr fyrirspurnir um það, hvað líði vissum ályktunum, sem Alþingi hefur gert um lánamál landbúnaðarins, og það hefur ekki verið bankamálaráðherra, sem hefur svarað þessum fsp. Það hefur verið landbrh., sem hefur svarað þeim. (**Menntmrh.:** Ef þeim er beint til hans, gerir hann það eðlilega.) Beint til, já, — það hafa verið lagðar fram hér fsp., sem snerta t. d. afurðalánin alveg sérstaklega, afurðalánin, sem heyra undir Seðlabankann, og það hefur verið landbrh., en ekki bankamálaráðh., sem hefur svarað þessum fsp. (Gripið fram í.) Það fer eftir þingvenjum um það og eftir því, hvaða ráðh. er talinn sjá um viðkomandi mál, hverjir svara fsp., og landbrh. hefur svarað þessum fsp., vegna þess að þessi lánamál eru talin heyra undir hann, alveg á sama hátt og lánamál iðnaðarins eru talin heyra undir iðnmrh., enda held ég, að það sé hægt að finna fjöldamörg dæmi þess, að þegar t. d. hefur verið lagt hér fyrir þingið frv. um iðnlánasjóð og önnur lánamál iðnaðarins, þá er það ekki bankamálaráðh., sem hefur fylgt þessum málum úr hlaði, það er iðnmrh., sem gerir það. (Gripið fram í.) Og sama gildir að sjálfsögðu um málefni iðnaðarins. Enda hefur það, eins og ég áðan sagði, komið greinilega fram hér í umr. fyrir nokkr-

um vikum á Alþingi, að hæstv. núv. viðskmrh. taldi, að þessi mál hefðu heyrt undir sig í vinstri stjórninni sem iðnmrh., vegna þess að hann lýsti þá með mörgum fögrum orðum, hvaða framtak hann hefði sýnt í þessum málum í vinstri stjórninni. En nú vill hann færa þetta yfir á annan ráðh., þegar það er upplýst, að hann hefur algerlega misminnt um það, sem hann sagði í þessum efnum.

Ég vildi nú fara þess á leit við hæstv. viðskmrh., áður en hann talar miklu meira um þessi mál en hann hefur gert við þessa umr., að þá ætti hann að lesa það, sem hann sagði fyrr í þinginu, þegar rætt var um frv. Sveins Guðmundssonar um lausaskuldir iðnaðarins. Ég er hálfhræddur um, að því beri ekki vel saman, sem hann hefur sagt í dag um framkomu sína í þessu efni og skyldu sína í þessum efnum, við það, sem hann sagði þá. Og ef hæstv. ráðh. dregur það eitthvað í efa, sem ég er að segja í þessum efnum, þá getum við flett upp því, sem hann sagði þá um þessi mál, og séð á því, hvort hann taldi það þá ekki skyldu sína sem iðnmrh. að fylgja þessu máli fram, þó að hann nú vilji koma þessu yfir á annan ráðh.

Hæstv. viðskmrh. sagðist ekki á þessu stigi vilja fara inn á að ræða það mjög, hvort aukin frysting sparifjárins yrði til þess að bæta aðstöðu atvinnuveganna til þess að fá veltulán. Ég skil það ákaflega vel, því að eins og ég benti honum á, mundi aukin frysting sparifjárins leiða til þess að þrengja stórkostlega aðstöðu viðskiptabankanna og verða þess valdandi, að viðskiptabankarnir gætu ekki veitt atvinnuvegunum sömu fyrirgreiðslu og þeir gera í dag. Og þetta mundi hafa enn þá verri afleiðingar, því að þegar svo er komið, að viðskiptabankarnir geta ekki veitt atvinnuvegunum eða einstaklingum eðlilega fyrirgreiðslu, verður þetta til þess, að einstaklingarnir fara að leita að leiðum utan við bankana til þess að fá lánsfé, fara yfir á svartan markað í vaxandi mæli. Það er eitthvað það allra óheilbrigðasta, sem getur átt sér stað í peningamálum. Og það er einmitt ein meginskýringin á því, hve spariinnlög í bönkunum hafa minnkað á undanförnum mánuðum, að vegna þess að viðskiptabankarnir hafa ekki getað veitt þeim, sem þangað hafa komið, eðlilega fyrirgreiðslu, hafa menn leitað annað, til kunningja sinna og eftir ýmsum öðrum leiðum til að ná inn lánsfé, orðið talsvert ágengt að þeim leiðum og fengið það. Þetta fé hefur ekki farið inn í bankana, og þetta er eitthvað það allra óheilbrigðasta, sem getur átt sér stað í peningamálum nokkurrar þjóðar, þegar sparifé fer að leita eftir leiðum utan við viðskiptabankana. En þetta er ekkert annað en eðlileg afleiðing af sparifjárfrystingunni, og þetta kemur til með að eiga sér stað í enn þá ríkara mæli, ef sparifjárfrystingin verður aukin. Þess vegna er alveg víst, að ef farið verður inn á þá braut að auka sparifjárfrystinguna, verður það til þess, að atvinnuvegirnir fá miklu minni fyrirgreiðslu í viðskiptabönkunum en þeir fá í dag og hlutur þeirra kemur til með að versna. Þess vegna væri það hið versta óráð, sem hægt er að hugsa sér frá sjónarmiði atvinnuveganna, ef sparifjárfrystingin væri aukin, enda er alveg augljóst, að þegar það var hægt á tímum vinstri stjórnarinnar, að Seðlabankinn veitti atvinnuvegunum þá 67% afurðalán, þá á það ekki að vera síður auðvelt í dag, en nú veitir hann ekki nema 55% þrátt fyrir sparifjárfrystinguna.

Hæstv. viðskmrh. var að tala um það í þessu sambandi, að það ætti ekki að miða við prósentur, hvað lánin væru há í prósentutali, heldur ætti að miða við krónutölu. Ég er alveg hissa, að hæstv. viðskmrh. skuli segja annað eins og þetta, ef hann telur, að krónan hafi sama verðgildi í dag og hún hafði fyrir 6 árum og það sé rétt að bera saman krónutöluna í dag og krónutöluna þá. Samkv. krónutölunni hafa t. d. sjávarútvegstekjurnar meira en tvöfaldazt á þessum tíma. Álítur hæstv. viðskmrh., að það sé hin raunverulega aukning? Ég held, að það sé miklu réttara, ef miða á við getu einhverra aðila og getu bankanna, að þá eigi miklu frekar til að fá rétta útkomu og rétta mynd að miða við prósentutöluna heldur en við krónutöluna, því að vegna stefnu hæstv. ríkisstj. hefur krónutalan aukizt alveg stórkostlega á öllum sviðum. Og það er ekki hún, sem er hinn rétti mælikvarði í þessum efnum, heldur hið raunverulega verðgildi, og það verður bezt fengið með því að leggja til grundvallar prósentutöluna nú og áður fyrr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Það er aðeins eitt atriði, sem þörf er á að ég fari nokkrum orðum um að síðustu, og það er það atriði í málflutningi hv. þm. að gera tilraun til að stimpla mig sem sérstakan sökudólg í vinstri stjórninni svokölluðu fyrir það, að ég skuli ekki hafa talið það skyldu mína og skyldu mína einvörðungu að fylgjast með afgreiðslu á till. Alþingis frá því í maí 1958. Skoðun mín er sú, að fyrst og fremst hafi þáv. bankamrh. átt að fjalla um till. (**ÞÞ:** Hver var þáv. bankamálaráðh.?) Forsrh. Hermann Jónasson. (**ÞÞ:** Var það öll stjórnin?) Ég er búinn að margsegja þetta í umr. áður, að það var öll ríkisstj., sem fór með bankamálin, en að forminu til forsrh. fyrir hönd ríkisstj. allrar. Ég hef enga tilraun gert til þess að koma neinni sérstakri ábyrgð yfir á þáv. forsrh. í þessu efni. Það er hv. þm. Þórarinn Þórarinsson, sem hefur verið að reyna að gera tilraun til þess að koma ábyrgð á mig í þessu efni og mig einan. Og það er þetta, sem ég verð að svara, og þetta, sem ég verð að andmæla. Þetta er ódrengilegt og hlýtur að vera mælt gegn betri vitund. Það á ekki að þurfa að tala um það við reynda þm., að mál, sem snerta Seðlabankann og lúta að mikilvægustu verkefnum hans, hljóta fyrst og fremst að heyra undir þann ráðh., sem fer með málefni Seðlabankans. Um það getur ekki verið ágreiningur meðal sæmilega viti borinna manna. Hitt er annað mál, að þeir ráðh., sem fara með mál þeirra iðngreina, sem eiga þarna hagsmuna að gæta, hljóta auðvitað að láta sig þau mál skipta. Það segir sig algerlega sjálft, enda hefur þannig alltaf verið í öllum ríkisstj., vinstri stjórninni og í þessari, og það er fullkomlega eðlilegt. Þess vegna var það algerlega rétt gert hjá Alþingi, þegar þessi till. var samþykkt, að senda hana bæði forsrh., sem fór með bankamál

fyrir hönd stjórnarinnar allrar, og iðnaðarmálaráðherra.

Hv. þm. segir, að þáv. forsrh., Hermann Jónasson, kannist ekki við, að því hafi nokkru sinni verið hreyft við sig, að hann tæki málið upp í ríkisstj. Kannast þá ekki þáv. forsrh., Hermann Jónasson, við það að hafa fengið till. senda? Og hvað þýðir það, ef ráðh. fær till. senda frá hinu háa Alþingi? Það er auðvitað fsp. frá Alþingi eða tilmæli frá Alþingi um það að taka till. upp í ríkisstj. Þess vegna kann ég því illa, að hv. þm. sé að gera endurtekna tilraun til að brigzla mér um vanrækslu í þessum efnum. Vilji hann brigzla einhverjum, þá átti hann að brigzla okkur tveimur, okkur báðum um vanrækslu í þessum efnum. Þá skyldi ég gjarnan hafa tekið minn hlut af ábyrgðinni á mínar herðar. Ef við einhvern var að sakast um vanrækslu, þá var það við hæstv. þáv. forsrh. og við mig, okkur báða. Þá sameiginlegu ábyrgð skal ég gjarnan taka á mig, en einn tek ég hana ekki á mig.

Nú er það svo, að það er ekki skráð, sem gerist á stjórnarfundum, og er vafalaust mjög heppilegt, að það er ekki gert. Þó man ég ekki betur en ég hafi einu sinni hreyft þessu máli lauslega á ráðherrafundi, en það kom greinilega fram, ég bar engar till. fram um það á fundinum, að þetta skyldi gert, að ríkisstj. skyldi beina þessum tilmælum til Seðlabankans, því að það var ekki í samræmi við skoðun mína. Ég taldi, að slíkt hefði ekki átt að gerast. En það kom í ljós, — þess vegna urðu umr. mjög stuttar, — að við vorum allir sammála um, að efni till. skyldum við ekki beina til stjórnar Seðlabankans, við skyldum ekki gera það, og það var rétt gert, ef má kalla það ákvörðun, sem kannske er of formlega til orða tekið, en sú niðurstaða okkar af mjög stuttri umr. um málið var sú, að við vorum allir sammála, og þannig fór líka málið. Þess vegna ræddi þáv. forsrh. málið aldrei við Seðlabankann, af því að hann hafði ekkert umboð stjórnarinnar til að gera það. En það sker svo alveg úr um, hvor okkar tveggja hefði fyrst og fremst átt um málið að fjalla, ef við spyrjum spurningarinnar: Hver hefði átt að tala við Seðlabankann, ef skoðun stjórnarinnar hefði verið önnur en hún var, ef stjórnin hefði verið þeirrar skoðunar, að þetta hefði átt að gera, að Seðlabankinn hefði átt að hefja þessi endurkaup á víxlum iðnaðarins, — hver hefði þá talað við Seðlabankann? Hefði það verið forsrh., eða hefði það verið ég? Auðvitað hefði það verið forsrh. Það var í hans eðlilega verkahring, það var hans eðlilega starfsskylda, og það tekur auðvitað af öll tvímæli um það, hjá hvorum ábyrgðin var fyrst og fremst í þessum efnum, þó að ég vilji engan veginn skorast undan einhverjum hluta af ábyrgðinni. Mér kom málið auðvitað við sem iðnmrh., en höfuðskyldan í því efni var ekki á mér.

Umr. frestað.

Á 38. fundi í Sþ., 5. febr., var fram haldið einni umr. um till.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndaráliti frá minni hl. fjvn., á þskj. 668, var útbýtt 11. maí, en till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

10. Afurða- og rekstrarlán landbúnaðarins.

Á deildafundum 29. okt. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um, að ríkisbankarnir sjái landbúnaðinum fyrir nauðsynlegum afurða- og rekstrarlánum [47. mál] (A. 48).

Á 14. fundi í Sþ., 12. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 15., 18., 22., 24. og 25. fundi í Sþ., 13., 20. og 27. nóv., 4. og 11. des., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 35. fundi í Sþ., 22. jan., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Ágúst Þorvaldsson): Herra forseti. Þáltill. sú á þskj. 48, sem hér er á dagskrá, er flutt af mér og átta öðrum hv. þm. Framsfl. Samhljóða till. til þál. var einnig flutt á síðasta þingi, en var þá ekki tekin á dagskrá, enda var þá mjög liðið nærri þingslitum, þegar till. kom fram. Á þessu þingi var hún hins vegar lögð fram 29. okt. í haust. Till. er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að beita sér fyrir því, að ríkisbankarnir láti landbúnaðinum í té nauðsynleg lán móts við aðra atvinnuvegi þjóðarinnar, m. a. með því að kaupa afurðalánavíxla vegna landbúnaðarafurða frá þeim fyrirtækjum, sem annast sölu þessara afurða, að því marki, að þessi fyrirtæki geti greitt bændum þegar við móttöku afurðanna það verð, sem gert er ráð fyrir í verðlagsgrundvelli á hverjum tíma."

Á nokkrum undanförnum árum hafa aðalfundir Stéttarsambands bænda rætt það vandamál, sem þessi till. til þál. gerir ráð fyrir að ríkisstj. beiti sér fyrir að leysa. Á stéttarsambandsfundi árið 1960 var samþykkt með shlj. atkv. svo hljóðandi till., með leyfi forseta:

„Aðalfundur Stéttarsambands bænda 1960 telur nauðsyn á, að breytt verði um fyrirkomulag við útborgun á verði framleiðsluvara landbúnaðarins, þannig að bændur geti fengið mikinn hluta verðsins, ekki minna en 90%, útborgaðan við afhendingu vörunnar. Til þess að þessu marki verði náð, telur fundurinn nauðsynlegt, að verzlunarfélögum og mjólkurbúum verði tryggt rekstrarfé til þessara hluta og að kostn-

aður við það og áhættu við sölu vörunnar verði tekinn í dreifingarkostnaðinn við ákvörðun hans.“

Stéttarsambandsfundur 1962 ræddi þetta mál enn og gerði um það till., er samþ. var með shlj. atkv. Sú till. gekk þó nokkru skemmra en sú, sem fundurinn gerði 1960. Till. frá 1962 er svo hljóðandi, með leyfi forseta:

„Þar sem sölu og framleiðslu landbúnaðarvara er þannig háttað, að löng bið hlýtur ávallt að vera frá því að varan er afhent til sölumeðferðar og þar til endanlegt uppgjör fer fram, skorar fundurinn á stjórn Stéttarsambandsins að beita sér fyrir því við hlutaðeigendur, að tryggt sé, að veitt verði 70% lán út á verðmæti allra landbúnaðarvara.“

Á s. l. sumri var þetta mál enn til umræðu á aðalfundi Stéttarsambands bænda og var enn gerð um það till., er samþ. var með shlj. atkv. Sú till. er svo hljóðandi, með leyfi forseta:

„Þar sem sívaxandi fjármagnsþörf í búrekstrinum gerir það stöðugt brýnna, að bændur fái hagstæðari rekstrarlán til þeirrar framleiðslu, sem aðeins skilar afurðum einu sinni á ári, og búvörurnar að mestu greiddar strax við afhendingu þeirra, þá telur aðalfundur Stéttarsambands bænda 1963 þá stefnu, sem fylgt hefur verið í þessum lánamálum síðustu árin, mjög rangláta og algerlega óviðunandi. Felur hann því stjórn Stéttarsambandsins að vinna ötullega að því, að Seðlabankinn tryggi fyrirtækjum þeim, sem búvöru kaupa af bændum, nægjanleg afurðalán til þess að gera þeim kleift að greiða 90% af verði þeirra við móttöku, og enn fremur, að rekstrarlánin verði á ný hækkuð upp í 67% af væntanlegu útborgunarverði til bænda. Vill fundurinn leggja sérstaka áherzlu á hina brýnu þörf, sem á því er, að leiðrétting þessara mála fáist.“

Þá vil ég einnig geta þess, að á aðalfundi Sláturfélags Suðurlands á s. l. vori flutti formaður félagsins, Pétur Ottesen fyrrv. alþm., till. um, að bankarnir veiti svo rífleg afurðalán, að bændur geti við afhendingu framleiðsluvara sinna fengið útborguð 90% af væntanlegu verði þeirra. Sú till. Péturs Ottesens var auðvitað samþykkt á fundinum.

Af því, sem ég hef hér stuttlega rakið, verður það ljóst, að bændur og þeirra fulltrúar telja afurðalánamálið eitt af þeim málum landbúnaðarins og bændastéttarinnar, sem nú beri mjög brýna nauðsyn til að leysa. Hér á Íslandi er litið á bændur sem launþega. Afurðaverð þeirra eða sá grundvöllur, sem það byggist á, er ákveðinn með lögum. Bóndanum eru í lögum ákveðin viss laun, sem eiga að vera, eins og í l. segir, í sem nánustu samræmi við tekjur annarra vinnandi stétta. Hvernig er það nú með þessar aðrar vinnandi stéttir og launþega yfirleitt? Bíða þessar stéttir lengi eftir því að fá laun sín greidd? Nei, laun eru yfirleitt greidd annaðhvort viku- eða mánaðarlega. Slíkt er ákveðið í öllum kaup- og kjarasamningum. Ekki er annað talið fært en að hafa þennan hátt á, því að fólk verður auðvitað að nota vinnulaun sín til þess að kaupa fyrir þau lífsnauðsynjar sínar. Í nágrannalöndum okkar, t. d. í Danmörku og Noregi, er mér tjáð, að bændur fái þegar í stað við afhendingu afurða sinna greitt það verð, sem þeir eiga að fá T. d. ef bóndi kemur að morgni með sláturgripi í sláturhús sitt eða það sláturhús, sem hann hefur viðskipti við, þá fær hann, þegar varan hefur verið vegin og metin, það verð, sem honum ber. Mér er einnig tjáð af kunnugum mönnum, að í þessum löndum sækist peningastofnanir eftir því að hafa viðskipti við þær stofnanir bændanna, sem annast móttöku og sölu á afurðum þeirra, og þess vegna eru peningagreiðslur til bænda fyrir afurðir þeirra svona greiðar, eins og ég hef hér drepið á. Það mun vera reynsla peningastofnana yfirleitt víðast í heiminum, að viðskipti við bændur séu einna affallaminnst og öruggust og ættu þess vegna að vera æskileg frá sjónarmiði þeirra, sem hafa það starf að lána fé.

Búskapur bænda, svo að segja hvar sem er á landinu nú orðið, er háður daglegum viðskiptum. Mjólkin er send daglega til vinnslu- og dreifingarstöðva. Alls konar rekstrarvörur eru fengnar næstum daglega til búanna, svo sem kjarnfóður, eldsneyti, olíur, benzín, rafmagn, varahlutir í vélar, viðgerðir, efni til viðhalds húsum, lyf í skepnur og margt, margt, sem ekki er hér hægt upp að telja. Allt þetta þurfa bændurnir að greiða jafnharðan. Hinn nýi viðskiptabúskapur krefst þannig síaukinnar peningaveltu í stað þess, að áður fyrr, þegar ég og mínir jafnaldrar vorum að alast upp, voru svo að segja engar rekstrarvörur keyptar til búanna. Þá bjó hver að sínu að mestu leyti. Nú er sá tími liðinn og kemur væntanlega ekki aftur.

Hið nýja búskaparlag og framleiðsluhættir landbúnaðarins krefjast sífellt meira fjármagns í hinum daglega rekstri. Íslenzka bóndanum er það því alveg sama nauðsyn og stéttarbróður hans í öðrum löndum að fá jafnharðan og framleiðslan er afhent til vinnslu og sölumeðferðar það verð, sem honum ber að fá, svo að hann geti staðið í skilum, og að hann einnig fái notið sams konar réttinda í þjóðfélagi sínu eins og aðrir þegnar, að fá vinnu sína greidda jafnharðan. Þetta eru sjálfsögð mannréttindi, sem viðurkennd eru í verki gagnvart öllum nema bændunum.

Ég vil nú ekki efa, að það sé almennur vilji til að leysa þetta mál. Það kemur að sjálfsögðu á þeirra herðar, sem með völdin fara í þjóðfélaginu, að hjálpa til við lausn þessa máls, enda miðast þáltill. sú, sem hér er til meðferðar, við það, að ríkisstj. beiti sér fyrir því við peningastofnanir þjóðarinnar, ríkisbankana fyrst og fremst, að þeir taki höndum saman um að hjálpa til við, að bændurnir nái sama rétti til að fá laun sín jafnharðan greidd eins og aðrar stéttir hafa. Það getur vel verið, að einhverjum þyki of langt gengið með þessari till., þar sem það mark er sett, að bændur geti fengið allt verð framleiðslu sinnar greitt við afhendingu, en fundir bænda hafa ekki sett óskir sínar um þetta alveg svo hátt. Þeir hafa ekki farið hærra með sínar óskir en í 90% af vöruverði. Ég tel þó, að krafan hljóti að vera fullt verð við afhendingu. Hins vegar get ég búizt við því, að þessu marki yrði ekki í einu náð og kynni að verða að taka það í áföngum. Og vitanlega mun-

um við flm. þessarar þáltill. fagna hverju því skrefi í átt að því rétta og nauðsynlega marki, sem náð verður.

Við flm. álítum, að það takmark, sem stefnt er að með flutningi þessarar þáltill., sé einna mest aðkallandi og eitt af stærstu málum bændanna, bæði sem hagsmunamál og réttindamál, og ég er viss um, að allir réttsýnir menn viðurkenna, að svo sé. Ef tekst að koma greiðslum til bænda á afurðaverði þeirra í það horf, að þeir fái það að mestu eða öllu leyti svo að segja strax við afhendingu afurðanna, er stigið skref til jafnréttis bændanna við aðrar stéttir, en bændur geta ekki til lengdar öðru unað og búskaparhættir nútímans gera slíkt óumflýjanlegt.

Herra forseti. Ég tel, að ég þurfi ekki að hafa um þetta fleiri orð, og leyfi mér því að leggja til, að umr. verði nú frestað og málinu vísað til athugunar í nefnd. Ég tel, að það væri eðlilegt, að það yrði í allshn. Og vildi ég óska eftir því, þar sem málið hefur nú legið alllengi hér fyrir Alþingi, að n. hraðaði afgreiðslu þess og það mætti fá afgreiðslu hér á þessu þingi.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég get tekið undir margt af því, sem hv. frsm. sagði í sambandi við þessa till. Það væri vitanlega æskilegast, að bændur gætu fengið sem mest og helzt allt greitt fyrir afurðirnar, um leið og þær væru afhentar. En eitt veit ég, að þótt fyrirtæki bænda, sem verzla með landbúnaðarvörur, ættu kost á því að fá 100% lán til þess að geta borgað 100% út, þá mundu þau ekki gera það af eðlilegum ástæðum. Ég geri ekki ráð fyrir, að nokkurt fyrirtæki, sem tæki vörur til sölumeðferðar, sæi sér fært nokkru sinni að greiða strax við afhendingu meira en 90%, fyrr en varan er seld og vitað, hvað fyrir hana kemur, jafnvel þótt þær verðtryggingar séu fyrir hendi, sem nú eru.

Það er rétt, að aðalfundir Stéttarsambands bænda hafa gert kröfur og borið fram óskir um aukin afurðalán. En það er ekki rétt, að það hafi aðeins verið núna síðustu ár, eins og hv. frsm. sagði, heldur er hitt rétt, að síðan farið var að halda aðalfundi Stéttarsambands bænda, frá því að þessi samtök voru stofnuð, hafa fundirnir borið þessar óskir fram af eðlilegum ástæðum. En árangurinn hefur ekki orðið meiri en þetta þrátt fyrir stjórnarskipti vegna margs konar erfiðleika á því að uppfylla þessar óskir og kröfur bændanna. Það er þess vegna ekkert nýtt í málinu, þótt bændur fái ekki 90% borgað út á afurðirnar nú, og það er ekki nýtt í málinu, þótt bændur fái ekki meira en ⅔ útborgað strax eins og nú, heldur hefur þetta verið þannig síðustu 20 árin a. m. k., að bændur hafa ekki fengið hærri útborgun út á afurðirnar strax heldur en þeir fá nú. Enda reynir hv. frsm. ekki að halda því fram, að útborgun til bænda nú síðustu árin hafi lækkað frá því, sem áður var, hann reynir það ekki, vegna þess að það væri algerlega rangt. Hitt er rétt, að afurðalánin í Seðlabankanum eru að prósentutölu lægri nú en þau voru um skeið. Þau voru um skeið 67%, en eru nú 55%. En þótt afurðalánin hafi lækkað, hefur lánastarfsemin ekki minnkað, því að til viðbótar við afurðalánin hafa viðskiptabankarnir lánað til þess, að stofnanir bændanna þyrftu ekki að lækka útborgun til þeirra frá því, sem verið hefur. Það er þetta, sem hefur gerzt. Og það er rétt, að síðan 1943, að lög um 6 manna nefnd urðu til, sem starfað hefur verið eftir í meginatriðum síðan, eru bændur skoðaðir sem nokkurs konar launþegar, þótt þeir séu framleiðendur, vegna þess að þeim er ætlað að bera ekki minna úr býtum en öðrum launþegum, þ. e. verkamönnum, sjómönnum og iðnaðarmönnum.

Nú hefur því verið haldið fram, að bændur væru jafnvel verst launaða stéttin í landinu, þrátt fyrir þessi ákvæði. Og þannig var þetta a. m. k. um skeið, á meðan bændur fengu ekki útborgað það verð, sem þeim var reiknað af 6 manna nefnd, vegna þess að bændur urðu að bera hallann af útflutningnum og grundvallarverðið náðist ekki. Þá voru þeir vitanlega verr settir að þessu leyti en þeir launþegahópar, sem kjör bændanna eru miðuð við. En þetta hefur farið batnandi síðari árin, eins og kunnugt er, síðan bændunum var tryggt grundvallarverðið með því, að ríkissjóður greiði nú þann halla, sem bændur báru áður.

Það má skipta bændum í 4 hópa í aðalatriðum, þegar talað er um tekjur þeirra. Það er nokkur hópur, sem fær laun frá 200—250 þús., það er annar hópur, sem fær laun frá 150—200 þús., og svo er hópur, og allstór, frá 100—150 þús., en svo eru allt of margir bændur, sem eru með laun frá 40—100 þús. kr. Og það er þessi hópur bænda, sem býr vitanlega við bág kjör og liggur mest á að lyfta undir á einhvern máta og dregur vitanlega stórkostlega niður meðaltekjur bændastéttarinnar. En þetta er nú annað mál.

Hv. frsm. minntist hér á þau kjör, sem bændur í nágrannalöndunum búa við, t. d. það, að bændur í Danmörku og Noregi fái útborgað fullt verð við afhendingu varanna. Hvernig má nú þetta ske, t. d. í Danmörku, þar sem mikið er flutt út, mjög mikið af landbúnaðarvörum, en útflutningsbætur eru sáralitlar miðað við það, sem hér er, þær eru mjög litlar. Þessi fullyrðing hjá hv. frsm. er alls ekki rétt, það stenzt ekki, vegna þess að mjólkursamlög og kjötsamlög danskra bænda geta ekki gert upp heildarverð til bóndans fyrr en vitað er, hvert jafnaðarverðið verður. Danskir bændur verða að bera hallann af útflutningnum að langmestu leyti og láta innanlandssöluna bæta þetta upp. Af því leiðir, að bændur geta ekki fengið fullt verð við afhendingu vörunnar, eins og hv. frsm. sagði hér áðan. Ég skal ekkert segja hv. þm. þetta til lasts, heldur það, að hann hefur ekki kynnt sér málið nógu vel, áður en hann kemur með þessa staðhæfingu hér í stólinn. En norskir bændur eru ekki betur settir að þessu leyti. Enda þótt það sé iðulega í norskum sláturhúsum, að bændur geta komið með nautgrip og selt hann og fengið hann borgaðan út í hönd, þá er þetta ekki sú almenna regla. En það er það vitanlega, sem máli skiptir í þessu efni.

Það hefur oft verið talað um það, að landbúnaðurinn búi við miklu verri lánskjör en t. d. sjávarútvegurinn. Þetta les maður iðulega um í Tímanum, og það er stutt síðan ég las um

það í Tímanum, að útlán til Sambands ísl. samvinnufélaga gegnum afurðalánin hafi verið aðeins 8 millj. kr. hærri nú við síðustu áramót heldur en áramótin 1962—1963. Ég ætla ekkert að rengja þetta, vegna þess að mér er ekki kunnugt um það, að hve miklum hluta Sambandið tekur afurðalán. Ég veit, að það eru ýmis stór félagasamtök bænda, sem eru utan við Sambandið, og má þar t. d. nefna Sláturfélag Suðurlands, sem tekur sjálft sín afurðalán, KEA tekur sjálft sín afurðalán, Mjólkurbú Flóamanna, og þannig mætti telja væntanlega fleiri fyrirtæki. Ég ætla þess vegna ekki að halda því fram, að þessi upphæð sé röng. En ég vil af því tilefni benda á, að afurðalánin í heild hafa hækkað ákaflega mikið frá því í fyrra, að 30. nóv. 1962 voru heildarafurðalán 293 millj. 612 þús., en 30. nóv. s. l. voru afurðalánin 380 148 500 kr. eða nærri 90 millj. kr. hærri. Hverjir hafa fengið þessi afurðalán? Það skal ég ekkert segja um, en afurðalánin lækkuðu nokkuð í desember. 31. des. 1962 voru afurðalánin 290 millj. 352 þús., en 31. des. s. l. 350 millj. 422 þús., og það er vitanlega vegna þess, að birgðirnar hafa lækkað í þessum mánuði. Það var flutt út mikið af kjöti fyrir áramót, og það hefur verið flutt út ákaflega mikið af mjólkurdufti og osti einnig á þessu hausti. En þetta sýnir það, að afurðalánin hafa hækkað frá því á árinu 1962. Og vegna þess að það hefur verið fullyrt, að sjávarútvegurinn fengi öðruvísi afgreiðslu í sambandi við afurðalánin heldur en landbúnaðurinn, hef ég gert fsp. til Seðlabankans, hvort þetta væri rétt, því að ef landbúnaðurinn fengi ekki nú sams konar fyrirgreiðslu og sjávarútvegurinn, hefði Seðlabankinn ekki staðið við sín fyrirheit, sem hann hefur gefið, að landbúnaðurinn skuli njóta ekki lakari afgreiðslu. Og hér er bréf, dags. 11. des., frá Seðlabankanum, þar sem tekið er fram, hvernig þessi lán eru framkvæmd, og ég vil leyfa mér — með leyfi hæstv forseta — að lesa þetta bréf upp, vegna þess að það skýrir málið:

„Í bréfi hins háa ráðuneytis, dags. 10. þ. m., er beðið um skýringar á því, sem fram hefur komið í umr. á Alþingi, að afurðalán Seðlabankans nemi 55% af verðmæti sjávarafurða, en 53% af verðmæti landbúnaðarafurða. Öll afurðalán Seðlabankans byggjast á svokölluðu skilaverði afurða, en það er reiknað út á eftirfarandi hátt:

Skilaverð landbúnaðarafurða, sem fara í innanlandssölu, er skrásett heildsöluverð hjá framleiðsluráði landbúnaðarins, að frádregnum opinberum gjöldum, sem nema um 2.2%. Skilaverð útfluttra landbúnaðarvara er fob.-verðmæti þeirra að frádregnum opinberum gjöldum, 1.6%, auk umboðslauna til söluaðila. Skilaverð sjávarafurða er fob.-verðmæti þeirra að frádregnum opinberum gjöldum, 7.4%, og umboðslaunum til söluaðila,

Af framangreindu má ráða, að umrædd fullyrðing, sem komið hefur fram á Alþingi, er á misskilningi byggð og röng, þannig að lánin eru afgreidd með sama hætti, bæði til sjávarútvegs og landbúnaðar."

Hitt er svo annað mál, og það geta menn vitanlega rætt um, að það sé nauðsynlegt, að þessi lán séu hærri, og ég vil taka undir það. Ég vil taka undir það, að það er æskilegt, að bændur geti fengið sem mest greitt út á afurðirnar og sem fyrst. Ég vil taka undir það, að það væri hægt að greiða til bænda 90% við afhendingu vörunnar, og ég tel, að það sé ekki óeðlilegt, að það verði stefnt að þessu marki. En eins og ég sagði í byrjun máls míns, hafa kröfur frá bændasamtökunum verið gerðar í þessa átt í 15—20 ár, og þetta hefur ekki tekizt enn. Og mér dettur ekki í hug að halda, að það sé af viljaleysi. Það hefur ekki tekizt enn að borga bændum meira en sem svarar ⅔ stuttu eftir afhendingu vörunnar, og það tókst ekki heldur á meðan í stjórn voru flokksbræður hv. frsm. Og ég gæti verið sammála hv. frsm., ef hann segði: Mínir flokksbræður gerðu það, sem í þeirra valdi stóð til þess að leysa þetta og bæta úr þessu, en það tókst ekki vegna margs konar erfiðleika, sem í vegi voru. — Og úr því að við getum nú verið sammála um það, ég og hv. frsm., að vegna erfiðleika hafi ekki verið hægt að bæta úr þessu, meðan framsóknarmenn voru í ríkisstj., þá væri ekki nema eðlilegt og sanngjarnt, að ég gerði þá kröfu til hv. frsm. og þeirra 8 hv. flm. að þessari till., að þeir gerðu sér grein fyrir því, að það gætu jafnvel verið erfiðleikar á því núna að bæta úr öllu því, sem þeirra ríkisstj. gat ekki levst. og nú er það svo, eins og kunnugt er, að Seðlabankinn getur ekki veitt meiri lán en sem svarar því fjármagni, sem hann hefur yfir að ráða hverju sinni. Og nú er vitað, að að því er stefnt, að fjármagn Seðlabankans geti aukizt. til þess fyrst og fremst að auka útlánin til atvinnuveganna.

Í þessari till. er ekki rætt aðeins um Seðlabankann, heldur ríkisbankana, og af því má ráða, að hv. flm. ætlast til, að það komi peningar úr þeirri átt heldur en frá Seðlabankanum einum, og mér finnst það mjög skynsamlegt að gera sér grein fyrir því, að það verður ekki hægt að gera þá kröfu til Seðlabankans eins, að hann leysi þetta. Ég mundi þess vegna segja, að eins og þetta mál hefur verið á dagskrá í áratugi, þá muni það ekki síður vera á dagskrá hjá núv. ríkisstj., að auka útlánin til höfuðatvinnuveganna, til þess að létta undir rekstri þeirra og skapa vaxandi möguleika til aukinnar framleiðni og vaxandi framleiðslu. Þetta hlýtur að vera markmiðið að gera og það er ekki síður takmark þessarar ríkisstj. heldur en þeirra, sem á undan hafa verið, og ég geri alveg ráð fyrir því og reyndar veit það, að hv. framsóknarmönnum, þótt þeir flytji þessa till., þá dettur þeim ekki í hug, að það verði mögulegt að borga 100% út á afurðirnar og ekki heldur að svo stöddu 90%. En þetta eru frómar óskir og frá sjónarmiði bændanna og þeirra, sem vilja fyrir þá vinna, ekkert óeðlilegt, þótt þær komi fram og þær séu ræddar af fullri hreinskilni og skilningi og viðurkenningu á þeim erfiðleikum, sem ekki eru aðeins núna, til þess að leysa úr þessu, heldur hafa alltaf verið.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Vegna þess að ég er þessum málum dálítið kunnugur, langar mig til að leggja orð í belg. Ég skal ekki fara svo mjög út í að metast um þessi efni, en meira reyna að vekja athygli á því, hvað hér

er um mikið vandamál að ræða, sem þarf að reyna að leysa, þar sem þessi rekstrarlánamál landbúnaðarins eru.

Hæstv. ráðh. benti á það alveg réttilega, að það er engin nýlunda, að samtök bændanna óski eftir því, að meira sé lánað út á landbúnaðarafurðir. Það hefur sjálfsagt verið gert lengi, eins og hann réttilega tók fram. Og það er líka sjálfsagt alveg rétt hjá hæstv. ráðh., að það hefur aldrei tekizt að lána eins mikið út á afurðirnar og þurft hefði að gera. En það er ástæða til að benda á það í þessu sambandi, að því miður hefur verið stigið spor aftur á bak í þessu núna síðustu árin, sem hefur orðið ákaflega erfitt og þungbært, og það er þetta, að endurkaup Seðlabankans á afurðavíxlum vegna landbúnaðarafurða hafa verið minnkuð mjög mikið.

Ég ætla að benda á, hvernig breytingin hefur orðið. Það var búið smátt og smátt að byggja þetta upp þannig, að Seðlabankinn endurkeypti sem svaraði 67% af heildsöluverði landbúnaðarafurðanna. En þetta hefur verið fært niður í 55%, og nokkuð hefur verið breytt grundvellinum líka, þannig að lækkunin hefði orðið meiri. En við skulum ekki fara út í það til þess að gera málið ekki flókið, heldur bara segja, að endurkaupin hafi verið lækkuð úr 67% niður í 55%. Þetta hefur orðið ákaflega tilfinnanlegt fyrir bændurna og þær stofnanir, sem fara með þeirra málefni, kaupa fyrir þá rekstrarvörur og taka vörur þeirra til sölumeðferðar.

Þá er önnur breyting á afurðalánum en þessi beina lækkun á prósentutölunni, og það er, að það var búið að byggja upp það kerfi þannig, að byrjað var að lána úr Seðlabankanum út á sauðfjárafurðir í marzmánuði nokkra fjárhæð, sem var miðuð við ákveðna hundraðstölu, og síðan var bætt við mánaðarlega, unz komið var upp í þessi 67%. Og þetta var hugsað þannig, að það væri óhugsandi fyrir þær stofnanir, sem annast kaupin á rekstrarvörunum, að borga rekstrarvörurnar eða komast yfir þær vegna bændanna nema með því, að þannig ættu sér stað fyrirframlán. En nú hefur nokkur ár sá háttur verið á hafður, að þessum fyrirframlánum hefur verið haldið í heild óbreyttum að krónutölu, þannig að það hefur orðið þess vegna mjög verulegur niðurskurður á fyrirframlánunum til viðbótar þeim niðurskurði, sem orðið hefur á endanlegum afurðalánum. Þetta munar gevsistórum fjárhæðum, þegar það er tekið í heild, kannske tímabil úr árinu eitthvað milli 100 og 200 millj. í rekstrarfé fyrir bændurna og þær stofnanir, sem annast þeirra mál.

Svo hefur verið reynt, þrátt fyrir þetta, að halda þessu gangandi, en sýnilegt er, að það hefur verið þeim stofnunum, sem hafa reynt það, algerlega um megn og þær stofnanir hafa komizt í hin mestu rekstrarfjárvandræði, eins og gefur að skilja, út af þessu, því að alltaf eykst það, sem þarf að kaupa að vorinu til og framan af árinu vegna bændanna, en afurðalánin hafa verið látin standa í stað í Seðlabankanum í krónutölu. Og eins, þegar kemur að því að borga út að haustinu, þá er verið að reyna að halda því, sem var, eins og hæstv. ráðh. sagði hér áðan, það er reynt að lækka það ekki, en það gengur út yfir þessar stofnanir, þannig að þær lenda í gífurlegum rekstrarfjárvandræðum og erfiðleikum með sinn rekstur og viðskipti á allan hátt.

Þetta mál er nú komið svo gersamlega í hnút, eins og ég veit, að hæstv. ráðh. er mjög vel ljóst, að það er ómögulegt að sjá, hvernig hægt verður að leysa þessi mál í vor, nema þessu verði breytt, og veit ég, að hæstv. ráðh. hefur opin augun fyrir því. Og þá er það t. d., að það væri mjög þýðingarmikið skref, ef hægt væri að breyta þessu í það horf, sem það var áður.

Hæstv. ráðh. fannst ekki mikið til um frammistöðu framsóknarmanna í þessu, eins og hún hefði verið. En það væri þó stórt skref til bóta frá því, sem núna er, ef hæstv. ráðh. hefði treyst sér til þess að beita sér fyrir því, að hámarkið væri tekið af fyrirframlánunum, afurðalánunum, til að reyna að leysa þessi vandamál framan af árinu, að Seðlabankinn færi í að endurkaupa jafnmikið og hann gerði áður. Seðlabankinn er alveg tvímælalaust jafnvel fær um að gera það og áður, og þó betur fær um það en áður vegna þess, sem dregið hefur verið inn í bankann af sparifjármagni úr bankakerfinu. Það ættu að vera meiri möguleikar en áður til þess að koma afurðalánunum aftur í það horf, sem þau voru.

Hæstv. ráðh. viðurkenndi, að það hefðu verið minnkuð endurkaupin á afurðavíxlunum út á landbúnaðinn. Hann viðurkenndi það, enda er það staðreynd. En hann sagði, að það mundi hafa komið í staðinn, að viðskiptabankar hefðu lánað meira en áður, þannig að mér skildist hæstv. ráðh. draga í efa, að stofnanir þær, sem annast málefni bændanna, eða bændurnir sjálfir hefðu fengið í heild nokkru minni lán en áður var. En því miður er þetta misskilningur, því að þessu er þannig varið, að það er ekkert nándar nærri því, að ýmsar af veigamestu stofnunum bændanna, sem eiga að annast þessi mál fyrir þeirra hönd, hafi getað fengið í viðskiptabönkunum brúað það bil, sem varð við niðurskurðinn á afurðalánunum. Því fer því miður alls fjarri, og þess vegna eru þessi mál komin í mjög alvarlegan hnút, sem ég endurtek, að ég veit, að hæstv. ráðh. er mjög vel kunnugt um, því að einmitt þetta, að þessar stofnanir hafa verið að reyna að klífa þrítugan hamarinn til þess að láta ekki lækka afurðagreiðslurnar til bændanna og verið er að reyna að kaupa nauðsynlegar rekstrarvörur vegna bændanna þrátt fyrir niðurskorin afurðalán, hefur nú sorfið þannig rekstrarfjárlega að þessum stofnunum, að þarna er orðinn hnútur, sem verður að leysa.

Ég vildi leggja þessi fáu orð í belg til að bæta nokkru við það, sem kom fram hjá hv. flm., sumpart af því tilefni, sem hæstv ráðh. gaf, ef það mætti gera þá mynd skýrari, sem þarf að vera sem ljósust fyrir öllum hv. þm. og þeim, sem hér þurfa að eiga hlut að málum.

En mér sýnist, að það verði að reyna að sameinast um að leysa þessi mál, stíga eitthvert skref áfram, þótt ekki verði hægt að komast alla leið, eins og hér er ráðgert í þessari þáltill. Það verði reynt að klífa þrítugan hamarinn til að stíga eitthvert skref áfram í þessum efnum: annaðhvort að auka afurðalánin úr Seðlabank-

anum eða þá að tryggja það beinlínis, að þær stofnanir, sem annast þessi mál fyrir bændurna, geti fengið viðaukalán út á afurðirnar. En það eina, sem gefur örugga lausn, væri að hækka endurkaupin og þá t. d. að slá frá þessa slá, sem sett hefur verið fyrir, eða afnema þetta hámark, sem sett hefur verið á fyrirframlánin, sem er eitt atriði, en þó aðeins eitt atriði.

Ég skal ekkert fara að reyna að bera hér saman sjávarútveg og landbúnað í þessu tilliti, og ég geri ráð fyrir því að Seðlabankinn reyni að hafa þar sömu reglu um lán út á fyrirliggjandi afurðir. En það, sem kemur þar einnig til athugunar, er nú það, að ég býst við því, þótt ég viti það ekki fyrir víst, að þeim fyrirtækjum, sem annast meðferð sjávarafurða, muni yfirleitt hafa gengið betur að fá viðaukalán úr viðskiptabönkunum en hinum, sem hafa landbúnaðarafurðirnar. A. m. k. veit ég, að það er þannig um fyrirtæki, sem ég þekki til, að það hefur gengið betur hjá þeim fyrirtækjum, sem fara með sjávarafurðir, að fá slík viðbótarlán en þeim, sem fara með landbúnaðarafurðir.

Hæstv. ráðh. hefur stundum sagt það hér, að hann mundi vilja eiga hlut að því, að viðskiptabankarnir bættu við slíkum lánum, og ég vil ekki draga í efa, að hann hafi ýtt í þá átt. En árangur hefur ekki orðið af því, þannig að stofnanir, sem annast bændalánin, hafi getað gengið að neinum slíkum viðbótarlánum, og þess vegna eru málin orðin svona örðug viðfangs.

Flm. (Ágúst Þorvaldsson): Herra forseti. Mér fannst nú hæstv. landbrh. setja sig í einhvers konar varnarstöðu hér, þegar hann var að svara ræðu minni. Ég hafði ekki deilt neitt á hann og ekki heldur á ríkisstj., heldur hef ég lagt málið hlutlaust fyrir og rakið ástandið, eins og það hefur verið á undanförnum árum. Mér er vel kunnugt um það, og það vita allir, að þetta hefur svo gengið um langan tíma, að bændur hafa ekki talið sig fá afurðir sínar greiddar nógu fljótt. En það er hins vegar staðreynd, að þeir fengu meiri afurðalán, áður en þessi hæstv. ríkisstj. tók við völdum, þrátt fyrir það, þótt í mörgum tilfellum hafi tekizt að kría út víxla í bönkum til þess að hjálpa upp á sakirnar í mörgum tilfellum.

Hann segir, hæstv. ráðh., að heildarafurðalánin hafi hækkað, og það mun rétt vera, en á þessu tímabili hefur bara framleiðsluaukningin orðið gífurlega mikil. Vegna þeirrar miklu vélvæðingar, sem orðið hefur í landbúnaðinum á undanförnum árum, hefur heildarframleiðsluaukningin orðið gífurlega mikil.

Hann minntist á tekjur bænda og skýrði frá nokkru um það og nefndi nokkra flokka, það mætti skipa bændum í nokkra flokka um laun þeirra, þrjá eða jafnvel fjóra flokka. Ég ætla að segja honum frá ástandinu í einni sveit, þar sem ég er vel kunnugur, hvernig það var árið 1962, hvernig tekjur bænda voru þar það ár. Það var sveit ein á Suðurlandi, þar sem ég hef góðan aðgang að skjölum öllum, er varða framtöl manna. Í þeirri sveit voru það ár 38 bændur samtals. Það ár gerði verðlagsgrundvöllurinn ráð fyrir því, að meðalbrúttótekjur bænda væru 211 þús., og þá var þeim ætlað að hafa afgangs 86 þús. kr. í sitt kaup. En í þessari sveit, þar sem ég ætla nú að skýra frá tölum um þetta, var ástandið þannig, að þetta ár, 1962, höfðu bændurnir 290 þús. kr. tekjur að meðaltali. Þeir voru sem sagt 80 þús. kr. ofan við þetta meðaltal, sem verðlagsgrundvöllurinn gerir ráð fyrir. En í gjöldin fóru 211 þús., þar með talin vaxtagjöld og fyrningar af húsum. Eftir voru 80 þús., sem bóndinn átti að hafa í framfærslueyri fyrir sig að meðaltali í þessari sveit. Ég hygg, að þessi hreppur, sem ég er hér að segja frá, sé með meiri framleiðslusveitum, það sé einhver mesta meðalframleiðsla þar, sem um getur, a. m. k. á Suðurlandi, og útkoman varð þessi, að þrátt fyrir það, að þessir bændur höfðu haft um 104 þús. kr. meiri brúttótekjur en gert var ráð fyrir í verðlagsgrundvelli að meðaltali, að þeir hefðu, þá höfðu þeir ekkert haft upp úr því að hafa þessar 104 þús. fram yfir, því að þeir voru fyrir neðan verðlagsgrundvöllinn í kaupgjaldi þrátt fyrir þetta. Þannig er nú þetta ástand. Og sannleikurinn er sá, að þessi viðskiptabúskapur, eins og hann er í dag, krefst alveg gífurlega mikils fjármagns, daglegs fjármagns, má segja, því að eftir því sem tæknin eykst og þægindin aukast, þá krefst þetta því meiri útgjalda daglega, og þess vegna er enn þá meiri nauðsyn nú en áður var, að bændur geti fengið sem mest af afurðaverði sínu greitt strax.

Ég sagði það í minni frumræðu hér áðan, að ég byggist við því, að þessu marki, að hægt væri að greiða bændum allt sitt vöruverð strax við afhendingu vörunnar, yrði ekki náð nú þegar. Ég geri ekki ráð fyrir því, þótt till. geri ráð fyrir, að stefnt skuli að slíku, heldur gerði ég ráð fyrir því, að þetta yrði að taka í nokkrum áföngum, það mundi ekki nást í einu. Og ég fyrir mitt leyti geri mig fyllilega ánægðan með það, ef tekst að ná þessu marki nú á nokkrum næstu árum.

Ráðh. taldi mig ekki mundu hafa réttar upplýsingar um það, að danskir og norskir bændur fengju sínar afurðir greiddar þegar við móttöku. En ég get náttúrlega sagt það, sem satt er, að ég hef ekki sjálfur kannað það mál, heldur fer ég þar eftir upplýsingum frá stofnun, sem ég tel mjög merka og sé fært að hafa eftir. En þar var mér tjáð þetta og það með, að þetta gerðist vitanlega á þann hátt, að það væru lánastofnanir þar í landi, sem lánuðu stofnunum bændanna, svo að þær gætu fengið sínar vörur greiddar þegar við afhendingu.

Ég efa það ekki, eins og ég sagði í minni frumræðu, að hæstv. landbrh. hefur vitanlega áhuga á að leysa málið. Ég læt mér ekki detta annað í hug, og hefur aldrei dottið annað í hug. En ég veit, að það eitt dugir ekki til. Það þarf að vera almennur áhugi fyrir því hjá þeim valdhöfum, sem nú sitja að völdum í landinu, og þeir þurfa allir að leggjast á eitt með það og margir aðilar að koma til samstarfs um það, að þetta takmark náist. Og ég vil alls ekki draga í efa, að það sé almennur vilji til að gera þetta, en það þarf að beita sér með dugnaði í þessu máli. Og þessi till. okkar er fram borin til þess að herða á valdhöfunum í því að beita sér fyrir þessu.

Björn Pálsson: Herra forseti. Það er mjög lítið vit í þessari till., eins og hún er orðuð frá fyrstu hendi, því að það er talað um að skora á ríkisstj. að láta ríkisbankana lána landbúnaðinum fé móts við aðra atvinnuvegi þjóðarinnar. En það er vitað, að sjávarútvegurinn líður jafnmikið fyrir rekstrarfjárskort og landbúnaðurinn, og iðnaðurinn fær ekki lán út á sínar afurðir, svo að í sjálfu sér er þessi till., eins og hún liggur hér fyrir, algerlega einskis virði og til engra úrbóta fyrir landbúnaðinn, þótt eftir henni væri farið. Og ég skil ekkert í Gísla mínum Guðmundssyni að athuga þetta ekki. En það er allt annað atriði og kemur þessu máli út af fyrir sig ekki við, ef ætti að ræða um skort á rekstrarfé til atvinnuveganna án tillits til þess, hvernig þessi till. er orðuð.

Sannleikurinn er sá, að það er furðulegt, hvað ríkisstj. hefur haft lítinn skilning á rekstrarfjárþörf atvinnuveganna. Það væri sannarlega gaman að láta þessa herra reka frystihús og vita, hvernig þeir færu að því, hvort þeir væru ekki í einhverjum smárekstrarfjárskorti. Ég hef talað við stærri frystihúsin hér í bænum, og þau segja mér, að rekstrarlánin, séu þau fáanleg úr Seðlabankanum, nægi aðeins fyrir hráefni. Þá eru eftir öll vinnulaun og allur rekstrarkostnaður við frystihúsin, viðhald þeirra og annað. Hvernig eiga aumingja mennirnir að fara að? Það getur skeð, að sumir þeirra geti farið í banka og fengið aukalán, og aðrir geta haft það eins og mér er sagt, að einstaka útgerðarmenn geri, að þeir segi: Ef þið lánið mér ekki, getið þið tekið við öllu saman. — Þeir fá peninga þannig. En það er staðreynd að fjöldi af þessum frystihúsum fær enga hjálp og getur þess vegna alls ekki staðið í skilum við þá, sem þau kaupa síldina og fiskinn af.

Það er einkennilegt með þessa hæstv. stjórn, að þó að krónan lækki og verðlag allt hækki, þá hafa þeir aldrei skilið, að það þurfi fleiri krónur, til þess að hægt sé að reka atvinnuvegina. Og þeir spyrja: Hvar á Seðlabankinn að taka þetta? Ég vil bara benda á, að þeir eiga að stöðva innkaup á skipum og á bílum, sem við getum komizt af án, og takmarka vörukaupalán og skuldir. Það eru 7—8 hundruð millj., sem við skuldum fyrir slíka hluti erlendis. Og ef þessar skuldir lækka eða væru engar til, mættu innstæðurnar líka lækka. Ég lýsti því um daginn, að þetta er eins og að ausa vatni í botnlausa tunnu, það rennur jafnóðum úr henni. Þótt Seðlabankinn píni inn peninga og eigi innstæður ytra, ef þeim er jafnóðum eytt fyrir hluti, sem við getum sparað, þá er það einskis virði. Það er eins og þegar einn bóndi í minni sýslu fór og tók víxil, borgaði svo lausaskuldir sínar og sagði kunningja sínum, að hann væri orðinn skuldlaus. Það er ámóta blekking í þessari innstæðu og hann blekkti sjálfan sig á því, að hann væri hættur að skulda, þó að hann væri búinn að hefja nýtt lán og borga einhverjar lausaskuldir, sem hann var í. Þessar innstæður eru í raun og veru blekking. Við skuldum fyrir bær. Við skuldum fyrir skip, við skuldum fyrir bíla, við skuldum vörukaupalán, við skuldum fyrir mikið af innstæðunum. Ég hef alltaf álitið, að við þurfum að eiga innstæður, en það er að blekkja sig að þykjast eiga miklar innstæður og skulda álíka upphæðir í tiltölulega stuttum lánum. Enginn veit, hvernig á stendur, þegar þarf að fara að borga.

En svo get ég bent á annað. Það er verið að tala um, að bændum sé lánað mikið út á afurðir. Það er staðreynd, að kaupfélögin fá seint og illa rúmlega 50% út á afurðirnar, eins og þær eru um áramótin, — þau fá það. En í minni sýslu er kjötkg borgað á 30 kr., en endanlegt verð er áætlað 36. M. ö. o.: það eru borgaðir þarna 5/6 hlutar af kjötverðinu. Og hvar haldið þið, að kaupfélagið taki peningana? Það tekur þá af sínu eigin rekstrarfé. Um síðustu áramót, — það er lítið félag, sem ég verzla við, tiltölulega lítið, — um þau áramót var kaupfélagið búið að lána af sínu eigin rekstrarfé 8 millj. til að jafna muninn á milli lánsins, sem var tekið í bankanum, og þess, sem framleiðendunum var greitt. Þetta veldur því, að fyrirtækið er í vandræðum. Þetta leysir engan vanda. Einhvers staðar verða kaupfélögin að fá þetta. Annaðhvort bindur þetta lánsfé við viðskiptamenn þeirra eða þá skuldirnar vaxa, lausaskuldirnar í bönkunum. Það er nefnilega það, sem hæstv. ríkisstj. verður að skilja, það leysir engan vanda að reka öll innanlandsviðskipti í hnút, en hafa aftur algerlega eftirlitslaus innkaup utanlands frá, eins og nú er að mestu. Það eru engin vandræði leyst með því.

Hæstv. landbrh. var að tala um, hvað afurðalánin væru hærri nú en í fyrra um áramót. En hæstv. ráðh. gleymir alveg vörubirgðunum. Það er t. d. stórkostleg aukning á smjörbirgðum, og það er meira en lítið fjármagn, sem liggur í því. Ég hygg, að það liggi eins mikið fjármagn í auknum smjörbirgðum og í allri aukningunni, þannig að kaupfélögin eða sláturfélögin hafa ekkert fengið meira út á þessar birgðir. Hitt er svo annað mál, að við þurfum að reka okkar búskap af meiri hagsýni en gert hefur verið. Það er ekkert nema vitleysa að framleiða miklu meira af mjólkurafurðum en við þurfum að nota innanlands. Við eigum vitanlega að framleiða sauðfjárafurðir, því að þær eru verðhærri miðað við framleiðslukostnað, og í öðru lagi eigum við að reyna að gera þær verðmeiri en þær eru, og það getum við með auknum iðnaði, alveg tvímælalaust. Ástæðan fyrir því, að framleitt er of mikið af mjólk og of lítið af sauðfjárafurðum, er alveg tvímælalaust sú, að undanfarin ár hefur verðið á sauðfjárafurðum ekki verið hlutfallslega eins hagstætt og á mjólkurafurðum. Þennan verðjöfnuð þarf að laga. Við þurfum að reka búskapinn á sem hagkvæmastan hátt fyrir þjóðfélagið. En þegar verið er að halda ræður hér um landbúnaðinn eins og hæstv. viðskmrh. gerði um daginn og skrifa greinar eins og bændakennarinn á Hvanneyri gerir, þá geta bændur afar lítið lært af slíkum prédikunum og hætta að hlusta á þær. Það er staðreynd, að við þurfum að leggja höfuðáherzlu á framleiðslugreinar þeirra búgreina, sem er hagkvæmast að framleiða fyrir þjóðarheildina, og það eru sauðfjárafurðir, en ekki mjólkurafurðir, hvað útflutning snertir. Ég er alveg viss um, að það má reka sauðfjárbúskapinn á hagkvæmari hátt en gert er. Við getum dregið úr mjólk-

urframleiðslunni með því að draga úr fóðurbætisgjöfinni, og ég hef oft bent bændum á það og reynt það sjálfur, að þessi mikla fóðurbætisgjöf handa mjólkurkúnum er bara barnaháttur, það er bara stritið, sem bóndinn hefur upp úr því. Þegar hann fær svipað fyrir mjólkurlítrann og kg af fóðurblöndu, þá borgar þetta sig ekki og dýrustu lítrarnir eru síðustu lítrarnir, sem kýrin mjólkar, það er staðreynd. Bændur hafa yfirleitt miðað of mikið við brúttótekjur, en lagt of lítið upp úr nettótekjum.

Hvað sem þessu öllu líður, þó að við þurfum að reka okkar atvinnuvegi á margan hátt hagkvæmar en gert hefur verið og við eigum mikið eftir að læra í því efni, þá er það staðreynd, að rekstrarfjárskorturinn þrengir svo að atvinnulífinu í dag, að það horfir til stórra vandræða, og má mikið vera, ef margir af nýtustu mönnunum hrökklast ekki beinlínis frá því að sýsla við þá hluti, af því að þeir geta aldrei um frjálst höfuð strokið vegna rekstrarfjárskorts. Það er ómögulegt fyrir menn að leggja sig í það að vera sífellt í peningavandræðum fyrir aðra.

Það gladdi mig að heyra það hjá landbrh. í lok ræðu hans, að hann sagði, að það væri á dagskrá að auka lán til atvinnuveganna. Hann sagði, að það væri á dagskrá hjá stjórninni. Það er mjög ánægjulegt að heyra það, og ég vona, að ríkisstj. fari nú að skilja það betur héðan af en hingað til, að það er ekki hægt að reka atvinnuvegi, án þess að þeir hafi fjármagn, og það verður að taka tillit til þess, þegar verðlagið er sífellt að hækka. Ríkisstj. hlýtur að skilja það, að þá þurfa atvinnuvegirnir að hafa fleiri krónur í veltunni.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 36. fundi í Sþ., 23. jan., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 39 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndaráliti frá minni hl. allshn., á þskj. 459, var útbýtt 15. apríl, en till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

11. Listasöfn og listsýningar utan Reykjavíkur.

Á 8. fundi í Sþ., 30. okt., var útbýtt:

Till. til þál. um listasöfn og listsýningar utan Reykjavíkur [48. mál] (A. 49).

Á 15., 18., 22. og 34. fundi í Sþ., 13., 20. og 27. nóv., 16. jan., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 35. fundi í Sþ., 22. jan., var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. 3. þm. Norðurl. v., Ólafi Jóhannessyni, að flytja till. til þál. um listasöfn og listsýningar utan Reykjavíkur. Ég vil leyfa mér að lesa till. í heild:

„Alþingi ályktar að kjósa fimm manna nefnd til þess að gera till. um stofnun og starfrækslu opinberra listasafna utan Reykjavíkur. Jafnframt skal n. gera till. um það í samráði við samtök myndlistarmanna, hvernig helzt mætti stuðla að því, að haldnar verði fleiri myndlistarsýningar, samsýningar eða sérsýningar, utan höfuðborgarinnar. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði."

Eins og fram kemur í grg. fyrir till., eru engin listasöfn til utan Reykjavíkur. Það vakti því eigi alllitla athygli, er frú Bjarnveig Bjarnadóttir í Reykjavík gaf Árnessýslu álitlegt safn málverka, sem ætlað er að verða stofn að listasafni sýslunnar. Þetta framtak frú Bjarnveigar, sem er óneitanlega mjög óvenjulegt, hlýtur að vekja til umhugsunar um það, hvar við stöndum í þessum málum og hvort ekki mætti koma af stað hreyfingu í þá átt að efla listmenninguna í landinu og binda hana ekki við höfuðborgina eina, eins og segja má að hafi verið þróunin til þessa.

Ég held, að hér sé um mjög mikið verkefni að ræða, sem ástæða sé til þess að vinna að. Að mínu áliti skiptir afar miklu, að uppbygging þessara mála verði svo vel samræmd frá upphafi, að við það megi una til frambúðar. Mikilvægt er að virkja alla þá krafta, sem borið gætu þessi mál uppi. Er þá bæði um að ræða opinbert framtak og einstaklingsframtak, svo og ekki síst félagslegt framtak, sem án efa er nauðsynlegt til að hrinda þessu máli í framkvæmd. Mér hefur komið til hugar, að af löggjafans hálfu mætti vinna þessu máli mikilvægt lið á fyrsta stigi með því, að samþykkt yrðu lög um fjárhagslegan stuðning við listasöfn bæja eða héraða gegn því, að söfn þessi fullnægðu ákveðnum lágmarksskilyrðum og fé til þeirra væri einnig veitt frá öðrum aðilum. Ef slík lög væru fyrir hendi, mundu þau vafalaust verða hvatning til stofnunar listasafna víða í bæjum og sýslum úti um land. Jafnframt væri mjög nauðsynlegt, að einhver ákveðinn ráðgjafi eða ráðgjafarnefnd hefði það verk með höndum að leiðbeina um stofnun og starfrækslu slíkra safna, enda mundi það bezt stuðla að samræmingu í starfsemi safnanna og tryggja fremur en ella, að þær stæðust þær kröfur, sem gera verður til góðs listasafns, þótt lítið sé.

Ég vil alveg sérstaklega leggja áherzlu á nauðsyn þess, að fjárhags- og skipulagsgrundvöllur þessara safna sé sem traustastur og veiti svigrúm til eðlilegrar þróunar. Það getur ekki orðið með öðru en því, að ríkinu sé skylt að leggja fram ákveðinn hundraðshluta af framkvæmdakostnaði safnanna. Um kostnað ríkissjóðs færi þá eftir því, hversu framkvæmdir væru myndarlegar á hverjum stað, hvað hvert og eitt safn gerði eða væri stórtækt í framkvæmdum sínum.

Ég vil ekki draga dul á það, að ef verulegur skriður kemst á þetta mál, þarf ekki að efa, að það mun kosta ríkissjóð eitthvert fé, hjá því verður auðvitað ekki komizt. En með því að

haga framkvæmdum vel og skipulega ætti að vera hægt að koma fjárveitingum þannig fyrir, að ekki væri um þunga byrði að ræða á hverju fjárlagaári. Kaup listaverka er auðvitað höfuðatriði í starfseminni og það, sem helzt þarf að styrkja, en auk þess mundu koma til stofnkostnaður eða leiga húsrýmis og rekstur. Færi það eftir atvikum, hversu mikið í yrði lagt um húsnæði og hver fjármagnsþörfin þá yrði. Húsnæðisvandann mætti leysa með ýmsu móti. Sums staðar mætti hugsa sér, að listasöfnum yrði komið fyrir í skólabyggingum, einkum þeim, sem eiga eftir að rísa, ellegar í sambýli við önnur söfn, svo sem bókasöfn eða minjasöfn, og líklegt er, að allvíða yrðu reistar sérstakar listasafnsbyggingar. Annars yrði það einmitt hlutverk væntanlegrar nefndar að gera sérstaka athugun á húsnæðisþörfinni og þeim leiðum, sem til greina koma um að fullnægja henni, svo að sæmilegt sé.

Á það er bent í grg., að héraðslistasöfn eigi að vera á „landsmælikvarða", þ. e. a. s. að þau eigi að gefa sem sannasta mynd af því, sem gert er bezt í íslenzkri myndlist að mati kunnáttumanna. Söfnin eiga alls ekki að mínu viti að sanka að sér myndum eftir aðeins einn eða mjög fáa listamenn, eða túlka liststefnur einhliða, því að það mundi aðeins raska nauðsynlegu jafnvægi safnsins og alls ekki gefa rétta hugmynd um fjölbreytni myndlistar, sem vissulega er allmikil. En þrátt fyrir þetta meginsjónarmið um fjölbreytileik listaverkanna í héraðssöfnum, er þó vert að vekja athygli á því, að hvert hérað kann að eiga sína eigin listamenn, og finnst mér eðlilegt, að hin staðbundnu söfn ræki slíka myndlist, jafnvel annarri fremur, ef hún telst þess sérstaklega verð, sem vissulega er vel hugsanlegt í mörgum tilfellum.

Í till. er einnig gert ráð fyrir, að athugun verði gerð á því í samráði við samtök myndlistarmanna, hvernig helzt mætti stuðla að því, að haldnar verði fleiri myndlistarsýningar utan Reykjavíkur. Það er að vísu verkefni Listasafns Íslands að efna til farandsýninga um landið. Ég veit ekki, hvað gert hefur verið til þess að rækja þetta verkefni listasafnsins, en hygg þó, að það sé harla lítið, enda fjárráð safnsins löngum mjög slæm. Á þessu þarf að verða breyting. Slíka starfsemi ætti að efla, og ætti það að verða árlegur viðburður, að efnt væri til myndlistarsýninga úti um land, ekki eingöngu á vegum Listasafns Íslands, heldur væri mjög æskilegt, að einstakir listamenn eða fleiri saman efndu til sýninga á verkum sínum. Ég gæti hugsað mér, að fjölgun listsýninga, væri mikilvægur þáttur í stærri aðgerðum í listamálum landsbyggðarinnar, jafnvel óhjákvæmilegur undanfari þess, að skriður kæmist á þetta mikla menningarmál.

Í þessu sambandi er ástæða til að benda á þá möguleika, sem felast í því að kynna íslenzka myndlist með eftirprentunum málverka. Eftirprentanir gegna nú mjög mikilvægu hlutverki í listmenningunni vegna hinnar fullkomnu renttækni, sem gerir kleift að búa til ótrúlega nákvæmar eftirmyndir. Í sambandi við stofnun safna úti um land ber einnig að hafa í huga, að hve miklu leyti mætti notast við slíkar eftirmyndir í uppbyggingu safnanna. Er trúlegt, að þær gefi talsverða möguleika, þó að hitt hljóti að verða meginmarkmiðið, að eignast sem flest og bezt frumverk.

Ég vil aðeins benda á það að lokum, að okkur Íslendingum ríður mjög á því að rækja betur menningar- og félagsstarfsemi landsbyggðarinnar en nú er. Okkur ber að byggja þetta land og byggja það allt. Atvinnuuppbyggingin situr að sjálfsögðu fyrir, en menningarleg uppbygging verður að vera samhliða, því að menningarleg einangrun er yfirleitt hættuleg og merki um hrörnun. Sú þjóð, sem sparar framlög til menningarmála, er varla á framfaraskeiði, og mun hið gagnstæða trúlegra.

Ég vil leyfa mér, herra forseti, að leggja til, að þessu máli verði vísað til síðari umr. og hv. fjvn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 36. fundi í Sþ., 23. jan., var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og til fjvn. með 34 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

12. Jarðhitaframkvæmdir í Borgarfjarðarhéraði.

Á 8. fundi í Sþ., 30. okt., var útbýtt:

Till. til þál. um jarðhitarannsóknir og jarðhitaleit í Borgarfjarðarhéraði og athugun á hitaveitu fyrir Borgarnes [50. mál] (A. 51).

Á 14. fundi í Sþ., 12. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 15., 18. og 22. fundi í Sþ., 13., 20. og 27. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 24. fundi í Sþ., 4. des., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 51 flytjum við þm. Vesturl. till. til þál. um jarðhitarannsóknir og jarðhitaleit í Borgarfjarðarhéraði og enn fremur, að athugað verði um hitaveitu fyrir Borgarnes.

Í sambandi við þessa till., um leið og ég geri grein fyrir henni, langar mig að víkja nokkrum orðum að þeirri auðlind, sem jarðhitinn er okkur Íslendingum.

Jarðhitann notum við í tvennum tilgangi og höfum gert um alllangt skeið. Allt frá því 1924 hefur gróðurhúsarækt verið stunduð hér, þar sem jarðhitinn hefur verið aflgjafinn, og var fyrsta gróðurhúsið reist að Reykjum í Mosfells-

sveit það ár af Bjarna Ásgeirssyni, fyrrv. alþm. Sama ár hóf Carl Olsen gróðurhúsarækt á Laugalæk hér í Reykjavík. Á þessum árum, sem liðin eru síðan, hartnær 40 árum, hefur þróun í þessum málum orðið veruleg, svo að gróðurhúsaræktin getur nú talizt atvinnugrein. Hér á landi munu nú vera um 120 gróðurhúsastöðvar, og um 10 ha. lands munu vera undir gleri. Framleiðslumagn í þessum gróðurhúsum var um 340 smálestir af tómötum á s. l. ári, og heildarverðmæti í gróðurhúsum landsins mun það ár hafa verið um 23—24 millj. kr.

Jafnhliða því, sem jarðhitinn hefur verið notaður til gróðurhúsaræktunar, höfum við þó í enn þá ríkara mæli notað hann sem hitaveitu vegna upphitunar íbúðarhúsa. Það var á þriðja tug þessarar aldar, sem farið var að nota jarðhitann til upphitunar húsa. Það var m. a., þegar byrjað var að reisa hér héraðsskólana, þá var það eitt af baráttumálum, að þeir skyldu vera reistir á heitum stað. Það var á þessum áratug, milli 1920 og 1930, sem héraðsskólinn að Laugum í Þingeyjarsýslu var reistur á heitum stað og um 1930 að Laugarvatni, 1931 í Reykholti. Á þessum sömu árum var farið að vinna að því að koma á hitaveitu fyrir Reykjavíkurborg. Árið 1927 mun fyrst hafa verið unnið að þessu máli, og 1928 voru hafnar jarðboranir hér í Reykjavík vegna væntanlegrar hitaveitu. 1930 mun hins vegar hafa verið byrjað að veita heitu vatni í hús hér í Reykjavík út frá Laugunum, sem svo voru kallaðar, en það var upphaf að hitaveitu Reykjavíkur. Eins og kunnugt er, er þetta fyrirtæki nú orðið mikið risafyrirtæki, og munu um 5000 íbúðarhús hér í bænum nú vera hituð upp með hitaveituvatni. Tugir milljóna króna eru sparaðir árlega vegna notkunar jarðhitans til upphitunar húsa, því að engin orka nýtist betur til upphitunar en einmitt heita vatnið. Nú munu vera hér á landi 5 bæir og kauptún, sem eru hitaðir upp með hitaveitum úr iðrum jarðar, höfuðborg landsins, Reykjavík, Ólafsfjarðarkaupstaður, Sauðárkrókskaupstaður, Selfoss og Hveragerði. — Þetta vildi ég segja um jarðhitann og notkun hans hér á landi.

Það, sem við förum fram á með till. okkar, þm. Vesturl., er að fá rannsakaðan jarðhitann í Borgarfjarðarhéraði, þann sem þekktur er, og leitað verði eftir nýjum jarðhitasvæðum.

Með l. frá 1961, um jarðhitasjóð, er gert ráð fyrir því í 2. gr. þeirra l., að sjóðurinn rannsaki eðli og uppruna jarðhitans og leiti að jarðhitanum, enn fremur, að hann geri tilraunir með vinnslu úr jarðhita. Till. okkar er því í fyllsta samræmi við það, að jarðhitasjóðurinn taki að sér þetta hlutverk. Ástæðan til þess, að við bendum á Borgarfjörð öðrum fremur, er sú, að Borgarfjörður er eitt mesta vatnshvera- og laugasvæði þessa lands. Ekki er enn vitað um það, hve mikið heitt vatn er þar, það hefur ekki verið nóg rannsakað enn þá, hve mikið rennur af heitu vatni undir yfirborði jarðarinnar, en fullvíst er það, að þar mun vera um verulegt vatnsmagn að ræða. Þær rannsóknir, sem fram hafa farið í Borgarfirði á jarðhitasvæðunum þar, hafa gefið góða raun, vakið áhuga kunnáttumanna um að halda þeim áfram.

Það er hugsun okkar flm. þessarar þáltill., að þau svæði, sem fyrst verði rannsökuð í Borgarfirði, séu jarðhitasvæðin í Reykholtsdal og Bæjarsveit. Það, sem þarf, er í fyrsta lagi jarðfræðileg rannsókn, sem þarf að gera á þessu svæði, og svo þarf að leita eftir heitu vatni, þar sem það er ekki sjáanlegt, enn fremur að bora á jarðhitasvæðunum til þess að auka við það vatnsmagn, sem fyrir er eða rennur þar undir jarðskorpunni. Jarðhitaleitin, sem síðar þarf að gera, þarf að byggjast á þeim undirstöðuatriðum, sem jarðeðlisfræðirannsóknin gefur.

Jafnframt því, sem þarf að leita að nýjum jarðhita út frá þessu, þarf einnig að gera það með tilliti til þess, hvaða möguleikar eru til að hagnýta sér jarðhita. Í því sambandi bendum við á, að athugaðir séu möguleikar á því, að komið verði upp hitaveitu fyrir Borgarnes. Borgarnes er ört vaxandi staður, og væri það mikill fengur fyrir kauptúnið, ef jarðhiti fyndist í grennd við það, svo sem nokkrar ástæður eru til að ætla.

Í sambandi við jarðhitaleitina viljum við benda á það, að líkur eru til þess, að samband sé á milli jarðhitasvæðisins í Borgarfjarðarhéraði annars vegar og jarðhitasvæðisins á Snæfellsnesi hins vegar. Komið hefur upp jarðhiti í Akraós í Hraunhreppi, í flæðarmálinu. Mun sá hiti, sem mældur hefur verið þar, vera milli 50 og 60 gráður. Þessi uppspretta af heitu vatni, sem þarna kemur fram, bendir til þess, að nokkurt samband sé á milli jarðhitasvæða Borgarfjarðarhéraðs og sunnanverðs Snæfellsness. Af þeirri ástæðu er nokkur von til þess, að jarðhiti muni einnig finnast í kringum Borgarnes.

Í upphafi máls míns skýrði ég frá þeim verðmætum, sem fólgin eru í jarðhitanum. Ekki er nokkur vafi á því, að notkun jarðhitans er eitt af meiri háttar málum framtíðarinnar. Þess vegna treysti ég því, að hv. þm. ljái þessu máli lið og till. verði afgreidd á þessu þingi og með þessari rannsókn, sem gera á í Borgarfirði, verði hafin skipuleg leit að jarðhita og rannsókn á jarðhitasvæðum hér á landi.

Herra forseti. Ég legg svo til, að umr. verði frestað og málinu vísað til hv. fjvn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 25. fundi í Sþ., 11. des., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 43 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

13. Samgöngubætur á Fjallabaksleið.

Á deildafundum 5. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um athuganir og framkvæmdir til samgöngubóta á Fjallabaksleið hinni nyrðri [60. mál] (A. 63).

Á 14. fundi í Sþ., 12. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 15. fundi í Sþ., 13. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Ragnar Jónsson): Herra forseti. Till. til þál. um athuganir á framkvæmdum til samgöngubóta á Fjallabaksleið hinni nyrðri á þskj. 63 hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta.
„Alþ. ályktar að skora á ríkisstj. að láta á næsta ári undirbúa og hefja framkvæmdir til vegabóta og brúargerða á Fjallabaksleið hinni nyrðri."
Hinar svokölluðu Fjallabaksleiðir eru tvær, hin nyrðri og hin syðri, og liggja milli Vestur-Skaftafellssýslu og Rangárvallasýslu. Þegar farið er að austan um Fjallabaksleið hina syðri, er komið niður á Rangárvelli, en þegar nyrðri leiðin er farin, er komið niður í Landsveit. Syðri leiðin er allmiklu skemmri en hin, en miklu erfiðari yfirferðar og leiðari á allan hátt. Af þeim sökum hefur lítið verið gert til þess að lagfæra hana, enda telja kunnugir menn, að það mundi kosta mikið að gera hana sæmilega færa bifreiðum. Fjallabaksleiðin nyrðri er aftur á móti mjög greiðfær á löngum köflum frá náttúrunnar hendi, auk þess sem hún er ein fegursta öræfaleið landsins og farin ár hvert af miklum og vaxandi fjölda ferðafólks, bæði innlends og erlends. Á Fjallabaksleið hinni nyrðri eru fá vatnsföll og engin stór, aðeins tvær ár, sem nokkuð verulega kveður að, Jökulkvísl, sem kemur úr Torfajökli og fellur norður í Tungnaá, og Ófæra á Skaftártunguafrétti, sem er ein af þverám Skaftár. Brúarstæði munu vera heppileg á báðum þessum ám, og þyrftu brýr á þær ekki að vera dýrar. Það eru allmörg ár síðan þessi forna þjóðleið var rudd og opnuð fyrir bifreiðar. Veginum hefur verið gert nokkuð til góða árlega og hefur farið smábatnandi, og er nú svo komið, að hann mundi fær flestum léttari bílum yfir sumartímann, ef ekki væru þessar áðurnefndu ár til trafala. En þær eru næstum alltaf ófærar vegna sandbleytu öðrum bílum en þeim, sem hafa drif á öllum hjólum. Leiðin er því ónothæf fyrir alla þungaflutninga, eins og sakir standa.
Tilgangur okkar flm. þessarar till. er sá að fá nauðsynlegum umbótum á Fjallabaksleiðinni hraðað meira en gert hefur verið til þessa með það fyrir augum að gera hana færa fyrir þung flutningatæki. Öllum, sem til þekkja, er ljóst, að lokist fyrir samgöngur um Mýrdalssand vegna náttúruhamfara, eru miklir möguleikar til þess, að bjargast megi við Fjallabaksleiðina sem samgöngu- og flutningaleið um takmarkaðan tíma. En því aðeins má þetta verða, að áðurnefndar ár verði brúaðar og nokkurt fé fáist einnig til þess að bera ofan í veginn á stöku stað. Það er óþarft að lýsa því fyrir hv. alþm., hvers virði það er fólkinu í dreifbýlinu, að samgöngur geti farið fram með eðlilegum hætti. Ef verulegar truflanir verða þar á, getur það valdið lítt bætanlegu tjóni, ekki síst ef það skeði um mesta flutningatímann að vorinu, eða að haustinu meðan á sláturtíð stendur. Íbúum Vestur-Skaftafellssýslu, þeim sem fyrir austan Mýrdalssand búa, er ljóst, að öryggi þeirra hvað samgöngur snertir yrði stórum bætt með því að gera þær umbætur á Fjallabaksleið hinni nyrðri, sem við flm. leggjum til.
Herra forseti. Ég vil leggja til, að umr. verði frestað um till. og henni vísað til hv. fjvn.

ATKVGR.
Till. vísað til fjvn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

14. Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins.

Á 16. fundi í Sþ., 14. nóv., var útbýtt:
Till. til þál. um endurskoðun laga um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins [65. mál] (A. 70).

Á 18., 22., 24. og 25. fundi í Sþ., 20. og 27. nóv., 4. og 11. des., var till. tekin til fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 30. fundi í Sþ., 18. des., var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Ég hef ásamt 5 öðrum hv. þm. leyft mér að flytja á þskj. 70 till. til þál. um endurskoðun laga um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins. Efni þessarar till. er, að kosin verði á Alþingi fimm manna mþn. til að endurskoða lög nr. 77 28. apríl 1962, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, og gera till. um breytingar á þeim, eftir því sem henni þykir ástæða til. Gert er ráð fyrir, að n. hafi í starfi sínu samráð við Fiskifélag Íslands, Alþýðusamband Íslands, Sjómannasamband Íslands, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Landssamband ísl. útvegsmanna og Félag ísl. botnvörpuskipaeigenda. Enn fremur geri hún sér sérstaklega far um að kynna sér skoðanir útvegsmanna og sjómanna í einstökum landshlutum varðandi málið og reynslu þeirra af starfsemi hlutatryggingasjóðs og aflatryggingasjóðs.
Sjávarútvegur eða fiskveiðar voru frá öndverðu annar aðalatvinnuvegur í þessu landi, og síðan á 14. öld a. m. k. hefur mikill hluti þeirrar vöru, sem út var flutt úr landinu til þess að afla gjaldeyris til utanríkisviðskipta eða utanlandsviðskipta, verið sjávarvara. Nú á síðustu tímum er það svo, að yfir 9/10 hlutar af allri útflutnings-

vöru landsmanna hafa verið frá sjávarútveginum komnir. Fjöldi manns í þessu landi hefur haft lífsframfæri af fiskveiðum, og þó að þeir séu nú ekki hlutfallslega eins margir og áður hefur verið, er það samt stór hluti þjóðarinnar, sem lifir á þeim óbeinlínis. En eins og kunnugt er, árar misjafnlega á sjónum. Fiskveiðar eru ekki árviss atvinnuvegur í þessu landi og reyndar hvergi í veröldinni, frekar en annar veiðiskapur. Þeim, sem sjóinn stunda, getur vegnað eitt árið mjög vel, annað árið mjög illa. Og menn hafa lengi velt fyrir sér, m. a. hér í löggjafarsamkomunni, aðferðum til þess að jafna á milli áranna, þannig að þeir, sem sjóinn stunda, og þjóðin legði á betri árum til hliðar til þess að draga úr áföllum verri áranna. Ég hygg, að það hafi verið um 1940, sem var gerð tilraun til löggjafar um þessi efni, þar sem voru lög um hlutatryggingafélög. Þau lög voru nokkur ár í gildi, en komu ekki almennt að gagni á þeim tíma. Ég ætla, að það hafi aðeins verið eitt félag, á Vestfjörðum, stofnað samkv. heimildum í þessari löggjöf. En árið 1949 voru sett lög um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins. Meginatriði þeirra laga var það, að útvegurinn sjálfur og þjóðfélagið í heild skyldu hjálpast að því að veita þá tryggingu, sem hér er um að ræða. Hlutatryggingasjóði voru ákveðnar tekjur á þann hátt, að helmingur skyldi greiddur af útfluttum sjávarafurðum og helmingur úr ríkissjóði ár hvert.

Þessum lögum hefur verið breytt síðan. Fyrir nokkrum árum var sú breyting gerð á, að gjaldið til hlutatryggingasjóðsins var hækkað nokkuð og tekin upp nokkuð aukin trygging vegna síldveiða. En aðalbreytingin, sem á lögunum hefur verið gerð, var gerð árið 1962 og þá nafni þeirra um leið breytt, þannig að sjóðurinn heitir nú aflatryggingasjóður sjávarútvegsins, en hét áður, eins og ég sagði, hlutatryggingasjóður bátaútvegsins. Eins og nafnið bendir til, var með þessari nýju löggjöf fært út starfssvið sjóðsins. Starfsemi hans var áður takmörkuð við bátaútveginn, en er nú tengd við sjávarútveginn í heild. Togaraflotinn, sem áður stóð utan við þessa starfsemi, á nú að greiða gjöld í aflatryggingasjóðinn og hefur réttindi í sjóðnum. Og ég ætla, að það hafi verið aðalástæðan fyrir breytingu laganna 1962 að láta lögin einnig ná til togaraútgerðarinnar, og var þetta aðferð, sem gripið var til, til þess að koma hinum mjög svo aðþrengda togaraútvegi til aðstoðar. Nú eru lögin þannig, að tekjur til aflatryggingasjóðs eru 1¼% af fob.-verði útfluttra sjávarafurða, að undanteknum hval- og selafurðum, og á móti kemur framlag úr ríkissjóði, sem nemur helmingi útflutningsgjaldsins. Sjóðurinn skiptist samkv. l. í síldveiðideild, almenna deild bátaflotans, almenna deild togaraflotans og jöfnunardeild, en þessi jöfnunardeild hefur samkv. l. það hlutverk að „veita hinum deildunum lán eða styrki, ef svo stendur á," eins og það er orðað.

Samkv. þessum lögum ber að skipta landinu í bótasvæði, veiðiskipum í flokka eftir stærð, veiðiútbúnaði o. fl. og árum í *bótatímabil*. Reikna skal út meðalveiðimagn í hverjum flokki skipa á hverju bótasvæði á hverju veiðitímabili. Ef aflabrestur verður, skal skip, sem aflar 84% eða minna af meðalveiðimagni, fá bætur, sem nema allt að 40%, sem á vantar, að það hafi meðalafla. Stjórn aflatryggingasjóðsins skipa menn samkv. l., en til að ákveða skiptingu í bótasvæði, skipaflokka og veiðitímabil þarf samþykki ráðh. og stéttasamtaka.

Það fé, sem fer um hendur aflatryggingasjóðs, er orðið allmikið að vöxtum. Eftir upplýsingum, sem ég hef fengið frá sjóðnum, mun láta nærri, að á árunum 1960—1962 hafi tekjur sjóðsins verið samtals um 90 millj. kr. og bætur, sem greiddar hafi verið úr sjóðnum, samtals rúml. 88 millj. kr. Þetta munu þó ekki vera alveg nákvæmar tölur. Tekjurnar sundurliðast þannig, að hin almenna deild bátaflotans hefur fengið 40 millj. eða rúmlega það, síldveiðideildin 24.3 millj., togaradeildin 1.2 millj. og jöfnunardeildin 24.2 millj., en bætur sundurliðast þannig, að almenna deildin hefur greitt rúml. 20 millj., eða 20.2 millj., að mér virðist, síldveiðideildin 15.3 millj. og togaradeildin rúml. 52 millj., sem hún hefur að sjálfsögðu fengið að mestu frá jöfnunardeild til starfsemi sinnar.

Þessi löggjöf um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins er nú orðin 14 ára. Það er að vísu svo, að á henni voru gerðar þær breytingar, sem ég nefndi áðan, á árinu 1962, að víkka starfssvið sjóðsins og láta hann taka til togaraflotans. En ég ætla, að sú lagabreyting, sem þá var gerð, hafi fyrst og fremst, eins og ég sagði áðan, verið gerð vegna þessara sérstöku ráðstafana og hún hafi í raun og veru ekki falið í sér heildarendurskoðun á lögunum, enda er það auðsætt á grg. frv., sem þá var lagt fram. Hins vegar hefur oft verið um þetta mál rætt, lögin um hlutatryggingasjóð, meðal útgerðarmanna og sjómanna, bæði á fundum fiskifélagsdeildanna úti um land og eins á fiskiþingi, og ýmsar tillögur hafa verið uppi um breytingar á þessum lögum og jafnvel verið kjörnar nefndir til þess að endurskoða þau á vegum útgerðarmannasamtakanna. Ég held sem sé, að þrátt fyrir þessa lagabreytingu 1962 sé ástæða til þess að láta þessa endurskoðun fara fram, og skal ekki nánar fara út í þær ástæður. Ég mundi og við flm. till. leggja áherzlu á það, eins og reyndar kemur fram í till., að við þessa endurskoðun verði haft sem mest samráð við þá aðila víðs vegar um land, í einstökum landshlutum, sem eiga að njóta starfsemi sjóðsins á komandi tímum.

Ég ætla, að að þessari löggjöf hafi frá öndverðu orðið mikið gagn fyrir útveginn og að hér sé um að ræða mjög mikilsverða starfsemi, og einmitt með tilliti til þess viljum við flm. leggja áherzlu á það, að þessi endurskoðun fari fram. Það skal vel vanda, sem lengi á að standa.

Ég vil leggja til, að till. verði að lokinni þessari umr., — ég ætla, að hæstv. forseti hafi ákveðið tvær umr. um till., — vísað til síðari umr. og allshn.

Davíð Ólafsson: Herra forseti. Eins og hv. 1. flm. þessarar till. á þskj. 70 lýsti, er megintilgangur þeirra flm. að fá endurskoðuð lög um *aflatryggingasjóð í ljósi þeirrar reynslu*, sem fengizt hefur af þessu máli nú um 14 ára skeið, vegna þess að slík endurskoðun hafi ekki farið fram síðan lögin voru sett og kominn tími til

þess, að slíkt verði gert. Mér þykir rétt í þessu sambandi að geta þess, að á árunum 1957—1960 starfaði mþn. á vegum fiskiþings að endurskoðun l. um hlutatryggingasjóð. Með þessari nefnd starfaði enn fremur fulltrúi frá þáv. sjútvmrh., og í þessari n. voru fulltrúar alls staðar að af landinu. N. var valin þannig, að fram kæmu sem flest sjónarmið við athugun málsins, því að það var ljóst af umr. undanfarinna ára, að ýmsar skoðanir voru uppi um það, hvernig skyldi haga störfum þessa sjóðs. Þessi nefnd starfaði á fjórða ár og vann mikið starf, kynnti sér sjónarmið manna víðs vegar og að lokum skilaði hún áliti, sem var svo tekið fyrir á fiskiþingi 1960, og meginefnið í till. n., sem voru þó ekki í öllum atriðum samhljóða, — það voru skiptar skoðanir í n. nokkuð, — meginatriðin voru síðan samþykkt á fiskiþingi á árinu 1960. Og þær breytingar, sem mest hafði verið talað um og flestir höfðu verið sammála um, að æskilegt væri að gera, voru þá einmitt gerðar í sambandi við það og komu svo fram í frv., eins og það var lagt fyrir á árinu 1962. Það kom hins vegar til viðbótar, að einmitt á því ári komu upp raddir um það, að eðlilegt væri, að togararnir kæmu inn undir þessi lög líka og grundvelli þeirra væri breytt með tilliti til þess. En með þessu vildi ég sýna, að endurskoðun á l., mjög gaumgæfileg og rækileg endurskoðun, fór fram á þessum 3—4 árum, sem ég gat um áðan, þar sem fram komu mismunandi sjónarmið úr öllum landshlutum. Ég mundi því segja, að það væri eiginlega of skammur tími liðinn frá samþykkt þessara laga 1962 og líka of skammur tími liðinn frá þessari gaumgæfilegu athugun, sem fram fór, til þess að þess mætti vænta, að nokkrar nýjar hugmyndir kæmu fram, sem máli skiptu í sambandi við þessi gildandi lög.

Ræða hv. 1. flm. gefur mér ekki tilefni til að fjölyrða meira um þetta atriði. En ég vildi aðeins í tilefni af því, sem segir í grg. með till., bæta hér örfáum orðum við. Þar ræðir um, að óánægju gæti um það, að afgreiðsla gangi ekki nógu fljótt, og þá rætt um skýrslugerð í því sambandi, og látið að því liggja, að e. t. v. sé ekki nauðsynlegt að ganga svo hart eftir því, að skýrslum sé skilað sérstaklega til sjóðsins, þar sem mikið sé um skýrslugjafir yfirleitt, og skal það fúslega játað, að ekki bara á þessu sviði, heldur á fjölmörgum öðrum sviðum er krafizt margvíslegra skýrslna af mönnum. En í þessu sambandi vildi ég geta þess, að þarna er um sjóð að ræða, sem greiðir út milljónir og milljónatugi sum árin, og það er varla hægt að ætlast til þess, að úr slíkum sjóði séu greiddar slíkar upphæðir, nema fyrir liggi alveg óyggjandi skýrslur, sem hægt sé að byggja á. Það er því alveg föst regla hjá sjóðsstjórninni, að greiðslur úr sjóðnum fari ekki fram, nema þær skýrslur, sem hún telur nauðsynlegar, liggi fyrir.

Nú er þetta ákaflega misjafnlega erfitt eða auðvelt eftir því, hvernig það er tekið. Gangur málsins er sá, að eftir vertíð er óskað eftir, að menn sendi inn skýrslur. Þetta er tiltölulega auðvelt, þegar um er að ræða það, sem kalla mætti hina stærri útgerð vélbátaflotans, þ. e. a. s. allt annað en minnstu bátana, við skulum segja báta undir 12 lestum, opna vélbáta. Það er tiltölulega auðvelt, vegna þess að útgerð þessa hluta flotans er í miklu fastari skorðum en útgerð minni bátanna. Útgerð minni bátanna er oft afar stopul. Það er skipt um veiðarfæri oft á hverri vertíð, það er farið af línu yfir á net, yfir á færi og aftur yfir á hin veiðarfærin, alveg eftir því, hver aflabrögðin eru eða hvað menn telja henta, og mjög oft kemur það fyrir, að útgerð þessara smærri báta er þannig, að það er bókstaflega illgerlegt að flokka þá í nokkra þá flokka, sem lögin gera ráð fyrir eða reglugerðin. Þá kemur til kasta sjóðsstjórnarinnar að meta hvert einstakt tilfelli, og það verður að segjast eins og er, að það er oft afar erfitt. Það er mjög algengt með þessa smáútgerð, að hún leggst niður tíma og tíma, vegna þess að menn fá arðvænlegri atvinnu í landi, þó að hins vegar líka sé mikið um það, að þessir bátar séu gerðir út reglulega þannig, að til fyrirmyndar sé. En það eru einmitt undantekningar, sem vilja helzt koma fyrir í þessum flokkum, sem gera erfiðleikana, og verða þær þá einmitt oft til þess, að hinir, sem vel hafa stundað og eðlilega. gjalda þess, hversu erfitt er að komast til botns í athugunum á skýrslum annarra báta. Það er því, eins og ég sagði, alveg ófrávíkjanleg regla hjá stjórn sjóðsins að afgreiða alls ekki bætur, nema fyrir liggi alveg öruggar upplýsingar frá þeim aðilum, sem færir eru um að gefa þær, um afla, úthaldstíma, róðrafjölda, mannafjölda og yfirleitt allt það, sem snertir aflamöguleikana, því að á því er byggt meginsjónarmið þessara laga. Þetta hefur frá upphafi verið talið alveg ófrávíkjanlegt skilyrði og skylda sjóðsstjórnarinnar, að greiða engar bætur úr sjóðnum, nema slíkar upplýsingar lægju fullkomlega fyrir.

Þetta vildi ég nú upplýsa í tilefni af því, sem segir í grg. með till.

Þessi till. fer nú til n., eins og lagt hefur verið til, og n. gefst þá tækifæri til að athuga öll gögn málsins, og væntanlega gefst þá einnig þeim aðilum, sem nefndir eru í till., tækifæri til þess að láta í ljós álit sitt á henni, og þá má athuga málið betur að því loknu.

Flm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Aths. hv. 6. landsk., sem hér talaði síðast og er mjög kunnugur starfsemi aflatryggingasjóðs, gefur ekki að neinu ráði tilefni til andsvara af minni hálfu. Ég vil þó geta þess, að að sjálfsögðu var mér kunnugt um starfsemi þeirrar n., sem tók til starfa á árinu 1957 og átti að endurskoða lögin um aflatryggingasjóð bátaútvegsins, enda gat ég þess í framsöguræðu minni, að n. hefði um þetta mál fjallað. Hitt er mér jafnkunnugt, að árangur varð ekki mikill með löggjöf af starfi þeirrar n., sem sjálfsagt mun hafa stafað af því, eins og hv. þm. tók fram, að skoðanir voru nokkuð skiptar í þessari n. meðal þeirra manna, sem um málið fjölluðu.

Þegar hér er rætt um endurskoðunartillögu þá, sem fyrir liggur, er að sjálfsögðu átt við endurskoðun á vegum Alþingis, sem leiðir til tillögugerðar að því leyti, sem efni þykja standa til.

Ég endurtek það, sem ég sagði áðan, að ég held, að lagabreytingin, sem gerð er 1962, hafi

ekki borið mikinn blæ þeirrar endurskoðunarvinnu, sem hv. þm. ræddi um. Ég hef hér fyrir framan mig stjfrv. frá 1962 um aflatryggingasjóð bátaútvegsins ásamt grg., sem því fylgdi, og upphaf grg. ber með sér, að frv. er samið í rn. og ekki vitnað þar til n., heldur segir þar aðeins, með leyfi hæstv. forseta, að reynslan hafi sýnt, „að stefna þurfi að því að veita sjóðnum aukna vernd gegn misnotkun og að það sjónarmið, eins og það hefur komið fram í till. frá fiskiþingi," hafi verið tekið hér til greina. Er þar sennilega og einkum átt við ákvæði 12. gr. í frv. frá 1962 um, að fram fari sérstök rannsókn, ef skip veiðir minna en 33% meðalveiðimagns í stað 20% áður.

Í grg. till. á þskj. 65 höfum við flm. getið þess, að nokkuð hafi borið á kvörtunum út af starfsemi sjóðsins, a. m. k. í sumum landshlutum. Hins vegar leggjum við ekki dóm á það, hvort þær kvartanir séu á rökum byggðar. Það geri ég ekki heldur hér. En þær geta að sjálfsögðu stafað af því að einhverju leyti, að gallar séu á löggjöfinni, sem þyrfti að leiðrétta, ef þær eiga á annað borð rétt á sér. Stjórn sjóðsins þarf þar ekki að neinu leyti að vera um að kenna. Það er vissulega svo, að ýmsum í þessu landi, þ. á m. útvegsmönnum, þykir nóg um skýrslugjafir, svo miklar sem þær eru orðnar til ýmissa aðila, og ég hef heyrt útvegsmenn hafa orð á því, að þeir verði stundum að gefa tvöfaldar og þrefaldar skýrslur, þ. e. a. s. fleiri en einum aðila, það eigi hins vegar að nægja að gefa einum aðila hér í höfuðborginni slíkar skýrslur, þá geti aðrar stofnanir, eins og t. d. aflatryggingasjóður, notað þær hinar sömu skýrslur. Þannig falla orð hjá mönnum. En að sjálfsögðu mundi það verða athugað við endurskoðun málsins m. a., hvort eitthvað mætti draga úr þessum skýrslugjöfum.

Davíð Ólafsson: Herra forseti. Ég vildi enn ítreka það, sem ég sagði fyrr í ræðu minni, að við endurskoðun l. um hlutatryggingasjóð og við samningu frv. um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins voru teknar upp allar þær till., sem komið höfðu fram við endurskoðunarathugun þá, sem fram fór á vegum fiskiþings fram til ársins 1960, þó að þess sé ekki sérstaklega getið í grg. fyrir frv. Ef maður ber saman þær till., sem þá voru samþykktar og voru árangurinn af þessu langa athugunarstarfi fjölmargra aðila, kemur í ljós, að öll meginatriði í þeim till. voru einmitt tekin upp í frv., að mestu leyti óbreytt, a. m. k. efnislega óbreytt.

Þetta vildi ég ekki að væri misskilið. Ég hélt, að það kæmi skýrt fram hér, að þetta var gert á sínum tíma.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 31 shlj. atkv. og til allshn. með 34 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

15. Rafvæðingaráætlun.

Á deildafundum 19. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um nýja rafvæðingaráætlun [72. mál] (A. 79).

Á 18. fundi í Sþ., 20. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 22., 35. og 37. fundi í Sþ., 27. nóv., 22. og 31. jan., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 38. fundi í Sþ., 5. febr., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Það er langt liðið, síðan þessi till. var lögð fram hér á hv. Alþingi, það var 19. nóv. í vetur.

Árið 1954 voru sett lög um viðauka við raforkulögin frá 1946. Svonefnd 10 ára áætlun um raforkuframkvæmdir var byggð á þeim nýju lögum. Framkvæmdir hófust 1954, og hefur verið unnið að þeim síðan. Stofnkostnaður rafmagnsveitna ríkisins og héraðsrafmagnsveitna ríkisins var í árslok 1962 orðinn samtals 648.8 millj. kr. samkv. reikningum raforkumálaskrifstofunnar. Er þar talinn kostnaður við virkjanir og aðalorkuveitur, dísil- og hjálparstöðvar, birgðahús og áhöld, bæði hjá rafmagnsveitum ríkisins og einnig hjá héraðsrafmagnsveitum ríkisins. En þar að auki, auk þeirrar upphæðar, sem ég nefndi, er gengishalli færður eignamegin á efnahagsreikning rafmagnsveitnanna, 130.6 millj. kr. Það er sá halli, sem varð á erlendum lánum við gengisbreytingarnar undanfarin ár. Framlög úr ríkissjóði á árunum 1954—1962, að báðum meðtöldum, til þessara mála, þ. e. samtals til raforkuframkvæmda og raforkusjóðs, hafa numið í heild samkv. ríkisreikningum 179.6 millj. Nokkuð var búið að leggja fram úr ríkissjóði fyrir 1954 til raforkuframkvæmdanna, sem ekki er hér talið með, og á fjárlögum fyrir 1963 voru áætlaðar 24 millj. 250 þús. samtals til raforkuframkvæmda og raforkusjóðs, þannig að hafi þær upphæðir verið greiddar, sem gera má ráð fyrir, hefur upphæðin verið orðin á þessu tímabili frá 1954—1963 rúmlega 200 millj. kr. Framlögin úr ríkissjóði til rafvæðingarinnar hafa verið allmiklu lægri síðustu árin en á árunum 1957 og 1958. Hefði þó þurft að hækka fjárveitingarnar úr ríkissjóði til að vega á móti þeirri miklu hækkun á framkvæmdakostnaði, sem orðið hefur á því sviði sem öðrum síðan 1960.

Samkv. upplýsingum raforkumálaskrifstofunnar höfðu samtals 2458 sveitabýli fengið rafmagn frá samveitum í árslok 1962. Þá var raforkuráð búið að gera samþykktir um raflínur frá héraðsrafmagnsveitum til 692 býla til viðbótar. Þegar þeim framkvæmdum er lokið, má því gera ráð fyrir, að samtals 3150 sveitabýli hafi fengið rafmagn frá samveitum. Fréttir hafa borizt um það frá raforkumálaskrifstofunni, að þaðan hafi verið sendar til ráðh. á s. l. sumri tvær nýjar áætlanir um raflínur um sveitir. Á aðra áætlunina munu vera tekin svæði, þar sem meðalvegalengd milli býla er 1—1½ km, en á hinni

áætluninni er meðalvegalengd milli býla 1½—2 km. Raforkumálaskrifstofan nefnir þetta bráðabirgðaáætlanir og hefur ekki viljað láta afrit af þeim. Var sagt í haust, að þær væru ekki til birtingar, og því hefur ekki fengizt afrit af þeim. Hins vegar hafa einstakir þm. getað fengið nú eins og jafnan áður upplýsingar hjá raforkumálaskrifstofunni um athuganir og áætlanir, sem gerðar hafa verið um raflínulagnir í kjördæmum þeirra. Af þeim upplýsingum, sem þannig hafa fengizt, virðist koma fram, að hinar nýju áætlanir nái til um það bil 740 sveitabýla til viðbótar þeim, sem þegar hafa verið tekin á framkvæmdaáætlanir, sem búið er að samþykkja í raforkuráði. Ef samþykkt yrði að leggja raflínur til þessara 740 býla og það framkvæmt til viðbótar því, sem nú er búið að samþykkja, væri heildartala sveitabýla, sem hefðu rafmagn frá samveitum, orðin tæplega 3900. Við þessa tölu má svo bæta þeim býlum, sem hafa rafmagn frá sérstökum vatnsaflsstöðvum, því að yfirleitt mun mega segja, að raforku þeirra sé vel eða sæmilega fullnægt, þó að margar þær stöðvar séu að vísu orðnar gamlar og þurfi endurbóta við. Raforkumálaskrifstofan telur, að í árslok 1962 hafi 489 sveitabýli haft raforku frá einkastöðvum, sem reknar eru með vatnsafli.

Af þeim tölum, sem ég hef hér nefnt, kemur fram, að þó að lokið verði að leggja raflínur til þeirra heimila, sem raforkuráð hefur gert samþykktir um, og þó að ákveðið yrði að leggja raflínur frá héraðsrafmagnsveitum til þeirra u. þ. b. 740 býla, sem eru á hinum nýju bráðabirgðaáætlunum raforkumálaskrifstofunnar, yrðu samt eftir á annað þúsund sveitaheimili, sem hvorki hefðu rafmagn frá samveitum né sérstökum vatnsaflsstöðvum. Þegar á þetta er litið, virðist sjálfsagt, að gerð sé rækileg athugun á því, hvort mögulegt sé að ganga enn lengra í því að leggja raflínur um sveitir frá samveitum, þ. e. a. s. gera áætlanir um raflínur um svæði, þar sem meðalvegalengd milli býla er 2—3 km. Það getur ekki verið ýkja mikið verk að gera slíkar áætlanir til viðbótar þeim, sem þegar hafa verið gerðar. Raforkuþörf sveitanna á að fullnægja með línum frá samveitum eða sérstökum vatnsaflsstöðvum, að svo miklu leyti sem mögulegt er, því að með því móti verður þörfinni fullnægt langtum betur en með öðrum úrræðum. En þar sem heimili eru svo mjög afskekkt, að ekki þykir fært að leggja raflínur til þeirra frá almenningsveitum, verður að sjálfsögðu að grípa til annarra ráða, þó að miklu lakari séu. Ég hef nefnt hér fjölda þeirra sveitabýla, sem hafa fengið rafmagn frá samveitum eða sérstökum vatnsaflsstöðvum, en ég hef með vilja sleppt að geta þeirra sveitaheimila, sem hafa komið upp mótorstöðvum til raforkuframleiðslu, en talið er, að þau séu um það bil 500 alls. Flestar þessar stöðvar eru mjög litlar og alveg ófullnægjandi. Margar af þeim munu hafa verið settar upp til bráðabirgða sem ófullkomin úrlausn, meðan beðið er eftir raflínum frá samveitum. Það gefur því alls ekki rétta hugmynd um ástandið, ef þau heimili, sem hafa mótorstöðvarnar, eru talin með hinum, sem hafa fengið fullnægt sinni raforkuþörf.

Till. um nýja rafvæðingaráætlun á þskj. 79, sem hér er til umr., er flutt af okkur 8 þm. úr Framsfl. Aðalefni till. er að skora á ríkisstj. að fela raforkumálastjóra og raforkuráði að gera áætlun um rafvæðingu allra þeirra heimila á landinu, sem hafa ekki fengið rafmagn samkv. 10 ára áætluninni eða frá sérstökum vatnsaflsstöðvum og hafa ekki enn verið tekin á framkvæmdaáætlanir um raflínur, sem raforkuráð hefur samþykkt. Sé áætlunin miðuð við, að framkvæmdinni sé að fullu lokið á árinu 1968. Er og lagt til, að gert verði yfirlit um öll þau heimili í hverju sveitarfélagi, sem hafa ekki enn fengið rafmagn frá samveitum eða sérstökum vatnsaflsstöðvum og eru utan þeirra framkvæmdaáætlana um raflínur, sem raforkuráðið hefur samþykkt. Lagt er til, að þessar áætlanir séu í tvennu lagi: í fyrsta lagi yfirlit og áætlun um býli, þar sem meðalvegalengd milli þeirra er allt að 2—2½ km, og í öðru lagi um þau býli, þar sem vegalengdin er 2½—3 km að meðaltali. Þessu yfirliti fylgi áætlun um kostnað við raflínulögn til þessara heimila. Þetta yfirlit og þessar áætlanir er alveg nauðsynlegt að gera til undirbúnings ákvörðun um það, að hve miklu leyti raforkuþörf sveitanna verður fullnægt með raflínum frá samveitum. Það er undirstöðuatriðið, að slíkar áætlanir séu gerðar. Og þessu þarf að ljúka hið allra bráðasta.

Í öðru lagi er í till. lagt til, að gerð skuli áætlun um uppsetningu dísilstöðva fyrir þau heimili, sem eru svo afskekkt, að ekki þykir fært að leggja raflínur til þeirra frá samveitum, og hafa ekki skilyrði til vatnsaflsvirkjunar. Með hliðsjón af miklu framlagi ríkisins til að uppfylla þarfir annarra fyrir rafmagn, virðist sanngjarnt, að ríkið komi upp stöðvum fyrir þá, sem geta ekki fengið raflínur hjá samveitum. Leiguna eftir dísilstöðvarnar ætti að miða við það, að notendur þeirra njóti a. m. k. ekki minni stuðnings af opinberri hálfu en þeir, sem fá rafmagn frá samveitum. Ég vil í þessu sambandi minna á það, að í raforkul. frá 1946 er ákvæði um, að rafmagnsveitum ríkisins skuli heimilt að selja raforku beint til neytenda á þeim stöðum, þar sem héraðsveitur eru ekki fyrir hendi, eða annars staðar með samþykki héraðsveitunnar. Þar er beinlínis gert ráð fyrir þeim möguleika, að hið opinbera selji rafmagn beint til notenda, þegar svona stendur á. Þá er og í okkar till. farið fram á, að gerðar verði áætlanir um aukinn stuðning við þá, sem koma upp sérstökum vatnsaflsstöðvum til heimilisnota. Loks segir í till., að hin nýja rafvæðingaráætlun skuli fullger fyrir lok marzmánaðar í vetur, sé áætlunin þá lögð fyrir Alþingi ásamt lagafrv. um framkvæmdir. Nú hefur dregizt lengi, að þessi till. væri tekin hér til meðferðar á þingi, og má vera, að þessi frestur sé nokkuð stuttur, en þó held ég, að þessum áætlunum mætti ljúka á mjög skömmum tíma, ef rösklega væri að því unnið, vegna þess að þær undirstöðuupplýsingar, sem þarf fyrir slíka áætlunargerð, eru fyrir hendi hjá raforkumálaskrifstofunni.

Eins og ég hef áður vikið að, hefur ríkissjóður lagt fram töluvert fé til rafvæðingarinnar, og ríkið hefur útvegað mikið fjármagn að láni til framkvæmda hjá ríkisrafveitunum. En þar að auki hefur ríkið aðstoðað aðra, einkum bæjar-

félög, með ábyrgðum og lánsútvegunum til stórvirkjana. Án þeirrar aðstoðar ríkisins hefðu þau stóru orkuver ekki verið reist. Þannig hafa allar framkvæmdir á þessu sviði verið gerðar með beinum og óbeinum stuðningi ríkisins. Árangurinn af þessari starfsemi er sá orðinn, að nú hafa langflestir landsmenn rafmagn til heimilisnota og annarra þarfa. Tiltölulega fáir eru enn án þessara mikilsverðu þæginda, og það er tvímælalaus skylda þess opinbera að bæta úr þörfum þeirra tiltölulega fáu heimila, sem enn eru utan við ljósið og ylinn frá rafmagninu. Og þetta þarf að gera svo fljótt sem mögulegt er og á þann hátt, að þörfum þeirra heimila verði sem bezt fullnægt. Það hefur þegar dregizt of lengi að láta þetta fólk vita, hvers það má vænta af hálfu þess opinbera í þessu þýðingarmikla máli. Og það er ástæðulaust að láta þetta dragast lengur, því höfum við lagt fram till., sem hér er til umr., um, að nú í vetur verði lokið áætlunum um að ljúka rafvæðingu byggðanna og framkvæmdir síðan ákveðnar strax, þegar áætlanir hafa verið gerðar.

Rétt mun samkv. venju, að till. fái athugun þingnefndar, en ég vil leyfa mér að leggja sérstaka áherzlu á, að nefndin hraði afgreiðslu málsins. Ég legg svo til, herra forseti, að umr. verði frestað nú, en till. vísað til hv. allshn. til athugunar.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Till. sú, sem hér um ræðir, eða shlj. till. hefur verið til umræðu áður hér í hv. Alþingi, þar sem kallað hefur verið eftir framhaldsáætlun um rafvæðingu dreifbýlisins. Það er vitað, að slík áætlun hefur verið í undirbúningi hjá raforkumálastjóra nú s. l. 3 ár, og má segja, að það sé langt komið að ljúka þeirri áætlun. Hv. frsm. sagði, að það hefði dregizt of lengi að skila þessari áætlun, til þess að bændur, sem bíða eftir raforkunni, geti vitað, hvers þeir megi vænta. Ég hygg nú, að það hafi verið talað svo mikið um raforkumálin að undanförnu, að það sé nokkurn veginn ljóst, hvers menn mega vænta. Það hefur verið talað um það að halda rafvæðingunni áfram. Það hefur verið talað um, að í framhaldsáætluninni yrði ekki miðað við styttri vegalengd milli bæja en sem svaraði 1½ km og jafnvel 2 km. Ég sé, að í þessari till. er gert ráð fyrir 2½—3 km. Ég hygg, að það verði ekki miðað við þá vegalengd í framhaldsáætluninni að sinni. Ég hygg, að þeir, sem hafa meira en 2 km á milli bæja, verði að sætta sig við að svo stöddu að fá rafmagn frá dísilvélum. Ég teldi eðlilegt að miða markið við allt að 2 km, en það hefur þó ekki verið ákveðið enn. Ég vil geta þess, að rafvæðingarkostnaður á býli með 1½ km á milli bæja að meðaltali er 174 þús. kr. og rafvæðingarkostnaður á býli með 2 km milli bæja er 235 þús. kr. Kaupverð 3—4 kw. dísilvélar er hins vegar ekki nema 45 þús. kr., og sé reiknað með stöðvarhúsi, mundi það kosta um 10 þús. kr., þannig að stöðin og stöðvarhúsið kostað aðeins 55 þús. kr. Nú eru dísilvélar orðnar næstum því sjálfvirkar, má kveikja á þeim og slökkva á þeim með því að styðja á hnapp. Þær eru gangvissar, og það fólk, sem hefur dísilstöðvar í góðu standi, er a. m. k. ekki rafmagnslaust. Hitt er svo rétt, að rafmagn frá samveitum er öruggara og betra, en með því að hver km í línunum er svona dýr, þá verður að takmarka vegalengdina, sem unnið verður eftir, að sinni við 1½—2 km á milli bæja.

Hv. frsm. las hér upp tölur um rafvædd býli, og er það í aðalatriðum rétt. Þó ber hér svolítið á milli. Ég hef hér í höndunum skýrslu, sem raforkumálaskrifstofan tók saman fyrir fáum dögum, en það er ekki það mikið, sem á milli ber, að það taki að fjölyrða um það. Hv. frsm. talaði um 770 býli, sem yrðu rafvædd með línum frá samveitum, miðað við allt að 2 km, en þetta eru 850 býli. Það má segja, að það skipti ekki miklu máli. Raforkumálaskrifstofan er enn að vinna að því að setja saman uppdrátt af hverju héraði um sig og tilgreina þar öll þau býli, sem hugsanlega koma ekki á samveitusvæðið í framhaldsáætluninni. Það kort mun verða tilbúið, að ég vona, á þessum vetri, og er þá ljósara en áður, hvað hér er um að ræða.

Hv. frsm. var að tala um það hér áðan, að framlag ríkisins hafi raunverulega minnkað hin síðari ár til raforkuframkvæmda. Ég hef nú ekki reiknað það út eftir vísitölu eða auknum kostnaði, en þess ber þá að geta, að hvort sem fjárveitingin hefur verið aukin eða ekki, hefur ekki verið dregið úr framkvæmdum við rafvæðinguna. Það má geta þess, að á árinu 1958 voru rafvædd 148 býli og til þess varið 14 millj. kr., 1959 127 býli og til þess varið 15 millj. kr., 1960 voru rafvædd 215 býli og til þess varið 26 millj. kr., 1961 137 býli og til þess varið 20 millj. kr., 1962 207 býli og til þess varið 31 millj. og 1963 er áætlað, að hafi verið varið til sveitarafvæðingar 40 millj. kr., en það hefur ekki verið alveg tilgreint hér, hversu býlin eru mörg, þau munu þó vera eitthvað talsvert á þriðja hundrað, en hér á öðrum stað er tekið saman, hversu rafvæðingin væri mikil á árunum 1963 og 1964. Þar er gert ráð fyrir 570 býlum, þannig að það er hátt á þriðja hundrað býli hvort ár. En það hefur verið gert ráð fyrir því, að 10 ára áætluninni yrði lokið á þessu ári. Og þá má segja, að það sé tímabært og það sé nauðsynlegt, að framhaldsáætlunin liggi fyrir á þessu ári, til þess að unnt verði að vinna samkv. henni á árinu 1965.

Það er rétt, sem hv. frsm. sagði hér áðan, að það væri halli á rafmagnsveitunum, og það er ekkert leyndarmál, að það er halli og hallinn stafar af því, að orkugjaldið hefur ekki verið hækkað nærri nógu mikið til að borga hallann. Ef það hefði verið gert, hefði rafmagnsverðið hjá rafmagnsveitum ríkisins orðið miklu hærra en það er nú og í fullkomnu ósamræmi við það, sem rafmagnsverðið er í þéttbýlinu. Þessi halli verður aldrei jafnaður með því að hækka rafmagnsverðið hjá héraðsrafveitum. Hann verður aldrei jafnaður með öðru en því að dreifa því yfir á alla landsmenn, og þá m. a. með því, að það, sem rafmagnsveiturnar skulda ríkissjóði, verði gefið eftir, og ef að því ráði yrði horfið, held ég, að ríkissjóður bæti fyrir það, ef það þætti eitthvað til vansa, að fjárveitingarnar hafi ekki verið hærri en raun ber vitni undanfarin ár. En út í það ætla ég ekki að fara við þetta tækifæri, heldur aðeins halda mér að því, sem framhaldsáætluninni viðkemur.

Það er gert ráð fyrir því í þessari till., að rafvæðingunni verði lokið á árinu 1968. Ég hef hins vegar hugsað mér, að það væri mögulegt að ljúka rafvæðingunni 1970 eða um það bil og í framhaldsáætluninni yrðu þá 850 býli í samveitum, miðað við það, að ákveðið væri, að 2 km væru á milli bæja, sem hefur ekki enn verið gert, en þá væru um 1270 býli í landinu, sem væru með meira en 2 km milli bæja, sem yrðu að fá rafmagn frá dísilstöðvum til að byrja með, en seinna meir mætti hugsa sér að halda áfram að tengja fleiri og fleiri býli við samveitur, enda er það trúa mín, að áður en langt um líður, mun byggðin þéttast og nýbýli byggð víða á milli bæja, þannig að það yrði hagstæðara að tengja ýmis býli nokkru seinna við samveitur en nú er.

Þá er spurningin þessi: Hvernig á að aðstoða þá, sem nú hafa dísilstöðvar? Eiga bændur að fá þær leigðar, eins og hv. frsm. sagði hér áðan, eða eiga þeir að fá þær keyptar og styrkur veittur eða hagstæð lán? Nú eru veitt lán úr raforkusjóði út á dísilstöðvar til bænda með hagstæðum kjörum. En ég get tekið undir það með hv. frsm., að það er út af fyrir sig ekki nóg til að jafna aðstöðumuninn við þá, sem fá rafmagn frá samveitum. Það þarf að ganga lengra en gert hefur verið í jöfnunarátt, hvað þetta snertir.

Ég vil aðeins segja það, að það má vænta þess, að á þessum vetri, e. t. v. fyrir 31. marz, ég vil þó ekki að svo stöddu ákveða tímatakmarkið nákvæmlega, en mér fyndist það ekkert ótrúlegt, að það gæti orðið fyrir marzlok, sem framhaldsáætlunin lægi fyrir og ákvörðun væri tekin um, hvernig unnið verður eftir þeirri áætlun samkv. till. raforkuráðs og nánari athugunum í þessu máli.

Það hefur oft verið á það minnzt, í hvað komið er með rafmagnið yfirleitt, og held ég, að ég hafi hér skýrslu um það, hvað rafmagn samveitnanna hefur kostað alls, síðan byrjað var að byggja þær, — ég er nú ekki með það blað með mér, — en sé gert ráð fyrir því, að í framhaldsáætluninni verði miðað við, að býli, sem hefur vegalengdina allt að 2 km milli bæja, fái rafmagn frá samveitum og 1270 býli frá dísilstöðvum, má reikna með, að það kosti 210 millj. kr. að rafvæða þessi býli. Og miðað við það að ljúka því á 6 árum, eru það rúmlega 30 millj. kr., sem þyrfti að veita á fjárlögum hvert ár, til þess að þetta gæti staðizt, eða aðeins meira en nú er veitt á fjárlögum til nýrra raforkuframkvæmda. Það, eins og kunnugt er, var hækkað um 15 millj. kr. á núgildandi fjárlögum til nýrra raforkuframkvæmda frá því, sem verið hefur, það eru 27 millj., en miðað við það, að það væru 30 eða rúmlega 30 millj. á ári á fjárlögum plús heimtaugagjald, sem kemur frá bændum, þá mætti ljúka rafvæðingunni á 6 árum. Nú mun einhver e. t. v. segja: Það má alveg eins ljúka henni á 4 árum, því að það þarf ekki nema rúmlega 50 millj. til þess. — Það er vitanlega alltaf matsatriði, en ég býst við, að það þyki e. t. v. alveg nægilegt að hugsa sér 6 ára tímabil til þess að ljúka rafvæðingunni í þessum áfanga. En rafvæðingunni er vitanlega ekki lokið þrátt fyrir það, því að talsverður hluti af þessum 1270 býlum, sem fá rafmagn frá dísilstöðvum, mun síðar meir komast í samveiturnar og verða tengdur við samveiturnar. — Ég sé svo ekki ástæðu til að segja meir um þetta mál.

Flm. (Skúli Guðmundsson): Hæstv. ráðh. segir, að hann telji það eðlilegt, að lagt sé rafmagn frá samveitum um svæði, þar sem vegalengd milli býla sé allt að 2 km, en þó sé þetta ekki ákveðið enn. Hann segir, að ekki muni áætlanir verða miðaðar við það að leggja um strjálbýlli svæði að sinni. Ég vil nú benda á, að það er náttúrlega Alþingis að ákveða um þetta, Og það, sem við förum fram á, er, að það sé gerð áætlun, og þá er auðveldara að átta sig á málinu og taka ákvörðun um það, hve langt eigi að ganga í þessu efni. Á það viljum við leggja áherzlu, að þessari áætlun sé lokið sem fyrst.

Hæstv. ráðh. segir, að hver km í raflínulögn sé dýr, og það er alveg rétt. En það er nú mál margra, sem hafa fylgzt með þeim framkvæmdum, að þetta gæti verið ódýrara, það væri áreiðanlega hægt að koma á betri vinnubrögðum við þær framkvæmdir en verið hafa, og ég held, að það væri athugandi fyrir raforkumálaskrifstofuna að bjóða út eitthvað af þessum framkvæmdum og sjá, hvort ekki fengjust hagkvæmari vinnubrögð og ódýrari með því móti.

Ég vil minna á það í þessu sambandi, að þegar mál þetta var til meðferðar á síðasta þingi, kom nál. frá meiri hl. allshn., dags. seint í marz á s. l. ári, og því fylgdi bréf frá raforkumálastjóra, sem dagsett var 20. des. 1962. Þar ræðir hann í bréfinu um þessa áætlanagerð og telur þar ýmislegt, sem hafi tafið fyrir því að ljúka áætluninni, en segir þó, að reikna verði með, að hún dragist töluvert fram eftir næsta ári, þ. e. a. s. töluvert fram eftir árinu 1963, og hann segir, að það ætti að vera nægilegt, að áætlunin verði fullgerð haustið 1963. Er þá nægur undirbúningstími til þeirra framkvæmda, sem hefjast eiga snemma á árinu 1965. Þetta segir raforkumálastjóri í bréfi sínu í des. 1962, og nú er komið fram í febr. 1964 og áætlunin ekki verið birt enn. Að vísu má segja, að það hafi verið staðið við þetta, sem raforkumálastjóri segir þarna, þar sem hann mun einhvern tíma á næstliðnu sumri hafa sent hæstv. ráðh. áætlun þá, sem ég nefndi, um raflínulögn um svæði, þar sem vegalengdin er allt upp í 2 km. En þessi áætlun hefur ekki fengizt birt, ætti þó ekki að vera neitt leyndarmál. Ég vildi nú beina því til hæstv. ráðh., hvort hann vildi ekki gera ráðstafanir til þess, að þm. fengju samrit af þessari áætlun. Mér fyndist, að það hefði átt þegar að láta þá, sem óskuðu eftir, fá þessa áætlun. Nú er það náttúrlega eins og ég gat um, að það er hægt fyrir einstaka þm. að fá upplýsingar hjá raforkumálaskrifstofunni um þessi mál að því er varðar þeirra kjördæmi, og síðan geta menn lagt þetta saman, en það er miklu óþægilegra en fá áætlun í einu lagi, og þess vegna hefðum við átt að fá hana.

Hæstv. ráðh. gerir aths. við þá tölu, sem ég nefndi. Ég sagði, að á þessum bráðabirgðaáætlunum mundu vera um það bil 740 býli til viðbótar þeim, sem áður var búið að gera samþykktir um í raforkuráði. En hæstv. ráðh. segir, að þau séu 850. Þessi mismunur stafar af því,

að inn í þessa bráðabirgðaáætlun munu hafa verið tekin nokkuð yfir 100 býli, sem búið var að samþykkja í raforkuráði að skyldu fá rafmagn 1964—1965, eins og það var orðað í þeirri samþykkt, og þegar ég var að draga þetta saman, tók ég þau auðvitað ekki með, því að þá hefðu þau orðið tvítalin, því að þau voru með í þeim tölum, sem ég nefndi um býli, sem búið var að samþykkja í raforkuráði, svo að ef þetta er athugað, ber í raun og veru ekkert á milli hjá mér og hæstv. ráðh.

Hæstv. ráðh. sagði, að ég hefði verið að tala um halla á rafveitunum. En ég nefndi engan halla í minni ræðu, fór ekkert út í það að ræða um halla á rafveitunum. Ég vil líka segja það viðkomandi héraðsrafmagnsveitum ríkisins, að hagur þeirra má heita nokkuð góður, og það er engin ástæða til þess að draga úr framkvæmdum þess vegna, að fjárhagur þeirra sé svo afleitur. Héraðsrafmagnsveiturnar eiga miklar eignir afgangs skuldum. Þær hafa að vísu verið reknar með nokkrum halla undanfarið, en þó er sá halli ekki neitt verulega fram úr því, sem reiknað hefur verið til afskrifta á ársreikningum fyrirtækisins.

Ég vil nú enn sem fyrr leggja á það áherzlu, að hið bráðasta verði gerð áætlun um það, hvað kostar að leggja raflínur um svæði, þar sem vegalengd milli býla er 2—3 km, eins og farið er fram á í okkar till. Þetta er nauðsynlegt að fá til þess að geta áttað sig á málinu og séð, hvað raunverulega kostar að leggja rafmagn frá samveitum um þessi svæði. Þá fyrst, þegar þetta liggur fyrir, er hægt að taka ákvörðun um málið, því að ég vænti þess, að við séum allir sammála um, að það sé höfuðnauðsyn að fullnægja raforkuþörf landsmanna, að svo miklu leyti sem mögulegt er, með línum frá samveitum, því að dísilstöðvarnar verða alltaf ákaflega ófullkomnar.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ástæðan til þess, að þessi áætlun, sem raforkumálastjóri sendi mér s. l. haust, hefur ekki verið birt, er aðeins sú, að eins og stendur í bréfi raforkumálastjóra, er þetta lausleg áætlun hjá honum, sem hann hefur talið að þyrfti að endurskoða, áður en hún yrði birt. En þetta er ekkert leyniplagg. Það getur ekki verið neitt leyndarmál, hvað þarna er unnið að, en það þykir ekki eðlilegt að birta frumdrög að áætlun, sem e. t. v. á eftir að breytast mjög mikið. Það er rétt, að raforkumálastjóri gerði ráð fyrir því, að áætluninni yrði lokið 1963. Það varð bara ekki. Endanleg áætlun lá ekki fyrir, og þeir hafa verið að vinna að þessu enn á raforkumálaskrifstofunni. Eins og ég sagði áðan, er trúlegt, að það geti orðið fyrir lok marz n. k., það er mjög trúlegt, að þá verður vitanlega áætlunin birt.

Eins og ég sagði áðan, hefur verið unnið að því að gera áætlun um, hvað kostaði að leggja rafmagn frá samveitum til býla, sem eru með 2 km fjarlægð eða allt að því, en það hefur ekki verið unnið að því að gera áætlun um samveitur milli þeirra bæja, sem hafa meiri vegalengd en það. Hins vegar ætti að vera fljótlegt og það er sjálfsagt að verða við þeirri ósk að gera sér grein fyrir því, hvað það kostaði að miða fjarlægðina við 2½—3 km. Það ætti ekki að vera svo mjög seinlegt og sízt af öllu þegar það kort, sem ég áðan nefndi, er til og bæirnir taldir þar upp. Kortið er vitanlega gefið út í einhverjum ákveðnum mælikvarða, og þá er hægt að mæla vegalengdina. En það er hins vegar vitað mál, að hver km í línum kostar um 90—100 þús. kr. Hv. frsm. sagði hér áðan, að það mætti vinna að þessu á ódýrari hátt en raforkumálastjórnin hefur látið gera, með því t. d. að bjóða það út. Ég er nú yfirleitt því fylgjandi að bjóða út verk, en ég efast mikið um, að það sé framkvæmanlegt að bjóða út línulagnir fyrir rafmagnsveitur, því að það er áreiðanlega betra, að það séu engir viðvaningar, sem að því vinna. Það verður að gera það vel, og það verður að vanda það, og ég hef nú heyrt allt annað um það, hvernig hefur gengið að leggja þessar línur, heldur en það, sem hv. frsm. sagði hér áðan. Ég hef heyrt orð fara af því, að þessir línuflokkar, sem eru orðnir mjög vanir þessum störfum, vinni hratt og það gangi vel hjá þeim. Og það eru alltaf sömu mennirnir, sem eru hafðir í þessu, þeir eru orðnir vanir þessu og vinna þetta miklu fljótar og betur en þeir gerðu, þegar þeir voru óvanir, og það hefur verið lögð áherzla á, að það þyrfti ekki að vera að skipta um menn í þessu, heldur væri hægt að halda þeim mannskap, sem er orðinn æfður í að vinna þessi verk.

Það er raunar ekki meira um þetta að segja. Það ber í rauninni ekkert á milli mín og hv. frsm. um það, hvort leggja beri áherzlu á að flýta rafvæðingunni eða ekki. Við erum ábyggilega sammála um það. En ég tel, að það sé eðlilegt á hinum næsta áfanga að miða við vegalengdina 2 km og þeir bæir, sem hafa meiri vegalengd, fái dísilstöðvar, en síðar verði að því unnið, þegar frá líður, að tengja fleiri og fleiri býli, eftir því sem mögulegt er, og ég ætla, að hv. frsm. sé ekki fjarri því að hafa svipaða skoðun á þessu og ég.

ATKVGR.
Till. vísað til allshn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndaráliti frá minni og meiri hl. allshn., á þskj. 527 og 619, var útbýtt 30. apríl og 8. maí, en till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

16. Lánveitingar til íbúðabygginga.

Á deildafundum 21. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um endurskoðun laga um lánveitingar til íbúðabygginga [76. mál] (A. 83).

Á 22. og 35. fundi í Sþ., 27. nóv. og 22. jan., var till. tekin til fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 37. fundi í Sþ., 31. jan., var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Með þeirri þáltill., sem hér liggur fyrir til umr., þ. e.

till. á þskj. 83, er lagt til, að Alþingi kjósi hlutbundinni kosningu 5 manna nefnd til þess að endurskoða öll gildandi lög um lánveitingar til íbúðabygginga í landinu og undirbúa till. til nýrrar löggjafar í því efni. Samkv. þessari till. er lagt til, að markmið þeirrar lagasetningar verði einkum það, er nú skal greina:

1) Að auka lánveitingar til byggingar nýrra íbúða, þannig að unnt verði að lána til hverrar íbúðar af hóflegri stærð ⅔ hluta byggingarkostnaðar.

2) Að jafna aðstöðu manna til lánsfjár, þannig að heildarlán geti orðið svipuð til hvers manns miðað við sömu stærð íbúðar.

3) Að auðvelda mönnum aðgang að lánsfé til að endurbæta eldri íbúðir og til íbúðakaupa.

4) Að lækka byggingarkostnaðinn í landinu.

Það er efalaust og ómótmælt, að húsnæði muni vera ein af allra brýnustu nauðsynjum manna, og erum við, sem búum á þessari breiddargráðu, ekki hvað sízt mjög háðir þessum lífsnauðsynjum, svo að jafnvel má jafna þessu til fæðis og klæða. Ríkisvaldið hefur því um langt skeið álitið það siðferðilega skyldu sína í öllum menningarþjóðfélögum að leggja fram aðstoð í því skyni að gera einstaklingum mögulegt að eignast þak yfir höfuðið. Íslenzkir ráðamenn hafa einnig fyrir alllöngu gert sér þessa staðreynd ljósa, og stuðningur ríkisvaldsins til þessara mála hefur verið fyrir hendi, í misríkum mæli að vísu, nokkra undanfarna áratugi. Mjög skortir þó á, að hér sé nægilega að gert, eins og ég mun síðar lauslega koma að.

Flestir telja það skyldu sína að stuðla að því, að næg atvinna sé jafnan í landinu fyrir alla þá, er vilja vinna og unnið geta, og svo er fyrir að þakka, að atvinna er hér næg. Fæði skortir okkur góðu heilli ekki heldur og ekki klæði, og þannig er vel fyrir þessum nauðsynjum séð í dag, þótt vitanlega sé augljóst, að kjörum manna sé nokkuð misskipt, eins og löngum hefur verið En um húsnæðismálin hér á landi, sem eru þó, eins og áður sagði, hliðstæð nauðsyn þess, sem nú var talið, gegnir hins vegar því miður nokkuð öðru máli. Húsnæðisskortur er hér tilfinnanlegur og hefur farið heldur vaxandi að undanförnu, a. m. k. á ýmsum stöðum í landinu, og enn þarf að gera ráðstafanir til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis. Enn hefur ekki tekizt t. d. að útrýma herskálunum hér í Reykjavík. Þrátt fyrir margendurtekin loforð í þeim efnum standa þessir skúrar enn 20 árum eftir styrjaldarlok og eru sannarlega ömurlegur vitnisburður um það ástand, sem í þessum málum ríkir. Og þess ber jafnframt vel að gæta, að margt fleira húsnæði er heilsuspillandi en braggarnir og sumt af því litlu betra en þeir og jafnvel verra, og gæti ég nefnt um það allmörg dæmi héðan úr höfuðstað landsins, ef því væri að skipta.

Þessar staðreyndir eru óglæsileg staðfesting þess, að við eigum enn mjög langt í land í því að koma húsnæðismálum okkar í viðunandi horf, þrátt fyrir velmegun og framfarir. Hér er því full ástæða til að láta fara fram athugun eins og þá, sem þessi till. gerir ráð fyrir, og því fyrr sem sú staðreynd er viðurkennd og hafizt handa, því betra. Það skal fúslega viðurkennt, að hér er um mikið átak að tefla. Byggingarnar krefjast gífurlegs fjármagns, og sú lagfæring, sem hér er lögð til í þessum efnum, mun kosta stórátak. En því átaki verður ekki undan komizt, ef ekki á illa að fara. Húsnæðisleysið er alvarlegt þjóðfélagsmein, sem verður að uppræta. Það torveldar stofnun heimilanna, stendur í mörgum tilfellum í vegi fyrir því, að menn fái notið heppilegra atvinnuskilyrða, og sívaxandi húsnæðiskostnaður veldur því, að óhjákvæmilega eru gerðar hærri launakröfur en annars mundi. Lágmarkslaun hljóta ávallt að vera við það miðuð, að sá verst setti geti af þeim lifað. Þannig verða launasamningar í reynd að verulegu leyti háðir því, hver húsnæðiskostnaðurinn er. Dýrt húsnæði er því ein af alvarlegustu orsökum þeirrar gífurlegu verðbólgu, sem hér ríkir.

Möguleikar manna til byggingar íbúða eru aðallega komnir undir þrennu, þ. e. byggingarkostnaði, lánsmöguleikum og eigin fjármagni. Um byggingarkostnaðinn liggja fyrir opinberar skýrslur frá Hagstofu Íslands, og hafa þær verið birtar reglulega mörg undanfarin ár. Samkv. þessum skýrslum var byggingarkostnaðurinn í okt. s. l. 1834 kr. á rúmmetra, en það er sú tala um byggingarkostnað, sem var nýjust, þegar þetta frv. var lagt hér fram á hv. Alþingi nú fyrir nokkrum mánuðum, og eru útreikningar okkar flm. í grg. því við þann kostnað miðaðir, og sé ég ekki ástæðu til að fara að umreikna þær tölur. Það er hægara að halda sig við þær, enda þótt vitað sé og viðurkennt, að nokkur hækkun hafi orðið á byggingarkostnaði síðan. En ég held mig sem sagt við þessa tölu, 1834 kr. á teningsmetra, af þeim hagkvæmnisástæðum, sem ég gerði hér grein fyrir. Meðalstærð íbúða, sem byggðar voru árið 1962, var samkv. upplýsingum frá Efnahagsstofnun ríkisins 375 teningsmetrar. Samkv. framangreindum tölum um byggingarkostnaðinn mundi slík íbúð hafa kostað í októbermánuði s. l. 638 þús. kr. Verðhækkunin frá 1. okt. 1959 til 1. okt. 1963 nemur um 227 þús. kr., eða um 40% á þessum 4 árum. Hámarkslán samkv. gildandi lögum út á hverja íbúð er nú 150 þús. kr. og hefur því verðhækkunin á s. l. 4 árum gert meira en að gleypa alla lánsfjárhæðina. Sá, sem byggir meðalíbúð í dag samkv. tölum Efnahagsstofnunarinnar um það mál, þarf því að geta lagt fram af eigin rammleik hvorki meira né minna en 538 þús. kr. Þarf ekki lengi getum að því að leiða, hversu afar miklum vandkvæðum slíkt hlýtur að vera bundið, ekki sízt fyrir þá, sem eru ungir og efnalitlir. Því er augljóst mál, að til þess að bæta hér úr þarf að stórhækka lánin úr byggingarsjóði til hverrar einstakrar íbúðar. Það takmark, sem hér er við miðað, að unnt verði að lána ⅔ hluta byggingarkostnaðar meðalstórrar íbúðar, er að vísu sett allmiklu lægra en tíðkast meðal þjóða í nágrannalöndum okkar, þar sem slíkar lánveitingar komast oft upp í 90% kostnaðar. En okkur flm. þessarar till. er ljóst, að við mikla erfiðleika er að etja í þessu efni um útvegun lánsfjárins, og því teljum við ekki ráðlegt að fara lengra en þetta í einum áfanga, enda er hér sannarlega veruleg úrbót frá því, sem nú er, því að lánin hér nema nú aðeins tæpum 20% af kostnaðinum. Við þetta má að sjálfsögðu bæta því, að vitanlega kemur vel til greina fyrir þann, sem ætlar að byggja, ekki sízt ef það er ungur maður eða ung hjón með litla fjölskyldu

og takmörkuð efni, að byggja smærra en hér var um rætt, byggja minni íbúð en 375 teningsmetra. Það eru vissulega gild rök fyrir því að byrja á þann hátt. En jafnvel þótt um verulega minni íbúð væri að ræða, segjum t. d. 300 teningsmetra til að taka dæmi af lítilli íbúð og miklu minni en tíðkast almennt að byggja, eins og að framan segir, þá er staðreyndin engu að síður sú, að þessi íbúð, 300 teningsmetrar, mundi kosta 540 þús. kr. og þannig mundi vanta um 400 þús. kr. til þess að koma henni upp, þótt hámarkslán fengist, miðað við byggingarkostnaðinn í okt. 1963, eins og fyrr segir.

Þá er enn fremur mikil nauðsyn á því, að byggingarsjóður hefði fjármagn til að greiða lán til fólksins miklu fyrr en tíðkazt hefur. Einn þátturinn og hann ekki smár í því, hversu byggingarkostnaðurinn er hár, er einmitt það, hve menn eru hérna lengi að byggja, menn eru lengi með hús sín í smíðum, en því veldur aftur í flestum eða mjög mörgum tilfellum fjármagnsskortur. Þetta þyrfti nauðsynlega að vera hægt að laga.

Eins og kunnugt er, eru það aðallega tvær stofnanir, sem lána til íbúðabygginga, þ. e. byggingarsjóður ríkisins, sem lýtur forsjá húsnæðismálastofnunarinnar og lánar til íbúða í kaupstöðum og kauptúnum, og svo stofnlánadeild Búnaðarbankans, sem veitir lán til byggingar íbúðarhúsa í sveitum. Hámarkslánin munu nú vera 150 þús. kr. En þessu til viðbótar eru svo nokkrar aðrar stofnanir, sem nokkuð hafa gert að því að veita lán til íbúðabygginga. Þar má t. d. nefna lífeyrissjóðina. Þeir veita talsverð lán til félagsmanna sinna, enda svo ráð fyrir gert í reglum þeirra, að ávaxta megi það fé, er í sjóðina safnast, á þann hátt að kaupa fasteignatryggð skuldabréf eða verðbréf eftir vissum reglum. Lífeyrissjóðirnir munu nú flestir veita hærri lán en hér fást úr hinu almenna veðlánakerfi. Þeir, sem þau lán fá, eru líka að því leyti betur settir en aðrir, að þeir hafa einnig getað fengið nokkur lán frá húsnæðismálastjórn, og veitir þeim þó sannarlega ekki af. Lífeyrissjóðirnir hafa því gert mikið gagn í þessum efnum. En að sjálfsögðu ber að líta á það, að þeir geta ekki lánað til annarra en félagsmanna sinna, enda eru sjóðirnir í vissum skilningi þeirra eign, þar sem þeir myndast af framlögum sjóðfélaganna og vinnuveitenda þeirra. Svo má ekki heldur gleyma því, að hlutverk lífeyrissjóðanna er fyrst og fremst annað en að vera lánastofnanir. Þeir eru tryggingaraðilar, tryggingarstofnanir viðkomandi sjóðfélaga, og það hlutverk þeirra þyngist, eftir því sem árin líða og sjóðfélagar fara í ríkara mæli að taka eftirlaun og aðrar bætur úr sjóðunum. En að sama skapi dregur þá að sjálfsögðu úr möguleikum þeirra til útlána. Sparisjóðir hafa einnig lánað allmikið til íbúðabygginga, en hvort tveggja er, að þeir geta ekki lánað nema til fremur skamms tíma í þessu sambandi að skilja og að vandamálin um veðsetningar hindra í flestum tilfellum, að hægt sé jafnframt að fá fé til þeirra íbúða að láni úr byggingarsjóði. Þess vegna kemur hjálp sparisjóðanna ekki að eins miklum notum í þessu tilliti og ætla mætti og eins og þeir út af fyrir sig mundu kannske geta veitt, ef lánareglurnar kæmu ekki þarna til. Byggingarsjóður verkamanna lánar til verkamannabústaða, og þar er talsvert ríflegar skammtað en úr öðrum opinberum sjóðum, þótt langur vegur sé frá því, að þar sé um nokkra ofrausn að ræða. Þessi sjóður hefur einnig yfir of litlu fjármagni að ráða og getur því ekki aðstoðað nema fáa. Þá má geta þess í framhaldi af þessu, að einstök bæjarfélög, þó aðallega Reykjavík, hafa lánað samkv. lögum um útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis, og þá er byggingarsjóði skylt að leggja jafnháa fjárhæð á móti, auk þess sem svokölluð A- og B-lán húsnæðismálastjórnar koma þarna einnig til. Mér skilst, að reglurnar hérna í Reykjavík hafi verið um framkvæmd þessa þannig, að út á 2 herbergja íbúð láni borgin 110 þús., byggingarsjóður jafnháa fjárhæð og húsnæðismálastofnun 80 þús., eða samtals 300 þús. kr. út á 2 herbergja íbúð, en sé um 3 herbergja íbúð að ræða, muni tilsvarandi tölur vera 120 þús. plús 120 þús. plús 100 þús, eða samtals 340 þús.

Af þessu, sem ég nú hef greint, má sjá, að lánveitingar til íbúðabygginga ganga nokkuð misjafnt yfir. Þar sem mikill fjöldi manna á t. d. aðgang að lífeyrissjóðum, þar eru heildarlánin mun meiri en þar sem því er ekki til að dreifa, og aðstaða einstaklinga til lánsfjáröflunar er einnig mjög misjöfn. Það verður því hluti af verkefni þeirrar nefndar, er hér um ræðir, að gæta samræmis í þessum málum, ekki til þess að draga úr aðstoð til þeirra, sem hennar njóta nú mestrar, því að hún er langt frá því að vera nokkurs staðar of mikil, heldur til þess að setja reglur, er miði að fyllsta réttlæti í skipun lánamála og gera aðstöðu manna sem jafnasta.

Í 3. lið þessarar þáltill. er athygli vakin á því, að hagkvæmt getið verið að veita nokkurt lánsfé til að endurbæta eldra húsnæði og til að auðvelda mönnum kaup á húsum til eigin nota. Engin lánastofnun mun telja það í sínum verkahring, eins og er nú, að lána fjármagn í þessu skyni, ekki ein einasta lánastofnun. Þó er staðreynd, að í mörgum tilfellum má endurbæta og gera sem nýtt gömul hús fyrir miklu minna fjármagn en þarf til að byggja nýtt. Það er þjóðfélagslega óhagkvæmt að neyða mann til að yfirgefa endurnýjunarhæft húsnæði og knýja hann til nýbyggingar af þeirri ástæðu einni, að hvergi er lánsfé að fá til endurbótanna. Sama má raunar segja um kaup á eldra húsnæði. Skynsamlegast virðist að breyta hér um stefnu og taka upp lánveitingar í einhverjum mæli til þessara hluta. Það gæti orðið til þess í mörgum tilfellum að koma í veg fyrir þörf manna á því að ráðast í nýbyggingar og á þann hátt dregið úr því heildarfjármagni, sem hér þarf af mörkum að leggja.

Loks gerir þáltill. sú, sem hér er til umr., ráð fyrir því, að hin nýja löggjöf, sem við flm. hennar teljum, að setja þurfi, hafi það sérstaklega að markmiði að lækka byggingarkostnaðinn í landinu. Afleiðing hins háa byggingarkostnaðar og lánsfjárskortsins er sú, að minna er byggt með hverju ári, og þetta alvarlega ástand fer versnandi með vaxandi dýrtíð. Þetta sýna opinberar skýrslur um byggingar undanfarinna ára, svo að ekki verður um villzt. Ég leyfi mér þessu

til staðfestingar að benda á eftirfarandi um tölu þeirra íbúða, sem byrjað hefur verið að byggja annars vegar árin 1955—1958 og hins vegar árin 1959—1962. Við samanburð milli þessara 4 ára tímabila sést, að samdrátturinn seinni 4 árin, miðað við þau fyrri, nemur 40% í sveitum, 19% í kauptúnum, 30% í kaupstöðum öðrum en Reykjavík og 40% í Reykjavík.

Þessar tölur tala skýru máli um það, hversu vel — eða hitt þó heldur — fólk treystir sér til að hefja byggingu nýrra íbúða, eins og nú hagar til um byggingarkostnað og lánsfjármöguleika, því að það vita allir, að þörfin fer ekki minnkandi. Hún er eðlilega vaxandi í stækkandi þjóðfélagi. Ástæðurnar fyrir því, að ekki er meira byggt, eru aðrar. En afleiðingin af þessu er vitanlega það öngþveiti, sem í húsnæðismálunum ríkir: húsnæðisskortur og þar af leiðandi uppsprengd húsaleiga og notkun heilsuspillandi húsnæðis og klastrað við braggana ár eftir ár. Lækkun byggingarkostnaðarins er þjóðfélagsleg nauðsyn. Þar koma vitanlega ýmsar leiðir til greina.

Í 2. gr. l. nr. 42 frá 1957, um húsnæðismálastofnun o. fl., eru allýtarleg ákvæði um ráðstafanir til lækkunar á byggingarkostnaði. Þeim ráðum, sem þar eru greind, hefur þó mjög óverulega verið beitt, og má raunar segja, að lögin hafi aldrei verið framkvæmd að þessu leyti. Um það verður sjálfsagt að kenna fjárskorti stofnunarinnar fremur en áhugaleysi þeirra, sem þar stjórna, til úrbóta í þessu efni. Og vissulega má virða þeim það til vorkunnar, að þeir hafa látið lánveitingarnar sitja fyrir því takmarkaða fjármagni, sem þeir hafa haft undir höndum, því að alls staðar var þörfin og óafgreiddar lánabeiðnir hlóðust upp. En það breytir þó ekki hinu, að óheppilegt er, að því skuli ekki hafa verið sinnt að framkvæma ákvæði 2. gr. fyrrgreindra laga, svo mikil höfuðnauðsyn sem það er að draga úr kostnaði á þessum sviðum.

Stórauka þarf framlög til ýmiss konar rannsókna í þágu byggingariðnaðarins og er enginn vafi á því, að hér er ótæmandi verkefni að vinna. Það er t. d. alveg furðulegt, þrátt fyrir allar þær stórfelldu framfarir, sem orðið hafa í byggingarmálum með tilkomu nýrra tækja og nýrra byggingarefna, sem ættu að auðvelda þessar framkvæmdir til mikilla muna, að þróun byggingarmála á Íslandi skuli á sama tíma verða sú, að byggingarnar verða sífellt dýrari og dýrari og það tekur sífellt lengri og lengri tíma að koma þeim upp. Hér hlýtur að verða að brjóta í blað, og fyrst einstaklingarnir hafa ekki getað notfært sér nýjungarnar á heppilegri hátt en raun ber vitni, hlýtur hið opinbera að verða að láta málið til sín taka. Og til þess er raunar ætlazt með l. um húsnæðismálastjórn, eins og fyrr segir, þar sem 2. gr. þeirra l. beinlínis fiallar um þær ráðstafanir, sem eigi af hálfu hins opinbera að gera til þess að lækka byggingarkostnaðinn í landinu.

En þótt hér sé mikið verk að vinna og góðs árangurs að vænta, ef rétt er á haldið, má þó ekki gleyma því, að með fleiri ráðstöfunum en hér hafa verið taldar má einnig þoka þessu máli í rétta átt. Í skýrslu sinni um íbúðabyggingar og fjárframlög til þeirra á Íslandi bendir Johan Hoffmann, bankastjóri frá Noregi, m. a. á það, að lækka þurfi útlánsvexti til íbúðabygginga á Íslandi verulega frá því, sem þeir eru nú. Vextir af íbúðalánum verða að vera óháðir skammvinnum sveiflum á hinum almenna lánamarkaði, segir hann, og telur þá of háa hér, eins og allir hv. alþm., sem vitanlega hafa kynnt sér skýrslu bankastjórans, hljóta að vita. Enn fremur bendir hann á, að lánin verði að vera til langs tíma með lágum afborgunum fyrst í stað, og margt fleira kemur fram í hans fróðlegu skýrslu, sem full þörf er að gefa gaum í þessu sambandi og sú nefnd, sem fengi málið til meðferðar, ef okkar till. yrði samþykkt, mundi vitanlega hafa til hliðsjónar sínu starfi.

Allt þetta, sem ég hef lauslega drepið á, og sjálfsagt ótalmargt fleira verður verkefni þeirrar nefndar, sem hér er lagt til að kosin verði til undirbúnings nýrrar lagasetningar um þessi miklu hagsmuna- og nauðsynjamál. Flm. er ljóst, að mikill vandi er á höndum að afla þess fjár, sem með þarf til þess að fullnægja húsnæðisþörfinni á næstu árum. En við teljum, að þessum vanda verði ekki lengur á frest skotið, þar sem ástandið versnar með hverju ári, sem líður. Við leggjum ekki til, að þessu máli sé flýtt sérstaklega eða því sé flaustrað af, heldur ætlum við hæfilegan tíma til verksins, þannig að takist ekki að leggja niðurstöður fyrir á þessu þingi, sem fer sjálfsagt að verða vonlítið með þeim afgreiðsluhraða, sem fram að þessu hefur verið á málum okkar stjórnarandstæðinga a. m. k. á þessu þingi, þá verði stefnt að því, að þessar till., sem hér um ræðir, verði tilbúnar, áður en næsta reglulegt Alþingi kemur saman, og ætti það að vera vandalaust.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa lengri framsögu um þetta mál að þessu sinni. Ég vænti þess, að till. fái vinsamlegar undirtektir, svo mjög sem hér er hreyft nauðsynlegu máli, og legg svo til, herra forseti, að till. verði að lokinni þessari umr. vísað til síðari umr. og hv. fjvn.

Þorvaldur G. Kristjánsson: Herra forseti. Ég hygg, að það orki ekki tvímælis, hve húsnæðismálin eru þýðingarmikil, og ég hlýt að sjálfsögðu að taka undir það, sem hv. síðasti ræðumaður sagði um það efni. Það er mikil þörf á endurbótum í þessum málum. Það er þörf á að auka útlán til íbúðabygginga og aukinni viðleitni til þess að lækka byggingarkostnaðinn. Nú er gert ráð fyrir því að kjósa sérstaka nefnd af hálfu Alþingis til þess að taka þessi mál til athugunar og gera till. til úrbóta samkv. þeirri till. til þál., sem hér liggur fyrir.

Ég hygg, að þegar rætt er um þessi mál, verði nokkuð að hafa í huga, hver þróunin hefur verið í þeim á undanförnum árum, og það varði miklu að gera sér sem gleggsta grein fyrir því. Við þurfum að hafa staðreyndir vel í huga til þess að sjá betur, af hverju við getum lært og hvaða stefnu við eigum að hafa í málunum. Hv. síðasti ræðumaður sagði, að ástandið í þessum efnum, ástandið í húsnæðismálunum, hefði versnað með hverju ári, sem líður, eins og hann orðaði það. Þegar ég heyrði hann segja þetta, varð það til þess, að ég bað um orðið, því að mér finnst þessi fullyrðing, sem er algerlega órök-

studd af hans hálfu, þess eðlis, að þess sé ekki að vænta, að við tökum rétta stefnu í þeim málum, sem gera þarf, ef við byggjum á slíkum hugmyndum og teljum, að staðreyndirnar séu slíkar. Þetta kemur mér að vísu ekki á óvart, vegna þess að eitt af því, sem stjórnarandstaðan á síðasta kjörtímabili hefur lagt megináherzlu á í hinum pólitíska áróðri sínum, er það, að ríkisstj. hafi mistekizt sérstaklega í þessum málum. Hv. 11. þm. Reykv. lagði að vísu ekki áherzlu á þetta sjónarmið, en ég hygg, að sú staðhæfing, sem hann lét sér um munn fara, byggist á þessari skoðun. Þess vegna þykir mér rétt að athuga málið nokkru nánar.

Ég skal ekki fara ýtarlega út í þessi mál. En það er rétt, að fjárfesting í íbúðarhúsnæði hefur verið minni í tíð núv. ríkisstj. en hún var í tíð vinstri stjórnarinnar á árunum 1957 og 1958. Þetta svarar til 15% minni fjárfestingar. Og á þessu byggja svo stjórnarandstæðingar allar sínar fullyrðingar um það, að núv. ríkisstj. hafi mistekizt í þessum efnum og ástandið í þessum málum hafi þess vegna versnað frá því, sem áður var.

Hv. síðasti ræðumaður sagði, að íbúðabyggingar hefðu minnkað, ekki vegna þess, að þörfin væri ekki fyrir hendi eins og áður, heldur af öðrum ástæðum. En athugum þetta nánar. Við skulum athuga nánar um þörfina.

Á árunum frá 1952—1953 reis mikil byggingaralda í landinu. Á áratugnum 1953—1962 voru fullgerðar um 13000 íbúðir. Ef við miðum við meðalfjölda fólks á hverja íbúð, svarar þetta til þess, að byggt hafi verið yfir um 58 þús. manns, en á sama tíma nam fólksfjölgun þjóðarinnar um 34500 manns. Var því byggt umfram fólksfjölgun fyrir sem svaraði 23—24 þús. manns, og það leiddi að sjálfsögðu til stórfelldra bóta á húsnæðisástandinu. Nú kemur mér ekki til hugar að halda fram, að það hafi verið byggt umfram þarfir, sem þessu nemur. Auðvitað var það ekki. Það, sem hér hefur skeð, var það, að húsnæðisástand þjóðarinnar í heild hefur batnað mikið frá því, sem áður var. Fólk býr rýmra en áður, og auk þess hafa gamlar og lélegar íbúðir verið lagðar niður. En hvað sem því líður, verður því ekki á móti mælt, að þessi geysilega fjárfesting í íbúðarhúsabyggingum á þessu tímabili hlýtur að hafa nokkur áhrif og hlýtur að hafa áhrif í sambandi við þörf nýrra bygginga. Það verður ekki heldur sagt, að íslenzka þjóðin hafi ekki sinnt þessum málum á þessu tímabili, því að um 40% af heildarfjárfestingu þjóðarinnar hefur verið í byggingu íbúðarhúsnæðis og um 10% af þjóðarframleiðslunni allri hefur farið til íbúðabygginga, þegar mest var á þessu tímabili. Ég hygg, að það sé ekki óeðlilegt, að eftir slíka þróun, sem ég hér hef lýst, hafi nokkuð dregið úr íbúðarhúsabyggingum. Ég hygg, að það sé ekki óeðlilegt, að þetta hafi þau áhrif, að þjóðin hafi viljað snúa sér meir að öðrum verkefnum, sem jafnvel voru brýnni, þegar hér var komið sögu. Þetta kom þegar fram á fyrsta valdaári vinstri stjórnarinnar, því að þá lækkaði fjárfesting í íbúðarhúsum árið 1957 um 7% frá því árið 1956 og lækkaði enn um rúm 13% árið 1958. Og þetta var á valdaárum vinstri stjórnarinnar. Íbúðabyggingar hækkuðu hins vegar aftur nokkuð 1959, en hafa síðan verið nokkru minni.

Um þetta hygg ég, að sé enginn ágreiningur. En í þessu sambandi skulum við athuga það, að ríkisstj. verður fremur dæmd af fyrirgreiðslu sinni við íbúðabyggingar heldur en af tölu fullgerðra íbúða eða fjárfestingunni í heild. Sjálfar íbúðabyggingarnar eru ekki á vegum ríkisins. Hins vegar markar ríkisstj. stefnuna í peningamálunum og gerir ráðstafanir í lánamálum húsbygginga. Og til þess að frammistaða núv. ríkisstj. í húsnæðismálunum verði rétt metin, er þýðingarmikið að gera samanburð á útlánum almenna veðlánakerfisins, sem lánin að mestu leyti heyra undir, hlutfallinu milli útlána miðað við íbúðabyggingar og notagildi íbúðalána miðað við byggingarkostnað. Ég skal ekki fara mjög langt út í þetta. Ég get þó ekki látið hjá líða að nefna nokkrar tölur. 1957 nam fjárfesting íbúðabygginga 565 millj. Útlán almenna veðlánakerfisins voru 45.7 millj. og útlán almenna veðlánakerfisins í hlutfalli við íbúðabyggingar var 8.1. Samsvarandi tala 1958 var 9.4, 1959 5.5, 1960 9.0, 1961 15.5 og 1962 14.0. Af þessu sjáum við nokkuð, hver þróunin hefur verið á þessum árum, sem ég hér hef tiltekið. Ég hef ekki samsvarandi tölur fyrir árið 1963. Ég hef hér tölur um það, hver útlán almenna veðlánakerfisins hafa verið á þessum árum. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara með þær. Þær gefa ekki heldur nægilega glöggan samanburð, vegna þess að byggingarkostnaðurinn hefur aukizt mikið á þessum árum. En ef við tökum tillit til þess, hvað byggingarkostnaðurinn hefur aukizt, og umreiknum útlán almenna veðlánakerfisins miðað við það, þá fáum við eftirfarandi tölur: 1957 69.5 millj. kr. útlán, 1958 70.1, 1959 45.6, 1960 65.1, 1961 85.5 og 1962 86.6. Þessar tölur sýna líka það, að útlán almenna veðlánakerfisins, sem mestu máli skiptir í þessu sambandi, hafa ekki einungis aukizt tölulega, þau hafa aukizt verulega að notagildi, þegar þau eru umreiknuð og miðað við hækkandi byggingarkostnað.

Ég hygg, að þegar það liggur fyrir, að byggingarframkvæmdir hafa verið svo miklar á undanförnum áratug eins og ég hef gert grein fyrir, og þegar það liggur fyrir, að núv. ríkisstj. hefur gengið miklu lengra í allri fyrirgreiðslu við húsbyggjendur en áður var, þá sé það ljóst, að húsbyggingar hafa ekki minnkað vegna aðgerða ríkisstj., heldur verði fremur að tengja það þeim miklu framkvæmdum og miklu fjárfestingu í íbúðarhúsabyggingum, sem voru á síðasta áratug.

Nú kemur mér ekki til hugar að neita því, að byggingarkostnaður hefur hækkað verulega. Byggingarkostnaður hefur hækkað frá 1958 um 47%, og það er náttúrlega mjög mikil hækkun og það er alvarlegt út af fyrir sig, og það tek ég mjög undir með hv. síðasta ræðumanni. En þetta er hins vegar ekki nein sönnun fyrir því, að það hafi af hálfu stjórnarvaldanna verið verr haldið á húsnæðismálunum í heild en var áður, því að á þeim stutta tíma, sem vinstri stjórnin var við völd, hækkaði byggingarkostnaður um 34%.

Ég sagði, að ég hefði staðið upp vegna þess, að ég heyrði síðasta hv. ræðumann segja, að

ástandið í húsnæðismálunum hefði versnað með hverju ári, sem liðið hefði. Ég sagði, að ég hefði staðið upp, þegar ég heyrði þetta, því að mér hefði fundizt þetta bera vott um það, að hv. ræðumaður gerði sér ekki fullkomlega grein fyrir því, hver þróunin hefði verið í þessum málum á undanförnum árum. Og ég held, að ef á að taka húsnæðismálin til athugunar og ef á að endurbæta margt, sem þar fer aflaga og vissulega þarf að bæta, þá þurfum við umfram allt að gera okkur sem gleggsta grein fyrir ástandi málanna, fyrir þróun málanna og fyrir staðreyndunum, eins og þær hafa verið.

Mér finnst ástæða til að geta þess hér, að nú um þessar mundir fer fram athugun á þeim málum, sem þessi þáltill. gerir ráð fyrir. Félmrh. hefur farið þess á leit við húsnæðismálastjórn að taka þessi mál til athugunar og gera till. til breytinga og úrbóta. Hv. síðasti ræðumaður nefndi hér skýrslu Johans Hoffmanns, bankastjóra Husbankans norska, og nefndi nokkur atriði úr þeirri skýrslu. En það vill svo til, að félmrh. hefur beinlínis falið húsnæðismálastjórn að taka þessa skýrslu til sérstakrar athugunar og skila áliti um skýrsluna. Ég skal því ekki segja, hversu mikla hagnýta þýðingu þessi till. hefur, en hún hefur a. m. k. ekki hagnýta þýðingu, ef á að vinna samkv. henni í þeirri villu, sem mér virtist fram koma hjá síðasta ræðumanni, þegar hann ræddi um húsnæðismálin almennt.

Umr. frestað.

Á 38. og 39. fundi í Sþ., 5. og 6. febr., var till. tekin til frh. fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 49. fundi í Sþ., 4. marz, var fram haldið fyrri umr. um till.

Flm. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Enda þótt afgreiðsla þessarar þáltill. hafi dregizt nokkuð á langinn og það séu nokkrar vikur liðnar síðan hún var hér síðast til umr., þykir mér þó rétt að fara nokkrum orðum um það, sem fram kom í málinu, þegar það var hér til umr. síðast. Það eru sérstaklega nokkur atriði í ræðu hv. 4. þm. Vestf., sem mér finnst ástæða til að athuga nokkru nánar í sambandi við þetta mál.

Þessi hv. þm. á sem kunnugt er sæti í húsnæðismálastjórn og þekkir því mjög vel ástand þessara mála, og er því ástæða til þess að gefa gaum að því, sem hann leggur til þeirra, og einmitt þess vegna verð ég að segja það, að afstaða hans til þessarar till., sem hér er til umr., veldur töluverðum vonbrigðum. Ég tel, að lausn húsnæðisvandamálanna sé ekki fólgin í því og ekki undir því komin, að þeir, sem ráða þeim málum, haldið því ávallt fram, að þessi mál séu öll í lagi. Það leysir engan vanda, en er því miður allt of algeng afstaða ýmissa valdamanna í þjóðfélagi okkar, og því miður fannst mér ræða hv. 4. þm. Vestf. bera nokkurn keim af þessu. Það er engin minnkun að því að viðurkenna staðreyndir, og staðreyndirnar í húsnæðismálunum eru þær, að hér er svo mikill húsnæðisskortur, að til stórvandræða horfir, og þáltill. sú, sem hér er flutt, er flutt í þeim tilgangi einum að leitast við að ráða bót á þessu mikla vandamáli. Ég forðaðist í framsöguræðu minni að fara nokkurn hlut inn á það, hverjum vandræðaástandið í húsnæðismálunum væri að kenna. Ég hygg, að það sé ekki hægt að finna neinn staf fyrir því í ræðu minni, að það sé svo mikið sem ýjað að því, að húsnæðisvandamálin séu fyrst og fremst því að kenna, að núv. hæstv. ríkisstj. hafi á einn eða annan hátt vanrækt skyldur sínar í þessum efnum, eða t. d. því að kenna, að húsnæðismálastjórn hafi ekki staðið á verði og gert allt, sem í hennar valdi stóð, til þess að leysa þessi mál. Það eina, sem ég sagði húsnæðismálastjórn til áfellis e. t. v., var það, að ég sagði, að hún hefði gert of lítið til þess að framkvæma 2. gr. l. um húsnæðismálastofnun o. fl., þá grein, sem fjallar um ráðstafanir til lækkunar á byggingarkostnaði. Það er líka, því miður, staðreynd, að of lítið hefur verið gert að því. En ég var ekki fyrr búinn að sleppa orðinu um þetta atriði en ég fór að telja fram þær ástæður, sem hlytu að valda því og gerðu það mjög eðlilegt og a. m. k. mannlegt, að þeir, sem þar ráða, mætu það meira að leysa úr brýnustu lánaþörf þeirra, sem sækja til þeirra um aðstoð, heldur en að klípa af því takmarkaða fjármagni, sem fyrir hendi er, til þess að ráðast í framkvæmdir, sem gætu miðað að lækkun byggingarkostnaðar, svo mjög nauðsynlegt sem það þó er. Ég hygg því, að það hafi verið mjög erfitt að finna nokkuð það í ræðu minni, sem gaf tilefni til þess að fara út í samanburð á ráðstöfun þessara mála í tíð núv. hæstv. ríkisstj. og í tíð vinstri stjórnarinnar og finna þeim orðum stað í mínu máli, svo sem hv. 4. þm. Vestf. gerði síðast, þegar þetta var hér til umr.

En hann hengdi hatt sinn á þau ummæli mín, að ég hefði sagt, að fjárfesting í íbúðarhúsum sé minni nú en á tímabilinu 1956—1958. Þessa fullyrðingu mína taldi hann algerlega órökstudda og vildi vanda um við mig fyrir slíkan málflutning. Af því tilefni vil ég leyfa mér að rifja upp á ný tölu þeirra íbúða, sem byrjað var að byggja, annars vegar á tímabilinu 1955—1958 og hins vegar á tímabilinu 1959—1962. Þarna er um tvö fjögurra ára tímabil að ræða, sem ég ætla mér að bera saman og sýna fram á það með því, að ummæli þessi, sem áður greindi, voru *engan veginn úr lausu lofti gripin.*

Árin 1955—1958 var hafin bygging 553 íbúða í sveitum. Árin 1959—1962 var hafin bygging 331 íbúðar í sveitum, fækkunin nemur 222 íbúðum eða 40%. Á fyrra tímabilinu var hafin bygging 1028 íbúða í kauptúnum, á síðara tímabilinu 834 íbúða, fækkun 194 íbúðir eða 19%. Á fyrra tímabilinu var hafin bygging 1852 íbúða í kaupstöðum, 1289 íbúða á seinna tímabilinu, fækkunin nemur 563 íbúðum eða 30%. Í Reykjavík var hafin bygging 3549 íbúða á fyrra tímabilinu, 2122 á síðara tímabilinu, fækkunin nemur 1427 íbúðum eða 40%. Samtals á öllu landinu var hafin bygging 6982 íbúða á tímabilinu 1955—1958, 4576 íbúða á tímabilinu 1959—1962, eða 2406 íbúðum færra, sem byrjað var á á síðara tímabilinu en því fyrra, og nemur þá samdrátturinn 34%.

Ég vil leyfa mér að halda því fram, að þau ummæli, sem ég lét falla í minni framsöguræðu

um þetta mál, eigi fullan rökstuðning í þeim tölum, sem ég nú hef rifjað upp að nýju, enda sönnuðu ummæli hv. 4. þm. Vestf. það líka, að allt var rétt, sem ég sagði, og hann gat þess alveg réttilega, að fjárfesting sé nú minni en hún var þá. Hann sagði: Það er rétt, að fjárfesting í íbúðarhúsnæði hefur verið minni í tíð núv. ríkisstj. en hún var í tíð vinstri stjórnarinnar á árunum 1957 og 1958, — og taldi, að minnkunin svaraði til 15% minni fjárfestingar. Hins vegar vildi hann halda því fram, að þessi fækkun á íbúðabyggingum væri eðlileg og réttmæt, þar sem þörfin væri minni nú en þá var, og hann fór með tölur um fólksfjölda og tölur um fjölda íbúða, sem byggðar hefðu verið, því til staðfestingar. Ég rengi það ekki á nokkurn hátt, að allar þær tölur, sem hann fór þá með, séu réttar. Engu að síður er hitt alveg víst, að ástandið í húsnæðismálunum, a. m. k. hér í Reykjavík, er algerlega óviðunandi. Meðan húsnæðisskorturinn er eins og hann er hér og meðan í skjóli hans þrífst okur og brask, eins og hér á sér stað og allir hv. alþm. þekkja, er ekki hægt að halda því fram, að ekki þurfi að byggja meira en gert er, og það er allra sízt hægt að halda þessu fram fyrir þá, sem vegna starfs síns kynnast erfiðleikum flestra húsbyggjenda í landinu af eigin raun og þekkja alla þessa málavöxtu ofan í kjölinn. Meðan ástandið í húsnæðismálunum er eins og það er, a. m. k. hérna í Reykjavík, er ekki hægt að halda því fram, að ekki þurfi að byggja meira en gert er. Ég þekki talsvert til húsnæðismálanna hérna í Reykjavík og get fullyrt um þetta. Ég veit, hvernig það gengur fyrir húsnæðislítið fólk hér í bænum að komast í húsnæði, hvernig það tekst fyrir þá, sem hafa ekki bolmagn til að byggja af eigin rammleik, heldur þurfa að leita aðstoðar sveitarfélagsins, hvernig það gengur fyrir þá að komast inn í mannsæmandi íbúðir. Þetta þekki ég nokkuð af eigin reynslu, og ég veit, að það er mjög erfitt, að maður ekki segi útilokað, þrátt fyrir góðan vilja þeirra, sem hér ráða málum. Skrifstofa félags- og framfærslumála í Reykjavík leggur sig fram um það að leysa úr vandamálum þessa fólks, og ástæðan til þess, að henni verður ekki meira ágengt en raun ber vitni, er einfaldlega sú, að það er ekki hægt, húsnæðið er ekki til. Þess vegna þýðir ekki að halda því fram, hvorki hér né annars staðar, að minnkandi byggingarframkvæmdir séu eðlileg og sjálfsögð ráðstöfun og helgist af því, að ekki sé þörf fyrir meiri byggingar en nú er. Og þó að ég hafi rætt mest um Reykjavík, vegna þess að ég þekki hér mest til, veit ég, að ástandið mun vera eitthvað svipað því, sem hér er, víða á landinu annars staðar og jafnvel sums staðar ekkert betra.

Ég fór í frumræðu minni ekki út í neinn samanburð. Ég ætlaði ekki í ræðu minni í sambandi við þessa þáltill. og flutning hennar hér að stofna til deilna um það, hverjum það væri að kenna, að ástand húsnæðismálanna er eins og það er. Ég vildi þvert á móti með minni framsöguræðu undirstrika nauðsyn þess, að allir flokkar gætu tekið saman höndum um það að finna varanlega lausn á þessu mikla vandamáli. Þar með er ekki sagt, að ég endilega skorist undan því að taka þátt í samanburði á fyrirgreiðslu hins opinbera til húsbyggjenda núna og t. d. á tímum vinstri stjórnarinnar, og fyrst bryddað hefur verið á því hér í þessum umr., get ég vel tekið þátt í þeim leik og mun að nokkru gera það hér á eftir. En satt að segja furðar mig nokkuð á því, að talsmenn núv. hæstv. ríkisstj. skuli sækjast eftir því, að þessi samanburður sé látinn fara fram, og alveg sérstaklega furðar mig á þeirri staðhæfingu, sem kom fram hjá hv. 4. þm. Vestf. nú fyrir 5 vikum, þar sem hann sagði, að notagildi lánanna væri svo miklu meira núna en það var t. d. 1958, og ég tel fulla ástæðu til þess að athuga þessa staðhæfingu örlítið nánar.

Eins og allir hv. alþm. vita, var hámark lánsfjárhæðar árið 1958 100 þús. kr. Hámarkið er nú 150 þús. kr. Ef tekin er sú meðalstærð íbúða, sem Efnahagsstofnunin gefur upp, þ. e. a. s. 375 teningsmetrar, og miðað við vísitölu byggingarkostnaðar, eins og hún var í októbermánuði 1963, en það er síðasta tala, sem liggur fyrir, byggingarvísitalan fyrir febr. s. l. er ekki komin, hún er væntanleg á hverri stundu, en liggur ekki fyrir nú, þegar þessi orð eru mælt. Ef reiknað er með meðalíbúð samkv. þessum upplýsingum og þeim byggingarkostnaði, sem ég áðan greindi, 1834.34 kr. á fermetra, þá kostar að byggja meðalíbúðina nú 688 þús. kr. Í okt. 1958 kostaði að byggja jafnstóra íbúð 461 þús. kr. Verðhækkunin á þessu tímabili er m. ö. o. 227 þús. kr. eða 49%. Eigið framlag þess, sem ræðst í byggingu, þ. e. a. s. byggingarkostnaður mínus lán frá því opinbera, var 1958 361 þús. kr., en nú 538 þús. kr. Samkv. þessum útreikningum þarf 177 þús. kr. meira fé umfram lánin til þess að byggja þessa meðalíbúð en þurfti 1958. Verðhækkunin síðan í okt. 1958 nemur þannig 227 þús. kr. eða meira en öllu því láni, sem hægt er að fá úr byggingarsjóðum ríkisins undir venjulegum kringumstæðum. Jafnvel þótt vantað hafi upp á hámarkslánsfjárhæðina árið 1958 í sumum tilfellum, eins og oft heyrist haldið fram, er augljóst, að hagur húsbyggjenda hefur stórlega rýrnað frá því, sem þá var, hann hefur stórlega rýrnað, þar sem verðhækkunin nemur meira en allri lánsfjárhæðinni. Það er hreint öfugmæli þess vegna að halda því fram, að notagildi lánanna hafi batnað. Það hefur vitanlega versnað og það að miklum mun.

Hv. 4. þm. Vestf. ræddi enn fremur um hækkun á byggingarkostnaði, og einnig þar vildi hann koma að samanburði við byggingarkostnaðinn og hækkunina, eins og hún hefði verið á tímabili vinstri stjórnarinnar. Hann sagði, að í tíð vinstri stjórnar hefði hækkun á byggingarkostnaði numið 34% á rúmum tveim árum, en hækkunin í tíð núv. hæstv. ríkisstj. hafi verið 47% á 5 árum, og út frá því reiknaði hann, að árleg hækkun byggingarkostnaðar hefði verið hærri í tíð vinstri stjórnarinnar en síðan. Ég er ekkert óvanur því að hlusta á þessa röksemdafærslu. Ég hef nokkuð oft að undanförnu átt um þetta umræður við talsmenn núv. hæstv. ríkisstj. og heyrt þessum röksemdum haldið fram, en ég hef líka jafnframt mótmælt þeim, og það mun ég enn gera. Ég vil halda því fram, að þessi röksemdafærsla sé ekki rétt, og færa

að því nokkrar sannanir, að svo sé sem ég segi.

Í fyrsta lagi segi ég, að röksemdafærslan sé ekki rétt á þeirri forsendu, að engin byggingarvísitala var birt á tímabilinu frá okt. 1955 til febr. 1957, en útreikningur hv. þm. byggist á því að bera saman vísitölu í okt. 1955 og hækkunina þangað til 1958 — eða hlýtur að gera það — og fá út þau 34%, sem hann talar um. En vinstri stjórnin kom ekki til valda, svo sem kunnugt er, fyrr en í ágústmánuði 1956. Þarna tel ég, að ekki sé rétt viðmiðun. Það er lengra tímabil, sem byggingarkostnaðurinn er að hækka þarna, heldur en sagt er og auk þess að nokkru leyti stjórnartímabil annarrar ríkisstj.

Í öðru lagi segi ég, að samanburðurinn sé ekki réttur vegna þess, að í honum er tímabilið frá októbermánuði 1958 og til okt. 1963 tekið í einu lagi og sett fram sem tímabil núv. hæstv. ríkisstj., en á það er að líta, að viðreisnarstjórnin hóf ekki valdaskeið sitt fyrr en síðustu dagana 1959 og allt árið 1959 stjórnaði Alþfl. og í hans tíð lækkaði byggingarkostnaðarvísitalan um 2 stig, eins og vitað er, með kauplækkuninni, sem framkvæmd var í febr. það ár, og því segi ég, að í þessum samanburði sé lengra tímabil tekið til samnburðar í síðara skiptið en rétt er og fáist þar með hagstæðari samanburður en tilefni er til.

Í þriðja lagi segi ég, að þessi röksemdafærsla sé ekki rétt vegna þess, að til þess að fá raunverulegan samanburð þarf að reikna hækkunina af sömu grunntölu fyrir bæði tímabilin. Þegar það er gert, mun sjást, að byggingarkostnaðurinn hefur aldrei vaxið hraðar en síðustu árin, enda er sú þróun algerlega í samræmi við aðra verðlagsþróun í landinu á öllum sviðum, og væri fullkomlega óeðlilegt, ef byggingarkostnaðurinn hefði ekki fylgt með í straumnum.

Þá ber þess enn fremur að gæta, að síðasta vísitala, sem við ræðum hér um, er 1834.34 kr., sú vísitala, sem birt er 1. okt. 1963. Síðan hefur engin vísitala verið birt, en síðan hafa miklar hækkanir átt sér stað á byggingarkostnaði. Launahækkunin í árslokin 1963 er ekki með í þessari tölu. Söluskatturinn síðan í febr. s. l. er ekki með í þessari tölu, og afleiðingarnar af þessum tveimur hækkunum eru ekki með í þessari tölu, og enn heldur byggingarkostnaðurinn að sjálfsögðu áfram að hækka. Álagningarhækkunin, sem samþykkt var í gær, er að sjálfsögðu ekki heldur með í þessari tölu. Og lengra væri hægt að telja um það, hvernig þróunin í byggingarkostnaðinum, eins og á öllum öðrum sviðum, heldur áfram til hækkunar.

En það er hægt að fá algerlega réttan samanburð á þróun þess, hvernig byggingarkostnaðurinn hefur vaxið s. l. 8 ár, og ég tel, að það sé sjálfsagt að gera það, til þess að myndin verði rétt og við getum allir, sem hér þrefum um þetta mál, haft það, sem sannast reynist.

Í okt. 1955 var vísitala byggingarkostnaðar, en hagstofan reiknar þessa vísitölu út, eins og kunnugt er, þá var vísitalan 100 stig. Á tímabilinu frá okt. 1955 og þangað til í febr. 1957 hækkar vísitala um 13 stig, hún hækkar um 13 stig á þessum 16 mánuðum, á tímabili tveggja ríkisstj. Á tímabilinu frá febr. 1957 þangað til í okt. 1958, á þeim 20 mánuðum, hækkar þessi sama vísitala um 21 stig, á 20 mánuðum hækkar vísitalan um 21 stig í tíð vinstri stjórnarinnar. Á tímabilinu frá því í okt. 1958 og þangað til í okt. 1959 lækkar þessi vísitala, eins og ég áðan greindi, um 2 stig á 12 mánuðum, á stjórnartímabili Emils Jónssonar og Alþfl. lækkar byggingarvísitalan um 2 stig. En síðan í okt. 1959 og þangað til síðasta tala liggur fyrir, okt. 1963, hækkar þessi vísitala um 65 stig, á síðustu 48 mánuðum, sem útreikningurinn nær til, hækkar vísitalan um 65 stig.

Ef þessu átta ára tímabili er skipt í tvö fjögurra ára tímabil, eins og ég leyfði mér áðan að gera um fjölda þeirra íbúða, sem byrjað hafði verið að byggja á tímabilunum, verður samanburðurinn þannig, að fyrri 4 árin, þ. e. frá því í okt. 1955 og þangað til í okt. 1959, nemur hækkun byggingarvísitölunnar 32 stigum, en síðari 4 árin, þ. e. frá okt. 1959 og til okt. 1963, hækkar vísitalan um 65 stig, eins og ég áðan sagði, eða rúmlega tvöfaldast.

Þetta er þá sú mynd, sem ég veit réttasta af þróun byggingarkostnaðarins í landinu. Nú dettur mér ekki í hug að halda því fram, að þessum málum hefði verið í höfn komið öllum á stjórnartímabili vinstri stjórnarinnar, að þessi mál hafi verið í fullkomnu lagi frá því 1956 á miðju ári og þangað til í des. 1958, því fer fjarri, og ég minnist þess ekki að hafa heldur heyrt það hjá öðrum stuðningsmönnum þeirrar fyrrv. stjórnar, að þeir leyfi sér að halda því fram, að ástandið í byggingarmálunum hafi verið fullkomið á þessum tíma. Ég vil þvert á móti viðurkenna, að það var ákaflega mörgu ábótavant og lausn málanna átti langt í land. En fyrst gerður er samanburður á aðgerðum þessara tveggja ríkisstj. í húsbyggingamálunum, þá tel ég sjálfsagða skyldu okkar að hafa hann réttan, og þá tel ég jafnframt sjálfsagt að viðurkenna það, að vinstri stjórnin setti þó löggjöf um húsnæðismálin, sem var stórt spor í rétta átt og hefur komið mjög mörgum að góðu gagni af þeim, sem brotizt hafa í því að eignast húsnæði, síðan þessi löggjöf var sett. Þetta ber að viðurkenna, um leið og það er játað, að þessi lagasetning hefur ekki getað leyst þessi mál til frambúðar og þess vegna er þörf á nýjum lagaákvæðum í þessu efni.

Sú till., sem ég hef ásamt fleiri hv. þm. borið hér fram, fer ekki fram á annað en það, að kosin verði á Alþingi nefnd til þess að endurskoða öll gildandi lög um lánveitingar til íbúðabygginga í landinu, og við leyfum okkur að benda á nokkur atriði, sem n. eigi sérstaklega að hafa að markmiði og til hliðsjónar við þá lagasetningu, sem hún væntanlega mundi gera till. um.

Hv. 4. þm. Vestf. sagði í lok ræðu sinnar, að nú færi fram athugun á þessum málum öllum, að hæstv. félmrh. hefði falið húsnæðismálastjórn að taka þessi mál öll til gagngerðrar endurskoðunar. Þetta er nú gott og blessað, og þetta er að sjálfsögðu alltaf sagt og sjálfsagt líka alltaf að nokkru leyti rétt, því að hvað er hlutverk húsnæðismálastjórnar fyrst og fremst, ef það er ekki stöðugt að leita nýrra aðferða til þess að auðvelda byggingarframkvæmdir íbúðarhúsa í

landinu? En það er nokkuð langt síðan skýrsla Johans Hoffmanns, bankastjóra Husbankans norska, barst húsnæðismálastjórn. Það er býsna langt síðan orðið, og ég veit ekki til þess, að frá húsnæðismálastjórn hafi örlað á nokkrum till. til breytinga í þessu máli. Það kann að vera, að þær liggi fyrir, en mér er a. m. k. ekki kunnugt um það. Auk þess er, eins og við vitum allir, sitthvað í till. Johans Hoffmanns, sem er þess eðlis, að fullt eins eðlilegt er, að aðrir fjalli um ráðstafanir í þeim efnum heldur en húsnæðismálastjórnin sjálf, þ. á m. till. til gagngerðrar endurskipulagningar á æðstu stjórn þessara mála. Þess vegna hafði ég vonazt eftir því, að till. mín og okkar fleiri hv. þm. Framsfl. fengi góðar undirtektir hér á hv. Alþingi, og ég vil leyfa mér enn þá að vænta þess, að svo geti farið, og alveg sérstaklega tel ég mig hafa ástæðu til þess að búast við góðum undirtektum nú, þar sem ég sé það í dag, að ráðstefna Sambands ungra sjálfstæðismanna hefur nýverið gert ályktanir um nýtt átak í húsnæðismálunum, og þær ályktanir, sem hún lætur frá sér fara og birtar eru í Morgunblaðinu í dag, eru mjög svipaðs eðlis og fara mjög inn á sömu leiðir og okkar till. fjallar um. Þar segir t. d., með leyfi hæstv. forseta: „Lánsfé til íbúðabygginga verði stóraukið og lánakjör gerð hagstæðari en nú er, m. a. með lengdum lánstíma.“ Mér finnst ég kannast við þetta úr till., sem ég er að fjalla hér um. Í öðru lagi: „Lánastarfsemi til íbúðabygginga verði samræmdari en nú tíðkast og henni hagað þannig, að stuðlað verði að byggingu hóflegra og vandaðra íbúða.“ Þetta kemur mér ekki heldur ókunnuglega fyrir sjónir. Ég sé ekki annað en þetta sé svo til orðréttur þriðji liður till. til þál., sem hér liggur fyrir til umr. Þá segir í ályktuninni enn fremur, með leyfi hæstv. forseta: „Hafnar verði á vegum ríkis og sveitarfélaga vísindalegar rannsóknir og tilraunir til endurbóta á byggingaraðferðum og til lækkunar á byggingarkostnaði.“ Þetta svarar til 4. liðar þeirrar till., sem hér er til umr., svo til frá orði til orðs. Og svo er ályktað um fleira, sem allt er mjög gott, þ. á m. er áskorun til sveitarfélaganna um það að hafa ávallt nægilegar byggingarlóðir tiltækar, og undir þá ályktun vil ég alveg sérstaklega taka. Ég tel því, að mjög hafi nú vænkazt hagur þessarar þáltill., síðan hún fyrst var lögð fram hér, þar sem svo öflug samtök sem hér um ræðir hafa lýst sig svo mjög fylgjandi því málefni, sem hér um ræðir, og ég vil alveg sérstaklega beina þeim tilmælum til hv. 4. þm. Vestf., að hann endurskoði nú afstöðu sína til tillöguflutnings þess, sem hér liggur fyrir, með tilliti til þeirra nýju ályktana, sem Samband ungra sjálfstæðismanna hefur gert um þessi mál, og honum eru að sjálfsögðu mjög vel kunnar.

Í framsöguræðu minni um þetta mál lét ég þau orð falla, að ég vildi fúslega viðurkenna, að það væri mikið átak, sem hér væri farið fram á. Það þyrfti mikið átak til þess að koma húsnæðismálunum á réttan kjöl og það mundi kosta mikið fé og það mundu verða miklir erfiðleikar á því að afla þess fjár, sem til þyrfti að koma þessum málum í viðunandi horf. En jafnframt tók ég það fram, að ég teldi, að þessu vandamáli yrði ekki lengur á frest skotið. Lausn húsnæðismálanna er eitt af brýnustu viðfangsefnum þjóðarinnar í dag. Ég rökstuddi þetta að nokkru í frumræðu minni. Ég vil aðeins leyfa mér að bæta hér við það svolitlum viðbótarrökstuðningi og vitna þá til annars manns, sem einnig á sæti í húsnæðismálastofnun, en það er Hannes Pálsson, sem hélt um daginn útvarpserindi um þessi mál. Hann kemur inn á sömu atriði og ég reyndi að gera grein fyrir í minni frumræðu, en með því að mér finnst honum hafa betur tekizt en mér að orða það, sem ég vildi segja, þá vil ég að síðustu í þessari umr. leyfa mér að vitna til örfárra orða, sem hann sagði, með leyfi hæstv. forseta. Hann segir:

„Það má öllum ljóst vera, að kostnaður við íbúðarhúsnæði er einhver mikilvægasti þáttur í afkomumöguleikum hverrar einustu fjölskyldu í landinu. Enginn einn þáttur útgjalda veldur eins miklu um, hvaða kröfur eru gerðar á hendur atvinnurekstrinum. Kröfur einstakra stéttasamtaka verða ávallt miðaðar við það, að sá, sem erfiðasta afkomu hefur innan hverrar einstakrar stéttar, komist nokkurn veginn af með fjölskyldu sína. En það er einmitt kostnaðurinn við íbúðarhúsnæðið, sem mestu veldur nú um óumflýjanlegar kaupkröfur. Maðurinn, sem verður að borga 5—6 þús. kr. á mánuði í húsnæðiskostnað, lifir ekki á því, þótt annar stéttarbróðir hans búi í skuldlausri íbúð og þurfi ekki að borga annað en ljós og hita.“

Ég skal svo ekki að þessu sinni fjölyrða meira um þetta mál, en ég ítreka þá ósk mína, að hv. fjvn. taki þessu máli með skilningi og að hún hraði afgreiðslu þeirrar þáltill., sem hér liggur fyrir.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Ég hafði ekki ætlað mér að blanda mér í þær umr., sem þegar hafa farið fram um þá þáltill., sem hér liggur fyrir til umr. En þótt ekki væri til annars en til að lýsa þeim vonbrigðum mínum, inn á hvaða brautir umr. þessar hafa snúizt, þá taldi ég mig eiga erindi hingað upp í ræðustólinn.

Sannleikurinn er sá, að þegar á þessi mál hefur verið minnzt hér á undanförnum þingum, þá er eins og menn geti í afar fáum tilfellum haldið sér við raunveruleikann í þeim og skoðað erfiðleikana, sem við er að etja, í ljósi staðreyndanna. Þess í stað er fitjað upp á talnaflækjum. Einn miðar við íbúðir, sem byrjað var á, annar miðar við íbúðir, sem lokið var á árinu o. s. frv., allt eftir því, hvað hentar betur þeirri ríkisstj., sem hann studdi eða vildi styðja á þeim tíma. Sannleikurinn er sá, að hér er einungis farið með hættulegan blekkingavef fyrir það fólk, sem á um sárt að binda vegna þess, að ekki hefur tekizt, hvorki í tíð núv. ríkisstj. né annarra undanfarinna ríkisstj., að leysa þennan mjög svo viðkvæma vanda, sem hér er við að etja, á þann veg, sem ég hygg þó að flestir vildu gert hafa. Og ég skal sízt af öllu verða til þess að draga neina dul yfir það, að ég er nákvæmlega sömu skoðunar og kom fram í þeim orðum Hannesar Pálssonar, sem hér var vitnað til í ræðu áðan. Hér er um eitt veigamesta hagsmunaatriði almennings og allra launþega

í landinu að ræða, og fer ég ekki og hef ekki farið dult með þá skoðun mína. En þegar sú tilvitnun er frá tekin, virðist mér, að ræðan að öðru leyti — ræða hv. 1. flm. þessarar till. — hafi snúizt um þessar gamalkunnu talnaflækjur, sem ekkert erindi eiga inn í umr. um lausn þessa vandamáls, nema síður sé. Ég skal reyna að forðast þessar freistingar og halda mig við till. sjálfa, eins og hún liggur hér fyrir.

Það hefur þegar verið upplýst í þessum umr., að húsnæðismálastjórn vinnur að því að endurskoða eða fara yfir till. þær, sem hinn norski Husbank-stjóri gerði, ásamt því að gera sínar eigin till. til úrbóta. Húsnæðismálastjórn hefur dyggilega að þessu unnið, og það er fáum kunnari sá vandi, sem við er að eiga, heldur en einmitt þeim mönnum, sem þar starfa. Ég fæ því ekki séð, hvaða vanda kosning slíkrar nefndar, sem þáltill. þessi gerir ráð fyrir, ætti út af fyrir sig að leysa, og ég sé ekki, hvaða breytingum hún mundi í sjálfu sér valda öðrum en þeim, sem komu fram við upphaf þessa þings, að fulltrúi Alþb. viki úr slíkri nefnd, en í stað hans kæmu inn tveir framsóknarmenn í endurskoðunarnefndina. Önnur breyting mundi ekki eiga sér stað samkv. þeirri reglu, sem þá gilti um kosningu 5 manna n. hér.

Hvað sjálft innihald till. snertir, verður að segja það um hana eins og flest annað, sem kemur fram á þinginu frá flm. tillögunnar, það eru mjög frómar óskir og eðlilegar, en gætu alveg eins verið í 2—3 orðum, aukið fé til húsbygginga. Vandinn er sá að finna þær tekjulindir, sem þarf til þess að veita auknu fé inn í íbúðalánakerfið. Þeim vanda hefur hver einasta ríkisstj. staðið frammi fyrir, frá því að veðlánakerfið komst á fót. Höfuðvandinn við íbúðalánakerfið í dag, auk fjárhagsvandræðanna, er sá, hvernig af stað var farið um þessa hluti. Þeir hv. stjórnarsamstöðuflokkar, sem þá skipuðu ríkisstj., sögðu bókstaflega í málgögnum sínum, að með setningu veðlánakerfisins væri búið að leysa þennan vanda um ókominn tíma. Það íbúðabyggingaflóð, sem fór í kjölfar þessara yfirlýsinga þáv. hæstv. ríkisstj., er enn þá sá baggi, sem vart verður undir risið og mestum erfiðleikum veldur. Það er enn þá ljótasti bletturinn í íbúðabyggingamálum okkar hér, hve byggingartíminn er langur, hve mörg ár eða hve langan tíma það tekur að koma íbúðinni í nothæft ástand. Þetta er óvefengjanlega einn dýrasti liðurinn af öllum innlendum og erlendum kostnaði. Við erum þarna með algert heimsmet. Sú staðreynd, að við erum þarna með drápsklyfjar af hálfbyggðum íbúðum, sem engum eru til gagns og ekkert gera annað en éta vexti þess fólks, sem íbúðinni er að koma áfram, á fyrst og fremst rót sína að rekja til þess, hvernig þetta veðlánakerfi fór af stað.

Það er ákaflega æskilegt og sjálfsagt engum ljósara en okkur, sem í þessum vanda störfum og eigum að miðla því litla fé, sem til umráða er hverju sinni, að það er nauðsynlegt að geta lánað mönnum til endurbygginga á eldra húsnæði. Það er hlutur, sem ég hygg að hafi verið öllum mönnum ljós frá upphafi, þó að hins vegar hafi á því strandað, að nægjanlegt fé til þeirra, sem eru með nýbyggingar innan ramma lánareglnanna, hefur ekki verið fyrir hendi og af þeim ástæðum ekki heldur verið mögulegt að gera verksvið lánakerfisins víðara. Það má í mörgum tilfellum koma í veg fyrir það, að farið sé af stað með nýbyggingu íbúða, ef hægt væri að greiða fyrir nauðsynlegum endurbótum á eldra húsnæði. Höfuðkosturinn við það að lána til slíkra endurbóta er, að það má gera margar af hinum eldri íbúðum sem nýjar væru með mun minni kostnaði en nýbygging óhjákvæmilega hlýtur að krefjast.

Þetta eru allt saman hlutir, sem eru öllum ljósir, og ég hygg, þó að ný nefnd yrði sett í þessa hluti nú, að hún breytti ekki þeim staðreyndum, sem eiga að koma fram í sjálfri þáltill. Vandinn hefur sem sagt verið sá og er enn í dag sá hinn sami: fjárskorturinn, hverjar eru þær æðar, sem geta veitt meira fé til lánveitinga á vegum kerfisins. Það er öllum ljóst, að sú biðröð, sem nú bíður eftir afgreiðslu hjá húsnæðismálastofnun ríkisins, er allt of löng, og margir hverjir hafa beðið þar allt of lengi. Það er einnig ljóst, að það er nauðsynlegt að hækka lánin á hverja íbúð, hækka hin lögbundnu hámarkslán, og væri að stangast á við staðreyndir, ef því væri í móti mælt. Vandinn í báðum tilfellunum er því sá hinn sami: Hvar er meira fé og hvaðan á að taka það til íbúðabygginga? Það er erfitt að sannfæra þá löngu biðröð, sem hjá húsnæðismálastjórn bíður í dag úrlausnar á sínum vanda, um nauðsyn þess að hækka lánin úr 150 t. d. í 200 þús. eða 250 þús., á meðan menn bíða, svo að hundruðum og þúsundum skiptir, án þess að fá einn einasta grænan eyri. Og ég tel, að till., sem uppi hafa verið í þessum efnum hér á undanförnum þingum, séu bein blekking. Meðan ekki er hægt að sinna því lága hámarki, sem í lögum er í dag, betur en gert hefur verið, er það blekking við það fólk, sem bíður, að hækka hámarkslán. Það er líka blekking að halda því fram, án þess að til komi auknar tekjur, að hægt sé að víkka og auka starfssvið húsnæðismálastofnunarinnar með lánum í aðra hluti en gert er í dag, ef ekki eru settar jafnframt till. fram á móti um aukið fé til hlutanna. Það er enginn vandi að leggja fram frómar óskir eins og þær, sem í þessari þáltill. felast, og ég hygg, að flestir gætu verið þeim efnislega sammála. Í kjölfar aukins fjármagns til þessara hluta væri hægt án nokkurra lagabreytinga að auka starfssvið stofnunarinnar á þann hátt, sem þáltill. þessi gerir ráð fyrir, svo rúm eru ákvæði t. d. II. kafla l. um stofnunina og á hann var hér reyndar lítillega minnzt áðan.

Ég minnist þess úr fyrri ræðu hv. 1. flm. till., að hann viðurkenndi þá staðreynd, sem mér fannst mjög sanngjarnt af hans hendi, að meðan ekki er aukið fé til ráðstöfunar á vegum húsnæðismálastofnunarinnar, þá er þess ekki að vænta, að þær rúmu heimildir, sem eru í 2. gr. l., séu ræktar á þann hátt, sem æskilegt væri. Engum er þetta ljósara en okkur, sem eigum að vinna samkv. þessum lögum. Allir óskuðu, að betur mætti til takast. Við erum sem sagt í dag með nákvæmlega þann sama vanda, sem var fyrir hendi, þegar l. um veðlánakerfið voru sett. Það er aukið fjármagn, sem á stendur, og allir vafningar og talnaflækjur þess utan leysa

ekki vanda þess fólks, sem hér bíður úrlausnar sinna mála. Og tilkoma nýrrar nefndar til að finna aukið fé til þessara hluta get ég ekki séð að leysi vandann og verð að álykta sem svo, að hér sé því miður enn ein till. á ferðinni, þar sem ekki sé skorið að rótum meinsins. Ef hér kæmu fram beinar og ákveðnar till. um leiðir til þess að afla fjár — fjáröflunarleiðir, þá skyldi ekki á mér standa um að viðurkenna þær og þær yrðu áreiðanlega með þökkum þegnar af þeim, sem eiga að leysa þennan mikla vanda. Sú skylda hlýtur að hvíla á okkur öllum, hvort sem við teljum okkur tilheyra stjórnarliði eða stjórnarandstöðu. Ef ég léti undan þeim freistingum, gæti ég eytt hér löngum tíma enn þá í að lesa tölur um *húsbyggingarvísitölu og lánsfjárupphæðir* undanfarinna ára. Þær breyta hins vegar engan veginn þeim staðreyndum, að hér er stór vandi óleystur, sem okkur ber skylda til að glíma við, en eyða minni tíma í það að blekkja þá, sem úrlausnar bíða, með frómum óskum um meira fé, a. m. k. meðan við getum ekki bent á eina einustu fjáröflunarleið.

Þorvaldur G. Kristjánsson: Herra forseti. Hv. 11. þm. Reykv. hélt hér langa ræðu áðan í tilefni þess, að ég sagði nokkur orð fyrr í umr. um þetta mál, fyrir nokkrum vikum. Þessi fáu orð, sem ég sagði þá, hafa gert þennan hv. þm. *sýnilega* mjög órólegan. *Öll* ræða hans bar þess vott, svo og það, að hann skyldi finna ástæðu hjá sér til þess að taka umr. upp um þetta mál á ný nú af þessu tilefni.

Hann sagði, að ég hefði sagt, að það væri allt í lagi í húsnæðismálunum, og hann gaf mér þau heilræði, að það væri engin skömm að viðurkenna staðreyndir. Ég sagði ekki, að það væri allt í lagi í húsnæðismálunum. Ég lagði einmitt ríka áherzlu á, að það væri þörf mikilla aðgerða í húsnæðismálunum, m. a. með því að bæta lánstíma og lánskjör lánanna og lánsupphæð verulega frá því, sem nú er. En þessi málfærsla hjá hv. 11. þm. Reykv. er á þessa leið:

Hann kemur hér upp og gerir mér upp orð og hugmyndir, sem ég hef ekki sagt. Síðan berst hann hetjulegri baráttu við það hér í ræðupúltinu að berja niður þessar fullyrðingar, sem hann lætur mér í munn. Og auðvitað þykist hann hafa unnið sigur í þessari viðureign. En ég get vel unnt honum slíks sigurs.

En hvert var tilefni ræðu minnar hér fyrr í þessum umr.? Það var einungis það, að þessi hv. þm. sagði, að ástandið í húsnæðismálunum hefði farið hríversnandi á hverju ári, og ég sagði, að mér þætti það engin tilviljun, að þessi hv. þm. segði þetta, því að þetta væri sá söngur, sem hv. framsóknarmenn halda fram, bæði á þessum vettvangi og annars staðar, um þessi mál, þó að hann sé gersamlega rakalaus og stangist á við allar staðreyndir í þessum málum.

Þessi hv. þm. tók svo upp þráðinn, eins og þeir framsóknarmenn gera jafnan, að bera afrek vinstri stjórnarinnar í húsnæðismálunum saman við það, sem síðan hefur skeð. Ég ætla ekki að þreyta hv. þingheim með því að eltast við allar ólar í þessum ummælum hv. þm. Hann gerði sérstaklega þó að atriði það, sem ég hafði sagt um hækkun byggingarvísitölunnar. Ég hafði bent á það, að hún hefði hækkað um 34 stig í tíð vinstri stjórnarinnar, en um 47 á öllu tímabilinu síðan. Hann sagði, að allar upplýsingar mínar um hækkun vísitölunnar í tíð vinstri stjórnarinnar væru rangar. Ég verð að segja það alveg hreinskilnislega, að ég fylgdist ekki með röksemdafærslu hv. þm. í þessu efni, og ég vísa henni algerlega heim til föðurhúsanna, og ég get látið fylgja með hér nóvemberhefti af Hagtíðindunum, þar sem er gerð grein fyrir þessu máli, og þeir, sem geta lesið rétt úr tölum, geta séð þar, hvað er hið sanna í þessu máli.

Svipað er að segja um margs konar fullyrðingar, sem hv. þm. bar hér fram í samanburðinum á milli aðgerða núv. ríkisstj. og vinstri stjórnarinnar í þessum málum. En ég ætla ekki að þreyta þm. á því að taka *einstaka* liði fyrir, það hefur svo margoft verið gert. Blekkingarnar eru svo augljósar og í svo mikilli andstöðu við staðreyndir, að þess gerist ekki þörf. En þessi hv. þm. var ákaflega samkvæmur málflutningi framsóknarmanna í þessum málum, — þeim málflutningi að leggja í tíma og ótíma áherzlu á afrek vinstri stjórnarinnar í þessum málum. Flest það, sem gott hefur verið gert, hefur verið gert í tíð vinstri stjórnarinnar. Vinstri stjórnin setti húsnæðismálalöggjöfina, sagði hv. þm. En hann minntist ekki á það, að lögin, sem sett voru 1957, í tíð vinstri stjórnarinnar, voru að mestu leyti endurprentun á lögum, sem sett voru í tíð ríkisstj. Ólafs Thors 1955. Og þessi framsóknarmaður gengur svo langt í þjónkun sinni við sjónarmið og pólitíska hagsmuni kommúnista í þessum málum, að það hvarflar ekki að honum að minnast á það, sem gert var í tíð ríkisstj. Ólafs Thors næst á undan vinstristjórnartímabilinu, í tíð Steingríms Steinþórssonar, sem þá var félmrh. og vann að þessum málum með miklum heilindum. Þannig er málflutningur þessara *manna*. Þeir sjást ekki *fyrir*. Þeir eru stöðugt að verja vinstri stjórnina, og þeir gera það af svo miklum ákafa, að þeir sjá ekki einu sinni sína menn.

Ég ætla ekki að fara út í afrek vinstri stjórnarinnar í þessum málum. Þeir ætluðu að gera margt. Þeir ætluðu að auka útlánin, en þeir minnkuðu þau. Þeir ætluðu að bæta lánskjörin, en þeir gerðu þau lakari. Þeir gerðu lánskjör húsnæðismálastjórnar lakari með því að veita stærri hluta af lánunum í vísitölubundnum lánum. Þeir ætluðu að auka húsbyggingarnar, en þær minnkuðu. Þeir sögðust ætla að minnka íbúðirnar, meðalstærð íbúðanna. Þær stækkuðu. Það skeði yfirleitt flest öfugt við það, sem þessir menn ætluðu að gera og sögðu.

Það er ekki ástæða til að fara lengra út í þessi mál nú. En þessi mál eru hin alvarlegustu mál og þýðingarmestu mál, eins og ég lagði áherzlu á í minni fyrri ræðu, því skulum við ekki gleyma. En við verðum að hafa augun opin fyrir staðreyndum. Við verðum m. a. að hafa augun opin fyrir þeirri staðreynd, að á síðasta áratug höfum við varið til íbúðarhúsabygginga um 40% af heildarfjárfestingu landsmanna og um 10% af þjóðarframleiðslunni, og það er allra manna skoðun, að það er ekki hægt að ætlast til þess, að við eyðum meiri hluta af þjóðarframleiðslunni til þessara mála en þessu nemur. Við verðum líka að hafa opin augun fyrir því, að á síðasta áratug hafa verið byggðar íbúðir fyrir 58 þús.

íbúa, á sama tíma sem íbúafjöldi landsins hefur aukizt um 34 þús.

Ég sagði ekki í minni fyrri ræðu, að það væri ekki húsnæðisskortur, að það þyrfti ekki að byggja. Ég sagði það ekki. Það eru orð hv. 11. þm. Reykv. En ég sagði: Þessar staðreyndir hljóta að benda til þess, að þetta hafi nokkur áhrif á byggingarþörfina. En ég vil leggja áherzlu á, að það er margt að í þessum málum. En hvað er það, sem er helzt að? Ef það er rétt, að við getum ekki gert þjóðhagslega meira átak í þessum málum en við höfum gert, þ. e. a. s. varið meiri hluta þjóðarteknanna í þessar þarfir en við höfum gert, hvað eigum við þá að gera? Hvað er það, sem er að? Það er margt að. Það er fyrst og fremst það, að það er ekki nægilega gott skipulag á lánamálunum. Við höfum reist hús, við höfum bætt húsakostinn, og í þeim skilningi má segja, að þjóðin hafi haft efni á þessu. Fjármagn til þessa hefur ekki verið tekið annars staðar frá en af þjóðarframleiðslunni. Við þurfum ekki að gera meira átak í þessu efni þjóðhagslega séð á kostnað annarra þarfa, sem eru ekki síður brýnar. Við þurfum að koma á bættu skipulagi, við þurfum að hafa betra skipulag á ráðstöfun þess fjármagns, sem hagkerfið þolir að gangi til þessara mála. Og það verður ekki gert með öðrum hætti en auka útlánin stórkostlega. Það þýðir ekki minna en gerbreytingu frá því, sem nú er.

Hinn óbærilegi húsnæðiskostnaður og ástand þessara mála í dag er í senn ein meginorsök og meginafleiðing verðbólguþróunarinnar í landinu. Það er meginafleiðing vegna þess, að fólkið hefur fundið fyrst og fremst tryggingu fyrir fjármunum sínum í íbúðarhúsabyggingum og þó án tillits til þess, hvað þær væru hagkvæmar, og þetta ástand í húsnæðismálunum er ein meginorsökin fyrir verðbólguþróuninni, vegna þess að lánin, hin föstu lán til íbúðarhúsabygginga, eru svo lítil, að launþegar geta ekki af venjulegum launatekjum sínum staðið undir þessum lánum. Eina vonin, sem þeir eygja til þess að bera þessar byrðar, er von verðbólgunnar, með hækkandi verðlagi og hækkandi kaupi. Og meðan þetta ástand er í þessum málum, er vonlaust að gera nokkrar skipulegar aðgerðir til lækkunar byggingarkostnaðarins. Og þetta ástand er enn fremur ein meginástæðan og orsökin fyrir hinum sívaxandi kaupkröfum alls almennings. Nei, ég legg áherzlu á það hér nú eins og ég gerði í minni fyrri ræðu: Það er vissulega þörf mikilla aðgerða í húsnæðismálunum. En ég hygg, að þessi till., sem hér liggur fyrir til umr., það skipti tiltölulega litlu máli, hvort hún verður samþ. eða felld, og ég gerði nánari grein fyrir því í minni fyrri ræðu. En hv. 11. þm. Reykv. þóttist eygja einhverja meiri von til þess, honum fannst sinn hagur vænkast mjög í þessu efni með því, að SUS hefði sýnt það nú á nýafstöðnu þingi, að þeir hefðu mikinn áhuga á úrlausn húsnæðismálanna. Skal ég sízt draga það í efa. En hitt dreg ég fyllilega í efa eftir ræðu hv. 11. þm. Reykv., að hans hagur sjálfs hafi nokkuð vænkazt, frá því að hann tók hér til máls síðast í þessum umr., ég meina vænkast að því leyti, að hann hafi augun opin fyrir staðreyndum málsins og dragi réttar ályktanir af þeim, því að svo bezt getum við gert vel í þessum málum, að við vanmetum ekki það, sem vel er gert, og við sjáum, hvað miður fer.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 50. fundi í Sþ., 5. marz, var enn fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv. og til fjvn. með 44 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Sþ., 8. maí, var till. tekin til síðari umr. (A. 83, n. 554 og 666).

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

17. Strandferðir norðanlands.

Á deildafundum 21. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um strandferðir norðanlands og útgerð strandferðaskips frá Akureyri [78. mál] (A. 85).

Á 22. fundi í Sþ., 27. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 35., 37. og 38. fundi í Sþ., 22. og 31. jan., 5. febr., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 39. fundi í Sþ., 6. febr., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Ég hef ásamt tveim öðrum þm. úr Norðurl. e. leyft mér að flytja á þskj. 85 till. til þál. um strandferðir norðanlands og útgerð strandferðaskips frá Akureyri. Efni till. er að skora á ríkisstj. að athuga möguleika á því, að Skipaútgerð ríkisins í samráði við hlutaðeigandi bæjar- og sýslufélög komi á fót á Akureyri útgerð strandferðaskips, er annist strandferðir norðanlands, enda séu ferðir þess í samræmi við ferðir strandferðaskipa frá Reykjavík til Austfjarða og Vestfjarða, og niðurstöður athugunarinnar verði lagðar fyrir Alþingi svo fljótt sem unnt er.

Á Alþingi því, er nú situr, og á þingi í fyrra voru uppi ýmsar till. frá þm. varðandi strandferðamál. Það hafa verið fluttar sérstakar till. varðandi strandferðir á Vestfjörðum og varðandi strandferðir á Austfjörðum og varðandi ferðir milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar, svo að ég nefni nokkrar till., sem ég man eftir. Það kemur fram í þessum till., að þeir, sem að þeim standa, telja, að rétt sé og eðlilegt að skipuleggja ferðir einstakra skipa með sérstöku tilliti til þarfa þeirra landshluta, sem þau eiga að þjóna. Það er nú svo, að það er nokkuð áberandi stundum, þegar strandferðaskipin fara hringferðir, að þau verða mikinn hluta af leið-

inni að sigla þannig, að þau hafa lítinn farm að flytja, en þar á milli býðst þeim það mikill farmur, að þau geta ekki fullnægt eftirspurninni. Með tilliti til þess virðist auðsætt, að þörf sé á því, ef unnt er, að skipuleggja strandferðirnar þannig, að flutningsmöguleikar skipanna notist sem bezt.

Við flm. þessarar till. erum þeirrar skoðunar, að það komi mjög til athugunar að taka upp það fyrirkomulag á strandferðum, sem sérstaklega er þörf á vegna Norðurlands, að það strandferðaskip, eitt eða kannske fleiri, sem innir þá þjónustu af hendi, þ. e. a. s. er í ferðum sérstaklega fyrir Norðurland, það sé staðsett á Norðurlandi og gangi á milli hafna norðanlands, mæti svo á Austfjörðum og Vestfjörðum öðrum strandferðaskipum, sem hafa samband við Reykjavík, og að skipin skiptist á farþegum og farmi, eftir því sem þörf er á. Við teljum, að það þurfi að athuga til hlítar, hvort ekki sé heppilegast að koma strandferðunum norðanlands fyrir á þennan hátt.

Ég leyfi mér svo að öðru leyti að vísa til þeirrar grg., sem till. fylgir, og óska þess, að umr. verði frestað og málinu vísað til allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 40. fundi í Sþ., 12. febr., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

18. Efling útflutningsiðnaðar.

Á 20. fundi í Sþ., 25. nóv., var útbýtt:

Till. til þál. um eflingu útflutningsiðnaðar [82. *mál*] (A. 90).

Á 22., 35., 37. og 38. fundi í Sþ., 27. nóv., 22. og 31. jan., 5. febr., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 39. fundi í Sþ., 6. febr., var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Ég flyt hér ásamt hv. 4. þm. Norðurl. e. till. til þál. á þskj. 90 um eflingu útflutningsiðnaðar. Efni þessarar till. er það, að lagt er til, að kosin verði 7 manna mþn., sem, eins og segir í till., taki til athugunar, með hvaða hætti tiltækilegast sé að koma á fót nýjum framleiðslugreinum útflutningsiðnaðar og hvernig megi efla þann útflutningsiðnað, sem fyrir er.

Í grg. till. er að því vikið, að heildarútflutningsverðmæti þjóðarinnar séu nú orðin kringum 4000 millj. kr. á ári. Um 90% af þessum útflutningsvörum eru sjávarafurðir í einu eða öðru formi, en kringum 10% eru landbúnaðarafurðir. Þannig hefur þetta verið nú um allmörg ár, að útflutningurinn hefur verið samansettur í aðalatriðum þannig. Flestar eru þessar vörur, sem fluttar eru út til sölu á erlendum markaði, aðeins hálfunnar vörur eða jafnvel alveg óunnar hráefnisvörur, sem síðan ganga til frekari vinnslu í markaðslöndunum. Ef litið er t. d. á útfluttar sjávarafurðir, kemur þetta greinilega í ljós, að svona er þessu háttað. Þýðingarmesta greinin af útfluttum sjávarafurðum er frosinn fiskur og þá sérstaklega frosin fiskflök, en þau höfum við flutt út nú á ári fyrir í kringum 1000 millj. kr. og jafnvel nokkru hærri upphæð sum árin. Þessi framleiðsluvara er sú, sem er hvað mest unnin og á hvað fullkomnustu framleiðsluaðferðum vinnslustigi hér hjá okkur, því að því verður ekki neitað, að sérstaklega í sambandi við framleiðslu á frosnum fiski höfum við Íslendingar staðið nokkuð framarlega og talsvert miklu framar en ýmsir keppinautar okkar í fiskframleiðslu. En þó verður að játa það eins og það er, að hraðfrystu fiskflökin, sem við flytjum út og eru svona þýðingarmikil útflutningsvara hér hjá okkur Íslendingum, sú vara er í rauninni ekki nema hálfunnin sem markaðsvara. Megnið af þessari vöru er tekið í markaðslöndunum og unnið þar í miklu verðmætari vöru, áður en hún fer á hinn eiginlega sölumarkað. Það gerist meir og meir að því, að upp rísa sérstakar fiskvinnsluverksmiðjur, sem byggja að langmestu leyti vinnslu sína einmitt á því að vinna úr hraðfrystu fiskflökunum. Við Íslendingar rekum eina allstóra slíka verksmiðju í Bandaríkjunum, en enga hér á landi. Sú verksmiðja vinnur úr mjög miklum hluta af fiskflökunum, sem eru send út héðan til sölu á Bandaríkjamarkaði. Þessar fiskvinnsluverksmiðjur vinna í aðalatriðum þannig, að fiskflökin eru þar tilreidd, steikt eða soðin og búnir til úr þeim sérstakir fiskréttir. Síðan er það mjög algengt eða algengast, að þessir fiskréttir séu aftur teknir og frystir til frekari dreifingar, pakkaðir inn í hagstæðar umbúðir, rétt aðeins fyrir daglega notkun, og þannig framleidd þykir þessi vara mjög aðgengileg á markaði, og er þá í rauninni lítið annað að gera fyrir þá, sem eiga að framreiða matinn á heimilunum, en taka þessa svo að segja tilbúna fiskrétti og rétt aðeins ylja þá upp, og þá er matargerðinni lokið. Slíkar verksmiðjur sem þessar ryðja sér nú mjög til rúms víða í heiminum. Keppinautar okkar t. d. í Noregi eru nú að vinna að því að koma upp svona verksmiðju í Englandi, og Íslendingar hafa haft fyllilega vitneskju um þessar verksmiðjur og þekkja til þeirra og hafa gert sér grein fyrir því fyrir löngu, að hér er um þýðingarmikla framhaldsvinnslu á þessari merkilegu útflutningsvöru að ræða.

Það er skoðun okkar flm., að það eigi að athugast m. a. í þeirri mþn., sem hér er stungið upp á að kosin verði og gert er ráð fyrir að starfi að sínum verkefnum í nánu samstarfi við sérfróða menn um þessi mál, og það er skoðun okkar, að það séu allar líkur, sem bendi til þess, að Íslendingar eigi að koma sér upp hér í landinu

sjálfu a. m. k. einni slíkri verksmiðju sem þessari og stórauka útflutningsverðmæti, t. d. frosinna fiskflaka, á þann hátt og tryggja okkur reyndar einnig miklu sterkari og betri aðstöðu á hinum ýmsu mörkuðum með því að fylgjast á þennan hátt með fullvinnslu vörunnar. Þetta er aðeins eitt dæmi af fjölmörgu, sem mætti nefna um möguleika okkar til að vinna meir og betur eða á verðmætari hátt okkar útflutningsvörur en við gerum.

Nú er svo komið, að við erum farnir að flytja út allmikið af frosinni síld. Það hefur komið í ljós, að markaðir fyrir frosna síld eru í mörgum löndum og allmiklir markaðir. Við erum nú farnir að flytja út á hverju ári í kringum 30 þús. tonn af frosinni síld, en enginn vafi er á því, að við gætum framleitt og við gætum selt a. m. k. 70—80 þús. tonn af þeirri vöru, ef betur væri staðið hér að þeim framleiðslumálum en verið hefur. En þessi frosna síld, sem hefur reynzt okkur mjög þýðingarmikil útflutningsvara og miklir möguleikar eru að selja í ýmsum löndum, er þó í rauninni aðeins hráefni til frekari vinnslu erlendis. Megnið af þessari frosnu síld er tekið og notað sem hráefni í reykta síld, í niðursuðu á síld og aðra frekari fullvinnslu á síld. Reykt síld er víða mjög útbreidd neyzluvara, og er þar hvort tveggja um að ræða flakaða síld og allmikið tilreidda og eins líka heilreykta síld og það í miklu ófullkomnara ástandi, en eigi að síður sækjast markaðirnir eftir slíkri vöru. Það er því enginn vafi á því, að það eru einnig stórfelldir möguleikar hjá okkur til þess að gera miklu meiri peninga úr þessari grein okkar útflutningsvara, úr frosnu síldinni, heldur en við höfum gert til þessa. Þarna er um að ræða möguleika upp á stórfelldar fjárhæðir, ef vel væri á haldið.

Við vitum einnig um saltsíldina, sem við framleiðum hér árlega og flytjum á ýmsa markaði. Í rauninni er það svo, að verulegur hluti af saltsíldinni, sem við flytjum út, er aðeins hálfunnin vara. T. d. næstum öll sú saltsíld, sem við seljum til Svíþjóðar nú á hverju ári, kringum 120—130 þús. tunnur á ári, þessi síld er tekin til miklu fullkomnari vinnslu þar í landi og jafnvel endurútflutnings í mörgum greinum. Þar er sem sagt verðmætið margfaldað frá því, sem það er á hráefninu, sem við fáum fyrir saltsíldina. Auðvitað ber okkur að stefna að því að reyna að vinna hér sem dýrmætasta vöru úr okkar saltsíld, en minnka það jöfnum höndum að flytja hana út í því hálfverkaða ástandi, sem við höfum gert í langan tíma. Auðvitað gildir það um alla þessa framleiðslu, að við mundum reka okkur á nokkra byrjunarörðugleika, ýmis vandamál, bæði tæknilegs og kunnáttulegs eðlis og eins líka í sambandi við söluna í hinum einstöku markaðslöndum, en yfir þá erfiðleika verðum við að komast og getum komizt að sjálfsögðu ekki síður en aðrir.

Nefna mætti að sjálfsögðu miklu fleiri greinar af útfluttum sjávarafurðum, sem alveg augljóslega er hægt að nýta miklum mun betur en við höfum gert á undanförnum árum, ef við snerum okkur að því verkefni að vinna þær vörur meira og betur en við höfum gert.

Svipað er í rauninni ástatt um okkar landbúnaðarafurðir í ýmsum greinum. Þær þeirra, sem við flytjum út, höfum við flutt út á undanförnum árum sem mjög lítið unnar vörur eða í bezta lagi hálfunnar vörur. Við vitum, að við höfum flutt allmikið af íslenzku ullinni út gersamlega óunninni og hún hefur verið mjög eftirsótt hráefni í mörgum löndum, og það leikur enginn vafi á því, að íslenzka ullin er mjög gott hráefni og það væri auðvitað hægt fyrir okkur að byggja hér upp iðnað í okkar landi á grundvelli þessa hráefnis og margfalda þannig verðmæti íslenzku ullarinnar gjaldeyrislega séð. Svipað eða í rauninni það sama er að segja um þau skinn, sem við flytjum út. Þar er um mikið til óunna vöru að ræða, og við vitum, að það er sótt eftir þeirri vöru hjá okkur frá fjölda-mörgum löndum, vegna þess að í þeim löndum er kappkostað að fá slíka vöru sem hráefni til frekari vinnslu í löndunum sjálfum, en þessa vinnslu gætum við og ættum við að sjálfsögðu að taka að okkur. Nokkuð svipað er að segja um kjöt það, sem við flytjum út. Það höfum við flutt út í eins lítið unnu ástandi og getur verið um að ræða. Ég er ekki í neinum vafa um, að það liggur fyrir okkur að koma hér upp í landinu líka nokkuð fullkominni kjötvinnslu og flytja þetta kjöt okkar út miklu meira unnið og þar með sem verðmætari útflutningsvöru en við höfum gert.

Ég skal nú ekki telja hér upp miklu fleira en þetta, en af miklu er í rauninni að taka um möguleika á því að auka við okkar útflutningsiðnað, efla þann útflutningsiðnað, sem fyrir er, og auka við í nýjum greinum. Möguleikarnir eru miklir og þá fyrst og fremst við það miðaðir að notfæra sér þau hráefni, sem til falla í landinu sjálfu. Við höfum veitt því athygli, að á undanförnum árum hefur það orðið algengara og algengara, að rætt sé um, að það sé nauðsynlegt íslenzku efnahagslífi að gera atvinnuvegi okkar fjölbreyttari en þeir eru. Í þeim efnum er allmikið rætt um það, að hér þurfi að koma upp stóriðnaði, og ýmsar greinar eru tilnefndar. Nú um þessar mundir er allmikið rætt um, að það þurfi að koma hér upp mikilli alúmíníumvinnslu, og ýmsar fleiri greinar hafa verið nefndar. Ég er ekki í neinum vafa um það, að þau verkefni, sem í þessum efnum standa okkur miklu nær en að koma hér upp alúmíníumvinnslu eða leyfa erlendum aðilum að byggja hér stóriðjufyrirtæki, þau verkefni, sem liggja okkur miklu nær til að styrkja okkar atvinnuvegi og til að gera þá í raun og veru fjölbreyttari og auka okkar gjaldeyristekjur, eru að snúa okkur að því að vinna meira úr okkar eigin framleiðsluvörum en við höfum gert. Þar eigum við miklu meiri möguleika fyrir okkur en þótt við snerum okkur að stóriðju á þeim grundvelli, sem hér hefur mest verið rætt um að undanförnu. Við skulum hafa það í huga í þessum efnum, að það er alviðurkennt, að öruggasta framleiðslugreinin, sem menn ræða um nú, er einmitt sú grein, sem er tengd við matvælaframleiðslu. Um það eru fulltrúar frá flestum þjóðum sammála, að eitt af stærstu og erfiðustu verkefnunum, sem liggja muni fyrir að ráða við í heiminum á næstu árum, er einmitt að geta framleitt nægilega mikið af matvælum handa íbúum á okkar jörð. Það er

því allt, sem bendir til þess, að þeir, sem eru fyrst og fremst bundnir við það að framleiða matvæli, eiga þar við að búa eina öruggustu framleiðslugreinina. Hins vegar er hitt líka viðurkennt, að í ýmsum öðrum greinum, t. d. eins og öllum efnaiðnaði, eru sveiflurnar svo miklum mun meiri nú á tímum, að þar er um allmikla áhættu að ræða, einkum fyrir lítil þjóðfélög, fyrir lítil efnahagskerfi, að ætla sér að byggja í mjög stórum stíl á framleiðslu einstakra efna, sem vitanlega geta svo að segja horfið af markaðinum eða orðið að víkja fyrir öðrum nýrri, sem ryðja sér þar til rúms á tiltölulega mjög skömmum tíma. Það er því ekki nokkur vafi á því að mínum dómi, að það, sem við Íslendingar eigum að gera í okkar efnahagsmálum í þessum efnum, er einmitt að reyna að notfæra okkur í vaxandi mæli þá gífurlega miklu möguleika, sem við eigum á því að stórauka okkar útflutningsverðmæti með því að vinna meira úr sjávarvöruframleiðslu okkar og að vinna meiri og dýrari vöru einnig úr hráefnum okkar landbúnaðarframleiðslu. Það er á þessum sviðum, sem við eigum stórverkefni óleyst, og við erum einmitt svo heppnir í þessum efnum, að við liggjum réttu megin, við erum aðallega bundnir við matvælaframleiðslu, einmitt þá framleiðslugreinina, sem viðurkennd er langöruggust, langauðveldust og bezt að treysta á. En hitt er að verulegu leyti villuljós að mínum dómi, að ætla að hlaupa frá þessu verki hálfnuðu og reikna með því, að nýjar og okkur að ýmsu leyti mjög framandi starfsgreinar geti raunverulega leyst af hólmi að meira eða minna leyti þá gömlu atvinnuvegi okkar, sem við höfum þó treyst á til þessa.

Mér er það að vísu ljóst, að það er eðlilegt, að við Íslendingar tökum okkar eðlilega þátt í því að byggja upp verksmiðjur í ýmsum greinum, eftir því sem geta okkar og aðstaða leyfir, t. d. á svipaðan hátt og við gerðum, þegar við byggðum hér sementsverksmiðju og tókum þá framleiðslu í okkar hendur, eða þegar hér var komið upp áburðarverksmiðju. Slíkar framleiðslugreinar eru eðlilegar og geta fyllilega átt rétt á sér í íslenzku efnahagslífi. En ég lít allt öðrum augum á einhver risafyrirtæki eins og alúmíníumframleiðslu. Ég álít, að slík framleiðsla geti ekki orðið að neinum verulegum stuðningi fyrir íslenzkt athafnalíf og það sé mjög hæpið að ætla að skerða þá möguleika, sem við annars eigum til þess að útvega okkur lán erlendis, t. d. til að koma hér upp fullkomnum og miklum fiskiðnaði eða iðnaði til að vinna úr landbúnaðarvörum, — að skerða okkar möguleika á þeim sviðum með því að taka stórfelld erlend lán, sem raunverulega eiga að bindast í því að gera það kleift, að erlendir aðilar geti rekið hér alúmíníumverksmiðju í einhverja áratugi.

Þessi till., sem hér liggur fyrir, ætti, ef samþykkt yrði, að opna möguleikana fyrir því, að gaumgæfileg athugun færi fram á því, hvaða möguleika við eigum til þess að efla okkar útflutningsiðnað, og það tel ég orðið mjög aðkallandi mál, ekki sízt eins og þessum málum hefur nú verið háttað hér að undanförnu, þegar rætt er um nauðsyn þess að efla og auka okkar atvinnuvegi. Ég skal svo ekki hafa um þetta fleiri orð hér að sinni, en óska eftir því, að þessari till. að lokinni þessari umr. verði vísað til hv. fjvn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 40. fundi í Sþ., 12. febr., var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og til fjvn. með 31 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

19. Símagjöld á Suðurnesjum.

Á 22. fundi í Sþ., 27. nóv., var útbýtt:

Till. til þál. um símagjöld á Suðurnesjum [86. mál] (A. 95).

Á 24. fundi í Sþ., 4. des., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 30., 35., 37. og 38. fundi í Sþ., 18. des., 22. og 31. jan., 5. febr., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 39. fundi í Sþ., 6. febr., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja á þskj. 95 till. til þál. um breytingu á gjaldskrá landssímans. Efnislega samhljóða till. var árið 1960 flutt af hv. 3. þm. Reykn., en enn þá hefur breyting sú, sem ályktunin gerir ráð fyrir, ekki komið til framkvæmda, og þess vegna er till. þessi flutt nú enn á ný.

Svo sem þskj. 95 ber með sér, er efni ályktunarinnar það að fá fram samræmingu á símagjöldum Suðurnesjamanna, t. d. á borð við afnotagjöld þess fólks, sem byggir landssvæðið frá Reykjavík suður til Hafnarfjarðar. Ákvörðun um sama afnotagjald á þessu byggðasvæði er m. a. studd þeim staðreyndum, að stór hluti íbúanna sækir á tiltölulega fáa vinnustaði og að náin félagsleg samskipti eru á milli byggðarlaga þessa svæðis, þ. e. á svæðinu frá Viðey í Reykjavík að Hvaleyrarholti við Hafnarfjörð.

Fyrir örfáum árum hélt sjálfvirkni innreið sína við símaþjónustuna hér á landi og vinnur nú verk margra handa öllum þeim, er njóta, til mikils hagkvæmnisauka. Eðlilega hafa ýmsir byrjunarörðugleikar orðið samfara hinni miklu breytingu, sem sjálfvirknin hefur haft í för með sér. Næst á eftir fyrrnefndu landssvæði hélt sjálfvirkni talsímans innreið sína á Reykjanesskagann. Símnotendur þar telja sig misrétti beitta miðað við hið fyrrnefnda landssvæði, þ. e. frá Reykjavík til Hafnarfjarðar. Að því er virðist liggja nákvæmlega sams konar rök til þess, að íbúar Suðurnesja sitji við sama borð

í þessum efnum og í mörgum atriðum öðrum, og því e. t. v. enn ríkari þörf, ef hliðsjón væri af því höfð, hve atvinnugreinar íbúanna á Suðurnesjum eru einhæfar. Þær eru bundnar sjó og sjávarstörfum og þar af leiðandi í orðsins fyllstu merkingu háðar duttlungum íslenzkrar veðráttu. Í dag er meginhluti fiskiflotans, e. t. v. allur, í Grindavík, eða skiptist milli Grindavíkur og Sandgerðis, en á morgun í Keflavík vegna veðráttu eða aflamöguleika. Við jafnsveiflukennda atvinnuaðstöðu kemur tækni talsímans að sérstaklega góðu haldi og er af þeim sökum mikið notuð í mjög nauðsynlegum tilgangi. Hin dreifðu byggðarlög Suðurnesja hafa aðeins eina að- og útskipunarhöfn millilandaskipa í Keflavík. Þessi sérstaða krefst einnig mikillar símanotkunar, er öllum, sem minnstu kynni hafa af, er augljós.

Við, sem búum hér á landssvæðinu frá Reykjavík til Hafnarfjarðar, teljum sjálfsagt að greiða 1.10 kr. fyrir símtalið innan þess ramma, án tillits til lengdar þess. Suðurnesjamenn greiða sama gjald fyrir hverjar 24 sekúndur, sem þeir tala saman sín í milli eða á milli byggðarlaga þar. Án viðvörunarmerkis er hverju viðtalsbili þar lokið. Hér er um ósanngjarnt misræmi að ræða, — misræmi, sem vart verður lengur varið. Vegalengdirnar milli útvegsbæjanna á Suðurnesjum verða vart lengur taldar geta staðið í vegi fyrir því, að talsímanotendur á Suðurnesjum sitji við sama borð í greiðslu afnotagjalds talsímans.

Við tölum oft fjálglega hér og á öðrum samkomum um nauðsyn þess, að vel sé hlúð að sjávarútvegi og því starfsfólki þjóðarinnar, sem við þann útveg vinnur, og spörum oft ekki fjárframlög í því skyni. Hér er aðeins farið fram á rökrétt jafnrétti þessa fólks, án stórfelldra fjárútláta.

Nefnd sú, sem till. þessa fær væntanlega til meðferðar, verður að breyta því í till., sem nú fær ekki lengur staðizt af þeim ástæðum, hve langt er um liðið, síðan till. var lögð fram.

Herra forseti. Ég legg svo til, að till. verði að loknum umr. nú frestað og málinu vísað til hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 40. fundi í Sþ., 12. febr., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

20. Vegasamband milli Fljótshverfis og Suðursveitar.

Á deildafundum 28. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um opnun vegasambands milli Fljótshverfis og Suðursveitar, þannig að vegakerfið myndi órofa hringleið um landið [87. mál] (A. 99).

Á 24. fundi Sþ., 4. des., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 35., 37. og 38. fundi í Sþ., 22. og 31. jan., 5. febr., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 39. fundi í Sþ., 6. febr., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Ég get nú verið fáorður um þessa till. Samhljóða till. þessari hefur verið flutt hér áður og gerð hér grein fyrir henni, en allýtarleg grg. fylgir till.

Efni þessarar till. er það, að hún beinir þeirri áskorun til ríkisstj. að láta fara fram athugun á því, hvort unnt sé og hvað kosta mundi að koma á hringveg kringum landið, þ. e. a. s. að tengja vegasambandið úr Fljótshverfi í Vestur-Skaftafellssýslu við vegasambandið í Austur-Skaftafellssýslu. Við álítum það, sem búum á Austurlandi, að hér sé um mjög mikið mál að ræða og að margt bendi til þess, að nú séu orðnir fullir möguleikar á því að leysa þann vanda, sem þarna er við að glíma. Það má heita fullvíst, að það líði ekki mjög langur tími, þangað til vegasambandið frá Höfn í Hornafirði og í Öræfasveit verður orðið samfellt, þangað til verður búið að brúa þær ár, sem þar eru á leiðinni enn óbrúaðar. En þá er eftir vegarstæði, sem mun spanna yfir um það bil 30 km svæði, að vísu erfitt svæði til vegagerðar, því að það liggur yfir Skeiðarársand, en mjög margt bendir til þess, að það eigi ekki að hræðast þá erfiðleika, sem þarna er við að glíma. Svo miklar breytingar hafa orðið á hlaupum Skeiðarár nú hin síðari ár, að jafnvel þó að þessi vegagerð yrði að byggjast á því, að nokkur hluti á þessum kafla yrði að byggjast á tiltölulega ódýrum staurabrúm, sem maður gerði hreinlega ráð fyrir að kynnu að sópast í burtu, þegar jökulhlaup verða, þá er þar ekki um meiri kostnað að ræða en svo, að við álítum, að það eigi ekki að horfa í það að byggja vegagerðina á þessum grundvelli. Ég hef átt tal við nokkra þá menn, sem eru mjög kunnugir staðháttum á þessu svæði og hafa mikla trú á því, eins og nú er komið, að hægt sé að koma á eðlilegri vegagerð þarna á milli. Ég vil því, að Alþingi skori á ríkisstj. að láta fara fram athugun á þessum málum.

Hér hefur nokkuð verið rætt um það í þinginu áður, að gerðar yrðu tilraunir til þess að halda uppi ferðum yfir þetta svæði með svonefndum vatnadreka, þ. e. a. s. nokkurs konar skriðdreka, sem gæti flutt bíla, ferjað bíla þarna yfir. Slíkt kann auðvitað að bæta nokkuð úr í einstaka tilfellum, en það leysir ekki þann meginvanda, sem hér er um að ræða. Sé vegagerðin möguleg, þurfum við að fá vitneskju um það. Ef þetta mætti takast, er um leið búið að tryggja Austurlandi öruggt vegasamband við Suðurlandsundirlendið og Reykjavík allt árið, en slíkt hefði gífurlega þýðingu fyrir alla byggð og allan rekstur á Austurlandi. Þá gefur það auðvitað alveg auga leið, hvað þetta vegasamband mundi

þýða fyrir Austur-Skaftafellssýslu, íbúana þar og allan rekstur á því svæði.

Ég skal ekki, eins og ég sagði, eins og öllu háttar við þessa umr., hafa um þetta fleiri orð, en ég vildi leggja til, að að þessari umr. lokinni yrði till. vísað til fjvn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 40. fundi í Sþ., 12. febr., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

21. Endurskoðun raforkulaga.

Á deildafundum 3. des. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um endurskoðun raforkulaga [89. mál] (A. 102).

Á 35. og 38. fundi í Sþ., 22. jan. og 5. febr., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 39. fundi í Sþ., 6. febr., var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Björn Jónsson): Herra forseti. Ég flyt hér ásamt hv. 5. þm. Austf. till. til þál. um endurskoðun raforkulaga. Í till. er lagt til, að Alþingi kjósi 7 manna nefnd til að endurskoða þessi lög og þá alveg sérstaklega með tilliti til þess, að stefnt verði með nýrri löggjöf í fyrsta lagi að því, að verð á raforku til sams konar nota verði hið sama eða sem jafnast um land allt. Í öðru lagi, að athugað verði gaumgæfilega, hvort hagur atvinnurekstrar og almennings verði ekki bezt tryggður með því, að ríkið eigi og reki öll orkuver og orkuveitur í landinu. Í þriðja lagi, að dregið verði úr misræmi milli verðlags annars vegar á raforku til heimilisnota og hins vegar á raforku til iðnaðar og annarra nota. Í fjórða lagi, að stefnt verði að því í sambandi við vatnsaflsvirkjanir næstu áratugi, að upphitun húsa fari í vaxandi mæli fram með raforku. Og loks í fimmta lagi, að rafvæðingu allra byggða landsins verði lokið á sem skemmstum tíma og tryggð sem fullkomnust nýting orkuveranna, m. a. með því, að samtengingu þeirra verði hraðað.

Við þm. Alþb. höfum á undanförnum þingum flutt till. í raforkumálum, sem mjög hafa hnigið í sömu átt og sú, sem er hér flutt. Er af þeim ástæðum síður ástæða til að fjölyrða um efnisatriði till., og vil ég þó fara um þau örfáum orðum.

Það er þá fyrst verðjöfnunin. Það er skoðun okkar flm., að raforkan sé við nútímaaðstæður slíkt frumskilyrði fyrir atvinnulíf landsmanna og raunar fyrir lífvænlega búsetu, að bæði sé eðlilegt og nauðsynlegt, að þjóðfélagið sjái fyrir því, að þessu frumskilyrði sé fullnægt og þá á þann hátt, að öllum landsmönnum sé gert sem jafnast, að verða má, undir höfði. En á það skortir enn þá verulega, m. a. að því er verðlag á raforku snertir, þó að jöfnun hafi fyrir löngu hlotið viðurkenningu hvað áhrærir annan aðalorkugjafann, sem notaður er í landinu, þ. e. a. s. olíuna. Ef við athugum notendagjaldskrár í árslok 1962, sjáum við, að þær eru mjög misjafnar hjá hinum ýmsu rafveitum. Þannig er t. d. almennur lýsingartaxti lægstur 250 aurar á kwst., en hæstur 440 aurar, þ. e. a. s. 76% hærri en hinn lægsti. Almenn heimilisnotkun er þá lægst 55 aurar kwst., en hæst 110 aurar, þ. e. a. s. 100% hærri. Næturhitun er lægst 9 aurar á kwst., en hæst 20 aurar, eða 122% hærri en lægsti taxtinn. Daghitun hreyfist til dæmis frá 40 aurum upp í 80 aura, eða hæsti taxtinn er m. ö. o. 100% hærri en sá lægsti. Svipað verður uppi á teningnum að því er snertir rafmagnsverð til atvinnulífsins. Verð á rafmagni til stórra véla er t. d. frá 42 aurum kwst. og upp í 100 aura, miðað við rof nokkra stund á degi. Og verðmismunurinn á rafmagni til véla almennt er jafnvel enn þá meiri. Í reynd þýðir þetta t. d., að munurinn á rafmagnskostnaði tveggja síldarverksmiðja, sem vinna jafnmikið magn síldar, getur numið hundruðum þús. kr. á einu sumri. Hjá hraðfrystihúsunum var rafmagnsverð 1962 frá 39 aurar kwst. og allt upp í 97 aura kwst.

Ég hygg, að þessi dæmi nægi, þó að af fleira sé að taka, til þess að sýna, hversu landsmenn búa við mjög mishátt rafmagnsverð, og yfirleitt er það svo, að það er dreifbýlið með litlum undantekningum, sem býr við óhagstæðasta verðið, en lægra verðið er frekar gildandi á svæðum stærri virkjananna í þéttbýlinu. Mismunurinn á rafmagnsverðinu á sér í raun og veru orsakir í sjálfum raforkulögunum, þeim sem nú gilda, m. a. að því leyti, að lögin opna möguleika fyrir eignarhaldi óskyldra aðila bæði á virkjunum og veitum og hver aðili um sig verðleggur sína rafmagnsframleiðslu eftir mismunandi stofnkostnaði. Í sambandi við það viðfangsefni, sem hér ræðir um, hlýtur mjög að vakna og mjög að koma til álita alger þjóðnýting á allri raforkuframleiðslu og dreifingu, og má benda á það, að inn á þá braut hafa fleiri og fleiri ríki farið á síðari árum, m. a. Vestur-Evrópuþjóðir eins og Frakkar og Ítalir. Um leið og verð til sams konar nota yrði jafnað, kæmi einnig mjög til álita að draga allverulega úr þeim mismun, sem nú er annars vegar á rafmagni til heimilisnota og hins vegar til iðnaðar, og gæti slík breyting orðið til þess, að ekki þyrfti að koma jöfnunarinnar vegna til neinna verðhækkana á rafmagni til heimilisnota, þ. e. a. s. hjá þeim, sem njóta beztu kjara, eða a. m. k. mjög lítilla. Stærri notendur ættu að geta borið byrðarnar af verðjöfnun að verulegu leyti. Þetta skýrist m. a. af þeim staðreyndum, að t. d. árið 1962 nam almenn heimilisnotkun 21.4% af heildarsölu rafmagns, en fyrir þessi 21.4% af notkuninni

var greitt 40.3% af heildarsöluverðinu eða þar var um nær tvöfalt meðalverð að ræða. Lýsing var það ár 4.3% af heildarnotkuninni, en gjaldið fyrir hana nam 14.7% af heildarsöluverðinu, þ. e. a. s. þar var um þrefalt meðalverð að ræða. En á sama tíma notuðu þrír aðilar, áburðarverksmiðjan, sementsverksmiðjan og Keflavíkurflugvöllur, 37.6% af heildarnotkuninni, en greiddu fyrir þá notkun aðeins 8.4% af heildarsöluverðinu. Hefur því hjá þessum svokölluðu stórnotendum verið um að ræða ¼ af meðalverði eða tæplega það. Þegar svo þess er gætt, að ekki þyrfti nema um 20 millj. kr. til þess að jafna raforkuverð til heimilisnota við lægsta gjald, virðist vel frambærilegt að jafna verulegum hluta þeirrar upphæðar á þá notendur, sem nú gjalda óeðlilega lágt gjald fyrir sína orku, þannig að jöfnunin þyrfti ekki nauðsynlega að valda neinni verulegri hækkun á heimilisnotkun, en hins vegar mjög víða talsverðri lækkun.

Annað meginatriðið, sem stefnt er að með þáltill., er það, að stefnt verði að þeirri breytingu á stefnunni í raforkumálum þjóðarinnar, að upphitun híbýla fari í vaxandi mæli fram með raforku og fullt tillit verði tekið til þeirrar stefnu við vatnsaflsvirkjun í næstu framtíð. Sú staðreynd liggur fyrir, að við Íslendingar þörfnumst stærri hluta heildarorkunotkunarinnar til þess að hita híbýli okkar en flestar aðrar þjóðir. Þannig er talið, að í Evrópu almennt fari um 28% notorku til húsahitunar, en á Íslandi fara nú um 53% notorkunnar til húsahitunar og heimilisnotkunar og til hitunarinnar einnar fara rösklega 48% af allri notorkunni, þ. e. a. s. sem næst helmingur af allri orkubörf þjóðarinnar. Það gefur því auga leið, að miklu skiptir bæði fyrir þjóðarheildina og einstaklingana, hversu mikilli hagsýni er beitt til öflunar þessarar orku, svo gífurlegar fjárhæðir sem hér er um að ræða. Ég hef því miður ekki hér tiltækar tölur um árlegan kostnað um fullnægingu orkuþarfarinnar, en lausleg ágizkun mín er sú, að sá kostnaður nálgist nú milljarðinn á ári með miklum hraða, og eins og ég áður sagði, fer allt að helmingur þessa kostnaðar til að hita híbýli okkar.

Eins og sakir standa, er orkunnar til húsahitunar aflað þannig, að aðeins 6% eru fengin með rafmagni, 9% með kolum, 30% með jarðhita og 55% með olíu. Þannig er aðeins liðlega þriðjungurinn fenginn frá innlendum orkugjöfum, en sem næst ⅔ orkunnar eru keyptir erlendis frá, fluttir yfir heimshöfin með ærnum kostnaði og dreift um landið eftir þreföldu dreifingarkerfi. Sú spurning hlýtur því að verða áleitin, hvort ekki megi leysa hinn erlenda orkugjafa af hólmi með raforku, a. m. k. þar sem jarðhiti verður ekki nýttur, og vitanlega er tæknilega séð ekkert því til fyrirstöðu. Spurningin varðar eingöngu fjárhagslegu hliðina, þ. e. a. s. getur raforka orðið álíka samkeppnishæf við aðkeypta orkugjafa og allir eru t. d. sammála um að jarðhitinn sé, þar sem hann er? Og það verður að segjast, að allt bendir til þess, að svo sé. Gunnar Böðvarsson verkfræðingur, einn allra færasti sérfræðingur okkar í orkuvísindum, hefur komizt að þeirri niðurstöðu fyrir tveimur árum, að greiða mætti þá 35—40 aura fyrir kwst. af raforku til hitunar miðað við kostnaðarverð þeirra hitunaraðferða, sem nú tíðkast aðallega, þ. á m. hitunar með jarðvarma. Allir útreikningar, sem gerðir hafa verið um stórvirkjanir, virðast benda til þess, að þær geti gefið fulla möguleika á sölu raforku til híbýlahitunar á jafnvel verulega lægra verði og geti því reynzt hagkvæmastar allra úrlausna varðandi þann mikilvæga þátt orkuöflunar, sem hér um ræðir. Það bendir flest til þess, að sá markaður fyrir raforku, sem breytt stefna varðandi hitun híbýla með rafmagni mundi skapa, ásamt annarri sívaxandi raforkuþörf okkar geti skapað grundvöll fyrir stórvirkjun og síðar stórvirkjanir til innlendra þarfa og þurfi því ekki að koma til stóriðju á vegum útlendinga til þess að leysa vanda okkar eigin orkumála. Því fyrr sem hugað er með framtíðar- og frambúðarlausn þeirra mála fyrir augum að þeim málum, því betra, því að ella kann svo að fara, að við verðum óhæfilega háðir kaupum á erlendum orkugjöfum, sem fara þverrandi og verða því að öllum líkindum því dýrari sem tímar líða. Þannig er því spáð af mikilsvirtum sérfræðingum, að jafnvel á allra næstu árum muni framleiðsla olíu verða langt aftur úr eftirspurninni. Það er því harla líklegt, að okkur reynist sífellt óhagstæðara að snúa okkur ekki að því að búa að okkar eigin orku til sem allra flestra nota.

Till. sú, sem hér liggur fyrir, stefnir að því, að raforkulögin, sem að sjálfsögðu eru undirstaðan að stefnu okkar í orkumálum, verði nú tekin til gagngerðrar endurskoðunar miðað við nýjar þarfir og stórbreytt viðhorf að ýmsu leyti, frá því að þau voru sett fyrir 18 árum. Ýmis atriði koma þar til greina fleiri en ég hér hef tæpt á og fjölyrði ég ekki um þau að sinni, enda ætla ég, að ljóst megi vera, hver nauðsyn er orðin á mótun ákvæðinnar og að ýmsu leyti nýrrar stefnu í orkumálum þjóðarinnar.

Ég legg svo til, herra forseti, að till. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 40. fundi í Sþ., 12. febr., var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og til allshn. með 34 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

22. Byggingarsjóður fyrir ríkið.

Á deildafundum 3. des. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um byggingarsjóð fyrir ríkið og ríkisstofnanir [92. mál] (A. 105).

Á 24. fundi í Sþ., 4. des., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 35., 37. og 38. fundi í Sþ., 22. og 31. jan., 5. febr., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 39. fundi í Sþ., 6. febr., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Gils Guðmundsson): Herra forseti. Till. sú til þál., sem ég flyt á þskj. 105, fjallar um mál, sem ég tel líklegt og reyndar fullvíst, að allir hv. alþm. séu mér sammála um, að krefjist rækilegrar athugunar og einhverra þeirra aðgerða, sem flýtt gætu fyrir og auðveldað viðhlítandi lausn. Hér er um það að ræða, með hverjum hætti bezt verður tryggt á komandi árum, að ríkið og ríkisstofnanir fái komið upp varanlegum og hentugum húsakosti fyrir eigin starfsemi, svo að þessir aðilar geti innt af höndum þá þjónustu, sem til er ætlazt og af þeim hlýtur að verða krafizt í nútímaþjóðfélagi.

Um nauðsyn þess, að gert sé myndarlegt átak í þessum efnum, hygg ég, að naumast geti verið skiptar skoðanir. Hitt kynni fremur að vera álitamál, hvaða leiðir sé bezt að fara til að ná markinu. Sú hugmynd, sem hér er vakið máls á, um sérstakan byggingarsjóð, sem tryggðar séu fastar, árlegar tekjur, er engan veginn hið eina, sem til greina kæmi í þessum efnum. Ég tel hins vegar, að hún hafi ýmsa þá kosti, sem séu þess eðlis, að vert sé að athuga hana rækilega. Leiði sú athugun til jákvæðrar niðurstöðu, sem ég geri mér fastlega von um, væri eðlilegt og æskilegt, að hv. Alþingi markaði stefnuna í byggingarmálum þessum með samþykkt þáltill. í svipuðum anda og hér er fram lögð.

Allt frá því, er Íslendingar tóku að rétta úr kútnum eftir aldalanga áþján, hefur byggingarstarfsemi verið eitt af höfuðviðfangsefnum þeirra. Svo er enn, og svo verður vafalaust um langa framtíð. Fram á þessa öld mátti heita, að landið væri snautt af varanlegum byggingum. Hér þurfti því að reisa nær allt frá grunni. Þegar þess er jafnframt gætt, að þjóðin hefur tvöfaldazt að fólksfjölda s. l. 50 ár og kröfur til húsnæðis og hvers konar bygginga stóraukizt með vaxandi athafnalífi og bættum þjóðarhag, er sízt að undra, þó að enn skorti mjög á, að byggingarþörfinni sé fullnægt. Kröfurnar um bættan og aukinn húsakost hafa á undanförnum áratugum verið miklar og borizt úr öllum áttum, og mikið hefur verið byggt. Í þessu kapphlaupi um uppbyggingu landsins í bókstaflegri merkingu hafa byggingarmál ríkisins sjálfs og margra ríkisstofnana setið svo mjög á hakanum, að naumast má vansalaust telja. Þar hefur skort viðhlítandi skipulag, svo sem löggjöf, er tryggði hæfilegt fjármagn og segði til um, í hvaða röð opinberar byggingar skyldu reistar. Þess hefur ekki verið gætt að búa svo um hnútana af hálfu löggjafar- og framkvæmdavalds, að hægt yrði að vinna samkv. áætlun gerðri til nokkurs tíma í senn að byggingarmálum ríkis og ríkisstofnana. Þess í stað hefur gerzt eitt af þrennu, í hvert skipti sem skórinn kreppti harðast að í þessu efni: Í fyrsta lagi og raunar sjaldnar en skyldi hefur verið veitt fé á fjárlögum til tiltekinna bygginga og þær síðan reistar, eftir því sem fé var fyrir hendi. Í öðru lagi, og þess eru mörg dæmi, hefur ríkið og stofnanir þess tekið á leigu húsakynni hjá einstaklingum og fyrirtækjum, stundum til nokkuð langs tíma og gegn álitlegri fyrirframgreiðslu og þannig gert þessum aðilum kleift að koma upp stórhýsum fyrir milljónir, jafnvel milljónatugi. Í þriðja lagi, og það er því miður algengast, hafa ýmsar stofnanir ríkisins mátt kúldast árum og jafnvel áratugum saman í allsendis ófullnægjandi húsakynnum, sem orðið hafa starfsemi þeirra mikill fjötur um fót. Svo rík hefur löngum verið sú stefna hins opinbera í byggingarmálum, að nálega hver sem var skyldi hafa forgangsrétt gagnvart ríkinu, að jafnvel þær opinberar stofnanir, sem sjálfar gátu komið sér upp nauðsynlegum húsakosti fyrir eigið fé, hafa þráfaldlega fengið synjun um heimild til að bæta úr húsnæðisþörf sinni. Segja má, að slík íhaldssemi sé skiljanleg á tímum, þegar hið opinbera telur óhjákvæmilegt að takmarka mjög alla fjárfestingu til bygginga vegna gjaldeyrisskorts. En sé sú reglan, að opinberar byggingar skuli einnig sitja á hakanum, þegar fjárfesting er frjáls og allir, sem komast yfir eitthvert fé, geta byggt, vaknar óneitanlega sú spurning, hvenær hinu opinbera sé þá ætlað að koma sér upp varanlegum og viðhlítandi húsakosti.

Á 18. öld, þegar húsakostur landsmanna almennt var einhver hinn bágbornasti, sem um getur í allri sögu landsins, var þessu á annan veg háttað. Segja má, að þá hafi verið gengið út í öfgarnar á hinn veginn. Engum ráðamönnum datt í hug á þeim tíma, að hið opinbera ætti að telja það í verkahring sínum að greiða á einn eða annan hátt fyrir almenningi um umbætur á húsakosti. Þá, á tímum hins svokallaða upplýsta einveldis, var hins vegar allmyndarlegt átak gert í því efni að koma hér upp opinberum byggingum, varanlegum og veglegum miðað við sinn tíma. Í því sambandi nægir að minna á byggingar á Bessastöðum, í Viðey, dómkirkjuna á Hólum og hegningarhúsið við Arnarhól, það hús, sem síðan varð aðsetur æðsta yfirmanns landsins og hefur nú verið stjórnarráðsbygging Íslands í 60 ár.

Á 19. öld gerðist fátt stórra tíðinda í byggingarmálum hins opinbera hér á landi. Þó er þess að geta, að skömmu eftir að fjárveitingavaldið fluttist inn í landið, var hafizt handa um byggingu alþingishússins. Þar var óneitanlega um að ræða myndarlega byggingu, hvort heldur miðað er við fjárhagsgetu landssjóðs eða þarfir Alþingis á þeim tíma, þegar þm. voru helmingi færri en nú og þingstörf öll langtum umfangsminni, eins og ljóst er af því, að gömlu mennirnir á þeim tíma komust af með 7—8 vikna þinghald annað hvort ár og þingmál skiptu þá álíka mörgum tugum og þau skipta hundruðum nú.

Eftir að framkvæmdavaldið fluttist inn í landið og við höfðum eignazt fyrsta innlenda ráðh., leið ekki á löngu, unz gert var myndarlegt átak í byggingarmálum hins opinbera. Á Alþingi 1905 var fyrir forgöngu Hannesar Hafsteins sett löggjöf, þar sem lagður var grundvöllur að byggingarframkvæmdum á vegum ríkisins. Ég þori að fullyrða, að hefði fjárveitinga- og framkvæmdavaldið í þau tæp 60 ár, sem síðan eru liðin, borið gæfu til að treysta þann grundvöll,

sem þá var lagður, ættum við örugglega í dag ýmsar opinberar byggingar, sem nú skortir mjög tilfinnanlega. Ég á hér við lög nr. 29 frá 20. okt. 1905, um stofnun Byggingarsjóðs Íslands og byggingu opinberra bygginga. Í 1. gr. laga þessara segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Af andvirði embættisjarðanna Arnarhóls og Örfiriseyjar skal stofna sjóð, sem nefnist Byggingarsjóður Íslands. Sjóði þessum skal varið til bygginga, eftir því sem nánar er tiltekið í lögum þessum og síðar verður ákveðið með lögum."

Síðar í lögum þessum eru sjóðnum ákveðnir tveir aðrir tekjustofnar, 7500 kr. árlegt framlag frá Landsbankanum, og framlag úr ríkissjóði eða landssjóði, eins og hann hét þá, er ákveðið skyldi þó í fjárlögum hverju sinni. Í grg. ráðh. fyrir frv. er það tekið fram, að ekki sé það nema nokkur hluti Arnarhólslands, sem til greina komi að selja, þar eð landið þurfi að eiga nokkurt svæði undir opinberar byggingar. Hins vegar sé eftirspurn eftir lóðum í þessum bæjarhluta orðin það mikil, að kleift mundi að selja af landi jarðarinnar dávæna spildu fyrir allt að 300 þús. kr. Þá lægi og fyrir tilboð frá Reykjavíkurbæ um kaup á Örfirisey. Í 6. gr. þessara laga segir:

„Stjórnarráðinu veitist heimild til þess að láta reisa bókasafnsbyggingu úr steini eða steinsteypu. Hún skal vera þannig byggð, að auka megi við hana síðar eftir þörfum, en í bráð skal hún rúma landsbókasafnið og landsskjalasafnið eins og þau eru nú, ásamt viðauka, er ætla má að þau fái næstu 50—60 árin. Skal haga svo til, að fyrst um sinn geti orðið geymd þar einnig hin önnur söfn landsins, eftir því sem rúm leyfir. Til byggingar þessarar má verja allt að 160 þús. kr."

Þessi 60 ára gamla lagasetning er athyglisverð um margt og getur að sumu leyti verið til eftirbreytni í dag. Að vísu má gagnrýna þau ákvæði laganna, sem gerðu ráð fyrir, að einn helzti tekjustofn sjóðsins yrði fé, sem fengist með sölu landeignar ríkisins í Reykjavíkurbæ. Var og sá hluti löggjafarinnar brátt endurskoðaður og góðu heilli hætt við sölu verulegs hluta Arnarhólsjarðar. En að öðru leyti stóð löggjöfin um byggingarsjóðinn áfram, og aðaltekjur sjóðsins næstu árin voru framlög til hans á fjárlögum. Með tilstyrk þessara laga um Byggingarsjóð Íslands tókst að koma upp safnahúsinu við Hverfisgötu með þeim myndarbrag, sem raun ber vitni. Í meira en 50 ár hefur það nú hýst söfnin tvö, sem tilgreind eru í l., og um áratugaskeið voru þjóðminjasafn og náttúrugripasafn þar einnig til húsa. En því miður varð þar ekki eðlilegt og æskilegt framhald á. Byggingarsjóður Íslands, sem Alþingi stofnsetti svo myndarlega fyrir atbeina Hannesar Hafsteins árið 1905, náði ekki að vaxa og þróast, eins og til var stofnað.

Eftir að safnahúsið var komið upp, kipptu þáverandi ráðamenn fjárhagsstoðunum undan sjóðnum. Kvöðin um árlegt framlag Landsbankans var numin burt úr lögum, og fjárlög voru samþykkt ár eftir ár, án þess að þar væri nein fjárveiting ætluð til byggingarsjóðsins. En lögin í heild voru ekki numin úr gildi. Áratugum saman hafa þau hins vegar verið pappírsgagn eitt, þar eð sjóðnum hefur ekki verið séð fyrir neinum tekjum, og þar eð sjóðurinn hefur af skiljanlegum ástæðum ekki starfað í hálfa öld, geri ég ráð fyrir, að mörgum, jafnvel sumum hv. alþm., sé lítt eða jafnvel allsendis ókunnugt um tilvist hans. Svo var a. m. k. háttað um mig, þegar ég samdi till. þá, sem hér liggur fyrir, og grg., sem henni fylgir. Það var fróður maður, sem benti mér á hina merku löggjöf frá 1905, sem hann hugði að vísu, að væri fyrir löngu úr gildi numin. Þegar ég fór að kynna mér málið, kom hins vegar í ljós, að lög nr. 29 frá 20. okt. 1905, um Byggingarsjóð Íslands, eru enn í gildi og fletti maður ríkisreikningi 1962, þar sem birtir eru reikningar opinberra sjóða, getur að líta á bls. 172 efnahagsreikning byggingarsjóðs. Þar er þá kominn sjóðurinn, sem stofnaður var á öðru ári innlendrar stjórnar og átti að standa straum af kostnaði við smíð opinberra bygginga. Þetta er sjóðurinn, sem hafði allmiklar tekjur á fyrstu árum sínum og kostaði byggingu safnahússins, en var síðan afræktur og hefur staðið fjárvana og alls ómegnugur um langa hríð. Eignir hans eru ekki heldur miklar, aðeins rúmlega ½ millj. kr. Tekjur hans á árinu 1962 voru líka litlar, aðeins vextir af innstæðu um 30 þús. kr. En nú spyr ég hv. alþm.: Er ekki fullkomlega tími til þess kominn að blása nýju lífi í hugmynd Hannesar Hafsteins, endurskoða löggjöfina um Byggingarsjóð Íslands og sníða henni stakk við hæfi nútímans? Yrði það gert af sama myndarskap og stórhug, miðað við allar aðstæður í dag, sem einkenndi löggjöfina frá 1905, gæti það markað tímamót í byggingarmálum hins opinbera.

Í grg. fyrir þeirri þáltill., sem ég flyt á þskj. 105, hef ég nefnt nærri 20 ríkisstofnanir, sem búa nú ýmist við ófullnægjandi húsnæði eða leiguhúsnæði, nema hvort tveggja sé. Ég gæti enn bætt við þá upptalningu, en sé ekki ástæðu til. Öllum hv. alþm. er ljóst, að á þessu sviði er afar mikið ógert og sum verkefnin þess eðlis, að þau þola naumast nokkra verulega bið.

Fyrir tiltölulega skömmu fóru hér fram á Alþingi næsta fróðlegar umr. um húsnæðismál þingsins. Þarf ekki að lýsa því fyrir neinum, sem starfar hér innan veggja, hversu brýnna umbóta er þörf, svo að starfsaðstaða innan þessarar virðulegu stofnunar geti talizt sómasamleg. En það eru margar fleiri opinberar stofnanir, sem búa við alls kostar ófullnægjandi starfsskilyrði sakir óhentugs húsnæðis eða þrengsla. Byggingarþörfin er mikil, viðfangsefnin á þessu sviði mörg. Engum dettur í hug, að hægt sé að leysa öll þessi viðfangsefni á skömmum tíma eða mjög mörg í einu. Hitt held ég, að naumast geti verið álitamál, ef menn leiða að því hugann á annað borð, að ekki er vanþörf á að taka þessi byggingarmál hins opinbera stórum fastari tökum en gert hefur verið, gera um þau áætlanir nokkur ár, jafnvel allmörg ár fram í tímann, og tryggja með löggjöf, að árlega verði unnið samkv. slíkum áætlunum að lausn þess verkefnis eða þeirra verkefna, sem brýnust þykja á hverjum tíma.

Till. sú um byggingarmál ríkis og ríkisstofnana, sem ég hef leyft mér að flytja, gerir ráð fyrir, að Alþingi feli ríkisstj. að láta undirbúa löggjöf um byggingarsjóð fyrir ríkið og ríkisstofnanir. Tilgangur þess sjóðs yrði sá að standa undir kostnaði við byggingar þær, sem ríkið

sjálft og opinberar stofnanir þurfi að koma upp vegna starfsemi sinnar. Við undirbúning og samningu löggjafar um slíkan sjóð þarf að kanna og taka ákvarðanir um mörg atriði, sem hér verða ekki öll upp talin, en markmiðið virðist mér alveg ljóst, að kleift verði að vinna árlega eftir fyrirframgerðri áætlun að hinum nauðsynlegustu byggingarframkvæmdum í þágu þess opinbera, eftir því sem fé er fyrir hendi og aðrar aðstæður gera kleift á hverjum tíma. Meðal þess, sem kanna þarf og taka verður afstöðu til við undirbúning slíkrar löggjafar, eru eftirtalin atriði:

1. fyrsta lagi, hve víðtækt verksvið hins fyrirhugaða byggingarsjóðs eigi að vera, þ. e. hvaða stofnanir eigi að njóta fjárveitinga úr honum. Virðist liggja beint við, að það séu stjórnarskrifstofur hvers konar, söfn og aðrar þær opinberar stofnanir, sem ekki fá fé til byggingar samkv. sérstakri löggjöf. Sjóðurinn næði til að mynda ekki til skóla, sjúkrahúsa, kirkna, embættisbústaða eða annarra þeirra bygginga, sem löggjafarvaldið hefur þegar fellt í fast kerfi og ráðstafar árlega fé til samkv. þeim lögum, sem þar um gilda.

Í öðru lagi verði athugað, hvort rétt sé og hagkvæmt, að til hins fyrirhugaða byggingarsjóðs renni það fé, sem þegar hefur verið veitt á fjárlögum til ákveðinna opinberra bygginga, en ekki er enn farið að nota. Þannig er til að mynda ástatt bæði um stjórnarráðshús, Listasafn Íslands og Handritastofnun Íslands, að árlega er á fjárlögum ætlað nokkurt fé í byggingarsjóð þessara stofnana, hverrar um sig, en svo lítið hverju sinni, að ekki hefur þótt kleift að hefja framkvæmdir. Eins og ljóslega kom fram í sambandi við fyrirspurn um byggingarsjóð listasafnsins, er ákaflega gagnslítið á verðbólgutímum að veita margar smáar upphæðir í ýmsa byggingarsjóði í þeirri von, að safnist, þegar saman komi, og að einhvern tíma verði hægt að hefjast handa. Byggingarsjóður listasafnsins er að heita má jafnmáttlaus til framkvæmda í dag með sinn 3 millj. kr. höfuðstól og hann var fyrir réttum 20 árum, þegar fyrsta 300 þús. kr. fjárveitingin var veitt til Kjarvalshúss. M. ö. o.: hinar litlu fjárveitingar, sem lagðar hafa verið í þennan sjóð s. l. 20 ár, hafa ekki gert öllu betur en mæta rýrnandi verðgildi peninga, og eru litlar líkur til, að það breytist á næstunni. Hér þarf því að taka upp nýjan sið, hætta að leggja margar smáupphæðir í dreifða sjóði, en efla í þess stað einn sjóð, byggja síðan árlega fyrir það fé, sem tiltækt er, og í þeirri röð, sem rétt er talin að góðra manna yfirsýn, miðað við þörf og hagkvæmni á hverjum tíma. Væri að því ráði horfið að láta þá byggingarsjóði opinberra stofnana, sem þegar eru til, renna inn í hinn fyrirhugaða almenna byggingarsjóð ríkisins, ættu þær stofnanir, sem svo er ástatt um, skilyrðislaust að koma í allra fremstu röð, þegar sá byggingarsjóður tæki til starfa.

Í þriðja lagi virðist ástæða til að kanna, hvort ekki væri rétt, að þær ríkisstofnanir, sem nú þegar eða á komandi tímum fyrir tilstyrk sjóðsins starfa í húsnæði, sem er ríkiseign, verði látnar greiða hóflega húsaleigu og rynni hún til byggingarsjóðsins. Með þeim hætti fengi sjóðurinn fastan tekjustofn, sem allmikið munaði um, og yrði þannig færari en ella til að gegna hlutverki sínu.

Í fjórða lagi þyrfti að athuga, á hvern hátt byggingarsjóðurinn gæti aðstoðað opinberar stofnanir, sem hafa sjálfstæða tekjustofna og þá e. t. v. nokkurt bolmagn til að standa straum af byggingu eigin húsnæðis, án þess þó að fá undir slíkri fjárfestingu risið, nema aðstoð eða stuðningur í einhverri mynd komi til. Mér virðist tvennt geta komið til greina í slíkum tilfellum, að stofnanir, sem þannig er ástatt um, ættu þess kost að fá tiltekinn hundraðshluta byggingarkostnaðar sem beinan styrk úr sjóðnum eða þær gætu fengið þar tiltölulega hagkvæm lán til hóflega langs tíma. Sem dæmi vil ég nefna þá stofnun, sem ég starfa við, menningarsjóð. Menningarsjóður er eitt þeirra mörgu ríkisfyrirtækja, sem starfa í ekki tiltölulega hentugu leiguhúsnæði. Nokkur undanfarin ár hefur hann lagt til hliðar dálítið fé, sem ætlað er til að kaupa fasteign eða byggja yfir eigin starfsemi. Ætti menningarsjóður kost á sæmilega hagkvæmu láni, sem næmi 40—50% byggingarkostnaðar, gæti hann byggt eða keypt hæfilegt húsnæði umsvifalaust, en með svipaðri þróun verðlagsmála og verið hefur nú um hríð, sé ég ekki betur en liðið geti mörg ár, þar til sjóðurinn væri þess um kominn að byggja algerlega fyrir eigið fé. Þannig hygg ég, að á geti staðið hjá ýmsum fleiri opinberum stofnunum, sem þó hafa sjálfstæða tekjustofna og gætu staðið straum af kostnaði við eigin húsnæði, fengju þær viðhlítandi lán til framkvæmda. Er vissulega illt til þess að vita, að margar ríkisstofnanir, sem e. t. v. skortir ekki annað en tiltölulega litla aðstoð eða fyrirgreiðslu til að koma sér upp eigin húsnæði, skuli þurfa áratug eftir áratug að greiða umtalsverða fjármuni í húsaleigu, oft fyrir dýrar og miður hagkvæmar vistarverur.

Í fimmta lagi þyrfti í l. um byggingarsjóð hins opinbera að vera ákvæði um það, hvaða aðili ákveður röð byggingarframkvæmda og eftir hvaða meginreglum skuli farið í þeim efnum. Mér virðist einsætt, að Alþingi taki formlegar og endanlegar ákvarðanir um slíkt, til að mynda á svipaðan hátt og átti sér stað um vegalög. Gangur mála yrði þá sá, að ríkisstj. semdi í samráði við húsameistara og aðra sérfræðinga og að fengnum till. forstöðumanna þeirra stofnana, sem til greina koma, frv. að byggingarlögum ríkisins og ríkisfyrirtækja. Það frv. sætti síðan venjulegri meðferð á Alþingi, er segði þá síðasta orðið um hvort tveggja, árlega fjárveitingu á fjárlögum til byggingarsjóðsins og í hvaða röð skyldi ráðizt í fyrirhugaðar byggingarframkvæmdir. Væri þessi háttur löggjafarinnar endurskoðaður árlega eða svo oft sem þurfa þætti.

Hér er að mínu áliti um stórt mál að ræða. Því verður ekki á móti mælt, að byggingarmál ríkisins og ríkisstofnana hafa lengi setið svo mjög á hakanum, að hvorki má vansa- né vandræðalaust telja. Það verður fyrr eða síðar að breyta hér um stefnu og taka að vinna skipulega og markvisst eftir fastri áætlun að lausn brýnna verkefna. Að sjálfsögðu mun allt þetta uppbyggingarstarf kosta mikið fé. Það verður háð ákvörðun Al-

þingis, hversu mikið fjármagn það leggur byggingarsjóðnum til á ári hverju. Hér er fyrst og fremst bent á leið, sem ætti að geta stuðlað að aukinni festu og bættu skipulagi varðandi byggingarmál hins opinbera. Ég er ekki í neinum vafa um, að um þessi mál skortir hagkvæma löggjöf. Ég vænti þess, að hv. Alþingi sjái sér fært að taka jákvæða afstöðu til þeirrar hugmyndar, sem hér hefur nú verið reifuð.

Ég legg síðan til, að þessari umr. verði frestað og till. vísað til hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 40. fundi í Sþ., 12. febr., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

23. Heildarskipulag Suðurlandsundirlendis.

Á 29. fundi í Sþ., 17. des., var útbýtt:

Till. til þál. um heildarskipulag Suðurlandsundirlendis [104. mál] (A. 151).

Á 30. fundi í Sþ., 18. des., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 40. fundi í Sþ., 12. febr., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 43. fundi í Sþ., 19. febr., var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Unnar Stefánsson): Herra forseti. Að undanförnu hafa átt sér stað allmiklar umr. innan þings og utan um stöðu og framtíð landbúnaðarins á Íslandi. Nátengt þessu viðfangsefni og óaðskiljanlegt er vandamálið um staðsetningu og þróun byggðarinnar á landinu. Á undangengnum árum og áratugum hefur þjóðfélagið tekið miklum stakkaskiptum úr fábreyttum búskaparháttum, sem miðuðust við það eitt að afla fólkinu brýnasta lífsviðurværis, og hefur svo verið allt frá landnámstíð. Meðan landbúnaðurinn byggðist á nýtingu beitar á afréttarlöndum, var búsetan af mjög eðlilegum orsökum svo dreifð um landið sem frekast var kostur. Með tilkomu stórvirkrar véltækni, samgöngum og nútímamöguleikum á öllum sviðum til hagnýtingar sjávarafla og orku til iðnaðar hefur þjóðin fært sig frá þessum frumstæðu lífsbjargarbúskaparháttum samfara stórfelldum fólksflutningum úr dreifbýli til þéttbýlis. Þessi þróun hefur orðið stöðug og nokkuð jöfn og virðist halda áfram, enda þótt háværar raddir séu löngum uppi um að hindra hana. Sannast sagna er það, að ekki hefur verið af opinberri hálfu gert neitt verulegt átak til að hafa hönd í bagga með þessari framvindu mála, hvorki til að stöðva hana né heldur til að beina henni til ákveðinnar áttar með skipulögðum hætti. Ég veit ekki til þess, að nokkurn tíma hafi verið gerð svo mikið sem tilraun til þess að áætla eða spá fram í tímann um tilflutning fólks í landinu frá einu héraði til annars. Er þó augljóst, hvílíkt hagræði hefði verið og gæti verið í framtíðinni varðandi fjárfestingu af hálfu hins opinbera í hinum einstöku byggðarlögum, ef slík áætlun væri gerð. Reynslan sýnir, að allmikil verðmæti hafa beinlínis farið forgörðum við lagningu vega, síma, rafmagns að býlum í dreifbýli, sem fljótlega hafa síðan farið í eyði og eru enn að fara í eyði og eru ekki horfur á, að komist í byggð á ný. Meira að segja hafa allmörg býli farið í eyði af þeim, sem fengu rafmagn samkv. 10 ára áætluninni, sem tæpast er lokið nú. Er því ljóst, að æskilegt væri, að meira raunsæis og framsýni gæti hér eftir en verið hefur í þessum efnum.

Á þskj. 151 hef ég flutt till., sem á að teljast viðleitni í þessa átt og ábending um leið. Hún er þó engan veginn nýstárleg. Þetta er sama leiðin og farin hefur verið í fjölmörgum öðrum ríkjum hin síðustu ár til lausnar á hliðstæðum vanda og hér er við að glíma. Hér er um að ræða svokallaða svæðaskipulagningu. Kjarni málsins er sá, að hið opinbera reyni að hafa hönd í bagga með þeirri þróun, sem verður í byggð landsins, með forustu um skipulagða eflingu ákveðinna, valinna svæða eða landshluta, sem fyrir fram gerð vísindaleg athugun leiðir í ljós, að vel væru til búsetu fallin. Ef það væri talið markmið í sjálfu sér og viðurkennt sem slíkt, sem ég hygg að vera muni, að sporna þurfi við stórfelldari röskun í byggð landsins en þegar er orðin með vexti Reykjavíkur og Faxaflóasvæðisins, sem kallað er Stór-Reykjavík, verður hið opinbera fyrr en síðar að eiga frumkvæði að lausn þessa verkefnis, t. d. með því að beina fjármagni og framkvæmdum að þeim svæðum landsins, sem valin yrðu í þessu skyni. Með svæði er hér átt við landfræðilega afmarkað hérað, sem er í atvinnulegu tilliti innbyrðis samræmt með sameiginlegu viðskiptakerfi og samgöngum og gæti lotið sameiginlegri héraðsstjórn um viss mikils háttar verkefni.

Víða í erlendum ritum er rætt um þrjá þætti skipulagsstarfsins: í fyrsta lagi þróun landbúnaðar, í öðru lagi þróun iðnaðar og í þriðja lagi félagslega og menningarlega aðstöðu íbúanna í landinu.

Um landbúnaðarmálin hyggst ég fara færri orðum en ástæða væri til. En af umr., sem hér hafa farið fram, má ráða, að endurskipulagning íslenzks landbúnaðar hljóti að fara fram fljótlega og gæti þá orðið veigamikill þáttur í slíkri svæðaskipulagningu sem hér er gert ráð fyrir að upp verði tekin. Og víst er um það, að íslenzki landbúnaðurinn verður að vera arðsamari en verið hefur, ef hann á að standast til lengdar samkeppni við aðra atvinnuvegi.

Staðsetning nýrra iðnfyrirtækja er eitt meginatriðið í allri skipulagsvinnu, enda eru fáar

aðgerðir af opinberri hálfu líklegri til árangurs á þessu sviði. Uppbygging arðsamra iðnfyrirtækja í þessu sambandi yrði vafalaust stærsta tækið, sem hið opinbera hefði í sínum höndum í þessu sambandi. Má benda á sem dæmi um þróun iðnaðar bæinn Selfoss, þar sem öflugur iðnaður af hálfu samvinnusamtaka hefur rennt traustum stoðum undir þá miðstöð, sem þar er orðin miðsvæðis í landbúnaðarhéraði. Bersýnilegt er, að staðsetning kísilgúrverksmiðju við Mývatn með 50 manna föstu starfsliði eða svo og með útskipunarhöfn á Húsavík getur orðið lyftistöng fyrir byggðarlagið í Suður-Þingeyjarsýslu og myndað ásamt Akureyri, þar sem mikill iðnaður er fyrir, öflugt byggðarlag á austanverðu Norðurlandi. Eftir því sem lífskjörin batna, verða gerðar sífellt meiri kröfur á sviði menningarmála. Á þessu sviði hefur þéttbýli ótvíræða yfirburði yfir dreifbýli. Það er að minni hyggju undirstaða að eflingu þéttbýlis úti á landsbyggðinni sem mótvægis við Reykjavík, að íbúar þess svæðis eigi kost á sambærilegri aðstöðu til að njóta þess bezta, sem völ er á í félagslífi og menningarmálum í landinu.

Í till. minni á þskj. 151 er gert ráð fyrir, að hafizt verði handa um slíka heildarskipulagningu á Suðurlandsundirlendi. Á seinasta þingi voru færð rök að því, hvers vegna það hérað væri valið. Þar bíða einmitt mjög brýn verkefni úrlausnar. Þar eru ríkulegust landgæðin, þar eru miklar óbeizlaðar orkulindir í fallvötnum og hverasvæðum. Það var á það bent í grg., að reynsla sú, sem fengist við skipulagningu þess svæðis, yrði mjög mikilsverð við samningu sérstakrar löggjafar um heildarskipulagningu landsins alls, sem æskilegt væri að gera hið fyrsta. Það var bent á aðkallandi nauðsyn þess að taka skipulagsmál þessa héraðs fyrir sem sérstakt verkefni. Þar var getið um hafnarmál, hafnargerðir, t. d. í Þorlákshöfn og á Eyrarbakka, samgöngumál, þ. á m. staðsetningu Austurvegar um Ölfus eða brú á Ölfusárósi, bent var á heilbrigðismál með hliðsjón af staðsetningu og byggingu sjúkrahúss o. s. frv.

Till. þessi var send til umsagnar nokkrum aðilum og hlaut mjög jákvæðar undirtektir, m. a. frá sýslunefnd Árnessýslu, rannsóknaráði ríkisins og bankastjóra Framkvæmdabanka Íslands, sem þá hafði með höndum þau störf, sem Efnahagsstofnuninni hafa síðar verið falin. Taldi hann æskilegt, að samið yrði hið fyrsta heildarskipulag fyrir Suðurlandsundirlendið með hliðsjón af þeirri mannvirkjagerð, sem þar hlyti að vera **á næsta leiti.**

Þegar tillaga þessi var áður flutt, lá fyrir á hv. Alþingi óafgreitt frv. til nýrra skipulagslaga. Í því frv. var gert ráð fyrir því að skipta landinu í skipulagsumdæmi eftir kjördæmum með 7 manna skipulagsnefnd í hverju umdæmi. Þessi till. um skipulagsumdæmi var síðan felld niður úr því frv. til skipulagslaga, þegar það var borið fram á yfirstandandi Alþingi. En heimilt er samkv. því frv., að nálæg sveitarfélög komi á fót samvinnunefnd sín á milli um skipulag, eins og nú á sér stað um Reykjavík og nágrannasveitarfélög. Tel ég þessa skipan allgóða, enda er hér um skipulagningu annars eðlis að ræða. En niðurfelling þessa ákvæðis um skipulagsnefndir í skipulagsfrv. styður að því, að till. sú, sem hér er fram borin, verði samþykkt og þessi mál tekin upp alveg sérstaklega.

Það var stór atburður í sögu íslenzkrar hagstjórnar, þegar samin var fyrsta þjóðhags- og framkvæmdaáætlunin á árinu 1963, og komst þar með í framkvæmd enn eitt framfaramálið, sem Alþfl. íslenzki hefur barizt fyrir til heilla og farsældar okkar þjóð. Þó höfum við rætt hér á Alþingi í vetur um, að æskilegt væri að stuðla að örari hagvexti, meiri aukningu þjóðarframleiðslunnar en þar er gert ráð fyrir. Ég tel, að samþykkt þessarar till., ef hún yrði skynsamlega og röggsamlega framkvæmd, sé einmitt líkleg til þess, þegar á lengra tímaskeið er litið, að stuðla að örari vexti lífskjaranna í landinu og traustari þjóðfélagsbyggingu en ella mundi verða.

Að lokum legg ég til, að till. þessari verði vísað til allshn. Sþ. og umr. verði frestað.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 44. fundi í Sþ., 20. febr., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 37 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

24. Fækkun og stækkun sveitarfélaga.

Á 32. fundi í Sþ., 20. des., var útbýtt:

Till. til þál. um fækkun og stækkun sveitarfélaga [106. mál] (A. 171).

Á 37. fundi í Sþ., 31. jan., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 40. og 43. fundi í Sþ., 12. og 19. febr., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 46. fundi í Sþ., 26. febr., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Unnar Stefánsson): Herra forseti. Á þskj. 171 flyt ég till. til þál. um fækkun og stækkun sveitarfélaga. Till. er svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta gera till. um nýja skiptingu landsins í sveitarfélög. Skulu þær miðast við að stækka sveitarfélög í dreifbýli með því að sameina hina fámennari hreppa, eftir því sem staðhættir leyfa."

Í grg. með till. er að því vikið, að margt bendi til þess, að hrepparnir í dreifbýli séu ekki lengur heppilegar einingar til sveitarstjórnar. Til þess eru hrepparnir allt of litlir og allt of fámennir. Flest þau verkefni, sem annast þarf í

dreifbýli landsins, krefjast víðtækara samstarfs en rúmazt getur innan hinna gömlu hreppamarka. Sveitarfélög í landinu eru nú samtals 228, 14 kaupstaðir og 214 hreppsfélög. Þeim hefur á undangengnum áratugum fjölgað verulega, samtímis því sem íbúum þeirra hefur fækkað stórlega, þ. e. a. s. þeirra hreppa, sem í dreifbýli eru.

Fjölgun sveitarfélaganna hefur átt sér stað hægt og hægt, en þó einkum á seinustu 100 árum. Á árinu 1703, þegar fyrsta manntal er tekið, eru hreppsfélög á landinu 163. Árið 1845 eru hrepparnir þó ekki orðnir fleiri en 169, árið 1888 eru þeir 181, árið 1910 197, árið 1920 204, árið 1930 205, árið 1940 210, árið 1950 216, árið 1964 214, auk þess 14 kaupstaðir, svo að fjölgun sveitarfélaga er raunverulega meiri en þessar tölur sýna.

Íbúatala þessara 214 sveitarfélaga á landinu er nú sem hér greinir, miðað við bráðabirgðatölur Hagstofu Íslands hinn 1. des. 1963: Undir 100 íbúa hafa 39 hreppar. 100—200 íbúa hefur 71 hreppur. 200—300 íbúa hafa 39 hreppar. 300—400 íbúa hafa 25 hreppar. 400—500 íbúa hafa 14 hreppar. Yfir 500 íbúa hafa 26 hreppar. Ef svonefndir kauptúnahreppar eru frátaldir, þ. e. a. s. hreppar með nokkru þéttbýli, verður myndin af þessu vandamáli, sem um er fjallað í till., miklu skýrari. Þá kemur á daginn, að allir fámennustu hrepparnir, sem telja innan við 300 íbúa, eru dreifbýlishreppar, og eru þeir samtals 149. Aðeins 22 dreifbýlishreppar hafa yfir 300 íbúa. Þar af hafa 18 hreppar milli 300 og 400 íbúa, og 3 milli 400 og 500 íbúa. Þá er eftir einn hreppur með 800 íbúa, Mosfellshreppur, sem þó á raunverulega heima í þéttbýli við bæjardyr Reykjavíkur. Þannig er ástandið í þessum efnum í dreifbýli Íslands í dag hvað snertir stærð sveitarstjórnarumdæmanna, héraðsstjórnarinnar í dreifbýli.

Skipting landsins í hreppa virðist hafa komizt í fast form strax á þjóðveldisöldinni, fyrir árið 1096. Í Grágás segir: „Í hverjum hreppi skulu vera eigi færri bændur en 20, er þingfararkaup eigi að gjalda.“ Og þessi skipan er staðfest síðan í Jónsbók 1281 með svo hljóðandi ákvæðum: „Löghreppar skulu vera sem að fornu hafa verið, eigi færri bændur í hrepp en 20, skal enginn þeirra minna fé eiga en til tíu hundraða.“ Þarna er gert ráð fyrir tilskildum lágmarksfjölda lögbænda til að skapa löghrepp, en frumverkefni þeirra mun fyrst og fremst hafa verið sameiginleg framfærsluskylda þurfamanna. Hér var um íslenzka skipun að ræða án fyrirmyndar frá öðrum þjóðum og er merki um mikla samheldni og mikinn félagslegan þroska Íslendinga á þessum tíma.

Hreppaskipan hefur síðan haldizt í aðalatriðum óbreytt. Þó er þess að minnast, að árið 1583 kom fram á Alþingi till., sem var samþykkt, um að heimila sýslumönnum með skynsömustu manna ráði að steypa 2 hreppum eða 3 saman í einn. Á síðari tímum, þegar löggjöf um sveitarstjórn og framkvæmd hennar var í hreinni óreiðu, hefur þó ekki orðið nein breyting á tilhögun sveitarstjórnarumdæmanna í landinu.

Af athugun á mannfjöldaskýrslum virðist mega ráða, að fólksfækkun sé mun örari í fámennustu hreppunum. Þessi þróun á sér líka eðlilegar félagslegar orsakir. Um leið og byggðin grisjast um of, er fótunum kippt undan nauðsynlegu félagslífi, sem er óhjákvæmileg forsenda fyrir alhliða menningarlífi.

Stækkun hreppanna mun að mínu viti geta stuðlað að því að auðvelda að mun lausn ýmissa þeirra vandamála, sem nú steðja að hinum dreifðu byggðum í landinu. Ég ætla, að öll meginverkefni sveitarstjórnarinnar yrðu betur af hendi leyst, ef hrepparnir yrðu stærri. Mörg þessara verkefna kalla beinlínis á og knýja fram víðtækara samstarf en rúmazt getur innan hinna gömlu hreppamarka. Ég vil nefna örfá dæmi:

Framfærslumálin eru frumverkefni sveitarfélaganna. Þau eru nú að verulegu leyti komin í hendur ríkisvaldsins með almannatryggingakerfinu. Varðandi heilbrigðismál má á það benda, að læknishéruðin í landinu eru 60. Sjúkrasamlög eru hins vegar í flestum hreppum og fara eftir hreppamörkum. Það mundi verða til mikilla bóta og framfara að stækka sjúkrasamlögin í dreifbýlinu mjög verulega. Þá yrðu þau betur fær en nú að taka á sig fjárhagsleg skakkaföll, sem lítil sveitarfélög fá engan veginn risið undir, eins og nú er háttað málum.

Í öðru lagi fræðslumál. Þau hafa löngum verið mikill þáttur í sveitarstjórninni. Ríkissjóður kostar nú orðið nær alla kennslu, en hrepparnir taka þátt í byggingu skólahúsnæðis. Í sýslum landsins eru í dag 185 barnaskólar, þar af 83 heimangönguskólar, 47 heimavistarbarnaskólar, og ég vek athygli á seinustu tölunni: 55 farskólar í sveitum landsins. Það er með öllu útilokað, að fámennur hreppur geti staðið einn að byggingu skólahúsnæðis. Þess vegna er nú víða um land unnið skipulega að sameiningu skólahéraðanna, þannig að 2 til 3 eða fleiri hreppar standi um byggingu barnaskóla. Tveir kostir eru augljósir við þessa skipun: Heimavistarbarnaskóli er mun ódýrari í byggingu og rekstri, og það verður oft hægt að staðsetja hann við jarðhitasvæði, ef hann er stærri, og með fjölbreyttara kennaraliði fæst mun betri kennsla. Dæmi: Að Kleppjárnsreykjum í Borgarfirði standa 5 hreppar að sama skóla, á Þelamörk í Eyjafirði 3 hreppar, að Ljósafossi í Árnessýslu 3 hreppar, og þannig mætti lengi telja. Úr því verður að draga, eins og kostur er, að fólkið í dreifbýli búi við mun erfiðari skilyrði til skólagöngu en aðrir landsmenn. Þess vegna verður að gera vel skipulagða áætlun um skólabyggingar í landinu, og þetta verkefni kallar á stærri umdæmi en hrepparnir geta verið nú.

Eitt af verkefnum sveitarstjórnanna í dreifbýli eru landbúnaðarmál. Hvernig standa hrepparnir að vígi á þessu sviði? Á s. l. áratugum hafa verið stofnuð ræktunarsambönd, sem nú eru um land allt að heita má. Ræktunarsamböndin hafa ekki getað bundið athafnasvæði sitt við sveitarfélögin. Það vill svo til, að ræktunarsamböndin í landinu eru 60, og almennt er talið af fróðum mönnum, að þau þyrftu að sameinast miklu meira en orðið er til þess að geta verið fær um að standa að rekstri þeirra stórvirku véla, sem nútímatækni krefst.

Að lokum vil ég nefna einn kost, sem ótalinn

er og ekki er síztur, en það er varðandi sveitarstjórnina sjálfa. Með stækkun hreppanna yrði mögulegt að ráða sérstakan starfsmann til að annast framkvæmdastjórn sveitarfélagsins. Þetta verk, ef vel er unnið, getur tæpast lengur verið hjáverk með búskap, eins og oddvitastörfum er víðast háttað nú. Það krefst vissrar þekkingar og hæfni. Á árinu 1951 voru sett lög á Alþingi um sveitarstjóra, sem síðan voru felld inn í sveitarstjórnarlöggjöfina árið 1961. Samkv. henni er heimilt að ráða sveitarstjóra í hreppum með yfir 500 íbúa, og nú er svo komið, að í landinu eru starfandi samkv. þessum ákvæðum 19 sveitarstjórar, þ. e. a. s. í flestöllum þeim hreppum, sem heimild hafa til, hefur verið farið eftir þessum lögum og sveitarstjórar ráðnir. Þetta sýnir, að þessi skipan hefur gefizt vel. Auk þess sem málefni sveitarstjórnarinnar sjálfrar yrðu betur af hendi leyst með sérstökum starfsmanni, er augljóst, hvílíkur aflgjafi það gæti orðið viðkomandi byggðarlagi að fá til starfa í dreifbýlinu menntamenn, sem eingöngu gætu sinnt félags- og framfaramálum viðkomandi byggðarlags.

Fleiri dæmi mætti nefna, en ég ætla ekki að drepa nema á tvö þeirra, það er bygging og rekstur félagsheimila og brunavarnir, sem nú eru víða í ólestri í dreifbýli, en víðtækari samstaða gæti orðið að gagni. Á Fljótsdalshéraði er vísir að slíku samstarfi. Þar hafa 10 hreppar sameinazt um rekstur á slökkvitækjum til brunavarna. Þeir hafa einnig sameinazt um rekstur félagsheimilis, og er það til fyrirmyndar og sýnir þörfina, sem raunverulega er í landinu á samstarfi á þessu sviði. Og síðast, en ekki sízt: með stærri hrepp mundi skapast víðtækara samstarf fólksins í dreifbýlinu til að leysa þau viðfangsefni, sem nú kalla að á ýmsum sviðum.

Í grg. frá bændafundi á Egilsstöðum 31. jan. s. l. segir m. a.:

„Við getum ekki haldið í við hina miklu kraftblökk við Faxaflóa, nema við þjöppum okkur saman um það, sem leysa þarf hér heima.“

Þetta er laukrétt.

Svo miklar breytingar hafa átt sér stað í landinu, að hreppaskipunin er orðin úrelt og á að takast til endurskoðunar, og framkvæmd þessarar till. mundi að minni hyggju verða tiltölulega auðveld. Eðlilegt er, að stærð hreppa miðist við samgöngumöguleika hvers tíma. Ef við hugsum okkur, að í hreppunum, sem áður voru myndaðir kringum ákveðinn þingstað, svo sem nöfn hreppanna benda til, en þau eru víða dregin af ákveðnum örnefnum, hafi verið talið eðlilegt að væri klukkutímaferð til hreppsfundar, þá komst gangandi maður 5 km vegalengd á þeim tíma. Ríðandi maður komst 10 km á sama klukkutíma, og nú til dags má komast á bifreið 60 km á sama tíma. Oddvitinn í dag kemst 12 sinnum lengri leið á klst. heldur en fyrirrennarar hans, þegar hrepparnir voru stofnsettir. Við þetta bætast talsíminn, póstþjónustan og það, að landfræðilegum tálmunum hefur verið rutt úr vegi í dreifbýlinu.

Ég ætla nú rétt aðeins að skýra hv. Alþingi frá því, hvernig að þessum málum hefur verið staðið í nágrannaríkjunum.

Í Noregi varð alveg hliðstæð þróun í þessum efnum og hér á Íslandi. Frá 1837—1939 fjölgaði hreppum í Noregi úr 355 í 680, og kaupstöðum fjölgaði á sama tíma úr 37 í 64. Bættar samgöngur þar urðu til þess, að norska þingið setti árið 1946 lög, dags. 31. okt., um að setja á laggirnar sérstaka nefnd, sem var kölluð „Kommuneindelingskomité“, og átti að fjalla um endurskoðun á skiptingu Noregs í sveitarfélög, eins og hér er lagt til í þessari till., með það markmið, að hrepparnir yrðu stærri. Árið 1956, 10 árum síðar, samþykkti norska Stórþingið eftir till. n., að framkvæmd skyldi allsherjar endurskoðun á skiptingu Noregs í sveitarfélög. Sama ár var þessi löggjöf sett í fastara form.

Það var grundvallarsjónarmið þessarar norsku nefndar, að lágmarksíbúafjöldi sveitarfélaga í Noregi skyldi vera 2000—3000 manns, þannig að hver hreppur gæti haft 2—3 fasta starfsmenn í sinni þjónustu til þess að geta leyst sem bezt hin einstöku vandamál byggðarinnar. Það kann að hljóma einkennilega hér, að n. taldi heppilegt, að saman væri í sveitarfélagi ólíkur atvinnurekstur, þannig að kaupstaðir og dreifbýli yrðu saman í sveitarfélagi, enda eru margir kaupstaðanna aðeins miðstöð í samgöngum, verzlun og annarri þjónustu við nærliggjandi dreifbýli. Framangreind lög giltu í Noregi til 1960. Þá tóku við ný lög og áður en það varð, hafði átt sér stað sameining 16 hreppa og 2 kaupstaða í 7 ný sveitarfélög, og í dag er skipulega unnið að því í Noregi að fækka sveitarfélögunum.

Í Svíþjóð hafði átt sér stað svipuð þróun. Eftir nákvæma athugun og undirbúning setti sænska þingið árið 1946 löggjöf um endurskoðun á skiptingu Svíþjóðar í sveitarfélög. Eftir þeirri löggjöf hefur sveitarfélögum í Svíþjóð verið fækkað frá árinu 1946 til 1952 úr 2292 í 816, eða um 1476. Meðalíbúafjöldi hvers hrepps er nú um eða yfir 2000 manns. Árangurinn af þessu starfi í Svíþjóð er talinn svo góður, að mörg sveitarfélög, sem fyrir árið 1952 höfðu neitað að taka þátt í slíkri sameiningu, hafa síðan óskað eftir því að fá að sameinast nærliggjandi hreppum. Óánægjan, sem áður gerði vart við sig, hefur því sem næst horfið í Svíþjóð, eftir því sem árangur kemur í ljós, og enn í dag er skipulega unnið að þessu verkefni.

Í Danmörku og Finnlandi hefur ekki skipulega verið unnið að þessu, enda er hreppsmálum háttað þar með nokkuð öðrum hætti. Í Finnlandi eru t. d. aðeins 4 hreppar með minna en 500 íbúa, 16 hreppar með 500—1000 íbúa, 51 með 1000—2000 íbúa, 209 með 2000—5000 íbúa og 167 með 5000—10 000 íbúa. Þar eru samtals 549 sveitarfélög. Í Finnlandi eru aðeins 20 hreppar með minna en 1000 íbúa eða 4% hreppanna, og í þeim búa aðeins 0.3% af öllum íbúum Finnlands. Í Danmörku eru 1390 sveitarfélög, og flestir hreppanna eru af stærðinni milli 1000 og 2000 íbúa. Aðeins 6 hafa undir 100 íbúa, 86 hafa milli 400 og 500 íbúa, 357 frá 500—1000, en 578 frá 1000—2000 íbúa.

Með flutningi þessarar till. er að því stefnt, að þróuninni hér á landi verði snúið við og beint inn á sömu brautir og farnar hafa verið í Noregi og Svíþjóð. Í nýju sveitarstjórnarlögunum frá árinu 1961 kom fram viðleitni í þessa átt. Þá voru sett viss takmörk til að sporna við frekari skipt-

ingu hreppa en þá var orðin og félagsmálaráðuneytinu heimilað að sameina hrepp nágrannahreppi, ef íbúatala hans hefur verið minni en 100 samfellt í 5 ár. Þetta ákvæði hefur ekki verið framkvæmt fyrr en nú alveg nýlega, að rn. hefur ákveðið, að Grunnavíkurhreppur, sem taldi 7 íbúa 1. des. s. l., skuli sameinast Snæfjallahreppi. Ástæða væri til að halda áfram á þessari braut, enda er tæplega hægt að tala um sjálfstætt sveitarfélag, þar sem búið er aðeins á örfáum býlum. Og tæpast er eðlilegt, að til þess sé látið koma, að hreppar beinlínis tæmist, þ. e. verði alveg mannlausir.

Í grg. með frv. til sveitarstjórnarlaganna árið 1961 var fjallað um þetta atriði og var talið auðvelt að sameina hreppa. Spurningu var beint til oddvita um þetta atriði, og voru undirtektir heldur neikvæðar, enda var þá mjög stutt um liðið frá kjördæmabreytingu, sem mjög var umdeild í landinu.

Um framkvæmd þessarar till. yrði að sjálfsögðu haft náið samráð við Samband ísl. sveitarfélaga, sýslunefndir og viðkomandi sveitarstjórnir sjálfar. Verkefnið tekur — mér er það vel ljóst — að sjálfsögðu mörg ár. Það er ekki hægt að flana að framkvæmd slíks stórmáls. En ég trúi því, að með því mundi sjálfstjórnarréttur héraðanna eflast. Þetta mundi stuðla að dreifingu valdsins um landsbyggðina. Rétt er að taka fram, að Alþfl. hefur lagt þunga áherzlu á að efla sjálfstjórnarrétt héraðanna, og í hinni *nýju stefnuskrá hans segir, með leyfi hæstv.* forseta: „Landinu skal skipt í hentugar einingar til héraðsstjórnar."

Kjarninn í þessu máli er sá, að hreppsfélögin verði stærri og sterkari heildir, til þess að fólkið í dreifbýlinu verði þess megnugt, betur en nú er, að mæta aðsteðjandi vandamálum með víðtækara samstarfi og breiðari samstöðu en rúmazt getur innan núverandi hreppamarka.

Að svo mæltu legg ég til, herra forseti, að umr. verði frestað og málinu vísað til allshn.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 35 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 73. og 74. fundi í Sþ., 6. og 8. maí, var till. tekin til frh. einnar umr. (A. 171, n. 565 og 620).

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

25. Atvinnuástand á Norðurlandi vestra.

Á deildafundum 21. jan. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um rannsókn á atvinnuástandi á Norðurlandi vestra [112. mál] (A. 198).

Á 37., 38. og 39. fundi í Sþ., 31. jan., 5. og 6. febr., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 40. fundi í Sþ., 12. febr., var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Till. sú, sem hér liggur frammi á þskj. 198, er fram borin í þrennum tilgangi: Í fyrsta lagi til þess að beina athygli Alþingis og hæstv. ríkisstj. að því alvarlega atvinnuástandi, sem skapazt hefur á vestanverðu Norðurlandi, en þar er núna tvímælalaust lakara atvinnuástand og verri atvinnuhorfur en í nokkrum öðrum landshluta. Í öðru lagi er þessi till. fram borin til þess að fá því framgengt, eins og fram kemur í till. sjálfri, að mþn. rannsaki þetta alvarlega ástand og íhugi, hvaða almennar ráðstafanir sé unnt að gera til þess að bæta úr því, og geri síðan beinar till. til úrbóta á hverjum stað. Í þriðja lagi gefst með þessari till. tækifæri til þess að benda á ýmsar færar leiðir út úr þeim vandræðum, sem skapazt hafa, og í grg. er bent á fjöldamarga möguleika, sem til greina koma, í því skyni að efla atvinnulíf og tryggja atvinnuástand á þessu svæði. Það er bent á ýmis nauðsynleg atvinnutæki, sem reisa þarf í landinu og ættu ekki síður heima í þessu kjördæmi en annars staðar á landinu.

Þm. Alþb. hafa lengi lagt á það sérstaka áherzlu, að skipuleggja þyrfti atvinnuuppbyggingu úti um land og að sjálfsagt væri að byggja sérstaklega á fullnýtingu sjávar- og landbúnaðarvara. Í þessu sambandi hafa verið fluttar margar till. hér á þinginu, t. d. till., sem nýlega var afgreidd til n. hér, en hana flutti 5. þm. Austf., og fjallaði um eflingu útflutningsiðnaðar. Svipaðar till. hafa einnig komið fram hér í þinginu núna, og má þar geta till., sem hv. 5. þm. Norðurl. v. flytur og fjallar um iðnað í kaupstöðum og kauptúnum. Þessi till., sem hér er á dagskrá, er að sjálfsögðu í fullu samræmi við þessar fyrrgreindu hugmyndir, en með henni er þó sérstaklega stefnt að því að leysa vandræði þess landshluta, sem tvímælalaust býr núna og hefur búið við lakast atvinnuástand á undanförnum árum.

Það má segja, að atvinnuástandið sé einna lakast á Hofsósi og Skagaströnd í þessu kjördæmi. Þarna hefur lengi verið almennt atvinnuleysi, *sem er ekki ólíkt því eins og það varð* verst á kreppuárunum. Þannig er komið, að flestir vinnandi menn eru neyddir til þess að dveljast meiri hluta ársins fjarri heimilum sínum. Í báðum kaupstöðum þessa kjördæmis, Siglufirði og Sauðárkróki, hefur verið mjög erfitt atvinnuástand. Á Siglufirði er mjög þröngt um atvinnu, og ekki hefur ástandið batnað, eftir að tunnuverksmiðjan á staðnum brann til kaldra kola. Á Sauðárkróki hefur sjávarútvegurinn verið á heljarþröminni, og frystihús á staðnum hafa ýmist verið í mjög erfiðri aðstöðu eða hreinlega gjaldþrota. Það, sem á skortir á öllum þessum stöðum, er, að eitthvert atvinnuöryggi sé til staðar. Ein aðalorsök ástandsins á þessu svæði er vitaskuld sú, að frá þessu svæði, sem áður var eitt helzta síldveiðisvæði landsins, hefur síldin raunverulega horfið. Þessi landshluti, sem byggður hefur verið upp með hliðsjón af síldarvinnslu og síldarmóttöku, hefur misst af síldinni, en fólkið hefur ekki ráðið við það ástand, sem skapazt hefur. Á stöðunum hefur ekki verið til fjármagn eða aðstaða til útvegunar fjármagns, svo að hægt væri að

breyta þessu ástandi með því að fá ný atvinnutæki, og því hefur farið sem farið hefur.

Það þarf ekki að taka fram, að þetta hérað, Norðurland vestra, er að mörgu leyti mjög vel fallið til uppbyggingar góðra atvinnuvega og blómlegs atvinnulífs. Þetta hérað liggur svo að segja í þjóðbraut. Flutningar til og frá eru mjög auðveldir, og einnig er mjög auðvelt um rafmagnsvinnslu á þessu svæði.

Það er tvímælalaust mjög varhugavert fyrir ríkisvaldið að horfa aðgerðalaust á þessa öfugþróun, sem nú hefur átt sér stað að undanförnu. Þetta er tvímælalaust mál, sem skiptir ekki aðeins íbúa þessa svæðis miklu, heldur hlýtur einnig frá þjóðhagslegu sjónarmiði að vera mjög varhugavert að horfa upp á það, að atvinnulíf í einum landshluta drabbist niður og byggingar grotni niður, vegna þess að fólkið flýi á brott. Það hlýtur að liggja í augum uppi, að enginn getur reiknað ferðir síldarinnar og einn góðan veðurdag getur hún komið á þessa staði aftur, en þá er ef til vill komið það ástand, að fólk er ekki til staðar til að taka á móti henni, byggingar grotnaðar niður og atvinnulífið allt í molum.

Frá þjóðhagslegu sjónarmiði virðist því sjálfsagt, að ríkisvaldið geri einhverjar almennar ráðstafanir til að bæta og tryggja atvinnuástandið á þessum stöðum.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að kaup í almennri verkamannavinnu er ekki svo hátt nú, að menn geti lifað af 8 tíma vinnu. Hv. alþm. geta því ímyndað sér, hvernig sé ástatt fyrir mönnum, sem verða ekki aðeins að láta sér nægja lítið yfir 8 tíma vinnu, heldur standa líka uppi vinnulausir í 3—4 mánuði á ári. Eitt af stjórnarblöðunum lýsti því yfir fyrir rúmu ári, að maður, sem yrði að vinna 8 tíma á dag og hefði ekki annað til að framfleyta sinni fjölskyldu, yrði tvímælalaust hungurmorða. Hvað verður þá sagt um það fólk, sem lítið meiri atvinnu hefur en þessa 8 tíma, en verður þar að auki að horfa upp á að vera atvinnulaust í kannske 3—4 mánuði á hverju ári?

Nú kunna einhverjir að spyrja: Af hverju flytjast menn ekki á brott, þegar ekkert er að hafa á þessum stöðum? Hvað eru menn að hanga, þar sem ekkert er að hafa og ekkert að gera? Mönnum sé nær að flytjast á brott frá þessum steindauðu stöðum og það sé nóg vinna annars staðar, sem menn geta hlaupið í.

Þessu er því til að svara, að algengast er hér á landi, að menn hafi lagt allar sínar eigur í að byggja hús yfir sig og sína fjölskyldu. Og það er um þessi hús að segja, að oft eru þetta einu eignir manna. Menn eiga ekkert annað af dauðum hlutum á þessari jörð en þessa einu eign, sitt hús, og þetta eru oft ágæt íbúðarhús. En nú stendur svo á, að þessar byggingar eru algerlega verðlausar og óseljanlegar. Það er því skiljanlegt, að ekki er glæsilegt fyrir menn að flytja burt úr heimabyggð sinni og verða að skilja eftir á staðnum eina verðmætið, sem þeir eiga og ekki er unnt að selja, og verða svo kannske að flytja til Reykjavíkur, þar sem óðaverðbólga ríkisstj. hefur sprengt húsaleiguverðið upp í 4—6 þús. kr. á mánuði. Ég trúi ekki öðru en flestir, sem þetta hugleiða, skilji, að það er erfitt fyrir menn að taka slíka ákvörðun og ekki að undra, að fátækir menn séu ekki ýkja ginnkeyptir fyrir því að flytja á brott, meðan nokkur von er til þess, að lítið verði á vandamál þetta af einhverjum skilningi.

Nú munu ýmsir samþykkja þessar röksemdir, að það kunni að vera erfitt fyrir menn að flytjast alfarna á brott og skilja byggingar sínar og eigur eftir, en þeir munu segja: Meðan svo stendur á, að lítið aflast, geta menn bara leitað suður á vertíð um stundarsakir, því að þar er oft og tíðum mikil þörf á vinnuafli. Reyndar er haft eftir einum hv. þm., að það sé ekkert auðveldara fyrir menn en að fara suður og það sé reyndar þjóðhagslega nauðsynlegt að hafa svona plass, þar sem ekkert er að gera, hafa svona hóp af mönnum, sem ekkert hafa, svo að hægt sé að grípa til þessa ónotaða vinnuafls og senda á þá staði, sem þörf er á, því að eins og við vitum, er þannig háttað okkar atvinnuvegum, að það geta verið mikil áraskipti að því, hvar atvinnunnar er mest þörf. Ég skal fúslega játa, að það er ekki bein frágangssök fyrir unga og fullhrausta menn að leita sér atvinnu annars staðar, þegar um undantekningartilfelli er að ræða og meðan sem sagt svona illa stendur á, að enga atvinnu er að fá í heimabyggð þeirra. En mergurinn málsins er auðvitað sá, að í fyrsta lagi eru þetta víða engin undantekningartilfelli. Á stöðum eins og Hofsósi og Skagaströnd er þessi háttur orðinn almenn regla og engin undantekning. Þaðan verða flestallir vinnandi menn að leita á brott mikinn meiri hluta ársins og það ekki eitt árið eða annað, heldur ár eftir ár. Ég held, að það geti ekki talizt heilbrigt eða eðlilegt og beri ekki að stuðla að því, að svo sé, að menn séu fjarri heimilum sínum meiri hluta ársins um langt árabil, og geti á engan hátt talizt heilbrigt í neinu þjóðfélagi. Í öðru lagi ber auðvitað að minna á, að það vill nú svo illa til yfirleitt, að ekki nærri allir eiga heimangengt. Fjöldamargir hafa alls ekki heilsu til þess að fara frá heimili sínu í önnur byggðarlög og snapa þar uppi einhverja atvinnu og verða að þiggja hvað sem er. Þetta getur stafað af því, að menn hafi ekki sjálfir heilsu til þess að standa í slíku. Það getur líka staðið þannig á, að þeir eigi sjúka konu, sem þeir eigi erfitt með að vera burtu frá í 8—9 mánuði. Það geta verið heimilisástæður og svo fjöldamargar aðrar ástæður. Þess vegna fer það svo, að enda þótt segja megi, að menn geti leitað á brott til annarra staða hingað suður, þar sem einhverja atvinnu er að fá, geta þetta ekki nærri allir, og þá fer þannig, að fjöldamargir eru hreinlega dæmdir til atvinnuleysis töluverðan hluta af hverju ári.

Ég vil taka það fram, að íbúar í kaupstöðum og þorpum á vestanverðu Norðurlandi eru að vísu ekki þeir einu, sem bundnir eru átthagafjötrum og örlögum atvinnuleysis vegna erfiðra skilyrða. Þannig er ástatt í fáeinum öðrum þorpum á landinu, enda þótt það sé tiltölulega lítið um það sem stendur. Þessir átthagafjötrar eru reyndar þeir sömu sem binda nú marga fátæka bændur í landinu. Ég lít svo á, að þetta tilfelli, sem hér um ræðir, sé þó alveg sérstakt, þar sem

um heilan landshluta er að ræða, sem svo illa er komið fyrir, og þess vegna tel ég, að ríkisvaldið verði að koma þarna til hjálpar, ef þessi landshluti eigi ekki að dragast aftur úr í atvinnulegu tilliti.

Till. þessi er að öðru leyti nokkuð ýtarlega útskýrð í grg., og tel ég ekki ástæðu til þess að endurtaka eða rekja það. En ég vil minna á, að þessi mál eru heimamönnum í Norðurlandi vestra mjög á hjarta, og ég tel sjálfsagt og eðlilegt að lesa hér tvær till., sem snerta einmitt þetta mál og hafa komið fram núna seinustu vikurnar.

Á fundi, sem haldinn var á Skagaströnd 16. jan. s. l., var samþykkt eftirfarandi till., sem ég vil leyfa mér að lesa, með leyfi hæstv. forseta:

„Fundur hreppsnefndar og iðnaðarmanna í Höfðahreppi skorar á Alþingi að samþykkja fram komna till. Ragnars Arnalds um rannsókn á atvinnuástandi Norðurlandskjördæmis vestra og vinna að því að koma á fót atvinnutækjum á hverjum stað í samræmi við þá niðurstöðu, sem þá fæst."

Á fundi, sem boðað var til á Skagaströnd hinn 9. jan. s. l., var borin upp till. og samþ. af öllum fundarmönnum, þar með flestum hreppsnefndarmönnum. Þessa tillögu vil ég líka lesa:

„Almennur fundur, haldinn á Skagaströnd 9. jan. 1964, bendir á hið alvarlega ástand, sem verið hefur í atvinnumálum staðarins nú um nokkurt skeið. Tugir manna standa uppi atvinnulausir nokkurn tíma á hverju ári, og verðmætt vinnuafl fer í súginn. Fundurinn telur það sjálfsagða skyldu ríkisvaldsins að gera sérstakar ráðstafanir, þegar svona stendur á, að sveitarfélag fær ekki að gert, og telur því sjálfsagt, að reist verði á Skagaströnd einhver þau framleiðslu- eða iðnaðarfyrirtæki, sem þörf er á að reisa og heppilegt er talið að staðsetja á Skagaströnd. Bendir fundurinn sérstaklega á niðurlagningarverksmiðju, dráttarbraut, tunnuverksmiðju eða lýsisherzlu. Fundurinn skorar á Alþingi og ríkisstj. að láta þegar fara fram skipulega rannsókn á því, hvaða ráðstafanir séu heppilegastar til að tryggja atvinnuástand á Skagaströnd."

Ég hef lesið þessi bréf vegna þess, að í þeim kemur fram hið almenna viðhorf, sem ríkir í þessu kjördæmi um, að ríkisvaldinu beri skylda til þess að koma til hjálpar, og tel ég það nokkurn stuðning við þá till., sem ég flyt hér.

Að lokum vil ég leyfa mér að leggja til, að lokinni þessari umr., að málinu verði vísað til síðari umr. og fjvn.

Jón Kjartansson: Herra forseti. Í sambandi við þá þáltill., sem hér er til umr., vil ég leyfa mér að segja nokkur orð. Ég vil þá fyrst vekja athygli á því, að á þskj. 107, 94. mál, er till. til þál., sem 5. þm. Norðurl. v., Björn Pálsson, o. fl. hafa flutt og hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela 5 manna nefnd að athuga, hvað hægt sé að gera til að auka iðnað í þeim kauptúnum og kaupstöðum úti á landi, þar sem ónóg er atvinna. Alþingi kýs tvo menn í þessa n., en ríkisstj. skipar 3, og skulu þeir vera sérfróðir í iðnaðarmálum. Störf n. skulu vera: 1) Athugun á því, hvar mest er þörf fyrir aukinn iðnað vegna ónóngrar atvinnu. 2) Athugun á því, hvaða iðngreinar er hagkvæmast að starfrækja á hverjum stað. 3) Að gera till. um, á hvern hátt eigi að útvega fjármagn, svo að hægt sé að starfrækja iðnfyrirtækin. 4) Að gefa upplýsingar um þá faglegu þekkingu, sem nauðsynleg er, til þess að hægt sé að starfrækja þau iðnfyrirtæki, sem n. leggur til, að stofnuð verði."

Þegar ég heyrði fyrst um þessa till., fagnaði ég framkomu hennar, hún er vissulega orð í tíma töluð, því að eins og segir í grg., hefur þess gætt í ríkum mæli undanfarin ár, að atvinna hefur verið mjög misjöfn hér á landi. Að sjálfsögðu verður þessi till. samþ., eða það er a. m. k. von allra þeirra, sem vel þekkja til úti á landinu, og það er von manna, að störf þessarar n. verði til þess að betrumbæta núverandi atvinnuástand, þar sem það er slæmt.

Till. sú til þál., sem hv. þm. Ragnar Arnalds flytur hér, er einnig hin þarfasta, því að þótt nefnd yrði kosin á hinu háa Alþingi, eins og gert er ráð fyrir í till. til þál. á þskj. 107, tel ég, að það væri einnig hægt að kjósa n. þá, sem hér greinir í þessari þáltill., sökum þess að eins og ræðumaður tók réttilega fram, er atvinnuástandið á stöðum í Norðurlandskjördæmi vestra mjög bágborið, svo að það hefur ekki verið eins slæmt í langan tíma. Það er langt síðan stór hópur manna á Íslandi hefur á skipulagðan hátt þurft að fara frá heimilum sínum, eins og nú á sér stað á Siglufirði, til þess að afla sér lífsviðurværis á öðrum stað. Að vísu var það óhapp, sem því olli, þar sem tunnuverksmiðjubruninn var, en engu að síður er það staðreynd.

Hvað er það þá, sem helzt þyrfti að gera til úrbóta í atvinnumálum nyrðra? Það er eins og kemur fram í grg., ýmislegt, sem hægt er að gera.

Ég vil minnast fyrst á stærsta kaupstaðinn í Norðurlandskjördæmi vestra, sem er Siglufjörður. Þar ríkir nú nálægt því neyðarástand í atvinnumálunum. En úr þessu er hægt að bæta. Síldarverksmiðjur ríkisins eiga þarna eignir upp á hundruð millj. kr. Þær þurfa hagsmuna sinna vegna að tryggja það, að í Siglufirði haldist áframhaldandi byggð, þær þurfa því að tryggja verkafólki þarna varanlega atvinnu. Í því sambandi vil ég fyrst minnast á niðursuðuverksmiðjuna. Samkv. l. frá Alþingi má reka hér í landi niðursuðuverksmiðju ríkisins. Hún var sett á stofn fyrst og fremst til að bæta úr ársbundnu atvinnuleysi á Siglufirði yfir vetrarmánuðina, svo og til þess að gera hráefnið, þ. e. síldina, verðmætari verzlunarvöru en ella. Frá því að niðursuðuverksmiðjan tók til starfa og til þessa hefur rekstur verksmiðjunnar gengið illa, þegar á heildina er litið. Ég vil þó taka það fram, að þegar vara þessarar verksmiðju kom fyrst á markaðinn, líkaði hún prýðilega, og hún er ágæt. En stjórnendur síldarverksmiðja ríkisins, sem einnig stjórna niðursuðuverksmiðju ríkisins, hafa skýrt frá því, að forsendur þess, hve illa hefur gengið, séu, að framleiðslan sé illseljanleg á heimsmarkaðnum. Það verður að segjast eins og er, að það er lítt skiljanlegt, að gæðavara eins og norðlenzka síldin sé illseljanleg, þegar vitað er um, að hundruð milljóna manna í heiminum hafa ekki nægilega

fæðu og jafnvel svelta heilu hungri. Höfuðrökin fyrir því, að síldin selst illa, eru sögð vera þau, að framleiðslan sé of dýr og að varan sé svo viðkvæm í meðförum, að hún skemmist á þeirri löngu leið, sem er á milli framleiðslustaðar og hins endanlega kaupanda. Það má vel vera, að þetta sé rétt. En það er ekki þar með sagt, að þetta eigi að vera svona og þurfi að vera svona. Úr þessu þarf að bæta. Kostnaðarverð framleiðsluvöru þessarar, sem ég hef hér gert að umtalsefni, er of hátt. Og það er hægt að minum dómi að lækka það. Síldarverksmiðjur ríkisins eiga ekki að reikna sér fyrst um sinn neina þóknun fyrir bókhald og fyrir yfirstjórn og jafnvel ekki fyrir húsakost, þar sem telja verður, að aukin vetrar-atvinna í Siglufirði sé ekki síður hagur síldarverksmiðja ríkisins en þeirra, sem vinnunnar verða aðnjótandi. Með því að tryggja góða verkamenn allt árið á þessum stað eru verksmiðjurnar að tryggja sér góða starfsmenn, þegar mest á ríður, þegar síldin berst að landi.

Fyrst ég hef minnzt sérstaklega á niðursuðuverksmiðjuna, vil ég segja það, að ég held, að það þyddi ekki stórumbætur fyrir niðursuðuverksmiðjuna, þó að sérstök stjórn yrði sett yfir verksmiðjuna, sem síðar setti á stofn sérstakar skrifstofur og annað þess háttar, sem fylgja mundi í kjölfarið. Það, sem fyrst og fremst þarf að gera, er skipulögð markaðsleit, ekki einvörðungu í Englandi og Þýzkalandi, heldur miklu víðar. Hér er ekki einvörðungu um að ræða mál, sem snertir eitt byggðarlag, heldur landið allt. Það, hvort unnt er að gera norðlenzku síldina að verðmætari útflutningsvöru eða ekki, tel ég vera dagsins brennandi mál, og við þeirri spurningu verður að fá svar. Því skyldum við Íslendingar ekki geta fullunnið þessa vöru fyrir erlendan markað, eins og Svíar gera og Danir og Norðmenn? Það hefur ekki verið sársaukalaust að horfa upp á það, þegar sænskir síldarkaupmenn hafa verið að senda til Íslands svona að gamni sínu 3—4 dósir af Norðurlandssíld með þeim ummælum, að þetta sé síldin, sem var við Siglufjarðarbryggjurnar í fyrra.

Þegar stjórn síldarverksmiðja ríkisins fékk heimild og fyrirmæli um að hefja rekstur niðursuðuverksmiðjunnar í Siglufirði, fylgdu þeim fyrirmælum engir fjármunir, engin fjárupphæð, en eðlilegt hefði verið, að eitthvert stofnfjárframlag hefði fylgt. Stjórn síldarverksmiðja ríkisins hefur skorið við nögl sér fjárveitingar til þessa fyrirtækis, vegna þess að stjórn verksmiðjanna lítur svo á, að niðursuðuverksmiðja ríkisins og síldarverksmiðjur ríkisins séu ekki sama fyrirtækið, sem það ekki heldur er, og stjórnin hefur látið þá skoðun í ljós, að hún hefði jafnvel ekki heimild til að láta þá fjármuni í niðursuðuverksmiðjuna, sem hún hefur þegar látið. Sökum þessa sjónarmiðs hefur niðursuðuverksmiðjan í Siglufirði orðið eins konar olnbogabarn, eins konar hálfsystkini síldarverksmiðja ríkisins, og hún hefur orðið að gjalda þessarar aðstöðu.

Ég vil gjarnan, að það komi fram undir þessum umr., þegar rædd er þessi þáltill. og atvinnuleysið á Norðurlandi vestra, að það, sem mér virðist þurfa að gera í þessu máli, er, að ákveðið verði annaðhvort — og það þarf náttúrlega enga nefnd til þess — að sameina niðursuðuverksmiðju ríkisins síldarverksmiðjum ríkisins í eitt fyrirtæki undir eina stjórn og síldarverksmiðjur ríkisins láti hefja alvarlega athugun á sölu Siglósíldarinnar á erlendum markaði og lækki hráefnisverðið að nokkru til að koma því frekar í fyrstu á erlenda markaði, eða að niðursuðuverksmiðja ríkisins verði gerð að sérstöku fyrirtæki með sérstakan framkvæmdastjóra og sérstaka stjórn og skrifstofu og fái fé til umráða, því að það þýðir nátturlega ekkert að hafa þetta sem eitthvert pappírsgagn. Það er engum til góðs að hafa yfirráð 200 fermetra í lélegu húsnæði norður í landi, sem á að heita niðursuðuverksmiðja ríkisins, ef það eru ekki til neinir peningar til að senda dugandi menn um mörg lönd til að koma framleiðslunni inn á markaðina, eins og þarf að gera.

Í sambandi við önnur atvinnufyrirtæki á Norðurlandi vestra, sem mætti koma upp og eiga að koma upp, vil ég minnast á tunnuverksmiðjuna. Hún er, eins og kunnugt er, nýbrunnin í Siglufirði, og var það mikið tjón. Nú stendur til að auka hana, og að sjálfsögðu ætti, eins og bæjarstjórn Siglufjarðar hefur farið fram á, að auka hana að afköstum um helming. Það er í raun og veru ekkert vit að vera að byggja fjölmargar tunnuverksmiðjur um allt land, á sama tíma sem slíkar verksmiðjur hafa staðið og standa auðar og vélakostur þeirra er ekki fullnýttur. Norðmönnum dettur ekki í hug að byggja verksmiðju eins og tunnuverksmiðju og láta vinna í henni 8 stundir á dag. Það eru til verksmiðjur í Noregi, ámóta tunnuverksmiðjur, sem ég hef skoðað, og það er varla vinnuhlé á aðfangadagskvöld. Þar er unnið m. a. öll jólin, og Norðmenn segja, að með því að láta þessar verksmiðjur aldrei stanza og láta hjólin alltaf snúast, er hægt að lækka framleiðslukostnaðinn. Þess í stað er bara unnið í verksmiðju eins og tunnuverksmiðju ríkisins á Siglufirði 8 tíma og látið þar við sitja. Við vitum, að það hlýtur að vera einhver tími, sem gengur í það, að menn eru að koma og fara, setja vélar í gang og annað þess háttar. Það, sem á að gera í sambandi við tunnuverksmiðju ríkisins í Siglufirði, er, að það á að byggja hana stærri en hún var, að sjálfsögðu með nýtízkuvélum, og það á að láta hana ganga allan sólarhringinn. Maður fær það alltaf framan í sig, þegar maður talar um tunnuverksmiðjuna og framleiðslu hennar, að erlendu tunnurnar séu ódýrari en þær íslenzku. En það er aldrei talað um það, að þær íslenzku eru betri en þær erlendu, sem fluttar hafa verið inn, og síldarsaltandinn hefur þurft að kosta mun minna til viðhalds þeirra tunna, sem smíðaðar hafa verið á Íslandi, heldur en þeirra erlendu, sem fluttar hafa verið inn, og það eru líka fjármunir.

Í sambandi við lýsisherzluverksmiðju vil ég segja þetta: Lög voru og eru fyrir hendi um að byggja lýsisherzluverksmiðju í landinu, og það var fyrir alllöngu hafinn undirbúningur að byggingu slíkrar verksmiðju. Það voru komnar nokkrar vélar í þá verksmiðju til Siglufjarðar, en þær voru seldar. Forsendan fyrir því, að það var gert, var sú, að síldin brást 1944, og það hefur ekki verið fitjað upp á því að byggja lýsisherzluverksmiðju síðan, enda þótt lög um síld-

arlýsisherzlu séu fyrir hendi og síldaraflinn hafi aukizt. Er vissulega tímabært orðið að taka þetta mál alvarlega til athugunar á ný.

Það er ekki nokkur vafi á því, að það eru miklir möguleikar til að byggja upp atvinnu í Norðurlandskjördæmi vestra, eins og annars staðar á landinu, þar sem atvinna er lítil, og það verður ekki gert nema með aðstoð ríkisvaldsins, það er vitað mál. Ríkisvaldið, Alþingi, verður að gera það upp við sig, hvort það vill hafa atvinnulífið í sæmilegu lagi á þessum stöðum, eða hvort það vill, að það dragist saman og fólkið flýi þessa staði, þar sem minnst er atvinnan.

Ég vil að lokum benda á það, að þetta mál þarf að taka til alvarlegrar athugunar hér á háttvirtu Alþingi.

Hér kom fram á þinginu till. til þál. um atvinnuástandið úti á landi, sem hv. þm. Björn Pálsson o. fl. fluttu, en ég sé enga ástæðu til þess, að það sé ekki hægt að samþykkja einnig till. þá til þál., sem flutt er af Ragnari Arnalds, og mun því styðja báðar þessar till., ef ég á sæti á Alþingi, þegar atkvgr. fer fram.

Flm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég vil þakka hv. 3. þm. Norðurl. v. fyrir hans ræðu, sem ég er í öllum aðalatriðum ákaflega sammála. Hann minntist nokkuð á síldariðnaðinn, sem gerður er að umtalsefni í grg. fyrir þeirri till., sem hér er á dagskrá á þskj. 198, enda munu flestir vera sammála um, að síldariðnaður, þ. e. a. s. fullvinnsla síldarinnar, sé eitt mesta stórmál í atvinnumálum Íslendinga, sem framtíðarinnar bíður. Ég tel hins vegar ekki ástæðu til þess að fara að ræða frekar um það atriði.

Á dagskránni í dag var fsp. til atvmrh. varðandi niðurlagningarverksmiðjuna á Siglufirði, þar sem spurt var um sölu á framleiðsluvörum og í öðru lagi um stjórn verksmiðjunnar. Þessi till. kom ekki til umr. núna vegna þess, að ekki var búið að undirbúa málið af hálfu ráðh., og þar af leiðandi tel ég ekki ástæðu til þess að ræða þetta mál núna, heldur rétt að bíða þess, að svör fáist frá ráðh. um skoðanir ríkisstjórnarinnar á því.

Ég er alveg sammála þeim hugmyndum, sem fram komu í ræðu hv. 3. þm. Norðurl. v. um, að það sé höfuðnauðsyn, að niðursuðuverksmiðjan á Siglufirði verði sett undir sérstaka stjórn og henni fengin sérstök fjárveiting í hendur, en eins og ég sagði, tel ég ekki ástæðu til að fara að ræða það mál frekar og gerði það ekki áðan af þeim sökum, sem ég greindi.

Eins og hv. seinasti ræðumaður benti á, liggur fyrir þinginu önnur svipuð till., sem ég reyndar minntist á, þ. e. a. s. þáltill. frá hv. 5. þm. Norðurl. v., og er ég sammála því, að sjálfsagt sé að samþ. þær báðar hér í þinginu, en hins vegar hef ég lagt áherzlu á þessa hlið málsins, vegna þess að ég óttast, að ef farið er að ræða atvinnumálin á landinu almennt, þá gleymist, að það þörf skjótra úrræða í sambandi við þennan ákveðna landshluta, sem sker sig úr í atvinnulegu tilliti hér á landi. Ég óttast, að ef málið er tekið allt of almennum tökum, verði það eins og svo oft áður, að skipuð sé nefnd, sem fari að kynna sér málið um allt land, og starf hennar verði svo viðamikið og flókið, að smám saman lognist hún út af. Við þekkjum dæmi þessa í þingsögunni og það sjálfsagt allmörg. Enda þótt ég telji sjálfsagt, að það sé á hverjum tíma og reyndar sem oftast gerð slík rannsókn á atvinnuástandinu úti um land og almennar áætlanir um heildaruppbyggingu iðnaðar, þá tel ég hins vegar sjálfsagt, að ástandið í þessum landshluta sé tekið til alveg sérstakrar meðferðar, vegna þess að það er sérstætt og sker sig úr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 30 shlj. atkv. og til fjvn. með 32 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

26. Eignarréttur og afnotaréttur fasteigna.

Á deildafundum 21. jan. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um endurskoðun laga um eignarrétt og afnotarétt fasteigna [113. mál] (A. 199).

Á 37., 38., 39., 40., 43. og 46. fundi í Sþ., 31. jan., 5., 6., 12., 19. og 26. febr., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 49. fundi í Sþ., 4. marz, var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Till., sem ég flyt hér ásamt 3 hv. þm., er á þskj. 199, um endurskoðun laga um eignarrétt og afnotarétt fasteigna. Þessi þáltill. var flutt af okkur sömu þm. á síðasta þingi, en till. var þá ekki útrædd. Hún var send lagadeild Háskóla Íslands til umsagnar, en þingi var slitið, áður en lagadeildinni ynnist tími til að afgreiða umsögn um málið. Ef máli þessu verður eftir þessa umræðu vísað til allshn., tel ég víst, að hún muni óska eftir að fá umsögn um málið frá lagadeild, sem áður var um beðið. Með því að ég hafði framsögu fyrir þessu máli á síðasta þingi og það fylgir málinu allýtarleg grg., þá þarf ég ekki að fara um málið mörgum orðum.

Flestar þjóðir munu hafa allýtarlega löggjöf um það, hvaða skilyrðum þurfi að fullnægja, til þess að útlendir einstaklingar eða félög megi eignast fasteignir í hlutaðeigandi landi og hafa afnotarétt af þeim. Við Íslendingar höfum þessi ákvæði í lögum nr. 63 frá 28. nóv. 1919, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna. Í lögunum frá 1919 er sett sú aðalregla, að þeir einstaklingar, sem eiga heimilisfang í landinu, hafi réttindi til að eiga fasteignir í landinu og hafa afnotarétt fasteigna í landinu. Í lögunum er það ekki gert að skilyrði, að einstaklingurinn sé íslenzkur ríkisborgari og ekki einu sinni hafi dvalizt tiltekið árabil í landinu sjálfu. Það virð-

ist ekkert vera því til fyrirstöðu, að útlendingar eignist hér fasteignir, ef þeir uppfylla það skilyrði eitt að vera hér búsettir. Ef um félög er að ræða og hver félagi ber fulla ábyrgð á skuldbindingum félagsins, er það einnig nægilegt, að þeir séu búsettir á Íslandi. Sé um hlutafélög að tefla eða stofnanir, er það skilyrði eitt sett, að félagið eða stofnunin eigi hér heimilisfang og hafi hér varnarþing í landinu og stjórnendur stofnunarinnar eða hlutafélagsins eigi hér heimilisfang. Frekari skilyrði en þau, sem ég hef nú greint, virðast ekki sett fyrir því, að útlendingar eigi hér fasteignir. Það er eftirtektarvert, að íslenzk löggjöf setur engin skilyrði um hlutafjáreign íslenzkra ríkisborgara. Þótt hlutafjáreign sé að miklum hluta í höndum útlendinga, er það löglegt samkv. íslenzkum lögum.

Mér virðist það liggja í augum uppi, að ákvæði laganna frá 1919 eru ekki mikill hemill á það, að útlendingar geti eignazt hér fasteignir, og ætti það að liggja ljóst fyrir samkv. því, sem ég hef nú rakið. Það er þess vegna brýn nauðsyn til þess að áliti okkar flm., að þessi lög séu endurskoðuð. Ég hef ekki kynnt mér að ráði löggjöf annarra þjóða um þetta efni, en tel mig þó geta fullyrt, að hjá flestum öðrum þjóðum eru skilyrðin fyrir því, að útlendingar geti eignazt fasteignir, miklu strangari en hér á landi. En ég tel rétt og raunar alveg nauðsynlegt, að við, sem erum fámenn þjóð, höfum a. m. k. eins ströng ákvæði því til varnar, að útlendingar geti keypt hér fasteignir, eins og nokkur önnur þjóð.

Efni till. er einnig um endurskoðun laga-ákvæða um atvinnuréttindi útlendinga hér á landi. Við flm. álítum, að rétt sé, að ákvæði þessu viðvíkjandi séu athuguð í sambandi við þetta mál.

Það kann að vera, að ýmsir segi sem svo, að þessarar löggjafar sé ekki mikil þörf eða endurskoðunar á henni, þetta hafi allt gengið sæmilega, útlendingar hafi ekki keypt hér fasteignir. Það er rétt, þeir hafa ekki keypt hér fasteignir að ráði. En við verðum að gæta þess, að tímarnir eru breyttir. Við höfum lifað í einangrun, og það hefur verndað okkur í þessu efni. Nú lifum við í þjóðbraut, og tímarnir eru að því leyti breyttir, og þeir eru breyttir að öðru leyti. Mörg aðstaða til atvinnurekstrar, sem áður var lítils virði hér á landi, er nú orðin mikils virði, og er tvímælalaust, að útlendingar renna til þeirra réttinda hýru auga. Það er þess vegna að okkar áliti nauðsynlegt, að sett sé ýtarleg löggjöf um þessi efni að ýtarlegri rannsókn lokinni, eins og gert er ráð fyrir í þessari till. Við hina breyttu aðstöðu, sem ég minntist á áðan, að við erum nú í þjóðbraut, en vorum áður afskekktir, bætist það, að mörg lönd eru nú fullsetin, og það er leitað eftir hverjum auðum bletti, sem opinn stendur, og við getum gert ráð fyrir því, að það verði einnig hér á landi. Það er því, eins og ég hef tekið fram, álit okkar flm., að þetta mál þurfi ýtarlega rannsókn og að henni lokinni þurfi að setja löggjöf um þetta efni, sem er a. m. k. eins trygg og löggjöf sú, sem flestar aðrar þjóðir setja um þetta efni.

Ég legg til, að eftir þessa umr. verði málinu vísað til allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 50. fundi í Sþ., 5. marz, var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 44 shlj. atkv. og til allshn. með 40 shlj. atkv.

Nefndaráliti frá meiri hl. allshn., á þskj. 606, var útbýtt 8. maí, en till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

27. Hámarksvinnutími barna og unglinga.

Á deildafundum 23. jan. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um hámarksvinnutíma barna og unglinga [116. mál] (A. 202).

Á 37. fundi í Sþ., 31. jan., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 40. fundi í Sþ., 12. febr., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Við höfum, 3 þm. Alþfl., leyft okkur að flytja till. til þál. um hámarksvinnutíma barna og unglinga, m. ö. o. um, að sett verði vökulög barnanna. Till. hljóðar, með leyfi hæstv. forseta, svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta undirbúa frv. til laga um hámarksvinnutíma barna og unglinga í hinum ýmsu starfsgreinum og leggja frv. fyrir þingið svo fljótt sem þess er kostur."

Börn og unglingar hafa um aldir unnið mikið í landi okkar. Hefur það jafnan þótt góður skóli, svo framarlega sem starfið hefur ekki ofboðið kröftum og þroska æskufólksins. Eðlilegt væri, að vinna barna og unglinga væri jafnan í hófi og eingöngu miðuð við uppeldislega þörf. Á þetta ekki sízt við nú, eftir að þjóðin má heita bjargálna og þarf ekki að slíta kröftum æskunnar til að hafa í sig og á. En því miður hefur þróun þessara mála ekki orðið á þann æskilega hátt á síðustu árum, heldur þvert á móti. Eftir því sem skortur á vinnuafli hefur verið meiri í landinu, hafa atvinnufyrirtæki sótzt meira eftir börnum og unglingum til vinnu og boðið þeim hærra kaup. Freisting peninganna hefur reynzt sterk, svo að barna- og unglingavinna er hér meiri en í öðrum löndum, sem hafa sambærileg lífskjör. Hafa glöggir gestir tekið eftir því hér, að barnavinna er mun meiri en annars staðar, og undrast, að þjóð, sem er svo félagslega þroskuð sem Íslendingar, skuli láta jafnmikla barnavinnu viðgangast og hér hefur verið.

Sérstaklega er það varhugavert, sem farið hefur vaxandi, að láta börn og unglinga standa við vinnu í húsum inni, þar sem birta og loftræsting eru oft ófullnægjandi, sex, átta og jafnvel

tíu klst. á dag. Hefur þetta víða haft þau áhrif á börnin, að skólamenn hafa talið sig knúða til þess að vara við hinum langa vinnutíma innanhúss og minna þau og foreldrana á, að börn verði að njóta hvíldar, birtu og yls þann tíma, sem þau eru ekki í skóla.

Oft hafa unglingar fært heimilum sínum björg í bú og veitt mikilsverða fjárhagslega aðstoð. Hitt mun þó algengara á síðari árum, að foreldrar lofi börnum og unglingum að eiga sjálf það fé, sem þau fá í kaup. Eru ýmis dæmi þess, að þau fjárráð hafi verið meiri en góðu hófi gegnir og oft ekki börnunum eða unglingunum til góðs.

Við teljum, flm. þessarar till.. sjálfsagt, að börn og unglingar vinni, en að vinnan verði fyrst og fremst að miðast við uppeldisþarfir þeirra. Vinnutíminn verður að vera í samræmi við aldur og getu, og hann má ekki verða svo langur, að hann svipti unglingana eða börnin eðlilegum tómstundum og hollri útivist, sérstaklega ekki þegar sól er hæst á lofti á sumrin. Virðist tímabært, að sett verði lög um hámarksvinnutíma barna og unglinga í hinum ýmsu starfsgreinum. Til slíkrar löggjafar verður að vanda. Þar þurfa að koma til ráð lækna, kennara, uppeldisfræðinga og að sjálfsögðu foreldra. Ekki þarf að taka fram, að bæði verkalýðshreyfingin og atvinnurekendur þurfa að vera með í ráðum og láta í ljós sitt álit og sína reynslu. Við viljum vona, að hv. þm. geti verið sammála um að láta undirbúa slíka löggjöf og leggja hana síðan fram. Í trausti þess legg ég til, að þessari umr. verði frestað og málinu vísað til allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 41. fundi í Sþ., 13. febr., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 41 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

28. Fræðslu- og listaverkamiðstöðvar.

Á deildafundum 23. jan. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um endurskoðun löggjafar í þeim tilgangi að stofna eða efla fræðslu- og listaverkamiðstöðvar í byggðum landsins [118. mál] (A. 204).

Á 40., 43., 46. og 49. fundi í Sþ., 12., 19. og 26. febr., 4. marz, var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 52. fundi í Sþ., 11. marz, var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Ég hef ásamt hv. 2. þm. Sunnl. leyft mér að flytja á þskj. 204 till. til þál. um endurskoðun löggjafar í þeim tilgangi að stofna eða efla fræðslu- og listaverkamiðstöðvar í byggðum landsins. Till. er þess efnis að fela ríkisstj. að skipa 5 manna nefnd til að endurskoða lög frá 1947 um viðhald fornra mannvirkja og byggðasöfn, lög frá sama ári um héraðsskjalasöfn og I. kafla l. frá 1963 um almenningsbókasöfn og gera jafnframt till. um samræmda löggjöf í þeim tilgangi að stofna eða efla fræðslu- og listaverkamiðstöðvar í byggðum landsins undir umsjá sérfróðra manna, er búsettir verði, eftir því sem við verður komið, í hlutaðeigandi héraði eða landshluta. Í till. er gert ráð fyrir, að ráðuneytisstjórinn í menntmrn. eigi sæti í n. og sé formaður hennar, að öðru leyti séu nm. skipaðir samkv. tilnefningu þannig, að einn nm. sé tilnefndur úr landsfjórðungi hverjum, en tilnefning fari fram á fjórðungssambandsfundi eða á fundi, þar sem mættir eru 1—2 fulltrúar frá hverri sýslunefnd og bæjarstjórn í fjórðungnum. Síðan segir svo í till., að n. skuli í starfi sínu hafa samráð við þjóðminjavörð, þjóðskjalavörð, bókafulltrúa ríkisins, forstöðumenn listasafns ríkisins, náttúrugripasafnsins, svo og sýslunefndir og bæjarstjórnir, eftir því sem við verður komið.

Efni þessarar till. er í rauninni komið frá fjórðungsþingi Norðlendinga, er haldið var sumarið 1962, og frá Jóhanni Skaftasyni sýslumanni og bæjarfógeta á Húsavík, sem um skeið var formaður fjórðungssambandsins. Frá þessum aðilum bárust þessar till. á sínum tíma eða svipaðar till. inn í n., sem þá starfaði á vegum ríkisstj. að því að gera athuganir og till. varðandi staðsetningu ríkisstofnana. Og þessi nefnd fékk Jóhann Skaftason sýslumann, sem er mikill áhugamaður í þessu máli og viðurkenndur áhugamaður um eflingu þjóðlegrar menningar og landsbyggðar, til þess að gera grg. um nokkra þætti þessa máls, og sú grg., sem hann á sínum tíma gerði fyrir n., er prentuð með þessari till. sem fskj. Í þessari n. áttum við hv. 2. þm. Sunnl. sæti og ekki aðrir, sem nú eiga sæti á þingi, og þess vegna er það, að við höfum tekið þetta mál til flutnings hér á þingi til þess að kynna það og fá það tekið til þinglegrar meðferðar.

Ég skal ekki hafa um þessa till. mörg orð, enda er hér margt annað á dagskrá, og get látið mér að mestu nægja að vísa til grg., sem till. fylgir, og fskj., sem ég nefndi áðan. En fyrir hvatamönnum þessa máls á Norðurlandi, sem í raun og veru hafa komið því á framfæri opinberlega, vakir, að gerð verði tilraun til þess, eins og segir í till., að koma upp eins konar menningarmiðstöðvum og fræða í byggðum landsins, þar sem það telst framkvæmanlegt, og að í þessum menningarmiðstöðvum eða í sambandi við þær séu héraðsskjalasöfn og byggðasöfn og almenningsbókasöfn og jafnframt söfn listaverka og söfn náttúrufræðilegs efnis, og þá fyrst og fremst varðandi íslenzka náttúrufræði, sem sé að þarna séu miðstöðvar þjóðlegra fræða og sér í lagi fræða, sem varða þann landshluta, sem hér er um að ræða, þjóðlegra fræða, bæði á sviði bókmennta og lista og náttúrufræði. Þetta er það, sem fyrir hvatamönnum þessa máls vakir. Jóhann Skaftason segir í áminnztu fskj. m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Héraðsskjala- og byggðasöfnin eru í fæðingu,

en þau eru enn lítils megnug. Kapp þarf að leggja á að efla þau, og fer vel á, að ríki og héruð hafi samvinnu um það. Er nú aðstaða til þess orðin góð, þar sem hægt er að kaupa smámyndaræmur (mikrofilmur) af skjalasöfnum og ljósprentaðar útgáfur af ýmsum fornum bókum. Héraðsskjalasöfnin hafa þegar tekið við ýmsum gömlum opinberum skjölum og bókum og taka við því framvegis. Almenningur varðveitir margs konar ritaðan alþýðufróðleik, sem söfnunum mun áskotnast smátt og smátt, en strax þarf að rannsaka, hvað af því tagi er fáanlegt. Þjóðminjasafnið varðveitir allmikið af fornum munum, sem það getur sér að meinalausu afhent viðkomandi byggðasöfnum, þegar þau öðlast hæf húsakynni og hætta að láta sér nægja gömlu torfbæina, sem uppbúnir á sinn rétta hátt eiga aðeins að vera einn gripur í fórum byggðasafnsins. Byggðasöfnin eru smátt og smátt að verða lista- og menningarsögusöfn héraðanna. Þar sem í sama héraði er bæði skjalasafn og byggðasafn, gæti sami maður veitt þeim báðum forstöðu í byrjun. Ætti hann að vera lærður í fornfræði, sögu Íslands eða íslenzkri tungu og hafa lokið háskólaprófi í þeim fræðum. Hann gæti einnig verið bókavörður héraðsins, og væri hentilegt, að hann hefði sér til aðstoðar launaða stúdenta, sem leggja vildu stund á þau fræði, sem söfnin varðveittu, og gætu þeir búið sig þar að nokkru undir háskólapróf jafnframt starfi við safnið."

Á það hefur verið lögð sérstök áherzla, og ég sé ástæðu til þess að nefna það hér, að sem forstöðumenn þessara menningarmiðstöðva í landshlutunum veldust menn, sem væru vel undir það starf búnir, og sér í lagi menn, sem lokið hafa háskólaprófi í íslenzkum fræðum við háskólann hér, og að þeir menn yrðu þar með starfandi víðs vegar um landið í stað þess, sem nú á sér stað, að menn, sem slíka menntun hafa, safnast flestir saman hér í höfuðborginni, af því að hér og óvíða annars staðar eru verkefnin. Þetta er einmitt að ýmissa dómi mjög mikið atriði í þessu máli. Sama er að segja að sjálfsögðu að því er varðar listasöfnin og náttúrufræðisöfnin, að til þeirra þyrftu að veljast sérfróðir menn. Væri þannig að því stefnt að dreifa kröftum sérmenntaðra manna á þessum sviðum meir um landið en gert hefur verið.

Jóhann Skaftason bendir á það í þessari ritgerð m. a., að fyrr á tímum hafi verið til fjöldi fræða- og menningarmiðstöðva víðs vegar um landið. Hann bendir á skólana fornu og biskupsstólana og á klaustrin, þar sem án efa hafa verið unnin merkileg verk, sem hafa kannske átt meiri þátt í því en nokkuð annað að halda uppi íslenzkri menningu og sjálfstæði og hróðri Íslands og íslenzkrar menningar. Og einnig var það svo, að fyrr á tímum fór svo um flesta menn, sem æðri menntun höfðu hér á landi eða sóttu hana út yfir hafið, að þeir gerðust starfsmenn kirkjunnar, sóknarprestar í þjónustu hennar víðs vegar um landið, og einnig á mörgum prestssetrum voru einmitt slíkar menningarmiðstöðvar. Nú eru þessar menningarmiðstöðvar flestar algerlega horfnar af landsbyggðinni, og yfirleitt fer ekki að verða um slíkt að ræða í sambandi við t. d. kirkjulegar stofnanir, enda starfa fræðimenn nú á sérsviðum og fá menntun til þess, sams konar menn og áður gengu í þjónustu kirkjunnar. Eitthvað ætti að koma í staðinn fyrir þetta, segir Jóhann Skaftason, og kannske er það hugsunin um þessar fornu fræðamiðstöðvar í dreifbýlinu, sem hefur vakið menn til umhugsunar um þetta framtíðarmál.

Ég vil vekja athygli á því í þessu sambandi, að tveir hv. alþm., hv. 5. þm. Norðurl. e. og hv. 3. þm. Norðurl. v., hafa á þskj. 49 flutt till. til þál., sem varðar einn þátt þess máls, sem ég nú hef rætt, og var sú till. flutt nokkru fyrr en við fluttum okkar till. En sú till. fjallar um listasöfn og listsýningar utan Reykjavíkur. Ég teldi eðlilegt, að þessar tvær till. yrðu athugaðar samtímis, þó að sú till., sem ég nefndi nú, fjalli ekki nema um hluta af efni þeirrar till., sem hér liggur fyrir, og þess vegna mundi ég telja heppilegt, að till. á þskj. 204 yrði vísað til þeirrar n., sem hefur hina till. til meðferðar, sem mig minnir, að sé hv. fjvn. Ég vil biðja hæstv. forseta að athuga það mál, áður en atkvgr. fer fram um n., en ég mundi telja eðlilegt, að báðar till. fengju meðferð í sömu nefnd. Legg ég nú til, að till. verði vísað til n. og til síðari umr.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 53. fundi í Sþ., 12. marz, var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 44 shlj. atkv. og til fjvn. með 45 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

29. Fjölgun tannlækna.

Á deildafundum 29. jan. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál um fjölgun tannlækna [126. mál] (A. 216).

Á 37. fundi í Sþ., 31. jan., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 40., 43. og 49. fundi í Sþ., 12. og 19. febr., 4. marz, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 54. fundi í Sþ., 18. marz, var till. enn tekin til einnar umr.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Fyrr á þessu þingi átti frú Katrín Smári hér sæti sem varaþm. Þá flutti hún þáltill., sem nú er tekin til umr. og fjallar um fjölgun tannlækna. Vil ég í fjarveru hennar gera stutta grein fyrir till. Till. hljóðar, með leyfi hæstv. forseta, svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að leita leiða til að fjölga tannlæknum í landinu og tryggja þannig meiri og betri tannlækningar og leggja tillögur til úrbóta fyrir næsta reglulegt þing."

Það er alkunna, að tannlækningar eru einn veikasti hlekkur í heilbrigðismálum íslenzku þjóðarinnar. Skortur á tannlæknum er mikill, með þeim afleiðingum, að erfitt er að fá tannviðgerðir nema eftir langa bið, og hlýtur slíkt ástand að hafa mjög slæm áhrif á tannheilsu þjóðarinnar. Sérstök ástæða er til þess að hafa áhyggjur af þessum málum vegna barna og unglinga. Hinni uppvaxandi æsku er mikil nauðsyn, að haft sé eftirlit með tönnum hennar og lækning tryggð í tíma, þegar hennar er þörf. Hið sama gildir að sjálfsögðu um barnshafandi konur.

Talið er, að tannlæknar þurfi að vera einn á móti hverjum 1000 íbúum, sem þeir þjóna. Hér á landi mun vera einn tannlæknir á móti hverjum 3500 landsmönnum. Rektor Háskóla Íslands sagði nýlega í blaðaviðtali, að húsnæðisvandræði og fjárskortur valdi því, að ekki útskrifast fleiri tannlæknar en raun ber vitni. Jafnvel með bættum aðstæðum og auknu fé gerir háskólinn sér ekki von um, að þessi mál komist í viðunandi horf fyrr en 1980. Er því ærin ástæða til þess að gefa þessu máli gaum og leitast við að hraða þessari þróun í rétta átt, þannig að við þurfum ekki að bíða hátt á annan áratug, áður en þjóðin hefur viðunandi fjölda tannlækna, svo vel sem hún býr í mörgu öðru tilliti.

Tannlæknanám krefst sérstakrar og mjög dýrrar aðstöðu, og enda þótt nýlega hafi verið aukið við tannlæknadeild háskólans og aðgangur að deildinni takmarkaður, er ástandið eins og hér hefur verið getið. Æskilegt virðist, að ríkisstj. láti rannsaka þetta mál sérstaklega og leiti lausnar á þeim vanda, sem þarna blasir við, þannig að tannlækningar verði ekki torfengnari eða dýrari en aðrar lækningar. Sá er tilgangur þeirrar till., sem frú Katrín Smári flutti fyrr á þinginu.

Herra forseti. Ég vil leggja til, að umr. verði frestað og till. vísað til allshn.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

30. Ábyrgðartryggingar atvinnurekenda á starfsfólki.

Á deildafundum 4. febr. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um ábyrgðartryggingar atvinnurekenda vegna slysa, er verða kunna á starfsfólki þeirra við vinnu [129. mál] (A. 234).

Á 38. fundi í Sþ., 5. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 40., 43., 46., 49. og 52. fundi í Sþ., 12., 19. og 26. febr., 4. og 11. marz, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 54. fundi í Sþ., 18. marz, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja till. til þál. um ábyrgðartryggingar atvinnurekenda á starfsfólki þeirra. Þessi till. var frumflutt á seinasta þingi af þáv. 6. þm. Sunnl., Karli Guðjónssyni, ásamt mér, en þá fékk till. ekki lokaafgreiðslu. Till., sem hér er til umr., er á þskj. 234 og er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta undirbúa og leggja fyrir Alþingi frv. til l., sem geri atvinnurekendum að skyldu að kaupa fullnægjandi ábyrgðartryggingu fyrir slysabótum, sem á atvinnurekstrinn kunna að falla."

Þetta er að mínu áliti nauðsynjamál, sem ekkert vit er í að standa gegn. Þegar slys verða á fólki við störf, er atvinnurekandi oft skaðabótaskyldur lögum samkv., en sú lagaskylda leysir ekki þann vanda, sem þessi till., fjallar um. Að vísu er það svo, að mörg hinna myndarlegustu atvinnufyrirtækja í landinu kaupa ábyrgðartryggingu fyrir starfsfólk sitt og telja það sjálfsagðan hlut, sem það líka er, auk þess sem það er hyggilegt frá sjónarmiði atvinnurekandans sjálfs. En það almenna er þó, að atvinnurekendur kaupi ekki slíkar tryggingar, og þá getur hæglega svo farið, að þeir eða atvinnurekstur þeirra verði fyrir svo þungri bótaskyldu, að þeir verði ekki borgunarmenn fyrir. Hvimleitt er fyrir ærukæran atvinnurekanda að eiga lengi yfir höfði sér vofandi slíkar réttmætar kröfur starfsmanna eða starfsmanns og vera þess ekki umkominn að sinna þeim. En hálfu verra er þó hitt, að sá eða þeir, sem bæturnar skyldu fá lögum samkv., fá þær ekki fyrr en seint og síðar meir og jafnvel aldrei. Þetta hefur komið fyrir, og þetta getur þráfaldlega komið fyrir, nema atvinnurekendum sé gert að skyldu að kaupa ábyrgðartryggingu fyrir starfsfólk sitt og verja sig þannig skakkaföllum, eins og lagt er til að gert verði í þessari till., og það, sem mest er um vert, að löggjöf verði sett til þess að tryggja það, að sá, sem skaðabótarétt öðlast vegna slysfara eða sjúkdóma, fái skilvíslega sínar greiðslur, eins og lög ætlast til og lög standa til.

Að því er vikið í grg. þessarar till., að hver sá maður, sem tekur bifreið í notkun, verði, áður en hann tekur hana í notkun, að kaupa ábyrgðartryggingu fyrir því tjóni, sem hann kann að valda með bifreiðinni. Þetta fyrirkomulag er alveg sjálfsagt, og móti því mælir enginn. En ég er þeirrar skoðunar, að hliðstæð skylda og á bílaeigendunum hvílir til þess að kaupa ábyrgðartryggingu verði einnig lögð almennt á herðar atvinnurekendum varðandi slys og tjón, sem hlotizt geta af atvinnurekstri þeirra. Slík trygging er báðum til hagsbóta og öryggis, atvinnurekendunum og starfsmönnum þeirra. Það skyldi því enginn ætla, að hann sé að þjóna atvinnurekendum eða hagsmunum þeirra með því að standa gegn því, að slík tryggingaskylda verði lögfest.

Að lokum vil ég svo segja þetta: Það má sízt henda, að fólkið, sem starfar í þágu atvinnulífsins, verði, ef það slasast, af þeim bótum, sem

það á rétt til samkv. íslenzkum lögum, en það hefur, eins og ég áðan sagði, þráfaldlega hent og getur þráfaldlega komið fyrir, þar til sett hefur verið löggjöf, sem gerir öllum atvinnurekendum að skyldu að kaupa fullnægjandi ábyrgðartryggingu fyrir slysabótum, sem af atvinnurekstrinum kann að leiða og á hann kunna að falla. Um það er þáltill. mín á þskj. 234, og vil ég vænta þess, þar sem hv. þm. hafa haft ár til umhugsunar um þetta einfalda og sjálfsagða mál, að hún fái nú afgreiðslu á þessu þingi.

Samþ. er till. um, að um þetta mál verði höfð ein umr., og fellst ég að sjálfsögðu á það og legg því til, að umr. verði frestað og till. vísað til hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 55. fundi í Sþ., 19. marz, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 38 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

31. Skipti á diplómatískum fulltrúum við Kínverska alþýðulýðveldið.

Á 39. fundi í Sþ., 6. febr., var úthýtt:

Till. til þál. um að skiptast á diplómatískum fulltrúum við Kínverska alþýðulýðveldið [136. mál] (A. 244).

Á 40. fundi í Sþ., 12. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 46., 49., 52. og 54. fundi í Sþ., 26. febr., 4., 11. og 18. marz, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 56. fundi í Sþ., 20. marz, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Þessi till. til þál. fer fram á, að skipt verði á diplómatískum fulltrúum við Kínverska alþýðulýðveldið. Eins og öllum hv. þm. er kunnugt, býr nú í Kína fjórðungur alls mannkyns, en Kína er, eins og við vitum öll, eitt af elztu menningarríkjum heims og er nú eitt af fimm stórveldum, sem sérstaklega er viðurkennt í stofnskrá Sameinuðu þjóðanna. Það hefur ekki verið talin sérstök ástæða til þess, að við færum að koma á beinum skiptum diplómatískra fulltrúa við Kínverska alþýðulýðveldið, á meðan við höfðum ekki heldur diplómatísk fulltrúaskipti við lönd eins og Japan eða önnur slík, sökum þess að þessi lönd voru það fjarlæg okkur, að þau sambönd, sem við þurftum við þau að hafa, gátum við jafnt haft, þótt engir diplómatískir fulltrúar væru. Hins vegar hefur þróunin orðið sú í veröldinni, að fjarlægðirnar minnka hlutfallslega alltaf og Ísland hefur nú á síðustu árum einnig farið að taka upp diplómatísk fulltrúasambönd við þau ríki, sem eru okkur eins fjarlæg og Japan og önnur slík. Ég álít þess vegna ekki ástæðu til þess lengur, að við komum ekki okkar sambandi við Kínverska alþýðulýðveldið í samsvarandi lag.

Fram að þessu hefur það verið svo, að við höfum haft, eftir því sem ég bezt veit, svipuð samskipti við alþýðulýðveldið Kína eins og þau lönd, sem við höfum ekki haft sérstaka diplómatíska fulltrúa hjá, við skulum segja eins og við höfðum t. d. fram á síðasta ár viðvíkjandi Búlgaríu eða öðrum slíkum. Það hafa aldrei verið neinir sérstakir diplómatískir erfiðleikar fyrir Ísland í þessum efnum, eins og hafa verið fyrir sum önnur ríki. Ísland hefur aldrei haft neitt samband við stjórn Chiang-Kai-sheks á Formósu, þannig að þau diplómatísku vandamál, sem verið hafa fyrir sumar þjóðir í því sambandi, hafa aldrei verið til hjá okkur. Og við vitum það, að þegar fulltrúar hjá Kínverska alþýðulýðveldinu hafa komið hér, hefur verið tekið á móti þeim vinsamlega, líka af okkar æðsta manni, forseta lýðveldisins, eins og um fulltrúa vinveittrar þjóðar væri að ræða, sem við hins vegar höfum ekki enn sem komið er nein diplómatísk sambönd við. Mér sýnist hins vegar eðlilegt, eins og nú er komið, að við skiptumst á diplómatískum fulltrúum við Kínverska alþýðulýðveldið. Kína lætur nú meira og meira að sér kveða á vettvangi stjórnmálanna og viðskipti þess fara sívaxandi. Þau eru bókstaflega að verða um mestallan heim og geta vafalaust verið nokkur við okkur líka. Þá ber okkur og að athuga það, að öll Norðurlönd nema Ísland hafa nú þegar og hafa haft um nokkurt skeið diplómatísk fulltrúaskipti við Kínverska alþýðulýðveldið. Um skeið mátti máske telja, að það gæti orðið nokkur ásteytingarsteinn um slíkt sökum þess, að Ísland er í Atlantshafsbandalaginu og sum lönd í því hafa verið þar æði andvíg. Nú er það hins vegar svo, að líka þau lönd, sem næst okkur standa, eins og Noregur og Danmörk og Bretland, raunar Holland líka, hafa um alllangt skeið haft diplómatísk fulltrúaskipti við Kínverska alþýðulýðveldið, og nú hefur það evrópska stórveldi, sem ekki hafði það áður, Frakkland, tekið þessi samskipti upp einnig og þar með meiri hlutinn af stórveldum Atlantshafsbandalagsins tekið upp diplómatísk samskipti við Kína. Og eins og nú standa sakir, virðist aðeins tímaspursmál, hvenær Kínverska alþýðulýðveldið komi til með að skipa sinn réttmæta sess hjá Sameinuðu þjóðunum, sem það hefur verið hindrað í fram að þessu.

Það er engum efa bundið, að sú þróun, sem gengur í þá átt að viðurkenna það, sem raunverulegt er þannig í heiminum, eins og sérstaklega hefur verið áberandi nú hjá Vestur-Evrópu og ekki síst Frakklandi upp á síðkastið, kemur til með að bæta friðarhorfurnar í veröldinni og gera mögulegt að taka upp samninga um þau mál, sem allar þjóðir hafa áhuga fyrir að hægt sé að gera samninga um, eins og útrým-

ingu kjarnorkuvopnanna og annað slíkt, en allir vita, að slíkir samningar eru ekki orðnir raunhæfir fyrr en a. m. k. öll þau stórveldi, sem hugsanlegt er að geti framleitt slík kjarnorkuvopn, eru orðin raunverulega með í þeim. Það er þess vegna tákn um vilja til þess að reyna að bæta friðarhorfur í veröldinni að taka upp slík diplómatísk viðskipti eins og við þetta kínverska stórveldi og vottur um raunsæi í stjórnmálum heimsins, sem heimurinn virkilega þarf á að halda, og ég álít, að við, þó að okkar ríki sé lítið, höfum sama rétt og hvert ríki, sem er hjá Sameinuðu þjóðunum. Við eigum að leggja fram okkar skerf til þessa líka, og það held ég að væri einmitt rétt gert með því, að við fælum ríkisstj. að skiptast á diplómatískum fulltrúum við Kínverska alþýðulýðveldið.

Ég vildi svo leyfa mér, herra forseti, að leggja til, að þessu máli sé vísað til utanrmn., þegar það hefur verið rætt nú, og leyfa mér að vona, að utanrmn. skili áliti um þetta mál, þannig að hæstv. ríkisstj. geti fengið að vita vilja Alþingis um það, að þessum málum okkar sé komið í lag.

Umr. frestað.

Á 73. fundi í Sþ., 6. maí, var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

32. Ferjubryggjur í Norður-Ísafjarðarsýslu.

Á deildafundum 10. febr. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um ferjubryggjur í Norður-Ísafjarðarsýslu [138. mál] (A. 246).

Á 40. fundi í Sþ., 12. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 49. og 52. fundi í Sþ., 4. og 11. marz, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 54. fundi í Sþ., 18. marz, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja smátill. á þskj. 246. Till. hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela vita- og hafnarmálaskrifstofunni að rannsaka aðstöðu til ferjubryggjugerðar að Eyri í Mjóafirði, að Eyri eða Hvítanesi í Skötufirði og að Eyri í Seyðisfirði í Norður-Ísafjarðarsýslu. Reynist aðstaða hagstæð fyrir ferjubryggjur á þessum stöðum, svo sem öll aðstaða frá náttúrunnar hendi bendir til við fljótlega athugun, skal vitamálaskrifstofan gera nauðsynlega uppdrætti af bryggjunum, svo og kostnaðaráætlanir. Framkvæmdum samkv. áætlun þessari skal lokið, áður en næsta Alþingi kemur saman".

Þetta mál snertir það mál, sem stundum hefur borið hér á góma á hv. Alþingi, þ. e. aðstöðu fólksins á sumum stöðum á Vestfjörðum til þess að lifa í sínum átthögum. Ég vil leyfa mér að benda á í sambandi við þetta mál, að í ytri hluta Ögurhrepps og innri hluta Súðavíkurhrepps í Norður-Ísafjarðarsýslu er þannig ástatt enn í dag, að fólkið, sem þar býr, hefur enn þá ekkert af akvegakerfi landsins að segja. Þangað liggur engin akbraut að bæ, þaðan enginn vegarspotti úr hlaði. Bændurnir við Mjóafjörð og Skötufjörð, Hestfjörð og Seyðisfjörð fá enga bifreið í hlaðið með nauðsynjar sínar frá verzlunarstað, og frá þessum bújörðum verða afurðir búanna ekki heldur fluttar landleiðina. Umhverfis alla bæi þessara fjarða, sem ég nú nefndi, er vegleysa, nema um sjóinn. Þeirra eina samgöngutæki er því Djúpbáturinn, sem gengur um Ísafjarðardjúp, Fagranesið. Ég efa það ekki, að þeir, sem góðra samgangna njóta, eiga e. t. v. erfitt með að setja sig í spor þeirra bænda, sem þannig eru settir, og þess er naumast að vænta, að nútímabóndi við venjulega aðstöðu og menningarskilyrði skilji, hvílíka erfiðleika slík aðstaða í samgöngumálum skapar íslenzkum bónda. En mundu menn þó ekki geta gert sér hugmynd um, hversu erfitt það er á fámennu heimili, eins og nú er algengt í sveitum, alveg eins á Vestfjörðum og annars staðar, að setja upp og ofan flutningabát, hvernig sem stendur á sjó, hvernig sem viðrar, þegar Djúpbáturinn kemur að landi, og þá er verkefnið að flytja afurðir bús á skipsfjöl og ná nauðsynjum bús í land, og þetta verður að gerast við þá aðstöðu, að engin bryggja er í flæðarmáli til þess að koma hinum aðflutta varningi, bæði matvörum, tilbúnum áburði, vélum og verkfærum o. s. frv., í hús né heldur til þess að koma afurðum frá búi á bát, til þess að flytja þær í ferjubátinn. En það er þessi aðstaða, sem bændur við vestanvert Djúp, á þessu svæði, sem ég hef hér gert að umtalsefni, eiga við að búa. Þetta fólk er þannig sett, að það hefur ekki rafmagn í þjónustu sinni, það hefur ekki vegi, það hefur ekki bryggjur. Og svo eigum við kannske bara að bíða eftir manninum frá París til þess að vita, hvað valdi því, að þetta fólk geti ekki verið í sínum átthögum og þjónað þar sinni ættjörð með framleiðslustörfum. En ég hefði þó haldið, að það lægi nokkurn veginn í augum uppi, að hér skortir allmikið á, að þjóðfélagið hafi búið þessu fólki lífvænleg skilyrði, og að við jafnvel þyrftum ekki að bíða eftir neinum sérfræðingi eða spekingi frá Parísarborg til þess að vita um, að barna kreppir skórinn að og á ýmsum fleiri sviðum, sem ég ræði ekki um á þessari stundu.

Ég hygg, að þeir fáu hv. alþm., sem nú heyra mál mitt, hljóti í huga sínum að fallast á, að það er ekkert út í hött að biðja um það, að í svona byggðarlagi séu byggðar einar þrjár eða fjórar ferjubryggjur. Ferjubryggjurnar við Ísafjarðardjúp, sem hafa verið byggðar, nokkrar þeirra, eru engin stórmannvirki, en af þeim hefur fengizt sú reynsla, að ég hygg, að það sé sammæli flestra bænda, sem þeirra njóta, að þarfari umbót og framkvæmd hafi ekki verið gerð, sem meira hafi breytt lífshögum þeirra, fyrir ekki meira fé en þessi mannvirki hafa

kostað ríkissjóð. Þess vegna er lagt til í þessari litlu till., að rannsökuð verði bryggjuskilyrði á þrem stöðum við vestanvert Ísafjarðardjúp.

Bryggja að Eyri í Mjóafirði mundi verða útflutnings- og aðflutningsmiðstöð bændanna við Mjóafjörð, þ. e. a. s. bændanna í Hörgshlíð, Heydal, Botni, Eyri og Látrum. Þarna virðist bezta bryggjustæðið vera að Eyri við Mjóafjörð. Sá staður liggur miðsvæðis, og þar er frábærlega hagstæð aðstaða til bryggjugerðar, að svo miklu leyti sem ég hef a. m. k. vit á að meta slíka aðstöðu.

Við Skötufjörð koma helzt til greina 2 bryggjustaðir: að Eyri í Skötufirði eða að Hvítanesi. En þar tel ég rétt, að rannsókn sérfróðra manna alveg sérstaklega skeri úr um það, hvor staðurinn eigi að verða fyrir valinu, hvor staðurinn hafi betri bryggjuskilyrði. Eyri í Skötufirði liggur miðsvæðis eins og Eyri í Mjóafirði, og hygg ég, að þar sé allgóð bryggjuaðstaða. Hún mun aftur vera nokkru erfiðari á Hvítanesi, sem nú er þó aðalviðkomustaður Djúpbátsins. Bæirnir Skarð og Hjallar við Skötufjörð mundu ekki njóta þessarar bryggjugerðar eða sennilega ekki hagnýta sér hana, þeir mundu frekar eiga sókn að ferjubryggjunni í Ögri. En aðrir bæir við Skötufjörð, Kálfavík, Borg, Kleifar, Eyri, Litlibær og Hvítanes, mundu hafa ótvírætt hagræði af bryggju hinum megin fjarðar, eins og ég áður sagði, annaðhvort að Eyri eða Hvítanesi.

Þá er í þriðja lagi lagt til í þessari till., að ferjubryggja verði staðsett að Eyri í Seyðisfirði í Súðavíkurhreppi. Þar er ágætt bryggjustæði, eins og víðast hvar við hinar vestfirzku malareyrar, aðdjúpt mjög, og mundi þar ekki þurfa annað en lítið steinker og stuttan landgang. Þeirrar bryggju mundu bændurnir á Eyri í Seyðisfirði, bóndinn á Kleifum og bóndinn að Hesti í Hestfirði hafa not.

Ég held, að það sé í raun og veru algerlega óhugsandi að búa án vegasambands, án bryggjuaðstöðu, án raforku, og ef menn ætla ekki vísvitandi að leggja þessar byggðir í auðn, þá ber Alþ. að líta á þessi smávægilegu atriði og láta framkvæmd fylgja. Ég tel, að þetta mál liggi alveg ljóst fyrir hv. þm., og skal ekki hafa um málið fleiri orð. Ég legg til, að umr. verði frestað og málinu vísað til hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 55. fundi í Sþ., 19. marz, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 35 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

33. Verðlaunaveiting fyrir menningarafrek vegna afmælis lýðveldisins.

Á deildafundum 11. febr. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um verðlaunaveitingu fyrir menningarafrek vegna tuttugu ára afmælis lýðveldisins [140. mál] (A. 253).

Á 43., 49. og 52. fundi í Sþ., 19. febr., 4. og 11. marz, var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 54. fundi í Sþ., 18. marz, var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. Einar Olgeirsson): Herra forseti. Við höfum leyft okkur hér 4 þm. Alþb. að flytja till. til þál. á þskj. 253, hv. 5. þm. Vestf., hv. 5. þm. Austf., hv. 5. þm. Reykn. og ég. Þessi till. fer fram á það, að Alþingi ákveði að veita 5 millj. kr. sem verðlaun til þess að minnast 20 ára afmælis lýðveldisins þann 17. júní nú í ár, og þessi verðlaun skulu vera miðuð við það að greiða þannig fyrir ýmis beztu afrek íslenzkra manna, bæði á sviði tónlistar, myndlistar, bókmennta, sagnaritunar og vísindarannsókna, svo og fyrir ritgerðir, sem kynnu að varða auðlindir Íslands eða nýtingu þeirra. Og það er lagt til, að menntamálaráð sjái um þetta.

Svipuð till. þessari var flutt á síðasta Alþingi. Því miður var hún ekki samþ. þá og hefði það þó verið heppilegra, því að þá hefði verið lengri tími til þess að gangast fyrir sérstakri keppni í þessum efnum. Eins og við munum, var það haft svo, þegar okkar lýðveldi var stofnað, þá var stofnað til sérstakrar keppni meðal listamanna landsins, bæði skálda, tónlistarmanna og annarra, og ýmislegt af því, sem þá var skapað í sambandi við lýðveldisstofnunina, ljóð og lög o. fl., hefur orðið sígild eign íslenzkrar listar síðan. Að vísu er tíminn nú styttri, en hins vegar er enginn efi á því, að með samþykkt svona till. mundi í fyrsta lagi verða gert nokkuð til þess að ýta verulega undir það að skapa ný íslenzk listaverk á öllum þessum sviðum og vísindaverk á öðrum. Og enn fremur mundi 20 ára afmæli okkar lýðveldis fá allt annan svip yfir sig, svo framarlega sem þetta væri gert. Það er þess vegna eindregið okkar till., að þó að seint sé orðið og betra hefði verið, að þetta hefði verið samþykkt á síðasta þingi, þá sé þetta samþykkt nú. Ég vil, sökum þess að um þetta fara eðlilega fram tvær umr., þar sem í sambandi við það eru mikil útgjöld, leyfa mér að óska þess, að að lokinni þessari umr. verði þessari till. vísað til síðari umr. og til hv. fjárveitinganefndar.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Hér liggur frammi till. til þál. um verðlaunaveitingu fyrir menningarafrek vegna 20 ára afmælis lýðveldisins. Án þess að gera lítið úr hinum andlegu verðmætum og menningarafrekum einstakra manna vil ég minna á, að það eru fleiri stoðir, sem lýðveldið hvílir á. Útvegsmaðurinn, sem hagar sínum atvinnurekstri þannig, að til fyrirmyndar er, er þarfur maður í þjóðfélaginu. Svo er einnig um bóndann, sem vandar öðrum

fremur starf sitt við ræktun landsins og hefur mestar afurðir af búfénu. Svo er um verkamennina, sjómennina og iðnaðarmennina, sem skara fram úr hver á sínu sviði. Hví skyldu þessir menn ekki koma til greina eins og þeir, sem vinna andlegu störfin, þegar verðlaun eru veitt í tilefni af lýðveldisafmæli? Ef til þess kemur að veita slík verðlaun, ættu menn ekki að gleyma þeirri breiðfylkingu, sem brauðfæðir íslenzka þjóð, svo að vitnað sé í orð Arnar Skálds Arnarssonar. Ég vil biðja nefndina, sem fær till. til athugunar, að íhuga þetta, sem ég hef hér bent á.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 55. fundi í Sþ., 19. marz, var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv. og til fjvn. með 34 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

34. Stórvirkjunar- og stóriðjumál.

Á 40. fundi í Sþ., 12. febr., var útbýtt:

Till. til þál. um stórvirkjunar- og stóriðjumál [143. mál] (A. 260).

Á 43., 49., 52. og 54. fundi í Sþ., 19. febr., 4., 11. og 18. marz, var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 56. fundi í Sþ., 20. marz, var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt þremur öðrum þm. að flytja hér á þskj. 260 till. til þál. um stórvirkjunar- og stóriðjumál. Tillgr. er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að kjósa 7 manna nefnd til að kynna sér niðurstöður þeirra rannsókna á stórvirkjunarmöguleikum hér á landi, er fram hafa farið á vegum raforkumálastjórnarinnar, svo og athugana stóriðjunefndar á möguleikum til stóriðju. Nefndin velur sér formann. Hlutaðeigandi ríkisstofnunum og ríkisstarfsmönnum ber að veita n. allar umbeðnar upplýsingar og aðstoð í starfi hennar. N. er og heimilt að ráða sérfróða menn sér til aðstoðar. N. ber að leggja fram álit sitt og till. í stórvirkjunar- og stóriðjumálum svo fljótt sem unnt er. Kostnaður við störfin greiðist úr ríkissjóði."

Hér er sem sé lagt til, að kosin verði mþn. til þess að athuga þessi miklu mál. En þessi till. er samin strax eftir umr. þær, sem hér urðu á hv. Alþingi 5. febr. s. l., en þá svaraði hæstv. iðnmrh. fsp. varðandi undirbúningsathuganir á möguleikum til stórvirkjana og stóriðju á Íslandi.

Það kom fram í sambandi við þær umr., að undanfarið hafa farið fram athuganir ýmsar á möguleikum til stórvirkjunar vatnsafls í landinu og í því sambandi einnig athuganir varðandi hugsanlegan stóriðnað til raforkukaupa. Eftir því sem þá kom fram hér á Alþingi, er undirbúningsathugunum nokkuð áleiðis komið og það svo, að okkur flm. þessarar till. virðist tímabært að taka nú stefnuna í þessum málum. Flm. þessarar till. telja hér um svo stórfelld mál að tefla, að þau eigi nú að koma til kasta Alþingis eða a. m. k. nefndar á vegum þess, áður en lengra er haldið. Í þessu sambandi knýja á æðimargar spurningar, sem menn velta mjög fyrir sér. Og þessum spurningum virðist okkur flm., að Alþingi eigi að svara.

Á að taka upp samstarf við erlenda aðila varðandi rekstur stóriðju, svo sem alúmíníumverksmiðju, til raforkukaupa, og ef það verður gert, hvernig á þá að tryggja hagsmuni Íslendinga í því sambandi?

Íslendingar hafa enga reynslu í því að setja slíkri starfsemi löggjöf né gera um hana samninga, og því er rík nauðsyn, að Alþingi taki þessi mál föstum tökum og þau séu gaumgæfilega athuguð á vegum þess, áður en nokkurt skref verður stigið, sem er bindandi í þessum efnum.

Þá koma upp spurningar eins og þessar: Hvar á að setja upp stórvirkjanir og stóriðju, ef til greina kemur? Enn fremur: Hvernig yrði hægt að koma byggingu stóriðjuvers inn í framkvæmdaáætlun Íslendinga án þess að setja úr skorðum eðlilegt athafnalíf og uppbyggingu í landinu?

Enn fremur kemur spurningin um, hvort nýjar stórframkvæmdir ættu að verða til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins eða hvort nýjar ráðstafanir í þessum málum ættu að verða til þess að auka enn vandann í þeim efnum.

Allar þessar spurningar knýja á í sambandi við þessi miklu mál, og þeim er í raun réttri öllum ósvarað, eins og eðlilegt er, vegna þess að Alþingi hefur ekki enn sem komið er haft þau gögn í höndum eða fengið þær upplýsingar, að hægt sé að svara þessum spurningum fremur en mörgum öðrum, sem knýja á í þessu sambandi.

Ég mun ekki reyna að svara þessum spurningum á þessu stigi málanna, enda er þessi þáltill. einmitt um rannsókn á þessum málum öllum og um það að efna til athugunar á þeim af hálfu Alþingis og gert ráð fyrir, að allir flokkar eigi hlut að slíkri athugun, eins og till. sjálf ber með sér. En ég vil fara fáeinum orðum um einstaka þætti þessara mikilvægu mála, en þau munu aðallega verða sögð til þess að benda á nauðsyn þess, að miklu ýtarlegri skoðun fari fram en enn hefur orðið, áður en stefnan er endanlega mörkuð varðandi einstaka þætti þeirra.

Ég hika ekki við að segja, að það sé eitt af aðalsmerkjum íslenzks þjóðarbúskapar, að nálega allur atvinnurekstur á Íslandi er í höndum Íslendinga sjálfra. Og ég álít, að þannig þurfi þetta að vera, meginstefnan þurfi að verða þessi framvegis, eins og verið hefur. Kemur þá til athugunar í því sambandi spurningin um það, hvort skynsamlegt sé og nauðsynlegt að gera undantekningu frá þessari aðalreglu, þegar sér-

staklega stendur á, og hvernig þá skuli standa á, til þess að slíkt komi til mála, og hvernig skuli þá ganga frá þeim málum.

Framsóknarmenn hafa lengi litið svo á, að slíkt gæti komið til greina og þó einkum ef með því einu móti væri hægt að leysa tiltekin aðkallandi verkefni í þágu alþjóðar, sem með öðrum hætti væri ómögulegt að leysa. En ætíð höfum við verið talsmenn þess, að varlega væri farið í þessum efnum, og ekki hefur það sízt verið mitt hlutskipti æ ofan í æ að vara við því að fara ógætilega í þessu tilliti. Ég skal ekki fara langt út í að ræða það, í hvaða sambandi t. d. mér finnst, að komið gæti til mála að víkja frá þeirri reglu, að atvinnurekstur Íslendinga sé í höndum Íslendinga sjálfra, en ég vil þó vegna þess, hvernig þessi mál standa núna, segja, að eitt af því, sem mér finnst koma til greina í því sambandi, væri að ljá máls á því að taka upp samstarf við erlent fjármagn um að koma á fót stóriðju, sem sett yrði á fót til þess að kaupa rafmagn frá stóru orkuveri, ef það lægi fyrir, að með því eina móti væri hægt að virkja nógu stórt og fá nógu ódýrt rafmagn, miklu ódýrara rafmagn en hugsanlegt væri að fá með því að virkja smærra. En ef menn vilja athuga þennan möguleika, að gera undantekningu við þvílíkar kringumstæður, koma upp enn margar spurningar, bæði varðandi það vatnsafl, sem Íslendingar hafa til ráðstöfunar og er virkjunarhæft, og fjöldamargt annað, og rísa þá spurningar eins og þessar:

Hvað fæst miklu ódýrara rafmagn handa öðrum atvinnurekstri og landsmönnum yfirleitt með því að virkja verulega stórt en með því að virkja í áföngum og smærra, eins og við höfum gert? Hvað verður sem sé mikill ávinningur að því að virkja verulega stórt, og hversu stórfellt atriði er það fyrir íslenzkan þjóðarbúskap? Þetta þarf að skoða og það þarf að liggja fyrir, hvernig ástatt er í þessum efnum. Enn fremur: Hvað höfum við mikið vatnsafl hentugt til virkjunar, og erum við aflögufærir hvað snertir vatnsafl og aðrar orkulindir, — erum við aflögufærir í stórrekstur? Höfum við ráð á að láta mjög mikið af okkar orku ganga í stórrekstur útlendinga í landinu, jafnvel þótt það yrði til þess, að við gætum virkjað stærra en ella? Hvað höfum við sem sagt ráð á því að láta mikið af okkar vatnsafli til stóriðnaðar? Raforkuþörf landsmanna eykst með ofsahraða, og einhvers staðar hef ég séð, lauslega áætlað, að með sama áframhaldi og verið hefur undanfarið muni Íslendingar verða búnir að fullvirkja allt sitt vatnsafl skömmu eftir aldamótin.

Í þessu sambandi kemur einnig til athugunar, hver er raunveruleg raforkuþörf þeirrar stóriðju, sem þarna kemur til greina. Í sambandi við þessar áætlanir, lauslegar að mér skilst, sem enn hafa verið gerðar, er talað um t. d. 30 þús. tonna framleiðslu af alúmíníum, sem sagt er, að sé hin allra minnsta verksmiðja, sem til greina komi að reka af þessu tagi, en í því sambandi er talað um, að það eigi að vera þessi stærð fyrst um sinn. Þá er spurningin: Þýðir það, að það yrði að stækka slíkan iðnrekstur, áður en langt um liði, og yrði að gefa skuldbindingar um, að sá iðnrekstur yrði stækkaður og þá hve mikið, og hvernig kemur það heim og saman við þá raforku, sem Íslendingar geta raunverulega haft á boðstólum? Þetta þarf að liggja fyrir og íhugast gaumgæfilega, og hér er um grundvallaratriði að ræða eða réttara sagt: hér er eitt af þeim mörgu grundvallaratriðum, sem koma til skoðunar í sambandi við þetta mál, sem sé, hvað hafa Íslendingar ráð á því að binda mikið rafmagn í erlend fyrirtæki á Íslandi, jafnvel þótt ávinningur kynni að verða að því, til þess að fá einu sinni stóra virkjun?

Þegar um er að ræða þann hugsanlega möguleika, að útlendingar fái leyfi til að reka hér atvinnurekstur í landinu, þá er rétt að hafa í huga, að vitanlega gætu þeir samningar orðið með tvennu móti. Vafalítið væri hægt að gera þá samninga nokkuð trygga fyrir Íslendinga og trygga frá íslenzku sjónarmiði með skýrum ákvæðum um þau hagsmunaatriði, sem þar gætu komið til greina, og skýrum ákvæðum um réttindi þess félags, sem þar kæmi til greina, þar sem greinilega og glöggt væri afmarkað starfssvið þess — miða þá samninga algerlega við að leysa sérstakt vandamál með undantekningu í eitt skipti eða eitt skipti af fáum, miða við, að ekki ætti að opna Ísland fyrir erlendu fjármagni, heldur ætti að gera undantekningu í eitt skipti eða í eitt af örfáum skiptum. Ég geri ráð fyrir, að ef samvizkusamlega og af fullum skilningi væri að þessu unnið, væri hægt að ganga þannig frá, að hættulaust væri, og ég vil vona, að ef nokkuð slíkt kemur til greina, þá yrði það gert.

En það væri líka hægt að fara öðruvísi að. Það væri hægt að gera samninga við útlendan hring eða útlent stórfyrirtæki um atvinnurekstur á Íslandi, sem væri það rúmur og þannig gerður og jafngilti því, að Trójuhestur væri kominn inn í íslenzkt atvinnulíf, og þannig frá gengið, að erlent fyrirtæki fengi í gegnum slíkt aðstöðu til að flétta sig inn í íslenzkt atvinnulíf. Ef ekki er tryggilega um þessa hnúta alla búið, er þessi hætta fullkomlega fyrir hendi, og þess vegna er fullkomin ástæða til, að öll þessi mál séu athuguð gaumgæfilega niður í kjölinn, skynsamlegustu fordæmi annars staðar athuguð til hlítar og örugglega um alla hnúta búið. Lítið mundi það stoða til að koma í veg fyrir slíka hættu, sem þarna væri á ferðinni, ef illa væri frá gengið, þótt útlendingunum væri ætlað að vera í félagsskap við þá menn innlenda, sem ákafastir eru í því að koma sér að til þess að þjóna erlendu fjármagni gegn fríðindum fyrir sig. En við verðum auðvitað að gera ráð fyrir því, þótt ég vilji engar getsakir flytja í garð eins eða neins, að slík sjónarmið séu til hjá okkur fullkomlega eins og í öllum öðrum löndum.

Með þessum fáu orðum, sem ég hef sagt um þessi þýðingarmiklu grundvallaratriði, hef ég aðeins viljað vekja athygli á því, hversu þetta mál er stórfellt og vandasamt og því þýðingarmikið, að það fái vandlega athugun og að öll sjónarmið fái að koma til greina, og þau fái að koma til greina, áður en það er orðið of seint, áður en menn eru búnir að binda sig í einu eða

öðru tilliti varðandi þessi efni, því að þá er of seint, að sjónarmiðin fái að koma fram. Þau verða að fá að koma fram á undirbúningsstigi málanna, áður en nokkuð hefur verið gert, sem bindur.

Það er einmitt út frá þessu sjónarmiði, sem ég vil að óreyndu vonast eftir því, að hæstv. ríkisstj. taki því vel að kjósa einmitt nú mþn. í þessi mál, því að þau eru það örlagarík og öll þannig vaxin, að það er ekki viðeigandi, að tiltölulega naumur meiri hluti á Alþingi ráði þeim til lykta, án þess að minni hl. fái fullkomlega aðstöðu til þess að taka þátt í allri rannsókn málanna og raunar undirbúningi þeirra, áður en þau eru komin á ákvörðunarstig. En það er ekkert samráð að skoða þessi mál sameiginlega, þegar ákvarðanirnar hafa raunverulega verið teknar og menn eru bundnir af því, sem þeir þegar hafa gert. Og það eru engar getsakir í því til neins, þó að á það sé bent með þeim rökum, sem ég hef gert, hversu þýðingarmikið það er einmitt, að slíkt samráð eigi sér stað á frumstigi málanna, enda mundi kannske með því móti vera hægt að eyða ýmiss konar tortryggni, sem annars gæti auðveldlega komizt að og kemst oft að í sambandi við mál, þótt minni séu vexti en þessi, þýðingarminni og einfaldari viðfangs.

Í þessu sambandi vil ég einnig taka það fram aftur og setja undir það strik, að það hefur ævinlega verið skoðun Framsfl., að varðandi þessi efni, varðandi möguleika á því, að erlendir aðilar fengju að reka hér eitt og eitt fyrirtæki, þegar sérstaklega stæði á, varðandi þessi efni ætti að stefna þannig, að þar væri um algerar undantekningar að ræða, og um hvert einstakt tilfelli yrði að gera sérstakan samning og hafa sérlög um hvert tilvik fyrir sig. Þessu höfum við ætíð haldið fram til þess að leggja á það höfuðáherzlu, að við viljum alls ekki breyta meginstefnunni í þessum efnum, sem hefur verið sú, að Íslendingar hafi sjálfir með höndum atvinnureksturinn í sínu eigin landi. Þá er ástæða til í þessu sambandi að benda á það, að við teljum núverandi löggjöf varðandi möguleika útlendinga til þess að komast hér inn í fyrirtæki of óljósa og of veika og höfum flutt aðra þáltill. um að taka þau efni til sérstakrar rannsóknar með það fyrir augum að setja sterkari löggjöf til þess að tryggja, að Íslendingar hafi full tök á þessum málum. En það er tæpast hægt að segja, að Íslendingar hafi nú full tök á þessum málum, ef litið er á löggjöfina almennt, en má þó kannske segja, að á meðan fjármagnsflutningar eru undir jafnsterku opinberu eftirliti og nú er, geti íslenzk stjórnarvöld haft úrslitaáhrif í þessu í flestum tilfellum, en almenna löggjöfin um þetta er ákaflega veik og miklu veikari hér en í mörgum öðrum löndum, sem við þekkjum til.

Þá vil ég koma að einum þætti þessara mála, sem er einn hinn allra veigamesti og ég vil minna hér á sterklega, líka til þess að sýna, hvað hér er mikið í húfi og hversu eðlilegt það er, að um þetta sé haft víðtækt samráð og öll sjónarmið fái að koma til greina. Það er varðandi uppbyggingu íslenzka þjóðarbúsins framvegis. Það er sem sé spurningin um það, hvernig eigi að byggja landið. En það er margyfirlýst skoðun okkar í Framsfl., að við teljum, að það eigi að byggja allt landið, það eigi að leggja áherzlu á að byggja allt landið. Við erum þeirrar skoðunar, að byggi þjóðin ekki allt landið, muni hún ekki geta haldið landinu til frambúðar. En nú horfir mjög óvænlega í þessum efnum, eins og við vitum, og ætla ég ekki að fara að halda hér um það langan fyrirlestur, þótt full ástæða væri til þess. En það horfir þannig, að það er fullkomin ástæða til að óttast, að nálega öll þjóðin setjist að í einni borg og næsta umhverfi hennar, þ. e. a. s. höfuðborginni Reykjavík. En með því lagi mundu Íslendingar aldrei geta orðið til frambúðar sjálfstæð þjóð eða haldið landi sínu, það er alveg óhugsandi. Aðrir mundu þrengja sér inn í þá hluta landsins, sem Íslendingar hafa þá ekki forsjálni né myndarskap til þess að nytja. En ég vona, að við viljum öll, að Íslendingar haldi áfram að búa hér einir í landi sínu og nytji allt landið.

Í þessu sambandi mun það nú mestu skipta og fleiri og fleiri virðast vera að átta sig á því, að það verður að koma upp þéttbýlissvæðum, þar sem byggðin er nú dreifð, til þess að styðja dreifbýlið og til þess að koma í veg fyrir, að byggðarlög leggist í eyði. Ég vil leyfa mér að segja mönnum frá því, hvernig þessi stefna var mótuð á síðasta flokksþingi framsóknarmanna, en það var gert með þeim orðum, að flokkurinn vildi stuðla að uppbyggingu og vexti þéttbýlismiðstöðva í sem flestum byggðarlögum og skapa með því bættan grundvöll fyrir nýja atvinnustarfsemi og iðnvæðingu, styðja á þann hátt hinar dreifðu byggðir umhverfis og gera um leið viðskipta- og samgöngukerfið auðveldara viðfangs og sömuleiðis skólamál, heilbrigðismál og fleiri samfélagsmál. Sem sagt, sú stefna sé mótuð eindregið að koma upp þéttbýlismiðstöðvum sem víðast í landinu. Þannig var stefnan í þessum þýðingarmiklu málum mótuð á flokksþingi framsóknarmanna fyrir tæpu ári, og var þá í raun og veru aðeins rifjað upp það, sem Framsfl. hafði áður ályktað um þau efni, en þó að ýmsu leyti gert skýrara.

Þá kemur upp sú hugsun, að það þarf að vinna að því, að það geti komið upp fleiri borgir á Íslandi en höfuðborgin ein. Um þetta hafa m. a. af einum embættismanni landsins verið settar fram mjög skynsamlegar hugleiðingar nú alveg nýlega, þar sem hann leggur mikla áherzlu á þetta stórfellda atriði, það verði að koma upp fleiri borgir, og svo auðvitað að eflast fleiri kaupstaðir og fleiri kauptún. Sannleikurinn er sá, að ef þéttbýlismiðstöðvar komast upp í öllum byggðarlögum landsins, er dreifðari byggðinni þar með borgið. Þróunin sýnir þetta og reynslan. Beinast liggur þá við varðandi uppbyggingu borga á Íslandi að gera stórátök á næstunni til þess, að Akureyri geti orðið að borg, og samhliða því að efla þéttbýlissvæði í öðrum landshlutum líka. En sú ráðstöfun að vinna að því að gera Akureyri að borg, sem mundi styðja byggðina á öllu Norðurlandi og ég mundi vilja segja líka á Austurlandi og Vesturlandi, mundi vera eitt hið allra stærsta skref, sem hægt væri að stíga til að snúa við þeirri öfugþróun, sem orðið hefur nú um langt skeið, að nálega öll

þjóðin virðist sækja í að taka sér bólfestu í höfuðborginni einni og hennar nánasta þéttbýli. Það er fullkomlega rétt, sem komið hefur fram í þessu sambandi, að þetta er líka stórkostlegt hagsmunamál fyrir íbúa höfuðborgarinnar, því að hún mun ekki lengi verða höfuðborg í sjálfstæðu ríki, ef ekki verður hægt að beina þróuninni inn á heppilegri brautir að þessu leyti nú á næstunni en verið hefur um sinn.

Einmitt í sambandi við þessi stóriðjumálefni og stórvirkjanir í landinu kemur upp þessi spurning um byggðina í landinu, hvernig menn vilja telja æskilegt, að hún þróist. Fram hjá þessu atriði mega menn ómögulega líta í sambandi við þessi mál, vegna þess að hér er um svo stórar framkvæmdir að ræða, ef úr þeim verður, að þær geta alveg skipt sköpum. Ef hægt væri að koma þessu þannig fyrir, að stærri iðnaðarfyrirtæki og stærri virkjanir, sem nú verður í ráðizt, e. t. v. á næstunni, stuðluðu að þeirri þróun, sem ég hef verið að ræða, þá hefðu skeð stórir atburðir í málefnum landsins, sem vænta mætti sér mikils góðs af í framtíðinni. En ef illa tekst til í þessum efnum og ekki er hægt að koma þessum nýju framkvæmdum þannig fyrir, að þær stuðli að æskilegri byggðaþróun en verið hefur, þá eykst hættan enn á því, að það snarist alveg í þessum málum til mikils tjóns fyrir Íslendinga í framtíðinni.

Í þessu sambandi er ástæða til að minna á, að Alþingi virðist hafa haft talsvert opin augun fyrir þessu, og kem ég þá að því, sem vitnað er til í grg. þessarar þáltill., að hinn 22. marz 1961 samþykkti Alþingi þál. um að undirbúa virkjun Jökulsár á Fjöllum til stóriðju, svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta hraða gerð fullnaðaráætlunar um virkjun Jökulsár á Fjöllum og athugun á hagnýtingu orkunnar til framleiðslu á útflutningsvörum og úrræðum til fjáröflunar í því sambandi."

Hér er beinlínis af hálfu Alþingis ákvarðað, að hraðað skuli fullnaðaráætlun um virkjun Jökulsár á Fjöllum og athugað að hagnýta þá orku til framleiðslu á útflutningsvörum. Það er sýnilega höfð stóriðja í huga í sambandi við hugsanlega virkjun á Jökulsá á Fjöllum, og þessi þáltill. er afgreidd einróma á Alþingi fyrir þremur árum. Það er enginn vafi á því, að með samþykkt þessarar þáltill. tekur Alþingi vissa stefnu. Það er engin tilviljun, að það er ekki gerð á Alþingi ályktun um rannsókn á stórvirkjun og hugsanlegri stóriðju annars staðar en í Jökulsá á Fjöllum. Mér vitanlega hefur Alþingi sjálft ekki ákvarðað, að slík rannsókn fari fram nokkurs staðar nema þar, og það er engin tilviljun, að þessi staður er tekinn út úr. Það er beinlínis af því, að þessi staður er á Norðurlandi og þá er byggðajafnvægið haft í huga. Þarna er beinlínis ályktað, að þessi athugun skuli ganga fyrir, stefnan tekin þannig, að það er alveg bersýnilegt, að Alþingi telur æskilegt að beina þessum málum í það horf, að einmitt á Norðurlandi yrðu gerðar stórar framkvæmdir.

Nú verður að segja hverja sögu eins og hún gengur. Og um þetta stórfellda mál er það að segja, að Alþingi hefur ekki, þótt 3 ár séu liðin síðan þessi þáltill. var samþykkt, fengið neina skýrslu um niðurstöður þessarar rannsóknar. Á hinn bóginn vitum við, að eitthvað hefur verið rannsakað í þessu efni. Enn fremur vitum við, að aðrir möguleikar hafa verið mikið rannsakaðir, t. d. Burfellsvirkjun í Þjórsá, og er ekkert nema gott um það að segja. En Alþingi hefur ekki enn fengið neina skýrslu um niðurstöðurnar af rannsóknunni, sem átti að fara fram varðandi möguleikana á því að virkja Dettifoss og setja upp iðnað, sérstakan útflutningsiðnað, í sambandi við þá virkjun. Ég tel skylt, að Alþingi fái slíka skýrslu og fái skýrslu um aðrar rannsóknir líka, eins og Búrfellsvirkjunina og allt, sem gerzt hefur í þessum málum, til þess að menn geti áttað sig á því, hvernig raunverulega er ástatt og hvað hefur komið í ljós við þessar athuganir. En þetta hefur ekki enn þá komið hér fram. Á hinn bóginn er talað núna eins og virkjun Dettifoss og raunar annarra norðlenzkra fallvatna sé úr sögunni. Það er talað eins og þessar virkjanir séu úr sögunni og það án þess að um þetta hafi verið gefnar skýrslur, þannig að menn geti áttað sig á því, hvernig málin horfa við. Og þetta er eitt af því, sem rekur á eftir okkur að gera till. um, að mþn. sé nú skipuð í málið. Leggjum við hina mestu áherzlu á, að sú nefnd, sem við viljum mega vona að verði kosin samkv. þessari þáltill., fái öll gögn varðandi þessi efni og skoði þetta allt ofan í kjölinn. Hér er ekki um neina smámuni að ræða, eins og ég þykist hafa bent á með þessum fáu orðum, sem ég hef látið falla varðandi hugsanlegar framkvæmdir og áhrif þeirra á líf þjóðarinnar í landinu.

Það er í sambandi við þessi efni lauslega talað um, að komið gæti til mála að hafa iðjuver á Norðurlandi, sem fengi orku frá stórvirkjun á Suðurlandi, enda þá að sjálfsögðu byggt á því að leggja línu yfir hálendið og flytja orkuna norður. Ég lít þannig á, að það, sem komið hefur fram um þetta, bendi til þess, að menn hafi opin augun fyrir þeirri nauðsyn, að hinar nýju framkvæmdir, sem gerðar verða, gætu orðið til þess að stuðla að æskilegri byggðaþróun en verið hefur. En hér er aðeins um lauslegt tal að ræða, sem ekki er hægt að festa neinar hendur á, enda liggja ekki fyrir þær upplýsingar, sem þurfa fyrir að liggja til þess að átta sig á þessu, því að enn hefur ekkert annað verið gert en að nefna eina og eina tölu í þessu sambandi, án þess að nokkrar upplýsingar hafi verið gefnar um það, hvað að baki þeirra talna liggur, hvað þá að af þessu hafi fengizt heildarmynd. En ég vil láta í ljós þá skoðun, sem ég vona að sé einnig skoðun fleiri og verði endanlega ofan á, ef úr framkvæmdum verður á einhverri stóriðju í sambandi við virkjanir, þá beri hiklaust að leggja í verulegan kostnað, — ég segi: verulegan kostnað, ef þarf, til þess að staðsetning slíkra fyrirtækja gæti orðið þannig, að þau stuðluðu að heppilegri byggðaþróun í landinu.

Ég vil leyfa mér að segja það við ýmsa, sem gjarnan, þegar svona mál eru á döfinni, halda því fram, að ekkert komi hér til álita annað en beinhart peningasjónarmið, beinhart það sjón-

armið, hvað ódýrast sé í bili, að þegar litið er á þá óhemjusóun, sem hér á sér stað í landinu í sambandi við fjárfestingarframkvæmdir landsmanna yfirleitt, og þegar litið er á handahófið í því efni, sem látið er viðgangast, og alla þá lúxuseyðslu, sem í er lagt og ekkert skilur eftir, — þegar litið er á þetta allt saman og þetta er haft í huga, þá ætti mönnum sannarlega ekki að vaxa í augum, þótt verulegu fjármagni væri varið til þess að stuðla að byggðaþróun í landinu, sem fleiri og fleiri virðast nú sjá, að lífsnauðsyn ber til, ef þjóðin ætlar að byggja þetta land og lifa hér sjálfstæð og óháð framvegis. Og ég segi: Þess vegna á ekki að horfa í það, þótt verulega verði að leggja í kostnað í þessu sambandi. Slíkt eiga þeir ekki að horfa í, sem sannfærðir eru um, að það þurfi að breyta til í þessu efni og hafa áhrif á þróunina. Og ég spyr: Hvenær á að kryfja þessi mál til mergjar, ef ekki þegar taka á ákvarðanir um iðnaðaruppbygginguna í landinu framvegis, eins og menn raunverulega verða og þurfa að gera, ef þessi málefni, sem hér hafa verið rædd, komast á framkvæmdastig?

Í raun og veru gæti ég látið þetta nægja um þetta mál til þess að sýna fram á nauðsyn þess að setja mþn. og nauðsyn þess, að fulltrúar allra flokka hafi aðstöðu til þess að bera saman bækur sínar og tryggja þar með, að öll sjónarmið komi fram. En ég ætla að bæta við þetta örfáum orðum að gefnu tilefni í sambandi við önnur atriði, sem rædd hafa verið, en stórvirkjun og alúmíníumverksmiðju til þess að kaupa afgangsorkuna frá henni. En það eru þær bollaleggingar, sem komið hafa fram varðandi olíuhreinsunarstöð í landinu. Ég vil þá fyrst segja það sem mína skoðun, að þó að ég telji, að það geti komið til mála, ef vel er frá öllu gengið og með sérstakri varúð unnið, að semja við útlendinga um að setja upp fyrirtæki eins og alúmíníumverksmiðju, með öllum þeim fyrirvörum, sem hér hefur verið greint, — þó að slíkt geti komið til mála sem undantekningartilfelli, þá tel ég, að það eigi ekki að geta komið til mála, að þjónustufyrirtæki fyrir Íslendinga verði á vegum útlendinga og undir þeirra yfirráðum, t. d. fyrirtæki eins og olíuhreinsunarstöð.

Olíuhreinsunarstöð hefur, eins og ég sagði áðan, verið nefnd í sambandi við stóriðjumálin. Olíuhreinsunarstöð er ekki stærra mannvirki en sementsverksmiðjan eða áburðarverksmiðjan og þess vegna Íslendingum vel viðráðanlegt fyrirtæki eftir venjulegum leiðum. Það fyrirtæki, ef það kæmist á laggirnar, mundi hreinsa olíur og benzín fyrir Íslendinga sjálfa fyrst og fremst, þó að manni sé sagt, að það mundi flytja eitthvað út líka, því að það mundi víst ekki vera hægt að koma því hagkvæmt fyrir á annan máta. En stöðin mundi fyrst og fremst hreinsa olíur og benzín fyrir Íslendinga sjálfa og mundi verða hér ein um hituna á innanlandsmarkaðinum, að sínu leyti eins og sementsverksmiðjan og áburðarverksmiðjan. Slíkt fyrirtæki yrði að mínu viti að vera alveg á valdi Íslendinga og tryggt, að það yrði rekið með þeirra hag fyrir augum, og ríkið yrði að hafa þar alveg tvímælalaust verulega hönd í bagga, — ef ekki alveg yfirráðin í því fyrirtæki, þá a. m. k. verulega hönd í bagga, og öflugar ráðstafanir yrði að gera til þess að tryggja hagsmuni íslenzkra neytenda í því sambandi, jafnvel þótt Íslendingar ættu þar hlut að máli, alveg eins og það þótti t. d. ekki fært annað en sementsverksmiðjan yrði ríkisfyrirtæki, af því að hún var hér ein um hituna, og mönnum þótti ekki fært annað en ríkið réði í raun og veru öllu í áburðarverksmiðjunni, af því að hún er líka hér ein um hituna.

Það, sem komið hefur fram hér í sambandi við þessar bollaleggingar um hugsanlega olíuhreinsunarstöð, virðist mér vera þannig vaxið, að það megi ekki dragast lengur, að Alþingi ákveði einnig stefnu varðandi hugsanlega byggingu olíuhreinsunarstöðvar í landinu, því að mér er sagt, að olíuhreinsunarstöð gæti verið hið mesta þjóðþrifafyrirtæki í sjálfu sér, og fróðir menn segja mér, að olíuhreinsunarstöð gæti verið eins konar kjarni eða vísir að margs konar iðnaði þar út í frá. Og ég vil í því sambandi einmitt alveg sérstaklega benda á, að ef olíuhreinsunarstöð er raunverulega þannig vaxin, að hún geti verið eins konar kjarni eða vísir að iðnaði, sem gæti vaxið út frá henni, er einmitt enn meiri nauðsyn, að slík stöð sé á vegum Íslendinga sjálfra og algerlega undir þeirra yfirráðum, en ekki útlendinga. Ef útlendingar ættu að hafa í sínum höndum slíkt fyrirtæki og yfirráð þess í landinu, sem væri tilvalið móðurfyrirtæki eða eins konar byrjun að margvíslegum öðrum iðnaði, þá gæti það einmitt orðið til þess, að þeir gætu ofið sig inn í íslenzkt atvinnulíf á þann hátt, sem a. m. k. ég ekki vil ljá máls á.

Þess vegna finnst mér, og einmitt út af því, sem fram er komið í sambandi við þetta olíuhreinsunarmál, full ástæða til þess að láta þessar aths. falla, þegar þessi mál eru hér til umr., og leggja áherzlu á, að mér sýnist líka afar nauðsynlegt, að olíuhreinsunarmálin komi til meðferðar í mþn., eins og hér er gert ráð fyrir. Olíur og benzín munu nú vera meira en helmingurinn að magni til af öllu því, sem flutt er til landsins, og einhver stórfelldasti þáttur í okkar þjóðarbúskap. Auk þess skilst mér, að til þess að koma á fót olíuhreinsunarstöð sé bollalagt um að gera samning til langs tíma um kaup á hráolíu frá vissum aðilum. Það er náttúrlega út af fyrir sig fullkomið rannsóknarefni, hvort slíkt gæti verið hagfellt eða komið til greina, svo að það eru margir fletir á þessu olíuhreinsunarstöðvarmáli, sem þarf að taka til ýtarlegrar íhugunar, áður en það væri komið á framkvæmdastig, og margt að varast í því sambandi. En mér skilst, að olíuhreinsunarstöð gæti orðið hið merkasta fyrirtæki, ef hægt væri að koma henni upp með eðlilegum og skynsamlegum hætti.

Það er ekki nóg, að amerískt félag hafi áhuga á að reisa hér slíka stöð. Það ber auðvitað fyrst og fremst að skoða málið frá því sjónarmiði, hvort það sé hagfellt fyrir Ísland að koma upp slíkri stöð, íslenzka atvinnuvegi og almenning á Íslandi, sem svo mjög notfærir sér þessar vörur, og svo hvort hægt er að koma rekstri slíkrar stöðvar tryggilega fyrir, þannig að það verði raunverulegur þjóðarhagur að því að koma henni á fót. Þá þarf auðvitað líka að athuga ýms-

ar viðskiptaástæður, sem eru fyrir hendi, eins og t. d. það, hvort hugsanlegt er að færa fiskviðskiptin til, sem nú eru bundin mjög við þessi viðskipti, án þess að það verði að stórtjóni fyrir sjávarútveginn. Í því má ekki taka neina áhættu. Það má ekki gera neitt í þessum einum, sem verður áfall fyrir okkar þýðingarmestu atvinnuvegi, þá, sem fyrir eru og bezt hafa dugað frá öndverðu og bezt munu duga, ef rétt er að staðið.

Ég vil svo að lokum, til þess að draga með því saman að nokkru leyti það, sem ég hef þegar sagt, leyfa mér — með leyfi hæstv. forseta — að lesa hér, hvernig afstaða var tekin til þessara mála almennt á aðalfundi miðstjórnar Framsfl. nú fyrir skemmstu, en þar voru þessi mál allýtarlega rædd með sérstöku tilliti til þeirra takmörkuðu upplýsinga, sem fram höfðu komið um þau þá, þegar fundurinn var haldinn. En þar var ályktað á þessa lund, með leyfi hæstv. forseta:

„Þó að fundurinn telji, að meginverkefni í íslenzkri iðnvæðingu séu á þeim sviðum, sem rætt er um hér að framan, þ. e. a. s. að byggja upp okkar eldri atvinnuvegi og efna til margvíslegs smærri iðnaðar, telur hann eðlilegt, að kannaðir verði möguleikar á uppbyggingu einstakra stærri iðngreina með beinni þátttöku erlends fjármagns samkv. sérstökum lögum og samningi hverju sinni, eins og flokkurinn hefur hvað eftir annað bent á í ályktunum flokksþinga. Hins vegar leggur flokkurinn áherzlu á, að gæta ber fyllstu varkárni í þessum efnum og ályktar,

að ekki komi til mála að slaka á eflingu innlendra atvinnuvega og því síður draga þá saman til þess að rýma fyrir erlendri stóriðju á Íslandi;

að fram fari nú þegar endurskoðun á lögum um réttindi erlends fjármagns á Íslandi í því skyni að tryggja Íslendingum betur en nú er full yfirráð atvinnumála sinna;

að stofnun iðnaðar í samvinnu við erlent fjármagn er ekki lausn á efnahagsvanda landsins og á aðeins að vera liður í skipulegri uppbyggingu atvinnuveganna;

að tryggja efnahagslegan og tæknilegan grundvöll þess, að við Íslendingar getum sem fyrst tileinkað okkur þá þekkingu, sem flytjast kann inn í landið á þennan hátt, svo að slíkur iðnaður gæti orðið alíslenzkur iðnaður sem allra fyrst;

að við ákvörðun slíkra framkvæmda yrði stefnt að því, að þær hefðu sem hagkvæmust áhrif á þróun landsbyggðarinnar."

Ég tel mig nú hafa í því, sem ég hef sagt, gert nokkra grein fyrir þessum málum, eftir því sem hægt er á þessu stigi, en aðaláherzluna hef ég að sjálfsögðu lagt á að sýna fram á, hversu margt er óljóst um þessi efni og órannsakað og hversu mikil nauðsyn er á því, að einmitt á Alþingi sjálfu verði kosin mþn. með fulltrúum frá öllum flokkum til þess að skoða þessi mál ofan í kjölinn, áður en nokkuð bindandi verður gert, áður en nokkur örlagarík ákvörðun verður tekin. Og ég vil að lokum leggja áherzlu á, að með þessari þáltill. viljum við eiga okkar þátt í því, að það verði sem viðtækast samstarf um þessi mál, og við teljum það nauðsynlegt, að sem viðtækast samstarf verði um þessi mál, svo að sem flest sjónarmið komi til greina, áður en örlagaríkar ákvarðanir eru teknar. Ég vona, að hæstv. ríkisstj. og meirihlutaflokkarnir hér á Alþingi taki þessari uppástungu vel og að það náist samkomulag um að efna til slíkrar sameiginlegrar skoðunar og rannsóknar á þessum þýðingarmiklu málum.

Ég vil svo leyfa mér, hæstv. forseti, að leggja til, að þessu máli verði vísað til hv. fjvn. að lokinni þessari fyrri umr.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég vil taka undir þau sjónarmið, sem hér hafa komið fram um það, að æskilegt sé, að tækifæri gefist hér á Alþingi til þess að ræða þau stórmál, sem um er fjallað í þeirri þáltill., sem hér liggur fyrir, þ. e. a. s. um stóriðjumálin svonefndu og um stórvirkjanir í landinu. Það fer ekkert á milli mála, að um alllangan tíma hefur hæstv. ríkisstj. haft með höndum allmikinn undirbúning að rannsóknum varðandi þessi mál og staðið í allmiklum viðræðum, bæði við innlenda og erlenda aðila, varðandi hugsanlegar framkvæmdir í þessum efnum. Ég hygg, að liðin séu um það bil 3 ár, síðan kunnugt var, að ríkisstj. hafði skipað sérstaka stóriðjunefnd, sem fjallaði um þessi mál og meðal annars gerði fljótlega vart við sig í fleiri en einu landi hér í kringum okkur, þar sem þar var þá skýrt frá því, að allmikill undirbúningur væri að því að efna til stóriðju á Íslandi á þeim grundvelli, að útlendingar yrðu eigendur að þessari stóriðju að verulegu leyti. Síðan hafa komið hér fram lauslegar upplýsingar í þessum efnum annað slagið, en hins vegar hafa málin ekki borizt inn á Alþingi á þann hátt, að hér gætu farið fram eðlilegar umr. um þessi stórmál, og enn þá er það svo, að hæstv. ríkisstj. heldur þannig á þessum málum, að hún telur rétt, að þær nefndir, sem hún hefur skipað til þess að vinna að undirbúningi þessara mála, hafi málið einar með höndum áfram, haldi áfram að tala jöfnum höndum við erlend auðfyrirtæki sem erlendar fjármálastofnanir um alla möguleika í þessum efnum, án þess að leggja málið á nokkurn hátt fyrir Alþingi til umræðu, og þannig vinnur því hæstv. ríkisstj. að málinu, að hún raunverulega um slíkt stórmál sem þetta heldur um það bil helmingi alþm. frá því að geta fylgzt með eðlilegum undirbúningi málsins. Ég tel, að þetta sé í rauninni alveg óviðunandi ástand og hæstv. ríkisstj. ætti að fallast á það að láta fara fram hér á Alþingi og það fyrr en síðar almennar umr. um þessi mál, þannig að ýmis grundvallarsjónarmið alþm. geti komið fram um slík stórmál sem stóriðjumálin eru. Eftir sem áður geta þær nefndir, sem ríkisstj. hefur skipað, unnið sín störf. En það er ekki verjandi, úr því sem komið er, svo langur tími sem nú hefur liðið, að halda þessum málum þannig, að Alþingi geti ekki á eðlilegan hátt tekið þau til umræðu. Beinar ákvarðanir Alþingis geta að sjálfsögðu beðið, þangað til öllum rannsóknum er lokið, en það eru ekki viðkunnanleg vinnubrögð að halda þessum málum á þann hátt, sem gert hefur verið. Ástæðan til þess er auðvitað sú, að hér er um svo gífur-

lega stór mál að ræða og örlagarík, að það er ekki nema eðlilegt, að flokkar á Alþingi vilji fá að koma fram með sín grundvallarsjónarmið til slíkra stórmála eins og þessara, því að verði það ekki gert nú einmitt á þessu athugunarstigi, fer um þessi mál eins og önnur, að þegar allar athuganir hafa farið fram og hæstv. ríkisstj. hefur gert meira eða minna samkomulag við erlenda aðila í þessum efnum, þá verða málin fyrst lögð fyrir Alþingi til beinnar ákvörðunar eða öllu heldur til staðfestingar á því, sem raunverulega er búið að gera. Og þá verður, ef að venju lætur, gengið eftir því að koma slíkum ákvörðunum í gegnum þingið á stuttum tíma.

Það hefur mikið verið rætt um það, að byggð yrði alúmíníumverksmiðja hér í landinu, sem áætlað er að mundi kosta 1100—1200 millj. kr., og erlendir aðilar byggðu þetta fyrirtæki og ættu það og rækju það. Hér er ekki um neina smávegis framkvæmd að ræða, og þó er það svo, að þetta fyrirtæki er ekki allt, þar sem það er talið kosta þessar 1100—1200 millj. kr., því að í rauninni getur það ekki snúizt sem fyrirtæki, nema lagt sé í framkvæmdir upp á aðrar 1100—1200 millj. kr. Það væri svipað komið fyrir slíku fyrirtæki án virkjunarinnar eins og vélarlausu skipi. Raunverulega er því hér um að ræða að efna til framkvæmda, sem mundu kosta 2200—2400 millj. kr.

Hér er auðvitað um svo háar tölur að ræða, að menn eiga heldur erfitt að átta sig á því, hvað slíkar tölur raunverulega segja. En það er ekki langt síðan núv. hæstv. ríkisstj. efndi til þess að láta sérfróða menn meta til núgildandi verðs allar eignir sjávarútvegsins á Íslandi, þ. e. a. s. metin voru þá til verðs öll hraðfrystihús á Íslandi, allar fiskimjölsverksmiðjur á Íslandi, allar síldarverksmiðjur, öll lýsisframleiðslufyrirtæki, öll önnur fiskverkunarhús og fiskverkunaraðstaða, síldarsöltunarstöðvar o. s. frv., og það var talið, að á núgildandi verði mætti meta þessar eignir allar á 2500 millj. kr. Öll frystihúsin í landinu, um 90 talsins, með öllum eignum voru talin mundu kosta nú rúmlega 700 millj. kr. Við sjáum því, að það er ekki um neitt smáræði að gera í þessum efnum, þegar rætt er um að byggja eina verksmiðju, sem erlendir aðilar eiga að eiga og ráða yfir og kostar 1100 millj. kr., og efna til stórvirkjunar að verulegu leyti í þágu þessa fyrirtækis upp á jafnháa upphæð. Ég hygg, að það mundi vefjast fyrir hæstv. ríkisstj. eða sérfræðingum hennar að nefna til nokkra þjóð í veröldinni, sem sjálfstæð getur heitið, þar sem svo stæði á, að erlendir aðilar ættu jafnstóran hluta eins og þarna væri um að ræða eða réðu raunverulega yfir jafnstórum hluta af atvinnutækjum og framleiðslutækjum þjóðarinnar, verðgildislega séð, eins og yrði í þessu tilfelli.

Menn eru stundum, þegar þessi mál eru rædd, að vitna til þess, að Norðmenn hafi gert nokkuð af því að heimila erlendu fjármagni þátttöku í atvinnurekstri þar í landi. Allar tölur, sem birtar eru um hlutdeild erlends fjármagns í atvinnurekstri Norðmanna, eru aðeins hlægilegar, þegar þær eru bornar saman við heildarfjármagnið, sem er í norskum atvinnuvegum. Um þetta hafa m. a. fyrir ekki löngu verið birtar skýrslur frá okkar fjármálastofnunum hér á landi. Þáttur hins erlenda fjármagns þar í atvinnurekstrinum er sáralítill hlutfallslega séð. En hér yrði auðvitað um að ræða, miðað við það, sem frá hefur verið greint í þessum efnum, stórfellda þátttöku erlends fjármagns í íslenzkum atvinnurekstri, svo að þetta mál verður vitanlega að ræðast hér með tilliti til þess, hvað það hefur að segja í íslenzkum þjóðarbúskap, ekki stærri en hann er.

Það er enginn vafi á því, að þeir, sem mest hafa talað um það á undanförnum árum, að það væri nauðsynlegt fyrir okkur Íslendinga að ráðast í svonefnda stóriðju og það í svo stórum mæli, að við yrðum að leita til erlendra auðhringa um fjármagn til þess að koma upp slíkum rekstri, — það er enginn vafi á því, að þeir, sem mest hafa um þetta talað, hafa haft vantrú á því, að okkar gömlu atvinnuvegir, sem við höfum mest byggt á til þessa, gætu raunverulega staðið undir íslenzkum þjóðarbúskap á komandi árum, enda hefur þetta komið fram hvað eftir annað. Menn tala um það, að okkar sjávarútvegur sé stopull, það sé ekki á honum að byggja, aflinn vilji bregðast, og það væri miklu betra, — sérstaklega kemur þetta upp, þegar við eigum við einhver vandamál að etja í okkar fjármálalífi, — það væri miklu betra að efna til stóriðju eins og hinar stóru þjóðir eigi og þá mundi allt fara miklu betur. En þetta er í rauninni sagt af mikilli skammsýni og mikilli vanþekkingu á því, hvernig þessi mál eru í raun og veru. Sannleikurinn er sá, að okkar aðalatvinnuvegur, sjávarútvegurinn, hefur sýnt það á undanförnum árum, að hann er ekki stopulli en svo, hann er ekki fallvaltari en svo, óáreiðanlegri en svo, að hann stenzt fyllilega samanburð um öryggi fyrir þjóðina sem heild á við aðalatvinnuvegi þeirra þjóða, sem við þekkjum til í Evrópu. Sé til dæmis athugað tímabilið nú eftir síðustu stórstyrjöld, síðustu 20 ár, kemur í ljós, að sjávaraflinn hefur farið stórkostlega vaxandi á öllu þessu tímabili, svo að segja jafnt og þétt. Og verðmætin hafa vaxið alveg gífurlega einnig, þegar miðað væri við jafnvirðisverðlag. Ef samanburður væri gerður í þessum efnum, t. d. við afkomu ýmissa þekktra landbúnaðarlanda úti í Evrópu, landa, sem byggja að verulegu leyti á landbúnaði, þá kemur í ljós, að sjávaraflinn hefur farið stórkostlega vaxandi á öllu þessu tímabili, svo að segja jafnt og þétt. Og verðmætin hafa vaxið alveg gífurlega einnig, þegar miðað væri við jafnvirðisverðlag. Ef samanburður væri gerður í þessum efnum, t. d. við afkomu ýmissa þekktra landbúnaðarlanda úti í Evrópu, landa, sem byggja að verulegu leyti á landbúnaði, þá kemur í ljós, að sveiflurnar hjá þeim eru síður en svo minni en í okkar sjávarútvegi. Það er að vísu rétt, að þar sem við byggjum hér á landi enn allmikið á veiðinni, getur veiðin nokkuð hreyfzt til, en sem betur fer er okkar sjávarútvegur orðinn þannig atvinnuvegur, hann er orðinn svo margþættur, það er um svo margar greinar að gera, að það kemur sárasjaldan fyrir, að þessir þættir bregðist margir í einu, á einu og sama ári. Það er rétt, að þegar síldin brást okkur hvað tilfinnanlegast eftir hin miklu síldveiðiár 1943 og 1944, þá kom hér alllangt tímabil, sem var um sáralitla síldveiði að gera hér á landi. Það var vitanlega allmikið áfall út af fyrir sig. En hvað sýndi reynslan? Reynslan sýndi það, að þrátt fyrir gífurlega mikið magn, sem þar brást, kom annað í staðinn, sem fyllti það upp fyllilega, bæði að magni og miklum mun meira að verðmæti. Á þessu tímabili hefur líka verið um það

að ræða, að við höfum verið að hefja á nýjan og nýjan leik alveg nýja veiði, sem lítið sem ekkert þekktist áður, veiði, sem þegar er farin að gefa okkur gífurlega mikið fjármagn, og við erum líka farnir að vinna meira og meira úr okkar sjávarafla, sem allt hefur orðið til aukningar á okkar afrakstri af sjávarútvegi. Við vitum, að það eru ekki mörg ár síðan fiskimjölsframleiðsla okkar Íslendinga var sáralítil. Það eru ekki mörg ár síðan hún var rétt í kringum 2000 tonn. En nú er hins vegar svo komið, að við erum farin að nýta hér megnið af því hráefni, sem gengur til fiskimjölsvinnslu, og þar er orðið um að ræða framleiðslu, sem nemur yfir 20 þús. tonnum á ári. Það eru ekki heldur mörg ár síðan við fórum að framleiða hér verulega til útflutnings bæði rækjur og humar. Það eru ekki mörg ár síðan við lærðum að framleiða dýrmæta matvöru úr karfanum. Allar þessar framleiðslugreinar hafa verið að bætast við. Og það eru ekki heldur mörg ár síðan við byrjuðum nokkuð sem hét að framleiða skreið til útflutnings, þegar maður sleppir hinum eldgamla tíma í þeim efnum. En nú flytjum við út verðmæti í sambandi við þessa framleiðslu, sem skiptir mörgum hundruðum millj. kr. á ári.

Nei, sannleikurinn er sá, og það sýna skýrslur, ef menn vilja kynnast þeim, að sjávarútvegurinn, þegar á heildina er litið, hefur ekki brugðizt okkur Íslendingum t. d. á síðustu 20. árum. Þrátt fyrir það, þó að hægt hafi verið að tala um, að veiði kunni að hafa brugðizt í einni og einni verstöð í einu eða í einni og einni framleiðslugrein í einu, hefur heildin ekki brugðizt. Jafnt og þétt hefur þar verið um vöxt að ræða og það mikinn vöxt. Það er því algerlega rangt, þegar því er haldið fram meira og minna að lítt athuguðu máli, að atvinnugrein eins og t. d. sjávarútvegurinn sé svo stopul, að við getum ekki byggt okkar afkomu á honum. Og í rauninni má segja alveg það sama um íslenzkan landbúnað. Það er algert vanmat á íslenzkum landbúnaði að láta orð um það falla, eins og maður sér stundum, að á hann sé ekki að treysta í sambandi við efnahagslega afkomu þjóðarinnar.

Það er mikill misskilningur, að við þurfum að ráðast í stóriðju á þeim grundvelli, að við þurfum að hleypa erlendu fjármagni inn í atvinnureksturinn á Íslandi vegna þess, að okkar aðalatvinnuvegir hafi brugðizt okkur tilfinnanlega, þegar á heildina er litið, á undanförnum árum, meira t. d. en atvinnuvegir annarra þjóða í Evrópu hafa brugðizt þeim. Og það er enginn vafi á því, að möguleikar okkar Íslendinga t. d. í sambandi við sjávarútveginn til þess að auka þar enn afraksturinn til stórra muna frá því, sem nú er, eru miklu meiri en möguleikar okkar til þess að skapa okkur verðmæti úr stóriðju í einhverjum félagsskap við erlenda aðila.

En ég þykist vita, að sumir mundu segja, að út af fyrir sig sé ekki ætlunin að skerða neitt sjávarútveginn, þótt ráðizt yrði hér í byggingu alúmíníumverksmiðju eða ráðizt yrði í aðrar stóriðjugreinar, það sé ætlunin að byggja á honum eins og áður var, það sé einnig ætlunin að halda tryggð við landbúnaðinn og treysta á hann eins og áður var, þetta eigi aðeins að koma til viðbótar og fjölgun þjóðarinnar eigi m. a. að ganga í það að taka þátt í nýjum starfsgreinum. En það er í rauninni alveg rangt að segja þetta, því að þetta getur ekki farið saman á þennan hátt, sem sagt er. Það að ráðast í þá stóriðju, sem ég hef nú aðallega minnzt á, byggingu alúmíníumverksmiðju og byggingu stórraforkuvers í sambandi við þá verksmiðju, mundi, miðað við þær áætlanir, sem gefnar hafa verið út, þýða það, að Íslendingar yrðu sjálfir að taka erlendis stærri fjárhæðir að láni en þeir hafa nokkurn tíma áður tekið erlendis. Við gætum vitanlega ekki ráðizt í stórvirkjunina vegna alúmíníumverksmiðjunnar nema taka lán erlendis, sem mundi fara yfir 1 milljarð kr. Það er alveg óhugsandi fyrir okkur að koma upp slíku orkuveri án þess, enda hefur verið gert ráð fyrir því. Og ég minnist þess, að í allfróðlegu erindi um þetta mál, sem Jónas H. Haralz flutti fyrir nokkru á verkfræðingaráðstefnu hér, minntist hann á það alveg hreinskilnislega, að það væri ekki til þess að loka augunum fyrir því, að ef Íslendingar tækju slíkt lán erlendis, þá mundi það vissulega hafa áhrif á möguleika Íslendinga til þess að taka önnur lán erlendis til annarra framkvæmda og yrði því að líta á slíka lántöku út frá því sjónarmiði, að við værum að velja hér á milli, að nota okkar lánsmöguleika erlendis til þess að koma upp þessari stóriðju og halda henni við, en ganga þá á möguleika okkar til lántöku erlendis t. d. til að byggja upp okkar fiskiðnað, eins og við tölum oft um að við þyrftum mikið fjármagn til. Það er vitanlega alveg óhugsanlegt, að lítil þjóð eins og okkar geti tekið slík lán erlendis, án þess að erlendir aðilar, sem annars mundu geta lánað okkur fé, líti eitthvað á það, hvað við erum orðnir skuldugir fyrir.

Spurningin er því í mínum augum sú í þessum efnum: Er eitthvað, sem mælir sérstaklega með því, að Íslendingar ráðstafi sínum möguleikum til lántöku erlendis fremur í stóriðju eins og þessa heldur en t. d. til að byggja upp þá atvinnuvegi, sem við höfum hingað til byggt á? Ég er ekki í nokkrum minnsta vafa um það, að við værum frá hreinu efnahagslegu sjónarmiði að gera hina mestu skyssu, ef við færum að verja fjármunum okkar í þessum efnum til slíkrar stóriðju, eins og hér hefur verið rætt um, í stað þess að leggja þá t. d. í uppbyggingu á nýjum greinum sjávarútvegsins, þar sem við eigum okkar mestu möguleika.

Um það hefur nokkuð verið rætt, hvað þessi stóriðja mundi gefa af sér fyrir okkur. Jú, það er auðvitað gefið mál, að sjálf alúmíníumverksmiðjan, sem á að vera eign erlendra aðila og rekin af erlendum aðilum, skilar okkur Íslendingum engum sérstökum gróða. Verði hagnaður af rekstrinum, þá eiga hinir erlendu aðilar hagnaðinn. Hún borgar okkur ekki annað en það, sem hún kemur til með að borga fyrir það vinnuafl, sem við látum þessum rekstri í té, — vinnuafl, sem við tökum þá frá annarri framleiðslu, sem við hefðum einnig getað notað þetta vinnuafl til. Vinningurinn í þeim efnum er því vitanlega sáralítill. En þá segja menn: Við ætlum að koma upp raforkuveri, við ætlum að gera samning við alúmíníumverksmiðjuna til alllangs tíma, og við ætlum að selja alúmíníumverksmiðjunni hluta af

raforku þessa mikla raforkuvers, og þar fáum við þó einhverja peninga. En það hef ég séð í skýrslum m. a. eða í útdrætti úr ræðum frá sérfræðingum ríkisstj., sem mest hafa unnið að athugun á þessum málum, að þeir vara við því að búast við, að við fáum nokkrar gjaldeyristekjur af þessari sölu, a. m. k. fyrstu 10—15 árin. Vegna hvers? Vegna þess að eigendur alúmíníumversins koma til með að heimta verðið á raforkunni svo lágt, að það sé svo að segja á framleiðslukostnaðarverði. Við það er miðað. Við fáum því tiltölulega lágt verð fyrir raforkuna, en fyrstu 10—15 árin verðum við vitanlega að standa undir afborgunum og vöxtum af raforkuverinu, og það er beinlínis reiknað með því, að þau útgjöld, afborganirnar og vextirnir af stofnkostnaði raforkuversins, verði mun hærri en andvirði þeirrar raforku, sem við mundum selja til alúmíníumverksmiðjunnar. Það er ómögulegt að hugsa sér, að það verði fyrr en eftir alllangan tíma, t. d. 20 ár eða svo, að raforkuverið, þegar væri búið að borga það mikið niður, færi að verða góð eign fyrir okkur Íslendinga og hagstæð fyrir okkur að öðru leyti, sem þurfum auðvitað að nota þessa raforku. Það er rétt, að slík raforkuver eru byggð til mjög langs tíma, geta enzt lengi, og það kemur að því, að þau verða tiltölulega hagstæð. En það er alger blekking að búast við því, að þessar framkvæmdir frá hreinu efnahagslegu sjónarmiði verði einhverjir bjargvættir fyrir fjárhagsafkomu íslenzku þjóðarinnar, að þessar framkvæmdir verði til þess að bjarga okkar gjaldeyrisstöðu.

Ég er ekki í nokkrum vafa um það, að ef við ráðstöfuðum svipuðum fjármunum og við verðum að ráðstafa í þessum efnum, í sambandi við stóriðjuna, t. d. til aukinnar fiskvinnslu, þá gætum við bætt okkar gjaldeyrislegu aðstöðu margfalt meir en með þessum ráðstöfunum. Og þetta hygg ég, að sérfræðingar ríkisstj., sem mest hafa athugað þessi mál, viðurkenni allir, en það hygg ég aftur, að skilji verulega á milli þeirra og mín í þessum efnum, að þeir hafi ekki sömu trú og sömu skoðun og ég á möguleikum okkar atvinnuvega til þess að geta skilað okkur arði, ef rétt og vel væri á haldið. Þeir sömu sérfræðingar höfðu áður sent frá sér útreikning um það, hverju mætti búast við sem hámarksvexti í okkar sjávarútvegi og útflutningi sjávarafurða á næstu árum, en það eru nokkur ár síðan þeir gáfu frá sér slíka útreikninga, og þá reiknuðu þeir með miklum mun minni afrakstri af sjávarútvegi en reynslan hefur sýnt að orðið hefur, — miklum mun minni.

En það er ekki aðeins það, að þær framkvæmdir, sem fyrirhugaðar eru í sambandi við þessa stóriðju, séu vafasamar fyrir okkur Íslendinga frá hreinu fjárhagslegu sjónarmiði séð, borið saman við aðra möguleika, sem við höfum, heldur kemur einnig hitt til, að þessum framkvæmdum mundu fylgja margvíslegar aðrar hættur, sem er í raun og veru ómögulegt að meta til peninga. Því er að vísu haldið fram, að þó að erlendir aðilar fengju að byggja alúmíníumverksmiðjuna og eiga hana og reka að öllu leyti, þá ætti það ekki að þurfa að skapa okkur neina teljandi hættu í sambandi við fjárhagslegt sjálfstæði þjóðarinnar. Það er talað um möguleika á því, að við getum búið þannig um í löggjöf, að af þessu ættu ekki að verða neinar teljandi hættur. En mér er ómögulegt að líta á þessi mál öðruvísi en í fullu samhengi við ýmsa aðra þætti. Eða hvers vegna skyldi maður láta sér það til hugar koma, að það ætti aðeins að leyfa einum erlendum aðila að byggja eina verksmiðju eins og alúmíníumverksmiðju? Hvers vegna ekki að verða þá við óskum ýmissa annarra aðila, sem hafa sannarlega gefið sig fram stundum hér áður, sem þá færu á eftir fram á það, að þeir mættu líka leggja fram erlent fjármagn, t. d. til þess að leysa eitthvað af því, sem við höfum enn ekki getað leyst vegna okkar fjármagnsskorts í sambandi við úrvinnslu á okkar sjávarafla? Þar hafa þeir mikla tæknikunnáttu, þeir hafa peningana, þeir hafa sínar miklu sölumiðstöðvar til þess að brjótast í gegn á hinum erfiðu mörkuðum. Þeir hafa alla þessa möguleika. Hvers vegna ekki að heimila einhverjum öðrum erlendum aðila að byggja aðra verksmiðju upp á 1100 millj. til þess að nýta þar okkar hráefni, sem við höfum ekki komizt yfir að nýta enn þá? Hvers vegna ekki? Við gætum sett einnig lög um starfsemi þeirra, eins og lög um starfsemi hinna, sem eiga að byggja alúmíníumverksmiðjuna. Og hvers vegna er ekki hægt að halda enn þá lengra áfram? Skyldu ekki fleiri geta komið og óskað eftir því að fá að verða hins sama aðnjótandi?

Það er alveg ómögulegt að líta á þessi mál þannig einangruð, að hér sé aðeins um eina verksmiðju að ræða, eitt einstakt tilfelli, og svo sé öll hættan liðin hjá. Hér er vitanlega verið að stíga fyrsta skrefið, enda hefur nú reynslan sýnt, að menn þurftu ekki einu sinni að stíga skrefið, það var bara byrjað að tala nógu mikið um það í landinu að stíga þetta skref, til þess að menn færu að tala um það að stíga það næsta líka. Þá voru komnar upp bollaleggingar um það að byggja hér sérstaka olíuhreinsunarstöð. Að vísu var það látið fylgja með í upphafi, að Íslendingar mundu eiga meiri hlutann af hlutafénu í því fyrirtæki, eitthvað yfir 50%. En það er nú alþekkt fyrirbæri, hversu mikið má á það treysta, þegar útlendingar eiga að nafninu til t. d. 49% af hlutafénu, en einhverjir íslenzkir aðilar ættu 51%, og svo vitanlega leggja hinir erlendu aðilar fram meginhlutann af fjármagninu til láns að öðru leyti. Það er margföld reynsla af því, hversu mikið má byggja á eignarhaldi af hálfu Íslendinga í slíkum tilfellum. Nei, auðvitað er þarna á ferðinni undirbúningur undir það að stíga strax næsta skrefið, leyfa erlendum aðilum, sem lengi hafa haft augastað á því, að ná hér úrslitaáhrifum um það, hvernig væri háttað öllum olíuinnflutningi til landsins, allri olíudreifingu í okkar landi og hvaða fyrirkomulag væri haft á í þeim efnum á allan hátt. Og ýmsir þeir, sem þar höfðu lengst gengið áður og fengið mest að raka til sín gróða áður, þeir þykjast hafa orðið nokkuð afskiptir nú á tímabili í þeim efnum og alls ekki verið ánægðir með það að þurfa að sjá olíu og benzín frá allt öðrum aðilum renna inn á sína eigin geyma og í gegnum sínar eigin leiðslur, sem þeir höfðu komið hér upp á sínum

tíma og þeir raunverulega áttu, og þeir hafa vitanlega viljað hnekkja þessu og gert ýmsar tilraunir til þess, — þessu ástandi, sem verið hefur. Og það er því kominn þarna strax upp áhugi til þess, að þeir teygi sig inn á þetta svið líka, og það er enginn vafi á því, að beiðnir frá ýmsum aðilum mundu koma á eftir.

Það verður því að líta á þetta sem prinsip-mál. Hér verður að taka grundvallarafstöðu í stórmáli í sambandi við uppbyggingu íslenzks atvinnulífs, í sambandi við þróunina á okkar þjóðarbúskap á komandi árum. Og í þeim efnum hljótum við vitanlega líka að hafa það í huga, hvað í þessum efnum hefur verið að gerast í ýmsum öðrum löndum, sem við höfum nokkur kynni af. Það er þekkt fyrirbæri úr ýmsum löndum, að auðhringar frá öðrum löndum hafa verið að teygja sig inn í þeirra atvinnulíf með vitanlega tilheyrandi afleiðingum. Við vitum það t. d., að nú um nokkurra ára skeið hefur meginþátturinn í hinni pólitísku baráttu í Kanada beinlínis snúizt um þau vandamál, sem voru afleiðing af gífurlegu valdi erlends fjármagns, sem hafði náð úrslitaáhrifum í kanadísku atvinnulífi. Ríkisstjórnir hafa komið og fallið í Kanada á síðustu árum einmitt í sambandi við deilurnar um þessi mál. Svo langt hefur þetta gengið, að þar hefur forsrh. þurft að lýsa yfir, að hið gífurlega atvinnuleysi, sem í því landi væri, það væri þess eðlis, að raunverulega gæti ríkisstj. svo að segja ekkert við þann vanda glímt, vegna þess að svo gífurlega stór hluti af efnahagslífi landsins væri raunverulega undir stjórn erlendra aðila, sem ríkisstj. í Kanada réði ekki yfir. Vitanlega var það svo, að hin stóru atvinnufyrirtæki þar, þar sem útlendingar réðu úrslitum, það voru þau sjálf, sem réðu því, hvort þau vildu halda áfram aukinni framleiðslu þar í landi til þess að taka við vaxandi fjölda vinnandi manna. En þessir aðilar kusu í ýmsum tilfellum að draga til baka út úr landinu aftur afraksturinn af framleiðslunni og kapítalið sjálft og flytja það til og setjast að annars staðar.

Enn þá sárara hefur þetta þó verið í ýmsum löndum Suður-Ameríku, sem kunnugt er, þar sem segja má, að ríkt hafi algert efnahagslegt ósjálfstæði vegna þess, hve þáttur erlends fjármagns var þar orðinn stór í framleiðslukerfinu.

Það er vitanlega ómögulegt annað, þegar þessi mál eru rædd, en menn hafi slíkar staðreyndir sem þessar í huga, að því fylgja auðvitað margvíslegar hættur að láta erlenda aðila fá of mikla áhrifaaðstöðu í sjálfu efnahagslífinu. Ég vil því segja það, að ég tel, að það sé ekki viðunandi lengur, að hæstv. ríkisstj. haldi þannig á stórmálum eins og þessum, að þau geti ekki verið rædd með eðlilegum hætti hér á hv. Alþ.

Það, sem nú væri eðlilegt að gert yrði, er það, að ríkisstj. gæfi hér í fyrsta lagi ýtarlega skýrslu um það, hvað gerzt hefur í undirbúningi þessara mála, hvernig málin standa, léti þingflokkunum í té ýtarlegar, skriflegar upplýsingar um það, sem beinlínis hefur komið fram í málinu, og síðan yrðu leyfðar hér á Alþ. almennar opinberar umræður um málið á því stigi, sem það er nú. Það væri líka hægt að fara þá leið, sem lögð er til í þessari þáltill., sem hér liggur fyrir til umræðu, að Alþ. kjósi sérstaka nefnd, sem fái þá valdsvið til þess að fá að athuga allt það, sem gerzt hefur í þessu máli. En ég álít, að auk þess sem slíkt fer fram, þá sé fullkomin ástæða til þess, að hér geti farið fram opinberar umræður um málið. Nú er það einnig svo, að þeir aðilar, sem ríkisstj. hefur sett í nefndir til þess að rannsaka málið, hafa mætt hér á fundum einstakra flokksfélaga til þess þar að gefa skýrslur eða svara margvíslegum fsp. um þessi mál. Það væri því síður en svo minni ástæða til þess, að hæstv. ríkisstj. væri t. d. við umræður eins og þessar, að þá væri hún stödd hér í þinginu, sem hún er ekki, og að hún upplýsti alþm. eða svaraði þeim ekki lakar en sérfræðingar ríkisstj. hafa verið að svara ýmsum fyrirspyrjendum á einstökum flokksfundum, þar sem þessi mál hafa verið rædd. Hér er vitanlega um mjög margt að spyrja, um einstök atriði, auk þess sem eðlilegt er, að rætt sé um grundvallarsjónarmiðin sjálf. Mér leikur t. d. nokkur hugur á að vita, hvernig hæstv. ríkisstj. hefur t. d. hugsað sér fyrirkomulagið á því, ef upp yrði komið hér slíkri alúmíníumverksmiðju eins og talað hefur verið um á vegum útlendinga, hvernig hún hefur hugsað sér það fyrirkomulag, sem snýr að kaupgjalds- og kjaramálum og samningum stéttarfélaga um öll þau mál við hið erlenda fyrirtæki. Eiga viðkomandi verkalýðsfélög hér að semja beint við hinn erlenda atvinnurekanda, sem virðist auðvitað alveg sjálfsagður hlutur, og hann verði að lúta í þessum efnum nákvæmlega sömu reglum og skilmálum og innlendir atvinnurekendur verða að gera, eða er kannske meiningin, að hinn erlendi aðili fái einhvern sérsamning um það, að hjá honum megi ekki gera verkfall og hann sé alveg „stikkfrí“ í þessum efnum? Við þekkjum ýmis dæmi þess, að erlendir aðilar, sérstaklega þegar þeir eru stórir og koma og leggja fram allmikið fé, þeir vilja áskilja sér alveg sérstök sérréttindi. Ég þykist vita það, að erlendir aðilar hafi t. d. veitt því athygli, að vinnumarkaðurinn á Íslandi er ekki allt of öruggur, eins og hann hefur verið nú um langan tíma. Verkföll hafa verið býsna tíð, árekstrar út af kaupgjaldi hafa verið miklir, og satt að segja hefur það ekki sótt til hins betra í tíð núv. hæstv. ríkisstj., þegar segja má, að þessi mál hafi þróazt þannig, að verkalýðssamtökin í landinu eða samtök launþega eru í rauninni alveg óláanleg til þess að semja nema til örfárra mánaða, vegna þess að verðlag allt leikur þannig á reiðiskjálfi í landinu, að það er í rauninni fásinna að ætla að halda kaupi föstu um nokkurn tíma sem heitir, vegna þess að kaupmáttur launanna breytist svo hratt með breyttu verðlagi. Það mætti segja mér, að þeir aðilar, sem ætla að eiga hina stóru og dýru alúmíníumverksmiðju, segi, að það mundi kosta þá tugi millj. kr., ef það kólnaði undir pottunum í verksmiðjunni, og það þurfi því jafnvel að koma málunum þannig fyrir, að það þurfi að vera sérstakar, stórar varastöðvar til þess að koma í veg fyrir allar slíkar rekstrartruflanir í sambandi við orkuna, — það mætti segja mér það, að þeir væru ekki ginnkeyptir fyrir því án einhverra sérréttinda í þessum efnum að búa við þau kjör í þessum efnum, sem íslenzkur atvinnu-

rekstur verður við að búa og er afleiðing af þeirri stjórnarstefnu, sem haldið hefur verið uppi í landinu. Það er auðvitað alveg augljóst, eins og nú er komið í þeim efnum, ef ekki verður þar um alger þáttaskil að ræða, þá er svo komið nú, að launþegasamtökin í landinu koma til með að segja: Það er þýðingarlaust með öllu að gera samninga nema svo að segja frá degi til dags, nema það fáist vísitölutrygging á kaup eða verðtrygging á kaup, því að þannig hefur verðlagið ætt áfram að undanförnu, að ómögulegt hefur verið að gera samninga til langs tíma og skapa einhverja festu eða öryggi á vinnumarkaðinum. — En hvað hugsa þeir aðilar, sem hafa verið að vinna að undirbúningi þessa máls, hvað hugsa þeir sér t. d. í þessum efnum? Hvað hugsa þeir sér einnig um önnur réttindi þessara erlendu aðila, sem hér ættu að fá aðstöðu í íslenzku atvinnulífi? Hvað hugsa þeir sér um réttindi þeirra eða sérréttindi þeirra varðandi tolla og skatta? Maður hefur heyrt það, m. a. haft eftir einum af ráðh., að hinir erlendu aðilar vildu fá sérréttindi í þessum efnum, þeir vildu ekki borga þá tolla, sem íslenzkir atvinnurekendur verða að borga.

En ég skal nú ekki fara langt út í það við þessa umr. að leggja fyrir hæstv. ríkisstj., sem hefur ekki heldur tíma til að vera hér á þessum fundi, margar spurningar um einstök atriði. Það verður að bíða þess tíma, sem maður vonar, að sé ekki langt undan, að hægt sé að ræða nánar um þessi þýðingarmiklu mál.

Ég veitti því athygli, að formaður Framsfl., sem hér talaði næstur á undan mér, ræddi nokkuð um það í sambandi við þessi stóriðjumál, að það gæti skipt allmiklu máli um framkvæmdir í þessum efnum, hvernig yrði um staðsetningu stóriðjufyrirtækja í landinu, það gæti t. d. skipt allmiklu máli, hvort þessi stóra alúmíníumverksmiðja og hið mikla raforkuver, sem þarf að byggjast í sambandi við hana, hvort þessi fyrirtæki yrðu staðsett á Norðurlandi eða hér syðra. Þetta gæti vissulega haft nokkur áhrif á uppbyggingu byggðarinnar í landinu. Ekki neita ég því, að þetta geti haft nokkur áhrif. En það vil ég segja í þessum efnum, að ég held, að það sé langt frá hinu rétta, að hægt sé að búast við því, þegar erlent auðfyrirtæki ákveður að leggja í mikla fjárfestingu í einu landi og útvega mikið fjármagn í því skyni, að það láti þá setja sig niður þar í landinu, sem t. d. eitthvert byggðasjónarmið okkar segði til um. Því hefur mjög verið haldið fram, að það yrði að reikna það mjög nákvæmlega út, upp á brot úr eyri, hvað mætti búast við, að raforkan kostaði ýmist úr þessu orkuverinu eða hinu í sambandi einmitt við þessa stóriðju, vegna þess að það hefur engin dul verið dregin á það, að hinir erlendu aðilar gera alveg hiklaust kröfu um það að fá að njóta hinna hagstæðustu fjárhagslegu kjara, sem unnt er að fá í þessum efnum. Sérfræðingar ríkisstj. hafa verið að gefa yfirlýsingar um það núna síðustu dagana, að það mundi kosta t. d. á milli 200 og 300 millj. kr. meira að hafa orkuverið á Norðurlandi heldur en hafa það hér fyrir sunnan og verksmiðjuna fyrir norðan, svo að það er auðvitað ekki nokkur minnsti vafi á því, miðað við þau lögmál, sem liggja til grundvallar hjá þeim aðilum, sem hér eiga hlut að máli, hinum erlendu aðilum, að þeir velja það úr í þessum efnum, sem þeim hentar bezt. Og þar getur ekkert annað komizt að, og það er mikill misskilningur að halda það, að við eigum þar einhverra kosta völ að segja þeim fyrir verkum í þessum efnum. Ég álít því, að það sé með öllu útilokað að ætla sér að taka afstöðu til slíks stórmáls sem hér er um að ræða varðandi efnahagslega uppbyggingu þjóðarinnar með tilliti til þess, hvort t. d. þessi stóriðja, sem hér hefur verið rætt um, verður reist norðan fjalla eða sunnan fjalla. Og ég vil fyrir mitt leyti sérstaklega vara Framsfl. við í þessum efnum, vegna þess að mér sýnist, að ýmislegt af því, sem frá honum kemur, bendi til þess, að honum séu ljósar þær hættur, sem þessu fylgja, að hann láti ekki veiða sig í það net, sem er greinilega verið að leggja fyrir hann í þessum efnum, að fá hann til þess að segja a. m. k. að hálfu leyti, að verði þessar framkvæmdir gerðar norðan fjalla, þá geti hann hugsað sér að vera með í leiknum, því að þegar hann er búinn að segja þetta vel til hálfs, þá verða framkvæmdirnar settar niður sunnan fjalla og því bætt við, að Framsfl. hafi út af fyrir sig getað fallizt á málið. En þá er orðið of seint fyrir Framsókn að vera á móti, ef nokkuð á að taka mark á því, sem hún segir. Hitt er auðvitað alveg augljóst í þessum efnum, að það er skylda allra flokka og sérhvers alþm. að taka afstöðu til þessara mála út frá þeim grundvallaratriðum, sem hér eiga vitanlega að skipta máli, en það er bæði út frá efnahagslegu sjónarmiði þjóðarinnar og svo einnig út frá því, hvað þetta mundi þýða fyrir raunverulegt, efnahagslegt sjálfstæði þjóðarinnar á komandi árum.

Ég vil í þessu efni taka fram, að það er fjarri því, að ég og við Alþb.-menn séum á móti öllum stóriðnaðarframkvæmdum, þó að við viljum vara við þeirri stóriðju, sem þarna hefur verið fitjað upp á og á þann hátt, sem þarna er gert ráð fyrir framkvæmdum. Við álítum þvert á móti, að það sé eðlilegt, að það bætist við í okkar efnahagskerfi allstór iðnaðarfyrirtæki, t. d. eins og áburðarverksmiðjan var á sínum tíma og sementsverksmiðjan var á sínum tíma og eins og t. d. kísilgúrverksmiðja gæti verið, jafnvel einnig olíuhreinsunarstöð, þegar það væri talið hentugt að öðru leyti að ráðast í slíkar framkvæmdir. Þær framkvæmdir, sem efnahagur okkar leyfir með eðlilegum hætti að við ráðumst í og geta verið okkur hagkvæmar, eigum við að ráðast í, eftir því sem við getum. En við eigum líka að gæta þess vel að ráðast auðvitað fyrst og fremst í þær framkvæmdir, sem skila okkur mestum hagnaði þjóðhagslega séð og stuðla mest og bezt að því að treysta fjárhagslegt eða efnahagslegt sjálfstæði þjóðarinnar og hjálpa okkur mest til þess að vinna að því að bæta lífskjör landsmanna. Ég er á þeirri skoðun, að það, sem næst okkur liggi í þeim efnum og langsamlega mest er aðkallandi hjá okkur, sé að nota það fjármagn, sem við ráðum yfir og við getum fengið með eðlilegum hætti að láni erlendis frá, til þess að byggja upp þá atvinnuvegi, sem við höfum nú aðeins byggt upp til hálfs eða knapplega það, og fá út úr þeim þau

fjárhagslegu verðmæti, sem við vitum að er hægt að fá út úr þeim, en þar kunnum við tiltölulega bezt til verka. Og reynslan mun líka sýna, að það verður okkur heilladrýgst.

Ég læt svo máli minu lokið að öðru leyti en því, að ég get tekið það fram, að ég er fylgjandi þeirri till., sem hér liggur fyrir. Ég álít, að það væri til gagns að kjósa þá nefnd, sem þar er um að ræða, en teldi þó, að þó að sú nefnd væri sett á laggirnar, væri hitt þó einnig æskilegt, eins og þessi mál standa nú, að það gætu farið fram hér á Alþingi eðlilegar umr. um þetta stórmál, um afstöðuna til þessara mála, og það í sambandi við sérstaka skýrslu, sem ríkisstj. gæfi hér um málið.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 57. fundi í Sþ., 1. apríl, var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og til fjvn. með 33 shlj. atkv.

Nefndarálit frá minni hl. fjvn., á þskj. 667, var útbýtt 12. maí, en till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

35. Aðstoð frá Viðreisnarsjóði Evrópuráðsins.

Á 40. fundi í Sþ., 12. febr., var útbýtt:

Till. til þál. um aðstoð frá Viðreisnarsjóði Evrópuráðsins [145. mál] (A. 265).

Á 43. fundi í Sþ., 19. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 49. og 52. fundi í Sþ., 4. og 11. marz, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 54. fundi í Sþ., 18. marz, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Þorvaldur G. Kristjánsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja á þskj. 265 þáltill. um aðstoð frá Viðreisnarsjóði Evrópuráðs. Till. er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþ. ályktar að skora á ríkisstj. að láta athuga möguleika á því, að Íslendingar hagnýti sér aðstoð frá Viðreisnarsjóði Evrópuráðsins (The Council of Europe Resettlement Fund) í þeim tilgangi að stuðla að jafnvægi í byggð landsins."

Á undanförnum árum hefur verið mikið rætt og talað um jafnvægi í byggð landsins. Þær umræður hafa ekki sízt verið hér á hinu háa Alþ., og þáltill. eða frv. varðandi þetta efni í einu eða öðru formi munu hafa verið lagðar fram á flestum þingum, ef ekki öllum þingum hin síðari ár. Tilgangurinn hefur verið að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Málið hefur verið á dagskrá vegna þeirra fólksflutninga, sem átt hafa sér stað utan af landsbyggðinni til höfuðstaðarins og nágrennis.

Tilflutningar fólks innanlands þurfa ekki að vera óeðlilegir. Breytt tækni og atvinnuhættir geta gert slíkt óhjákvæmilegt. Slíkt hefur þjóðin undirgengizt og verður að vera viðbúin að undirgangast. En slík þróun á ekki og þarf ekki að þýða það, að meginhluti þjóðarinnar setjist að á litlum eða takmörkuðum hluta landsins.

Nú um áratugaskeið hefur þróunin stefnt um of í þessa átt. Þessir fólksflutningar stafa ekki nema að nokkru leyti af breyttri tækni og breyttum atvinnuháttum. Gæði landsins og náttúruauðlindir er að finna víðs vegar um landið og geta verið hagnýttar víðs vegar um landið með þeirri tækni og atvinnuháttum, sem við búum við. Fólksflutningar utan af landsbyggðinni til Reykjavíkur og nágrennis eru því tvímælalaust þjóðhagslega óhagstæðir, ef þeir fara fram úr ákveðnu marki. En hér kemur fleira til en það, sem metið verður beinlínis í tölum og fjárhagsútreikningum. Menning okkar, erfðir og saga eru tengd við Ísland allt. Heilir landshlutar mega ekki leggjast í eyði eða ganga svo saman að fólksfjölda, að áhrifa þeirra gæti lítið eða ekki í þjóðlífinu. Það væri að glata fortíðinni á kostnað framtíðarinnar. Þjóðmenning okkar gefur okkur rétt og mátt til frelsis og sjálfstæðis, og þjóðmenning okkar er bundin við Ísland allt. Sögur herma, að landið hafi verið alnumið á 60 árum. Það er okkar hlutverk nú að halda því öllu í byggð. Þá á ég ekki við, að ekkert bóndabýli megi fara í eyði, og jafnvel ekki, að enginn hreppur megi fara í eyði, heldur hitt, að við höldum byggð uppi, þar sem nútímatækni og atvinnuhættir leyfa. Hér þarf sérstakra aðgerða við. Í því skyni hafa margar þál. verið samþ. á Alþ. og löggjöf sett.

Svo mjög hefur verið rætt um þetta vandamál hér á hv. Alþ., að ég sé ekki ástæðu til að vera að fjölyrða um það út af fyrir sig. Min hugsun beinist þó frekar að úrræðum til að leysa vandann. Þannig er til komin þáltill. sú, sem hér liggur fyrir til umræðu. Á vegum Evrópuráðsins er svokallaður viðreisnarsjóður, Resettlement Fund, sem hefur það hlutverk að aðstoða Evrópulönd við lausn vandamála, sem stafa af tilflutningi fólks, þar með talið landflóttamanna. Sjóður þessi var stofnaður 16. apríl 1956 af 8 aðildarríkjum Evrópuráðsins og var Ísland eitt þeirra, en hin ríkin voru Belgía, Frakkland, Vestur-Þýzkaland, Ítalía, Lúxembourg, Grikkland og Tyrkland. Síðar gerðist Kýpur aðili að sjóðnum árið 1962. Þessi sjóður gegnir hlutverki sínu með því að veita lán eða tryggingu fyrir lánum til framkvæmda, sem ætlað er að skapa nýja möguleika til lífsframfæris, þar sem þess gerist þörf vegna tilflutninga fólks. Aðildarríki sjóðsins hafa lagt honum til stofnfé að upphæð 6.7 millj. dollara, þar af er framlag Íslands 10 þús. dollarar. Síðan viðreisnarsjóðurinn tók til starfa árið 1957 til ársloka 1962 hefur hann veitt lán samtals að upphæð 25.4 millj. dollara, og árið 1963 námu lánin 5.5 millj. dollara, eða alls nema nú lánin frá upphafi 30.9 millj. dollara. Lán þessi eru til 15 eða 20 ára með 5—6% ársvöxtum. Lán-

in skiptast þannig á aðildarríkin, að Ítalía hefur hlotið 12.7 millj. dollara, Vestur-Þýzkaland 11.3 millj., Grikkland 4 millj., Tyrkland 2.4 og Kýpur ½ millj. Fyrstu árin var aðalverkefni sjóðsins bundið við flóttamannavandamál Vestur-Þýzkalands. Með því að það vandamál er nú í þessu sambandi að mestu úr sögunni, hefur starfsemi sjóðsins síðustu árin beinzt einkum að Grikklandi, Tyrklandi, Ítalíu og Kýpur. Í þessum löndum hafa vandamálin aðallega risið af fólksflutningum innan hvers lands. Aðstoð viðreisnarsjóðsins hefur hér ekki miðað fyrst og fremst að því að skapa fólkinu lífsskilyrði, þar sem það leitar, heldur eigi síður hitt að bæta aðstöðuna í þeim landshlutum, sem fólkið flyzt frá, til þess að stöðva fólksflóttann, þ. e. að viðhalda jafnvægi í byggð landsins. Hér er um að ræða hliðstæð vandamál og þau, sem við höfum við að glíma. Spurning er því, hvort við getum hagnýtt okkur aðstoð viðreisnarsjóðsins með svipuðum hætti og þessar þjóðir hafa gert.

Til þess að skýra þetta nánar þykir mér rétt að gera grein fyrir lánum, sem viðreisnarsjóðurinn hefur veitt í þessu skyni. Eins og ég hef áður sagt, eru lán þau, sem viðreisnarsjóðurinn hefur veitt til Vestur-Þýzkalands, tengd vandamálum landflótta fólks, og hafa þau verið notuð einkum til íbúðarhúsabygginga í Vestur-Þýzkalandi. Til Grikklands hefur viðreisnarsjóðurinn lánað 3.25 millj. dollara til framkvæmda í norðvesturhluta landsins, Epírus. Þessi hluti Grikklands var álitinn eiga við mesta örðugleika að stríða, m. a. vegna erfiðra og ónógra samgangna, vegna of einhæfs atvinnulífs, þ. e. ónógs iðnaðar, og vegna skorts á rafmagni. Gríska stjórnin gerði á sínum tíma 5 ára áætlun um jarðabætur, samgöngubætur, virkjanir, verkfræðslu og íbúða- og hótelbyggingar í þessum landshluta, og gengur lán viðreisnarsjóðsins til framkvæmda í sambandi við þá áætlun. Þá hefur sjóðurinn lánað 500 þús. dollara til stofnunar verkstæðisskóla í Aþenu. Enn fremur hefur verið veitt 200 þús. dollara lán til eflingar tækni- og iðnskólum, sem stofnaðir hafa verið af tæknistofnuninni í Aþenu. Til Tyrklands hefur sjóðurinn lánað 1.5 millj. dollara, til tæknistofnunar nálægra Austurlanda, sem hefur aðsetur í Ankara, og var fé þeð einkum notað til kaupa erlendis á tækjum til verkstæðiskennslu, svo og ýmsum öðrum iðnkennslutækjum. Þá hefur sjóðurinn lánað til Tyrklands 870 þús. dollara í öðru skyni, svo sem til stofnunar fyrirmyndarbýla og byggðahverfa í sveitum landsins og til bygginga smáíbúðarhúsa í Ankara. Til Ítalíu hefur viðreisnarsjóðurinn lánað 6 millj. dollara til að setja upp verkstæðisskóla í fimm borgum Ítalíu á vegum uppbyggingarstofnunar iðnaðarins þar í landi. Lánaðar hafa verið 600 þús. dollara til byggingar alþjóðlegs verkstæðisskóla í Salerno. Enn fremur hafa verið lánaðar 360 þús. dollara til byggingarsamvinnufélaga ítalskra verkamanna. Í því skyni að örva félagslega og efnahagslega þróun Sikileyjar hefur sjóðurinn lánað 5 millj. dollara til framkvæmda í borginni Gela í sambandi við nýjan iðnað, sem settur var þar á laggirnar. Lánið fór til byggingar á íbúðum fyrir verkamenn og byggingar félagsheimila, sjúkrahúsa, íþróttamannvirkja og skóla. Þá hefur sjóðurinn lánað 2.1 millj. dollara til húsbygginga fyrir ítalska verkamenn, sem flutzt hafa úr landi. Til Kýpur lánaði viðreisnarsjóðurinn á s. l. ári ½ millj. dollara, til vatnsveitna og skólabygginga í sveitum Kýpur. Lánið var veitt með því að talið var, að vatnsskortur stæði í vegi fyrir efnahagslegum og félagslegum framförum. Einnig var talið, að bæta yrði ástand barnafræðslunnar í sveitum, til þess að unglingar gætu síðar verið tækir í verkstæðis- og iðnskóla.

Það, sem ég hef nú greint frá lánveitingum viðreisnarsjóðsins, sýnir, að hann hefur látið til sín taka margháttuð verkefni. Margt af því, sem þar er um að ræða, er alls óskylt okkar vandamálum. Hins vegar eru aðrar framkvæmdir, sem sjóðurinn hefur lánað til, svipaðs eðlis eða jafnvel hliðstæðar þeim, sem til greina gætu komið hér á landi til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Tökum t. d. Vestfirði. Samkv. skýrslum um mannfjölda á Vestfjörðum hefur íbúum þar fækkað um 19.7% á hálfri öld eða á tímabilinu frá 1912—1962. Hér er um nokkra sérstöðu að ræða, því að þetta er eina kjördæmið í landinu, þar sem um beina fólksfækkun hefur verið að ræða. Að nokkru leyti hefur þetta verið óhjákvæmileg afleiðing af þróuninni í tækni- og atvinnuháttum landsmanna, og að því leyti er ekkert um að sakast. En þó að þróunin hafi verið óhagstæð þessum landshluta síðustu hálfa öld, er ekki þar með sagt, að svo þurfi að vera framvegis í næstu framtíð. Þvert á móti erum við þar nú á vegi staddir í tæknilegu og atvinnulegu tilliti, að við höfum ekki einungis möguleika til að stöðva þennan fólksflótta frá Vestfjörðum, heldur og snúa þróuninni við. En það eigum við að gera, vegna þess að það er þjóðhagslega hagkvæmara að öðru jöfnu að búa fólkinu lífsskilyrði, þar sem það er, heldur en þar sem það leitar.

En hverjar eru þær orsakir fólksflóttans frá Vestfjörðum, sem við ættum að hafa tök á að ráða við? Ástæðurnar eru aðallega tvenns konar: annars vegar einhæfur atvinnurekstur, hins vegar ófullnægjandi aðstæður til félagslegra og menningarlegra iðkana á nútímaháttum og venjum. Einn höfuðvandinn er einangrun og samgönguleysi hinna einstöku og afmörkuðu byggðarlaga meiri hluta ársins. Skipuleggja þarf byggðina, svo að hér verði ráðin bót á í samræmi við nútíma þarfir og lífnaðarhætti. Stefna þarf að því að koma upp sem öflugustum byggðasvæðum, sem myndi eina heild atvinnulega, menningarlega og félagslega. Slík þróunarsvæði á að mynda um höfuðstaðinn Ísafjörð og nágrenni, og á ég þá ekki aðeins við Bolungarvík, Hnífsdal og Súðavík, heldur einnig Suðureyri, Flateyri og Þingeyri. En eitt þýðingarmesta skilyrði til þess, að svo geti orðið, eru öruggar samgöngur milli þessara staða jafnt að vetri sem að sumri. Til þess að svo megi verða, þarf að gera jarðgöng gegnum Breiðadalsheiði. Hliðstæð þróunarsvæði eða kjarna byggðarinnar á Vestfjörðum þarf að mynda um Patreksfjörð, Bíldudal og Tálknafjörð. Og þriðja aðalbyggðarsvæðið ætti að vera við Hólmavík og Drangsnes. Með því að leggja áherzlu á myndun slíkra þróunarsvæða fengist sá grundvöllur, sem

þéttbýlið skapar fyrir nútíma atvinnuháttum og menningar- og félagslífi. Byggðahverfi þarf svo að efla á nokkrum stöðum í sveitum Vestfjarða, menningarlegar miðstöðvar, félagslegar miðstöðvar og þjónustumiðstöðvar í þágu landbúnaðarins. Slík byggðahverfi þarf að efla á Reykhólum og t. d. á Reykjanesi við Ísafjarðardjúp.

Ein orsök vandamálanna á Vestfjörðum er fábreytni atvinnulífsins, eins og ég áður sagði. Höfuðverkefnið er að bæta úr þessu með því að efla þar iðnað. Margs konar smáiðnaður getur þar verið rekinn með jafngóðum árangri og annars staðar á landinu. Auk þess hafa Vestfirðir skilyrði á ýmsum sviðum til jafns við aðra landshluta til þess að vera hlutgengur aðili á öld þeirrar stóriðju, sem vonandi er nú að renni upp hér á landi. Ég nefni nú aðeins eitt í því sambandi. Þegar ákveðin var staðsetning sementsverksmiðjunnar, þótti ýmsum eins koma til greina að staðsetja hana á Patreksfirði eða í Önundarfirði, og sumir kunnáttumenn töldu, að þar væru aðstæður hér á landi heppilegastar til framleiðslunnar. M. a. með tilliti til innanlandsmarkaðarins var ekki horfið að því ráði að reisa sementsverksmiðjuna á Vestfjörðum. En ef við förum að framleiða sement fyrir erlendan markað, sem við reyndar höfum lítillega gert nú þegar og virðast geta orðið möguleikar á, þá á vissulega að taka til athugunar, að framleiðsluafköst verði aukin með nýrri sementsverksmiðju í Önundarfirði eða á Patreksfirði.

Ég ætla mér ekki þá dul að fara að telja hér upp allt það, sem hugsanlega kæmi til greina til eflingar byggðinni á Vestfjörðum, enda þykir sumum kannske nóg komið. Mín skoðun er sú, að allt það, sem ég hér hef nefnt, séu verkefni, sem vel geti komið til álita að Viðreisnarsjóður Evrópuráðsins fáist til þess að ljá lið. Ég hef hér talað um Vestfirði. Það er annars vegar vegna þess, að Vestfirðir hafa nokkra sérstöðu við alla aðra landshluta, eins og ég hef áður greint, og það er hins vegar vegna þess, að þar er ég staðháttum kunnugastur. En þetta þýðir alls ekki, að aðstoð frá Viðreisnarsjóði Evrópuráðsins geti ekki komið til greina við úrlausn verkefna annars staðar á landinu. Mér virðist, að slíkt geti líka komið til greina við úrlausn svipaðra verkefna í einstökum kauptúnum, kaupstöðum og sveitum norðanlands og austan.

Ég sagði áðan, að jafnvægi í byggð landsins hefði oft verið á dagskrá hins háa Alþingis, og ég hygg, að Alþingi hafi að jafnaði tekið með skilningi á þessum málum. Það hefur ekki skort á það, að samþykktar hafi verið margar þáltill. varðandi þetta mál. Þannig samþykkti Alþingi árið 1963 t. d. till. til þál. frá þeim alþm. Gísla Jónssyni og Kjartani J. Jóhannssyni um 5 ára framkvæmdaáætlun til stöðvunar fólksflótta úr Vestfjarðakjördæmi. Skyldi ríkisstj. fela Framkvæmdabanka Íslands að semja 5 ára framkvæmdaáætlun í samráði við stjórn atvinnubótasjóðs til stöðvunar fólksflóttanum úr Vestfjarðakjördæmi. Á vegum Framkvæmdabanka Íslands og Efnahagsstofnunarinnar er nú þegar hafinn undirbúningur að verki þessu, eins og fram hefur komið hér á hv. Alþingi fyrir nokkrum dögum eða viku, og að því verki starfar nú Valdimar Kristinsson viðskiptafræðingur, en hann hefur sett fram merkar hugmyndir um þróunarsvæði á Íslandi og hvernig þau gætu haft áhrif á dreifingu byggðarinnar. Ekki efast ég um, að núv. ríkisstj. láti ljúka þeim athugunum og áætlunum, sem nú er verið að vinna að viðvíkjandi Vestfjörðum. En þá eru eftir framkvæmdirnar sjálfar, og þær eru að sjálfsögðu mest um verðar. Þetta segi ég, því að svo mjög sem þessi mál hafa verið á dagskrá hin síðari ár, verður ekki annað sagt en nokkuð hafi skort á raunhæfar aðgerðir til úrbóta. Mér virðist, að þetta sé vegna þess, að menn horfast ekki nægilega beint í augu við þá staðreynd, að til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins þurfa þeir landshlutar, sem höllustum fæti standa, ekki einungis að nióta þeirra framfara og framkvæmda, sem stuðlað er að um allt land með venjulegum hætti, heldur þurfa þeir sérstakra aðgerða við, sem sérstakt fjármagn þarf til. Þessa hefur ekki alltaf verið nægilega gætt í framkvæmd. Hér hefur reynzt við ramman reip að draga. Ég held, að það sé ekki vegna skilningslevsis né vegna fjandskapar við hugmyndir um jafnvægi í byggð landsins, heldur vegna vissrar áráttu og viðhorfs, sem tröllríður þjóðfélagi okkar í dag. Þetta viðhorf tekur ekki tillit til sérstakra þarfa né brevttra aðstæðna. Við höfum nóg dæmi af að taka. Þetta viðhorf veldur því t. d., að vegafé landsins hefur verið skipt milli landshluta eftir úthlutunarformúlu, sem fundin var upp fyrir um það bil tveimur áratugum, eftir því sem fróðustu menn telja. Þetta viðhorf tekur ekki í mál, að bætt séu kjör hinna lægst launuðu í þjóðfélaginu, nema allir fái samsvarandi launabætur. Þetta viðhorf veldur því, að fjárframlög, sem ætluð eru til sérstakra þarfa, eru sett í almennar þarfir, sbr. bótastyrki atvinnubótasjóðs. Þetta viðhorf fordæmir, þegar einstakir útgjaldaliðir ríkissjóðs brevtast í hlutfalli við aðra vegna brevttra aðstæðna og brevttra þarfa. Þannig mætti lengi halda áfram. En það er þetta viðhorf, sem er erfiður þröskuldur allra raunhæfra aðgerða til aukins jafnvægis í byggð landsins. Menn vilja gjarnan gera það, sem gera þarf, en þegar farið er að tala um að leggja fram fjármunina í því skyni, þá getur það líka kannske verið í lagi, en það verður oft og tíðum að gera sams konar hluti eða samsvarandi hluti um allt land. Af þessu leiðir oft, að annaðhvort verður lítið sem ekkert aðhafzt eða möguleikinn til aðgerða felst í því að heimfæra sérstakar þarfir eins byggðarlags eða landshluta til landsins í heild. En aðgerðir á slíkum grundvelli kosta slíkt fjármagn, að þær eru oft til þess eins fallnar að umturna efnahagskerfi þjóðarinnar. Eftir slíkar aðgerðir er enginn betur settur en áður og sízt þeir, sem verst voru settir áður.

Til þess að vinna raunhæft að jafnvægi í byggð landsins þurfum við að vera lausir við þau misskildu hræðslugæði, að öllum verði í leiðinni að gera eitthvað gott. Við verðum að horfast í augu við hinn raunverulega vanda, sem ekki verður ráðið við nema með sérstöku átaki og sérstökum fjárframlögum, því að vandinn er sérstæður. Meðan við gerum þetta ekki, skort-

ir á raunhæfar aðgerðir til úrbóta. Ég viðurkenni, að hér koma að nokkru leyti til þær skýringar, að fjármagn hefur skort, verkefni hafa kallað að, hvar sem er á landinu. Framfarir hafa og vissulega orðið um allt land. En á sama tíma hefur ekki dregið úr fólksflótta frá sumum landshlutum. Við stöndum því enn andspænis þessu vandamáli, og við getum ekki skotið okkur undan því að horfast í augu við það, ef við á annað borð meinum eitthvað með öllu talinu um jafnvægi í byggð landsins.

Til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins þurfum við fyrst og fremst fjármagn. Möguleiki getur verið á því, að Viðreisnarsjóður Evrópuráðsins sjái sér fært að bæta hér úr. En lántaka úr viðreisnarsjóðnum mundi ekki einungis veita fjármagn, heldur og fjármagn, sem einungis verður notað í þeim tilgangi að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Það yrði ekki hægt að taka til annarra þarfa, hversu mikil freisting sem til þess kynni að vera. Ég segi, að möguleiki eigi að vera á því, að viðreisnarsjóðurinn veiti okkur aðstoð. Það fer þó eftir því, hvert mat sjóðsstjórnin leggur á fyrirhugaðar aðgerðir. Málið þarf því athugunar við. Þessi till., sem hér liggur fyrir, er flutt í þeim tilgangi, að sú athugun fari fram. Ég vænti þess, að hv. alþm. séu mér sammála um réttmæti þess, og þar sem ákveðin hefur verið ein umr. um mál þetta, legg ég til, að umr. verði frestað og málinu vísað til hv. fjvn.

Umr. frestað.

Á 56., 59. og 63. fundi í Sþ., 20. marz, 8. og 15. apríl, var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 64. fundi í Sþ., 15. apríl, var fram haldið einni umr. um till.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Þegar till. sú, sem hér liggur fyrir á þskj. 265 um aðstoð frá Viðreisnarsjóði Evrópuráðsins, var til umr. fyrir páska, — ég hygg, að það hafi verið 18. marz eða fyrir nálega 4 vikum, — og á meðan hv. flm. hennar var að flytja framsöguræðu sína, kvaddi ég mér hljóðs til þess að gera eina eða tvær stuttar athugasemdir, sem mér þótti flutningur málsins gefa tilefni til. Síðan þetta gerðist, er nú, eins og ég sagði, liðinn langur tími, og ræða hv. flm., framsöguræða hans, hefur verið birt, að ég ætla, í tveimur dagblöðum í höfuðborginni, ég held í heilu lagi. Hann lítur því svo á eða flokksmenn hans, að hér sé um meiri háttar mál að ræða, enda er viðfangsefnið, sem hann hefur í huga, vissulega bæði stórt og erfitt og mjög aðkallandi, þótt till., sem hann flytur á þskj. 265, sé e. t. v. ekki að sama skapi stór í sniðum.

Í sambandi við þessa till. ætla ég nú að minna á nokkur atriði, sem máli skipta, til athugunar fyrir þá hv. n., sem væntanlega fær till. til meðferðar, og fyrir aðra hv. alþm., sem þurfa að fjalla um þessa till. og skyld mál, bæði í sameinuðu þingi og deildum þess, en þó sérstaklega til athugunar fyrir sjálfan hv. flm. till. Ekki vil ég hafa á móti því og finnst það ekki nema eðlilegt, að kannaðir séu möguleikar á því að afla fjár á erlendum vettvangi, t. d. hjá samtökum Evrópuþjóða, í þeim tilgangi að stuðla að jafnvægi í byggð okkar Íslendinga í landi okkar, ef líkur eru til, að þeir, sem fyrir slíkum alþjóðastofnunum standa, láti slíkt til sín taka með eðlilegum hætti. Slíka aðstoð telur hv. flm. nú, að hægt muni að fá hjá svonefndum Resettlement Fund á vegum Evrópuráðsins. Hv. flm. kallar þetta viðreisnarsjóð, enda er hann „viðreisnar"-maður. En það, sem enska nafnið ber með sér eða þetta útlenda nafn, sem hér er tilgreint í till., er, að hlutverk sjóðsins sé að aðstoða fólk, sem þarf að nema land á ný, enda upplýst, að hann sé frá öndverðu hjálparsjóður flóttamanna frá Póllandi og Austur-Þýzkalandi, sem þurftu að byggja upp ný heimili vestar í álfunni eftir styrjöldina. Nú er að vísu einnig upplýst, að sjóðurinn hafi í seinni tíð veitt fé til fjögurra Miðjarðarhafslanda, og vikið að því í grg., og segir flm., að það sé þá veitt til að stöðva fólksflótta, en nokkuð af því virðist hafa verið notað til þess að hjálpa ítölsku fólki til þess að nema land í Ástralíu.

Það má vel vera, að hægt sé að fá hingað fé úr þessum flóttamannasjóði. En ég vil eigi að síður vara við því í fullri alvöru, ef einhverjir láta sér detta það í hug, að þessi vestur-evrópski flóttamannasjóður eða landnámssjóður eða viðreisnarsjóður, hvað sem menn nú vilja kalla hann, muni taka það að sér sem sitt hlutverk að sjá um, að Íslendingar byggi land sitt og verji það þannig á eðlilegan og friðsamlegan hátt gegn ágangi annarra þjóða, enda þótt sjóðurinn kunni að láta eitthvert fé af mörkum, sé þess beiðzt. Hitt kynni að geta skeð í sambandi við umr. á alþjóðavettvangi um þetta innanlandsvandamál okkar Íslendinga, að einhverjum erlendum aðilum yrði það þá ljósara en fyrr, hve mikið land og önnur náttúrugæði eru ónotuð hér á landi, og létu sér þá e. t. v. detta í hug, að Íslendingar gætu sér að meinalitlu látið af hendi t. d. við flóttamenn eða atvinnulitla menn frá ýmsum löndum, en þeir skipta víst milljónum um þessar mundir, meira eða minna af þeim landshlutum, sem nú eiga í vök að verjast vegna fólksfækkunar, — landssvæði, sem útlit sé fyrir að Íslendingar vilji ekki sjálfir byggja eða geti ekki byggt. En ef slíkt ber á góma, þarf áreiðanlega að fara að með mikilli gát, því að þessi fámenna þjóð má því miður ekki við því af þjóðernisástæðum að veita viðtöku fjölmenni af öðrum þjóðernum eða jafnvel kynþáttum.

Í seinni tíð hafa borizt hingað raddir utan úr heimi, sem benda ótvírætt til, að fólk, jafnvel í mjög fjarlægum löndum, sem byggð eru okkur óskyldum þjóðum, sé búið að festa auga á hinu mjög svo fámenna framtíðarlandi með auðug fiskimið, orkulindir og gnótt gróðurmoldar hér á norðurhjara og láti sér jafnframt detta í hug, að hér mundi tekið við því opnum örmum. Mér kemur í hug í þessu sambandi blaðagreinin frá Jamaica í Vestur-Indíum, sem Morgunblaðið birti í íslenzkri þýðingu s. l. sumar, þar sem Jamaicamenn voru hvattir til að leita landvistar hér á Íslandi. Fyrir nokkru heyrði ég skeggrætt um það í útvarpinu á fundi ungra manna, að sendiherra einn frá Vestur-Afríku, en þar eru líka landþrengsli sums staðar, að þessi

sendiherra frá Vestur-Afríku hefði nýlega rætt um Ísland í svipuðu sambandi og rætt var í blaðinu í Vestur-Indíum, sem ég nefndi áðan. Og ég tók eftir því, að a. m. k. einn hinna ungu Íslendinga, sem þarna voru að ræða þessi mál, taldi þetta — í gamni eða alvöru, ég veit ekki hvort var — ekki nema sjálfsagt, að við leyfðum þeim, sem það vildu, að flytja inn í landið, að nema hér land. Þetta kann að vera fallega hugsað, en þá ættum við ekki að vera að berjast við að halda uppi íslenzku ríki og varðveita íslenzka tungu. Þá færi bezt á því að taka niður mynd Jóns Sigurðssonar hér á Austurvelli og koma henni á Þjóðminjasafnið, sem hæstv. ráðh. var að tala um í fyrravetur.

Ég býst ekki við, að hv. flm. þessarar till. geri sér neinar gyllivonir um áhrif þessarar till., sem hann flytur nú um útlenda aðstoð til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, þótt samþykkt yrði. En með flutningi till. og alveg sérstaklega í framsöguræðunni, sem hann flutti um þetta mál fyrir 4 vikum, kemur fram, að honum er vel ljóst, að því mikla og aðkallandi viðfangsefni, sem hér er um að ræða, hefur ekki verið sinnt á viðeigandi hátt, að Alþingi eða sá meiri hl., sem hér ræður ríkjum, hefur sýnt tómlæti í þessu máli, svo að ekki sé meira sagt. En í ræðu sinni fyrir 4 vikum komst hv. flm. m. a. þannig að orði:

„Svo mjög sem þessi mál hafa verið á dagskrá hin síðari ár, verður ekki annað sagt en nokkuð hafi skort á raunhæfar aðgerðir til úrbóta. Mér virðist," hélt flm. áfram ræðu sinni, „að þetta sé vegna þess, að menn horfast ekki nægilega í augu við þá staðreynd, að til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins þurfa þeir landshlutar, sem höllustum fæti standa, ekki einungis að njóta þeirra framfara og framkvæmda, sem stuðlað er að um allt land með venjulegum hætti, heldur þurfa þeir sérstakra aðgerða við, sem sérstakt fjármagn þarf til. Þessa hefur ekki verið nægilega gætt í framkvæmd," sagði hv. flm.

Hann nefndi m. a. starfsemi atvinnubótasjóðs sem dæmi um ófullnægjandi aðgerðir í þessu máli og færði fyrir því rétt rök. Mig furðar ekki á því, þó að þessum hv. flm., þessum hv. þm., sem till. flytur, sé orðið órótt út af meðferð þessa máls á síðustu þingum. Hann er einn af fulltrúum Vestfjarða hér á Alþingi, en Vestfirðir eru sá landshluti, sem öðrum fremur hefur orðið fyrir barðinu á fólksflutningunum suður að Faxaflóa. Á Vestfjörðum fækkaði fólki um 19%, á sama tíma sem meðalfjölgun þjóðarinnar var 51%. Þar eru nú tveir heilir hreppar komnir í eyði, og hnignun má heita almenn, að því er fólksfjölda varðar, í þessum landshluta. Þetta veit hv. þm., og hann skilur, hvert stefnir, þegar ekki er að gert. En hann veit sjálfsagt og skilur fleira. Hann veit það, hv. flm. þessarar till., að hér á hinu háa Alþingi höfum við framsóknarmenn hvað eftir annað flutt frv. til l. um raunhæfar ráðstafanir, svo að ég noti orðalag hans sjálfs, til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Hann þekkir þetta frv. og efni þess. Hann veit, að þar er gert ráð fyrir sérstakri ríkisstofnun, sem helgi sig því verkefni eingöngu að vinna að jafnvægisþróun landsbyggðar, ekki aðeins í nokkra mánuði eða 1—2 ár, heldur áfram á komandi tímum, og henni verði fengið verulegt fjármagn til ráðstöfunar og þá fyrst og fremst ákveðinn hundraðshluti af ríkistekjunum, sem miðað við fjárlög þessa árs mundi verða 40—50 millj. kr. á ári eða 400—500 millj. á 10 árum og meira, ef tekjur ríkisins hækka á þeim tíma. Hann veit og skilur það, hv. þm., að þarna er um raunhæfar aðgerðir að ræða. Ég efast ekki um, að hann geri sér grein fyrir því líka, að þessar aðgerðir eða till. um þær í frv. eru að verulegu leyti byggðar á fordæmi frænda vorra, Norðmanna, sem í meira en heilan áratug hafa á skipulagðan hátt unnið að eflingu þess hluta norskrar landsbyggðar, sem talinn var í mestri hættu, og að þeir fengu fyrir nálega 3 árum þessari jafnvægisstofnun sinni til umráða hvorki meira né minna en 500 millj. norskra króna eða í kringum 3000 millj. íslenzkra króna í þessu skyni. Eftir þessari norsku jafnvægisstofnun eru tillögur okkar framsóknarmanna í frv. um ráðstafanir til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins sniðnar að verulegu leyti. Hann veit það þess vegna, hv. þm., og aðrir hv. þm., að undanfarin ár hafa legið fyrir Alþingi till. um raunhæfar aðgerðir í þessum málum, sem hann nefnir. Hann átti þá ekki sæti hér á Alþingi. Hann veit líka vafalaust, að stjórnarmeirihl. í fjhn. Nd. lét útbýta hér á Alþingi í fyrra rökstuddri dagskrá, þar sem lagt var til að vísa þessu frv. frá á þeim grundvelli, að það væri óþarft, að lögin um atvinnubótasjóð nægðu til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, en sá sjóður fær nú samkv. lögum um hann 10 millj. kr. á ári í tekjur, og starfsreglur hans eru eins og hv. þm. lýsti í ræðu sinni hér fyrir 4 vikum, en annars er sá sjóður út af fyrir sig þörf stofnun og gagnleg á sinu sviði. Það má bæta því við, að núna í ár hefur sjóðurinn raunar ekki nema 5 millj. kr. til meðferðar, ef ekki verður að gert, vegna þess að hann varð í fyrra að eyða fyrir fram af tekjum sínum. Og það má geta um það til viðbótar við það, sem hv. flm. till. sagði um starfsemi þessa sjóðs að jafnvægismálum, að af þessum fáu millj., sem sjóðurinn hafði til umráða til þess að efla landsbyggðina og koma í veg fyrir óheppilega fólksflutninga, var einni millj. ráðstafað til fyrirtækja hér í Reykjavík, einni millj. hingað til Revkjavíkur, og vita þó allir, að höfuðborgin er ekki staður, sem á það á hættu, að fólk flvtiist þaðan í stórum stíl. Þetta dæmi til viðbótar því, sem hv. þm. sagði, sýnir glögglega, hver fjarstæða það var í þessu plaggi, sem ég nefndi áðan, að telja, að atvinnubótasjóðurinn, sem út af fyrir sig er gagnleg stofnun, eins og ég sagði áðan, fullnægði þörfum í þessum efnum, svo að frekari till. um raunhæfar aðgerðir væru óþarfar.

En þessi hv. þm., sem er áhugasamur um þetta mál, veit fleira í sambandi við afgreiðslu þessa máls í fyrra. Hann veit, að þáv. þm. Sjálfstæðisfl. á Vestfjörðum, þeir Gísli Jónsson og Kjartan J. Jóhannsson, höfðu áhyggjur af þessari afgreiðslu. Þó að þeir eins og aðrir stjórnarþm. greiddu atkv. með því að lýsa yfir því, að jafnvægislöggjöf væri óþörf, þá sáu þeir missmíði á því að leggja nafn sitt við svo ábyrgðarlítið hjal. Þeir mundu eftir Vestfjörðum. Þess vegna fluttu þeir undir þinglokin sérstaka till. til

þál. um að gera skyndiáætlun um ráðstafanir til að stöðva fólksflótta af Vestfjörðum. Þeirri áætlun skyldi samkv. till. ljúka þegar á árinu 1963. Við framsóknarmenn studdum þessa till. að sjálfsögðu, og hún var samþ. á hinu háa Alþingi einróma, að ég ætla. Hv. þm. þekkir framhald þessarar sögu. Hann veit, að flm. þessarar till. eru nú ekki lengur þm. fyrir Vestfirði. Honum eru eflaust í fersku minni umr. um þetta mál, þ. e. a. s. Vestfjarðaáætlunina, í fyrirspurnatíma hér á Alþingi fyrir nokkrum vikum. Vestfjarðaþm. einn hv. spurði um Vestfjarðaáætlunina, hvort henni hefði verið lokið um áramótin. Henni var ekki lokið. Málið hafði verið sent suður til Parísar, og þaðan hafði það verið sent til Noregs og útlendir sérfræðingar sagðir væntanlegir, sumir segja árið 1965, e. t. v. einhvern tíma í sumar. En til bráðabirgða hefur því verið slegið föstu, að Vestfirðir eða a. m. k. hluti af þeim skuli teljast þróunarsvæði, sérstakt þróunarsvæði. Það var ekki alltítið. Það getur út af fyrir sig sjálfsagt verið gagnlegt fyrir landshluta, sem eyðingarhættan vofir yfir að meira eða minna leyti, að fá á sig þetta fræga nafn: þróunarsvæði. Það er ágætt út af fyrir sig og bak við það viðleitni til heilbrigðrar hugsunar. En hér þarf meira til. Hér þarf raunhæfar aðgerðir, eins og hv. flm. till. komst að orði. Og nú hefur hv. flm. sjálfur tekið sæti á Alþingi, þar sem hann átti ekki sæti í fyrra. Og enn á þessu þingi höfum við framsóknarmenn flutt það frv., sem vísað var frá í fyrra um raunhæfar aðgerðir, og nú með þeirri viðbót, sem er orðin aðkallandi, að heimild sé veitt til sérstakrar bráðabirgðaaðstoðar gegn eyðingu sveitarfélags, sem talin er yfirvofandi.

Þessu frv. var vísað til n. í hv. Nd. hinn 21. okt. 1963. Svo liðu þessir 10 dagar, sem eftir voru af október, og nóvembermánuður og desembermánuður 1963 og janúarmánuður 1964 og febrúarmánuður sama árs. Þá leyfði ég mér að vekja athygli á því hinn 2. marz í hv. Nd., að þetta mál væri búið að vera nokkuð lengi í nefnd, og mæltist ég til þess, að hæstv. forseti sæi um, að það yrði afgreitt í n. Svo kom út hinn 16. marz álit frá n., en aðeins frá minni hl. Það hafði loksins verið tekið fyrir til afgreiðslu, og hv. minni hl. hafði, þegar hann fékk tækifæri til, ákveðið að mæla með frv., en hv. meiri hl. var ekki alveg tilbúinn. Hann þurfti dálítið lengri umþóttunartíma, en ekki mjög langan samt, því að áliti meiri hl. var útbýtt hinn 1. apríl, á fyrsta þingdegi eftir páskana, og var dagsett 20. marz. Þetta álit liggur hér fyrir nú og er mjög í sama stíl og álit hv. meiri hl. fjhn. á Alþingi í fyrra. Það er mjög í sama stíl.

Nú er þetta frv. um raunhæfar aðgerðir í jafnvægismálum sem sé þannig statt, að það hefur verið afgreitt úr fjhn. í Nd. og tveir nm. mælt með því, en þrír hafa mælt gegn því. En þó að þrír þm. séu þarna meiri hl. í n. og séu þar að auki þm. í flokkum, sem styðja núv. hæstv. ríkissti., er ekki búið að afgreiða þetta mál í hv. Nd. Og aðrir þm., jafnvel þó að þeir kunni að vera í sömu flokkum, hafa ekkert um það sagt, að þeir ætli sér að styðja þessa dagskrártill. þessara þriggja hv. stórreykvísku þm., sem skrifa undir meirihlutaálit hv. fjhn. í Nd.

Og þá kem ég að því, sem ég hugsa gott til, að nú hefur hv. flm. þessarar till., sem er áhugasamur um þessi mál, aðstöðu til þess að beita áhrifum sínum. Nú á hann hér sæti á hv. Alþingi. Hann hefur aðstöðu til þess að beita áhrifum sínum á flokksmenn sína, sem hafa ekki greitt atkv. enn þá um þetta mál, og það eru ýmsir menn í þessum flokkum, sem sitja nú á þingi, fleiri en hann, sem áttu ekki sæti á þingi í fyrra og greiddu þá ekki atkv. um það dæmalausa plagg, sem þá var lagt fram af nefndarmeirihl. Og hann hefur aðstöðu til þess að hafa áhrif á hæstv. ríkissti., þá sem hann nú styður. Og á þessu vil ég byggja mínar vonir um góðan framgang þessara raunhæfu aðgerða í jafnvægismálinu, að þessi hv. nýi þm. Vestf. muni beita áhrifum sínum gegn áhrifum þessara þriggja stórreykvísku þm. í fjhn., sem hafa ekki viljað breyta því, sem þeir einu sinni hafa gert, og borið fram svipaða dagskrártill. og borin var fram í fyrra. Ég vil trúa því, að hann skorti ekki vilja til þess að beita þeim áhrifum, og það er honum raunar alveg skylt að gera sem fulltrúa fyrir landshluta, sem þarna á sérstaklega mikið í húfi. Hann hefur sem sé góða aðstöðu til þess, þar sem hann er á engan hátt háður þeirri afgreiðslu eða tengdur þeirri afgreiðslu, sem var á þessu máli á Alþingi í fyrra. Og ég leyfi mér að beina þeirri áskorun til hans, að hann leggi sig nú allan fram til þess að fá stjórnarmeirihl. eða þá af honum, sem ekki eru búnir að skrifa undir plaggið, til þess að taka eðlilega afstöðu í þessu máli. Af slíku verki mundi vegur hans vaxa, og hann mundi vinna Vestfirðingum og mörgum öðrum mikið gagn. Eitt hefur þessi hv. þm. a. m. k. á valdi sínu, og það er að greiða sjálfur atkv. með hinum raunhæfu aðgerðum, sem við leggjum til að framkvæmdar verði, og þykir mér líklegt a. m. k., að samflokksmenn hans úr Vestfjarðakjördæmi mundu þá leggjast á sömu sveif og hann í þessu máli. Ég bíð þess nú með eftirvæntingu, og það gera áreiðanlega fleiri, bæði innan þings og utan, að í ljós komi, hvað hv. þm. verður ágengt nú næstu daga í sambandi við þetta mikla mál.

Það er víðar en á Vestfjörðum, sem menn fylgjast af áhuga með aðgerðum eða aðgerðaleysi Alþingis í þessum málum, bíða þess með eftirvæntingu, hvort þaðan sé að vænta raunhæfra aðgerða eða aðeins skriffinnsku og álvktana, sem fást ekki framkvæmdar. Utan þings og innan hafa að vísu ýmsir haft orð á því í minni áheyrn nú undanfarnar vikur, að þessi till. hv. 4. þm. Vestf. sé ekki neitt merkisplagg, hún sé ekkert annað en framhald af atvinnubótasjóðsfrv. í hittiðfyrra og Vestfjarðaáætlunartill. í fyrra og að hinn raunverulegi tilgangur hennar sé sá einn að draga athygli frá því leiða verki að fella enn á ný frv. okkar framsóknarmanna um raunhæfar frambúðarráðstafanir í þessum málum. En það mun sýna sig, áður en þessu þingi lýkur, hvort sú tilgáta hefur við rök að styðjast. Ég ætla mér ekki að trúa því að óreyndu, að svo sé.

Ég get tekið undir ýmislegt af því, sem hv. þm. sagði, um aðferðir til þess að efla þá landshluta, sem eiga við beina eða hlutfallslega fólks-

fækkun að stríða. Mér þótti vænt um, að hann skyldi segja í ræðu sinni, að á Vestfjörðum væri ekki einungis hægt að stöðva fólksflóttann, heldur einnig snúa þróuninni við. Þetta sagði hann. Hann sagði líka, að hagkvæmara væri að búa fólki lífsskilyrði, þar sem það á heima, heldur en láta það taka sig upp og byrja að nýju annars staðar á landinu, og um þetta er ég honum alveg sammála. Ég held, að við séum sammála um, að til þess að efla landsbyggð þurfi fyrst og fremst að efla atvinnulífið og koma upp nýjum atvinnugreinum, þar sem skilyrði eru til þess. Ég held, að það geti haft mikla þýðingu að koma upp sterkum atvinnulífsmiðstöðvum í einstökum landshlutum. Slíkt hefur bæði efnahagsleg og sálræn áhrif. Austfirðingar orða þetta svo, að í landshlutunum þurfi að skapast aðstaða, sem geti hamlað á móti kraftblökkinni við Faxaflóa. Og með þetta sjónarmið í huga hafa bæði Norðlendingar og Austfirðingar viljað virkja Dettifoss. Á suðurláglendinu vilja menn byggja stóra útgerðar- og útflutningshöfn, Þorlákshöfn. Og ég mundi vissulega vilja ljá því eyra að stofna á Vestfjörðum sementsverksmiðju fyrir erlendan markað, ef skilyrði til þess reyndust fyrir hendi, eða biksteinsvinnslu austur í Loðmundarfirði, ef skilyrði reyndust fyrir hendi til þess. En við megum ekki heldur gleyma gömlu atvinnuvegunum, landbúnaði og sjávarútvegi, og hinum miklu möguleikum fiskiðnaðarins, eða matvælaframleiðslunni. Náttúran hefur gert allt þetta land byggilegt milli fjalls og fjöru, svo að ekki má á milli sjá, hvar lífs- og framfaraskilyrðin eru bezt til sjós og lands. Aflinn af miðunum er lagður á land í meira en 60 höfnum fyrir norðan, austan, sunnan og vestan. Ræktunarland er mikið í hverri sveit á Íslandi svo að segja og jarðhitinn og vatnsorkan er víða. Sama er að segja um byggingarefni og fleira það, sem þarf til þess, að land byggist nú á tímum. Ísland er yfirleitt frá náttúrunnar hendi land til að byggja, ekki land til að vera í eyði að meira eða minna leyti.

En hér þarf að leggja fram fjármagnið, afl þeirra hluta, sem gera skal, og skilja lífsnauðsyn þess fyrir sjálfstæði þjóðarinnar, að það sé gert. Og við þurfum, Íslendingar, að gera okkur grein fyrir því, hvernig við eigum að haga vinnubrögðum okkar. Hér er ekki hægt að fara eftir neinum algildum formúlum. Jafnvægi í byggð landsins verður að skapast með lifandi samstarfi milli stjórnarvalda landsins og hlutaðeigandi byggðarlaga, og æskilegast er, að byggðarlögin sjálf geti átt frumkvæðið að meira eða minna leyti. Þannig er það í Noregi, og af Norðmönnum er áreiðanlega ýmislegt hægt að læra á þessu sviði eftir meira en 12 ára reynslu, sem þeir hafa af sinni jafnvægisstofnun. Ég ætla, að það hafi verið 1951 eða 1952, sem löggjöfin var sett, hin fyrsta, um Norður-Noregsáætlunina. Þessi stofnun þarf t. d. að taka tillit til húsnæðismálanna í hlutaðeigandi byggðarlögum. Stundum er hægt að fá inn í byggðarlag, svo að nefnt sé dæmi, kunnáttumann, sem er bráðnauðsynlegt að fá, ef húsnæði er til reiðu, annars ekki. Það getur oltið á því. Jafnvægisstofnunin, þegar hún kemst á fót, — og það gerir hún fyrr eða síðar, það getur ekki hjá því farið, — getur þurft að taka þátt í því að stofna atvinnufyrirtæki. Þannig er það líka í Noregi. Jafnvægissjóður þeirra Norðmanna eða það, sem nú heitir Distrikternes Utbygningsfond, hefur heimild til þess að leggja fram hlutafé í atvinnufyrirtæki í byggðarlögum, þar sem talin er brýn þörf á, að slíkt atvinnufyrirtæki komist á fót, og það tekst ekki á annan hátt. Og hún verður að geta brugðið skjótt við, ef eyðingarhættan gerir skyndilega vart við sig. Hún verður að vaka yfir nýjum möguleikum, og hún verður að reka leiðbeiningar- og fræðslu- og hvatningarstarfsemi. Hún verður að fylgjast með þróuninni og þróunarmöguleikunum í öllum byggðarlögum landsins. Eitt af því, sem Norðmenn hafa gert, er að veita fyrirtækjum, sem leggja fé í atvinnutæki í Norður-Noregi, heimild til sérstaks frádráttar á skattaframtali þess vegna. Þetta hefur þegar borið allmikinn árangur þar. Allmikið fjármagn hefur leitað til Norður-Noregs vegna þessara sérstöku ákvæða um hlunnindi fyrir það fjármagn, sem þangað er veitt í atvinnufyrirtæki. Og það gerist fleira athyglisvert í þessum efnum erlendis, ekki sízt í Noregi. Nýlega var t. d. skýrt frá því hér í fréttum, að þar væru uppi áform um að flytja einar 20 ríkisstofnanir burt úr höfuðborginni Osló og staðsetja þær í byggðarlögum úti um landið, einmitt það sama, sem ýmsir menn hafa verið að stinga upp á, að gert yrði hér á landi. Norðmenn hafa séð, að það er ekki nauðsynlegt að safna öllum þessum ríkisstofnunum saman í höfuðborginni, þær gætu verið eins vel settar annars staðar. En þær geta hins vegar verið mikil lyftistöng menningar og framfara.

Það er ekki aðeins í Noregi, sem menn hafa jafnvægismálin í huga, eins og getið var um hér í umr. á Alþingi alveg nýlega um þetta jafnvægismál í hv. Nd., þegar það var þar til umr. síðast. Frá því hefur verið sagt hér í blöðum, að t. d. bæði í Englandi og í Frakklandi hafi stjórnarvöld þann hátt á í ýmsum tilfellum, að þegar einhver vill setja atvinnufyrirtæki á stofn, sé það skilyrði sett, að fyrirtækið sé staðsett í byggðarlagi, þar sem talin er þörf á að efla atvinnulífið vegna jafnvægis í byggð landsins. Þeir fá ekki, þessir menn, segir í þessum blaðafregnum, alltaf að byggja upp atvinnufyrirtæki í Lundúnaborg eða París, þar sem þeir kysu helzt, heldur er það skilyrði sett, að þeir byggi það upp annars staðar, þar sem það er talið hafa, að dómi stjórnarvalda, hagfelld áhrif á þróun landsbyggðar.

Það, sem hingað til hafa verið kölluð byggðarlög eða héruð, kalla hinir ungu fræðimenn okkar í hagvísindum nú þróunarsvæði. Íslenzkt landslag afmarkar þessi byggðarlög, eða — ef menn vilja heldur nota nýja orðið — þróunarsvæði, með náttúrlegum hætti. Í hverju byggðarlagi svo að segja hefur á öldinni sem leið myndazt þéttbýliskjarni, venjulega við fjörð eða vík, þar sem sjómenn leggja afla á land og verzlun er rekin fyrir byggðarlagið, byggð á samgöngum á sjó í öndverðu, en í seinni tíð sums staðar einnig á krossgötum í héraði, t. d. eins og á Selfossi, á Egilsstöðum og víðar. Þessum krossgötumiðstöðvum byggðum á viðskiptum og iðnaði fer væntanlega fjölgandi og þarf að

fjölga. Þessa þéttbýliskjarna þarf að efla. Ég sé ekki, að ástæða sé til að amast við neinum þeirra. Ég sé ekki, að ástæða sé til að amast við neinum þessara þettbyliskjarna, sem þegar hafa byggzt upp vios vegar um landið. En hitt er auðvitað eðlilegt og hagkvæmt, að nokkrir þeirra vaxi meira en aðrir. Einn þeirra, þ. e. a. s. höfuðstaður Norðurlands, Akureyri, hefur nú skilyrði til þess að vaxa til jafnvægis við höfuðborgina. En það gerist ekki af sjálfu sér. Jafnvel Akureyri hélt ekki sinni eðlilegu fólksfjölgun á áratugnum 1950—1960. Hin æskilega þróun þéttbýliskjarnanna og nálægs strjálbýlis eða sveitabyggða gerist ekki af sjálfu sér. Blind lögmál fjarmagns og viðskipta, sem hafa nútímatæknina í þjónustu sinni, og fólksflutningar, sem þau lögmal stjórna, eru ekki í neinu samræmi við félagsleg og þjóðleg markmið. En því aðeins vegnar þjóðinni vel til frambúðar, því aðeins heldur hun sjalfstæði sínu og menningu, að hin félagslegu og þjóðlegu markmið ráði, að landnáms- og landsbyggðarhugsjónin sé höfð í heiðri, að nauðsyn landsbyggðar sé viðurkennd.

Maðurinn, sem skóp bæði fjármagnið og tækni vorra tíma, er herra þeirra, ef hann vill og hefur manndóm til. Það er stundum sagt, að unga fólkið hér á landi sé sinnulaust og eigingjarnt, og auðvitað bera þeir þess merki, sem hafa vaxið upp og mótazt andlega í skugga tveggja heimsstyrjalda. En ef við hér í þessum sal gerum það upp við okkur, að þjóðinni sé lífsnauðsyn að byggja landið, og tökum upp raunhæfar ráðstafanir í stað hálfyrðakukls og sýndarmennsku, tel ég, að æskan muni ekki láta sinn hlut eftir liggja að veita því máli brautargengi. Landsbyggðin er landvörn okkar Íslendinga. Það er ekki óalgengt, að aðrar þjóðir, jafnvel þær, sem ekki eru taldar mikilsmegandi, verji svo sem eins og 20% af ríkistekjum sínum til þess að vera við því búnar að verja land sitt með vopnum, ef til kæmi, og sumar kosta miklu meira til. Við Íslendingar erum enn þá lausir við útgjöld af því tagi, og með sérstöku tilliti til þess ætti okkur ekki að vaxa í augum, þó að við þyrftum að verja í bili fjármunum, sem um munar, til þess að efla hina friðsamlegu landvörn, sem er engum til meins, en miðar að því að skapa verðmæti og bæta landið og auka hina sameiginlegu eign þjóðarinnar.

Þetta, sem ég nú hef mælt, vildi ég nú sagt hafa í sambandi við þá till., sem hér liggur fyrir frá hv. 4. þm. Vestf., og í tilefni af þeirri ræðu, sem hann flutti hér fyrir 4 vikum og var þannig á margan hátt, að ég vænti þess enn, að hann leggi sig fram ekki aðeins til þess að reyna að fá einhvern styrk úr einhverjum flóttamannasjóði úti í Evrópu til þess að leysa byggðajafnvægismál okkar Íslendinga, heldur til þess, að við Íslendingar gerum sjálfir á okkar löggjafarþingi raunhæfar ráðstafanir, eins og hann orðaði það, í þessu máli.

Flm. (Þorvaldur G. Kristjánsson): Herra forseti. Hv. 3. þm. Norðurl. e. hefur haldið hér langa ræðu, sem mér kom að ýmsu leyti nokkuð á óvart. Að ýmsu leyti kom mér það á óvart, að mér virtist t. d. bregða fyrir yfirlæti í hv. þm., þegar hann var að ræða sitt mál. Ef ég vissi ekki, að þetta er greindur og gegn maður, mundi ég halda það. Ég vissi ekki fyrst, hvernig stóð á því, að hv. þm. var svona mikið niðri fyrir, en hann var þó ekki búinn að mæla lengi, þegar það kom glögglega í ljós. Í till. þeirri, sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir að athuga möguleika á lántöku úr sjóði, en sjóðurinn heitir Viðreisnarsjóður. Það var greinilegt, að honum líkaði ekki það nafn. Hann vildi frekar kalla sjóðinn Flóttamannasjóð, og út frá því spann hann sitt mál og komst að mjög furðulegum niðurstöðum. Það má segja, að það skipti ekki miklu máli, hvað þessi sjóður er kallaður á íslenzku, en ég hygg þó, að það sé ekki síður réttnefni að nefna hann Viðreisnarsjóð heldur en Flóttamannasjóð, og þá hef ég það sérstaklega í huga, að í 2. gr. samþykkta fyrir sjóð þennan segir svo um hlutverk sjóðsins, að hann eigi að veita aðstoð til þess að leysa vandamál, sem skapast af tilflutningi fólks, og eins og segir í þessari gr. samþykktanna, þar með talið landflóttamanna. En þegar svo er tekið til orða, að það þyki sérstök ástæða til þess að segja: „þar með talið landflóttamanna," þá skilja allir þeir, sem vilja skilja, að hlutverk sjóðsins er meira alhliða en svo, að það sé bundið við landflóttamenn. Ég verð þess vegna að vísa algerlega á bug þessum grundvallarmisskilningi í málflutningi hv. þm. En á þessum misskilningi byggir hann svo hinar fáránlegustu hugmyndir, eins og þær, að ef við leituðum aðstoðar þessa sjóðs Evrópuráðsins, mundum við eiga það á hættu, að hingað streymdu flóttamenn, að því er virðist víðs vegar að úr heiminum eða a. m. k. af gerólíku þjóðerni. Og mér skildist, ef eitthvað má leggja í þau orð, sem hv. þm. sagði um þetta efni, að það mundi verða yfirvofandi hætta á því, að hingað streymdi fólk frá Jamaica. Auðvitað eru allar þessar hugleiðingar þess eðlis, að það er ekki ástæða fyrir mig til þess að fara að svara þeim hér ýtarlega, og ég leiði það þess vegna algerlega hjá mér. En ég vek athygli á því, að það voru þessar hugleiðingar, það var þessi misskilningur, sem var meginuppistaðan eða — ef svo mætti segja — nær allt, sem hann sagði, hv. þm., um þá till., sem hér liggur fyrir. Öll hans langa ræða var ekki um Viðreisnarsjóðinn eða beinlínis um þá þáltill., sem hér liggur fyrir. Hann hélt hér almenna ræðu um jafnvægi í byggð landsins.

Ég sé ekki ástæðu til að fara að halda hér aðra almenna ræðu um jafnvægi í byggð landsins, ég sé ekki tilefni til þess. Ég vil aðeins víkja að nokkrum atriðum, sem fram komu í ræðu hv. þm. Hv. þm. sagði, að ljóst væri, að ekki hafi verið sinnt jafnvægismálunum á fullnægjandi hátt nú hin síðari ár, og sagðist lesa það úr minni ræðu og lagði þann skilning í, að það væri sérstaklega í tíð núv. stjórnar. Ekki var það þetta, sem ég meinti sérstaklega, að það hefði ekki verið sinnt þessum málum í tíð núv. stjórnar. Ég sagði hins vegar, eins og hv. ræðumaður sagði, að það hefði ekki verið nóg að gert í þessum málum á síðustu árum, og þá átti ég ekki síður við á síðustu árum, áður en núv. ríkisstj. tók við völdum. Svo gerði hv. þm. mér upp óróa út af meðferð jafnvægismála í tíð núv. ríkisstj. Ég get sagt hv. þm. það, að mér er

ekki órótt út af meðferð jafnvægismála í tíð núv. ríkisstj., og það eru augljósar ástæður fyrir því. Það kann að vera, að hv. þm. sjái ekki þær ástæður, vegna þess að hann og yfirleitt hans samflokksmenn telja sig vera hina einu útvöldu framverði og baráttumenn dreifbýlisins í landinu. Af því stafar kannske yfirlæti það, sem mér þótti bregða fyrir í ræðu hv. þm. En af hverju hafa framsóknarmenn að státa? Þetta er stór spurning, sem mætti svara í mjög löngu máli, en ég ætla mjög að stytta mál mitt.

Af hverju hafa framsóknarmenn að státa? Þeir eru annaðhvort í ríkisstj. eða ekki í ríkisstj. Þegar þeir eru í ríkisstj., hvað er það, sem þeir gera þá fyrir dreifbýlið? Að sjálfsögðu hafa ýmsar ríkisstj., sem framsóknarmenn hafa verið í, gert ýmislegt fyrir dreifbýlið. Mér dettur ekki í hug að neita slíku. En ég á við með minni spurningu það, hvað það er í grundvallarstefnu Framsfl., sem sérstaklega styður að því, að dreifbýlið fái vaxið og dafnað. Mér finnst erfitt að svara þessu, en ég get sagt, hvað það er í grundvallarstefnu Framsfl. og aðgerðum, sem sérstaklega hefur hamlað vexti og viðgangi dreifbýlisins á undanförnum áratugum og á kannske meiri þátt í því, að fólkið hefur leitað frá hinum dreifðu byggðum úti á landsbyggðinni hingað til Reykjavíkur og nágrennis, og það er sú stefna, sem Framsfl. er upphafsmaður og aðalbaráttumaður fyrir, að hneppa atvinnulífið í höft og bönn. Þeir hafa fyrst og fremst komið á því haftakerfi, sem hefur haft óheppilegri áhrif á dreifbýlið en e. t. v. flest annað á síðustu áratugum. Þeir hafa verið baráttumenn fyrir því að færa atvinnuvaldið úr höndum atvinnurekenda og athafnamanna í hinum dreifðu byggðum í hendur ráða og nefnda í höfuðborginni. Ég hika ekki við að fullyrða, að þessi þróun, sem núv. ríkisstj. er að breyta, þessi þróun hefur haft óhagstæðari áhrif á viðgang dreifbýlisins en flest annað. En hvað gera framsóknarmenn, þegar þeir eru utan stjórnar? Þá ganga þeir öllum öðrum lengra í því að flytja till., sem þeir túlka til stuðnings dreifbýlinu, en allajafna og venjulega eru sýndartill., sem þeir láta sér ekki koma til hugar að bera fram eða fylgja fram, þegar þeir fara með stjórn landsins.

Og nú gengur hv. 3. þm. Norðurl. e. svo langt að mælast til þess, að ég ljái lið mitt til þess að fylgja þessum sýndartill. Framsfl. hér á Alþingi. Ég verð að segja það, að mér finnst til nokkuð mikils mælzt. Hvað er það, sem hv. þm. meinar? Ég vissi ekki, hvort hann var með þeirri þáltill., sem hér liggur fyrir, eða hvort hann var á móti henni. Getur það kannske verið, að hann ætli að verða með henni, ef ég verð með sýndartillögu framsóknarmanna? Ef sú skyldi vera hugsun þessa hv. þm., þá vil ég segja honum þegar, að slíka verzlun geri ég ekki. Og ég verð að segja það, að málflutningur hv. þm. hefur ekki stuðlað að því, að ég gerist liðsmaður till. þeirra framsóknarmanna. Og það, sem mér fannst kannske mest einkennandi við ræðu hv. þm., var það, sem maður verður því miður allt of oft var við í okkar þjóðfélagi, að menn halda sér svo fast í það, sem var, að þeir geta verið á móti öllu því, sem til nýjunga horfir, hvers eðlis sem það er.

Hv. 3. þm. Norðurl. e. sagði, að ég mundi ekki gera mér gyllivonir um till. mína, ef samþykkt yrði. Það kann að vera, að þetta sé rétt, að ég geri mér engar gyllivonir. En hann sagði annað, að tilgangur minn með því að bera þáltill. þessa fram væri sá að draga athygli frá því, þegar till. Framsfl., sem hann fjallaði mest um, yrði felld. Mér finnst, að hv. þm. gangi nokkuð langt í því að gera mér upp hvatir og tilgang í sambandi við þennan tillöguflutning.

En til hvers er till. borin fram? Hún er borin fram vegna þess, að aðalvandamálið í sambandi við aðgerðir til þess að efla hinar dreifðu byggðir og þau héruð, sem höllustum fæti standa, er fjárhagsvandamálið. Það er aðalvandamálið. Og með því að athuga möguleika á því, hvort hægt sé að fá aðstoð, fá lán frá Viðreisnarsjóði Evrópuráðsins, eins og ýmis önnur meðlimaríki Evrópuráðsins hafa gert, kann að vera, að við getum gert eitthvað raunhæft í þessum málum. Þetta er hinn eini tilgangur með till. þessari, hvað sem hv. 3. þm. Norðurl. e. vill halda. Og ég vil ekki trúa því fyrr en í síðustu lög, að þessi ágæti þm. vilji ekki stuðla að slíkum raunhæfum úrræðum. Ég er ekki að fullyrða, að lán fáist frá Viðreisnarsjóði Evrópuráðsins, ég er ekki að fullyrða það. Ég fullyrði hins vegar það, að þau verkefni, sem við höfum við að glíma, eru þess eðlis, að það gætu verið möguleikar á því. Mál þetta þarf hins vegar að rannsakast, og till. gerir ráð fyrir því, að ríkisstj. láti fara fram athugun á möguleikum á því að fá þessa fyrirgreiðslu. Og ég vænti þess, að hv. þm. sjái ástæðu til, að þessi athugun fari fram, og greiði því atkv. með þessari till.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ræða hv. 4. þm. Vestf. áðan gefur ekki tilefni til mikilla andsvara. Ég ætla ekki að eyða tíma mínum né hv. d. í að fara út í almennt pex við hann um frammistöðu einstakra flokka hér á Alþingi til mála almennt, þó að hann virðist hafa tilhneigingu til þess að byrja á slíku pexi hér. Ég er að ræða hér ákveðið mál, án tillits til þess, hverjir að því standa. Ég vonaðist eftir því, að hv. þm. hefði gert sér það ljóst, að ég var að lýsa yfir fylgi við till. hans. Ég sagði, að ég hefði ekkert á móti því, að þessi leið væri reynd, — sagði það í upphafi minnar ræðu, — sem hann er að stinga upp á. Hins vegar gat ég þess, að ég hefði ekki trú á því, að útlendingar mundu taka að sér að leysa byggðajafnvægismál okkar Íslendinga, það yrðum við að gera fyrst og fremst sjálfir. En ef hann vildi reyna að finna fé í þessum sjóði, þá mundi ég fyrir mitt leyti veita honum fararleyfi til þess, og ég vil óska honum góðs árangurs. Sem sé, mér kemur ekki til hugar, þó að þessi till. sé flutt af manni úr Sjálfstfl., að fara að leggjast á móti henni þess vegna. Og ég vildi mega vona það, að eins sé ástatt um hv. þm. Ég gat um það hér áðan líka, að þegar fyrrv. hv. þm. Vestf., þeir Gísli Jónsson og Kjartan J. Jóhannsson, fluttu till. sína um skyndiáætlun um framkvæmdir á Vestfjörðum til þess að stöðva fólksflóttann þaðan, áætlun, sem ætti að leggja fram fyrir árslok 1963, þá greiddi ég og ég held allir mínir flokksmenn atkv. með till., a. m. k. enginn á móti henni.

Þetta hafði ég haldið, að hv. þm. hefði látið sér skiljast, að þetta sagði ég í minni ræðu. Það er ekki mikilsvert í þessu máli, hvað sá sjóður á að heita á íslenzku, sem hv. þm. hefur hug á að afla fjár hjá, en það ætla ég samt, að ef það nafn á sjóðnum, sem hann sjálfur hefur tilgreint í till. á enskri tungu, er þýtt á íslenzku, þá muni þýðingin ekki vera Viðreisnarsjóður. En þetta skiptir litlu máli. Það var líka misskilningur hjá hv. þm., að ég hefði sagt, að ég gerði ráð fyrir því, að hann væri að flytja þessa till. sem sýndartill. til að draga athygli frá öðru máli. Ég sagði þvert á móti, að ég tryði því ekki, að hv. þm. hefði flutt till. í því skyni, en það á eftir að sýna sig, hvort svo er.

Hv. þm. gat þess, að honum væri ekki órótt út af meðferð jafnvægismálanna í höndum stjórnarflokkanna. Ég fagna þessum ummælum hans. Ég veit það eða þykist mega trúa því eftir ummælum hv. þm. hér í þessum umr., að ef hann væri hræddur um, að flokksmenn hans mundu á þessu þingi fella raunhæfar aðgerðir í þessum málum, hlyti honum að vera órótt, og þar sem hann tekur fram, að sér sé ekki órótt, þá tek ég það sem góðan fyrirboða þess, að áhrif hans muni ráða úrslitum um það, þessa ágæta nýja Vestfjarðaþm., að raunhæfar aðgerðir fái ekki sömu útreið á þessu þingi og þær fengu í fyrra.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 65. fundi í Sþ., 16. apríl, var enn fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 43 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 75. fundi í Sþ., 9. maí, var till. tekin til frh. einnar umr. (A. 265, n. 574, 587).

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar, en á 78. fundi í Sþ., 13. maí, utan dagskrár, mælti

Þorvaldur G. Kristjánsson: Herra forseti. Það líður nú að þinglokum, og með tilliti til þess hafa verið teknar á dagskrá þessa fundar allar þær þáltill., sem afgreiddar hafa verið ágreiningslaust frá n., allar að undantekinni einni þáltill. Það er þáltill., sem ég hef borið fram á þskj. 265, um aðstoð frá Viðreisnarsjóði Evrópuráðsins til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Ég vil leyfa mér að fara þess á leit við hæstv. forseta, að vinnubrögðum verði hagað á þann veg, að þessi þáltill. verði tekin á dagskrá fyrir þingslit eins og aðrar þáltill., sem eins stendur á fyrir.

Forseti (BF): Eins og hv. 4. þm. Vestf. gat um, hafa verið teknar á dagskrá þessa fundar, að ég hygg, svo að segja eingöngu till., sem nefndir hafa afgreitt ágreiningslaust. Varðandi þá till., sem hann ræddi sérstaklega, hygg ég, að standi þannig á, að að vísu hafi ekki verið verulegur ágreiningur um hana í n., en fram mun vera komin brtt., og þetta mál var ekki tekið á dagskrá af því, að reiknað var með, að það mundi valda talsverðum umr., en fundartími á þessum fundi er mjög naumur, eins og ég veit að hv. þm. gera sér ljóst.

Þorvaldur G. Kristjánsson: Herra forseti. Ég vil aðeins taka fram í tilefni af því, sem hæstv. forseti sagði, að það er rétt, að það hefur komið fram brtt. við þessa þáltill. En það er svo, að það hafa líka komið fram brtt. við a. m. k. 2 þáltill., sem eru á dagskrá fundarins. Ég verð því að leyfa mér að ítreka óskir mínar um, að það gildi sömu vinnubrögð við þáltill. þá, sem ég hef borið fram, eins og aðrar þáltill.

Forseti (BF): Ég vil aðeins taka fram, að það hefur e. t. v. verið orðum aukið hjá mér áðan, að nál. væri ágreiningslítið um þá till. sem hv. 4. þm. Vestf. hefur nú gert að umtalsefni, því að fulltrúar eins flokksins a. m. k. í n. skrifa undir nál. með fyrirvara og einn nefndarmanna, Geir Gunnarsson, hefur ekki undirritað nál. og mun vera till. andvígur.

Þorvaldur G. Kristjánsson: Herra forseti. Ég vil aðeins að gefnu tilefni upplýsa það, að það er skrifað með fyrirvara undir nál. um tvær þáltill., sem eru á dagskrá þessa fundar, þannig að ég hlýt enn að ítreka fyrri óskir mínar um, að það gildi sömu vinnubrögð um þá þáltill., sem ég hef borið fram, eins og varðandi aðrar þáltill.

36. Landfundir Íslendinga í Vesturheimi.

Á deildafundum 18. febr. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um landfundi Íslendinga í Vesturheimi [158. mál] (A. 289).

Á 43. fundi í Sþ., 19. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 54., 56. og 57. fundi í Sþ., 18. og 20. marz, 1. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 59. fundi í Sþ., 8. apríl, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Till. þessi fjallar um það, að Alþingi skori á ríkisstj. að leita samvinnu við ríkisstj. Kanada og Bandaríkjanna um rannsóknir varðandi landfundi Íslendinga í Vesturheimi á 10. og 11. öld. Samhljóða till. hefur verið flutt á tveimur undanförnum þingum, og sé ég þess vegna ekki ástæðu til þess að rekja þetta mál ýtarlega hér, heldur vísa til þess, sem þá hefur verið sagt. En rétt finnst mér að vekja athygli á því í þessu sambandi, að mál, sem er mjög skylt þessu, er nú til umr. á öðru þingi, þ. e. þingi Bandaríkjanna, en þar hefur fyrir nokkru komið sú till. fram frá allmörgum þm., að 9. okt. verði gerður að sérstökum hátíðisdegi, Leifs Eiríkssonar-degi, til minningar um það, að Leifur heppni hafi

verið fyrstur hvítra manna til þess að finna meginland Ameríku. Þess má einnig geta í þessu sambandi, að nú fyrir nokkrum dögum var norræna flugfélagið SAS að hefja sérstakar flugferðir til Chicago, til heimsborgarinnar í miðsvæði Bandaríkjanna, og í sambandi við það var þar efnt til mikillar sýningar á ýmsum munum frá víkingatímunum, sem voru fengnir að láni frá norskum eða norrænum söfnum, og þangað var sérstaklega boðið þeim manni, sem hefur kynnt sér mest rannsóknir varðandi landfundi norrænna manna í Vesturheimi fyrr á öldum, Helge Ingstad, og hann látinn flytja þar sérstakan fyrirlestur um þessi mál og allmikið gert bæði á þennan hátt og annan af hálfu SAS til þess að auglýsa það, að hér hefðu verið menn að starfi eða staðið að þessum landfundum, sem væru af norsku bergi brotnir, vegna þess að Norðmenn eru einn aðilinn að SAS. Þetta sýnir ásamt mörgu öðru, að það er nú mjög vaxandi áhugi í sambandi við þetta mál, landfundi norrænna manna í Vesturheimi á 10. og 11. öld, og það stendur að nokkru leyti í sambandi við það, að nýlega hafa verið gerðar rannsóknir á fornminjum, sem þykja staðfesta það nokkuð örugglega, að þær frásagnir Íslendingasagnanna séu réttar, að norrænir menn, íslenzkir, hafi verið í Vesturheimi á þessum tíma. Ég vil í þessu sambandi geta þess enn fremur, að nýlega eru komin út í Bretlandi tvö allmerkileg fræðirit um þetta efni og öðru þeirra fylgja þýðingar á öllum frásögnum Íslendingasagna um þessi málefni. Það virðist þannig vera, að það séu margir aðrir en Íslendingar sjálfir, sem láti sig nú þessi mál verulega skipta, en þó stendur það engum nær en okkur að reyna að standa fyrir því, að rannsóknir á þessum efnum verði gerðar til fullrar hlítar, vegna þess að hér er um landfundi íslenzkra manna að ræða og þessa landfundi ásamt landnámi í Grænlandi má telja með merkari atburðum í íslenzkri sögu og þess vegna þýðingarmikið fyrir okkur frá sögulegu sjónarmiði og menningarlegu sjónarmiði séð að fá sem fullkomnastar rannsóknir á þessum efnum.

Kunnugir menn í þessum málum hafa sagt mér, að þó að þær rannsóknir, sem Ingstad hafi gert að undanförnu, séu merkilegar og athyglisverðar, þá sé nauðsynlegt að gera miklu viðtækari rannsóknir í þessum efnum en enn hafi átt sér stað, og í því sambandi er bent á, að t. d. stór landssvæði á Nýfundnalandi og Labrador hafi ekki verið rannsökuð í þessu sambandi, þar sem ekki er ólíklegt, að enn megi finna svipaðar minjar um ferðalög norrænna manna á þessum tíma og Ingstad hefur fundið. Þessar rannsóknir geta verið nokkuð kostnaðarmiklar, vegna þess að hér er víða um lítt byggð landssvæði að ræða, og þess vegna er ekki óeðlilegt, að við leitum um þetta samvinnu við þær þjóðir, sem má segja, að hér eigi hlut að máli, það eru þjóðir Norður-Ameríku, vegna þess að þær hafa engu síður en við sögulegan áhuga á því að fá það upplýst sem bezt, hvaða hvítir menn það eru, sem fyrstir hafa fundið meginland Norður-Ameríku.

Af þessum ástæðum er það lagt til í þessari till., að leitað sé eftir samvinnu við Bandaríkjamenn og Kanadamenn um að framkvæma þessar rannsóknir, og ég hygg, m. a. af þeim dæmum, sem ég hef nú nefnt, og ýmsum fleirum, að það mundi ekki standa á þessum aðilum að taka upp samvinnu við okkur um þessi mál. Það virðist mér, að sýni ekki sízt sú till., sem er fram komin á Bandaríkjaþingi og ég áður minntist á.

Ég sé svo ekki ástæðu til að hafa þessi orð mín fleiri að þessu sinni, en leyfi mér að leggja til, að umr. verði frestað og till. vísað til fjvn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 60. fundi í Sþ., 9. apríl, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 38 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

37. Bankaútibú á Sauðárkróki.

Á deildafundum 24. febr. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um bankaútibú á Sauðárkróki [166. mál] (A. 304).

Á 46. fundi í Sþ., 26. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 49., 52., 54., 56., 57., 59., 63. og 64. fundi í Sþ., 4., 11., 18. og 20. marz, 1., 8. og 15. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 68. fundi í Sþ., 22. apríl, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Við höfum leyft okkur að flytja hér till. til þál. um bankaútibú á Sauðárkróki á þskj. 304, hv. 9. landsk. þm. og ég. Er till. þess efnis, að Alþingi skori á ríkisstj. að beita áhrifum sínum til þess, að einhver ríkisbankanna setji upp útibú á Sauðárkróki.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að bankakerfi þjóðarinnar hefur verið í miklum vexti að undanförnu, að ekki sé meira sagt. Bankarnir hafa keppzt um að reisa stórhýsi undir starfsemi sína og koma á fót útibúum. Er því ekki að leyna, að mörgum hefur blöskrað, hversu miklir fjármunir hafa farið í þessa útþenslu bankakerfisins. Hins vegar verður ekki sagt, að allir viðskiptamenn banka hafi notið góðs af þessari bættu þjónustu bankanna, og hefur í engu rætzt úr aðstöðu sumra byggðarlaga, sem enga bankaþjónustu hafa, á sama tíma sem byggð hafa verið 3 og jafnvel 4 útibú á sama staðnum.

Skagafjörðurinn og kaupstaðurinn þar, Sauð-

árkrókur, er einn þessara staða, sem erfitt hefur átt um almenna bankaþjónustu. Á Sauðárkróki er að vísu starfandi sparisjóður, en löng leið er til útibúa bankanna á Akureyri, Blönduósi og Siglufirði, enda er mér sagt af Skagfirðingum, að þessar stofnanir telji ekki Skagafjörð eðlilegt viðskiptasvæði þessara útibúa.

Almennur áhugi er fyrir því á Sauðárkróki, að einhver ríkisbankanna stofni þar útibú.

Í þessu sambandi er rétt að taka það fram, að lítill ávinningur virðist vera að því, ef svo fer, að ríkisbankinn gleypi algerlega sparisjóðinn á staðnum, sem þá væri lagður niður, því að byggðarlaginu er að sjálfsögðu fyrst og fremst þörf á því að fá peningastofnun, sem flytur fjármagn til framkvæmda á staðnum, en ekki er þörf á enn einni stofnun, sem hefur það helzta hlutverk að soga fjármagnið utan af landsbyggðinni og til Reykjavíkur, til viðbótar við þá lánsfjárbindingu, sem Seðlabankinn sér um og nú á enn að herða.

Fyrir rúmu ári var samþykkt einróma í bæjarstjórn Sauðárkróks að leita eftir því við Landsbankann, að bankinn stofnaði þar útibú. Var bankaráði Landsbankans ritað bréf um málið, en enn þá hefur ekkert svar borizt.

Þar sem fordæmi eru fyrir því, að fjallað sé um slík mál á Alþingi, þykir rétt að hreyfa þessu nauðsynjamáli með till. til þál., og vil ég leyfa mér að leggja til, að þessari umr. verði frestað og málinu verði vísað til hv. allshn.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Bankaútibúum hefur fjölgað töluvert hér á landi að undanförnu. Bankarnir hafa sett upp útibú á ýmsum stöðum, þó að enn séu að vísu nokkuð mörg héruð, þar sem slíkar stofnanir eru ekki. Þetta hefur gerzt án þess, að Alþingi hafi haft nokkur afskipti af þeim málum, eða ég a. m. k. minnist þess ekki, að það hafi verið samþ. nein ályktun hér á þingi um stofnun bankaútibús, a. m. k. í seinni tíð, — ég minnist þess ekki.

Hvað viðvíkur Sauðárkróki, þá þykir mér það ákaflega trúlegt, að einhver bankinn muni setja þar upp útibú innan skamms, án þess að Alþingi geri nokkra ályktun um það.

Ég vildi í tilefni af þessari till. spyrjast fyrir um það hjá hv. flm., hvort þeir hafi ekki, áður en þeir báru fram till., rætt þetta mál við stjórnendur banka, og ef svo er, sem mér þykir sennilegt, þá hverjar undirtektir þeir hafi fengið.

Flm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Í tilefni af þessari aths. þykir mér rétt að minna á, að oftlega koma fram till. í þinginu um ýmis mál, þess efnis, að ríkisstj. beiti sér fyrir einu og öðru, en það kann einnig að vera, að ríkisstj. geti gert það og geri það, jafnvel þótt engin till. komi fram um það.

Það er sem sagt rétt, að oft eru stofnuð útibú, án þess að Alþingi fjalli um það sérstaklega. Hins vegar munu tvívegis hafa verið bornar fram slíkar till. hér í þinginu, og er þetta því ekki í fyrsta sinn, sem það er gert. Og þessi till. er í eðli sínu nákvæmlega eins og margar aðrar till. Reynt er að fara þennan veginn til að koma málinu fram, enda þótt vel sé hugsanlegt að koma málinu fram með öðrum hætti.

Ég vil svara fyrirspurn hv. þm. á þann veg, að við flm. þessarar till. höfum ekki rætt málið sérstaklega við viðkomandi banka, og að öðru leyti hef ég ekki neitt við þetta að bæta.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

38. Tæknistofnun sjávarútvegsins.

Á deildafundum 25. febr. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um tæknistofnun sjávarútvegsins [167. mál] (A. 310).

Á 46. fundi í Sþ., 26. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 49., 52., 54., 56., 57., 59., 63. og 64. fundi í Sþ., 4., 11., 18. og 20. marz, 1., 8. og 15. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 68. fundi í Sþ., 22. apríl, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Gils Guðmundsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að leggja fram svo hljóðandi þáltill.:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að undirbúa löggjöf um tæknistofnun í þágu sjávarútvegsins. Verkefni hennar skulu vera rannsóknir á hagkvæmustu gerðum fiskiskipa, miðað við íslenzkar aðstæður, rannsóknir veiðitækja og veiðarfæra, svo og upplýsingastarfsemi um slík efni. Skal undirbúningi hraðað svo, að hægt verði að leggja frv. um þetta mál fyrir næsta reglulegt Alþingi."

Ég vil nú fylgja þessari till. úr hlaði með fáeinum orðum.

Hvarvetna um heim er mönnum að verða það æ betur ljóst, að undirstaða framfara og bættra lífskjara er aukin þekking, aukin tækni, sem því aðeins tekst að hagnýta til hlítar, að þjóðin sé vel menntuð og hafi komið sér upp nauðsynlegri upplýsinga- og rannsóknastarfsemi.

Íslendingar hafa nú á síðari tímum verið að gera sér þessar staðreyndir ljósar. Smám saman hafa augu þeirra verið að opnast fyrir því, að þekkingin, kunnáttan, hagnýting tækninnar eru undirstöður þess, að takast megi að nýta auðlindir landsins á þann veg, að hægt verði að bæta lífsskilyrði þjóðarinnar, hægt verði að efla hana til verulegra framfara.

Þó er eins og alltaf skorti nokkuð á, að við viðurkennum nauðsyn þekkingarinnar á sumum mikilvægum sviðum. Það eru eyður í framfara-

sókn okkar. Kunnáttuskorturinn og þekkingarleysið dregur enn ótrúlega mikið úr þeirri þróun, sem ella væru öll skilyrði til að gæti verið ör og hagfelld.

Það er staðreynd, að framleiðnin í íslenzkum sjávarútvegi er mikil, ekki aðeins miðað við aðra íslenzka atvinnuvegi, heldur einnig við atvinnuvegi í háþróuðum löndum. Á því leikur þó enginn vafi, að framleiðni þessa mikilvæga atvinnuvegar okkar má auka stórlega frá því, sem nú er, til hagsbóta fyrir alla þá, sem við sjávarútvegsinn vinna, og fyrir þjóðarbúið í heild. Í því felst ekkert vanmat á öðrum atvinnuvegum, þótt fullyrt sé, að afkoma okkar og möguleikar til að lifa hér góðu lífi eru að ákaflega miklu leyti undir því komnir, að hér verði stundaðar fiskveiðar og fiskiðnaður á grundvelli fullkominnar tækni, verkmenningar og vísindalegrar þekkingar.

Miðað við mikilvægi þessarar atvinnugreinar sjávarútvegsins skortir enn mjög á, að leiðbeininga- og rannsóknastarfsemi í þágu hans sé nægilega mikil og fjölþætt.

Ég ætla ekki að fara að gera lítið úr því, sem gert hefur verið og gert er á þessu sviði. Við höfum þurft að byggja hér upp margt á skömmum tíma, sumt nokkurn veginn frá grunni, og þá kann það að vera vorkunnarmál, þó að eitthvað verði útundan. En á þessu sviði er svo mikið í húfi, að alvarlegar eyður í uppbyggingarstarfinu, veikir hlekkir í keðjunni geta kostað okkur verðmæti, sem nema tugum, jafnvel hundruðum millj. kr. á hverju einasta ári.

Á sviði sjávarútvegs hafa nú um alllangt skeið starfað 2 rannsóknastofnanir, báðar að mjög mikilvægum verkefnum. Það eru fiskideild atvinnudeildar háskólans og Rannsóknarstofa Fiskifélags Íslands. Á vegum fiskideildar eru, eins og kunnugt er, framkvæmdar hafrannsóknir, rannsóknir á göngum og stofnsveiflum íslenzkra nytjafiska, fiskileit, bæði á áður kunnum veiðisvæðum og leit nýrra fiskimiða. Rannsóknarstofa Fiskifélagsins fæst aftur á móti við rannsóknir á hráefnum fiskiðnaðarins og framleiðsluvörum hans. En svo mikilvæg eru verkefni þessara stofnana beggja, að vissulega ber nauðsyn til að efla þær ár frá ári, og þar má ekki horfa um of í nokkurn kostnað, því að fáir fjármunir munu bera skjótari ávöxt. En þetta er þó ekki fullnægjandi. Hér skortir með öllu þriðju stofnunina, sem nútíma sjávarútvegur verður að byggjast á, eigi hann að fylgjast með tímanum, eigi hann að verða fær um að hagnýta sér á sem hagkvæmastan hátt þá vélvæðingu og þá tækniþróun, sem fiskveiðar byggjast á í stöðugt ríkara mæli. Ég á hér við stofnun, sem hefði það verksvið að framkvæma rannsóknir á hvers konar nýjungum og tækni við fiskveiðar, fylgjast sem bezt með þróuninni í slíkum efnum, bæði innanlands og utan, hafa frumkvæði um prófun veiðitækja og fiskileitartækja, nýrra veiðiaðferða og nýrra gerða og mismunandi stærða fiskiskipa. Þá væri það einnig mikilvægt verksvið slíkrar stofnunar að veita íslenzkum útvegsmönnum og fiskimönnum sem allra gleggstar upplýsingar um niðurstöður slíkra rannsókna og athugana.

Að því er sjálf fiskiskipin varðar, skortir mjög á, að fram hafi farið nokkrar skipulegar rannsóknir á hæfni þeirra og hagkvæmni við hinar ýmsu veiðar, sem stundaðar eru hér við land. Þetta gildir bæði um stærð skipanna, gerð þeirra og útbúnað, og að sjálfsögðu leitast útgerðarmenn við að laga sig eftir því, sem reynsla sjálfra þeirra og annarra kennir þeim. Stundum verður sú reynsla dýrkeypt, stundum stórum kostnaðarsamari einstaklingunum og þjóðarbúinu en þurft hefði að vera. Jafnvel það eitt, að föst stofnun hefði með höndum skýrslugerð og miðlun upplýsinga um það, hvaða gerðir og stærðir fiskiskipa skiluðu hagfelldustum árangri við hinar ýmsu tegundir veiða, — jafnvel það eitt gæti komið að verulegum notum. En jafnframt þyrfti slík stofnun að hafa bolmagn til að aðstoða útgerðarfélög eða útgerðarmenn, sem vildu gera tilraunir með álitlegar tækninýjungar á sviði skipagerða eða skipaútbúnaðar.

Þá er ekki síður nauðsynlegt, að fiskveiðiþjóð eins og Íslendingar komi sér upp tækni- og rannsóknastofnun, sem hefði með höndum prófun og upplýsingastarfsemi um veiðarfæri hvers konar og fiskileitartæki. Á hverju ári koma á markaðinn veiðarfæri úr nýjum gerviefnum eða með nýju sniði. Framleiðendur og seljendur veiðarfæra og fiskileitartækja hafa að sjálfsögðu tekið sölutækni nútímans í þjónustu sína, og hver um sig heldur fram gæðum sinnar vöru. Meðan hér er engin föst stofnun, sem hefur það sérstaka hlutverk að fylgjast með nýjungum á þessu sviði og kanna þær með sérstöku tilliti til íslenzkra aðstæðna, eiga útgerðarmenn oft úr vöndu að ráða. Þeir vilja fylgjast sem bezt með og leggja stundum í verulega áhættu við að prófa sig áfram með nýjungar. Reynslan sannar, að slíkar tilraunir heppnast stundum vel, stundum miður og hafa þá ef til vill kostað marga aðila stórfé.

Dæmi þess, hver hagur ætti að geta orðið að tæknistofnun í þágu sjávarútvegsins, er sagan um hnútalausu herpinæturnar, sem tekið var að flytja hingað inn fyrir rúmlega hálfu öðru ári eða þar um bil. Þessar nætur voru lítið eitt ódýrari en aðrar herpinætur og höfðu að sögn gefið góða raun sums staðar erlendis. Þessi nýjung vakti athygli útgerðarmanna. Á skömmum tíma voru keyptar hingað nætur af þessari tegund í milli 25 og 30 fiskiskip fyrir samtals sennilega upp undir 20 millj. kr. Nú munu flest eða öll síldveiðiskip hér hafa hætt að nota þessa tegund af nótum. Þær hentuðu ekki hér. Tjónið er mikið. Ekki aðeins er þar um að ræða verð veiðarfæranna sjálfra, heldur og aflatjón, sem vafalaust skiptir stórum upphæðum. Nú kynni einhver að segja, að allsendis væri óvíst, að tæknistofnun sjávarútvegsins, ef til hefði verið hér, hefði komið í veg fyrir þetta tjón til að mynda. Mér þætti hins vegar líklegt, að svo hefði getað orðið að verulegu leyti. Slík stofnun, sem væri hlutverki sínu vaxin, mundi skjótt hafa þau áhrif, að útvegsmenn tækju verulegt tillit til umsagna hennar og leiðbeininga, þegar um nýjar gerðir veiðarfæra væri að ræða. Í því tilviki, sem ég nefndi áðan, prófun hnútalausu herpinótanna, mætti hugsa sér, að tæknistofn-

un hefði farið að eitthvað á þessa leið: Hún hefði leitað samninga við framleiðendur eða umboðsmenn þeirra um lán eða leigu á svo sem eins og tveim nótum til reynslu. Vafalítið hefðu slíkir samningar tekizt, þar eð framleiðendum hefði verið gert ljóst, að með þessum hætti einum væri hægt að koma veiðarfærunum inn á hinn tiltölulega stóra íslenzka markað. Síðan hefði tæknistofnunin látið það verða sitt fyrsta verk að prófa styrkleika nótanna. Þá hefði það sennilega komið þegar í ljós, sem vegna skorts á tiltölulega einföldum tækjum fékkst ekki upplýst fyrr en of seint, að þessar hnútalausu nætur eru allmiklu veikari en venjulegar herpinætur. Þrátt fyrir þennan alvarlega galla má gera ráð fyrir, að tæknistofnunin hefði getað fengið einhverja reynda aflamenn til að prófa þessar nætur um stundarsakir, annað tveggja styrklaust eða þá fyrir fjárstyrk, sem aðeins var örlítið brot af því tugmilljónatjóni, sem kaup á 25—30 nótum og aflatjón jafnmargra skipa bakaði útvegsmönnum, sjómönnum og íslenzku þjóðarbúi.

Að því er varðar frekari rökstuðning fyrir nauðsyn þess, að hér verði komið upp tæknistofnun í þágu sjávarútvegsins, leyfi ég mér að vísa til allýtarlegrar greinargerðar, sem fylgir þessari þáltill. Aðrar fiskveiðiþjóðir, sem framarlega standa, hafa fyrir löngu komið sér upp slíkum stofnunum, sem flestar eða allar hafa gefið mjög góða raun.

Í desembermánuði s. l. birtist í tímaritinu Ægi mjög fróðleg ritgerð um erlendar nýjungar á sviði fiskveiða. Þessi ritgerð var eftir Jakob Jakobsson fiskifræðing. Í ritgerðinni kemst hann svo að orði um veiðarfærarannsóknir hér á landi, með leyfi hæstv. forseta:

„Þar eð Íslendingar nota einungis innflutt efni í veiðarfæri, er ljóst, hve mikið verkefni er hér á sviði veiðarfærarannsókna, og gegnir raunar furðu, hve lítið hefur verið unnið að þeim til þessa. Rannsóknarstofa Fiskifélags Íslands fékk tæki til prófunar á fínu garni árið 1936 og hefur að sjálfsögðu veitt útvegsmönnum þá þjónustu, sem þeir hafa óskað og unnt hefur verið að framkvæma með hinni einu litlu og ófullkomnu vél, sem sú stofnun hefur yfir að ráða. Þá hafa ýmsir aðrir aðilar, t. d. atvinnudeild háskólans og netaverksmiðja Björns Benediktssonar, veitt mikla hjálp á þessu sviði, en um skipulegar rannsóknir á eiginleikum og notagildi veiðarfæraefna hefur ekki verið að ræða hér á landi. Vansalaust má slíkt ekki við svo búið standa öllu lengur."

Eftir að þessi þáltill., sem hér er til umræðu, var flutt, hefur hæstv. ríkisstj. lagt fyrir Alþ. frv. til l. um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, mikinn lagabálk. Þetta frv. hefur verið lagt fram áður hér á Alþ., en ekki náð fram að ganga. Í þessu frv. um rannsóknir í þágu atvinnuveganna er ráð fyrir því gert, að viss hluti, þó mjög takmarkaður hluti þeirra verkefna, sem ég legg til að heyri undir nýja stofnun, tæknistofnun sjávarútvegsins, skuli vera meðal margra viðfangsefna hafrannsóknadeildar. En samkv. frv., sem ég áðan nefndi, á hafrannsóknadeild að taka við af fiskideild atvinnudeildar háskólans með nokkuð auknum verkefnum. Ég er ekki í vafa um, að þessi skipan, þótt að henni væri horfið, leysir ekki vandann, sem hér er við að etja, a. m. k. ekki til hlítar og ekki til neinnar frambúðar. Sérstök stofnun, sem fyrst og fremst væri ætlað að sinna þessum tilteknu verkefnum, er alveg bráðnauðsynleg. Ég er ekki í neinum vafa um, að hún mundi á skömmum tíma gera hvort tveggja, annars vegar spara þjóðarbúinu verulega fjármuni, hins vegar auka þjóðartekjurnar beinlínis um ótaldar milljónir eða milljónatugi.

Ég vænti þess, að till. mín fái vinsamlega og góða afgreiðslu hér á hv. Alþingi. Ég legg til, að umr. um till. verði frestað og till. vísað til hv. allshn.

Davíð Ólafsson: Herra forseti. Ég er sammála hv. flm. þessarar till., hv. 5. þm. Reykn., um nauðsyn þeirra rannsókna, sem hann ræðir um í till. sinni. Þetta er um rannsóknir, sem hafa ekki náð neitt svipað því eins langt hér hjá okkur og víða annars staðar, þar sem við á hinn bóginn höfum byggt upp sjálfar fiskirannsóknirnar og fiskiðnrannsóknirnar að ýmsu leyti sambærilega við það, sem er annars staðar, þótt í nokkru smærra mæli sé. Það er ekki ágreiningur okkar á milli um nauðsyn þess að auka þessar rannsóknir. Hins vegar vildi ég koma að hér, hvernig skipa ætti þessum rannsóknum. Hv. flm. gat um það, að nauðsyn væri sérstakrar rannsóknastofnunar, og nefndi í sambandi við það frv., sem hér liggur fyrir, 190. mál, frv. til l. um rannsóknir í þágu atvinnuveganna. Þar er gert ráð fyrir, að innan hafrannsóknastofnunarinnar verði sérstök deild, sem fari með það, sem kallað er veiðitæknirannsóknir, ein af fjórum þar tilgreindum deildum. Ég fæ ekki betur séð en þessi deild, sem á að fara með veiðitæknirannsóknir, nái yfir öll þau atriði, sem um getur í þessari þáltill. Allt það hlýtur að koma til rannsókna hjá þeirri deild, allt, sem lýtur að sjálfum veiðunum, öll veiðarfærin, jafnvel gerð skipanna, sem er náttúrlega veigamikið atriði í sambandi við veiðarnar og veiðarfærin, og upplýsingastarfsemi um allt það, sem að þessu lýtur. Þessi skipan, sem hér er gert ráð fyrir, er líka reynd annars staðar. Eftir því sem mér er bezt kunnugt, er það í nágrannalöndum okkar a. m. k. þannig, að veiðitæknirannsóknirnar eru nátengdar sjálfum fiskirannsóknunum, vegna þess að þeir þættir rannsóknanna eru svo skyldir, og mér vitanlega eru það einmitt fiskifræðingar með sérmenntun í veiðitækni og veiðarfærum, sem veita slíkum deildum forstöðu. Þeir verða að gera tilraunirnar með veiðarfærin, með sérstök efni í veiðarfæri og annað því skylt. Ég mundi því telja, að með því frv., sem hér liggur fyrir, mundi vera fenginn ágætur grundvöllur til þess að byggja upp þá stofnun, sem flm. ætlast til með þessari till., þó að hún væri sérstök deild innan hafrannsóknastofnunarinnar, eins og tíðkast annars staðar. Það er ekki aðalatriðið, að það sé sjálfstæð stofnun. Ég mundi telja, að það væri að ýmsu leyti heppilegra, að tengslin væru meiri milli þessara rannsókna og sjálfra fiskirannsóknanna heldur en mundi verða, ef um sérstaka stofnun væri að ræða, og byggi þar á því,

sem ég þekki til annars staðar við svipaðar kringumstæður.

Flm. (Gils Guðmundsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð í tilefni af því, sem hv. 6. landsk. þm. sagði hér í sínum orðum áðan. Hann lét í ljós þá skoðun, að hann væri mér algerlega sammála um nauðsyn þeirra rannsókna, sem till. mín gengur út á að hér verði farið að framkvæma af fastri, nýrri stofnun. Hins vegar vísar hann til þess frv., þess mikla lagabálks um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, sem nú alveg tiltölulega nýlega var lagður fyrir þetta þing, og telur, að sú skipan, sem þar er fyrirhuguð á þessum málum, ætti að geta orðið fullnægjandi og að ýmsu leyti heppilegri en að um sérstaka stofnun væri að ræða. Það kann að vera, að það megi færa fyrir því einhver rök og það allmikil, að slíkar rannsóknir á vegum hafrannsóknastofnunar væru til verulegra bóta frá því, sem nú er. Hins vegar er ég eftir sem áður sannfærður um það, að framtíðarlausn þessara mála verður sú, að það rís hér upp sérstök stofnun, að sjálfsögðu í meiri og minni tengslum við aðrar þær stofnanir, sem fyrir sjávarútveginn vinna, — sérstök stofnun, sem tekur þessi mál fyrst og fremst sem sitt starf, en það verði ekki heppilegt til lengdar, að þetta mikilvæga og margþætta verkefni verði falið einhverri undirdeild hafrannsóknanna.

Svo vil ég jafnframt vekja athygli á því, að mér sýnist vera heldur hægur gangur á þessu stóra frv., sem samið var, að ég held, fyrir einum 4—5 árum, lagt var fyrir Alþingi í hittiðfyrra og hlaut þá ekki afgreiðslu, hefur verið sýnt núna undir þinglok og að því er mér sýnist engir tilburðir til þess að fá þennan stóra lagabálk samþykktan eða fá hann tekinn til raunverulegrar meðferðar hér á þessu þingi, þannig að mér sýnist, að enn geti verið einhver vafaatriði í sambandi við það mál, sem geri það að verkum, að því verði enn slegið á frest svo og svo lengi. En ég vil leggja á það sérstaka áherzlu, að mér finnst engin skynsemi mæla með því að bíða með það að koma á tæknistofnun eða þeirri starfsemi, sem slík stofnun þarf að vinna fyrir sjávarútveginn, því að þar er um að ræða verkefni, sem gætu tvímælalaust ýmist sparað okkur tugi milljóna árlega eða aukið verðmæti framleiðslunnar um tugi milljóna.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 69. fundi í Sþ., 24. apríl, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 35 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

39. Vatnsaflsvirkjun í Nauteyrarhreppi.

Á deildafundum 25. febr. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um að rannsaka aðstöðu til vatnsaflsvirkjunar í Nauteyrarhreppi [169. mál] (A. 315).

Á 46. fundi í Sþ., 26. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 49., 52., 54., 56., 57., 59., 63., 64. og 73. fundi í Sþ., 4., 11., 18. og 20. marz, 1., 8. og 15. apríl, 6. maí, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

40. Héraðsskóli að Reykhólum.

Á 46. fundi í Sþ., 26. febr., var útbýtt:

Till. til þál. um héraðsskóla að Reykhólum í Austur-Barðastrandarsýslu [171. mál] (A. 318).

Á 49. fundi í Sþ., 4. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 54., 56., 57., 59. og 73. fundi í Sþ., 18. og 20. marz, 1. og 8. apríl, 6. maí, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

41. Eftirlit með fyrirtækjasamtökum.

Á 46. fundi í Sþ., 26. febr., var útbýtt:

Till. til þál. um eftirlit með fyrirtækjasamtökum [172. mál] (A. 319).

Á 49. fundi í Sþ., 4. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 59. og 63. fundi í Sþ., 8. og 15. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 64. fundi í Sþ., 15. apríl, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Unnar Stefánsson): Herra forseti. Seint á s. l. ári ákvað stjórn Innkaupastofnunar Reykjavíkurborgar að bjóða út olíu- og benzínkaup borgarinnar og borgarstofnana. Tilgangurinn með því að auglýsa eftir tilboðum í olíu-

og benzínkaup var sá að tryggja hagkvæmari innkaup en ella mundu verða með því að fá þann mikla afslátt frá útsöluverði, sem því mundi væntanlega verða samfara af hálfu olíuseljenda að afhenda svo mikið magn af olíu og benzíni, sem hér var um að ræða, án þess mikla dreifingarkostnaðar, sem álagning á vöruna hlyti að miðast við. Á árinu 1962 höfðu olíu- og benzínkaup borgarinnar og borgarstofnana numið samtals 20.7 millj. kr. Hér var því um að ræða óvenjulega mikil viðskipti í einu lagi, enda voru meðal kaupenda bæði Bæjarútgerð Reykjavíkur með rekstur nokkurra togara og Strætisvagnar Reykjavíkur með rekstur strætisvagna auk annarra borgarstofnana. Þegar tilboð olíufélaganna voru opnuð hinn 21. des. s. l., kom á daginn, að olíufélögin 3 höfðu skilað tilboðum, sem reyndust vera nákvæmlega samhljóða, svo að ekki skeikaði einum eyri á upphæðum í hverju einstöku tilviki. Bersýnilegt var, að fyrirtækin höfðu átt með sér samtök um tilboðin, enda voru þau nánast samrit. Fyrirtækin, sem í hlut eiga, eru Olíufélagið h/f, Olíuverzlun Íslands h/f og Olíufélagið Skeljungur. Þessi afstaða þykir eftirtektarverð, m. a. með hliðsjón af því, að eitt þessara þriggja olíudreifingarfyrirtækja er í nánum tengslum við samvinnuhreyfinguna, Olíufélagið h/f. Með framkomu sinni gagnvart Reykjavíkurborg sýna olíudreifingarfyrirtækin, að um samkeppni um verð þeirra á milli er alls ekki að ræða.

Þetta samstarf um að sýna Reykjavíkurborg slíka storkun hlaut að vekja menn til umhugsunar um aðdragandann að þessu fáheyrða tilboði. Hugsum okkur, að þessi fyrirtæki hefðu komizt að samkomulagi sín á milli um það, að eitt þeirra skyldi fá að njóta viðskiptanna við Reykjavíkurborg. Það félag hefði þá væntanlega getað lagt fram tilboð, sem hefði getað verið 10% hærra en þessi sameiginlegu tilboð, sem lögð voru fram, en hin félögin hefðu svo hvort um sig gert málamyndatilboð, annað t. d. 13% hærra og hitt 15% hærra. Þá hefði ekki komizt upp um samstöðu þessara félaga. Þá hefði mátt ætla, að Reykjavíkurborg hefði tekið lægsta tilboðinu. Missir þessara viðskipta við Reykjavíkurborg hefðu hin félögin tvö, sem gátu ekki gert sér vonir um að njóta þeirra, getað bætt sér upp með því að fá loforð af hálfu lægstbjóðandans um að láta öðru hvoru hinna eftir að fá þau viðskipti, sem næst yrðu boðin út, t. d. viðskipti við ríkið og ríkisstofnanir, sem munu nema um 40 millj. kr. á ári. Hið þriðja hefði e. t. v. fengið loforð um að fá að sitja eitt um önnur viðskipti, t. d. við bátaflotann eða ámóta, sem væri þeim kærkomið. Ef lengra væri farið út í þessa sálma, mætti jafnvel hugsa sér, að olíufélögin gerðu milli sín samkomulag um að skipta á milli sín þeim hagnaði, sem hvert þeirra um sig hlyti við að fá tilboð með þeim hætti, að hin félögin tvö tækju ekki þátt í alvöru í samkeppnisútboðum sem þessu, heldur til málamynda, til þess að villa fyrir þeim, sem útboð annaðist.

En úr því að olíufélögin leyfa sér að sýna svona opinberlega samstöðu sína, væri þá ekki hugsanlegt, að önnur fyrirtæki, sem einnig senda tilboð í ákveðin verk, hefðu skilyrði til þess að hafa með sér samtök svipaðs eðlis og olíufélögin? Væri t. d. hugsanlegt, að þrjú önnur fyrirtæki skiptu milli sín ákveðnum verkefnum með þeim hætti, sem ég skal sýna fram á, að fyrirtæki A tæki að sér að bjóða í verk x, hugsum okkur, að það væri hitaveituframkvæmd, fyrirtæki B tæki að sér að bjóða í verk y, byggingu skóla, og fyrirtæki C tæki að sér verk z, holræsagerð eða hafnargerð á vegum ríkisins, og fyrirtæki B og C bjóði til málamynda í verkefnið x, hitaveituna, fyrirtækin A og C í verkið y, skólann, og fyrirtækin A og B í verkið z, hafnargerð, með það takmark fyrir augum að auðvelda fyrirtækjunum hverju um sig að taka sér óhóflegan hagnað af verkunum, m. a. með því að spara sér þá dýru útreikninga, sem fylgja því að láta verkfræðinga reikna út verktilboð í alvöru.

Þessi möguleiki á slíku samstarfi hlýtur að verða mönnum umhugsunarefni á tímum slíkrar þenslu og skorts á vinnuafli, sem nú ríkir. Og væntanlega mun það sannast í raun, að samtök olíufélaganna um afstöðu til Reykjavíkurborgar muni reynast af þeirra hálfu óskynsamleg.

Í beinu framhaldi af þessu dæmi gerði borgarstjórn Reykjavíkur ályktun á fundi sínum í febrúarmánuði með 11:2 atkv. samkv. till. borgarfulltrúa Alþfl., svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Borgarstjórn Reykjavíkur beinir þeim tilmælum til hæstv. ríkisstj., að hún hafi forgöngu um, að sett verði, svo fljótt sem unnt er, sérstök löggjöf um rekstur og starfsemi stórfyrirtækja og fyrirtækjasamsteypa, þar sem reistar verði sérstakar hömlur gegn einokunaraðstöðu, svo og gegn samtökum um verðákvarðanir, en hagsmunir neytenda verndaðir, m. a. með því að tryggja samkeppni slíkra fyrirtækja, frjáls viðskipti og frjálsa verðmyndun.“

Þessi beiðni borgarstjórnar Reykjavíkur hnígur mjög í sömu átt og till. sú, sem hér liggur fyrir hv. Alþingi til umr. Ef svo væri háttað á fleiri sviðum viðskiptalífsins sem áðurnefnt dæmi um olíufélögin bendir til, mundi þá ekki hv. Alþingi og hæstv. ríkisstj., sem vaka í sameiningu yfir velferð hins almenna borgara, þykja nærri sér vera höggvið og tímabært, að hið opinbera tryggði sér með löggjöf betri aðstöðu en nú er til að hlutast til um gerð þess ramma, sem viðskiptalífinu væri búinn, með því að geta sett sér þær leikreglur, sem hindra misnotkun einkasöluaðstöðu einkafyrirtækja með samruna efnahagsvalds?

Þetta dæmi um olíufélögin er því miður ekki einsdæmi. Á borðum hv. alþm. í dag lá eintak af nýútkomnu blaði, sem heitir Frost og er gefið út af Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, blað um fiskiðnað. Á forsíðunni hefst aðalgrein blaðsins, sem heitir, með leyfi forseta: „Frystihúsaeigendur hyggjast stofna öskjugerð.“ Í blaðinu er síðan rakinn aðdragandi þeirrar ákvörðunar, sem fyrirtækin innan Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna munu hafa tekið um að reisa sér eigið öskjugerðarfyrirtæki. Við skulum huga nánar að aðdraganda þessarar greinar.

Eitt fyrirtæki hér á landi annast framleiðslu og sölu á öllum þeim pappaumbúðum, sem Ís-

lendingar hafa þurft á að halda um skeið, bæði til innanlandsnotkunar og sem umbúðir utan um útfluttar sjávarafurðir og mun það vera líðlega helmingur framleiðslu fyrirtækisins. Fyrirtæki þetta, Kassagerð Reykjavíkur, er talið samkeppnisfært við innfluttar umbúðir, gæti jafnvel annazt útflutning, ef ekki kæmu til verndartollar í öðrum ríkjum, og eitthvað mun fyrirtækið hafa selt af vörum sínum til Færeyja. Verðákvarðanir fyrirtækisins, Kassagerðar Reykjavíkur, eru ekki háðar neins konar verðlagseftirliti eða íhlutun ríkisvaldsins. Þetta fyrirtæki hefur þess vegna einkasöluaðstöðu að því leyti, að það er eini framleiðandi pappaumbúða á landinu. Það hefur óneitanlega allgóða aðstöðu til þess að nota sér þessa einkasöluaðstöðu sína til að afla sér óhóflegs ágóða í hennar skjóli, enda er það vel búið nýtízkulegum vélum til framleiðslustarfseminnar.

Á hinn bóginn eru stærstu viðskiptavinir Kassagerðarinnar sameinaðir í heildarsamtökum 58 frystihúsa, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna. Þessi fyrirtæki munu kaupa 50% af framleiðsluvörum Kassagerðarinnar fyrir um 40 millj. kr., og er þá miðað við árið 1963. Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna getur með því að fara með umboð allra eða flestra þessara fyrirtækja komið fram gagnvart Kassagerð Reykjavíkur sem einkakaupandi eða það, sem kallað er á fræðilegu heiti, kaupendasamtök. Aðstaða Sölumiðstöðvarinnar er fyrst og fremst fólgin í því að geta hótað Kassagerðinni annaðhvort að kaupa framleiðsluvörur sínar erlendis frá eða þá að stofnsetja sína eigin kassagerð. Nú er svo komið málum, að Sölumiðstöðin vill ekki una verðlagi Kassagerðar Reykjavíkur og hyggst hefjast handa um undirbúning að stofnun nýrrar kassagerðar. Nú leyfi ég mér að spyrja: Er þá ekki tímabært að áliti hv. Alþingis með hliðsjón af því, að Kassagerðin getur með núverandi húsum og vélakosti fullnægt allri umbúðaþörf landsmanna á komandi árum, með hliðsjón af því, að nýtt framleiðslufyrirtæki í þessari grein mundi ekki kosta minna en 10 millj. kr. og gera það. sem fyrir er, að miklu leyti eða nokkru leyti óstarfhæft, með hliðsjón af því, að mikill hörgull er á vinnuafli í landinu og áframhaldandi þensla í hagkerfinu, með hliðsjón af því, að viðkomandi frystihús hafa hlotið fjárhagslega aðstoð af hálfu ríkisins, — er þá ekki tímabært að áliti hv. Alþingis, að hið opinbera tryggi sér með sérstakri löggjöf vald til íhlutunar um framvindu slíkra deilumála milli einkasölufyrirtækja annars vegar og fyrirtækjasamtaka hins vegar? Eru ekki nógu miklir og augljósir hagsmunir þjóðarheildarinnar í veði, til þess að svarið við þessum spurningum sé játandi?

Á árunum 1961—1962 hafa allmargir vöruflokkar, sem áður voru háðir verðlagseftirliti, verið undanþegnir beinum álagningarreglum. Hefur þetta verið gert, að því er ætla má, til að verða við mjög háværum kröfum af hálfu verzlunarinnar um frjálsari viðskiptahætti. Það hefur ekki verið birt skýrsla um afleiðingu þessara aðgerða, en svo sem vænta mátti hefur álagning á þessa vöruflokka verið hækkuð. Út af fyrir sig væri það ekki svo ýkja alvarlegt, þótt ýmsar neyzluvörur, þær miður nauðsynlegri, hækki í verði, til þess að vega á móti of þröngri álagningu á ýmsar brýnustu neyzluvörur almennings, sem ákaft er haldið fram að sé. Hitt ber að líta alvarlegri augum, ef svo væri háttað, að samtök einkaaðila í verzluninni tækju í eigin hendur ákvörðun um álagningu á hinum ýmsu vöruflokkum og hindruðu með því þá samkeppni um verð, sem ella hefði haft skilyrði til þess að eiga sér stað. Hvort ástæða sé til þess að ætla, að svo sé gert, skiptir ekki verulegu máli í þessu sambandi, heldur það, hvort skilyrði séu fyrir hendi til þess að taka slíka sameiginlega afstöðu. Það hefði verið fróðlegt og ég hafði hugsað mér að telja upp nokkur samtök, sem væru vissulega íhugunarefni fyrir hv. alþm. í sambandi við afgreiðslu á þessari till., sem hér liggur fyrir. En ég ætla ekki, af því að áliðið er nætur, að telja upp mörg samtök. Ég mundi þó vilja hlaupa yfir nokkur með nokkrum hraða.

Á sviði smásöluverzlunarinnar í landinu starfa Kaupmannasamtök Íslands. Innan þeirra starfa sérgreinafélög, sem hvert um sig hefur innan sinna vébanda kaupmenn í viðkomandi grein. Þau eru Félag blómaverzlana, Félag búsáhalda- og járnvörukaupmanna, Félag húsgagnaverzlana, Félag ísl. bókaverzlana, Félag ísl. byggingarefnakaupmanna, Félag kjötverzlana, Félag leikfangasala, Félag matvörukaupmanna, Félag söluturnaeigenda, Félag tóbaks- og sælgætisverzlana, Félag vefnaðarvörukaupmanna. Skókaupmannafélagið. Auk þessara sérgreinafélaga eiga aðild að Kaupmannasamtökunum Kaupmannafélag Akraness, Kaupmannafélag Hafnarfjarðar, Kaupmannafélag Keflavíkur og nágrennis, Kaupmannafélag Siglufjarðar og Kaupmannafélag Ísafjarðar. Varðandi þessi síðast nefndu félög er rétt að benda á, að fyrirtækjasamtök, óæskileg, gætu verið í því fólgin, að allir kaupmenn í einum og sama kaupstað gerðu samkomulag sín á milli um það að halda uppi verði, og væri þá mjög erfitt fyrir neytendur að átta sig á verðlaginu, ef um almennt samkomulag þeirra á milli væri að ræða.

Á sviði innflutningsverzlunar starfar Félag ísl. stórkaupmanna, og standa að því 163 heildverzlanir. Á sviði iðnaðar starfar Félag ísl. iðnrekenda, og að því sambandi standa iðnfyrirtækin hvert um sig. Smásöluverzlunin, innflutningurinn og iðnaðurinn eru að verulegu leyti háð verðlagseftirliti í dag, svo að ekki er ástæða til að fara ýtarlega í hugsanleg samtök á þessu sviði. Þó er rétt að nefna aðeins nokkur fyrirtæki með nöfnum. Innkaupasamband bóksala annast um innflutning á bókum og tímaritum og gæti ákveðið sínar eigin álagningarreglur. Það er ekki háð ákvörðunum verðlagseftirlitsins. Félag ísl. prentsmiðjueigenda er starfandi. Ástæða er til þess að ætla, að það félag hafi skilyrði til þess að samræma verð og söluskilmála prentsmiðjanna. Það er til félag, sem heitir Félag vinnuvélaeigenda. Það er ástæða til þess að ætla, að það félag geti haldið uppi verði á útleigu vinnuvéla, sem opinberir aðilar nota í stórum stíl. Það eru til samtök, sem vátryggingafélögin hafa sín á milli, 13—14 vátryggingafélög eru starfandi. Þessi samtök hafa skilyrði

til að samræma skilmála tryggingafélaganna og iðgjöld. Þessi dæmi vildi ég nefna, áður en ég skýri frá þeirri till., sem hér liggur fyrir á þskj. 319, um eftirlit með fyrirtækjasamtökum. Hún hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta athuga, með hverjum hætti hið opinbera geti haft eftirlit með viðleitni fyrirtækja til að hafa með sameiginlegri afstöðu á markaði óæskileg áhrif á verðmyndun í landinu og hvernig bezt megi tryggja, að neytendur fái notið ávaxta aukinna framleiðsluafkasta í meira vöruúrvali og hagstæðara verðlagi."

Í grg. fyrir þessari till. eru raktar hinar efnahagslegu forsendur fyrir því, að slík samtök myndist. Það er reynsla undanfarinna ára, að það hefur verið mikil og rík tilhneiging fyrirtækja að mynda með sér efnahagssamsteypur, á erlendu máli „trusts", eða efnahagssamtök, „cartels", til þess að sölsa undir sig einhvers konar einkasöluaðstöðu til þess að tryggja sér óréttmætan ágóða. Og ég ætla að ljúka máli mínu með því að hlaupa yfir yfirlit um framvindu þessara mála á alþjóðavettvangi.

Á ofanverðri seinustu öld fór andi frelsis um viðskiptalíf landanna. Líberalisminn var ráðandi stefna. Fljótlega kom á daginn, að hið opinbera þurfti að beita íhlutun sinni um gang viðskiptalífsins til þess að tryggja þessa æskilegu, frjálsu samkeppni. Fyrirtækin tóku verðmyndunina í eigin hendur með samsteypum, og þar kom, að stjórnendur ríkjanna sáu sér ekki annað fært en að grípa í taumana. Bandaríki Norður-Ameríku voru í fararbroddi, og Kanada fylgdi fljótlega eftir, 1890 eða 1891, og settu algert bann við slíkum samtökum fyrirtækjanna, og svipaðri stefnu hafa Bandaríkin og Kanada haldið áfram til þessa dags.

Í Evrópu var afstaða stjórnarvaldanna nokkuð önnur og vinsamlegri í garð hringanna. Jafnvel var þeim komið á fyrir frumkvæði ríkisvaldsins, svo sem á Ítalíu. Fyrsta ríkið, sem setti sér löggjöf um starfsemi fyrirtækjasamtaka, var Noregur með lögum árið 1920 og síðan með lögum um hringa 1926. Norðmenn tóku aðra stefnu en farin hafði verið vestanhafs, settu ekki bann við slíkri starfsemi, heldur komu á eftirliti með því, að þau væru ekki misnotuð þannig, að þjóðfélagsheildinni væri óhagræði að. Síðan hafa flest Evrópuríki fylgt í kjölfar Norðmanna og tekið upp eftirlit með það meginsjónarmið í huga að hindra misnotkun einkasöluaðstöðufyrirtækja á markaðinum. Þjóðabandalagið tók þetta vandamál fyrir með litlum árangri. Eftir stríð var reynt að gera svonefndan Havanasáttmála, og Sameinuðu þjóðirnar reyndu í viðskipta- og félagsmálaráði sínu að taka á þessu vandamáli með litlum árangri. GATT, tollabandalag Evrópu, hefur fjallað um þetta. Efnahags- og framfarastofnunin, sem Íslendingar eru aðilar að, hefur tekið þetta vandamál upp, Evrópuráðið hefur látið það til sín taka og Efnahagsbandalag Evrópu hefur núna mjög ákveðna og einbeitta stefnu gagnvart myndun slíkra fyrirtækjasamtaka.

Ég nefni þessi fyrirtæki aðeins, en lýsi ekki, með hverjum hætti þau hafa talið sér fært að ná þeim tilgangi að tryggja frjálsa samkeppni. Ég þykist vita, að a. m. k. einum hv. þm. er þetta svo vel kunnugt, að það þarf ekki hans vegna, en ég vil þó rétt aðeins skýra frá því, hvernig Norðmenn hafa tekið á þessu máli. Þeir hafa sett sér mjög fullkomna löggjöf, eina fullkomnustu löggjöf, sem til er á þessu sviði, sem var að meginefni til frá árinu 1953, en hefur tekið nokkrum breytingum, seinast í marzmánuði 1962. Löggjöfin er í 11 köflum og telur 61 gr., og tilgangur l. er talinn sá að vera tæki til að tryggja fulla atvinnu, gernýtingu framleiðsluþáttanna og hamla gegn viðskiptakreppu og stuðla að jafnari skiptingu þjóðarteknanna. Þeir framkvæma lögin með því að skylda fyrirtæki til þess að skrá alla þá samninga og hvert það samkomulag, sem þau gera sín á milli, sem gæti takmarkað frjálsa verðmyndun, söluskilmála og skiptingu markaða. Samtök fyrirtækja hafa ekki verið bönnuð, og jafnvel eru sum þeirra talin réttlætanleg undir vissum kringumstæðum. Norsk iðnfyrirtæki eru jafnan smá, og er talið eðlilegt, að þau eigi samstarf sín á milli um störf, um innkaup og dreifingu, en öll slík samvinna verður að vera undir opinberu eftirliti. Jafnvel hömlur á samkeppni eru heimilar, svo sem með landbúnaðarvörur, en undirstaða norsku l. er sem sagt strangt eftirlit, og framkvæmd þeirra er í höndum sérfræðinga á sviði viðskiptamála. Til 1. júlí 1960 höfðu verið skráð í Noregi 557 fyrirtækjasamtök, sem leggja hömlur á samkeppni, 216 samningar um hömlur á samkeppni og 79 fyrirtæki með einkasöluaðstöðu. Að vísu höfðu ýmis þessara samtaka verið tekin af skrá, en 1. okt. 1961 voru skrásett 380 samtök, 175 samningar og 78 einkasölufyrirtæki.

Ég hafði hugsað mér að lýsa einnig löggjöf í Þýzkalandi. Þar eru ekki jafnaðarmenn, enginn sósialismi hefur ráðið ríkjum í Þýzkalandi. Þar er sjálfur höfuðtalsmaður frjálsrar samkeppni, núv. kanzlari, Ludwig Erhard, sem hefur ráðið ferðinni og mótað stefnu Þjóðverja í viðskiptamálum. Hann hefur að eigin áliti og áliti margra náð mjög langt í því að tryggja í Þýzkalandi það, sem hann kallar þjóðfélagslega viðskiptahætti, og hefur sagt sjálfur í bók sinni, sem ég vil leyfa mér að lesa úr, með leyfi hæstv. forseta:

„Bezta leiðin til þess að ná þessu markmiði í frjálsu félagskerfi er samkeppni. Það er kjarni þessa kerfis. Hinir félagslegu viðskiptahættir knýja mig til að beina athygli minni og segja stríð á hendur hverri viðleitni til að mynda fyrirtækjasamtök og á hendur öllum þeim, sem stefna að takmörkunum á samkeppni, af hvaða tagi sem er."

Ludwig Erhard leggur áherzlu á mismuninn á því, sem er það, sem hann kallar hið þjóðfélagslega viðskiptakerfi, og hinu gamla, frjálsa hagkerfi fyrri tíma, sem hefur gengið sér í öllum löndum til húðar, þannig að í löndum þeim, sem standa að Efnahags- og framfarastofnun Evrópu, OECD, hygg ég, að það séu aðeins fjögur, sem hafa ekki sérstaka löggjöf til þess að tryggja ríkisvaldinu eða umbjóðendum þess, sérstökum stofnunum, rétt til þess að hafa beint eftirlit og strangt eftirlit með fyrirtækjasamtökum í meginatriðum eftir hugmynd Norðmanna og annarra Norðurlandaþjóða um eftirlit, en

ekki bann. Þessi fjögur ríki, sem hafa ekki sérstaka löggjöf um þetta, eru Lúxembourg, sem er þó innan Efnahagsbandalags Evrópu, sem hefur sett á fót mjög strangar reglur um þessi mál, og Grikkland, Tyrkland og Ísland, að vísu Sviss var það, þegar ég hafði upplýsingar um seinast, en var þá líka með frv. í undirbúningi, sem búast mátti við, að mundi hljóta samþykki. Ísland er þá á bekk með Grikklandi og Tyrklandi um að hafa ekki sérstaka löggjöf til þess að tryggja ríkisvaldinu eftirlit með fyrirtækjasamtökum til þess að hindra einokun og tryggja frjálsa samkeppni á markaðinum.

Ég mun þá sleppa því að gera grein fyrir þeim markaðsaðstæðum, sem gera myndun fyrirtækjasamtaka æskilega af hálfu fyrirtækjanna, en óæskilega af hálfu þjóðfélagsins, neytendanna og borgaranna. En Svíar áttu fyrir nokkrum árum frumkvæði að því, að þeir ásamt Norðmönnum og Dönum hafa kosið hver um sig nefnd manna til að vinna að endurskoðun löggjafar um þessi mál á Norðurlöndum. Ég tel sjálfsagt, að Ísland skipi sér hið allra fyrsta í hóp þeirra ríkja, sem tryggja ríkisvaldinu aðstöðu til þess að sjá neytendum fyrir því, að frjáls samkeppni sé ekki fótum troðin af ákvörðunum einkafyrirtækja á markaði.

Till. þessa hef ég áður flutt á Alþingi og var þá send nokkrum aðilum til umsagnar og fékk mjög jákvæðar undirtektir, m. a. frá Verzlunarráði Íslands, þar sem segir, að það telji eðlilegt, að ríkisvaldið sporni við ákvörðunum einstakra stórfyrirtækja og samtökum fyrirtækja og annarra um að binda verð, takmarka framboð og hefta frjálsa samkeppni á annan hátt.

Herra forseti. Ég lýk máli mínu og legg til, að till. verði vísað til allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 65. fundi í Sþ., 16. apríl, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 44 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

42. Efling byggðar í Selvogi.

Á 46. fundi í Sþ., 26. febr., var útbýtt:

Till. til þál. um eflingu byggðar í Selvogi [173. mál] (A. 320).

Á 49. fundi í Sþ., 4. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 57., 59. og 63. fundi í Sþ., 1., 8. og 15. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 64. fundi í Sþ., 15. apríl, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Helgi Bergs): Herra forseti. Það er nú orðið æði áliðið kvölds og raunar farið að fækka hv. þm. á fundi. Eigi að síður er ég þakklátur hæstv. forseta að hafa enn framlengt fundinn, svo að ég fái tækifæri til þess að mæla fyrir þessari till., enda er orðið alllangt síðan hún var flutt. Ég skal á hinn bóginn reyna að endurgjalda þolinmæði hæstv. forseta með því að vera stuttorður um þetta mál og get raunar að verulegu leyti vísað til grg., sem till. fylgir.

Eins og fram hefur komið í umr. hér fyrr í kvöld, er byggðaþróunin hér á Íslandi alliskyggileg á seinni áratugum. Það er alveg ljóst, að þau mál verður að taka nýjum og fastari tökum en gert hefur verið. En meðan leitað er hæfilegra fangbragða, er nauðsynlegt að andæfa þar, sem hætturnar steðja að.

Eitt af þeim byggðarlögum, sem nú eiga mjög í vök að verjast, er Selvogshreppur í Árnessýslu. Ég hef því á þskj. 320 ásamt hv. 2. þm. Sunnl. (ÁÞ) og hv. 4. þm. Sunnl. (ÓskJ) flutt þáltill., sem felur í sér, að fram sé látin fara á vegum landnámsstjóra í samvinnu við Búnaðarsamband Suðurlands athugun á því, á hvern hátt megi bezt koma í veg fyrir eyðingu byggðar í Selvogshreppi og efla byggð þar að nýju. Athugunin beinist að því m. a., hvort ekki sé hagkvæmt að koma þar upp byggðahverfi skv. l. nr. 75 frá 27. apríl 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, þar sem gert yrði ráð fyrir ræktun jarðávaxta í samvinnu- eða félagsrekstri. Leiði slík athugun til jákvæðrar niðurstöðu að dómi landnámsstjóra og nýbýlastjórnar, skal þegar hefja undirbúning undir landnám skv. IV. kafla nefndra laga.

Í Selvogi hefur verið byggð frá fyrstu tíð og lengst af blómleg byggð fram á þessa öld. Ekki sízt síðan útvegur færðist í vöxt, hafa stórbýli og höfuðból verið í Selvogi. Raunar er kirkjustaðurinn í Selvogi, Strönd, helgur staður í hugum flestra Íslendinga. Eins og menn vita, er Strandarkirkja talin öðrum kirkjum betri til áheita, og henni hafa safnazt alldigrir sjóðir, og má vel vera, að kirkjuyfirvöldin telji eðlilegt að stuðla að því, að byggð haldist í Selvogi, því að ef byggðin eyðist, þá má gera ráð fyrir, að vegur þess staðar minnki. Þetta nefni ég þó aðeins í leiðinni án þess að telja það neitt aðalatriði í þessu máli.

En eftir að Íslendingar tóku upp betri og stærri skip, hefur útgerð í Selvogi lagzt af, sökum þess að þar eru ekki hafnarskilyrði fyrir slík skip, sem Íslendingar nota nú. Það hefði því verið eðlilegt, að þar yrði leitazt við að efla landbúnað og búskap, þegar útgerð hrakaði þar, og slík viðleitni hefur raunar verið sýnd, en hún hefur ekki náð þeim árangri, sem menn hafa gert sér vonir um.

Fyrir nokkrum árum fóru bændur í Selvogi fram á það við Mjólkurbú Flóamanna, að það sækti til þeirra mjólk, og við athugun á því máli kom í ljós, að til þess að Mjólkurbúið sæi sér fært að gera þetta, hefðu bændur þurft að fjölga kúm sínum, til þess að um meira mjólkurmagn væri að ræða, en þá voru þeir ekki orðnir fleiri en það eftir í Selvoginum, að þetta reyndist ekki kleift.

Í Selvogi hefur lengst af verið mikil sauðfjárrækt, en einnig hún á við erfiðleika að etja af ýmsum ástæðum og þá m. a. af því, að sauðfjáreigendur úr haglausum sveitum hér vestan heiða reka sauðfé sitt á fiall og verður það oft æði nærgöngult við haglendi þeirra Selvogsmanna.

Við flm. höfum leyft okkur í þessari till. að benda á jarðávaxtarækt sem hugsanlega leið til eflingar byggðarinnar í Selvogi. Veðrátta er þar mild eins og víðast við ströndina og minni hætta á næturfrostum og jarðvegur er talinn þar hentugur, bæði á ströndinni sjálfri, í sönd unum þar. og eins ofar í byggðinni, vestan í Selvogsheiðinni.

Við flm. bendum einnig á það, að þarna kynni að vera hentugt að reyna nýjar leiðir í búskaparháttum að því leyti, að tekinn yrði upp félagsbúskapur í einhverri hentugri mynd. Það hefur oft verið til umr. nauðsyn þess, að slíkt yrði reynt, en sjaldan verið gerðar til þess alvarlegar tilraunir við hentug skilyrði. En við það vinnst það m. a., að bændur eru ekki eins bundnir búum sínum og ella, og Selvogurinn er nálægt — raunar má segja, að Selvogurinn sé með vissum hætti uppland Þorlákshafnar, vaxandi bæjar, þar sem tekjur af launavinnu á vertíðum freista, og með þessum hætti mætti kannske á vissan hátt skapa þarna hentug skilyrði fyrir fjölbreyttari tekjumöguleika.

Ég skal ekki lengja mál mitt, en óska eftir því, að hæstv. forseti fresti umr. og till. verði vísað til allshn.

Þar sem þessi till. hefur nú legið alllengi fyrir án þess að komast til meðferðar, þá vildi ég beina þeim tilmælum til hv. allshn., að hún gæfi till. skjóta meðferð, einnig með tilliti til þess, að nú er orðið æði áliðið þingtímans.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 65. fundi í Sþ., 16. apríl, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 41:1 atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

43. Vinnuaðstaða og sumarhvíld barna og unglinga.

Á deildafundum 2. marz var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um vinnuaðstöðu og sumarhvíld barna og unglinga [176. mál] (A. 329).

Á 54., 56., 57., 59. og 63. fundi í Sþ., 18. og 20. marz, 1., 8. og 15. apríl, var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 64. fundi í Sþ., 15. apríl, var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Ég flyt hér þáltill. um, að Alþingi kiósi fimm manna nefnd, sem taki til athugunar aðstöðu barna og unglinga innan 15 ára aldurs til eðlilegrar og heilbrigðrar sumarhvíldar og hæfilegrar og þroskandi vinnu þann tíma, sem börnin eru ekki í skóla. Till. samhljóða þessari var flutt hér á síðasta þingi af frú Margréti Sigurðardóttur, sem þá átti sæti á þingi. Þá var gerð hér ýtarleg grein fyrir þessu máli, og auk þess er svo allýtarleg grg. með till. á þskj. 329. Ég get því í rauninni sparað mér að tala langt mál um till. og það með sérstöku tilliti til þess, hvernig ástatt er hér orðið með fundartíma. En hér er sem sagt drepið á mjög þýðingarmikið mál.

Við vitum vel, að hér er um vaxandi vandamál að ræða svo að segja um allt land. Foreldrar vita illa, hvað á að gera við börnin þann langa tíma, sem þau eru ekki í skólum. Á tímabili var vandamálið allvíða a. m. k. fólgið í því, að börnin fengu ekki aðstöðu til hóflegrar vinnu. Nú hefur þetta í seinni tíð meira snúizt í þá áttina, að börnin hafa sogazt inn á hinn almenna vinnumarkað og taka þar þátt í störfum á þann hátt, sem enginn vafi er á, að getur ekki talizt eðlilegt fyrir börn á skólaaldri. Hér er sem sagt við mikið vandamál að eiga, en með till. er lagt til, að gerð verði sérstök og ýtarleg rannsókn á þessu vandamáli og að sú n., sem annast þessa rannsókn, skili tillögum um úrbætur í þessum efnum til Alþingis.

Ég sé svo ekki ástæðu til að lengja hér umr. meir að þessu sinni, en legg til, að till. verði að lokinni þessari umr. vísað til allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 65. fundi í Sþ., 16. apríl, var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 42 shlj. atkv. og til allshn. með 42 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

44. Vináttuheimsókn fulltrúa Alþingis til Grænlendinga.

Á deildafundum 3. marz var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um vináttuheimsókn fulltrúa Alþingis til Grænlendinga [178. mál] (A. 336).

Á 57. og 68. fundi í Sþ., 1. og 22. apríl, var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 70. fundi í Sþ., 29. apríl, var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér á þskj. 336 till. til þál.

þess efnis, að Alþingi ákveði að senda nefnd fimm alþm. til Grænlands til þess að koma á betra sambandi við grænlenzku þjóðina en verið hefur af hálfu Íslendinga fram að þessu. Sé þessi n. þannig skipuð, að formaður hennar sé hæstv. forseti sameinaðs Alþingis, og þingflokkarnir útnefna að öðru leyti hver einn mann í þessa nefnd. Það sé síðan grennslazt eftir því hjá forustumönnum Grænlendinga, hvenær þeim mundi henta bezt að taka á móti slíkri nefnd til þeirra lands, og enn fremur séu gerðar ráðstafanir til þess, að þegar slík nefnd alþm. fer að heimsækja Grænland, hafi hún nokkra möguleika á því að efla meira en orðið er kynnin á milli þjóðanna. Það hafa þegar verið teknar ákvarðanir af hálfu Alþingis um að stuðla að því, að grænlenzkir námsmenn gætu stundað nám hér við Háskóla Íslands, og enn fremur ráðstafanir til þess að tryggja, að vissir Íslendingar lærðu grænlenzku, þannig að við hefðum betri aðstöðu til þess að kynna okkur menningu þeirrar þjóðar, og með þessu móti er farið fram á, að Alþingi Íslendinga geri sérstakar ráðstafanir til þess af opinberri hálfu að koma á nánari kynnum á milli þjóðanna.

Ég þarf ekki hér gagnvart hv. alþm. að ræða um þau gömlu tengsl, sem á milli Íslands og Grænlands eru, og þau eðlilegu tengsl, sem ættu að vera á milli okkar og næstu nágrannaþjóðar okkar, þeirrar þjóðar, sem nú byggir Grænland. En ég vil aðeins, án þess að fara nokkuð út í okkar sögu í sambandi við Grænland, minna á, að það fer nú brátt að líða að því, að þúsund ár séu liðin, síðan Íslendingar fundu Grænland og settust þar að og bjuggu þar, líklega um fimm alda skeið. Og enn eru þar minjar eftir Íslendinga, ekki aðeins fornminjar, heldur líka vafalaust nokkur áhrif í lífi þeirrar þjóðar, sem þar lifir. Þess vegna er ástæðan til þess, að þetta er borið fram, fyrst og fremst sú að hefja aftur kynni á milli þessara þjóða út frá okkar sögu, út frá okkar landafræði, ef svo mætti segja, út frá því, að þetta eru nágrannaþjóðir, sem eiga að hafa náin kynni hvor af annarri.

En það eru jafnframt fleiri orsakir og fleiri mál, sem rétt er að athuga, um leið og slík ákvörðun væri tekin. Grænland er frumstætt land. Það er land, sem vafalaust mundi, ef það væri viðurkennt sem sjálfstætt land, heyra undir það, sem nú almennt er kallað þróunarlönd í heiminum, og það hefur hvað eftir annað komið fram, m. a. á þeim ráðstefnum, sem haldnar hafa verið á Norðurlöndum, og líka í Norðurlandaráði og raunar líka borizt beinlínis til Norðurlandaráðs tilmæli frá dönskum mönnum um það, að þeim mikla áhuga, sem er ekki hvað sízt mjög ríkur í Skandinavíu, um að sýna hinum frumstæðu þjóðum, sýna þróunarlöndunum í verki samúð og samhjálp, að slíkum áhuga bæri alveg sérstaklega að beina til Grænlands. Þegar við tölum um Norðurlönd, eigum við öll löndin, allt frá Finnlandi og vestur til Grænlands, og þetta er landflæmi, sem allir við, sem tilheyrum Norðurlöndum, eigum að láta okkur varða, þess íbúa og þess lönd. Og ég álít það mjög réttar raddir, sem fram hafa komið frá ýmsum Dönum í þessu efni, að Norðurlandaþjóðirnar hefðu mátt sýna meira í verki vilja sinn til þess að hjálpa, til þess að efla einmitt þá þjóð, sem í Grænlandi býr, búa betur að henni, efla hennar tækni, efla hennar atvinnulíf og hjálpa henni félagslega. Norðmenn og Svíar hafa unnið alveg sérstaklega mikið starf að því að reyna að hjálpa ýmsum þróunarlöndum, og þó að ég vilji ekki gera lítið úr því, sem Danir hafa gert viðvíkjandi Grænlandi á ýmsum sviðum, er það samt svo, að það er langt frá því, að sú þjóð, sem byggir Grænland, sé enn þá komin félagslega á sama stig og aðrar Norðurlandaþjóðir. Við Íslendingar höfum að vísu ekki sýnt mikinn áhuga fram að þessu, hvað snertir aðstoð við þróunarlöndin, nema þá að ljá ýmsa af okkar sérfræðingum til þess að aðstoða Sameinuðu þjóðirnar til þess að hjálpa þeim á ýmsum tæknilegum og atvinnulegum sviðum, og vona ég, að það verk ýmissa íslenzkra ágætismanna hafi komið að nokkru gagni, en ég býst við, að fyrir okkur Íslendinga væri alveg sérstaklega rétt að beina okkar huga að því að reyna að aðstoða Grænlendinga í þessum efnum og skapa sem bezt samstarf á milli þjóðanna.

Við Íslendingar eigum að muna það sem minnstir allra Norðurlandaþjóða, að þessar þjóðir eru ekki bara fimm, þær eru sjö. Færeyingar og Grænlendingar eru þjóðir alveg eins og hinar, þótt þær sem stendur tilheyri sérstakri ríkisheild, þeirri dönsku. Og við Íslendingar sem síðastir af þessum fimm þjóðum, sem nú eru viðurkenndar t. d. í Norðurlandaráði, hlutum okkar sjálfstæði og losnuðum úr ríkjatengslum við hinar, sem bæði Finnar og Norðmenn höfðu þó áður verið í, — við ættum hvað frekast að finna það okkar skyldu að láta þessar þjóðir, bæði þá færeysku og grænlenzku, vita það, að við lítum á þær og viðurkennum þær sem þjóðir, enda hefur það til allrar hamingju, án nokkurs tillits til flokkaskiptingar á Íslandi, hvað eftir annað komið fram, sérstaklega hvað Færeyinga snertir.

Nú er hins vegar svo komið, að hjá Grænlendingum sjálfum, hjá þeirri þjóð, sem byggir Grænland, verður í æ ríkara mæli vart sjálfstæðisbaráttu, frelsisbaráttu, og það er alveg greinilegt, að sú þjóð er að skipuleggja sig sem sérstaka þjóð, á sama hátt og aðrar Norðurlandaþjóðir hafa gert, þegar þær hafa verið að berjast fyrir sínu frelsi. Grænlenzka þjóðin hefur nú þegar skapað sér sinn fyrsta stjórnmálaflokk, og formaður þess flokks er um leið ritstjóri að stóru blaði, sem gefið er út í Grænlandi, heitir á dönsku „Grönlandsposten", þess grænlenzka nafn kann ég því miður ekki að bera fram, en það er prentað bæði á grænlenzku og á dönsku. Það er búið að mynda sérstakt verkalýðssamband í Grænlandi, það er búið að mynda sérstakt sjómannasamband í Grænlandi, og það sem ekki hvað sízt ætti að láta okkur Íslendingum renna blóðið til skyldunnar: niðri í Kaupmannahöfn hafa grænlenzkir menntamenn myndað Grænlendingafélag, fyrst og fremst stúdentar, sem hafa tekið upp þráðinn gagnvart sinni þjóð, á sama hátt og íslenzkir stúdentar tóku á 19. öld í frelsisbaráttu okkar þjóðar þá gagnvart Dönum, og það er nú þegar mjög greinilegt, að krafa grænlenzku

þjóðarinnar er í vaxandi mæli sú, að hún njóti jafnréttis við aðrar þær þjóðir, sem byggja Danmörku eða danska ríkið. Ég varð m. a. var við það í dönsku blöðunum nú nýlega, að það höfðu átt sér stað þó nokkrar kröfugöngur hjá danska ríkisþinginu einmitt af hálfu Grænlendinga til þess að leggja áherzlu á þeirra jafnréttiskröfur í þessu efni. Og það, sem sérstaklega bar á í því sambandi, voru kröfurnar um jöfn félagsleg réttindi fyrir grænlenzku þjóðina og Grænlendinga og fyrir aðra þá, sem nú sem stendur tilheyra dönsku ríkisheildinni.

Það er ekki að ófyrirsynju, að slíkar kröfur koma fram, einmitt vegna þess, að launamisréttið í Grænlandi er alveg sérstaklega mikið. Það eru allt önnur laun, sem þeim mönnum, sem eru af grænlenzkum toga spunnir, grænlenzku bergi brotnir, eru greidd, heldur en þau laun, sem mönnum, sem eru af dönskum ættum, eru greidd þar, þannig að það er gerður beinlínis munur eftir því, af hvaða þjóðflokki menn eru, og á þetta þó að heita í sama ríkinu og ekki undarlegt, þó að þeir grænlenzku menntamenn, sem nú eru að vaxa upp hjá þessari þjóð, þegar hún er að öðlast evrópska mennt, þá byrji þeir með því að gera kröfur einmitt fyrir hönd sinnar þjóðar til jafnréttis.

Þetta minnir mig á það, að hér á Alþingi ræddum við í þessum sal fyrir 10 árum mjög ýtarlega um þessi mál. Þá lá það fyrir, að Danir höfðu með því að breyta sinni stjórnarskrá 5. júní 1953 innlimað Grænland í Danmörku. Það var háttur, sem við vitum t. d. að ýmsar gamlar nýlenduþjóðir, t. d. Portúgalar, hafa haft á og afsaka sig nú með því hjá Sameinuðu þjóðunum, þegar verið er að ræða um blóðsúthellingar þeirra og hryðjuverk í Angóla, að það séu portúgölsk innanríkismál, vegna þess að Angóla sé innlimað í Portúgal. Ég vil samt, þó að ég nefni þetta í sömu andránni, engan veginn bera þarna neitt saman. Danir eru yfirleitt í sinni framkomu menningar- og menntaþjóð, sem kemur fram af mannúð gagnvart þeim, sem þeim eru undirgefnir, þó að þá bresti oft stjórnvizku í slíku sambandi.

Danir höfðu sem sé innlimað Grænland í Danmörku með stjórnarskrárbreytingu 1953, og samkv. því höfðu þeir tilkynnt verndargæzluráði Sameinuðu þjóðanna, sem þeir höfðu sent skýrslu um Grænland fram að því sem danska nýlendu, að þeir mundu hætta því, og það mál kom hér fyrir Alþingi, hvort Íslendingar skyldu viðurkenna slíkt, að því yrði hætt. Það lá þá fyrir, að gæzluverndarnefnd Sameinuðu þjóðanna í þeirri ályktun, sem hún gerði, hafði sagt, að hún liti svo á samkv. þeim fram komnu skýrslum og skjölum, að grænlenzka þjóðin hefði af frjálsum vilja ákveðið innlimun í danska konungsríkið á jafnréttisgrundvelli við aðra hluta danska ríkisins, bæði hvað snerti stjórnskipun og stjórnarfar. Þetta var mjög vefengt hér á Alþingi þá, að grænlenzka þjóðin hefði nokkurn tíma af frjálsum vilja ákveðið innlimun í danska konungsríkið. Og þáv. ríkisstj. treysti sér ekki til þess að leggja það fyrir Alþingi Íslendinga, að við viðurkenndum þessa innlimun. Það var hins vegar lagt til af hálfu ríkisstj. þá, að fulltrúi Íslands skyldi sitja hjá við atkvgr. hjá Sameinuðu þjóðunum um þessi mál. Það var hins vegar engan veginn einhugur um það hér á Alþingi. Það var mikill hluti þm., sem vildi mótmæla þessum aðferðum þá og taka þannig beina afstöðu gegn því, sem Danir höfðu gert. Það var samþykkt með 30:20 atkv., að fulltrúi Íslands skyldi sitja hjá, en þeir 20, sem á móti voru, vildu taka afstöðu með því að mótmæla þessari aðferð þá. Meðal þeirra, sem þá greiddu atkv. á móti, var helmingur af núv. hæstv. ríkisstj., þrír ráðh., sem nú sitja í hæstv. ríkisstj., allir ráðh. Alþfl. nú. Ég fór að rifja þetta upp, þegar ég sá nýlega, að grænlenzkir stúdentar hefðu verið að krefjast jafnréttis og að grænlenzkir verkamenn vildu njóta sömu launa og aðrir borgarar danska ríkisins. Og ég sé, að í því, sem lagt var fyrir þá í gæzluverndarnefndinni, var gengið út frá því, að þessi innlimun, sem þá fór fram, færi fram á jafnréttisgrundvelli, þannig að þeir danskir borgarar, sem þá voru í Grænlandi, nytu sömu réttinda um stjórnarfar og aðrir borgarar danska ríkisins. Svo mun sem sé ekki vera. Það mun vera gerður greinarmunur á hinum ýmsu borgurum danska ríkisins enn sem komið er eftir því, af hvaða bergi þeir eru brotnir. Og ég býst við, að bæði þau verkalýðssamtök, sem nú berjast í Grænlandi, og þeir grænlenzku menntamenn, sem nú heyja sína baráttu, vilji láta breyta þessu, og ég veit, að í danska þinginu eru líka allmargir þm., sem vilja knýja fram breytingar í þessum efnum.

Við Íslendingar vitum sjálfir, hvað það er að vera þjóð, sem er að berjast fyrir sínu frelsi, ekki sízt að vera lítil þjóð, og þegar við vorum slík þjóð, þótti okkur vænt um að finna hjá öðrum þjóðum skilning á okkar rétti. Okkur ber skylda til þess, ekki aðeins almenn mannleg skylda, heldur líka sérstök þjóðleg skylda að sýna Grænlendingum okkar vináttu í verki. Við eigum að sýna þeim skilning og aðhlynningu í þeirra menningarbaráttu. Það er dýrmæt menning, sem þeir eiga, og menning, sem má ekki fara forgörðum, og okkur ber jafnvel fyrst af öllum að sýna skilning á slíku.

Ég álít, að heimsókn alþm. til Grænlendinga gæti orðið til þess að auka vináttu og skilning á milli þjóðanna. Ég held, að það sé ákaflega mikil þörf á því, að íslenzkir alþm. fylgist betur en gert er með því, sem þar er að gerast. Það hafa allmargir Íslendingar átt kost á því á undanförnum árum að koma til Grænlands, kynnast því nokkuð, og það er vonandi, að þær ferðir haldi áfram, og þyrfti oft að vera þannig, að mönnum gæfist tækifæri til að dveljast þar lengur en gert er þá 3 daga, sem menn hafa haft tækifæri til þess nú. Það mundi hjálpa til þess að efla skilning á milli þessara tveggja þjóða. En ég álít alveg sérstaklega nauðsynlegt, að auk þess sem Íslendingar hafa sýnt mikinn áhuga á því, — flugfélögin þekkja það bezt, hve mikil aðsókn hefur verið að þeim ferðum, sem þangað hafa verið farnar, — þá beri Alþingi Íslendinga beinlínis af sinni hálfu að sýna það, að við viljum koma á betra sambandi við þá grænlenzku þjóð. Það voru ekki aðrir menn okkur kærari á 19. öld, þegar við stóðum í okkar frelsisbaráttu, en ekki hvað sízt þeir á meðal

þm. Dana, sem tóku þá undir okkar frelsiskröfur. Maður eins og Balthasar Christensen, sem þá tók undir okkar frelsiskröfur og sýndi skilning og hlýhug í verki gagnvart Íslendingum, fékk m. a. sent alveg sérstakt þakkarávarp frá Íslendingum. Um hávetur fóru jafnvel austfirzkir bændur um heiðar og fjöll til þess að komast niður í kaupstaðina til þess að undirskrifa þakkarávörpin til þeirra manna, sem sýndu þá skilning og hlýhug í okkar garð, þegar við vorum fátækir og lítils megandi og fáir viðurkenndu okkar rétt. Þær þjóðir, sem nú eru fátækar og lítils megandi, eiga þá kröfu til okkar, að við sýnum þeim skilning. Og það er engin þjóð af slíkum þjóðum, sem á jafnríka kröfu til slíks og grænlenzka þjóðin. Þess vegna álít ég rétt, að Íslendingar og Alþingi Íslendinga alveg sérstaklega sýni sig í því að vilja knýta vináttuböndin við þetta land, sem geymir bein Íslendinga, geymir stóran hluta af sögu Íslendinga og er það land, sem okkur stendur landfræðilega næst. Þess vegna er þessi till. til þál. fram komin.

Ég álít, að í þessari ferð, sem alþm. færu, væri einnig rétt, að vísindamönnum, sérstaklega sagnfræðingum, og blaðamönnum íslenzkum væri gefið tækifæri til að vera með. Við Íslendingar höfum látið okkur allt of litlu skipta það, sem er að gerast í þeim löndum, sem forfeður okkar eitt sinn fundu. Það var ánægjulegt, að nokkrir Íslendingar, íslenzkir fræðimenn og vísindamenn, skyldu fá að vera með í þeim fornleifaleiðangri, sem gerður var til Nýfundnalands og víðar, og við höfum af opinberri hálfu átt að taka meiri þátt í þessum hlutum en gert hefur verið. Og það er rétt, þegar svona ferð væri farin núna, að einmitt ýmsir af okkar sagnfræðingum og okkar blaðamönnum hefðu tækifæri til þess að vera þarna með.

Ég vil leggja áherzlu á, að slík heimsókn til Grænlands á að skoðast sem einn þáttur í norrænni samvinnu. Ég býst satt að segja við, að það muni ekki af því veita, að Norðurlandaþjóðirnar og ekki sízt Íslendingar sýni enn meiri áhuga á Grænlandi en sýndur hefur verið fram að þessu. Við skulum gera okkur fyllilega ljóst, að sú hætta vofir yfir, að t. d. Bandaríkin, sem nú þegar hafa ítök í því landi, reyni að festa þau ítök, og það er nauðsynlegt, að Norðurlandaþjóðirnar, þær sem nú eru t. d. í Norðurlandaráði, standi saman um það að halda Grænlandi í þeirri norrænu heild, sem það tilheyrir núna. Ég lagði sérstaka áherzlu á þetta mál í ræðu, sem ég flutti hér á Alþingi 1944 eða 1945, þegar mikið var um það rætt, hvort við Íslendingar værum að slíta okkur út úr þeirri norrænu heild, sem við höfðum tilheyrt fram að þessu, og þegar þær raddir komu fram í blöðum á Íslandi, af því að við hefðum stofnað okkar lýðveldi og skilið við Dani, værum við þar með að slíta öllu sambandi við Norðurlönd, og komu jafnvel fram þær raddir í okkar blöðum, að við hefðum til Norðurlanda lítið að sækja. Ég lagði þá áherzlu á það, að einmitt eftir að við værum orðnir sjálfstætt lýðveldi, vildum við, að okkar tengsl við Norðurlönd væru meiri og betri en nokkru sinni fyrr og að við þyrftum að hafa vakandi auga á því, að Grænland, jafnvel sem stærsta landið á Norðurlöndum, tapaðist ekki út úr þeirri heild, og við vitum ósköp vel, hvaða hættur hafa verið yfirvofandi í þeim efnum á undanförnum áratugum.

Ég held, að það sé nauðsynlegt, að einmitt samstarf Norðurlanda og norrænna þjóða byggist meir og meir á því að viðurkenna sjálfstæði þjóðanna, sem eru innan þeirra stóru ríkjaheilda, sem þar voru áður. Ég held, að þróunin verði sú með tímanum, að bæði Færeyingar og Grænlendingar muni hafa sína sérstöku stjórn á sínum málum á mismunandi stigi, eins og nú þegar er farið að gerast með Færeyinga, og við þurfum, þegar við hugsum um Norðurlönd, að hugsa um allar þessar sjö þjóðir og sjá til þess, að þær haldist allar saman. Það kann einhverjum að finnast það undarlegt af okkur vegna þess, hversu mál þeirra er óskylt. En við höfum ekki fram að þessu álitið annað en að Finnar væru Norðurlandaþjóð og tilheyrðu Norðurlöndum sem þjóð og norrænum þjóðum, þó að þeirra mál sé okkur og ýmsum öðrum þjóðum Norðurlanda jafnóskiljanlegt og grænlenzkan. Ég held, að það sé þess vegna nauðsynlegt, að einmitt samvinna Norðurlandaþjóðanna byggist frá upphafi á þeirri viðsýni að viðurkenna og skilja rétt smárra sem stórra þjóða, án tillits til þess, á hvaða stigi valda og menningar þær standa, til þess að standa saman sem bræðraþjóðir í öllum Norðurlöndum.

Ég vil leyfa mér að vona, að hv. alþm. meti þá viðleitni og þann áhuga, sem fram hefur komið hjá íslenzku þjóðinni til þess að kynnast betur Grænlendingum, á þann hátt að gera þessa ráðstöfun af hálfu Alþingis, að heimsækja Grænland og reyna að skapa meiri vináttutengsl á milli grænlenzku þjóðarinnar og Íslendinga en verið hafa, og stefni um leið að því að auka þau menningarlegu kynni með því að gera það fært, að þær þjóðir geti skipzt á mönnum til dvalar og til þess að kynna á víxl sína menningu. Ég vil leyfa mér að vona, að sú saga, sem tengir Íslendinga og Grænlendinga saman, orki einnig á um það, að oss beri skylda til að knýta á ný tengsl við þá þjóð, sem byggir þetta land, sem er Íslandi nákomnast af öllum löndum utan okkar eigin föðurlands. Ég vil leyfa mér að vona, að ekkert, sem kann að valda einhverjum pólitískum ágreiningi eða mismunandi skoðunum, líka í sambandi við okkar afstöðu til dönsku þjóðarinnar og danska ríkisins sem slíks, geti orkað neinu á um afstöðu til svona vináttuheimsóknar. Án tillits til þess, hvað við kunnum að álíta, hinir og þessir þm., þá vonast ég til þess, að við getum allir sameinazt um það, að oss beri skylda til að taka upp nánara vináttusamband en verið hefur fram að þessu milli íslenzku og grænlenzku þjóðarinnar og að við þess vegna getum sameinazt um að samþykkja þessa þáltill.

Ég vil því leggja til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. sé þessari þáltill. vísað til síðari umr. og til utanrmn., og vil vona, þó að seint sé orðið á þinginu og þessi till. hafi beðið alllengi, að hv. utanrmn. geti orðið sammála um að afgreiða hana, þannig að slík vináttuheimsókn gæti farið fram annaðhvort á sumri komanda eða, ef forustumönnum Grænlendinga þætti það betra, á næsta sumri á eftir.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 71. fundi í Sþ., 30. apríl, var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og til utanrmn. með 33 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

45. Embætti lögsögumanns.

Á deildafundum 3. marz var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um embætti lögsögumanns [180. mál] (A. 338).

Á 52. fundi í Sþ., 11. marz, var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Kristján Thorlacius): Herra forseti. Efni þeirrar till. til þál., sem hér liggur fyrir, er að fela ríkisstj. að skipa 5 manna nefnd til þess að undirbúa löggjöf um embætti lögsögumanns, þar sem höfð verði til hliðsjónar löggjöf á Norðurlöndum um ombudsmand. Í till. er lagt til, að hliðstæður íslenzkur embættismaður beri hið forna heiti „lögsögumaður". Eitt af verkefnum hins nýja embættis yrði að leiðbeina mönnum um, hvað væru lög, en einmitt því hlutverki gegndi lögsögumaðurinn að fornu, þótt með öðrum hætti væri. Færi vel á því, að þessi embættismaður bæri þetta forna heiti.

Hér á landi hefur þróunin orðið sú, eins og víðar annars staðar, að aukizt hafa afskipti ríkisvaldsins og annarra opinberra aðila af málum, er snerta daglegt líf einstaklinganna. Ríkið og sveitarfélögin eru stærstu vinnuveitendur í þjóðfélaginu, og þúsundir manna starfa hjá þessum aðilum og fyrirtækjum þeirra sem fastráðnir starfsmenn eða lausráðnir tímavinnu- og vikukaupsmenn. Flestir bankar og lánastofnanir eru ríkiseign. Algengast er, að bæjar- og sveitarfélög séu eigendur byggingarlóða. Sveitarstjórnir hafa það þannig í hendi sér, hverjir fá leigðar lóðir undir hús, hvort sem um er að ræða hús til atvinnurekstrar eða íbúðar. Til ýmiss konar atvinnurekstrar þarf leyfi stjórnarvalda. Hið opinbera úthlutar borgurunum auk þessa margháttuðum styrkjum og hlunnindum. Fleira skal ekki hér talið, en af því, sem hér hefur verið nefnt, er ljóst, að segja má, að efnahagsleg afkoma hvers einasta borgara þessa lands sé að meira eða minna leyti undir því komin, hvernig viðskipti hans við opinbera aðila takast. Um margt af þeim hlutum gilda ákveðnir lagabókstafir eða reglur, en um annað fer eftir mati hlutaðeigandi yfirvalda.

Það er alkunna, að í okkar þjóðfélagi er fjármagn af mjög skornum skammti og svo til allur atvinnurekstur landsmanna byggist á lánsfé frá opinberum lánastofnunum. Það fer eftir mati stjórnenda þessara lánastofnana, hverjum gert er kleift að reka atvinnufyrirtæki hér, hvort sem um er að ræða útgerð, landbúnað, iðnað, verzlun eða annað. Þessar sömu lánastofnanir og Húsnæðismálastofnun ríkisins veita lánsfé til íbúðarhúsnæðis, sem landsmenn reisa. Þá eru og lagðar á einstaklingana margháttaðar kvaðir af þjóðfélagsins hálfu, bæði fjárhagslegar og annars konar kvaðir. Framkvæmd skatta- og tollalöggjafar er t. d. sá þáttur í rekstri þjóðfélagsins, sem mjög er umdeildur og ekki hefur alltaf þótt fara nægilega réttlátlega úr hendi. Og loks er framkvæmd réttarfarslöggjafarinnar.

Af öllu þessu er ljóst, að hver einstaklingur og þjóðfélagið í heild á ekki lítið undir því, að hinu mikla valdi, sem opinberum afskiptum fylgir, sé samvizkusamlega og réttlátlega beitt.

Ekki er ólíklegt, að sú röksemd komi fram, að embætti það, sem hér er lagt til að stofnað verði, sé óþarft, vegna þess að Alþingi og sveitarstjórnir kjósi yfirleitt stjórnarnefndir opinberra stofnana. Það er ekki langt síðan einmitt þessari röksemd var beitt hér á hv. Alþingi, þegar rædd var till. um að rannsaka lánastarfsemi bankanna. En þessi röksemd gegn málinu er ekki gild. Þau mörgu fjársvikamál, sem upp hafa komið á undanförnum árum, benda til þess, að hlutaðeigandi yfirvöld og stjórnarnefndir hafi ekki að fullu valdið því eftirlitshlutverki, sem þeim er falið. Eftirtektarverð er sú yfirlýsing eins af bankastjórum Landsbankans, að búast megi við fleiri og stærri tíðindum í fjármálaheimi okkar á næstunni en þeim svikamálum, sem upp hafi verið ljóstrað að undanförnu. Og bankastjórinn bætir því við, að hér væru starfandi skipulögð bófafélög. Það er engan veginn út í hött að draga þá ályktun af ummælum bankastjórans, að fjárglæframenn og bófafélög séu sterkir keppinautar heiðarlegra einstaklinga og félaga í þessu þjóðfélagi. Lýsing bankastjórans kemur því miður vel heim við það almenna álit, að fjármálalíf þjóðarinnar sé rotið og spillt. Það er eitt af grundvallaratriðum lýðræðisþjóðfélags, að menn geti treyst því að njóta réttlætis af stjórnarvöldunum, jafnt hjá löggjafarvaldi, framkvæmdavaldi og dómsvaldi.

Því miður verður það ekki sagt, að þetta traust sé fyrir hendi í þjóðfélaginu í dag. Þvert á móti hefur það orðið almennara á síðari tímum, að tortryggni gæti um, að lögum og reglum sé ekki réttlátlega beitt. Það er fyrir alllöngu orðin almenn skoðun manna hér á landi, að ef hinn almenni borgari vilji reyna að tryggja sér framgang sinna mála, verði hann með einhverjum hætti að njóta stuðnings sterks aðila í þjóðfélaginu.

Höfuðmarkmið með stofnun lögsögumannsembættis er að skapa traust almennings á stjórn þjóðfélagsins og eyða tortryggni. Þetta skal gert með eftirliti, ýmist að frumkvæði lögsögumannsins sjálfs eða eftir ábendingum og umkvörtunum annarra. Með skyldu lögsögumanns til þess að gefa þinginu skýrslu um störf sín á að vera tryggt, að starf hans sé unnið fyrir opnum tjöldum, en einmitt það er skilyrði þess, að stofnun slíks embættis nái tilgangi sínum.

Eins og fram kemur í grg. þáltill., hafa Svíar lengsta reynslu af starfi síns lögsögumanns. Slíkt embætti var stofnað þar í landi þegar ár-

ið 1809. Stofnanir, er gegna svipuðu hlutverki, eru starfandi í Danmörku, Finnlandi og Noregi. Nýjasta löggjöfin um þessi efni er sú norska, sem er frá 22. júní 1962. Höfuðmarkmiðið með þessu embætti er hvarvetna hið sama, að gæta hagsmuna almennings gagnvart opinberum aðilum. Sænski lögsögumaðurinn hefur á ýmsan hátt frábrugðið starfssvið starfsbræðrum sínum annars staðar. Hann hefur talsvert meiri völd en þeir. Í reynd mun þó vera svo, að eigi sé ýkjamikill munur á störfum sænska lögsögumannsins og því hlutverki, sem norska lögsögumanninum er ætlað að gegna, en að sjálfsögðu er mjög lítil reynsla komin á störf þess síðar nefnda. Sænski lögsögumaðurinn grípur sárasjaldan til þess valds, sem honum er ætlað umfram hina. Sænski lögsögumaðurinn hefur fullt ákæruvald og hefur því rétt til að höfða mál á hendur þeim, sem misbeitt hafa valdi sínu. Norski lögsögumaðurinn hefur hins vegar ekki rétt til að höfða mál eða fyrirskipa réttarrannsókn, en honum er heimilt og skylt að gefa bendingar um réttarrannsókn eða málshöfðun, ef þurfa þykir. Þegar norsku lögin voru sett, var það túlkun formælenda þeirra, að embætti lögsögumanns skyldi fylgja slík virðing, að enginn aðili teldi sér fært að skorast undan tilmælum hans um leiðréttingar á misferlum. Lögsögumenn Norðurlanda eiga sjálfir að fylgjast með framkvæmdum öllum, er snerta mál borgaranna. Auk þess getur sérhver, sem telur sig eða einhvern annan órétti beittan, kvartað til lögsögumanna þar í landi. Sænski lögsögumaðurinn er skyldur að svara sérhverju bréfi, er honum berst, en slíkt hið sama gildir ekki annars staðar. Sænski lögsögumaðurinn skal árlega ferðast um landið og heimsækja dómstóla, fangahús, geðveikrahæli, ofdrykkjumannahæli og aðrar stofnanir, er fjalla um frelsisskerðingu manna eða annast hana. Lögsögumönnum Norðurlandanna er gert skylt að senda þjóðþinginu árlega skýrslu um störf sín, þar sem m. a. er gerð grein fyrir ástandinu í réttarfarsmálum. Enn fremur ber þeim að gera till. um breytingar á lögum og reglugerðum, ef þeim þykir ástæða vera til þess.

Hvarvetna á Norðurlöndum eru lögsögumennirnir kjörnir af þjóðþinginu. Það er mín skoðun, að hér á landi þurfi að fara aðrar leiðir í þessu efni en að einfaldur meiri hl. Alþ. kjósi lögsögumanninn. Mætti auðvitað benda á ýmsar aðrar leiðir, en ég skal ekki að þessu sinni fara nánar út í það atriði. Lögsögumönnunum er hvarvetna fengið víðtækt vald til þess að rannsaka mál, og hafa þeir aðgang að öllu í því efni, ef þeir telja sig við þurfa. Það er skoðun mín, að hér á landi sé brýn þörf á breytingum, er stuðli að aukinni tiltrú almennings til framkvæmdavaldsins og dómsvaldsins. Það verður að vera unnt að sannfæra menn um það með rökum, að tortryggni í garð þessara aðila sé ástæðulaus. En slík tortryggni hefur óneitanlega farið ört vaxandi í seinni tíð, að því er virðist ekki alltaf af ástæðulausu.

Höfuðtilgangur með stofnun embættis lögsögumanns á að vera að auka möguleika þess, að lög og reglur þjóðfélagsins gangi réttlátlega yfir alla og að menn þurfi ekki að leita réttar síns eftir annarlegum leiðum. Til þess að stofnun embættis lögsögumanns nái tilgangi sínum, verður að tryggja, að það verði óháð framkvæmdavaldinu, dómsvaldinu og stjórnmálabaráttunni í landinu. Það er því mikil nauðsyn, að víðtæk samstaða náist á hv. Alþ. um undirbúning slíks máls sem þessa. Í þáltill. er lagt til, að fulltrúum allra þingflokka og fulltrúum frá hæstarétti verði falinn undirbúningur löggjafar um embætti lögsögumanns.

Ég leyfi mér að lokum að leggja til, að till. verði að lokinni þessari umr. vísað til síðari umr. og hv. allshn.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það mál, sem sem hv. 5. þm. Reykv. hreyfir hér, er mjög merkilegt og eftirtektarvert mál. Hann hefur rakið hér nokkuð þá löggjöf Norðurlanda, sem um þetta fjallar, og sú löggjöf er raunverulega tákn um, hvernig menn finna meira og meira til þess, að það er orðin brýn nauðsyn að gera sérstakar ráðstafanir til þess að vernda sjálft þjóðfélagið gegn ríkisvaldinu. Það er raunverulega það, sem felst í þessum aðgerðum, sem þarna hafa verið gerðar. Sú tvískipting, sem búin er að vera um allmargar aldir í mannfélaginu og milli þess eiginlega samfélags, mannanna, annars vegar og þess ríkisvalds, sem myndað var ofan frá, hins vegar, hún er að verða miklu harðvítugri en nokkurn tíma fyrr á okkar tímum og um leið miklu hættulegri. Og þessi merkilegu fyrirbrigði, sem frændþjóðir okkar á Norðurlöndum hafa tekið upp, eru tilraunir einmitt til þess að hamla upp á móti ríkisvaldinu og þess ofurvaldi gagnvart almenningi, gagnvart hinu raunverulega samfélagi mannanna sjálfra, og frá mínu sjónarmiði vonandi forboði þess, sem einhvern tíma mun koma, að ríkisvaldið sjálft verði afnumið. Það, að skapa slíkan fulltrúa fyrir almenning, koma upp í kringum hann því áhrifavaldi, sem hann á að hafa, án þess að geta stuðzt við dómsvald, framkvæmdavald eða slíkt, það er alveg sérstaklega mikið átak og nauðsynlegt átak. Og það er ekki sízt nauðsynlegt hér í okkar landi, þar sem ríkisvaldið af ástæðum, sem við öll þekkjum, er ákaflega sterkt í þessum efnum vegna þess, hvað ríkisvaldið fléttast inn í öll efnahagsmálin og stjórnin á þjóðfélaginu hjá okkur er fyrst og fremst eins og stendur stjórn á efnahagsmálunum. Þar að auki hefur í svona litlu þjóðfélagi eins og okkar flokkaskipulagið og flokkavaldið þróazt þannig, að meira og meira hafa raunverulega flokkarnir orðið eins konar vátryggingarfélög einstaklinganna gagnvart ríkisvaldinu, eins konar samtök þeirra til þess að reyna að ná sínum rétti. Þeir hafa verið svo að segja samtök oftast gagnvart ríkisvaldinu eða til að beita ríkisvaldinu, til þess að reyna að ná sínum rétti og til þess að tryggja sig. Og það er öllum, sem þekkja verulega íslenzka pólitík, alveg ljóst, hvernig þetta er og hvernig þetta er miklu ríkara hér hjá okkur en það er t. d. á Norðurlöndum. Ég held það sé auðveldara í þessum málum að ná rétti sínum á Norðurlöndum en hérna. Og við vitum ósköp vel, sem þekkjum sæmilega stjórnmálasögu, að það mundi varla koma fyrir nú t. d., að harðvítugir

pólitískir andstæðingar ynnu mál gegn ríkisstjórn fyrir hæstarétti, eins og kom fyrir, meðan hæstiréttur var danskur, bara vegna þess, að hæstiréttur er nú sem stendur meira tæki í höndum valdhafanna en var, meðan við áttum undir danskan hæstarétt að sækja. Vegna smæðarinnar hér heima er réttaröryggið minna en það var, og það hefur hæstiréttur bezt sýnt í sínum afskiptum af réttarmálum á Íslandi að undanförnu, þannig að réttaröryggið í landinu hefur liðið við það, að hæstiréttur var fluttur inn í landið.

Ég nefni þetta bara sem dæmi um, hvað nauðsynlegt er, ef væri hægt að koma upp einhverri stofnun, þar sem almenningur gæti álitið sig eiga einhverja stoð gagnvart ríkisvaldinu, því að það hefur sjaldan verið eins og hérna hjá okkur, að dómarnir, dómararnir og allt slíkt væru önnur eins tæki í höndum yfirstéttarinnar og hér er. Þess vegna vil ég mjög taka undir tilganginn með þessari þáltill. Það er virkilega orð í tíma talað, að við athugum okkar gang í þessum efnum.

En það er eitt, sem ég er algerlega á móti í þessum efnum, og það er nafnið, sem hv. 5. þm. Reykv., hv. flm., vill gefa þessum manni. Við vitum allir, að heitið lögsögumaður var tignarheiti á æðsta manni okkar lýðveldis, okkar þjóðveldis. A. m. k. í upphafi, á meðan hans áhrif, — og þau byggðust ekki á valdi, — meðan hans áhrif voru sterk, fyrstu tvær aldirnar af okkar þjóðveldi, átti þjóðveldið það sameiginlegt með öllum slíkum frjálsum bændasamfélögum og gömlum ættasamfélögum, að hann var æðsti maður frjáls samfélags, sem raunverulega þekkti ekki ríkisvaldið. Hann var fulltrúi almennings, fulltrúi fólks, sem enn þá hafði ekki af ríkisvaldinu að segja, og ríkisvaldið var ekki til eða var svo rétt í byrjun að skapast, að allt þess kúgunareðli gat ekki enn komið í ljós. Þetta tignarheiti lögsögumanns er þess vegna heiti, sem við eigum að varðveita í okkar sögu eins og það var og ekki eiga á hættu að láta það að neinu leyti verða rýrt í meðferð í nútíma þjóðfélagi, — þjóðfélagi, þar sem stéttaskiptingin er enn þá og þar sem frelsi þess vegna er ekki raunverulega til í þeirri merkingu, sem það var þá. Þess vegna held ég, að við megum varast að taka upp svona heiti. Það er álíka og þegar Lækjarbotnar voru skírðir Lögberg. Það megum við ekki gera. Hitt er rétt, að það getur verið nokkur vandi að finna heiti fyrir svona menn, þar sem þeir eru hugsaðir að vera umboðsmenn almennings gagnvart ríkisvaldinu og gegn ríkisvaldinu, ef um það er að ræða. Ég efast þó ekki um, að við munum finna, strax og samkomulag yrði um að koma þessari stofnun upp, heppileg nöfn á það, en ég vildi biðja um það umfram allt, að við tækjum ekki að hagnýta þessi gömlu tignarheiti, þau eiga að vera okkur of heilög til þess.

Hins vegar held ég eftir minni þekkingu á flokkavaldinu hér á Íslandi og meiri eða minni innlimun þess í ríkisvaldið á víxl, að verði óskaplega erfitt að finna einn mann, sem hægt sé að treysta í þessu sambandi. Það verður óskaplega erfitt. Það er alveg rétt, sem hv. flm. sagði, það er alveg óhugsandi að ætla t. d. að kjósa svona mann bara af meiri hl. Alþ. Það væri í mótsetningu við tilgang þessa embættis. Það lægi nær að kjósa hann í hvert skipti af minni hl. Alþ., ef maður vildi innleiða eitthvað slíkt. En það væri máske hugsanlegt að hafa í þessu starfi, — því að það er ég ákaflega hræddur um, að það verði ekki aðrir menn, sem fá miklu meira að gera en þessi maður, sem í þetta væri settur, — það væri spurning, hvort hugsanlegt væri að setja 2—3 jafnréttháa menn í þetta starf með mjög mikið vald, þannig að það væri alltaf tryggt, að það væri hægt að snúa sér til þessara manna, jafnvel þótt einhver þeirra eða jafnvel meiri hl. þeirra lægi undir þeim hugsanlega grun, að hann léti eitthvað undan fyrir stjórnarvöldum út af því, hvað flokksvaldið er sterkt á Íslandi, að það væri þá a. m. k. alltaf einhver þeirra, sem hægt væri að snúa sér til og væri reiðubúinn að beita því mikla valdi, sem svona maður yrði að hafa. Ég álít, að þetta eigi sú nefnd, sem þetta fær, að athuga ákaflega vel. Þetta er orð í tíma talað. Það er mjög heppilegt, að þetta komi fram. Ég hef ofur lítið kynnt mér einmitt þá löggjöf, sem hefur verið á Norðurlöndum um þetta, og fagna því mjög, að till. skuli koma fram, og vil taka undir það, að sú nefnd, sem þetta fær til meðferðar, athugi þetta fljótt og vel, og það þarf ekki að ákveða neitt heitið á þessu. Það er nóg, að við séum sammála um, hvert innihaldið í þessari stofnun eigi að vera.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 53. fundi í Sþ., 12. marz, var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 46 shlj. atkv. og til allshn. með 46 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

46. Ráðstafanir gegn tóbaksreykingum.

Á deildafundum 9. marz var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um ráðstafanir gegn tóbaksreykingum [186. mál] (A. 356).

Á 68. fundi í Sþ., 22. apríl, var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 70. fundi í Sþ., 29. apríl, var till. aftur tekin til fyrri umr.

Flm. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Ég flyt á þskj. 356 svo hljóðandi þáltill.:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að beita sér fyrir öflugri fræðslustarfsemi um skaðsemi tóbaksreykinga. Leitað skal til samtaka lækna og kennara um samstarf, svo og til góðra fyrir-

lesara. Ráðstafanir skulu gerðar til þess, að sem flestir skólar í landinu séu heimsóttir og í þeim fluttir fræðandi fyrirlestrar og kvikmyndir sýndar til aðvörunar við hættum þeim, sem tóbaksreykingum eru samfara. Heimilt er að verja úr ríkissjóði allt að 2 millj. kr. á yfirstandandi ári til framkvæmda samkv. till. þessari.“

Fyrir 1½ ári flutti ég till. hér á Alþingi um, að ríkisstj. yrði heimilað að verja úr ríkissjóði 1 millj. kr. til baráttu gegn tóbaksreykingum æskufólks. Till. þessa flutti ég í beinu framhaldi af upplýsingum, sem þá lágu fyrir frá samtökum brezkra lækna um, að augljóst samband væri á milli sígarettureykinga og krabbameins í lungum. Þá var kunnugt um, að í mörgum löndum var þegar tekin upp öflug barátta gegn sígarettureykingum og í ýmsum tilfellum undir beinni forustu opinberra aðila. Till. mín var því miður felld hér á Alþingi. En rétt upp úr síðustu áramótum bárust enn mjög athyglisverðar upplýsingar um niðurstöður lækna í Bandaríkjunum um þessi mál. Skoðanir þeirra staðfestu fullkomlega það, sem áður var fram komið um skaðsemi tóbaksreykinga og þá fyrst og fremst sígarettureykinga og um beint samband, sem virðist vera milli mikilla sígarettureykinga og krabbameins í lungum. Áhrif hinna bandarísku upplýsinga urðu þau, að sígarettureykingar minnkuðu stórkostlega fyrstu mánuðina, eftir að skoðanir læknanna voru gerðar kunnar. Þannig sýndu skýrslur úr flestum ríkjum Bandaríkjanna, að sala á sígarettum minnkaði þar um 20—25% fyrstu tvo mánuðina, eftir að læknaskýrslan þar kom fram. Og hér á landi hefur einnig dregið talsvert úr sölu á sígarettum, a. m. k. í bili. Það er því augljóst, að býsna margir veita upplýsingum læknavísindanna í þessum málum nokkurn gaum og vilja gjarnan taka nokkurt tillit til þeirra. En það er í þessum málum eins og öðrum, að það eru traustar og vandaðar upplýsingar, haldgóð fræðsla og skilningur á vandamálinu, sem mestu ráða um það, hver viðbrögð almennings verða. Sterkur áróður um hið sanna í málinu getur haft úrslitaáhrif. Það er skoðun mín, að í baráttunni gegn sígarettureykingum eigi að leggja höfuðáherzluna á það að koma í veg fyrir, að uppvaxandi æskufólk venji sig á sígarettunotkun.

Sennilega verður erfitt að venja það fólk af sígarettureykingum, sem vanið hefur sig á þá nautn um langan tíma og nú er orðið fullorðið. Þó er ekki ólíklegt, að einhverjir mundu hætta og aðrir draga nokkuð úr reykingum, ef á þá væri knúið á réttan hátt í þessum efnum. En unga fólkið, sem enn hefur ekki byrjað á reykingum, ætti sannarlega ekki að byrja á þeim eftir þær upplýsingar, sem nú liggja fyrir um skaðsemi reykinga. Og það verður að vera verk hinna fullorðnu að reyna að koma í veg fyrir reykingar unga fólksins. Við Íslendingar megum ekki dragast aftur úr öðrum þjóðum í baráttunni gegn þessari hættu. Við þurfum að átta okkur á, að aðrar þjóðir hafa flestar hafið skipulega og öfluga baráttu gegn sígarettureykingum, einkum meðal unga fólksins. Það er skoðun mín, að erfitt verði að ná nokkrum verulegum árangri í baráttunni gegn reykingum, án þess að veruleg aðstoð ríkisvaldsins komi til og þar með allveruleg bein fjárhagsaðstoð. Þessi till. mín miðar að því að hafa áhrif á það.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa hér langt mál um þessa till. Nú eru margir mánuðir liðnir, síðan ég lagði till. hér fram, og komið er að seinustu dögum þingsins sennilega, en úrskurðaðar hafa verið tvær umr. um till. Hún þarf því að ganga til n. Ég skal því stytta mál mitt, enda vænti ég, að flestir alþm. hafi áttað sig á alvöru þess máls, sem hér um ræðir, og hafi áttað sig á því, að það er kominn tími til þess, að við förum að vinna alvarlega að því að hafa áhrif á gang þessara mála.

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að óska eftir því, að till. gangi til fjvn. að lokinni þessari umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Í till. þessari er hreyft mjög mikilsverðu máli, og þar sem fyrsta setning till. hljóðar þannig, að gert er ráð fyrir, að Alþingi álykti að skora á ríkisstj. að beita sér fyrir öflugri fræðslustarfsemi um skaðsemi tóbaksreykinga, þykir mér rétt að skýra í örfáum orðum frá því, sem menntmrn. hefur þegar aðhafzt í sambandi við þetta mál og í beinu framhaldi af hinni margumræddu og mjög athyglisverðu skýrslu bandarísku læknanefndarinnar um skaðsemi tóbaksreykinga.

Hinn 28. jan. s. l. boðaði ég alla skólastjóra gagnfræðastigsskóla, framhaldsskóla og sérskóla, sem undir menntmrn. heyra, til fundar til að ræða það mál, hvað unnt væri að gera til að stemma stigu við sígarettureykingum skólafólks. Fundurinn var mjög vel sóttur af hálfu skólastjóranna, og sýndu þeir mikinn áhuga á því vandamáli, sem um er að ræða. Þar sem skoðun ýmissa skólastjóranna var á þá lund, að sjoppurnar svonefndu ættu nokkurn þátt í því að freista unglinga til reykinga, hélt ég nokkru síðar, eða 3. febr., fund með borgarstjóranum í Reykjavík, lögreglustjóranum í Reykjavík, borgarlækni, fræðslumálastjóra og fræðslufulltrúa Reykjavíkurbæjar og skólayfirlækni, Benedikt Tómassyni, til þess að ræða, hvað unnt væri að gera til að stemma stigu við því, að unglingar sæktu svonefndar sjoppur, og stuðla að því, að vist unglinganna þar yrði þeim ekki til skaðsemdar, og var það mál rætt ýtarlega á þeim fundi. 4. febr. varð það svo að ráði í samráði við skólastjóra gagnfræðaskólanna og framhaldsskólanna, að ég hélt fund með fulltrúum nemendasamtakanna í öllum framhaldsskólum í Reykjavík og nágrenni, og sóttu þann fund um 30 skólanemendur, sem til þess höfðu verið kjörnir af sínum skólafélögum í samráði við hlutaðeigandi skólastjóra, og fóru fram á þeim fundi mjög ýtarlegar og gagnlegar umr. við nemendurna sjálfa um þetta mál. Leitaði ég þar sérstaklega eftir því, að samtök nemendanna gerðust virk í þessu máli, í baráttunni gegn tóbaksreykingum. Ég hélt síðan annan fund 18. febr. með skólastjórunum, þar sem ég skýrði þeim frá þeim viðræðum, sem átt höfðu sér stað við borgaryfirvöld Reykjavíkur og við nemendurna, og fóru á þeim fundi fram einnig mjög ýtarlegar umr. um málið fram og til baka.

Niðurstaða af þessum fundarhöldum má segja

að sé sú, að þegar hefur verið tekin ákvörðun um að efla mjög fræðslustarf um tóbaksreykingar og skaðsemi þeirra í skólum ríkisins. Skólayfirlæknir hefur gert útdrátt úr skýrslu bandarísku vísindamannanna um skaðsemi tóbaksreykinga, og hefur skólastjórum og kennurum verið send þessi skýrsla skólayfirlæknisins. Skólastjórarnir tókust það verkefni á hendur að sjá svo um, hver í sínum skóla, að öflugri og skynsamlegri fræðslu í þessu efni yrði haldið uppi, og af hálfu fræðslumálastjórnarinnar hafa verið gerðar ráðstafanir til að afla sérstakra fræðslumynda erlendis frá um skaðsemi tóbaksreykinga, og munu þær verða sendar í skóla ríkisins til stuðnings þessu fræðslustarfi.

Ég taldi rétt að láta þessar upplýsingar koma fram til að undirstrika, að ég tel hér vera um mjög mikið vandamál að ræða, sem þegar hefur verið reynt að snúast nokkuð við, en ég skal fúslega játa, að betur má, ef duga skal, og það get ég sagt, að menntmrn. og fræðslumálastjórnin eru öll af vilja gerð, til þess að fræðslustarfsemi um skaðsemi tóbaksreykinga verði sem öflugust og skynsamlegust í skólum ríkisins.

Flm. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. menntmrh. fyrir undirtektir hans í sambandi við þennan tillöguflutning og fyrir það, sem hann þegar hefur gert til þess að hafa áhrif til upplýsinga meðal æskufólks í landinu varðandi hætturnar af tóbaksreykingum. Mér sýnist, að hæstv. menntmrh. hafi þegar gert all-þýðingarmikla hluti í þessum efnum, sem stefna í rétta átt. En það er áreiðanlegt, að það er svo, eins og hann sagði, að það þarf þó að gera enn þá miklu meira en þegar hefur verið gert. Ég held, að það þurfi að senda menn, sem ferðast á milli skólanna í landinu, menn, sem eru vel fróðir um þessi efni og vel til þess fallnir að halda uppi upplýsingum og fróðleik um þessi atriði, og ég efast ekkert um, að það verður að leggja í talsverðan kostnað til þess að fá t. d. kvikmyndir, sem mættu veita auknar upplýsingar í þessum efnum, og það er mjög sennilegt, að það þurfi einnig að leggja í nokkurn kostnað til að fá góða fyrirlesara til að flytja fyrirlestra í útvarp varðandi þessi mál. Ég held því, að það sé nauðsynlegt að samþykkja till. svipaða þeirri, sem hér er flutt, og útvega nokkra fjárveitingu til þessarar starfsemi, vegna þess að ég held, að þó að áhugamennska nokkurra manna sé út af fyrir sig góðra gjalda verð, nái hún of skammt, hér þurfi á svo stóru átaki að halda, að það ætti að koma til bein samþykkt á Alþingi og nokkur bein fjárveiting, til þess að hægt sé að gera sér vonir um það, að nokkur teljandi árangur geti fengizt. En sem sagt, ég þakka fyrir þann áhuga, sem fram hefur komið hjá hæstv. menntmrh. í þessum efnum, og vil vænta þess, að hann reyni að hafa áhrif á það, að áfram verði haldið eins og mögulegt er, til þess að hafa góð áhrif í þessum efnum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 71. fundi í Sþ., 30. apríl, var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og til fjvn. með 35 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

47. Tekjustofnar sveitarfélaga.

Á deildafundum 16. marz var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um endurskoðun laga um tekjustofna sveitarfélaga [189. mál] (A. 380).

Á 68. fundi í Sþ., 22. apríl, var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 70. fundi í Sþ., 29. apríl, var till. aftur tekin til fyrri umr.

Jón Skaftason: Herra forseti. Á þskj. 380 hef ég leyft mér ásamt 3 þm. Framsfl. að flytja svo hljóðandi till. til þál.:

„Alþingi ályktar að kjósa 7 manna nefnd til þess að endurskoða lög um tekjustofna sveitarfélaga í því skyni að finna nýja tekjustofna, er geri kleift að fella niður eða lækka verulega útsvar af framfærslutekjum manna. N. taki einnig til athugunar önnur atriði laganna, eftir því sem ástæða þykir til."

Í fjarveru 1. flm. langar mig til þess að fylgja till. þessari úr hlaði með örfáum orðum, auk þess sem ég um rökstuðning fyrir tillöguflutningi þessum vísa til grg.

Á undanförnum árum hefur sú þróun vaxið í æ ríkara mæli, að sveitarfélögin hafa neyðzt til að leggja útsvör á nauðþurftatekjur gjaldenda til þess að geta haldið uppi starfsemi og framkvæmdum í sveitarfélögunum, sem nauðsynlegar eru taldar. Nú á seinustu árum, eftir því sem dýrtíðin hefur vaxið og framfærslukostnaður aukizt, hefur þetta ástand, að sveitarfélögin neyðist til þess að leggja á framfærslutekjur manna útsvör, orðið æ illbærilegra, og nú er svo komið, að það er almennt viðurkennt, að á þessu þurfi að verða einhver breyting.

Á árinu 1961, að mig minnir, var tekið upp það nýmæli í lög, að sveitarfélögin fengu um 1/5 hluta af álögðum söluskatti í sinn hlut. Þessum nýja tekjustofni sveitarfélaganna var mjög fagnað á þeim tíma. En síðan þetta var gert, hefur mikið vatn runnið til sjávar, og með margs konar löggjöf hér frá Alþingi hafa lögboðin útgjöld sveitarfélaganna verið stórlega aukin. Þarf ég ekki í því sambandi að minna á annað en þá nýju löggjöf, sem sett hefur verið hér um almannatryggingar, sem lagt hafa sveitarfélögunum stórkostlegar útgjaldabyrðar á herðar. Það er ekkert vafamál, þó að ég hafi ekki tiltækar nú í augnablikinu tölur til þess að sanna þetta, að lögboðin útgjöld stærri sveitarfélaganna síðan 1961 hafa vaxið miklum mun meira en sá hluti, sem þau hafa fengið í gegnum ⅛ hluta af jöfnunarsjóðsgjaldinu. Ég tel því, að nú sé svo komið, að það sé algerlega óhjákvæmi-

legt, að Alþingi taki til athugunar löggjöfina um tekjustofna sveitarfélaganna, fyrst og fremst í tvennum tilgangi. Í fyrra lagi til þess að afla sveitarfélögunum nýrra tekjustofna umfram þá, sem þau nú þegar hafa, og e. t. v. ekki síður í þeim tilgangi að gera sveitarfélögunum þannig mögulegt að hætta að leggja útsvör á nauðþurftatekjur almennings. Út á það gengur þessi till. Hún gerir ráð fyrir að kjósa nefnd til þess að endurskoða tekjustofnalöggjöf sveitarfélaganna í þessum tilgangi.

Eftir að þáltill. okkar fjórmenninga var lögð fram, hefur verið lagt fram stjórnarfrv. nokkru síðar um breyt. á l. nr. 69 frá 28. apríl 1962, um tekjustofna sveitarfélaga. Mér til mikillar undrunar er í því frv. hvergi vikið að þessu mikla vandamáli. Þar er hvergi reynt að finna sveitarfélögunum, sem nú eru í sárri þörf, nokkra nýja tekjustofna, en hins vegar gengur frv. dálitið í þá áttina að lækka útsvör á almenningi af lægri tekjum með því að hækka nokkuð persónufrádráttinn frá því, sem áður var. En það er þó auðséð, að sú lækkun verður í framkvæmdinni ekki mikil, af þeirri einföldu ástæðu einni, að sveitarfélögin þurfa eftir sem áður á miklum tekjum að halda og þau geta ekki að óbreyttri löggjöf um tekjustofnana mætt þeirri breytingu, sem á að gera á útsvarslöggjöfinni, á annan hátt en þann að fella að meira eða minna leyti niður þær ívilnanir, sem þau hafa veitt á undanförnum árum og í grg. með frv. ríkisstj. eru taldar hafa numið á milli 15 og 30% í kaupstöðum landsins. Sveitarfélögin geta ekki mætt þessari tekjurýrnun á annan hátt en þann að hætta við að mestu leyti að veita þessar ívilnanir, þannig að um raunverulega lækkun útsvara eftir samþykkt stjórnarfrv. tel ég að ekki verði að ræða. Vandamálið er því enn til staðar. Löggjöfina um tekjustofna sveitarfélaga þarf að endurskoða í þeim tilgangi að afla sveitarfélögunum nýrra tekjustofna, svo að þau geti hætt að leggja á nauðþurftatekjur almennings.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 71. fundi í Sþ., 30. apríl, var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og til fjvn. með 38 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

48. Bindindisfélög unglinga.

Á 54. fundi í Sþ., 18. marz, var útbýtt:

Till. til þál. um stuðning við bindindisfélög unglinga [194. mál] (A. 389).

Á 56. fundi í Sþ., 20. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 68. og 70. fundi í Sþ., 22. og 29. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 73. fundi í Sþ., 6. maí, var till. enn tekin til einnar umr.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Till. sú, sem hér liggur fyrir, er flutt af hv. 1. þm. Vestf., Halldóri Kristjánssyni, og mér, en Halldór Kristjánsson sat hér um skeið á þingi sem varamaður og hefur nú vikið af þinginu, svo að ég mun þess vegna gera í fáum orðum grein fyrir þessu máli. Till. er svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að undirbúa og leggja fyrir næsta þing frv. til l., sem veiti félagssamtökum unglinga, sem hafa bindindi um nautn áfengis og tóbaks, rétt til að ráða sér leiðtoga á opinberan kostnað."

Það er öllum hv. þm. kunnugt, hvað áfengismálin eru orðin viðtækt og mikið vandamál með þjóðinni. Það hefur verið rætt nokkuð á þessu þingi og allmargar till. í því sambandi komið hér fram. Ég sé því ekki ástæðu til að ræða þetta vandamál almennt í sambandi við þá þáltill., sem hér liggur fyrir. Þetta vandamál verður áreiðanlega ekki leyst með einu úrræði út af fyrir sig. Ég hygg, að það hljóti að þurfa að koma til ýmsar aðferðir, sem geti unnið að því að efla bindindi í landinu og draga úr því böli, sem áfengið veldur með þjóðinni. Og þar er áreiðanlega eitt áhrifaríkasta ráðið að stemma stigu við áfengisnautn ungmenna. Reynsla annarra þjóða, sem eiga við sama vandamál að stríða, bendir til þess. Þar sem útbreiðsluhættir og venjur tóbaksnautnar og drykkjuskapur barna og unglinga hafa verið rannsökuð, svo sem í Noregi og Svíþjóð, virðist það leiða í ljós, að félagshópurinn ræður mjög miklu. Í sumum bekkjum skóla eru reykingar t. d. næstum óþekktar eða alveg óþekktar, þó að aðrir bekkir séu undirlagðir þessari venju. Hið sama hefur komið í ljós hér á landi.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, hvað félög ungmenna, sem hafa viljað stuðla að bindindi meðal æskufólks, hafa komizt langt á þeirri braut að halda fullkominni reglu innan félagssamtakanna. Það virðist því augljóst, að þróttmikið og heilbrigt félagslíf meðal unglinga geti valdið miklu um að vernda vaxandi kynslóð frá þeirri spillingu, sem hér er um að ræða. Nú er svo háttað, að hér á landi eru tvenn viðtæk félagasamtök æskumanna, sem hafa í lögum sínum persónulegt bindindi félagsmanna á tóbak og áfengi. Þetta eru Samband bindindisfélaga í skólum og æskulýðsfélög góðtemplarareglunnar, og nú er unnið að því að koma á samstarfi með þessum félagsheildum, og að mínum dómi má vænta mikils góðs af því. Þeim mun viðtækara sem samstarfið er að þessu leyti, þeim mun meiri árangurs má vænta.

Till. sú, sem hér er flutt, miðar að því, að félagssamtök, sem að þessu starfa, geti ráðið sér menn, sem þurfi ekki öðru að sinna en störfum fyrir þau, og að þeim verði goldið kaup af opinberu fé, enda er áfengissalan sú tekjulind fyrir ríkissjóð, að það ætti ekki að þurfa að sjá eftir þeim tiltölulega takmörkuðu fjármunum, sem til þessa færu, ef það gæti orðið til þess að

draga úr áfengisnautn ungmenna og skapa skilning þeirra á reglusemi og bindindi. En einn maður, sem gegndi slíku starfi af áhuga og skyldurækni og helgaði sig þessu starfi, mundi geta haft mjög mikil og holl áhrif að þessu leyti. Hann yrði með unglingunum á fundum þeirra og skemmtunum og í ferðalögum með þeim. Og hann mundi vera í ráðum með þeim að velja sér verkefni og laða krafta þeirra til þroskandi starfa. Þetta yrði að dómi okkar flm. mjög góður þáttur í heilbrigðu þjóðaruppeldi.

Ég hef orðið þess var, að þessi till. hefur vakið nokkra athygli, síðan hún var lögð fram hér á hv. Alþingi. T. d. hafa verið lagðar inn á lestrarsal þingsins einar fjórar áskoranir frá einum fjórum aðilum um það, að þessi till. verði afgreidd jákvætt nú þegar á þessu þingi. Einn þessara aðila er Stórstúka Íslands, sem sendir bréf, dags. 13. apríl 1964, og þar er greint frá ályktun framkvæmdanefndar Stórstúku Íslands og er ályktunin svo hljóðandi:

„Framkvæmdanefnd Stórstúkunnar telur, að þáltill. um stuðning við bindindisfélög unglinga, sem Halldór Kristjánsson og Páll Þorsteinsson hafa lagt fram á Alþingi, mundi verða bindindisstarfseminni til mikils gagns, ef samþykkt yrði, og mælir eindregið með samþykkt hennar."

Önnur umsögn er frá fundi sambandsstjórnar íslenzkra ungtemplara, en þar var gerð ályktun, sem send er með bréfi 4. apríl 1964, og er sú ályktun þannig:

„Sambandsstjórn íslenzkra ungtemplara fagnar fram kominni till. til þál. um stuðning við bindindisfélög unglinga, sem Halldór Kristjánsson og Páll Þorsteinsson hafa flutt á Alþingi, og skorar stjórn samtakanna eindregið á Alþingi að samþykkja till."

Þriðja umsögnin er frá aðalfundi Þingstúku Reykjavíkur, sem haldinn var 21. marz 1964, og er þar lýst ánægju yfir fram kominni till. til þál. um stuðning við bindindisfélög unglinga, og skorar fundurinn á Alþingi að samþ. till.

Og í fjórða lagi hefur borizt umsögn frá framkvæmdanefnd Umdæmisstúkunnar nr. 1, en hún gerði ályktun um málið fimmtudaginn 2. apríl 1964 og leggur eindregið til, að Alþingi samþykki þá þáltill., sem hér um ræðir.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta mál, en vænti góðs skilnings hv. þm. á þessari till. og legg til, að umr. verði frestað og málinu vísað til allshn. Ég veit að vísu, að það er orðinn stuttur tími eftir til starfa á þinginu og n. mun ekki geta varið miklum tíma til að athuga þetta mál, en ég vil láta það koma fram, að hv. allshn. hefur sýnt það, að hún hefur tekið röggsamlega á þeim málum nú á þessu þingi, sem til hennar hefur verið vísað, og vænti ég þess, að hún afgreiði þetta mál á þeim dögum, sem eftir eru af þinginu, svo að það geti fengið hér lokaafgreiðslu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 74. fundi í Sþ., 8. maí, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 37 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

49. Markaðsrannsóknir í þágu útflutningsatvinnuveganna.

Á deildafundum 2. apríl var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um markaðsrannsóknir og sölustarfsemi í þágu útflutningsatvinnuveganna [198. mál] (A. 415).

Á 68. og 70. fundi í Sþ., 22. og 29. apríl, var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 73. fundi í Sþ., 6. maí, var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Jón Skaftason): Herra forseti. Á þskj. 415 höfum við 6 þm. Framsfl. flutt till. til þál. um markaðsrannsóknir og sölustarfsemi í þágu útflutningsatvinnuveganna. Till. hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að kjósa 5 manna mþn. til þess að athuga í samráði við fulltrúa atvinnuveganna, á hvern hátt megi efla markaðsrannsóknir og sölustarfsemi í þágu útflutningsatvinnuvega þjóðarinnar, svo og bæta gæðaeftirlit, þannig að sem beztum árangri verði náð með minnstum tilkostnaði, og leggja niðurstöður fyrir næsta reglulegt Alþingi."

Íslendingar eiga mikið undir því, að útflutningsverzlunin sé rekin á sem hagkvæmastan og árangursríkastan hátt. Aukið framleiðslumagn og fjölbreyttari framleiðslutegundir okkar annars vegar og síaukin samkeppni voldugra erlendra verzlunarhringa hins vegar í markaðslöndunum krefst þess, að beitt sé kerfisbundnum aðferðum í markaðsrannsóknum og sölustarfsemi í þágu útflutningsatvinnuveganna. Eins og málum er nú háttað, vantar samræmda upplýsingasöfnun um markaði og atvinnulíf þeirra landa, sem við eigum mest viðskipti við. Sú starfsemi, sem fram fer á vegum utanrrn. í þessum efnum, er hvergi nærri fullnægjandi, enda er íslenzka utanríkisþjónustan ekki byggð upp þannig, að hún geti sinnt þessu verkefni, svo að vel sé, og má þar til nefna, að staðsetning sendiráða er ekki heppileg í þessu tilliti, og þó hitt fyrst og fremst, að sérmenntað fólk í markaðsmálum er ekki starfandi á hennar vegum, eftir því sem ég bezt veit. Á þessu þarf að verða breyting. Hins vegar hafa stærstu útflutningsgreinar fiskiðnaðarins, eins og t. d. Samband ísl. samvinnufélaga, að því er tekur til nokkurra útfluttra landbúnaðarafurða, unnið allgott starf í þessum efnum, þótt sjálfsagt sé að auka það og samræma betur.

Vinnuveitendur, iðnrekendur, útgerðarmenn og kaupsýslumenn, þ. e. a. s. allir þeir aðilar, sem atvinnurekstur hafa með höndum, hvort sem er í ríkis-, samvinnu- eða einkarekstri, verða

að geta aðlagað rekstur fyrirtækja sinna breyttu viðhorfi í atvinnu- og viðskiptaháttum þeirra landa, sem við verzlum við. Til þess að svo geti orðið, er góð markaðsþekking frumskilyrði. Þetta þýðir, að afla þarf m. a. upplýsinga um neyzluvenjur á hverjum stað, verðlag, þýðingarmestu atvinnugreinar viðkomandi landa, sem við eigum að keppa við, tollalöggjöf viðskiptalandanna o. s. frv. Slík almenn upplýsingasöfnun ætti ekki að krefjast kostnaðarsamrar markaðsrannsóknastofnunar, heldur er hægt að inna hana af hendi með söfnun skýrslna um þessi mál, blaðagreina, markaðstilkynninga og með því að standa í stöðugu sambandi við markaðsstofnanir og alþjóðlegar stofnanir, sem láta sig þessi mál einhverju varða. Ég tel ástæðu til að benda á, að enginn einn aðili hér á landi hefur með slíka upplýsingasöfnun að gera, hvorki hið opinbera né einstakir aðilar. Að vísu leitast einstök samtök atvinnuveganna, ráðuneytin, bankar og fleiri aðilar við að afla sér sem beztra gagna á sínu sérsviði, en um skipulagsbundið starf, sem allir geti notið góðs af, er ekki að ræða. Ég álít, að eitt meginskilyrði þess, að vel takist til um framkvæmd markaðsupplýsingaþjónustu, sé, að í það starf veljist áhugasamir hæfileikamenn með næga menntun, menn, sem eigi kost á að fylgjast vel með, hvað gerist erlendis í þessum málum, og einnig, að þeir standi í góðu sambandi við forustumenn samtaka atvinnuveganna og ráðuneyti utanríkisviðskipta. Til þess að markaðsupplýsingaþjónustan geti innt framangreind verkefni af höndum, þarf nokkurt fjármagn. Væri það eitt af verkefnum nefndar þeirrar, sem till. gerir ráð fyrir að kosin verði til að athuga þetta mál, að gera till. um, á hvern hátt þess fjár yrði aflað.

Herra forseti. Ég legg til, að að umr. þessari lokinni verði till. vísað til hv. fjvn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 74. fundi í Sþ., 8. maí, var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 40 shlj. atkv. og til fjvn. með 39 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

50. Verðtrygging sparifjár.

Á deildafundum 7. apríl var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um verðtryggingu sparifjár [203. mál] (A. 433).

Á 59. fundi í Sþ., 8. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 68., 70. og 73. fundi í Sþ., 22. og 29. apríl, 6. maí, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

51. Sjónvarp frá Keflavíkurflugvelli.

Á deildafundum 17. apríl var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um sjónvarp frá Keflavíkurflugvelli [215. mál] (A. 470).

Á 68. fundi í Sþ., 22. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 70. og 73. fundi í Sþ., 29. apríl og 6. maí, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

52. Radarspeglar á suðurströnd landsins.

Á 71. fundi í Sþ., 30. apríl, var útbýtt:

Till. til þál. um uppsetningu radarspegla á suðurströnd landsins [221. mál] (A. 522).

Á 73. fundi í Sþ., 6. maí, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

53. Framtíðarstaðsetning skóla.

Á 76. fundi í Sþ., 11. maí, var útbýtt:

Till. til þál. um framtíðarstaðsetningu skóla og eflingu Akureyrar sem skólabæjar [227. mál] (A. 637).

Till. var aldrei tekin á dagskrá.

---

54. Sjónvarp.

Á 79. fundi í Sþ., 14. maí, var útbýtt:

Till. til þál. um sjónvarp [230. mál] (A. 683).

Till. var aldrei tekin á dagskrá.

Fyrirspurnir.

1. Afurðalán vegna garðávaxta.

Á 3. fundi í Sþ., 16. okt., var útbýtt:

Fsp. til ríkisstj. um framkvæmd þingsályktunar um afurðalán vegna garðávaxta [27. mál] (A. 27).

Á 4. fundi í Sþ., 17. okt., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 34 shlj. atkv.

Á 6. fundi í Sþ., 23. okt., var fsp. tekin til umræðu.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 8. fundi í Sþ., 30. okt., var fsp. aftur tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Um alllangt skeið hafa verið veitt afurðalán út á sauðfjárafurðir, og er það mjög mikilvægt fyrir bændastéttina, að sem bezt fyrirgreiðsla sé veitt að þessu leyti. En einn þáttur landbúnaðarframleiðslunnar er garðávextir. Garðávextir eru ein sú tegund matvæla, sem þjóðina má ekki skorta, og hér á landi eru skilyrði til þess, að framleiðsla þeirra fullnægi þörf þjóðarinnar. En ræktun garðávaxta sem atvinnugrein er að því leyti svipuð framleiðslu sauðfjárafurða, að rekstrarkostnaður, svo sem áburðarkaup, fellur til á fyrri hluta árs, en uppskeran kemur ekki á markað fyrr en á hausti og sala til neytenda fer síðan fram smátt og smátt.

Það hefur lengi verið eitt af áhugamálum bænda, að veitt yrðu afurðalán út á garðávexti alveg hliðstætt því, sem veitt er út á sauðfjárafurðir. Um þetta hafa m. a. verið gerðar samþykktir á aðalfundum Stéttarsambands bænda. Þetta mál hefur einnig átt nokkrum skilningi að mæta hér á hv. Alþ. Það lá fyrir síðasta þingi till. um þetta efni, og var hún afgr. 19. apríl 1963 með svofelldri ályktun:

„Alþ. ályktar að skora á ríkisstj. að hlutast til um, að veitt verði afurðalán út á garðávexti hliðstætt því, sem gert er vegna sauðfjárafurða, enda séu garðávextir komnir í örugga geymslu, þegar afurðalán er veitt."

Út af þessu hef ég leyft mér ásamt hv. 1. þm. Norðurl. e. og hv. 5. þm. Norðurl. e. að bera fram fyrirspurn, svo hljóðandi:

„Hvað líður framkvæmd þingsályktunar um afurðalán vegna garðávaxta?"

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég hef átt viðræður við bankastjóra Seðlabankans um þessa till. og óskað eftir að lán yrðu að þessu sinni veitt út á garðávexti. En þegar rætt er um garðávexti, er naumast um annað að ræða en kartöflur, sem kæmi til greina að lána út á. Því miður er það nú svo, að garðyrkjan hefur brugðizt víða um land að þessu sinni og er með langminnsta móti, og yrði því ekki svo fjárfrekt að lána út á þær kartöflur, sem til falla í þetta sinn. En Seðlabankinn segir, að þetta sé prinsipmál, að ef á því verði byrjað, þá verði haldið áfram. Ég get tekið undir með hv. fyrirspyrjanda og samþykkt það, að það er eins nauðsynlegt að lána út á kartöflur og garðávexti og aðrar landbúnaðarvörur, vegna þess að garðávextir eru ekki framleiddir nema með ærnum tilkostnaði og fyrirhöfn, og þetta er nokkuð áhættusamt, vegna þess að a. m. k. í sumum landshlutum bregzt uppskeran oft. Ég hef ekki fengið endanlegt svar frá Seðlabankanum um það, hvort þetta verði tekið upp í þetta sinn, og það má segja, að kartöflur eru ekki enn þá komnar í hús, sem tilskilið væri að þær væru í, ef þær væru metnar og lánað út á þær, og þá þarf hvort tveggja að ske, það þarf að vera matsvottorð um, að varan sé góð og óskemmd, og hún þarf að vera komin í hús, sem er öruggt að verndi þær fyrir leka og frosti. Og viðskiptabankinn, sem tæki að sér að endurselja afurðavíxilinn, mundi vitanlega ganga úr skugga um það, að öllum skilyrðum væri fullnægt og að veðið væri tryggt. En það verður ekki fyrr en í næsta mánuði, sennilega ekki fyrr en í seinni hluta nóvembermánaðar, sem skýrslur liggja fyllilega fyrir um það, hversu mikið magn getur verið um að ræða.

Það er nú vitað, að mikill hluti uppskerunnar verður ekki talinn vel hæfur vegna gæðamatsins og stór hluti verður ekki látinn í slíkar geymslur, sem eru taldar öruggar. En það verður ekki fyrr en einhvern tíma í næsta mánuði, sem það liggur fyrir, hvað mikið af framleiðslunni er metið sem lánshæf vara og hversu mikið af framleiðslunni verður komið í slík hús, að það verði tekið gilt. Það má þess vegna segja, að það sé enn ekki bagi að því, þó að það liggi ekki fyrir endanlegt svar frá Seðlabankanum um þetta atriði.

Af því að við erum nú að ræða um afurðalán, þá þykir mér rétt að upplýsa það, að afurðalán til landbúnaðarins munu aukast að þessu sinni

verulega frá því, sem verið hefur. Á síðasta ári var hámarkið, sem Seðlabankinn lánaði út á landbúnaðarvörur, 294 millj. kr. Það reyndist vera of lágt til þess að geta haldið fyllilega þeirri prósentu, sem æskilegt þótti að hafa, en af því að þetta var bundið við hámark á sínum tíma, sem þótti fyrir fáum árum mjög mikið, en framleiðsluaukningin varð meiri en reiknað var með og verðlagið hækkaði, þá varð þetta hámark of lítið, eins og ég sagði, og nú hefur þetta hámark verið afnumið og með því að lána 55% að þessu sinni út á landbúnaðarafurðir gæti upphæðin farið upp í 430 millj. í staðinn fyrir 294. Nú hef ég farið fram á það, að prósenttalað yrði hækkuð, en ég hef nú fengið það svar hjá bankastjórunum við Seðlabankann, að það væri kannske dálítið erfitt að gera hvort tveggja, að hækka prósentuna einmitt á þeim tíma, sem lánin hækka svo mikið vegna birgðaaukningar og hækkunar á verði. En það er fullyrt, að lánin verði að þessu sinni ekki minni en 55%, en þó því aðeins að Seðlabankinn fái aukið fé af sparifjármyndun þjóðarinnar til varðveizlu. Seðlabankinn getur ekki lánað fé, nema hann hafi það undir höndum.

Það fé, sem er bundið í Seðlabankanum nú eða var 1. okt. s. l., nam 743.7 millj. kr. Endurkeyptir víxlar voru 30. sept. 1963 til landbúnaðar 289.1 millj., til sjávarútvegs 638.8 millj. Endurkeyptir víxlar voru því samtals 927.9 millj., og það er það mesta, sem endurkeyptir víxlar hafa orðið á þessu ári.

Nú hefur Seðlabankinn veigamikið hlutverk annað en lána út á afurðir landbúnaðar og sjávarútvegs. Það er, ef svo mætti segja, að vernda gjaldeyrisvarasjóðinn, og það er ekki unnt að vernda gjaldeyrisvarasjóðinn nema eiga fjármagn, verðmæti, sem er geymt í Seðlabankanum til tryggingar honum. En gjaldeyrisstaða bankanna var 30. sept. s. l. 1 milljarður 81.1 millj. kr. Gjaldeyrisvarasjóðurinn er nærri 1100 millj. og bundna féð er 743.7 millj., en afurðalánin 917.9 millj., en með þeirri aukningu, sem er á afurðalánum til landbúnaðarins og vonandi aukningu til sjávarútvegsins yrðu afurðalánin á þessu verðlagsári eitthvað á 2. milljarð. Því er það, að það er nauðsynlegt að halda áfram að binda fé í Seðlabankanum til tryggingar gjaldeyrisvarasjóðnum og til þess að unnt sé að auka afurðalánin, og að því er stefnt. Það er að því stefnt, að hægt verði að auka afurðalánin til landbúnaðar og sjávarútvegs, því að það er alveg rétt, sem haldið hefur verið fram, að það er æskilegt, að það megi takast og það tekst með því að mynda sjóð í Seðlabankanum, sem eykst og hefur möguleika til þess að lána til þessara þörfu atvinnuvega.

Nú er það svo, að þessir tveir atvinnuvegir hafa fengið nokkur lán í viðskiptabönkunum til viðbótar afurðalánunum í Seðlabankanum og þá, að ég ætla, á venjulegum víxilvöxtum. Þessi viðbótarlán munu vera yfirleitt 12—15%, þannig að unnt hefði verið að greiða strax út á afurðirnar til framleiðenda um 2/3. En þannig hefur þetta nú verið lengi, a. m. k. með landbúnaðinn, að það hefur ekki verið unnt að borga meira en ⅔. Það var t. d. sagt frá því í fyrra, að eitt kaupfélag hefði borgað 90% strax um haustið út á kjötafurðirnar, önnur kaupfélög nokkru minna en 90%, en þó talsvert meira en 67%, og það er út af fyrir sig mjög ánægjulegt, að það getur tekizt, því að eins og oft hefur verið sagt, er það bezt fyrir framleiðandann að fá greiðslu á öllu andvirðinu sem allra fyrst.

En ég vil segja það við þetta tækifæri, að stjórn Seðlabankans hefur ekki treyst sér til að lofa hærri afurðalánum til landbúnaðarins að þessu sinni en 55%, en að því er stefnt, að það geti orðið meira, og það er álit stjórnar Seðlabankans og það er reyndar einnig álit ríkisstj. og ekki síður, að til þess að unnt verði að hækka afurðalánin eins og æskilegt er, þá þurfi Seðlabankinn að hafa fé til þess og þess vegna þurfi bundna féð í Seðlabankanum að aukast til muna frá því, sem það er nú.

Fyrirspyrjandi (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. svör við þessari fsp., og ég tel ástæðu til að fagna því, að hann virðist hafa skilning á, að þetta mál sé fullkomlega réttmætt, sem hér er spurt um. Hins vegar verð ég að harma, að svör hæstv. ráðh. við fsp. minni eru engan veginn svo skýr og afdráttarlaus sem ég hefði vonazt eftir. Hann segir, hæstv. ráðh., að hann hafi ekki fengið endanlegt svar frá Seðlabankanum um það, hvaða fyrirgreiðslu sé að vænta á þessu hausti um afurðalán út á garðávexti. Hér sé um prinsipmál að ræða, sem ekki sé búið af hálfu Seðlabankans að taka afstöðu til, að mér skilst. Og því miður verð ég að segja, að síðari hlutinn af ræðu hæstv. ráðh. virtist mér draga nokkuð úr, að leiðir þættu greiðfærar til lausnar á þessu máli, þar sem hæstv. ráðh. fór að tala um, hve erfitt væri fyrir Seðlabankann að veita aukið fé til afurðalána og bankinn gæti það því aðeins, að hann fái aukið fé til varðveizlu. Þetta allt gefur ástæðu til að fara að ræða afurðalánin í heild og raunar bankastarfsemina á allbreiðum grundvelli. En bæði er, að tími minn er nú takmarkaður og þessi fsp. var afmörkuð við vissan þátt þessara mála og gefur ekki tilefni til þess, svo að ég mun nú að þessu sinni láta það niður falla að ræða þessi vandamál almennt. En ég vil að lokum láta í ljós þá ósk og bera fram þá áskorun til hæstv. ráðh., að hann geri sitt ýtrasta til að hlutast til um, að þál., sem ég hef vitnað til, verði framkvæmd og að afurðalán út á garðávexti verði í engu takmarkaðri eða rýrari en afurðalán, sem veitt eru út á sauðfjárafurðir.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Það var eingöngu vegna þess, að hæstv. landbrh. tók upp þann einkennilega sið í sambandi við svar við fsp. að halda eins konar erindi um útlán úr bankakerfinu út á landbúnaðarafurðir, að ég vildi segja hér örfá orð, út af þeim undarlega skilningi, sem kom fram hjá hæstv. ráðh. í þessu sambandi. En fyrst vil ég segja það sem mína skoðun, af því að ég er kominn hingað, að auðvitað getur hæstv. ráðh. ráðið því, ef hann vill, að Seðlabankinn láni út á garðávexti, eins og margbúið er að stinga upp á hér á hv. Alþ.

Það vita allir, að hæstv. ríkisstj. getur ráðið því í Seðlabankanum í raun og veru, sem hún vill. Hún getur ráðið þessu og hefur látið Seðla-

bankann gera það, sem henni hefur sýnzt og það um stærri atriði en það, hvort eigi að lána einhverja fjárhæð út á garðávexti. En manni skildist á því, sem hæstv. ráðh. sagði, að þar væri um stórkostlegt prinsip-mál að ræða og ef byrjað yrði á því, þá gerðist eitthvað mikið, sem honum þó skildist ekki, hvað mundi verða. En það er nú ekki farið fram á annað en að lánað sé út á garðávexti eins og aðrar landbúnaðarafurðir, svo að það er ekki farið fram á að taka upp neitt nýtt prinsip.

Þá sagði hæstv. ráðherra, að hann væri alltaf að berjast við að fá aukin lán út á landbúnaðarafurðir, en það væri ákaflega erfitt, vegna þess að Seðlabankinn væri svo fátækur og ætti svo erfitt með að sinna því að lána út á afurðirnar. Ég vil í því sambandi minna á, að Seðlabankinn lánaði 67% út á landbúnaðarafurðir, áður en núv. ríkisstj. átti hlut að því að skera lánin niður. Seðlabankinn gerði það þá, en nú er þetta komið niður í 55% og var þó enn lægra í fyrra og hittiðfyrra. Og enn þá er haldið niðri fyrirframlánunum út á landbúnaðarafurðir stórkostlega, alveg gífurlega umfram það, sem áður var, svo að það munar sennilega fremur hundruðum millj. en tugum millj.

Seðlabankinn gat gert þetta áður og gerði það. Ég veit vel, hverju hæstv. ráðh. svarar þessu. Hann segir: Þetta leiddi til verðbólgu og þetta var ekki í raun og veru hægt að gera og það er ekki hægt að gera þetta áfram. En ég svara bara einfaldlega því, sem öll þjóðin veit: Það var ekki meiri verðbólga þá en nú. Það var ekki meiri verðbólga, þegar þetta var gert til þess að greiða fyrir landbúnaðinum, en er nú og hefur verið upp á síðkastið, síðan þessir nýju hættir voru teknir upp. Og þetta ætla ég, að sé nægilegt svar við þessum vangaveltum um, að það sé ekki hægt að sinna málefnum landbúnaðarins á þessa lund, eins og ætti að vera og eins og gert var, en því er hæstv. ráðh. að pota hér inn í umr. um þetta mál, sem hér liggur fyrir, sem er eingöngu um, hvort eigi að lána út á garðávexti. Og ég vildi ekki sitja þegjandi undir þessu. Ég vil, að þessi skoðun komi greinilega fram af minni hálfu af tilefni frá hæstv. ráðh.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það er náttúrlega litlu að svara þeim hv. 4. þm. Austf. og hv. 1. þm. Austf. Mér þykir það leitt, að hv. 4. þm. Austf. fannst, að svörin hjá mér væru ekki nægilega skýr. Ég ætla þó, að hv. þm. sé alveg nægilega skýr til þess að hafa alveg skilið það, sem ég sagði. Það var, að það væri ekki komið fullnaðarsvar frá Seðlabankanum um það, hvort lánað verður út á garðávexti að þessu sinni. Og á meðan ekki er komið fullnaðarsvar, þá er það náttúrlega hvorki já né nei. En ég benti á, að það væri ekki til baga, þótt þetta svar væri ekki komið, vegna þess að garðávextirnir hafa ekki enn verið meðhöndlaðir þannig á þessu hausti, að það sé nokkur tilbúinn til þess að leggja fram skýrslu ásamt tilheyrandi vottorðum, sem slíkri lánbeiðni þurfa að fylgja. Það gerist ekki fyrr en í nóvembermánuði, seinni hl. mánaðarins. Og þegar hv. 4. þm. Austf. hugleiðir þetta nánar, þá býst ég við, að hann verði eftir atvikum ánægður með mitt svar.

En hv. 1. þm. Austf. talaði um það, að Seðlabankinn hafi áður lánað 67% og hann hafi getað það. Gat hann það vegna þess, að hann hafði fjármuni til þess að gera það, eða gerði hann það með öðrum hætti? Ég vil benda á það, að þegar Seðlabankinn í stjórnartíð hv. 1. þm. Austf. lánaði 67% og gat það, eins og hv. þm. sagði, þá leiddi það til verðbólgu, það efast jafnvel hv. 1. þm. Austf. ekki um. En þá þurfti Seðlabankinn ekki að hugsa um það að hafa til tryggingar fyrir gjaldeyrisvarasjóði, vegna þess að þá var enginn gjaldeyrisvarasjóður til og þá var ekkert hugsað um það að eignast gjaldeyrisvarasjóð. Þá voru bara gjaldeyrisskuldir. Það er þetta, sem hefur breytzt, að í staðinn fyrir að hafa gjaldeyrisskuldir, eins og var áður, hefur verið að því unnið að mynda gjaldeyrisvarasjóð, og það hefur tekizt með því að lána ekki meira út úr Seðlabankanum af fjármunum en raunverulega eru til. Og þeirri stefnu verður vitanlega ekki breytt hér með. Það hlýtur að verða stefna hverrar ábyrgrar ríkisstj. að láta ekki Seðlabankann lána meira af fé, hvorki út á afurðir né annað, heldur en það fé, sem hann raunverulega hefur yfir að ráða. Og nú hefur Seðlabankinn þetta tvíþætta hlutverk auk margs annars: Það er að lána út á afurðirnar og það er að tryggja það, að hverju sinni séu til verðmæti til þess að tryggja gjaldeyrisvarasjóðinn. Og ég er alveg sannfærður um, að þegar hv. 1. þm. Austf. hugleiðir þetta, að það er ekki unnt að hafa gjaldeyrisvarasjóð, nema liggi fyrir verðmæti til tryggingar honum, þá held ég, að hann jafnvel fari að efast um, að Seðlabankinn í hans stjórnartíð hafi raunverulega getað lánað þessi 67%, sem hann talar nú oft um.

Ég upplýsti hér áðan, að það væri að því stefnt að auka afurðalán, og það er vissulega að því stefnt. Og ég vil undirstrika það, vegna þess að hv. 1. þm. Austf. vildi láta orð að því liggja, að það væri ekki greitt fyrir landbúnaðinum í þessu efni, að landbúnaður og siávarútvegur sitja nú við alveg sama borð hvað þetta snertir. En sérstaklegt er, að báðir þessir atvinnuvegir fái meiri lán, hærri lán, strax og það er mögulegt að láta þau af hendi.

Eysteinn Jónsson: Hæstv. ráðh. sneri blaðinu bara svolítið við í hendi sér og sagði núna, að það hefði þurft að skera niður lánin til landbúnaðarins til þess að safna gjaldeyrisvarasjóðnum og í raun og veru hefði Seðlabankinn ekki getað lánað þessi lán á undanförnum áratugum. Seðlabankinn gerði þetta, og það var ekki meira jafnvægisleysi í þjóðarbúskapnum þá en nú hefur verið, síðan þeir fóru að skera þessi lán niður. Þetta eru staðreyndir, sem allir þekkja, svo að eitthvað er bogið við þessar kenningar, sem hæstv. ráðh. heldur fram.

Hann segir, hæstv. ráðh., að það hafi þurft að skera niður landbúnaðarlánin til þess að safna gjaldeyrisvarasjóðnum. Hvaða gjaldeyrisvarasjóður halda menn, að hefði safnazt, ef það hefði verið búið bara við venjulegt árferði undanfarið, jafnvel þó að þeir hefðu skorið niður landbúnaðarlánin eins og þeir gerðu eða jafnvel meira eða fært þau ofan í ekki neitt? Hvaða gjaldeyrisvarasjóður ætli hefði myndazt, og

hver er svo þessi gjaldeyrisvarasjóður í raun og veru, þegar öllu er á botninn hvolft? Rúmar 1000 millj., segja þeir. En verzlunarskuldir, lausaskuldir við útlönd, hafa á sama tíma hækkað hátt á 6. hundrað millj. og þar að auki tekin fleiri hundruð millj. af föstum lánum. Og landbúnaðarlánunum hefur verið haldið niðri á þessu ári, fyrirframlánunum, alveg eins mikið og í fyrra. Hvað hefur safnazt í gjaldeyrisvarasjóðinn á þessu ári? Ætli það sé ekki alveg óhætt fyrir hæstv. ráðh. að endurskoða yfirleitt allar þessar kenningar og það, sem honum hefur verið sagt um þetta, og láta ekki lengur hafa sig á oddinum til þess að knífa lán við landbúnaðinn í þeirri trú, að hann sé með því að vinna eitthvert þjóðþrifaverk.

Sannleikurinn er sá, að það þarf á því að halda að lána 67% úr seðlabankakerfinu bæði út á landbúnaðarafurðir og sjávarafurðir, eins og samtök þessara aðila hafa margsinnis bent á, og það er síður en svo, að það sé nokkur búhnykkur að draga úr þessu.

2. Landþurrkun á Fljótsdalshéraði.

Á 8. fundi í Sþ., 30. okt., var útbýtt:
Fsp. til landbrh. um landþurrkun á Fljótsdalshéraði [52. mál] (A. 53).

Á 9. fundi í Sþ., 31. okt., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 33 shlj. atkv.

Á 15. fundi í Sþ., 13. nóv., var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Þurrkun mýrlendisins er eitt mesta nauðsynjamál Íslendinga. Mýrlendið er til lítils nýtt óræst fram, en þurrkað verður þetta dýrindis land. Sé mýrlendið þurrkað, verður fljótt gott beitiland, og síðan kemur ræktunin. Eitt mesta áhyggjuefni Íslendinga ætti að vera það, að enn blæs meira upp af landinu en grær. Undirstaða þess, að landgræðslan takist nógu vel, er sumpart full friðun lands og sumpart, að ekki sé ofbeitt, jafnframt því sem ræktað er og gróðursett. Framræsla mýranna mundi víða leysa beitilandsvandamálið, bæta búpeningnn og auka afurðirnar og gera mögulegt að hlífa afréttunum og öðru því landi, sem hlífa þarf, til þess að landgræðslan takist. Það þyrfti að gera meira að því en verið hefur að taka fyrir og þurrka stór, samfelld svæði með beztu aðferðum, og hefur það þó raunar verið nokkuð gert og sums staðar með mjög glæsilegum árangri.

Í apríl 1962 var samþ. svo hljóðandi þáltill. frá okkur þm. Austf., sem við fluttum sameiginlega:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta svo fljótt sem verða má mæla vegna framræslu allt ræktanlegt votlendi á Fljótsdalshéraði og gera áætlun um, hvað kosta muni að þurrka þetta land."

Við vildum, að með þessari athugun fengist hugmynd um a. m. k., hve stórfellt verkefni það væri í sjálfu sér að þurrka Fljótsdalshérað, sem er eitt af stærri héruðum landsins, og hvað líklegt mætti telja, að það kostaði, ef unnið væri skipulega með beztu tækjum. Slíkar upplýsingar mundu teljast mjög merkilegar og þýðingarmiklar, og gætu þær orðið grundvöllur að því að átta sig á framkvæmdamöguleikum á svona miklu verki, og það mundi einnig geta haft mikla þýðingu fyrir önnur byggðarlög og landið allt að gera sér grein fyrir þessu dæmi. Nú langaði okkur til þess að vita, hvað gerzt hefði í þessu máli, og því flyt ég hérna fsp., en hún er svo hljóðandi:

„Hvað hefur verið gert til þess að framkvæma ályktun sameinaðs Alþingis frá 16. apríl 1962 varðandi landþurrkun á Fljótsdalshéraði?"

Ég þarf ekki að hafa meiri formála fyrir þeirri spurningu.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Fsp. sú, sem hér um ræðir, er í sambandi við þáltill., sem samþ. var á síðasta Alþingi. Eftir að þessi till. var samþykkt, skrifaði ég landnámsstjóra og Búnaðarfélagi Íslands og óskaði upplýsinga hjá þeim og ábendinga um, á hvern hátt líklegast væri að framkvæma þessa till. og gera ráðstafanir, sem að gagni kæmu í framræslu, ekki aðeins á Fljótsdalshéraði, heldur og víðar, því að það er vitanlega víðar, sem líkt stendur á.

Samkvæmt bréfi því, sem ég hef fengið frá landnámsstjóra, en hann skrifar fyrir hönd Landnáms ríkisins, og búnaðarmálastjóra fyrir hönd Búnaðarfélags Íslands, má heyra álit Búnaðarfélagsins og Landnámsins á þessari till., og með leyfi hæstv. forseta, vil ég leyfa mér að lesa upp þetta bréf:

„Þál. er svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta svo fljótt sem verða má mæla vegna framræslu allt ræktanlegt votlendi á Fljótsdalshéraði og gera áætlun um, hvað kosta muni að þurrka þetta land."

Framangreindar stofnanir hafa tekið mál þetta til yfirvegunar (þ. e. Búnaðarfélag Íslands og Landnám ríkisins), sérstaklega með tilliti til, hve mikið verkefni þetta er og hverja þýðingu slíkar mælingar gætu haft fyrir framkvæmd ræktunarmála á svæði því, sem um getur í þingsályktuninni. Með hliðsjón af þessum athugunum svo og því, hver kostnaður varð, er Landnám ríkisins lét gera uppdrætti með tilliti til könnunar á heildarframræslu eins hrepps á þessu svæði, telja þessar stofnanir, að uppmæling á þeim grundvelli, sem þál. gerir ráð fyrir, sé svo umfangsmikil, að hvorki Búnaðarfélag Íslands né Landnám ríkisins hafi að óbreyttum aðstæðum umráð mannafla, sem þarf til slíkrar rannsóknar, eða fjárráð til að taka þetta verkefni upp í því formi, sem þál. gerir ráð fyrir. Þessar stofnanir eru sammála um, að æskilegt sé að undirbyggja aukna ræktun á Fljótsdalshéraði og raunar mjög víða annars staðar á landinu, þar sem bú eru of smá til að geta hagnýtt sér fullkomnari tækni og útbúnað við bústörfin en þann, sem nú er

notaður, og telur jafnframt, að ná megi sama marki að öðrum leiðum en heildarmælingu á umræddu svæði. Þetta gæti orðið gert með staðbundnum rannsóknum á hverri jörð, sem takmarkaðar væru af framræsluundirbúningi og ræktunarþörf hverrar einstakrar jarðar og framræslu á beitilandi að einhverju leyti, sem ætla má, að gæti grundvallað fyrir næstu 20—25 ár eðlilega stækkun búa og skiptingu jarða, þar sem það þætti henta. Í samræmi við þetta viljum við benda á, að framkvæmanlegt mætti telja að taka saman yfirlit um, hve mikil ræktun er á hverri einstakri jörð á Fljótsdalshéraði, og að því gerðu fara þess á leit við héraðsráðunauta Héraðsins, að þeir á næstu 2 árum framkvæmdu nákvæma skoðun á ræktunarskilyrðum hverrar jarðar og hefðu til þess stuðning af loftmyndum eða uppdráttum gerðum með uppréttingu loftmynda af Landmælingum Íslands. Að þessu fengnu er hægt að gera lauslega áætlun um framræslukostnað á því votlendi, sem ætla má, að tekið verði undir framræslu á áðurnefndu tímabili. Æskilegt má telja, að gert sé ráð fyrir, að lágmarkslandstærð, sem ætluð er til túnræktar á hverri jörð, sé 30—50 hektarar auk lands, sem ræst væri til beitiræktar.

Báðar stofnanirnar, Búnaðarfélag Íslands og Landnám ríkisins, mundu vilja styðja framkvæmd í þessu formi, en ljóst er, að vart yrði annað fært en taka upp slíka rannsókn í öðrum héruðum landsins, kæmu fram óskir um það. Er því ástæða til að gera sér strax ljóst, að auka þarf starfskrafta sérfróðra manna í héruðunum eða hjá þessum stofnunum til söfnunar og úrvinnslu þessara gagna. Jafnframt skal tekið fram, að eðlilegt er, að slíkar athuganir séu látnar fara fram einnig í öðrum héruðum landsins, þar sem líkt stendur á um sem Fljótsdalshérað, jafnvel þótt ekki komi fram óskir um það.

Pálmi Einarsson,
Halldór Pálsson."

Niðurstöður af þessum athugunum eru þá þær að þeirra áliti, að það mætti ná sama marki og gert er ráð fyrir í till. án þess að gera heildarmælingar. Það er með því að láta fara fram athugun á hverri jörð og að héraðsráðunautarnir ynnu þetta starf. Og að áliti Búnaðarfélagsins og Landnámsins er þörf á að láta slíkar athuganir fara fram í öðrum héruðum, jafnvel þótt ekki komi fram sérstakar óskir um það, því að það er vitanlega rétt, að það er mikið atriði að ræsa fram landið. Við getum farið víða um landið og séð þessar víðáttumiklu mýrar, sem alls ekki nýtast, vegna þess að sinan er svo mikil, að búfénaðurinn getur ekki notið græna grassins, það hverfur alveg inn í sinuna. Og því er það, að það er nú að því unnið að auka framræsluna.

Ég býst við, að hv. alþm. hafi heyrt nefndan finnska plóginn, sem kom hingað til lands á s. l. ári. Hann hefur verið notaður allt þetta sumar til þess að ræsa fram mýrar austur í Holtum, og er nú þegar búið að grafa 100 km þar á mýrunum. Þetta gefur allt mjög góðar vonir, og því hafa nú verið gerðar ráðstafanir til þess að kaupa tvo sams konar plóga og þann, sem kom í fyrra, til þess að geta á næsta sumri gert enn stærra átak í þessu. En það dugir vitanlega ekki aðeins að holræsa með finnska plógnum. Það verður að grafa með venjulegum skurðgröfum skurði með hæfilegu millibili, sem taka við vatninu. En það er enginn vafi á því, að þessi aðferð flýtir mjög fyrir því að ræsa fram og þetta verður margfalt ódýrara en var með gömlu aðferðinni. Landnám ríkisins og Búnaðarfélag Íslands telja, að það sé lágmark, 30—40 hektara ræktanlegt land á hverri jörð, og það er vitanlega nokkuð, sem menn hafa almennt gert sér grein fyrir. Og í sambandi við þetta er enginn vafi á því, að það má teljast liður og merkilegur liður í því að gera ráðstafanir til aðstoðar á þeim jörðum, sem skemmst eru komnar með ræktun og hafa allt of lítil bú, til þess að það sé hægt að lifa af þeim, það er það að láta fara fram athuganir eins og þær, sem hér er rætt um, því að það verður ekki lengur við það unað, að menn búi á 5—10 hektara ræktuðu landi með 50—100 ær og 2—3 kýr. Það segir sig sjálft, að það verður aldrei hægt að hafa afurðaverðið það hátt, að menn geti lifað af þeirri framleiðslu, sem af því fæst. Það þarf þess vegna að gera rækilegar athuganir á því, á hvern hátt megi úr þessu bæta, þannig að þeir bændur, sem enn eru með sín smáu bú og litlu ræktun, geti aukið það og búið þannig um hnútana, að það sé lífvænlegt á jörðinni.

Ég vil svo að lokum segja það, að ég mun ræða frekar við Búnaðarfélag Íslands og Landnám ríkisins og aðrar stofnanir landbúnaðarins um það, á hvern hátt hentugast megi verða að framkvæma þetta, og ég tel, að það sé athyglisverð sú ábending, sem fram er komin í þessu bréfi, sem ég las upp áðan, að láta nú til að byrja með, þangað til annað verður ákveðið, fram fara á hverri jörð á Fljótsdalshéraði athugun á því, hvað mikið land er ræktað á hverri jörð, hvað mikið er ræktanlegt, og þetta starf ættu héraðsráðunautarnir þar fyrir austan að geta framkvæmt, en um framkvæmdahliðina á þessu máli þarf að athuga nánar, hvernig því verður við komið, því að eins og segir í bréfinu, hefur Búnaðarfélagið og Landnámið ekki starfskrafta eða fé til þess að taka þetta til gagngerðra framkvæmda, eins og nú horfir, því að eins og sagt er, verður naumast hægt að einskorða þetta aðeins við Fljótsdalshérað, það þarf að taka það á breiðari grundvelli og athuga þá nánar, á hvern hátt það megi helzt framkvæma.

Fyrirspyrjandi (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir upplýsingarnar. Þó að mér þyki þetta vera stutt komið, þá er þetta þó að síga af stað, eins og fram kom í erindum frá þeim stofnunum, sem leitað hefur verið til. Og ég mundi nú vilja fara fram á það við hæstv. ráðh., að hann hefði samband við okkur þm. af Austurlandi, sem vorum flm. að þessu máli, eins og þetta stendur núna og áður en næsta skref væri stigið um sjálfa framkvæmdina. Ég vildi fara fram á það við hann. Þeir stinga upp á því, forráðamenn stofnananna tveggja, að þetta verði unnið þannig að athuga, hve mikið sé af ræktanlegu landi á hverri jörð fyrir sig, og skoða það og mæla og

leggja síðan saman niðurstöðurnar, og vitanlega hlýtur út úr því að koma fullnægjandi skoðun, ef jarðirnar eru teknar þannig til athugunar. En auk þess sem hver jörð yrði skoðuð, þá vakti fyrir okkur, eins og ég sagði áðan, að reyna að fá hugmynd um, hve stórt átak það væri í raun og veru að ræsa fram heilt hérað eins og Fljótsdalshérað, sem er 11 hreppar, hvað það mundi kosta, og þá væri betra fyrir alla að gera sér grein fyrir því, hversu mikið átak það væri, að þurrka allt votlendi á Íslandi. En sannleikurinn er sá, að það er náttúrlega það mark, sem verður að reyna að ná í fyrirsjáanlegri framtíð af ástæðum, sem hér hafa verið nefndar og mörgum eru kunnar. En það væri hægt að átta sig betur á því, hversu tröllaukið það verkefni væri, ef þannig væri skoðað, hvað þetta væri mikið verk í heilu héraði.

En ég vil sem sagt þakka fyrir svörin og endurtaka þær óskir til hæstv. ráðh., að hann vildi tala við okkur flm., áður en haldið verði áfram, og það verði gert sem fyrst. Ég sakna þess líka dálítið, að það kom ekkert fram um það frá þessum stofnunum eða ráðh., hversu mikið aukin fjárráð þyrfti til þess með sæmilegum hraða að athuga þetta, en það mundi þá væntanlega koma fram í þeim viðtölum, sem ég vonast eftir að hann veiti okkur út af þessu, því að þá þyrfti auðvitað að sjá um, að það yrðu auknar fjárveitingar til þess að athuga þessi mál yfirleitt.

3. Byggingamál Listasafns Íslands.

Á 18. fundi í Sþ., 20. nóv., var útbýtt:

Fsp. til menntmrh. um byggingamál Listasafns Íslands [74. mál, 1] (A. 81).

Á 19. fundi í Sþ., 21. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 38 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Sþ., 27. nóv., var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Gils Guðmundsson): Herra forseti. Deilur um listir og listastefnur hafa lengi tíðkazt hér á landi sem annars staðar. Er alkunna, að menn greinir oft mjög á um listir samtíðarinnar, og mun svo löngum verða. Hitt er viðurkennt í hverju menningarþjóðfélagi, að listir hafa mikilvægu hlutverki að gegna, en eigi þær að fá notið sín og ná sem mestum þroska, þarf þrennt að koma til: Listamennirnir verða að hafa algert frelsi til listsköpunar. Þeir verða að öðlast sem bezta aðstöðu til að gegna köllun sinni. Og loks þarf að gera þjóðfélagsþegnunum kleift að kynnast listum, nálgast þær fordómalaust og njóta þeirra.

Sem betur fer erum við Íslendingar sæmilega á vegi staddir að því er fyrsta atriðið varðar, frelsi til listsköpunar. Það er a. m. k. ekki skert með beinum afskiptum, boðum eða bönnum ríkisvaldsins. Helzt takmarkast það að einhverju leyti af þröngsýni og íhaldssemi gagnvart ungum listastefnum, almennum skilningsskorti á því, að líf og hreyfing er nauðsynleg í listum, en kyrrstaða og endurtekning leiðir til afturfarar. En framsæknir listamenn láta slíka dóma ekki á sig fá. Þeir halda sína braut, sé þeim ekki beinlínis þröngvað til hlýðni.

Að því er varðar annað atriðið, aðstöðu listamanna til að rækja köllun sína, skortir vissulega mjög á, að nóg sé gert af opinberri hálfu til að bæta hana hér á landi. Ég mun þó ekki ræða það mál nánar hér.

Um þriðja atriðið vildi ég hins vegar fara nokkrum orðum, það viðfangsefni að færa listirnar nær fólkinu, leitast við að gera þær að virkum þætti í menningarlífi þess. Á þessu sviði er mikið verk óunnið í íslenzku þjóðfélagi, en einmitt þar getur hið opinbera lagt verulegt af mörkum og því er vissulega skylt að gera það. Ég vænti þess að geta, áður en langt um líður, fjallað um þessi mál nokkuð almennar og rækilegar en kostur er að þessu sinni.

Í sambandi við þá fsp. mína til hæstv. menntmrh., sem hér liggur fyrir, hef ég kosið að minna á eitt atriði aðeins, atriði, sem þó er næsta mikilvægt, hinn tilfinnanlega skort á viðhlítandi húsakynnum yfir myndlistarsafn þjóðarinnar. Þeirri staðhæfingu er oft varpað fram, bæði í ræðu og riti, að íslenzkar bókmenntir og listir séu rislágar um þessar mundir, nú séu ekki vor á meðal listamenn, sem jafnist á við snillinga genginna kynslóða. Ég er þeirrar skoðunar, að þetta séu helberir sleggjudómar, og það má hiklaust staðhæfa, að á sviði myndlistar hefur orðið hér ævintýraleg þróun á undraskömmum tíma. Í listasafni þjóðarinnar eru nú á annað þúsund verk íslenzkra myndlistarmanna, öll til orðin á þessari öld. Og þó að listgildi þeirra sé að sjálfsögðu misjafnt, eru þar á meðal mörg öndvegisverk. Mun og mega telja, að Listasafnið geymi nokkuð góða þverskurðarmynd af íslenzkri myndlist, einkum málaralist, á 20. öld. En sá hængur er á, að meiri hluti þessara verka er hvergi til sýnis, sakir þess að listasafnsbygging er engin til. Listasafnið hefur, eins og kunnugt er, fengið inni til bráðabirgða á einni hæð Þjóðminjasafnsins, býr þar við hin mestu þrengsli í húsakynnum, sem Þjóðminjasafnið þarf mjög á að halda til eigin nota. Mörgum hefur lengi verið ljóst, að hér þarf úrbóta við. Við þurfum að eignast hús yfir Listasafnið. Slíkt listasafnshús þarf að rísa á hentugum stað, þar sem rými er nóg um langa framtíð og aðstaða góð til að byggja yfir listaverk þjóðarinnar í áföngum, en það tel ég hiklaust rétt að gert verði frá upphafi ráð fyrir, að þannig skuli byggt.

Árið 1945, þegar hinn ágæti listamaður, Jóhannes Sveinsson Kjarval, varð sextugur, samþykkti Alþingi 300 þús. kr. fjárveitingu til Kjarvalshúss, þ. e. til byggingar, sem vera skyldi íbúð og vinnustofa meistarans og að einhverju leyti sýningarhúsnæði á verkum hans. Framkvæmdir í byggingarmálum þessum drógust þó á langinn. Alllöngu síðar komst Kjarvalshús aftur á dagskrá og Alþingi veitti til þess nokkurt fé,

a. m. k. tvívegis. Árið 1959 afsalaði Jóhannes Kjarval sér þessu fé, sem þá mun hafa verið orðið 1.1 millj. kr., og æskti þess, að það yrði stofn að byggingarsjóði íslenzks listasafns. Síðan hygg ég, að árlega hafi verið á fjárlögum veitt nokkur upphæð til byggingar listasafnshúss. Þá gerðist það og á s. l. ári, að byggingarsjóður Listasafnsins hlaut góða og mikla dánargjöf, en þar er um að ræða hluta í fasteign, sem talin er nokkurra milljóna kr. virði.

Ég hef leyft mér að bera hér fram fsp. til hæstv. menntmrh. um byggingarmál Listasafnsins, og er hún í þrem liðum. Í fyrsta lagi, hve mikið fé sé nú tiltækt í byggingarsjóði safnsins, í öðru lagi, hvort aflað hafi verið lóðar eða réttara sagt landrýmis fyrir listasafnsbyggingu, og í þriðja lagi, hvort einhverjar aðrar ráðstafanir hafi verið gerðar í byggingarmálum safnsins. Þar á ég m. a. við, hvort athuganir hafi farið fram á því, hvernig hentugast verði að leysa þessi byggingarmál, hvort ráðamenn og sérfræðingar þeirra hallist að því að reisa eitt stórhýsi og þá e. t. v. á tiltölulega þröngri byggingarlóð, sem takmarkaði vaxtarmöguleika safnsins í framtíðinni, eða hvort menn hallist fremur að hinu, sem ég tel miklu æskilegra, að Listasafninu verði tryggt tiltölulega stórt landrými, þar sem hægt yrði að byggja í áföngum stóra sambyggingu, helzt með fögrum garði umhverfis, skreyttum höggmyndum og öðrum þeim listaverkum, sem þola að standa úti. Ef hallazt væri að þeirri lausn þessara mála, mætti án efa hefja byggingarframkvæmdir miklu fyrr en ella. Það væri og stórum æskilegri frambúðarlausn heldur en hitt að byggja dýrt stórhýsi í einum áfanga, sem þó yrði trúlega of lítið og ófullnægjandi, áður en mjög langir tímar liðu. Ég tel miklu skipta, að byggingarmál Listasafnsins verði tekin föstum tökum og að því stefnt að bæta úr brýnni þörf sem allra fyrst og á sem hagkvæmastan hátt. Til að vekja athygli á þessari nauðsyn er fsp. mín fram borin.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Samkv. reikningi byggingarsjóðs Listasafns Íslands var sjóðurinn í árslok 1962 kr. 2 669 367.18. Þar við bætist síðan fjárveiting í fjárl. 1963, fjárl. yfirstandandi árs, 500 þús. kr., og vaxtatekjur sjóðsins árið 1963. Um næstu áramót munu því verða í byggingarsjóðnum tæplega 3½ millj. kr.

Með bréfi 27. okt. 1959 til borgarstjórans í Reykjavík fór menntmrn. fram á, að Reykjavíkurborg ætlaði væntanlegu Listasafni Íslands lóð á stað, er hæfði slíkri byggingu. Mál þetta hefur síðan verið til athugunar hjá borgaryfirvöldum, en eins og kunnugt er, eru skipulagsmál Reykjavíkurborgar í heild til athugunar, og mun eigi hafa verið talið rétt að benda á lóð handa Listasafni Íslands, fyrr en ljósar lægi fyrir, hvernig heildarskipulag höfuðstaðarins yrði. Að öðru leyti hefur ekki farið fram sérstakur undirbúningur að byggingu listasafnshúss. Mér þykir þó rétt að taka fram, að bæði stjórn Listasafns Íslands, en um safnið voru sett lög á árinu 1960, og menntmrn. er ljós rík nauðsyn þess, að ekki dragist lengi að bæta úr húsnæðisskorti Listasafns Íslands, auk þess sem Þjóðminjasafnið, sem nú hýsir Listasafn Íslands, hefur fulla þörf fyrir það húsnæði, sem Listasafni Íslands var við byggingu þjóðminjasafnshússins fengið til umráða og það ræður enn yfir. Hins vegar er hér um mikið vandamál að ræða, vegna þess að engum mun til hugar koma annað en að hugsa hátt, þegar um byggingu slíks húss yrði að ræða sem byggingar fyrir Listasafn Íslands. En erfitt er og raunar ógerningur að taka lokaákvarðanir í því máli, fyrr en skipulag höfuðborgarinnar liggur ljósar fyrir en það gerir nú. Þó hafa farið fram ýtarlegar viðræður um byggingarmál Listasafnsins milli stjórnar safnsins og menntmrn., þótt þær hafi ekki enn leitt til beinnar niðurstöðu eða til þess, að ákvarðanir væru teknar. Það má og með sanni segja, að ekki sé tímabært fyrir forráðamenn safnsins eða menntmrn. eða stjórnvöld yfirleitt að taka lokaákvarðanir um byggingarmál slíkrar stórbyggingar sem listasafnshús hlyti að verða, meðan það fé, sem er til ráðstöfunar í því skyni, er ekki meira en 3—3½ millj. kr. Meðan Alþingi veitir ekki meira fé en raun hefur orðið á, sem hefur verið um ½ millj. kr. árlega, til byggingarþarfa Listasafnsins og meðan menn koma ekki auga á aðra tekjuöflunarmöguleika til þessara þarfa, þá hef ég ekki talið tímabært að gera ráðstafanir til þess að undirbúa slíka byggingu í einstökum atriðum, svo sem það að skipa byggingarnefnd. Ég tel, að það væri þá fyrst orðið tímabært, þegar ljóst lægi fyrir, á hvaða stað í bænum og með hverjum hætti kæmi til greina að byggja yfir safnið og þegar meira fé er fyrir hendi en nú á sér stað, þannig að a. m. k. mætti telja öruggt, að unnt væri að byggja það, sem menn kynnu að telja nauðsynlegan eða æskilegan fyrsta áfanga í því að leysa úr brýnum vandamálum Listasafns Íslands.

Með þessu vona ég, að efni fsp. sé fullsvarað.

Fyrirspyrjandi (Gils Guðmundsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans. Það er ljóst af þeim, að enn virðist nokkuð langur vegur, þar til við sjáum hér risið hús yfir listasafn, ef ekki verða alveg sérstakar ráðstafanir til þess gerðar að flýta þessu máli af hálfu þeirra aðila, sem þar hljóta um að fjalla, fjárveitingavaldsins, Reykjavíkurbæjar að því er snertir lóðamálin og stjórnarvaldanna að því er framkvæmdina snertir. Það er augljóst, að 3½ millj. kr., sem væntanlega verður í byggingarsjóði nú um næstu áramót, hrökkva skammt til nokkurra framkvæmda, og það er einnig ljóst, að þó að Alþingi verði næstu árin að veita á fjárlögum svo sem ½ millj. kr., eins og nú er, til listasafnssjóðsins, þá komumst við ákaflega lítið nær markinu með því móti, a. m. k. ef við búum við þá verðbólguþróun, sem hér hefur nú verið um skeið. Það er enginn efi á því, að þessi mál þarf nú að taka föstum tökum, ef við eigum ekki enn um ófyrirsjáanlega langa framtíð að búa við það ófremdarástand í þessu efni, sem ríkt hefur.

Það skiptir vitanlega höfuðmáli, að ekki dragist öllu lengur úr hömlu að ákveða byggingarlóð fyrir Listasafnið, og ég held, að í sambandi við það verði í rauninni, áður en staðurinn er ákveðinn, að taka afstöðu til þess, á hvern

hátt ætlunin er að skipa þessum málum, á hvern hátt ætlunin er að byggja, hversu mikið svæði þarf undir listasafnsbyggingu og þá garða, þá höggmyndagarða t. a. m., sem taldir væru æskilegir og jafnvel nauðsynlegir í sambandi við hana. Á að stefna að því að byggja eitt stórhýsi á tiltölulega þröngri lóð, eða á að stefna að hinu, sem ég tel hiklaust að væri réttari stefna, að byggja í áföngum, þannig að hægt væri að byrja ekki allt of stórt, en bæta við eftir þörfum, og það væri allt skipulagt að sjálfsögðu fyrir fram, hvernig útkoman yrði, þegar fullbyggt væri.

Mér þykir að lokum ástæða til að vekja athygli hv. Alþingis á því, að fyrir rúmum 19 árum, þegar lýðveldið var stofnað, sýndum við Íslendingar af okkur þann myndarbrag að koma upp byggingu yfir Þjóðminjasafnið. Alþingi og ríkisstj. sameinuðust um það mál, og þjóðin fagnaði mjög þeirri framkvæmd. Á næsta ári minnumst við þess, að lýðveldið verður tvítugt. Vissulega væri vel til fallið, að hv. Alþingi, hæstv. ríkisstj. og þjóðin öll minntust þessa afmælis með því að koma byggingarmálum Listasafnsins á fastan rekspöl með því að hefja markvissan undirbúning þess, að Íslendingar geti notið listaverka sinna á sviði myndlistar. Ég vil mega treysta því, að hæstv. menntmrh. geri sitt til, að þetta geti orðið.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja mjög þær umr., sem hér eiga sér stað um fsp., sem fram hefur verið borin, enda ræðutími takmarkaður. En eins og kunnugt er og fram kemur hér í umr., á ríkið nú þegar allmikið safn listaverka, bæði verk málara og myndhöggvara og fleiri listamanna. Og nú er um það rætt og um það spurt, hvað líði undirbúningi að því að koma upp listasafni ríkisins hér í höfuðborginni. Nú vil ég aðeins skjóta því fram, beina því til hæstv. ráðh., sem þessi mál heyra undir, hvort það hafi ekki komið fram við meðferð þessara mála eða athugun, að það gæti komið til mála að byggja yfir þetta vaxandi listaverkasafn ríkisins á fleiri stöðum en einum, hvort það sé endilega sjálfsagt, að ríkið byggi listasafn á einum stað í landinu, hvort það geti ekki eins komið til greina, að þetta orð verði í fleirtölu, og byggð verði listasöfn, þ. e. a. s. að safnið, sem vonandi stækkar ár frá ári, verði geymt á fleiri stöðum í landinu en einum.

Undanfarin ár hefur verið vaxandi áhugi víðs vegar um land fyrir því, að haldnar væru sýningar á listaverkum, og ég ætla, að ríkisvaldið eða ríkisstofnanir hafi nokkuð greitt fyrir slíku og að slíkar sýningar úti um land hafi verið vel sóttar af almenningi á þeim stöðum. Þess vegna vildi ég, að þetta bærist í tal í þessum umr., og vildi gjarnan heyra frá hæstv. ráðh., ef hann væri viðbúinn að segja eitthvað um það, hvort það hefði ekki komið til greina í sambandi við þetta mál að byggja yfir listasafn ríkisins á komandi tímum á fleiri stöðum en einum í landinu.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Í þeim viðræðum, sem á undanförnum árum og þó einkum nú á þessu ári hafa farið fram á milli stjórnar Listasafns Íslands og mín, hefur það eitt verið rætt, hvaða leiðir væru tiltækilegar til þess að hraða byggingu yfir Listasafn Íslands hér í Reykjavík. Þá hugmynd hefur ekki borið á góma í þeim viðræðum að reisa hús yfir Listasafnið á fleiri stöðum en hér í höfuðborginni. En ýmsar hugmyndir í því efni hafa verið ræddar, þ. e. hvort um eina aðalbyggingu skuli vera að ræða eða fleiri minni og hvort aðalbygging skuli reist í áföngum, hvernig hún skuli skipulögð og þar fram eftir götunum, atriði, sem ég tel ekki ástæðu til að ræða nánar hér. Hitt hefur sem sagt ekki borið á góma, að Listasafnið hefði útibú, ef svo mætti segja, á stöðum utan Reykjavíkur. En sú hugmynd hefur verið rædd mjög ýtarlega og er nú í athugun, að Listasafn Íslands efni til farandsýninga á þeim listaverkum, sem Listasafn Íslands á og hefur til sýningar. Þar er um að ræða, að ég tel, mjög góða hugmynd, sem að vísu mundi verða nokkuð kostnaðarsöm í framkvæmd, en er þó allrar athygli verð, því að það er vissulega rétt, að höfuðstaðarbúar einir eiga ekki að eiga þess kost að skoða og njóta þeirra listaverka, sem Listasafn Íslands á. Listasafnið er að sjálfsögðu eign landsmanna allra, og þess vegna hefur sú hugmynd verið í athugun og ég vona, að ekki líði allt of langt þangað til hún kemst í framkvæmd, að Listasafnið efni skipulega til farandsýninga á verkum sínum um landið, fyrst og fremst í hinum stærstu kaupstöðum utan Reykjavíkur, en einnig í dreifbýli, þótt slíkar sýningar hlytu væntanlega að verða nokkru minni en sýningar, sem hægt er að efna til í hinum stærri kaupstöðum. Þó veita hin glæsilegu félagsheimili, sem víða eru nú til í dreifbýli, skilyrði til þess, að unnt yrði að efna til myndarlegra íslenzkra málverkasýninga á fleiri stöðum en í kaupstöðunum sjálfum.

Með þessu móti vona ég, að efni fsp. hv. síðasta ræðumanns sé svarað.

4. Rannsóknarskip í þágu sjávarútvegsins.

Á 18. fundi í Sþ., 20. nóv., var útbýtt:
Fsp. til ríkisstj. um rannsóknarskip í þágu sjávarútvegsins [74. mál, 2] (A. 81).

Á 19. fundi í Sþ., 21. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfði skyldi.
Fsp. leyfð með 38 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Sþ., 27. nóv., var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Jón Skaftason): Herra forseti. Á þskj. 81 hef ég leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. ríkisstj. um rannsóknarskip í þágu sjávarútvegsins. Fsp. eru þessar, með leyfi hæstv. forseta, og ég vil geta þess jafnframt, að ég hef breytt 1. lið fsp. örlítið, og vona ég, að

hæstv. ráðh., sá sem svara mun fsp. þessum, hafi ekkert við það að athuga, en ég mun nú, með leyfi hæstv. forseta, lesa fsp. þessar upp:

1) Hafa verið gerðir samningar eða ákvörðun tekin af hæstv. ríkisstj. um smíði rannsóknarskips í þágu sjávarútvegsins?

2) Hve mikið fé er fyrir hendi til smíði skipsins?

3) Hvað er talið, að vel búið rannsóknarskip kosti nú?"

Á undanförnum árum hefur mikið verið rætt og talsvert ritað um þörf Íslendinga á að eignast alhliða rannsóknarskip til haf- og fiskirannsókna, sem jafnframt gæti annazt fiskileit. Íslendingar hafa eignazt hæfa og vel menntaða stétt fiskifræðinga, sem hefur unnið mjög gott starf í þágu íslenzks sjávarútvegs við erfið skilyrði að ýmsu leyti. Með byggingu hins glæsilega húss Fiskifélagsins við Skúlagötu, þar sem rannsóknarstofur sjávarútvegsins hafa nú aðsetur, hefur skapazt aðstaða fyrir fiskideild atvinnudeildar háskólans, sem segja má, að sé mjög vel viðunandi og muni geta nægt þeirri starfsemi, þó að hún fari vaxandi væntanlega í framtíðinni, um nokkuð langa, ófyrirsjáanlega framtíð. Öðru máli gegnir um aðstöðu þeirra fiskifræðinganna til þess að rækja starf sitt á sjónum, sem þó er sízt veigaminni þáttur í þessu starfi. Þar hafa þeir þurft að notast við skip, ýmist frá landhelgisgæzlunni eða togara, sem leigðir hafa verið til skamms tíma í senn. Það hefur stundum reynzt erfiðleikum bundið að leita og ná samkomulagi við landhelgisgæzluna um leigu á skipum vegna annríkis hjá henni, og ekki er ætíð hægt að fá skip til fiskileitar eða fiskirannsókna þar, hvenær sem þörfin krefur. Og ef leigja þyrfti togara í hverja fiskileitarferð, sem farin verður, yrði það bæði dýrt og ódrjúgt.

Þörfin fyrir vel búið rannsóknarskip hefur síðustu árin orðið æ brýnni, þar sem mörg störf hafa hlaðizt á fiskideildina í sambandi við vísindalega friðun fiskimiða, sem ekki er hægt að sinna nema hafa yfir að ráða góðum tækjum.

Flestar þjóðir, sem búa við sjávarútveg, þótt hvergi sé í sama mæli og við, hafa skilið þörfina á haf- og fiskirannsóknum fyrir afkomu sjávarútvegsins og breytt í samræmi við það. Þannig hef ég fengið upplýsingar um, að Norðmenn hafi byggt 4 úthafsrannsóknarskip, eftir að síðustu styrjöld lauk, Bretar hafa byggt 6 og Þjóðverjar 5, auk fjölda annarra smærri rannsóknarskipa í sama skyni. Mér er tjáð, að Bandaríkin eigi nú í smíðum um 72 hafrannsóknarskip, smærri og stærri, og það er óhætt að segja, að reynsla allra þessara þjóða og raunar annarra af starfsemi þeirra er sú sama, að þeim fjármunum sé mjög vel varið, sem eru veittir til smíði þeirra og rekstrar.

Íslendingar hafa enn þá ekki eignazt sitt hafrannsóknarskip og hægt hefur miðað í áttina að því marki. Vil ég við þetta tækifæri rifja upp í örfáum orðum sögu þessa máls á hv. Alþ., eins og ég hef getað rakið hana bezt, og gefa þær upplýsingar í leiðinni, sem ég hef aflað mér varðandi rannsóknarskipsmálið.

Á Alþ. 1952 flutti þáv. hv. þm. Borgf., Pétur Ottesen, svofellda till. til þál., með leyfi hæstv. forseta: „Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að láta athuga, hvernig íslenzka ríkið geti með hagkvæmasta hætti eignazt hæfilega stórt og traust skip, er útbúið sé hinum fullkomnustu tækjum til haf- og fiskirannsókna og fiskileitar."

Þann 4. febr. ári síðar, eða árið 1953, var samþykkt í Alþ. þál. um hafrannsóknarskip og fiskileitarskip, svolítið breytt frá þeirri till., sem ég var að lesa hér upp áðan og flutt var af Pétri Ottesen. En sú till. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að láta athuga, hvernig íslenzka ríkið geti með sem hagkvæmustum hætti eignazt hæfilega stórt og traust skip, er útbúið sé hinum fullkomnustu tækjum til haf- og fiskirannsókna. Jafnframt fari fram á því rækileg athugun, á hvern hátt verði bezt hagað fiskileit á djúpmiðum og við strendur landsins. Að því er tekur til síldarleitar, skal sérstök áherzla á það lögð að komast að niðurstöðum um það, á hverjum tíma árs hún sé vænlegust til góðs árangurs. Um þau atriði, sem í ályktun þessari greinir, skal ríkisstj. kveðja sér til aðstoðar sérfróða menn í þessum málum."

Í framhaldi af samþykkt þessarar þáltill. fór fram verkfræðileg athugun á ýmsum möguleikum til notkunar á eldri skipum í þessum tilgangi. T. d. var varðskipið Ægir skoðað í þessu skyni, en í ljós kom, að skipið var ekki hægt að nota sem almennt rannsóknarskip, nema með stórkostlegum breytingum, sem taldar voru vafasamar, m. a. vegna aldurs skipsins, en það mun hafa verið byggt á árinu 1929. Í ágústmánuði 1953 voru hins vegar sett í Ægi asdiktæki, sem kostuðu þá um 1 millj. kr. og hafa reynzt mjög vel. Þannig útbúið mátti nota skipið til almennrar síldarleitar án stórvægilegra breytinga. Sú dýrð mun þó tæplega standa mjög lengi, því að eftir því sem mér er tjáð, þá hefur 30 ára flokkunarviðgerð enn þá ekki farið fram á skipinu og mun það því sigla á undanþágu. Er augljóst, að ekki svarar kostnaði að leggja í stórvægilegar breytingar á svo gömlu skipi, sem aldrei mundi koma að fullum notum sem rannsóknarskip.

Þrátt fyrir samþykkt þeirrar þáltill., sem ég greindi hér frá áðan, hefur lítið miðað í áttina, og það er fyrst rúmum 5 árum síðar eða á valdatímabili vinstri stjórnarinnar, að í lögin um útflutningssjóð o. fl. frá 29. maí 1958 er tekinn upp tekjustofn til hafrannsóknarskips. Í 10. gr. þeirra laga segir, að 1/13 hluti af 65% álagi á útflutningsgjald skuli renna til haf- og fiskirannsóknarskips, er ríkisstj. lætur byggja í samráði við fiskideild atvinnudeildar Háskóla Íslands, eins og segir í lagagreininni. Haustið 1958 samþykkti þáv. sjútvmrh., Lúðvík Jósefsson, að beiðni fiskideildar atvinnudeildar háskólans, að til landsins mætti koma skipaverkfræðingur frá FAO, þ. e. a. s. Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, skipaverkfræðingur, sem mikla reynslu hafði í smíði hafrannsóknarskipa. Gerði verkfræðingur þessi teikningar að fyrirkomulagi hafrannsóknarskips ásamt með byggingarlýsingu í okt. sama ár, okt. 1958. Í Alþýðublaðinu 13. nóv. 1960 var frá því sagt, að hæstv. sjútvmrh. hefði á aðalfundi L. Í. Ú. þá um haustið skýrt frá því, að gengið hefði verið frá teikningum til útboðs á hafrannsóknar- og fiskileitarskipi. Ekkert varð þó úr framkvæmdum, og

tæpum þrem árum síðar skýrði sami hæstv. ráðh. frá því í Alþýðublaðinu, 9. júní s. l., að smíði á fullkomnu rannsóknarskipi sé enn í undirbúningi, og er þá sá undirbúningur búinn að standa síðan haustið 1958 eða í rúm 5 ár, án þess að farið sé að smíða skipið enn þá. Mér er tjáð, að þær teikningar, sem gerðar voru af rannsóknarskipi á árinu 1958 og mér skilst að séu þær nýjustu, sem til séu, séu nú af fagmönnum taldar á ýmsan hátt úreltar, enda er þróun í gerð rannsóknarskipa mjög hröð. Sýnir þetta, að óskynsamlegt er að leggja mikla vinnu og mikinn kostnað í undirbúning að smíði rannsóknarskips, nema ákvörðun hafi áður verið tekin af réttum aðila um, að teikningarnar skuli nota og skipið smíðað. Á meðan raunar slík ákvörðun er ekki fyrir hendi, má segja, að allt þetta mál sé í lausu lofti.

Með lögunum um efnahagsmál frá því í febr. 1960 var ákveðið, að 3% af útflutningsgjaldi skuli renna til smíði haf- og fiskirannsóknarskips, þannig að nú hlýtur að vera til í sjóði talsverð fjárhæð, sem safnazt hefur allt frá því árið 1958 með skattlagningu á útfluttar sjávarafurðir, — sjóður, sem nota á í þessu skyni. Tel ég ekki ósennilegt, að sú fjárhæð ásamt með þeim lánsmöguleikum, sem væntanlega eru til staðar hjá þeirri erlendu skipasmíðastöð, er skipið kynni að smíða, mundi nægja til þess að standa undir byggingarkostnaði skipsins. Væntanlega getur hæstv. ráðherra upplýst um þetta atriði, þegar hann svarar fyrirspurnum þessum hér á eftir.

Á fjárlögum undanfarinna ára hefur staðið allveruleg fjárveiting til almennrar fiskileitar, fiskimiðaleitar, síldarleitar og veiðarfæratilrauna. Væntanlegt rannsóknarskip mun að mestu leyti annast þessi hlutverk, og má því segja, að kostnaður við smíði þess sé fyrst og fremst spurning um stofnkostnað, hvernig eigi að greiða hann, þar sem rekstur skipsins er að miklu leyti tryggður með þeim fjárveitingum, sem verið hafa í fjárlögum, og þeim, sem væntanlega verður haldið áfram að veita á fjárlögum í sama skyni.

Herra forseti. Ég vil að endingu leyfa mér að lesa hér upp niðurlag greinar í 25 ára afmælisriti atvinnudeildar háskólans frá í fyrra, greinar, sem skrifuð er af Jóni Jónssyni, forstöðumanni fiskideildarinnar, en hann segir þar í niðurlagi þessarar merku greinar, með leyfi hæstv. forseta:

„Mesta áhugamál íslenzkra hafrannsókna í dag er að eignast nýtt og fullkomið hafrannsóknarskip. Er öll aðstaða okkar í þeim efnum mjög bágborin, ef miðað er við nágrannaþjóðir okkar, sem þó elga ekki nærri því eins mikilla hagsmuna að gæta í fiskveiðum og við. Er því vonandi, að annar aldarfjórðungur stofnunarinnar hefjist með byggingu nýs og glæsilegs rannsóknarskips. Ekki er að efa, að starfsemi slíks skips mun verða mikil lyftistöng íslenzkum sjávarútvegi."

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Spurt er í fyrsta lagi: „Hafa verið gerðir samningar um smíði rannsóknarskips í þágu sjávarútvegsins?" Svarið er nei. Í öðru lagi: „Hve mikið fé er fyrir hendi til smíði skipsins?" Því er til að svara, að um næstu áramót munu vera til um 9 millj. í sjóði í þessu skyni. Í þriðja lagi er spurt: „Hvað er talið, að vel búið rannsóknarskip kosti nú?" Forstöðumaður fiskideildar atvinnudeildar háskólans hefur talið, að óvarlegt væri að áætla hann öllu minni en 50 millj. kr. með öllum búnaði.

Ég tel raunverulega, að fyrirspurnunum öllum sé svarað með þessu og skal ekki fara langt út í að ræða málið sjálft, eins og hv. fyrirspyrjandi gerði í alllöngu máli. En hvað viðvíkur þeirri breytingu, sem hann óskaði eftir að gera á fyrstu spurningunni, — ég held ég hafi tekið rétt eftir, að hann hafi viljað orða hana þannig: Hafa verið gerðir samningar eða ákvörðun tekin af ríkisstj. um smíði rannsóknarskips í þágu sjávarútvegsins, — þá verður svarið það sama og við fyrirspurninni í upphafi, að það er nei, það hefur ekki verið tekin enn endanleg ákvörðun um málið.

Ég skal svo aðeins, þó að ég telji eins og ég sagði, fyrirspurnunum fullsvarað með þessu, aðeins bæta nokkrum orðum við til upplýsingar fyrir hv. fyrirspyrjanda og hv. alþm.

Það er alveg rétt, að þetta mál á sér langan aðdraganda, og hafa verið uppi um það ýmsar till. T. d. kom hingað skipaverkfræðingur frá FAO árið 1958, sem gerði ekki fullkomna teikningu, heldur eingöngu bráðabirgðateikningu, fyrirkomulagsteikningu af þessu skipi, og vitanlega var ekki hægt að leggja hana til grundvallar smíði skipsins, heldur var þar um algera frumgerð að ræða. Nú hefur verið ákveðið að leita eftir því við erlenda skipaverkfræðinga og skipasmíðastöð, að fullkomin teikning verði gerð af skipinu og hún síðan endanlega yfirfarin og athuguð af fiskifræðingum fiskideildar, skipaskoðunarstjóra og fleiri aðilum, sem þar verða til kvaddir, þannig að hægt sé að ganga endanlega frá teikningunni til útboðs. Ef þá verður talið, að fjárhagslegur grundvöllur hafi fengizt undir smíði skipsins, þá verður það væntanlega boðið út þegar á eftir og samningur þá gerður við þann, sem lægst býður. Skipasmíðastöð sú, sem fengin hefur verið til þessara verka, er mjög þekkt og fræg skipasmíðastöð í Bremerhaven, sem einmitt er að ljúka nú við smíði tveggja þýzkra fiskileitar- og rannsóknarskipa, annað hefur verið tekið í notkun nú fyrir nokkrum dögum, en hinu er langt komið smíði á. Verkfræðingarnir, sem vinna að störfum við endanlega teikningu skipsins, hafa haft hliðsjón af þeim till., sem áður hafa legið fyrir í málinu, og haft samráð við fiskifræðinga fiskideildarinnar, sem hafa verið á staðnum og rætt málið við verkfræðingana, og sömuleiðis hefur fiskimálastjóri tekið þátt í þeim hlutum.

Ég held, að það sé ekki fleira, sem ég vildi almennt segja um málið. Það hefur verið tekin ákvörðun um það eitt í ríkisstj. eða a. m. k. í sjútvmrn. að ganga nú úr skugga um það, hvort skilyrði séu fyrir hendi til þess að hefja byggingu skipsins, svo fljótt sem auðið er, eftir að nákvæm rannsókn á möguleikunum, bæði tekniskum og fjárhagslegum, hefur farið fram, og undirbúningur er sem sagt í fullum gangi nú og verður væntanlega lokið — ja, ég skal ekki

nefna dag eða stund, en lokið á næstunni, vildi ég segja.

Fyrirspyrjandi (Jón Skaftason): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir glögg og skýr svör við fyrirspurnum mínum, sérstaklega þeirri fyrstu, sem ég á síðustu stundu breytti talsvert, en ráðherrann var svo vinsamlegur að svara eins og ég setti hana fram hér áðan.

Ég verð því miður að láta í ljós talsverða óánægju með þær upplýsingar, sem hæstv. ráðherra gaf um stöðu málsins í dag. Ég vék að því hér í frumræðu minni áðan, að ég teldi, að rangt væri að farið að eyða bæði miklum tíma sérfræðinga og miklum peningum í það að vinna undirbúningsstörf og gera teikningar að rannsóknarskipi, sem svo síðar yrðu e. t. v. aldrei notaðar, eins og reynslan var um þær teikningar, sem gerðar voru á árinu 1958. Ég held, að það verði að taka ákvörðun fyrst um, hvort byggja eigi skipið eða ekki. Það er ekkert vafamál, að það hafa mörg rannsóknarskip verið byggð í fjölda landa, að tekniska hliðin á þessu er ekkert óleysanlegt dæmi, og um fjárhagshliðina er það að segja, að eftir þeim upplýsingum, sem hæstv. ráðh. gaf hér áðan, þá munu nú eða um n. k. áramót vera til í sjóði í þessu skyni nærri 20% af áætluðum byggingarkostnaði slíks skips. Mér er fortalið, að erlendar skipasmíðastöðvar séu fúsar til þess að útvega lán út á þau skip, sem þær kunna að smíða, algengt er a. m. k. 80% af byggingarkostnaði og í sumum tilfellum enn þá hærra. Mér er enn fremur sagt, að þegar ríki sé viðsemjandi skipasmíðastöðvanna, þá geti þessi lán komizt allt upp í 90% af byggingarkostnaði skipanna, þannig að ég held, að í dag liggi það því alveg fyrir, að fjárhagsgrundvöllur til þessara framkvæmda er til staðar og tekniska hliðin á málinu er tiltölulega auðveld. Hér vantar ákvörðun hæstv. ríkisstj. um að hrinda þessu nauðsynjamáli í framkvæmd strax og láta vinna að því í samræmi við það.

Eins og ég gat um í ræðu minni hér áðan, ganga 3% af útflutningsgjaldinu í sjóð, sem nota á til þess að byggja rannsóknarskipið. Ef 80—90% af byggingarkostnaði skipsins fengjust að láni frá þeirri skipasmíðastöð, sem það kann að smíða, þá er mjög sennilegt, að lánskjörin geti orðið það góð, að þessi tekjustofn geti staðið undir greiðslum af láninu, sem inna þarf af höndum, og ef það nægði ekki, þá hefur það svo sem áður gerzt hér á hv. Alþ., að hæstv. ríkisstj. gæti eftir einhverjum leiðum aflað fjár, sem á þyrfti að halda, ef þessi tekjustofn gefur ekki það miklar tekjur, að hann nægi til þess að greiða lánið niður.

Ég gat um það í ræðu minni áðan, að spurningin um byggingu hafrannsóknarskipsins væri spurning um það, hvernig ætti að leysa stofnkostnaðarspursmálið. Fjárveitingar til rekstrarkostnaðar slíks skips hafa verið á fjárlögum undanfarin ár, og þær munu væntanlega halda áfram. Ég vil því að endingu skora á hæstv. ríkisstj. að láta nú ekki verða lengri drátt á að hrinda þessu nauðsynjamáli í framkvæmd en þegar er orðinn.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi lét í ljós óánægju með málsmeðferðina, þ. e. a. s. óánægju yfir því, að hafin væri teikning, enn ein gerð teikningar, með miklum tilkostnaði, án þess að áður væri tekin ákvörðun um, hvort út í smíði skipsins skyldi farið eða ekki. Ég hef nú heyrt þessa skoðun áður frá einum fiskifræðingi og tel ekki ólíklegt, að kannske hafi hv. fyrirspyrjandi verið styrktur í þessari skoðun sinni af honum. En mér finnst vera ósamræmi í þessu og svo hinu: að vilja ekki, áður en út í það er farið að gera endanlegar teikningar, kanna verð og lánsmöguleika, að þá sé tekin ákvörðun um það, sem maður raunverulega veit ekki hvað er. En hitt get ég sagt hv. þm., að hann verður að skilja það, að út í teikningargerðina er farið því aðeins, að miklar líkur séu til, að á eftir fylgi ákvörðun um það, að smíði skipsins verði hafin. Það er að vissu leyti rétt, að það kostar talsvert mikið að gera þessar teikningar. En það er náttúrlega algerlega ósambærileg sú teikning, sem áður var gerð af skipaverkfræðingi í FAO, og það, sem nú er verið að gera, því að það var hrein bráðabirgðateikning, en þetta er endanleg og fullkomin teikning, hæf til útboðs, sem nú er verið að gera. Og einmitt af því, að það kostar talsvert mikið fé, þá bendir það auðvitað til þess, að ríkisstj. sé á því máli að halda áfram, þegar teikningin er fengin, útboð hefur farið fram og fjáröflunarmöguleikar kannaðir. Ég held, að það fari ekkert á milli mála, að það sé um byrjun að ræða, sem haldið verði áfram með, þegar þær upplýsingar liggja fyrir, sem raunverulega eru grundvöllurinn að því, að menn geti tekið ákvörðun í málinu, því að þótt það hafi verið nefnd upphæð eins og 50 millj. kr., þá er það algerlega út í hött. Forstjóri fiskideildarinnar segir mjög varlega, að það sé óvarlegt að áætla verðið minna, en hvort það verða 50, hvort það verða 45 eða hvort það kynni að verða eitthvað meira en 50, liggur alls ekki fyrir, fyrr en útboð hefur farið fram. Ég vildi nú vona fyrir mitt leyti, að kannske yrði upphæðin ekki svona há, eins og þarna er nefnt.

Það er alveg rétt hjá fyrirspyrjanda, að möguleikarnir til þess að hefjast handa um byggingu skipsins nú eru að því leyti betri en áður, að nú hefur safnazt í sjóð, sem svarar nærri 20% af kostnaðarverði skipsins, og líklegt má telja, að það, sem fram yfir er, muni verða fáanlegt að láni. Það er einmitt ástæðan til þess, að hafin hefur verið þessi endanlega teikning af skipinu og undirbúningur undir útboð hafinn, svo að ég verð að segja það, að ég tel, að hv. þm. og fyrirspyrjandi hafi enga ástæðu til þess að vera óánægður með þessa málsmeðferð. Þetta er eðlileg málsmeðferð og miklu eðlilegri en taka fyrst ákvörðun og fá svo að vita á eftir, á hverju hún byggist.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Það er eitt atriði, sem ég vildi taka fram eða bæta við. Ég held menn hljóti að vera sammála um, að það sé óhjákvæmileg nauðsyn að eignast rannsóknarskip fyrir sjávarútveginn með sem mestum hraða og að það hljóti að vera hægt að framkvæma þetta með því fjármagni, sem er fyrir

hendi, ef ákveðið er að taka lán fyrir verulegum hluta af andvirði skipsins. Ég vildi því bara taka undir áskorun hv. 4. þm. Reykn. um, að ákvörðun verði tekin um að kaupa skipið, og um lántöku í því skyni og beina því til hæstv. ríkisstj., hvort hún vildi ekki afla sér heimildar Alþingis fyrir þeirri lántöku nú, t. d. í sambandi við fjárl. Það verði tekin sú stefna að taka lán til að kaupa skipið, að því leyti sem stofnframlagið hrykki ekki, og gengið frá þeirri lánsheimild núna, væntanlega á næstu dögum, þegar gengið verður frá fjárl., og lýsi ég stuðningi mínum við þá stefnu. Sé slík lánsheimild fyrir í lögum, þá náttúrlega þarf þess ekki. En sé hún ekki í lögum, skora ég á hæstv. ráðh. að beita sér fyrir því, að stjórnin fái heimild til að taka lán í þessu skyni.

5. Hofsárbrú í Vopnafirði.

Á 22. fundi í Sþ., 27. nóv., var útbýtt:
Fsp. til samgmrh. um smíði Hofsárbrúar í Vopnafirði [85. mál, 1] (A. 94).

Á 23. fundi í Sþ., 28. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 32 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Sþ., 7. des., var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp. á þskj. 94 til hæstv. samgmrh., svo hljóðandi:

„Hvenær er fyrirhugað að byggja Hofsárbrú í Vopnafirði, sem 1958 var ákveðið að byggja skyldi fyrir fé úr brúasjóði?"

Árið 1958 skrifaði þáv. samgmrh. svo hljóðandi bréf til vegamálastjóra, sem ég ætla hér að lesa upp, með leyfi hæstv. forseta:

„Í framhaldi af viðræðum við yður, herra vegamálastjóri, hefur rn. ákveðið, að næst á eftir þeim þrem brúm. sem þegar hefur verið ákveðið að byggja fyrir fé brúasjóðs á næstu árum, verði byggð brú á Hofsá í Vopnafirði nálægt Hofi og til þess varið fé úr brúasjóði, að svo miklu leyti sem ekki verður til þessa verks veitt sérstök fjárveiting á fjárlögum.

Þetta tilkynnist yður hér með.

Hermann Jónasson,
Brynjólfur Ingólfsson."

Þær þrjár brýr, sem í bréfi ráðh. er vikið að, voru brú yfir Hornafjarðarfljót, byggingu lokið 1961, brú yfir Mjósund, byggingu lokið 1960, og brú yfir Ytri-Rangá, byggingu lokið 1960, nema eftir var þá að setja handrið á brúna og eitthvað fleira smávegis að gera.

Í tilvitnuðu bréfi þáv. samgmrh. er vikið að fjárveitingu til Hofsár, en á fjárlögum 1957 og 1958 höfðu samtals verið veittar til brúarbyggingarinnar 480 þús. kr. Gert var ráð fyrir, að hægt væri að ljúka brúarbyggingunni 1960—1961, en ákveðið var að fara strax að undirbúa og vinna að verkinu og nota til þess þær 480 þús., sem handbærar voru samkv. fjárveitingum. 1959 var svo brúarstæðið ákveðið og trjáviður til brúarbyggingarinnar fluttur til Vopnafjarðar og einnig stöplastæði rannsökuð, og var ekki annað vitað en verkið yrði hafið það sumar eða í síðasta lagið sumarið 1960, og gat brúarbyggingunni þá auðveldlega verið lokið 1961. En í stað þessa var ekkert frekar aðhafzt og það byggingarefni, sem búið var að flytja til staðarins, var flutt burt. Að sjálfsögðu voru þetta sár vonbrigði fyrir Vopnfirðinga, og því meira hefur óánægjan vaxið sem árin hafa liðið og þeir ekki einu sinni fengið svar frá núv. hæstv. samgmrh. um það, hvenær mætti búast við, að brúin yrði byggð. Þótt slíkt ætti ekki að þurfa, þar sem staðreynd er, að ríkið hefur skuldbundið sig til þess að vera nú þegar búið að byggja Hofsárbrú, þá ætla ég að fullvissa hæstv. samgmrh. um það, að hér er um stórkostlegt hagsmunamál fyrir Vopnafjarðarhérað að ræða og á þeim grundvelli tók þáv. samgmrh. þá ákvörðun, að brúin skyldi að mestu leyti byggð fyrir fé úr brúasjóði.

Hofsá er stór á, sem á upptök sín inni á öræfum og hefur mikið vatnasvæði frá upptökum til sjávar. Hún skiptir Hofsárdal. blómlegustu og þéttbýlustu byggð Vopnafjarðarhéraðs, að endilöngu og í það, sem kallað er Suður- og Norðurbyggð, og aðeins er ein brú yfir ána úti við sjó við fjarðarbotn. Hin fyrirhugaða brú innan við prestssetrið á Hofi, nánar tiltekið undan bænum Þorbrandsstöðum, er því ákaflega mikilvæg samgöngubót. Má t. d. nefna, að frá innstu bæjum Hofsárdals sunnan ár, t. d. frá Sunnudal, ef menn hafa erindi þaðan og þurfa á innri bæi Hofsárdals norðan ár, t. d. að býlinu Teigi, þá þurfa þeir að fara vegalengd, sem er röskir 60 km, en leiðin frá Sunnudal að Teigi, ef brúin væri komin, er 5 km. En fleira kemur til greina en samgöngubót í þessu efni. Fyrir 1958 var fyrirhugað að byggja í Vopnafjarðarkauptúni mjólkurvinnslustöð, og var þá sýnt, að brú undan Þorbrandsstöðum var ákaflega mikilvægur liður í sambandi við þá framkvæmd, rekstur mjólkurstöðvar. Í trú á það, að samgmrn. virti ekki að vettugi skuldbindingar um að byggja Hofsárbrú, þá hefur nú verið byggt þetta mjólkurbú, og tók það til starfa á s. l. hausti.

Það er öllum vitanlegt. að það er ekki, eins og dýrtíðinni er nú háttað, hrist fram úr erminni að byggja margra millj. kr. fyrirtæki eins og mjólkurvinnslustöð, fullkomna mjólkurvinnslustöð samkv. þeim kröfum, sem nú eru gerðar til þeirra hluta. En það auðveldar auðvitað ekki rekstur slíkrar stöðvar, þegar ofan á það bætist, að fjárhagsleg fyrirgreiðsla í stofnsetningu slíkrar stöðvar er sáralítil og stopul, þá skuli skapast óvæntir erfiðleikar í sambandi við reksturinn, þ. e. aðdrátt framleiðsluvaranna að búinu. Þegar á það er líka litið, að Vopnafjarðarvegir hafa á undanförnum árum drabbazt niður vegna fjárskorts, bæði hvað snertir uppbyggingu og viðhald, þá er það í raun og veru til þess að kóróna allt þetta ástand að

hafa ekki staðið við að byggja Hofsárbrú. Eins og sakir standa, þarf tvo mjólkurbíla til þess að safna mjólkinni úr Hofsárdal að mjólkurbúinu, annan sunnan ár og hinn norðan. Og þessir bílar, sem kosta meira en 700 þús. kr. samtals, þurfa að aka yfir eða um 70 km leið til að ná þessari mjólk til búsins, í staðinn fyrir, að ef brúin væri komin á Hofsá nálægt Þorbrandsstöðum, væri ekki þörf á nema einum mjólkurflutningabíl, sem þyrfti samtals að aka um 30 km.

Vopnfirðingar vænta því þess, að hæstv. samgmrh. gefi nú yfirlýsingu um það, að umrædd brú skuli verða byggð á næsta sumri.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það er ekkert óeðlilegt, þótt hv. þm. spyrjist fyrir um það, hvenær brú á Hofsá verður gerð, því að vitanlega er það rétt, sem hann sagði hér áðan, að það er þörf á þessu mannvirki. Og ég skal viðurkenna það, að eftir að mjólkurbúið hefur verið byggt í Vopnafirði, þá kallar vitanlega brúin enn meira eftir en áður. En það eru margar brýr í landinu, sem þörf er á að byggja og ekki sízt sem þörf er á að endurbyggja á aðalvegum, þar sem umferðin er mest, og nú vita allir hv. þm., að það hefur verið takmarkað fé til brúargerða að undanförnu og þá matsatriði hverju sinni, hvað lá mest á að framkvæma.

Í tilefni þessarar fsp. hef ég rifjað þetta mál upp með aðstoð vegamálastjóra og lagt fyrir hann nokkrar spurningar í tilefni af þessu, rifjað upp, hvað hefur verið gert síðustu árin, og þegar það kemur í ljós, ætla ég, að hv. þm. verði sammála um, að það er ekki vegna þess, að samgmrh. hafi ekki viljað byggja brúna á Hofsá, heldur eingöngu vegna þess, að það var annað, sem kallaði enn þá meira að, var enn þá nauðsynlegra en brúin á Hofsá.

Í fyrsta lagi spurði ég vegamálastjóra, hvaða brýr það voru árið 1958, sem samþykkt var að byggja fyrir fé úr brúasjóðnum. Og svarið er: „Með bréfi rn., dags. 1. júlí 1958, var ákveðið, að á næstu þrem árum skyldu byggðar brýr á Hornafjarðarfljót, Mjósund í Eyrarsveit og Ytri-Rangá hjá Hellu. Enn fremur var með bréfi rn., dags. 20. des. 1958, ákveðið, að þegar lokið væri byggingu þeirra þriggja brúa, sem um getur í bréfi frá 1. júlí 1958, skyldi byggð brú á Hofsá hjá Hofi í Vopnafirði og kostnaður við brúargerðina greiddur úr brúasjóði, að svo miklu leyti sem fjárveitingar til brúarinnar í fjárlögum hrykkju ekki til."

Þá er spurt að því, hver áætlaður kostnaður sé við brúargerð á Hofsá, og samkv. kostnaðaráætlun, sem hefur verið gerð í haust, er áætlað, að brúin muni kosta 3,2 millj., og er þá miðað við 72,5 m langa brú. Brúin á í geymslufé 480 þús. kr. frá fjárveitingum 1957 og 1958.

Þá er þriðja spurning: Hvaða brýr hafa verið byggðar árlega fyrir fé brúasjóðs árið 1959 og síðar? Til þess að hv. þm. geti þá metið það í huganum, hvort ekki hefur verið þörf á að byggja þær brýr, er eðlilegt, að það sé rifjað upp og lesið upp hér. Það hefur verið lokið við brúna á Hornafjarðarfljóti samkv. áætlun og fyrirmælum, brúna á Ytri-Rangá og brúna á Mjósundi. Þá hefur og verið lokið við að byggja brú á Fjallsá á Breiðamerkursandi, sem mikið var kallað eftir og örugglega er talin mjög nauðsynleg af öllum hv. þm., sem til þekkja. Brúará á Laugardalsvegi hefur einnig verið byggð, og ekki er að efast um, að það var einnig nauðsyn. Þá hefur verið lokið við að gera uppfyllingu við brúna við Ölfusá, sem hafði beðið í nokkur ár, en enginn efast um, að nauðsynlegt var að gera, mjög nauðsynlegt. Þá hefur verið endurbyggð brúin á Klifanda í Mýrdal á Suðurlandsvegi, þ. e. járnbitabrú, en þeir, sem um þá brú fóru, sáu, að hún var í hlykkjum og búizt við, að hún mundi einn góðan veðurdag fljóta burt, ef hún ekki væri endurbyggð. Var hún á aðalvegi. Brúará í Laugardal, það er bara 0.1 millj., sem varið var 1962, þ. e. að ljúka við hana. Gljúfurá í Borgarfirði og Blanda hjá Blönduósi, ekkert er nú að efast um það, að nauðsyn bar til að endurbyggja þessar brýr. Þá eru það Steinavötn í Suðursveit, sem byrjað er á að brúa, og hafa Skaftfellingar sótt mikið á, að því verði lokið, helzt átti að ljúka því á þessu ári, en verður væntanlega lokið næsta sumar. Brú á Hólmsá hjá Skaftártungu, sem var svo þröng, að stærri bílar komust þar ekki yfir, var endurbyggð á s. l. sumri. Þverá á Suðurlandsvegi, sem var timburbrú frá 1932 og talið var að gæti farið niður undan hinum þungu bílum og að áliti vegamálastjóra var ekki fært að bíða lengur með. Það er rétt að rifja upp í einu lagi, hvaða brýr hafa verið byggðar á þessum árum, síðan fyrirmælin um að byggja brú á Hofsá voru gefin. Það er í fyrsta lagi Hornafjarðarfljót, Ytri-Rangá, Mjósund, Fjallsá á Breiðamerkursandi, Brúará í Laugardal, vegfylling við Ölfusá, Þverá á Suðurlandsvegi, Klifandi á Suðurlandsvegi, Hólmsá í Skaftártungu, Gljúfurá í Borgarfirði, Blanda hjá Blönduósi.

Og þá er rétt að gera sér grein fyrir því, hvaða verkefni bíða úrlausnar á árinu 1964 og næstu árum. Vegamálastjóri hefur rifjað þetta upp og gert sér grein fyrir því, hvað það er, sem kallar mest að. Hann segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Með bréfi til rn., dags. 26. sept. 1961, var gerð till. um framkvæmdaáætlun fyrir brúasjóð fyrir árin 1962—1964. Í áætlun þessari var tilgreindur kostnaður við þær brýr, sem lagt var til að byggðar yrðu 1962 og 1963, miðað við lauslegar kostnaðaráætlanir, sem fyrir hendi voru, en engar slíkar áætlanir voru fyrir hendi um þær brýr, sem lagt var til að byggðar yrðu 1964. Téða framkvæmdaáætlun samþykkti rn. síðan með bréfi, dags. 29. sept. 1961, með þeirri breytingu, að í stað brúar á Hofsá í Vopnafirði, sem var lagt til að byggð yrði 1962, skyldi byggð brú á Gljúfurá í Borgarfirði."

M. ö. o.: í staðinn fyrir brúna á Hofsá í Vopnafirði var lagt til, að byggð yrði brú á Gljúfurá í Borgarfirði, sem áætlað var að byggja 1963, en í stað Gljúfurárbrúar skyldi 1963 byggð brú á Tungufljót í Biskupstungum.

Það má e. t. v. segja, að það hafi verið matsatriði, hvort skyldi frekar byggja brú á Hofsá eða endurbyggja Gljúfurárbrúna. En síðan ég fór að fara um Norðurlandsveginn, hefur alltaf verið talað um, að gamla brúin á Gljúfurá væri mjög hættuleg á þessum fjölfarna vegi, og margir höfðu undrazt, hversu lengi það hafði dregizt að endurbyggja þá brú.

Framangreindri áætlun hefur síðan verið fylgt með téðri breytingu rn. Þau verkefni, sem bíða úrlausnar í brúamálum á vegum brúasjóðs á árinu 1964 og síðar miðað við téða framkvæmdaáætlun frá 1961, eru þessi: Miðfjarðará á Norðurlandsvegi, brú á Steinavötn í Suðursveit, brú á Tungufljót og Brúará á Biskupstungnabraut, brú á Hofsá í Vopnafirði, brú á Fnjóská á Norðurlandsvegi, brú á Skjálfandafljót á Norðurlandsvegi, brú á Laxá hjá Búðardal á Vesturlandsvegi, brú á Norðurá hjá Haugum í Borgarfirði.

Þetta eru 8 brýr, sem þarf að byggja á næsta ári og 1965, en þessar 8 brýr munu kosta sennilega nær 30 millj. heldur en 20, og þarf því ekki að reikna með, að því verði öllu lokið á næsta ári, *jafnvel þótt við fáum ný vegalög og aukið fjármagn.* Það hefur ekki verið ákveðið enn, í hvaða röð þessar brýr verða teknar, en fullyrða má þó, að brýrnar á Fnjóská og Miðfjarðará mega ekki bíða lengur og brú á Steinavötn, það má segja, að það liggi fyrir loforð um að gera þá brú á næsta ári. En örugglega verður nú gert eitthvað meira en þetta á næsta ári, og ég get upplýst hv. fyrirspyrjanda um það, að ég tel brúna á Hofsá vel koma til greina á næsta ári, þótt ekki verði unnt að ljúka öllu þessu, sem hér er talið, og ég tel, að sú brú kalli meira eftir nú en áður, vegna þess að mjólkurstöðin er komin, og það er rétt, sem hv. þm. sagði, á meðan ekki er brú upp frá hjá Hofi, verður að nota tvo bíla til flutninganna í staðinn fyrir einn, ef brúin væri komin. Þetta finnst mér vega allþungt, þegar um það er að ræða, í hvaða röð Hofsárbrúin eigi að koma. Þegar þessar 8 brýr eru taldar, er talað um þær brýr, sem voru með í framkvæmdaáætluninni frá 1961, og þess má geta, að það eru margar fleiri brýr, sem eru mjög aðkallandi. Það er Hverfisfljót í Fljótshverfi, Eldvatn hjá Stórahvammi á Suðurlandsvegi, Eystri-Rangá á Suðurlandsvegi, Hvítá í Borgarfirði, Langá á Stykkishólmsvegi, Haffjarðará á Stykkishólmsvegi, Hvítá á Norðurlandsvegi, Djúpadalsá í Skagafirði, Jökulsá á Breiðamerkursandi. Margar fleiri brýr mætti nefna, en þessi upptalning ætti að nægja til þess að sýna, hversu verkefnin eru mörg, sem fram undan eru, og þörfin á auknu fjármagni til þessara framkvæmda er mikil.

Sem svar við spurningu hv. fyrirspyrjanda vil ég segja það, að brúin á Hofsá er á framkvæmdaáætlun, sem gerð var 1961, brúin er aðkallandi að mínu áliti og miklu frekar nú, eftir að mjólkurstöðin er komin, en það hefur ekki enn verið tekin endanleg ákvörðun um það, hvaða brýr verði teknar á næsta ári af þessum 8, sem ég nefndi, og ekki enn vitað, hversu margar af þessum 8 er unnt að taka. En Hofsárbrúin kallar að að mínu áliti, sérstaklega vegna mjólkurbúsins.

Fyrirspyrjandi (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. ráðh. fyrir, að hann svaraði. Það er fyrsta svarið, sem Vopnfirðingar hafa fengið um þetta mál, og það ber að þakka. En ég er leiður yfir því, að ég get ekki alls kostar þakkað hans undirtektir, þó að þær væru út af fyrir sig á marga lund brúarbyggingunni í vil. En þessi yfirlýsing hans og svar ber vott um, að hæstv. ráðh. hefur ekki haft enn þá tíma eða tækifæri til að ákveða það, hvenær Hofsárbrú skyldi vera byggð. Ég tel það í raun og veru utan við þetta málefni að fara að telja upp allar þær þýðingarmiklu brýr, sem bæði hafa verið byggðar og þurfa að byggjast. Hér er í raun og veru ekki fyrst og fremst um að ræða mat á milli brúa, heldur að hæstv. ráðh. virði þá skuldbindingu, sem hann tekur við, þegar hann sezt í ráðherrastólinn. Það er fyrst og fremst þess vegna, sem mig undrar, að það skuli ekki enn þá fást alveg jákvætt svar frá hæstv. ráðh. í þessu efni. Það er staðreynd, að þær brýr, sem áttu að ganga á undan brúarbyggingunni á Hofsá, eru byggðar, lokið við að byggja þær á árunum 1960—1961. Það er líka staðreynd, að 1959 var byrjað að undirbúa þessa brúarbyggingu í krafti þeirrar skuldbindingar, sem ríkið var í sínum tíma búið að binda sig í um byggingu þessarar brúar, og efnið, sem komið var á staðinn, var meira að segja flutt burt, og svo sýna verkin merkin, að það hefur ekkert verið gert enn þá.

Ég ætla ekki að þreyta neinar orðræður við hæstv. ráðh. í þessu efni. Ég vil bara undirstrika það, að þetta svar hans er ekki fullnægjandi, og ég vænti þess, að fljótlega taki hann þá ákvörðun, að nú loksins verði staðið við skuldbindinguna frá 1958 og brúin byggð á næsta sumri. Og það má geta þess, eins og ég gat um og hæstv. ráðh. minntist á, að það er þó nokkur fjárfúlga til frá fjárveitingum 1957 og 1958 til brúarbyggingar, þótt þær hrökkvi nú minna en mundi hafa hrokkið, ef brúin hefði verið byggð á þeim tíma, sem ástæða var til að ætla, en þá var brúin áætluð 1.8 millj. Nú er hún áætluð 3.2. Þetta er þróunin í sambandi við kostnað við brúarbyggingar yfirleitt. Ég efa það ekki, að ráðh., m. a. vegna þess, hversu margar brýr kalla á byggingu, sem eðlilegt er, að brúasjóður standi straum af, hann hraði því að koma þessari brú a. m. k. frá, áður en verðbólgan vex enn meir.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það er nú ekki um að villast af þeim upplýsingum. sem hér hafa verið gefnar, að ekki hefur verið staðið við þau loforð, sem gefin voru í nafni ríkisstj. á sínum tíma um byggingu á brú á Hofsá í Vopnafirði. Það fer ekkert á milli mála. að því hafði verið lofað af þáv. hæstv. ráðh., að byggð skyldi brú á Hofsá í Vopnafirði næst á eftir þremur brúabyggingum, sem þá voru fyrirhugaðar. Þær brýr hafa allar verið byggðar, og síðan hafa verið byggðar allmargar aðrar brýr, sem síðar var lofað að byggja, en hlaupið frá því að efna loforðið, sem gefið var um byggingu á brú á Hofsá í Vopnafirði.

Þá hefur hæstv. samgmrh. nú skýrt frá því, að á árinu 1961 hafi vegamálastjóri gert till. að nýju um brúabyggingar fyrir fé úr brúasjóði og þá aftur gert að sjálfsögðu till. um, að brúin á Hofsá yrði með í næstu áætlun. En enn á ný, þrátt fyrir fyrri loforð, tekur hæstv. samgmrh. þessa brú eina út úr áætluninni, fellir hana niður, en tekur aðra inn, þrátt fyrir það þótt áður væri búið að bregðast gefnu loforði í málinu. Ég

veit, að það er létt verk að telja upp margar brýr hér og þar í landinu eða óbrúuð vatnsföll og benda á það, hve mikil nauðsyn sé á því, að slík vatnsföll séu brúuð. Það er létt verk. Það yrði eflaust hægt að halda áfram slíkum afsökunum næsta áratuginn, ef samgmrh. vill viðhafa slíkt. En hitt er atriði í málinu, að ákveðið loforð hafði verið gefið í þessum efnum, að byggja þessa brú, og á því leikur heldur enginn vafi, að það er brýn nauðsyn á að byggja brúna og hefur verið allan þennan tíma.

Mér þykir mjög leitt að heyra, að hæstv. samgmrh. skuli ekki enn vera búinn að taka ákvörðun um það eftir allt það, sem gert er í þessu máli, að standa við þau loforð, sem gefin hafa verið, og hann hafi enn í huga að draga það að byggja þessa brú. Enn heyrði ég hann hér telja upp nokkrar brýr, sem byggja þyrfti og hann væri a. m. k. ákveðinn að gengju fyrir brúarbyggingunni á Hofsá. Ég vil nú aðeins leyfa mér, um leið og ég kvarta yfir því, hvernig staðið hefur verið að framkvæmdum í þessu máli, að skora á hæstv. samgmrh. að endurskoða nú áætlanir sínar í þessum efnum og kynna sér betur af eigin raun þær þarfir, sem liggja að baki kröfu heimamanna um, að þessi brú verði byggð, því að ég trúi því ekki, ef hann kynnir sér málið til hlítar, að þá fallist hann ekki á réttmæti þess, að þessi brú verði ein sú fyrsta, sem byggð verði hér eftir fyrir fé úr brúasjóði, með tilliti til þess, hvernig þetta mál allt hefur gengið.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Hv. 2. þm. Austf. taldi, að það væri ekki ástæða til að rifja upp, hvaða brýr hafi verið byggðar, síðan fyrirmælin komu um byggingu Hofsárbrúar. Ég tel, að það sé mikið atriði, ef upplýsist, að þótt Hofsárbrúin sé nauðsynleg, þá hafi þær brýr, sem voru byggðar, verið enn nauðsynlegri, — endurbygging gamalla brúa á aðalvegum, sem voru að hrynja. Og víst hefur allt fé brúasjóðs verið notað, og það mun enginn hv. þm. segja, að það hafi ekki verið notað vel, til hinna nauðsynlegustu framkvæmda. Ég tel ekki nokkurn vafa á því, að brúin á Fjallsá var enn nauðsynlegri en brúin á Hofsá. Ég tel einnig, að brúin á Steinavötn hafi verið enn nauðsynlegri en brúin á Hofsá. Allar þessar brýr eru í sama kjördæminu. En það skal viðurkennt, að síðan mjólkurbúið kom í Vopnafirði, en það er stutt síðan, þá hefur viðhorfið breytzt, og brúin á Hofsá kallar meira eftir sér síðan. Þegar við ræðum þetta rólega og yfirvegum staðreyndir, þá held ég, að við verðum allir sammála um, að það sé ekki tilefni til brigzlyrða um, að það hafi ekki verið staðið við loforð. Framkvæmdaáætluninni hefur verið fylgt að öllu öðru leyti en þessu, og það er áreiðanlegt, að þegar ákvörðun hefur verið tekin um brúarbyggingar, þá hefur ekkert annað ráðið en það, hvað verður að ganga fyrir, til þess að samgöngur teppist ekki algerlega, og hvað það er, sem getur beðið, enda þótt það sé nauðsynlegt. Og viðhorf mitt til brúarbyggingarinnar á Hofsá hefur breytzt við tilkomu mjólkurbúsins og mjólkurflutninganna.

6. Hafnargerð við Dyrhólaey.

Á 22. fundi í Sþ., 27. nóv., var útbýtt:
Fsp. til ríkisstj. um rannsóknir á hafnargerð við Dyrhólaey [85. mál, 2] (A. 94).

Á 23. fundi í Sþ., 28. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfði skyldi.
Fsp. leyfð með 32 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Sþ., 4. des., var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Ragnar Jónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fyrirspurn til hæstv. ríkisstj., sem prentuð er á þskj. 94. Fsp. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Hvaða niðurstöður liggja fyrir varðandi þær rannsóknir, sem gerðar voru s. l. sumar á hafnargerð við Dyrhólaey?" Þetta er fyrri liður fsp. Hinn síðari hljóðar svo: „Hvað líður rannsóknum á tilflutningi jarðefna annars staðar við suðurströnd landsins, t. d. í Þykkvabæ?"

Í ágústmánuði s. l. barst mér bréf frá sýslumanni Skaftfellinga, sem hefur inni að halda ályktun frá sýslufundi V-Skaftafellssýslu, er haldinn var í Vík 2.—5. júlí s. l. Bréf þetta hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Sýslufundur V-Skaftafellssýslu, haldinn í Vík 2.—5. júlí 1963, skorar fastlega á þm. Suðurlandskjördæmis að beita sér fyrir því allir sameiginlega, að á næsta Alþ. verði veitt nóg fé til fullkominna rannsókna á hafnargerð við Dyrhólaey, og jafnframt sameiginlega að ganga ríkt eftir því, ef fé fæst til þessara hluta, að fullnaðarrannsókn á umræddri hafnargerð verði framkvæmd tafarlaust.

Um notagildi hafnar við Dyrhólaey fyrir Suðurlandsundirlendið og landið í heild er þm. kjördæmisins kunnugt sem öðrum, er til staðhátta þekkja.

Ályktun þessi sendist öllum þm. kjördæmisins ásamt fyrstu varamönnum þess.

F. h. sýslunefndar V-Skaftafellssýslu.
Einar Oddsson."

Það hefur ríkt þögn um þetta mál nú um nokkra mánuði a. m. k., en þetta hafnargerðarmál við Dyrhólaey er ekki nýtt mál. Það var skömmu eftir síðustu aldamót, sem Bretar buðust til þess að byggja höfn við Dyrhólaey. En sá böggull fylgdi skammrifi, sem Alþ. treysti sér ekki að samþykkja, og var það mál þar með úr sögunni. En þetta hefur alltaf verið vakið upp annað kastið síðan og aldrei sofnað að fullu, þó að lítið hafi þokazt í áttina. Það er engum ljósara en mér, að hér er um stórmál að ræða, sem ekki verður leyst á stuttum tíma. Það hlýtur að krefjast mikils undirbúnings og margháttaðra rannsókna, áður en hægt er að hefjast handa um framkvæmdir.

Árið 1955 flutti Jón Kjartansson, þáv. þm. V.-Skaftfellinga, till. um rannsóknir á hafnargerð við Dyrhólaey, og var hún samþykkt. Hafði hann sumarið áður fengið þýzka verkfræðinga frá firmanu Hochtief í Essen til þess að koma austur í Mýrdal og líta á aðstæður. Menn þessir voru þá á vegum Gísla Sigurbjörnssonar for-

stjóra hér á landi. Þeir komu snögga ferð austur í Mýrdal, og eftir þá ferð tjáðu þeir sig fúsa til að gera viðtækari athuganir. Sumarið eftir voru þessir verkfræðingar að störfum á Akranesi, og hugðist þá Jón Kjartansson fá þá austur að Dyrhólaey og hefja þær rannsóknir, sem um hafði verið rætt og Alþ. hafði samþykkt að gerðar yrðu, en þá brá svo við, að þáv. fjmrh. neitaði að leggja fram fé til þessara rannsókna, þó að Alþ. hefði heitið einróma að veita það. En hið þýzka verkfræðifirma Hochtief var þá búið að skrifa sýslumanni Skaftfellinga og tjá sig reiðubúið til þess að inna af hendi nauðsynlegar mælingar og rannsóknir fyrir 30 þús. vesturþýzk mörk. En þar sem fjmrh. sá sér ekki fært að inna þessa greiðslu af hendi, þá varð ekkert af framkvæmdum að því sinni.

Síðan hafa að vísu farið fram nokkrar rannsóknir á vegum vita- og hafnarmálaskrifstofunnar, og síðast í fyrra var þetta mál til umr. hér á hv. Alþ. og kom fram fsp. um það frá Karli Guðjónssyni, þáv. hv. 6. þm. Suðurlandskjördæmis, og á síðasta sumri kom hingað til lands sérfræðingur frá Bandaríkjunum, sem talinn er mjög fær í því, sem lýtur að sandburði og tilfærslu jarðefna með ströndum fram. Hann mun hafa komið austur í Mýrdal og athugað aðstæður við Dyrhólaey og einnig víðar með suðurströnd landsins, svo sem í Þykkvabæ. En ekki hefur heyrzt um árangur af þeim athugunum, og því ber ég fram þá fsp., sem hér er til umr.

Það er ekki að ástæðulausu, að þessi fsp. er fram komin. Á leiðinni frá Höfn í Hornafirði og til Þorlákshafnar er algerlega hafnlaust. Um langt skeið urðu menn að brjótast í því að flytja nauðsynjar sínar í land úr skipum á smábátum og afurðirnar sömuleiðis um borð í skipin. Þetta átti sér stað undir Eyjafjöllum, í Vík í Mýrdal, við Skaftárós, Hvalsíki og í Öræfum. En þetta var gert aðeins vegna þess. að engar aðrar leiðir voru færar. Og erfiðleikunum, sem í sambandi við þetta voru, þarf ekki að lýsa fyrir mönnum, sem þekkja suðurströndina. En þegar bílarnir komu til sögunnar, breyttist þetta, vegir voru byggðir og brýr. En þessir löngu flutningar með bílum hljóta alltaf að verða dýrir. Öll aðstaða til búskapar í þeim héruðum, sem verða að flytja allar vörur með bílum um langa vegu, hlýtur því að verða miklum mun erfiðari en þar sem hægara er að ná til markaðanna. Það er því ekki óeðlilegt, þó að fólkið, sem þarna býr, í þessum blómlegu sveitum við hafnlausa ströndina, spyrji hvort hægt sé að byggja höfn. Og við þessari spurningu vill það fá svar og það svo fljótt sem verða má. Ég átti heima í Mýrdalnum á annan áratug, og ég horfði oft á fiskiskipin á kvöldin eins og borg fyrir utan, þar sem þau mokuðu upp fiskinum örstutt undan landi, sérstaklega framan af vertíð, en Mýrdælingar gátu ekkert aðhafzt, vegna þess að þeir komust ekki út vegna brims. Vestmannaeyjabátarnir fiska venjulega framan af vertíð með ströndinni vestan undan Eyjafjöllum og allt austur í Meðallandsbugt. Og það er líka vitað mál, að þarna fram undan er oft mjög mikil síld.

Það er mikið talað um jafnvægi í byggð landsins. En unglingarnir, sem alast upp á þessum stöðum, eins og í Mýrdalnum og víðar á Suðurlandi, verða að fara að heiman, um leið og þeir geta farið að bjarga sér, vegna þess að ekki er athafnasvið fyrir þá heima fyrir.

Á stríðsárunum voru Bandaríkjamenn búnir að teikna höfn og gera mælingar í Þykkvabæ. En þegar styrjöldinni lauk, var þetta vitanlega úr sögunni af eðlilegum ástæðum. En fólkið, sem býr á þessum stöðum, í Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu, er ekki búið að gefa upp alla von um, að á öðrum hvorum þessum stað og jafnvel báðum sé mögulegt að byggja höfn. Ég get vel gert mér í hugarlund, hvaða byltingu slíkt mundi valda, en ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða um það hér. En það má gjarnan minnast á það í þessu sambandi, að á þessu svæði eru einhverjar frjósömustu og búsældarlegustu sveitir, sem til eru á Íslandi, og fram undan ströndinni auðugustu fiskimiðin. Það hlýtur því að verða krafa, að fullnaðarrannsóknir varðandi hafnargerðir á þessum stöðum verði látnar fara fram og þeim lokið á eins skömmum tíma og unnt er, og ég treysti því, að hæstv. ríkisstj. geri allt, sem í hennar valdi stendur til þess að hraða þessu nauðsynjamáli.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þessi fyrirspurn á þskj. 94 hefur verið send vitamálastjóra til umsagnar, og ég tel, að henni sé bezt svarað með því að lesa upp hans svar, en það er svo, með leyfi hæstv. forseta, hann segir:

„Spurt er, hvaða niðurstöður liggja fyrir varðandi þær rannsóknir, sem gerðar voru s. l. sumar á hafnargerð í Dyrhólaey. Og í öðru lagi: Hvað líður rannsóknum á tilflutningi jarðefna annars staðar við suðurströnd Íslands, t. d. í Þykkvabæ.

Svo sem áður er fram komið á Alþ., þá hafa á undanförnum árum verið gerðar athuganir á mögulegum hafnarstæðum við suðurströnd Íslands, og hefur þá fyrst og fremst verið litið til Dyrhólaeyjar í því sambandi. Hafa verið gerðar þar nokkrar mælingar og athuganir, er orðið gætu grundvöllur frekari og ýtarlegri rannsókna og jafnframt sá grundvöllur, er hægt væri að nota til samanburðar síðar, ef ástæða væri talin til að gera fullnaðaráætlanir um hafnargerð á þessu svæði.

Þegar það var ákveðið á s. l. vori, að hingað til lands kæmi á vegum háskólans og Fullbright-stofnunarinnar í Bandaríkjunum prófessor Per Bruun frá Flórida til fyrirlestrahalds við háskólann og til að vera til aðstoðar ísl. stofnunum, þá taldi ég mjög mikilsvert að fá prófessorinn til að gera yfirlit yfir athugun á hafnarstæðum og sandflutningi á suðurströndinni. Prófessor Bruun tók mjög vel í þá málaleitun, og var síðan undirbúningur hafinn og nokkrar athuganir gerðar. Haft var samráð við prófessor Trausta Einarsson, er áður hafði gert allmiklar athuganir á sandflutningi með suðurströndinni. Þá voru og gerðar dýptarmælingar að nýju á svæðinu út af Dyrhólaey og þar tekin sýnishorn af botnefnum. Þá var og safnað öllum tiltækum gögnum varðandi málið og nýjar loftmyndir teknar af allri suðurströndinni. Undirbúningur var og hafinn að bylgjuathugun og straumaat-

hugun á Dyrhólaeyjarsvæðinu. Hafði prof. Bruun lagt á ráðin um, hvað gera skyldi, og var ákveðið að fara að hans tillögum í þeim efnum. Starf prof. Bruuns endaði með því, að hann í ágústmánuði gerði stutta bráðabirgðaskýrslu um athuganir og það, hvað gera skyldi. Án þess að um nokkra endanlega niðurstöðu sé að ræða, þá má segja, að í höfuðdráttum séu niðurstöður prof. Bruuns þær, að sandflutningur með suðurströndinni geri hafnarframkvæmd mjög erfiða á öllu svæðinu frá Þjórsá austur í Hornafjörð. Þá er og bylgjuhreyfing og sjávargangur það mikill á þessu svæði og það langt út á það dýpi, er telja verður að hafnarmynni verði að vera staðsett á, svo að skip geti sæmilega örugglega tekið hafnirnar, að mannvirki, hvar sem er á svæðinu, yrðu mjög dýr. Á svæðinu út af Þykkvabæ telur prof. um 1600—1800 m frá ströndinni út á 16 m dýpi, sem telja má hæfilegt dýpi fyrir hafnarmynni á þessum stað. Við Dyrhólaey er um það bil helmingi skemmra út á 16 m dýptarlínu og tilsvarandi ódýrara að byggja höfn þar. Fleira virðist þó benda til þess, að hafnargerð í Dyrhólaey sé framkvæmanlegri en annars staðar á ströndinni, svo sem lega dýptarlína og straumur, er ætti að hindra, að sandur bærist í hafnarmynnið.

Niðurstöður af frumathugun prófessors Bruuns eru því í stuttu máli þær, að sé hugsað til hafnargerðar á suðurströndinni, verði að gera ráð fyrir mjög dýru mannvirki og að álitlegasti staðurinn sé við Dyrhólaey og sé því rétt að leggja megináherzlu á rannsóknir á því svæði. Mjög margt er órannsakað enn þá og þarf að vinna að frekari rannsóknum á margan hátt. Fyrst og fremst þarf að gera straum- og bylgjumælingar við Dyrhólaey. Þá þarf að rannsaka möguleika á efnistöku í nágrenni eyjarinnar og gera verkfræðilegar athuganir á gerð hafnargarða og hafnarsvæðis, áður en hægt er að slá neinu föstu um væntanlegan byggingarkostnað við höfn í Dyrhólaey. Jafnframt þessum athugunum þá mundi ég telja rétt, að gerðar væru rannsóknir á hafnarþörf svæðis þess, er Dyrhólaeyjarhöfn mundi þjóna, og þá um leið, hversu stóra og hvers konar höfn þar væri eðlilegt að byggja með tilliti til væntanlegrar notkunar."

Þetta eru orð vitamálastjóra, sem hefur fylgzt með og unnið að þeirri rannsókn, sem gerð hefur verið í sumar, og hefur gert sér grein fyrir áframhaldandi rannsókn á svæðinu.

Til viðbótar þessu vil ég aðeins segja það, að það er engin tala nefnd um hugsanlegan kostnað við hafnargerð á þessum stað, sem eðlilegt er, vegna þess að rannsóknirnar eru ekki það fullkomnar, að hægt sé að fara nákvæmlega út í kostnaðaráætlun að svo stöddu. En vitamálastjóri hefur leyft mér að hafa það eftir sér, að það sé sameiginlegt álit sitt og prófessor Bruuns, að sá kostnaður, sem hér sé um að ræða, verði ekki reiknaður í millj., heldur í hundruðum millj. kr., og þess vegna ekki óeðlilegt, að ýtarlegar rannsóknir þurfi að fara fram, áður en ákvörðun er tekin.

Fyrirspyrjandi (Ragnar Jónsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. sjútvmrh. fyrir svar hans. Það kom mér ekki á óvart, að það mundi verða kostnaðarsamt mannvirki að byggja höfn við Dyrhólaey, og ég tók það hér fram áðan, að mér væri fyllilega ljóst, að þetta væri svo stórt mál, að það hlyti að þurfa mikinn og langan undirbúning. En ég vil vænta þess, að þær rannsóknir, sem þegar eru hafnar, verði ekki látnar niður falla, heldur verði þeim fram haldið, þangað til endanlegar og ákveðnar niðurstöður liggja fyrir, og ég vil treysta því, að hæstv. ríkisstj. geri það, sem í hennar valdi stendur, til þess að styðja þetta mikla nauðsynjamál. En ég er í engum vafa um það, að einhvern tíma og það kannske ekki svo langt framundan verður byggð höfn við Dyrhólaey, svo framarlega sem rannsóknir segja ekki, að það sé ómögulegt.

7. Flóabátaferðir og Skipaútgerð ríkisins.

Á 22. fundi í Sþ., 27. nóv., var útbýtt:

Fsp. til samgmrh. um flóabátaferðir og endurskoðun á rekstri Skipaútgerðar ríkisins [85. mál, 3] (A. 94).

Á 23. fundi í Sþ., 28. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 32 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Sþ., 4. des., var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Jónas Pétursson): Herra forseti. Fsp. sú, sem ég hef leyft mér að bera hér fram til samgmrh., er á þskj. 94, og hún er á þessa leið:

„Hvað líður athugunum þeim á flóabátaferðum og endurskoðun á rekstri Skipaútgerðar ríkisins, er ráðh. boðaði í umr. í Sþ. 19. apríl s. l. um till. til þál. um samgöngur á sjó við Vestfirði."

Ég vil leyfa mér að rifja aðeins upp í stuttu máli aðdraganda þessa máls og tilefni þessarar fsp., en á síðasta Alþingi lágu fyrir nokkrar þáltill. um sjósamgöngur við Vestfirði og sérstakt skip fyrir Austurland, auk þess sem einnig komu fram frv., sem hnigu í sömu eða svipaða átt. En það var nokkuð liðið á þing, þegar þessi mál voru tekin þar fyrir. Þáltill. tvær, sem ég gat hér um, voru teknar fyrir í hv. allshn. Sú nefnd varð ekki einhuga um afgreiðslu þeirra, og í þinglok komu fram álit frá meiri og minni hl. n., og við umr. í þinglokin lýsti Gísli Jónsson, hv. 1. þm. Vestf., skoðun meiri hl., en hann hafði framsögu af hálfu meiri hl. n. og komst þá þannig að orði m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Ég vildi því vænta þess, að ef of miklar umr. yrðu hér um þetta mál," — og átti hann þá við, að þá var alveg liðið að þinglokum og þess vegna ekki hægt að verja miklum tíma í umr., — „að hæstv. ráðh. vildi, ef hann treysti sér til

þess, lýsa því yfir, að hann léti skipa nefnd til þess að athuga þessi mál á þann hátt, sem meiri hl. leggur til, ef málið fær ekki þinglega afgreiðslu.“

Sú till., sem meiri hl. n. flutti, en það var brtt. við þær tvær till., sem fyrir n. lágu, var þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að skipa nefnd til þess að athuga allan rekstur Skipaútgerðar ríkisins. Að lokinni þeirri rannsókn skal n. gera till. um fyrirkomulag á rekstri strandferða, sem miði að betur skipulagðri og hagnýtari strandferðaþjónustu fyrir landsmenn alla. Skal n. hafa aðgang að öllum gögnum, sem að rekstri þessum lúta, svo og till., sem fyrir kunna að liggja frá öðrum aðilum. Skal verki þessu lokið svo fljótt sem verða má og niðurstöður allar og till. þá kunngjörðar Alþingi.

Fyrirsögn orðist svo:

Till. til þál. um skipun nefndar til að rannsaka og gera till. um rekstur strandferða.“

Eins og ég hef áður rakið, óskaði frsm. eftir yfirlýsingu hæstv. samgmrh., ef ekki ynnist tími til að afgreiða þessa till. Og ég vil þá enn fremur leyfa mér — með leyfi hæstv. forseta — að vitna hér í þau ummæli ráðh., sem þessi fsp. er byggð á, en þau voru á þessa leið:

„Hv. 1. þm. Vestf. beindi þeim tilmælum til mín, að ég gæfi þá yfirlýsingu hér, að þessi mál skyldu verða tekin til athugunar, hvað sem þinglegri afgreiðslu þeirra liði. Og ég get með ánægju gert það.“

Enn fremur sagði hæstv. ráðh.:

„Það eru líka till. um athugun á flóabátaferðum, og ekki síst eru þær nauðsynlegar.“ Og að lokum: „Sem sagt, ég vil svara hv. 1. þm. Vestf. því, að athugunum verði haldið áfram, hvað sem afgreiðslu þessa máls líður hér.“

Flóabátarnir hafa fléttazt þarna inn í, án þess að þær þáltill., sem ég hef verið hér að vitna í, hnigu beinlínis að því, að ferðir þeirra væru teknar sérstaklega til athugunar. En í samvinnunefnd samgöngumála hafði líka á s. l. vetri verið rætt allmikið um þessar flóabátaferðir og nauðsynina á því að taka þær einnig til endurskoðunar og einmitt sérstaklega í sambandi við mál Skipaútgerðarinnar. En í nál. samvn. samgm. frá 15. des. 1962 segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Á fundi n. 15. þ. m.,“ þ. e. 15. desember, „var enn rætt um nauðsyn þess að leggja fram till. til þál. um skipun nefndar til að endurskoða og gera till. um framtíðarskipun þessara samgöngumála, þannig að fjármagn það, sem ríkissjóður leggur fram árlega til þessarar þjónustu, megi koma þeim mörgu aðilum, sem þjónustunnar njóta, að sem beztum notum. Það er sameiginlegt álit n. að vinna að því, er Alþingi kemur saman eftir áramótin, að till. til þál. varðandi þessi samgöngumál verði lögð fram af n. í sameinuðu þingi.“

Af þessu varð þó ekki á síðasta Alþingi, en ég hef leyft mér að rekja þessi atriði hér til þess að sýna, hversu mikil ítök þessi mál hafa átt á Alþingi, og þá um leið, hversu mikið nauðsynjamál hér er um að ræða. Og enn hafa á þessu þingi komið fram bæði þáltill. og frv. um þessi strandferðamál. Austurland á þarna hvað mestra hagsmuna að gæta, ef svo mætti segja, eða það er, eins og fram kom í þáltill. s. l. ár, hvað mest þörfin í þessum tveimur landshlutum, Austfjörðum og Vestfjörðum. En fyrir mér lítur málið þannig út, að það er nauðsynlegt að reyna að taka það í heild til úrlausnar, og vegna þess að hæstv. samgmrh. tók svo vel í við lokaumr. hér á síðasta þingi að halda áfram þeirri rannsókn, sem staðið hefur yfir, þá vildi ég, áður en maður gerir sér grein fyrir framhaldi málsins, óska eftir þeim upplýsingum, sem fram á er farið í þessari fsp. um það, á hvaða stigi málið stendur nú og hversu langt er komið athugunum á rekstri Skipaútgerðarinnar og strandferðaþjónustunnar í heild ásamt með þeirri þjónustu, sem flóabátarnir halda uppi.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Spurt er, hvað líði athugunum þeim á flóabátaferðum og endurskoðun á rekstri Skipaútgerðar ríkisins, er ráðh. boðaði í umr. í sameinuðu þingi 19. apríl s. l. um till. til þál. um samgöngur á sjó við Vestfirði. Hv. fyrirspyrjandi las upp hér part af þeirri yfirlýsingu, sem ég hafði gefið í sambandi við umr. í vor um þessi mál, og ég skal nú aðeins endurtaka einn kafla úr henni, því að hann sýnir alveg, hvernig þetta mál var hugsað. Þar sagði ég í þessum umr.:

„Hv. 1. þm. Vestf. beindi þeim tilmælum til mín, að ég gæfi þá yfirlýsingu hér, að þessi mál skyldu verða tekin til athugunar, hvað sem þinglegri afgreiðslu þeirra liði. Og ég get með ánægju gert það, vegna þess fyrst og fremst, að þessi mál eru og hafa verið þegar í allmikilli athugun.“

Þar átti ég við það, að hér hafa starfað að undanförnu um alllangan tíma norskir sérfræðingar um þessi mál, kynnt sér rekstur Skipaútgerðar ríkisins og margt þar að lútandi. Og það, sem ég átti við með þessu, var það, að þeim athugunum yrði haldið áfram með fullum krafti, þar til yfir lyki með þær, og síðar yrði þá farið í framhaldsrannsóknir, sem þessar frumrannsóknir gæfu tilefni til.

Þessir norsku sérfræðingar hafa nú skilað sínu áliti. Það er dagsett frá þeirra hendi 12. júní s. l. Síðan hefur það verið til nokkurrar athugunar hjá mönnum, sem ég fékk mér til leiðbeiningar og gagnkunnugir eru þessum málum, og álit frá þeim fékk ég 12. sept. s. l. En því miður verður það að segjast, að álit þeirra manna, sem ég hef fengið til þess að athuga þessar norsku till., stangast að nokkru leyti og má segja í grundvallaratriðum við till. Norðmannanna. Úr þessum ágreiningi verður ekki skorið nema með tilraunum, sem verður að gera og gera á næstunni.

Þegar hér var komið málum s. l. haust, frétti ég um það, að hér væri verið að athuga án míns tilverknaðar um samgöngumál landsins í heild sinni, bæði vegakerfi, bílaflutninga og flug, auk þess sem þar fléttuðust náttúrlega inn í strandferðirnar og þeir flutningar, sem við þær eru bundnir. Þetta var maður, sem hingað kom á vegum Efnahagssamvinnustofnunarinnar og á hennar kostnað og gerði þessar athuganir. Ég vildi þá láta koma í ljós, hvað hann hefði að

segja, og hef nú fengið frásögn af till. hans og athugunum, en þessar niðurstöður hans eru fyrst í mínar hendur komnar um mánaðamótin síðustu eða aðeins fyrir nokkrum dögum, þannig að ég hef ekki haft tækifæri til að gera mér fulla grein fyrir þeim enn. En efnislega held ég, að ég megi fullyrða, að í meginatriðum sé hann sömu skoðunar og hinn norski sérfræðingur var, sem hefur í alllangan tíma kynnt sér rekstur Skipaútgerðarinnar.

Það, sem helzt hefur valdið ágreiningi af þessum till. Norðmannanna, er það, að þeir gera ráð fyrir því, að það sé nauðsynlegt, til þess að komast að hagkvæmum rekstri, að nákvæmt tímaplan sé sett um ferðir allra skipanna, þannig að ekki aðeins komudagur, heldur komutími og burtfartartími verði þar ákveðinn, svo að menn geti gengið að þessu vísu, alveg eins vísu og menn ganga að komutíma og brottfartartíma t. d. áætlunarbíla eða flugvéla eða einhverju þess háttar. Enn annað mál, sem þeir leggja ákaflega mikið upp úr, er það, að afgreiðslutækni Skipaútgerðarinnar verði tekin til rækilegrar endurskoðunar og gerbreytt.

Þetta er sem sagt komið á það stig, að nú liggja fyrir endanlegar till. frá þeim sérfræðingum, sem um málið hafa fjallað, bæði innlendum og erlendum, og geri ég þá ráð fyrir í fyrsta lagi, að tilraunir verði gerðar til þess að fá úr því skorið, hvernig þessar till. reynast í framkvæmd, og yfirleitt, hvort þær eru framkvæmanlegar, og síðar verði skipuð nefnd, sem fái öll þessi plögg til athugunar.

Fyrirspyrjandi (Jónas Pétursson): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. samgmrh. fyrir svörin. En það liggur nú fyrir, að það muni vera enn allmikið starf óunnið, áður en ætla má, að verulegar umbætur komist á í þessum málum, og ég vil nú strax sérstaklega beina þeim eindregnu tilmælum og áskorunum til hæstv. ráðh., að hann geri sitt til að hraða þessu máli eftir föngum. En ég vil aðeins vekja athygli á því, að það er vitanlega mikils virði að njóta leiðbeininga og álits erlendra sérfræðinga í málum okkar á flestum sviðum. En það ber þó að hafa í huga, að að lokum verða það þeir, sem hafa mesta þekkingu og reynslu, staðbundna þekkingu og reynslu af veðurfari og öðru, sem þessi mál snertir, flutningaþörf og samgönguþörf o. s. frv., sem koma til með að verða að leggja úrslitaorðið á um þessi mál. Ég geri ráð fyrir því, að það sé alveg rétt, sem hæstv. ráðh. benti hér á að kæmi fram í áliti þessara sérfræðinga, að breyta þyrfti mjög til batnaðar um afgreiðslutækni viðs vegar um land hjá Skipaútgerðinni, en ég vil ekki síður vekja athygli á því, að ég hygg, að breyting á skipakostinum sé þó mesta eða stærsta atriðið, og í minum huga er sá mikli rekstrarhalli, sem er á Skipaútgerð ríkisins nú, og þeir örðugleikar, sem eru á rekstri hennar, ekki sízt því að kenna, að sá skipakostur, sem hún hefur yfir að ráða, hentar ekki lengur því verkefni, sem á að leysa af hendi. Þessi skip eru byggð fyrir allmörgum árum, áður en vegakerfi var komið í það horf, sem það er nú, og áður en flugsamgöngur hófust að nokkru verulegu ráði, en hvort tveggja þetta hefur haft ákaflega mikla breytingu í för með sér á þeirri þörf, sem er fyrir sjósamgöngurnar, auk þess sem stóraukin framleiðsla hefur svo kallað á miklu meiri vöruflutningaþörf en áður var. Ég vil þess vegna að lokum einmitt sérstaklega leggja áherzlu á þetta atriði við athugun málsins, að ég hygg, að breyting á skipakostinum sé það, sem muni vera einna þýðingarmest til þess að koma fram endurbótum á strandferðaþjónustunni.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Það er enginn vafi á því, að menn víðs vegar um landið verða nú orðið fyrir stórtjóni, ekki sízt í atvinnurekstri, vegna þess að strandferðaþjónustan er orðin ófullnægjandi, getur ekki komið út um land t. d. þeim vörum, sem þarf. Veldur þetta stórfelldum vandræðum á marga vegu. Það er því full ástæða til að endurskoða þessi mál, eins og raddir hafa verið uppi um á síðustu þingum og ýtt hefur verið á hér á hv. Alþingi. Það hefur áreiðanlega ekki verið of mikið gert úr þeim vanda, sem orðinn er í þessu efni. Hér hefur komið fram hjá hæstv. ráðh., að erlendir menn hafi verið fengnir til að skoða þessi mál, og það mun sönnu næst, að erlendir hagsýslufræðingar, ef svo mætti kalla þá, norskir, hafi verið hér að verki árum saman að líta á strandferðamálin og eftir því sem ég bezt veit gefið út mörg álit um þau efni, sem jafnharðan hafa svo farið til skoðunar hjá íslenzkum mönnum, sem hafa þá aftur verið á annarri skoðun en hinir norsku, eins og raunar hæstv. ráðh. kom inn á, m. a. um það, hvað hægt væri að gera í tæknilegum efnum í þessu sambandi. Enn fremur kom það fram hjá hæstv. ráðh., að hann hefði nýlega frétt, — og mér þótti það dálítið einkennilegt orðalag, af því að hann fer nú með þýðingarmikinn þátt samgöngumálanna, að hann sagðist hafa nýlega frétt, að maður hefði verið hér á vegum Efnahagssamvinnustofnunar Evrópu til að athuga samgöngumálin í heild, og þá sennilega, að ráðh. hafi ekki fengið aðstöðu til að fylgjast með starfi þessa manns, sem hann sagði, að því er mér skildist, að væri lokið og hann hefði einnig gefið bendingar um tæknileg efni og ýmislegt fleira í sambandi við strandferðirnar.

Allt þetta, sem hér hefur verið tekið fram, og það, sem hæstv. ráðh. upplýsti um þetta, sýnir, að nú er orðið tímabært — og hefði átt að vera búið að gera það fyrr — að skipa nefnd til að endurskoða strandferðamálin, enda voru till. uppi um það hér á hv. Alþingi. Og því vil ég, og ég stóð upp til þess fyrst og fremst, leggja áherzlu á, að það verði mþn. kosin af Alþingi, sem fjalli um þessi mál. Það er á allan hátt alveg eðlileg málsmeðferð. Það er mjög slæmt, að það hefur minna verið gert að því nú í nokkur ár að kjósa mþn. á Alþingi í svona löguð mál en áður var og farið að skipa þær nefndir öðruvísi. Það koma færri sjónarmið til greina með því að hafa nefndirnar þannig og er á allan hátt, t. d. varðandi mál eins og samgöngumál, að minu viti ótilhlýðilegra. Eðlilegra er, að Alþingi kjósi slíkar nefndir og það séu mþn.

Ég vil skora á hæstv. ráðh., þar sem hann er á þeirri skoðun, að það þurfi einmitt að skipa sérstaka nefnd innlendra manna til að íhuga

þessi efni, að beita sér einmitt fyrir því, að það verði mþn., sem verður kosin í þetta mál núna. Það er ekkert nema gott um það að segja að fá erlenda menn til að líta á þessi efni, sérstaklega frá tæknilegu sjónarmiði, því að þeir geta áreiðanlega margt bent á tæknilega, sem mönnum hér er ekki jafnvel kunnugt. En á hinn bóginn er augljóst, að erlendum mönnum, sem koma og dveljast hér stutta stund, verður algerlega um megn að gera heildartill. um samgöngumál þjóðarinnar. Það er auðvitað alveg sjálfsagt, að þeim verður það um megn, þá skortir öll skilyrði til að gera slíkt. En samt sem áður ætti að vera hægt að hafa gagn af þessum álitum tæknilega séð, og ég vil endurtaka áskorun mína til hæstv. ráðh. um að velja nú þann kostinn að hafa það mþn., sem fjallar um strandferðamálin.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég hygg, að tilvitnun sú, sem hér hefur verið rakin í ræðu hæstv. samgmrh. á síðasta þingi, eða það, sem hæstv. ráðh. sagði, eins og þessi tilvitnun ber með sér, hafi verið sagt í umr. í tilefni af því, að fyrir lágu till. um það, að ráðizt yrði í kaup á nýjum strandferðaskipum, bæði fyrir Vestfjarðasamgöngur og Austfjarðasamgöngur. Ég held, að það sé heldur enginn vafi á því, að það hefur komið í ljós, að það er orðin brýn þörf á því að endurnýja þann skipakost, sem Skipaútgerð ríkisins ræður yfir til þessara strandferða, og það þurfi að bæta hér nokkru við. Ég vil því í tilefni af þeim umr., sem hér hafa farið fram, spyrja hæstv. ráðherra um það, hvort ekki hafi farið fram athugun á þessu atriði, annaðhvort á vegum hinna erlendu sérfræðinga eða hinna innlendu sérfræðinga, sem hafa fjallað um málið, hvort ekki muni vera þörf á því, eins og nú er komið, að endurnýja skipakost Skipaútgerðar ríkisins eða bæta þar við nýjum skipum. Ég álít, að þetta sé alveg aðalatriði málsins.

Í þessu efni vil ég einnig benda á, að nú liggja fyrir upplýsingar um, að á næsta ári verður annað af aðalstrandferðaskipunum, af stærri skipum Skipaútgerðar ríkisins, ýmist í skyldubundnum viðgerðum, flokkunarviðgerðum eða þá í siglingum erlendis, sem gert er ráð fyrir. Það verður þannig tekið út úr strandferðaþjónustunni í um 8 mánuði af árinu. Auk þess mun svo þurfa að fara fram allmikil viðgerð a. m. k. á öðru af minni skipunum, svo að það er alveg augljóst mál, að á næsta ári verður sá skipakostur, sem Skipaútgerð ríkisins ræður yfir, með allra minnsta móti og hefur þó yfirleitt þótt vera allt of lítill á undanförnum árum.

Till., sem hafa komið fram á Alþingi, voru fyrst og fremst um það, að ráðizt yrði í kaup á nýjum skipum, að skipakosturinn yrði aukinn. En ég hygg hins vegar, að athuganir hinna erlendu sérfræðinga hafi fyrst og fremst beinzt að því, hvernig mætti draga úr taprekstrinum, sem færður er hjá Skipaútgerð ríkisins, m. a. á þann hátt að skipta þar að nokkru um vinnubrögð í ýmsum efnum. Mér fannst á þeim upplýsingum, sem hér komu fram, að hæstv. ráðh. teldi sig orðinn í allmiklum vanda, því að álit sérfræðinganna félli svo illa saman og líklega yrði að gera einhverjar tilraunir á því, hver þeirra hefði réttast fyrir sér. Ég vil því taka undir það, sem hér hefur komið fram, að það verði gerðar ráðstafanir til þess, að sett verði sérstök nefnd, helzt af öllu kosin af þinginu, til þess að skoða þessi mál í heild, ef hæstv. ráðh. treystir sér ekki til að taka ákvörðun út frá þeim till., sem fyrir liggja, og kveða upp dóm í málinu, þannig að eitthvað verði aðhafzt. Ég vil svo einnig beina því til hæstv. ráðh., hvort hann telji ekki vera tök á því, eins og nú er komið þessum samgöngumálum, að Skipaútgerð ríkisins verði heimilað að taka á leigu nú á næsta ári skip, a. m. k. til bráðabirgða, því að það er alveg augljóst mál, að þessi mál eru að komast í algert öngþveiti. Eru ekki tök á því, fyrst svona hefur farið með allan undirbúning á því að gera ráðstafanir til að kaupa ný skip, að það verði þó a. m. k. til bráðabirgða tekið á leigu skip, eitt eða fleiri, til strandferðaþjónustu nú á næsta sumri?

Ég vænti þess, að hæstv, ráðh. sjái sér fært að svara þessum atriðum í sambandi við umr. um þetta mál.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður, 5. þm. Austf., spurði um tvennt: Hvort þeir, sem hafa fengizt við þessa athugun á rekstri Skipaútgerðarinnar, sem ég lýsti, hefðu athugað skipastólinn, og það hafa þeir vissulega gert. En ég vil undirstrika það, sem hann líka tók fram í sínu máli, að rannsókn þeirra beindist að eðlilegum hætti að því, hvernig takmarka mætti hinn gífurlega rekstrarhalla, sem á Skipaútgerðinni hefur verið undanfarin ár. Og það var einmitt með hliðsjón af því, sem þeir hafa verið með þær till., sem ég nefndi áðan, til þess að koma fyrir hagrænni vinnubrögðum en enn þá hafa tíðkazt. En vissulega hafa þeir haft skipastólinn í huga líka og gert um hann tillögur.

Þá taldi hv. þm., að athuga þyrfti, hvort ekki væri nauðsynlegt að taka á leigu skip til strandferðanna, vegna þess að sá skipakostur, sem nú er til, fullnægi ekki þeim kröfum, sem til útgerðarinnar eru gerðar. Ég tel sjálfsagt, að þetta verði athugað, ef nauðsyn ber til.

Annars verður að taka til greina þá þróun, sem í þessum málum öllum hefur orðið á undanförnum árum. Það er mikill munur á núna, t. d. þeim persónuflutningum, sem Skipaútgerðin þarf að annast í kringum landið og áður var, þegar heita mátti, að allir mannflutningar kringum landið færu fram á sjó. Nú, þegar bæði flugvélar eru komnar til og bílar fara um allar jarðir, fer megnið af mannflutningunum með þessum farartækjum. Jafnvel vöruflutningarnir líka fara að verulegu leyti fram með bifreiðum, bæði til Norðurlands og jafnvel til Austurlands einnig. Á þessu hefur orðið geipibreyting á undanförnum árum. Menn telja sér að sumu leyti heppilegra að senda vörurnar þannig heldur en að senda þær með skipum, vegna þess að þá fá þeir afgreiðslu beint frá þeim stað, sem varan á að flytjast frá, og til þess staðar, sem hún á að flytjast til. Þetta verður náttúrlega að taka til athugunar í þeim úrræðum, sem ákveðin verða um framtíðarskipunina.

Þá hafa bæði þessi hv. þm. og hv. 1. þm. Austf. minnzt á, að eðlilegt væri að skipa n. til að

ganga frá þessum málum, og það var einmitt það, sem ég minntist á í mínu svari við fyrirspurninni, að ég teldi, að nú væri kominn tími til þess, að n. starfaði, með þeim upplýsingum og með þeim rannsóknum, sem farið hafa fram, því að vissulega hafa útlendu sérfræðingarnir og þá alveg sérstaklega þeir, sem hafa athugað hag og rekstur Skipaútgerðarinnar, haft uppi mjög mikilsverðar rannsóknir, sem gefa væntanlegri n., sem málið fær til athugunar. mjög verðmætt og þýðingarmikið efni, sem n. getur þá unnið úr. Ég er því síður en svo á móti því, að n. verði skipuð nú til þess að halda málinu áfram. Ég tel afar mikið unnið með þeim rannsóknum, sem gerðar hafa verið, og n. hafi nú gögn og skilyrði til þess að meta ýmsa hluti, sem voru ekki fyrir hendi áður.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Það hefur borið hér á góma í þessum umr., að óskir hafi verið uppi um það, að endurskoðað yrði skipulag flóabátaferðanna í landinu. Þetta er rétt. Þessar óskir hafa verið uppi a. m. k. 2 undanfarin ár, og ég held ég muni það rétt, að í samvn. samgm. hafi allir verið sammála um, að þetta bæri að gera. En það strandaði á því, að fylgismenn ríkisstj. vildu ómögulega fallast á, að endurskoðunarnefndin væri þingkjörin n., og fyrir bragðið varð ekki neitt úr neinu.

Á síðasta þingi bar svo meiri hl. samvn. samgm. fram till. í þessa átt. Maður skyldi ætla, að meiri hl. n. hefði getað fengið hana samþykkta, en það var ekki einu sinni svo, að till. kæmist til umr. Þá fluttum við brtt. við hana, nokkrir framsóknarmenn ásamt einum þm. Alþb., að n. skyldi verða þingkjörin, og þá strandaði allt. Það hefur verið alveg óskiljanleg andúð gegn því í stjórnarflokkunum, að þingið kysi slíka n. Ekkert annað hefur borið á milli. En nú fagna ég því, sem hæstv. samgmrh. segir, að hann er því samþykkur og lýsir vilja sínum yfir um það, að slík n. verði nú kosin. Og er það gott, að þá kemst málið á rekspöl. Hitt get ég tekið undir með honum, að það er vafalaust bót að þeim athugunum, sem þegar hafa farið fram af erlendum og innlendum mönnum í þessum efnum. Þessi mál snerta næstum því hvert einasta heimili í landinu, hvernig samgöngunum er hagað. Það er því fyllilega eðlilegt, að allir þingflokkar eigi fulltrúa við þessa endurskoðun, og ég endurtek þakklæti mitt til hæstv. ráðh. um það, að hann fellst á þá skipan.

Um strandferðir Skipaútgerðarinnar vildi ég segja það, að það er alkunna og þarf ekki að hafa um það mörg orð, að þær eru langt frá því að fullnægja þörfum fólksins, — mjög langt frá því. Hvað snertir Vestfirði hafa um margra ára skeið verið uppi kröfur um að fá sérstakt Vestfjarðaskip, og um það hafa verið fluttar till. hér á Alþingi hvað eftir annað. Síðast bar það mál á góma á fjórðungsþingi Vestfirðinga nú í haust, og þar var samþykkt ályktun með öllum atkv. á þeim fundi, svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Fjórðungsþing Vestfjarða skorar á alþm. Vestfjarða að vinna að því, að tryggðar verði vikulegar ferðir á sjó milli Vestfjarða og Reykjavíkur með sérstöku Vestfjarðaskipi, eða á annan hátt, ef hentugra þykir."

Hæstv. ráðh. drap á það í þessu sambandi, að hér væri orðin mikil breyting á frá því, sem áður var, að flugvélar og bifreiðar hafa leyst af hólmi að einhverju leyti skipaferðir. Ég neita því ekki, að það er mikil bót að bifreiðaferðum og flugvélaferðum. En á hitt er að líta hvað Vestfirði snertir, og ég býst við, að það sé eitthvað svipað um Austfirði, að allt þetta hérað er innilokað allan veturinn, og verður, hvað sem líður vegabótum. Þetta hérað er ekki í neinu sambandi á landi við Suðurland, Reykjavík eða aðra hluta landsins vegna náttúruskilyrða, svo að þörfin fyrir strandferðirnar er engu minni en hún hefur verið áður hvað þetta snertir, á þessum tíma árs. Hvað snertir flugsamgöngurnar, þá hafa þær batnað víða á landinu, en þær hafa þó lítið batnað hjá Vestfirðingum, og þeir flytja ekki vörur með flugvélum, ekki einu sinni fólk nema að litlu leyti. Þetta er af þeirri einföldu ástæðu, að flugsamgöngur féllu niður þegar sjóflugvélarnar duttu úr sögunni, en eru nú að þokast af stað aftur vegna endurbóta á flugvöllum, þ. e. a. s. notaðar eru litlar flugvélar, sem flytja 4, 6 menn eða kannske eitthvað meira, en ekki stærri en það, að undanteknu flugi til Ísafjarðar. Þannig er ástandið. En þetta er að þokast í rétta átt, og hæstv. ríkisstj. hefur sýnt í verki vilja á því að halda því áfram að bæta þessar samgöngur. En þetta er aðeins til þess að fullnægja allra brýnustu þörfum manna, aðallega vegna sjúkraflugs og þess háttar. Flug- og bifreiðaflutningar geta ekki leyst af hólmi strandferðir hvað Vestfirði snertir.

8. Alúmíníumbræðsla og olíuhreinsunarstöð.

Á 35. fundi í Sþ., 22. jan., var útbýtt:
Fsp. til ríkisstj. varðandi alúmíníumbræðslu og olíuhreinsunarstöð [114. mál] (A. 200).

Á 36. fundi í Sþ., 23. jan., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 32 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Sþ., 5. febr., var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að leggja hér fram fsp. til hæstv. ríkisstj., sem hæstv. iðnmrh. líklega mun svara, og er hún í tvennu lagi: „1) Hvaða samningaumleitanir hafa farið fram við Alþjóðabankann og erlend alúmíníumfélög á vegum ríkisstj., um hvað hefur verið rætt viðvíkjandi raforkuveri og alúmíníumbræðslu og lánum í því sambandi, og á hvaða stigi eru þessir samningar?" Það er vitanlegt, að allmörg ár hefur verið af hálfu ýmissa íslenzkra aðila þreifað á því við erlend alúmíníumfélög, ekki

sízt við eitt af helztu alúmíníumfélögum Bandaríkjanna, Reynolds, hvort þeir mundu hafa áhuga á að setja upp alúmíníumbræðslu á Íslandi og gera samninga um raforku í því sambandi. Út úr þeim umleitunum mun ekkert hafa komið. Hins vegar hefur nú upp á síðkastið komið mjög greinilega fram, m. a. í skrifum hæstv. ríkisstj. og hennar stuðningsblaða, hve mjög mikil þörf væri á að koma hér upp alúmíníumveri og tengja það við stórvirkjun í einhverri af okkar höfuðám. Það er að mínu áliti mjög nauðsynlegt, að áður en nokkrir samningar fari fram eða nokkuð sé gert í þessum málum, sem bindur hendur Íslands á nokkurn máta, fái Alþingi í fyrsta lagi upplýsingar um, hvernig þessir hlutir standa, og gefist síðar í öðru lagi tækifæri til þess að ræða um þessi mál og taka sínar ákvarðanir. Þess vegna er þessi fsp. borin fram, til þess að fá þær upplýsingar, sem hæstv. ríkisstj. á þessu stigi málsins vildi gefa eða teldi sér fært að gefa.

Í öðru lagi er spurt um, hvort það hafi farið fram athuganir eða jafnvel samningaumleitanir á byggingu olíuhreinsunarstöðvar hér, hvaða kosti slík stöð sé talin hafa, hvaða kostnaður sé talinn við hana og hvernig þær athuganir eða samningaumleitanir standa. Viðvíkjandi olíuhreinsunarstöð er mér ekki kunnugt um, að verulega hafi verið rætt um það áður fyrr, en nú upp á síðkastið hefur þetta mál nokkrum sinnum borið á góma í blöðum hæstv. ríkisstj. og jafnvel í greinum hæstv. ráðh., þannig að ég tel heppilegt, að Alþingi fái skýrslu um þetta mál nú. Ég skal fyrir fram ekkert fullyrða, enda er ég þeim málum ekki mikið kunnugur, hvort það mundi vera fyrirtæki, sem mundi borga sig fyrir okkur Íslendinga að setja upp, en ég býst við, að það hljóti að hafa verið vel athugað, og eins væri nauðsynlegt að fá upplýsingar um hitt, hvort gengið sé þá út frá, að þetta sé algerlega íslenzk eign eða hvort, eins og ég býst við að mundi vera með alúmíníumbræðslu, að þar mundi vera um að ræða eign erlends félags hér á Íslandi. Ég held, að það sé tími til kominn, að Alþingi fái upplýsingar um þetta, og þá gefist síðar meir, ef ástæða þykir til, tækifæri til þess að ræða þau mál.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Hv. 3. þm. Reykv. hefur borið fram fsp. til ríkisstj. í tveim liðum á þskj. 200 varðandi alúmíníumbræðslu og olíuhreinsunarstöð. Fyrri liður þeirrar fsp., sem nú er hér á dagskrá, fjallar um samningaumleitanir við Alþjóðabankann og erlend alúmíníumfélög viðvíkjandi raforkuveri og alúmíníumbræðslu hér á landi, og skal ég fyrst svara honum.

Eins og áður hefur komið fram hér á Alþingi, hefur ríkisstj. nú um nær þriggja ára skeið beitt sér fyrir athugunum og viðræðum varðandi byggingu stórvirkjunar og alúmíníumbræðslu hér á landi. Athuganir þær, sem ríkisstj. hefur látið gera, falla í tvo meginflokka. Annars vegar eru tæknilegar athuganir á möguleikum til stórvirkjunar hér á landi og kostnað við hana og tæknileg atriði varðandi staðsetningu alúmíníumbræðslu. Hins vegar eru athuganir á því, hvort unnt verði að semja við erlend alúmíníumfyrirtæki um byggingu og rekstur alúmíníumbræðslu hér á landi með kjörum, sem Íslendingum væru aðgengileg.

Fyrir hönd ríkisstj. og á hennar vegum hafa tveir aðilar unnið að athugun þessara mála, stóriðjunefnd, sem svo hefur verið kölluð, og raforkumálastjórn ríkisins. Stóriðjunefnd var skipuð af þáv. iðnmrh., Bjarna Benediktssyni, með bréfi dags. 5. maí 1961. Nm. hafa verið dr. Jóhannes Nordal seðlabankastjóri, formaður, Eiríkur Briem rafmagnsveitustjóri, Pétur Pétursson forstjóri, Sveinn Valfells forstjóri og Jóhann Hafstein, þar til í nóvember s. l., að hann vék úr n., en Magnús Jónsson bankastjóri var þá skipaður í hans stað.

Unnið hefur verið að því kappsamlega að rannsaka til hlítar möguleika til byggingar hagkvæmrar stórvirkjunar, annaðhvort við Búrfell í Þjórsá eða Dettifoss í Jökulsá á Fjöllum. Hafa þessar athuganir beinzt að því jöfnum höndum að kanna, hvernig bezt megi leysa úr raforkuþörf til almenningsnotkunar hér á landi á næstu árum og hvar og með hvaða hætti sé hagkvæmast að framleiða það orkumagn, sem alúmíníumbræðsla þyrfti til starfsemi sinnar. Hafa þessar virkjanir verið bornar saman við smærri orkuver, svo sem gufuvirkjun í Hveragerði og vatnsvirkjun í Brúará, í því skyni að leiða í ljós, hvaða leiðir séu hagstæðastar frá sjónarmiði neytandans hér á landi. Þær athuganir, sem gerðar hafa verið til þessa, benda til þess, að 105 þús. kw. orkuver við Búrfell í Þjórsá muni vera hagkvæmasta lausnin, bæði frá sjónarmiði raforkuframleiðslu til almenningsnota og til alúmíníumbræðslu. Mundi þá helmingur orkunnar verða notaður til alúmíníumbræðslu, en helmingur til almenningsþarfa. Slík virkjun mundi kosta rúmar 1100 millj. kr. ásamt háspennulínu til Reykjavíkur. Síðar yrði hægt að auka afl þessarar virkjunar um helming eða upp í 210 þús. kw. á mjög hagkvæman hátt, og mundi kostnaður við þá stækkun, sem gera mætti í áföngum, ekki vera nema um 600 millj. kr. Með þessu orkuveri væri tryggð næg ódýr raforka hér á landi langt fram í tímann. Orkuver við Búrfell er mjög vel staðsett, þar sem það er nærri meginmarkaðinum fyrir raforku hér á landi, í Reykjavík og á Suðvesturlandi. Jafnframt getur orðið hagkvæmt að leggja háspennulínu frá Búrfelli norður til Akureyrar og tengja þannig saman raforkukerfi Norður- og Suðurlands.

Um staðsetningu alúmíníumverksmiðju er það að segja, að athuganir hafa leitt í ljós, að ódýrast og hagkvæmast sé að staðsetja hana við sunnanverðan Faxaflóa. Hins vegar er einnig verið að athuga möguleika á því, að alúmíníumbræðslan yrði staðsett við Eyjafjörð, ef háspennulína yrði lögð frá Búrfelli til Akureyrar. Stækkun verksmiðjunnar í framtíðinni mundi þá byggjast á raforku frá virkjun við Dettifoss.

Ég skal nú víkja að hinu atriðinu, viðræðum við erlend alúmíníumfyrirtæki. Eins og kunnugt er, hafa á vegum ríkisstj. átt sér stað síðustu 3 árin viðræður við ýmis alúmíníumfyrirtæki um möguleikana á því, að þau settu upp alúmíníumbræðslu hér á landi. Hér hefur eingöngu verið um könnunarviðræður að ræða, þar sem skipzt hefur verið á skoðunum um hugsan-

legan samningsgrundvöll, en engar skuldbindingar gefnar af hálfu aðila. Viðræður þessar hafa reynzt jákvæðar að því leyti, að nú virðist útlit fyrir, að tvö alúmíníumfyrirtæki, annað svissneskt, en hitt amerískt, hafi áhuga á því að reisa hér í sameiningu alúmíníumbræðslu. Virðist útlit fyrir, að samningsgrundvöllur geti orðið fyrir hendi, en úr því getur ekki fengizt skorið fyrr en á síðara stigi málsins. Í væntanlegum samningum við alúmíníumfyrirtækin skiptir það höfuðmáli fyrir Íslendinga, að unnt reynist að semja um viðunandi tekjur af alúmíníumbræðslunni Íslendingum til handa, en þar er raforkuverðið mikilvægast. Í öðru lagi er nauðsynlegt, að hægt verði að gera bindandi samning við alúmíníumfyrirtæki um það, að þau ábyrgist kaup á tilteknu magni raforku í langan tíma með föstum orkusölusamningi. Slíkur orkusölusamningur er ómetanlegur grundvöllur þess, að Íslendingar geti aflað fjármagns til virkjunarinnar, en um leið taka alúmíníumfyrirtækin á sig alla áhættu að því er varðar framleiðslusveiflur í framtíðinni. Margvíslegar fyrirmyndir slíkra samninga má finna í öðrum löndum.

Með tilliti til hins jákvæða árangurs af virkjunarrannsóknunum og viðræðum við alúmíníumfyrirtækin þótti ríkisstj. tímabært nú fyrir skömmu að taka upp viðræður við Alþjóðabankann í því skyni að kynna honum málið. Verða nú á næstu mánuðum lögð fyrir bankann öll tæknileg gögn, sem fyrir liggja, svo að hann geti metið málið í heild. Eins og af þessu má sjá, er hér enn eingöngu um könnunarviðræður að ræða, og munu raunverulegir samningar um lánsútvegun ekki hefjast fyrr en á síðara stigi málsins.

Ríkisstj. er eindregið þeirrar skoðunar, að stórvirkjun sú, sem hér hefur verið rædd, ásamt byggingu alúmíníumbræðslu, sé framkvæmd, sem geti haft stórkostlega þýðingu fyrir þjóðarbúskap Íslendinga. Með þessu móti mundi Íslendingum opnast í fyrsta skipti leið til þess að nýta hinar geysimiklu orkulindir, sem þjóðin á ónotaðar í stórám Íslands. Stórvirkjanir á borð við Búrfellsvirkjun og Dettifossvirkjun eru svo mikil fyrirtæki, að enn mun líða langur tími, þangað til Íslendingar geta ráðizt í þau af eigin rammleik, nema til komi samtímis nýr iðnaður, sem getur orðið kaupandi að miklum hluta orkunnar. Takist okkur hins vegar að komast yfir fyrsta hjallann, má telja víst, að framhaldið verði auðveldara, svo að ódýr orka til iðnaðar og almenningsnota geti orðið einn af hyrningarsteinum bættrar afkomu íslenzku þjóðarinnar.

Auk þeirrar þýðingar, sem alúmíníumbræðslan mundi hafa fyrir þróun stórvirkjana hér á landi, mun rekstur hennar gefa þjóðarbúinu drjúgar tekjur í framtíðinni. Ef reiknað er með 30 þús. tonna verksmiðju, eins og gert hefur verið í viðræðum að undanförnu, mundi alúmíníumbræðslan skapa 250—300 manns atvinnu, en auk þess er ástæða til þess að ætla, að frekari alúmíníumiðnaður mundi vaxa hér upp á grundvelli þess hráefnis, sem frá alúmíníumbræðslunni mundi koma.

Vilji Íslendingar nota þá möguleika, sem hér eru fyrir hendi, er ekki um aðrar leiðir að ræða en semja við erlent alúmíníumfélag, sem býr yfir þeirri þekkingu, fjármagni og markaðsaðstöðu, sem nauðsynleg er í þessari framleiðslugrein. Um 30 þús. tonna alúmíníumbræðsla mundi kosta um 1100 millj. ísl. kr., svo að það er augljóst, að í slíkt fyrirtæki mundu Íslendingar ekki geta lagt af eigin rammleik, jafnvel þótt þeir væru fúsir til að taka á sig þá áhættu, sem í því mundi felast. Sú leið, sem hér hefur verið rætt um að fara, felst hins vegar í því, að alúmíníumfyrirtækin leggi fram allt fjármagn til alúmíníumbræðslunnar og taki á sig alla áhættu af rekstri hennar. Hins vegar verða hagsmunir Íslendinga tryggðir eins vel og verða má með löngum samningi um orkusölu, er geti orðið undirstaða fjáröflunar til fyrstu stórvirkjunar á Íslandi.

Eins og hér hefur komið fram, hafa þær viðræður, sem átt hafa sér stað til þessa, eingöngu beinzt að því að kanna málin, hugsanlega aðstöðu og möguleika. Mjög mikið verk hefur hins vegar verið innt af höndum og margþættar athuganir farið fram, sem allt er mjög mikilsvert og forsenda þess, að stórmál, sem hér um ræðir og á áður ótroðnum slóðum af hálfu Íslendinga, geti orðið farsællega til lykta leitt. Þykir mér rétt, að fram komi, að dr. Jóhannes Nordal, formaður stóriðjunefndar, hefur haft mjög ötula forgöngu í málinu af miklum dugnaði og skarpskyggni.

Enn mun nokkur tími líða, áður en raunverulegar samningsviðræður geti hafizt. Þegar að því kemur, mun Alþingi að sjálfsögðu verða skýrt rækilega frá gangi málsins, svo að það geti tekið afstöðu til mála, eftir því sem framvinda samninganna gefur tilefni til, og í þess höndum yrði að sjálfsögðu að marka framtíðarstefnu Íslendinga í þessum stóriðju- og stórvirkjunarmálum.

Síðari liður fsp., sem hér liggur fyrir, fjallar um olíuhreinsunarstöð, og er spurt um, hvaða samningar muni hafa farið fram í því máli og hvaða kosti það sé talið hafa að byggja slíka stöð hér á landi.

Upphaf þessa máls er það, að ýmsir aðilar hafa undanfarin tvö ár gert sér grein fyrir því, að olíuhreinsunarstöð færi að verða arðbært fyrirtæki hér á landi. Kemur þar tvennt til: annars vegar ört vaxandi notkun benzíns og olíu vegna aukinnar vélvæðingar, en hins vegar tækniþróun í olíuhreinsun, sem gert hefur minni hreinsunarstöðvar en áður arðbærar. Er nú svo komið, að olíuhreinsunarstöðvar hafa verið byggðar í öllum löndum Vestur-Evrópu nema á Íslandi og í Lúxembourg, og fjöldi smáþjóða utan Evrópu, sem ekki hafa stærri heimamarkað en Íslendingar, hefur þegar fengið olíuhreinsunarstöðvar. Alvarlegar athuganir á þessu máli hér á landi hófust vorið 1963, er erlendur aðili lét í ljós áhuga á því að beita sér fyrir stofnun olíuhreinsunarstöðvar á Íslandi. Átti hann viðræður við hóp áhugamanna um þetta mál, en ríkisstj. átti á því stigi ekki aðild að þeim viðræðum, sem fram fóru.

Þessar byrjunarviðræður hafa borið sæmilegan árangur, enda leiddu þær til þess, að í ágústmánuði kom hingað til lands fulltrúi frá amerískri fjárfestingarstofnun, J. H. Whitney & Co. í New York, er tjáði sig reiðubúinn til þess að

hafa forgöngu um stofnun olíuhreinsunarstöðvar og útvegun fjármagns til hennar. Lagði þessi fulltrúi fyrirtækisins fram byrjunarupplýsingar um áætlaðan stofnkostnað og rekstur olíuhreinsunarstöðvar. Ríkisstj. fékk um þetta leyti málið til meðferðar, og hefur það m. a. verið til athugunar hjá stóriðjunefnd. Leitað var eftir sérfræðilegri aðstoð hjá ensku ráðgjafarfyrirtæki, Cooper Brothers, sem mikla reynslu hefur í þessum efnum, og hefur það skilað skýrslu um málið, sem byggð er á þeim bráðabirgðaupplýsingum, sem fyrir lágu.

Það sem ég hef hér um málið að segja, er byggt á þessum upplýsingum. Það kemur ótvírætt í ljós í skýrslu Cooper Brothers, að olíuhreinsunarstöð hér á landi getur orðið arðbært fyrirtæki. Markaðurinn fyrir olíuvörur hér á landi er hins vegar þannig saman settur, að ekki væri tæknilega hagkvæmt að byggja olíuhreinsunarstöð með það fyrir augum að fullnægja honum einum. Hefur í áætlununum verið gert ráð fyrir því, að nokkur hluti framleiðslu olíuhreinsunarstöðvarinnar, einkum benzín og brennsluolía, yrði fluttur út, en á hinn bóginn yrði haldið áfram að flytja inn verulegt magn gasolíu. Gert er ráð fyrir því, að heildarkostnaður við stofnsetningu olíuhreinsunarstöðvar yrði 300—350 millj. kr., og á að vera hægt að fá meginhluta þess fjár að láni erlendis með sæmilegum kjörum. Með í stofnkostnaði fyrirtækisins væru þá taldar allmiklar birgðageymslur fyrir olíuvörur, en það mundi spara íslenzku olíufélögunum mikla fjárfestingu, sem ella þarf að leggja í á því sviði á næstu árum.

Í skýrslu Cooper Brothers er gerð tilraun til þess að meta gjaldeyrissparnað, sem rekstur slíks fyrirtækis hefði í för með sér. Sé gert ráð fyrir því, að allur stofnkostnaður sé endurgreiddur á 10 árum, mundi beinn gjaldeyrissparnaður af rekstri stöðvarinnar nema um 75 millj. kr. fyrsta árið, 88 millj. kr. á 5. ári, 112 millj. kr. á 10. ári og 166 millj. kr. á ári eftir 15 ár. Olíuhreinsunarstöðin mundi þannig hafa í för með sér verulegan gjaldeyrissparnað, og þó sérstaklega ef reiknað er með því, hve lítinn mannafla þarf til starfsemi hennar. Gert er ráð fyrir, að heildarmannaflinn, sem reksturinn útheimtir, verði um 100 menn, en það þýðir, að gjaldeyrissparnaður á mann mundi nema frá 750 þús. kr. fyrsta árið, en mundi smáhækka upp í tæpa 1.7 millj. kr. á ári, ef miðað er við framangreindar tölur.

Auk beins hagnaðar og gjaldeyrissparnaðar, sem olíuhreinsunarstöð hefði í för með sér, er óhætt að fullyrða, að af henni yrði margvíslegur óbeinn hagnaður fyrir íslenzkan þjóðarbúskap, sem erfitt er að meta. Olíuhreinsunarstöð mundi framleiða ýmis hliðarefni, sem mikla þýðingu gætu haft, svo sem asfalt til vegagerðar og vatnsefni, sem gæti orðið mikilvægt í sambandi við stækkun áburðarverksmiðjunnar. Mikilvægasti óbeini hagnaðurinn af rekstri olíuhreinsunarstöðvarinnar er þó að flestra dómi sá, að með henni mundi koma inn í landið margvísleg tæknikunnátta á sviði efnaiðnaðar og ný tækifæri opnast á því sviði. Olía er nú orðin eitt helzta hráefni í margs konar efnaiðnaði, svo að fullyrða má, að olíuhreinsunarstöð og hliðstæð starfsemi er nauðsynleg forsenda fyrir því, að veruleg þróun geti átt sér stað hér á landi í uppbyggingu efnaiðnaðar. Hefur þessi reynsla komið víða fram, þar sem olíuhreinsunarstöðvar hafa verið byggðar. Hér er því á ferðinni mál, sem fyllsta ástæða er til að gefa gaum. Málið er hins vegar ekki komið á það stig, að tilefni hafi gefizt til ákvarðana í því af hálfu ríkisstj. Enn hafa eingöngu verið lagðar fram bráðabirgðaupplýsingar í málinu, en engar endanlegar áætlanir eða tilboð. Hitt er ekki heldur ljóst enn þá, að hve miklu leyti kemur til kasta ríkisstj. um ákvarðanir í málinu. Gert er ráð fyrir því, að í fyrirtækinu verði íslenzkur meiri hl., svo að stofnsetning þess gæti þess vegna farið eftir gildandi lögum. Jafnframt mun hinn erlendi aðili fús til að selja sinn hluta innan tiltölulega fárra ára, ef þá er sýnt, að fyrirtækið geti staðið við skuldbindingar sínar um endurgreiðslu lána, og yrði félagið þá alíslenzkt. Hafa hinir íslenzku aðilar, sem forgöngu hafa haft um málið, rætt um, að félagið yrði byggt upp með almenningsþátttöku og hlutaféð yrði væntanlega nokkrir tugir millj. kr. Ríkið þyrfti ekki að taka á sig fjárskuldbindingar í sambandi við stofnun slíks fyrirtækis. Enn er athugunum ekki svo langt komið, að fullljóst sé, hvort einhverrar fyrirgreiðslu og þá hverrar sé þörf af hálfu ríkisvaldsins.

Með því, sem ég nú hef sagt, hef ég leitazt við að gefa tæmandi svör við þeim fsp., sem hv. 3. þm. Reykv. beindi til ríkisstj. á þskj. 200.

Fyrirspyrjandi (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. iðnmrh. fyrir mjög skýr og góð svör viðvíkjandi þessum tveimur málum, og er greinilegt, að slíkt stórmál er hér á ferðinni, að Alþingi þarf að láta það til sín taka, og mun ég náttúrlega ekki gera neina tilraun til að fara að ræða það mál hér. Það eru aðeins 2—3 atriði, sem ég vildi mega spyrja að í viðbót, þótt skýrslan hafi verið mjög greinileg, ef það væru ekki nein leyndarmál.

Það eru í fyrsta lagi þau tvö félög, svissneskt og amerískt, sem hugsanlegt væri að semja við viðvíkjandi alúmíníumvinnslu. Ég hef heyrt, að það svissneska félag væri Aluminium Industri í Sviss, sem líka hefur staðið í nokkrum samningum við Norðmenn, og þætti mér vænt um, ef það er ekki neitt leyndarmál, að fá að vita, hvort það væri rétt. Í öðru lagi viðvíkjandi því ameríska félagi langaði mig að vita, hvort um væri að ræða eitt af bandarísku félögunum. Það mundi varla vera um önnur að ræða þá en Reynolds eða Kaiser, því að sá stóri alúmíníumhringur Bandaríkjanna, Aluminium Company of America, hefur fyrst og fremst Kanada-alúmíníumfélagið sem sinn fulltrúa við erlenda samninga. Í öðru lagi þætti mér vænt um að vita, hvort það liggja nú þegar fyrir nokkrar upplýsingar, af því að hæstv. ráðh. sagði, að gert væri ráð fyrir 30 þús. tonnum af alúmíníum í upphafi og til þess þarf ein 60 þús. kw., hvort nú þegar lægju einhverjar upplýsingar fyrir um, hvað þessi alúmíníumhringur mundi áskilja sér mikla stækkun, þar sem vitað er, að 30 þús. tonna bræðsla mundi þykja frekar lítil á evrópskan mælikvarða núna og

almennt talað um milli 50 og 100 þús. tonna, þegar verið er að gera ráð fyrir slíku, enda skilst mér, að þetta mundi þá aðeins eiga að vera byrjun eftir upplýsingum hæstv. ráðh.

Í sambandi við olíuhreinsunarstöðina væri það líka tvennt. Hefur ríkisstj. athugað það í sambandi við olíuhreinsunarstöð eða einstakir aðilar, hvaða áhrif það kynni að hafa í sambandi við okkar viðskipti, þar sem mjög mikið af okkar freðfisksmarkaði byggist sem stendur á því, að við kaupum svo að segja alla okkar olíu frá Sovétríkjunum, og gæti haft slæmar afleiðingar fyrir okkur upp á að finna vörur í staðinn, ef því væri kippt burt? Hitt vil ég undirstrika, sem hæstv. ráðh. kom með hvað snertir olíuvinnslu, og held ég, að það væri mál, sem við þyrftum mjög alvarlega að athuga, áður en við tækjum nokkra ákvörðun viðvíkjandi alúmíníum, að það hráefni, sem að mínu áliti er langþægilegast fyrir Íslendinga að hagnýta, ef þeir vilja koma upp stóriðju með erlendu hráefni, er olían.

Sá efnaiðnaður, sem byggist á því að kljúfa olíuna og hætta að nota hana til brennslu, heldur nota hana sem hráefni til þess að vinna úr plast og nælon og aðra hluti, sem geta komið í staðinn fyrir stál eða hvað sem vera skal, þetta er sá iðnaður, sem nú sem stendur á langmesta framtíð fyrir sér, og sá, sem eykst gífurlegast í heiminum, svo að hvorki stál né alúmíníum né neitt annað slíkt kemst í samjöfnuð við það. En um öll þessi mál held ég, að það gildi, að þetta séu hlutir, sem við þurfum ákaflega vel að athuga og ræða, og þess vegna er mjög gott að hafa fengið þessar ýtarlegu upplýsingar hjá hæstv. ráðh. til þess að byggja á.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Það er ekki ætlazt til, að um ræðuhöld sé að ræða í sambandi við fsp., og ég skal halda mig við það. En ég vildi gefa bendingar í þessu sambandi.

Það er í fyrsta lagi, að hér er um einhver allra stærstu framtíðarmál Íslendinga að tefla, hvorki meira né minna en það, hvernig haga skuli stórum rafmagnsvirkjunum, ef hægt verður að ráðast í þær, hvar orkuverin verði staðsett og annað í því sambandi, sem getur haft hinar þýðingarmestu afleiðingar á allan hátt, enn fremur, hvort taka skuli upp stóriðnað og þá hvort það skuli koma til greina, að það sé að einhverju leyti á vegum erlendra aðila og þá með hvaða skilyrðum og hvernig samninga skuli gera. Síðan kemur til staðsetningar á hinum nýju, stóru iðnaðarfyrirtækjum. Vitanlega er ekki hægt að ræða þessi atriði hér í sambandi við fsp., en það er gott, að þessar upplýsingar hafa komið fram.

En ég vil nota tækifærið til þess að segja, að ég álít, að hér sé um svo þýðingarmikið mál að ræða, að það sé fullkomlega tímabært, þar sem hefur verið undanfarið og er óðfluga verið að beina þessum málum inn í ákveðna farvegi, þá er fyllilega tímabært og nauðsynlegt, að Alþingi fái þessi mál til meðferðar nú alveg á næstunni, á því stigi, sem þau eru. Það er ekki nóg að leggja þessi mál fyrir Alþingi, þegar hæstv. ríkisstj. hefur ákveðið alveg stefnu sína og þá kannske um leið meiri hl. Alþingis, heldur er hér um svo þýðingarmikil málefni að ræða, að það þolir í raun og veru enga bið, að þau séu athuguð af ríkisstj. og Alþingi sameiginlega, hvaða stefnu skuli í þessum málefnum taka. Er sjálfsagt að íhuga, í hvaða formi það gæti eðlilega orðið í framhaldi af þessari fsp. og þeim upplýsingum, sem hér hafa komið fram, og ég vona, að hæstv. ríkisstj. taki því vel, að þannig verði á þessum málum haldið. Hér er um svo örlagarík málefni að ræða, að ég vona, að allir fallist á, að það er ekki nóg að leggja þau fyrir Alþingi, þegar allt er í raun og veru klappað og klárt og ákveðið, hvernig það skuli vera, því að sannast að segja er auðvitað mjög margt um álitamál í þessu sambandi.

Í sambandi við olíuhreinsunarstöð t. d. er það, að olía ætla ég sé u. þ. b. helmingurinn af öllu því vörumagni, sem flutt er til landsins, — olíur og benzín. Það var a. m. k. þannig fyrir stuttu. Þetta er einhver allra þýðingarmesti þátturinn í þjóðarbúskapnum, notkun þessa eldsneytis, bæði fyrir framleiðsluna og fyrir neytendur. Hér yrði að mestu um innlenda neyzlu að ræða. Mér finnst ekki geta komið annað til mála en það fyrirtæki, sem á þessu yrði reist, yrði að vera íslenzkt fyrirtæki, og meira en það, það yrði líka í því sambandi að gera öflugar ráðstafanir til að tryggja hagsmuni íslenzkra neytenda. Þar á ég bæði við framleiðendur, sjávarútveginn og landbúnaðinn, og neytendur. Það ætti ekki undir neinum kringumstæðum að koma til mála, að erlendir aðilar fengju aðstöðu til þess að reka hér fyrirtæki eins og olíuhreinsunarstöð, sem væri ein í sinni grein, t. d. hliðstæð við áburðarverksmiðjuna og sementsverksmiðjuna, og gæti svo sett Íslendingum stólinn fyrir dyrnar. Yrði því að gera öflugar ráðstafanir til að tryggja það, að fyrirtækið yrði raunverulega íslenzkt, og enn fremur að tryggja hagsmuni þeirra, sem þurfa að kaupa þessar vörur. Á þessu sjáum við, hvað þarna er um gífurlega þýðingarmikið málefni að ræða.

Það má segja, að nokkuð öðru máli gegni um alúmíníumframleiðsluna að því leyti til, að þar yrði, að því er mér skilst, nær eingöngu framleitt fyrir erlendan markað, og þá kemur fremur til athugunar um nánara samstarf en hér hefur tíðkazt við erlenda aðila. En þá er það, eins og hæstv. ráðh. segir, hvernig á að koma því samstarfi fyrir. Það yrði að gilda um það sérstök löggjöf, og við höfum ekki nein fordæmi hér eða reynslu í að setja slíka löggjöf. Þá er líka vandi að ákveða, hvernig slík samvinna við erlenda aðila gæti orðið á þann hátt, að íslenzkir hagsmunir væru algerlega tryggðir.

Enn fremur kemur upp í sambandi við þessi málefni öll saman, eins og ég sagði, spurningin um það, hvar á að virkja í landinu, og þá kemur þar inn á þetta stórfellda mál, hvort með ráðstöfunum eins og þessum væri hægt að stuðla að betra jafnvægi í byggð landsins en hefur verið eða hvort ráðstafanir, sem gerðar yrðu í þessum stóru málum, yrðu til þess að auka enn á það ójafnvægi, sem hefur undanfarið verið að skapast í byggð landsins. En nú er ég í raun og veru, býst ég við, farinn að syndga upp á náðina og farinn að halda ræðu, en þetta á eftir þingsköpunum að vera örstutt aths., og þá er aðalefni þeirrar aths. frá minni hálfu sú bending, að það sé fullkomlega tímabært, að Alþingi

fái þessi mál nú til meðferðar með hæstv. ríkisstj., og málin séu einmitt komin á það stig, að það sé ekki seinna vænna, að sá háttur verði upp tekinn, því að það er alveg áreiðanlega bezt fyrir okkur, að leitað yrði, svo sem auðið væri, samstöðu um þessi stórfelldu mál og bækurnar bornar saman. Það væri í einskis þágu, ef sá háttur yrði hafður á þessum málum, að mjög lítill meiri hl. Alþingis væri notaður til þess að berja fram einhverja lausn á þeim, sem mjög mörgum væri afar ógeðfelld, en hitt miklu heppilegra, að leita á fyrsta stigi málanna eftir skoðunum á Alþingi sjálfu og hvernig línurnar liggja hér varðandi þessi stórfelldu efni.

Ég vil benda á, að hæstv. ráðh. sagði það réttilega, að hér kæmi til greina að fara inn á áður alveg ótroðnar slóðir. Hér er því ekki um neitt smávægilegt að ræða. Ég legg því hina þyngstu áherzlu á, að í framhaldi af þessu verði athugað, hvernig þessi mál gætu komið til meðferðar hér á Alþingi nú í framhaldi af þessum **fyrirspurnarviðræðum.**

Ég vil svo einnig í sambandi við þetta benda á, að það er lífsnauðsyn, að hér verði sett ýtarlegri löggjöf en við höfum nú varðandi rétt útlendinga til þess að reka atvinnu í landinu, sem tryggi íslenzka hagsmuni miklu betur en núgildandi löggjöf, tryggi það betur en núgildandi löggjöf, að íslenzk framleiðsla og íslenzkur atvinnurekstur verði raunverulega framvegis í höndum Íslendinga sjálfra, nema í alveg einstökum tilvikum, þar sem Alþingi setti þá sérákvæði með sérstakri löggjöf í hvert skipti og sérstökum samningum. Þetta þyrfti að verða stefnan, sem framfylgt væri. En þá þarf áreiðanlega að endurskoða íslenzka löggjöf að þessu leyti og gera hana betur úr garði en nú er, og eru raunar till. um það hér liggjandi fyrir hv. Alþingi, sem ég vona að verði samþykktar.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég vil út af því, sem fram kom í ræðu hv. 1. þm. Austf., segja, að það hefur aldrei verið í huga ríkisstj. á nokkurn hátt að fara á bak við Alþingi eða hluta af Alþingi með þessi mál, heldur er ég honum alveg sammála um, að það væri mikið gæfuspor í sambandi við framkvæmd slíkra stórmála, að sem mest samstaða gæti náðst á Alþingi um framkvæmd þeirra, þegar þar að kemur. Fram að þessu hefur ríkisstj. ekki talið, að málin væru af hennar hálfu nægjanlega undirbúin og úr garði gerð til þess að leggja þau beinlínis fyrir Alþingi, og það er því meira hending, sem ræður því, að við ræðum þessi mál nú af tilefni fsp. hv. 3. þm. Reykv. En hins vegar hygg ég, að það sé ekki mjög langt í land, eða a. m. k. vona það, að málin verði á því stigi, að hægt sé að gefa þinginu í heild og öllum flokkum þingsins miklu nánari og fullkomnari upplýsingar um þessi mál heldur en verið hefur fram að þessu. En það er mín skoðun, að ég hygg, að ekkert hafi verið gert í þessu máli fram til þessa, sem hefði á nokkurn hátt verið betur farið, að ekki hafi verið gert, vegna þess, eins og ég lagði ríka áherzlu á, að fram til þessa hafa engar skuldbindingar verið gerðar af hálfu hvorugs aðila, heldur aðeins verið lögð rík áherzla á að kanna málin sem bezt, og það er, held ég, einnig farsælast fyrir meðferð málsins á þinginu, þegar þar að kemur, og það er engin ástæða til þess að bera nokkurn kvíðboga fyrir því, að málin verði þá fyrst lögð fyrir Alþingi, þegar ríkisstj. væri búin að ákveða sig í málinu. Hennar markmið er það fyrst og fremst að geta lagt málin fyrir þannig upplýst og þannig könnuð, að þá sé tími til þess og aðstaða til þess fyrir menn að taka ákvarðanir. En það er ómögulegt að neita því, að nokkuð hafa þessi mál gengið fram og aftur á þessum undanförnum 3 árum, sem ég hef talað um. Það hefur verið rætt við alúmíníumfyrirtæki, bæði svissnesk, amerísk og frönsk, og leitað sérfræðilegrar ráðleggingar frá frændum okkar Norðmönnum í sambandi bæði við alúmíníumframleiðslu og virkjanirnar og einnig könnuð nokkuð þeirra reynsla af samvinnu við erlent fjármagn í uppbyggingu þeirra atvinnuvega. En sem sagt, ég tek alveg undir það, að það er mjög æskilegt, að sem bezt samstaða og samvinna geti orðið um þessi mál, þegar til framkvæmda kemur.

Varðandi olíuhreinsunarstöðina og þá áherzlu, sem hv. 1. þm. lagði á það, að hún yrði alíslenzk, vegna neyzlunnar og hagsmuna neytenda hér innanlands, skal ég taka það fram og bæta því við það, sem ég sagði áður, að í sambandi við þær viðræður, sem fram hafa farið við erlenda aðila um það að koma upp þessari olíuhreinsunarstöð, bæði aðstoð þeirra við fjáröflun og tæknibekkingu, þá hefur einnig komið fram, að þeir væru fúsir til þess innan mjög skamms tíma að ganga út úr fyrirtækinu aftur, sem þeir væru frá upphafi alltaf í minni hl. í, og hefur þar t. d. verið talað um ekki lengri tíma en svo sem 7 ár, svo að ég held einnig hvað þessu máli viðvíkur, að það þurfi ekki að bera í brjósti neinn kvíðboga fyrir samstarfi við erlenda aðila og á engan hátt þannig, að ekki muni vera séð af hálfu ríkisvaldsins, sem er alveg réttilegt, nægjanlega fyrir hagsmunum neytendanna í sambandi við aðstöðu til að setja upp slíkt fyrirtæki hér á landi.

Hv. 3. þm. Reykv. spurði, hvort það væri nokkurt leyndarmál, þessi tvö alúmíníumfyrirtæki, sem ég nefndi, og gat þess til, að annað þeirra væri AG, svissneska alúmíníumfyrirtækið, sem ég nefndi. Og það er alveg rétt, það fyrirtæki hefur nú breytt um nafn og kallar sig nú Swiss Alumínium. Hitt fyrirtækið er amerískt, American Metal Climax, og það er í sjálfu sér engin leynd yfir því heldur. Það eru þessi tvö fyrirtæki, sem við nú á síðasta stigi þessa máls höfum verið í viðræðum við.

Um annað atriði, sem hv. 3. þm. Reykv. spurðist fyrir um, varðandi stækkun verksmiðjunnar og hvað hinir erlendu aðilar hefðu áskilið sér í því sambandi, liggur ekki neitt ákveðið fyrir um það á þessu stigi málsins annað en þeir hafa ráðgert og í öllum viðræðum hefur það verið ráðgert, að fyrirtækið mundi stækka og þessi 30 þús. tonna alúmíníumbræðsla væri byrjunarstigið. En hins vegar er ekki svo langt komið, að talað hafi verið um neinar skuldbindingar í sambandi við stækkanir verksmiðjunnar í framtíðinni.

Hv. 3. þm. Reykv. minntist einnig á eitt atriði, áhrifin á viðskiptin við Sovétríkin í sambandi

við olíuhreinsunarstöð, því að þaðan höfum við keypt alla okkar olíu. Að sjálfsögðu hefur ríkisstj. fyrir sitt leyti og mun hugleiða það mál sérstaklega. Það er ekki enn komið svo langt, að fyrir liggi neitt ákveðið í því sambandi. Hins vegar dylst engum, að það er atriði, sem þarf að taka til athugunar. Það var að vísu ekkert á þetta minnzt, þegar við byggðum hér sementsverksmiðju, en innflutningurinn á sementi til landsins, þegar verksmiðjan tók til starfa, var um 76 þús. tonn flutt frá jafnkeypisløndunum. En hitt er líka, að það er minna atriði og um minni upphæðir að ræða, og að sjálfsögðu fer það ekki dult, að þetta mál þarf að athugast í sambandi við olíuhreinsunarstöðina, og sé hún byggð af íslenzkum einstaklingum, hvort heldur sem er einum eða í samvinnu við erlenda aðila, er það einmitt íslenzkra stjórnarvalda að hafa þessi atriði í huga — við komumst ekki hjá því — og gæta okkar aðstöðu í því. Ég vona hins vegar, að það verði ekki á vegi hagkvæms fyrirtækis fyrir svona litla þjóð eins og Íslendinga, vona, að það komi ekki til þess, að þar verði á vegi miklir erfiðleikar á þessu sviði í sambandi við hina stóru þjóð, Sovétríkin. Í öðru lagi vitum við það, að eins og straumarnir liggja nú í milliríkjaviðskiptum, eru í sívaxandi mæli að aukast viðskipti og aukast frjáls viðskipti milli hins austræna og vestræna heims, og ef sú þróun heldur áfram, þá mundi hún að sjálfsögðu draga úr erfiðleikum, sem við jafnvel kynnum að mæta af þessum völdum í sambandi við fyrirtæki eins og olíuhreinsunarstöð.

Ég vil aðeins að lokum til frekari fróðleiks og upplýsinga geta þess, að þegar við erum að tala um orkuver við Búrfell eða Dettifoss, erum við að tala um stórvirkjanir, sem eru á 2. hundrað þús. kw. eða rúml. 100 þús. kw., en núna er öll okkar orka frá Soginu, sem er, ef svo má segja, alveg fullvirkjað, tæp 90 þús. kw., svo að það sést, að hér er um mikið átak í einu að ræða af hálfu okkar Íslendinga, því að þessar aflstöðvar höfum við byggt upp á mörgum undanförnum árum, og jafnframt, eins og ég sagði, verið gert ráð fyrir því, að innan tíðar og á mjög hagkvæman hátt verði hægt að tvöfalda orkuna í slíkri stórvirkjun, eins og hér hefur verið um talað. Það væri kannske einnig nokkur upplýsing í því í sambandi við það, sem ég gat um gjaldeyrissparnað, í sambandi við olíuhreinsunarstöðina var það víst, að þær tvær stórverksmiðjur, sem við eigum nú fyrir, áburðarverksmiðjan og sementsverksmiðjan, ef við athugum þær til samanburðar, þetta var frá 75 og allt upp í 166 millj. kr. gjaldeyrissparnaður, sem áætlaður var af olíuhreinsunarstöðinni, en það hefur verið gert ráð fyrir því, að gjaldeyrissparnaður af áburðarverksmiðjunni sé nú árlega um 42—43 millj. kr., og ef ætti að byggja nýja slíka verksmiðju, er áætlað, að hún mundi kosta eitthvað á 5. hundrað millj. kr., ný verksmiðja eins og þessi, sem við höfum. Af sementsverksmiðjunni er gjaldeyrissparnaðurinn árlega áætlaður vera nálægt 70 millj. kr. og talið, að ef við ættum að byggja nýja sementsverksmiðju nú eins og þessa, sem við höfum, mundi hún kosta um 350 millj. kr.

Ég hef svo ekki fleira um þetta að segja, en ég lýk máli mínu með því, að ríkisstj. mun að sjálfsögðu gera sitt ýtrasta til þess, að Alþingi fái, þegar tímabært er, sem fyllstar upplýsingar um þetta mál, eins og fram hefur komið og óskað hefur verið eftir.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Eins og minnt hefur verið á úr forsetastól, er hér takmarkaður ræðutími samkv. þingsköpum. En ég vil leyfa mér nú, þegar þessar umr. fara fram, að minna á það, að Alþingi hefur á sínum tíma gert ályktun um stórvirkjunarmál. Sú ályktun var gerð 22. marz 1961 í formi þál. um að undirbúa virkjun Jökulsár á Fjöllum til stóriðju. Sjálf ályktunin var svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta hraða gerð fullnaðaráætlunar um virkjun Jökulsár á Fjöllum og athugun á hagnýtingu orkunnar til framleiðslu á útflutningsvöru og úrræðum til fjáröflunar í því sambandi."

Síðan þessi ályktun var gerð hér á Alþingi, eru nálega 3 ár liðin, og nú eru hér í dag af hálfu hæstv. ríkisstj. að gefnu tilefni fsp. um þetta efni gefnar þær upplýsingar, að rannsókn á stórvirkjunarmöguleikum hafi farið fram og að niðurstaðan sé sú, að hagkvæmast virðist að virkja Þjórsá hjá Búrfelli, og að því er iðjuver varðar, virðist vera hagkvæmast að byggja það við Faxaflóa. Það er þetta tvennt, sem hér kemur fram og er sá, ef segja má, nokkuð óbeini árangur af þeirri ályktun, sem Alþingi gerði fyrir 3 árum og ég hef lesið hér upp. Jafnframt er þess getið, að þó að hagkvæmast virðist vera að byggja iðjuver við Faxaflóa, komi einnig til greina að byggja það norðan fjalla. Ég ætla ekki í þeim takmarkaða ræðutíma, sem ég hef hér, að gera að umtalsefni það, sem hæstv. ráðh. sagði um þetta, og mun athuga betur þau ummæli, sem þar komu fram, þegar ræða hans liggur fyrir í handriti hér á lestrarsalnum.

Hæstv. ráðh. gat þess, sem reyndar var kunnugt, að ríkisstj. hefði vorið 1961 skipað svonefnda stóriðjunefnd til athugunar á þessu máli. Ég vil aðeins segja það í því sambandi, að mér þykir það mjög miður, að í slíka nefnd skuli ekki hafa verið skipaður neinn maður búsettur á Norður- eða Austurlandi, með tilliti til þess mikla áhuga, sem sérstaklega hefur komið fram í þeim landshlutum á þessum málum og ekki þarf að rekja hér.

Ég vil leyfa mér að taka undir þau ummæli, sem féllu áðan hjá hv. 1. þm. Austf. um það, að málið sé nú komið á það stig, að eðlilegt væri, að Alþingi fjallaði um það eða alþm., áður en lengra er farið. Hér er áreiðanlega um ýmis atriði að ræða, sem eru þess eðlis, að þessa er full þörf.

Ég vil svo, áður en ég lýk máli mínu, leyfa mér að spyrjast fyrir um það hjá hæstv. ráðh. og bið hann að svara því, ef hann hefur möguleika til þess, hvort í sambandi við athugun á hagnýtingu orku til framleiðslu útflutningsvöru, eins og það var orðað í þál. frá 1961, hefur ekki verið athugað um framleiðslu á tilbúnum áburði í þessu sambandi. Það er alkunna, að notkun tilbúins áburðar fer mjög vaxandi í veröldinni og hlýtur að fara vaxandi á komandi ár-

um og þessi vara er allmikill liður í alþjóðaviðskiptum, og við höfum, Íslendingar, dálitla reynslu af framleiðslu tilbúins áburðar. Þess vegna vildi ég sérstaklega spyrja um þetta, hvort þessi möguleiki hefði verið athugaður og þá hvort fyrir liggi einhverjar niðurstöður, og þætti vænt um, að hæstv. ráðh. gæfi upplýsingar um þetta, ef hann hefur þær á reiðum höndum.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Út af þessu síðasta atriði og fsp. um áburðarframleiðslu til útflutnings í sambandi við stórvirkjanir get ég því miður ekki svarað því nú á þessu stigi málsins öðru en því, að til stóriðjunefndar var vísað athugun þessa máls og hún fór fram á vissu stigi málsins. Það stóð þannig á, að ég var lítt við hana riðinn á þessum tíma, annað en það, að þær bráðabirgðaniðurstöður, sem n. fékk í því, voru ekki eins álitlegar og e. t. v. var ástæða til að búast við. En ég skal athuga það mál nánar og koma upplýsingum um það til hv. þm.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð í sambandi við áburðarvinnslu og hagnýtingu raforku til áburðarvinnslu. Ég vildi aðeins upplýsa það, að það er í athugun stækkun á áburðarverksmiðjunni í Gufunesi, og stjórn áburðarverksmiðjunnar hefur látið slíkar athuganir fara fram, unnið að því núna á undanförnum árum og hefur nú 2 eða jafnvel 3 sérfræðinga til þess að semja ályktun um það, hvernig verði bezt að því unnið, að við Íslendingar getum orðið sjálfum okkur nógir með tilbúinn áburð. Og ég ætla, að það þyki hagkvæmast að stækka áburðarverksmiðjuna í Gufunesi og þá muni nýtast bezt það, sem þar er saman komið, frekar en að byggja áburðarverksmiðju annars staðar á landinu. En ég skildi hv. fyrirspyrjanda þannig áðan, að það hefði vakað fyrir honum, hvort athugað hefði verið, að nýta mætti orkuna við Dettifoss til áburðarvinnslu. Ég hygg, að í sambandi við væntanlega Dettifossvirkjun hafi það ekki verið gert með tilliti til þess að nota aflið úr Dettifossi. Hins vegar liggur það fyrir, að um leið og orka fæst til áburðarverksmiðjunnar í Gufunesi, er fyrir því hugsað, að stækkun áburðarverksmiðjunnar þar gæti farið fram a. m. k. í það stórum stíl, að áburðarnotkun innanlands gæti orðið fullnægt.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil aðeins til þess að koma í veg fyrir misskilning hjá hæstv. landbrh. taka það fram, að ég spurði ekki um það, hvort athugaðir hefðu verið möguleikar á því einu að fullnægja áburðarþörfinni innanlands með því að byggja áburðarverksmiðju, sem notaði raforku frá stóriðjuveri, heldur fjallaði mín fsp. að sjálfsögðu fyrst og fremst um það, hvort athugaðir hefði verið möguleikar á framleiðslu áburðar til útflutnings.

9. Sjónvarpsmál.

Á 38. fundi í Sþ., 5. febr., var útbýtt:
Fsp. til menntmrh. um sjónvarpsmál [134. mál, 1] (A. 239).

Á 39. fundi í Sþ., 6. febr., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 35 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Sþ., 12. febr., var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Gils Guðmundsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að beina til hæstv. menntmrh. nokkrum spurningum, sem varða sjónvarpsmál. Þessi mál eru eðlilega mikið rædd hér á landi um þessar mundir, og ber þar einkum tvennt til. Fyrst það, að hér er þegar komið sjónvarp, — sjónvarp, sem erlendur aðili á og rekur, en nær þó nú þegar til býsna margra Íslendinga, og það er ljóst, að sjónvarpsnotendum fjölgar hér svo að segja með hverjum mánuði sem líður. Hitt tilefnið til umr. um þessi mál er það, að hæstv. menntmrh. fól fyrir nokkru útvarpsráði að gera áætlanir og athuganir um íslenzkt sjónvarp, stofnun þess og rekstur. Var og vitað, að ríkisútvarpið hafði áður haft slíkar athuganir með höndum, án þess þó, að ég hygg, að skýrt hafi verið opinberlega frá niðurstöðum þeirra hinna fyrri athugana.

Nú mun það að vísu vera svo, að þessi mál, möguleikar á íslenzku sjónvarpi, eru enn á athugana- og rannsóknastigi og því e. t. v. ekki hægt að búast við ýtarlegri grg. um öll atriði þeirra á þessu stigi málsins. En allt um það tel ég ekki óeðlilegt, að Alþingi og þjóðin í heild fái að vita, á hvaða stigi þessi mál eru nú og hvaða ráðagerðir eru uppi að þeirri athugun lokinni, sem útvarpsráð hefur nú með höndum.

Ég ætla ekki á þeim skamma tíma, sem mér er ætlaður í þessum spurningatíma, að gera neina tilraun til þess að hefja hér umr. um sjónvarp almennt, kosti þess og galla. Ýmsir hafa sjálfsagt þegar fastmótaðar skoðanir um það, hvort hér skuli komið upp íslenzku sjónvarpi sem fyrst eða ekki. Margir bíða þess hins vegar, að sem gleggstar upplýsingar liggi fyrir um sem allra flestar hliðar málsins, og taka fyrst afstöðu, þegar þær upplýsingar liggja fyrir, og í sambandi við slíka skoðanamyndun verða vafalaust þung á metunum þau þrjú atriði sem ég spyr hér sérstaklega um, þótt fleiri komi að sjálfsögðu til greina.

Hið fyrsta, sem ég spyr um, er kostnaðarhlið málsins, stofnkostnaður og rekstrarkostnaður íslenzks sjónvarps. Í því sambandi skiptir og miklu máli atriði, sem ég hef ekki spurt um, enda sennilega erfitt að svara með neinni nákvæmni á því stigi, sem málið er nú, en það eru tekjumöguleikar íslenzks sjónvarps. Hitt hygg ég, að þegar hafi verið kannað nokkuð, hvað stofn- og rekstrarkostnaður sjónvarpskerfis af tiltekinni stærð miðað við ákveðinn útsendingartíma muni verða mikill.

Önnur spurning mín er sú, hvort talið sé tæknilega mögulegt og fjárhagslega kleift að láta íslenzkt sjónvarp ná fljótlega til flestallra

eða allra landsmanna. Þetta skiptir áreiðanlega mjög verulegu máli varðandi afstöðu margra til sjónvarpsmálsins.

Loks fjallar þriðja og síðasta spurning mín um það, hvort ríkisstj. líti þannig á, að rétt sé eða eðlilegt að leyfa áframhaldandi rekstur sjónvarps á Keflavíkurflugvelli, eftir að íslenzkt sjónvarp væri tekið til starfa. Í sambandi við þær athuganir, sem fram hafa farið varðandi íslenzkt sjónvarp, mun að vísu ráð fyrir því gert, að hér yrði notað Evrópusjónvarpskerfið svonefnda, sem er allmjög frábrugðið hinu ameríska kerfi. En mér er tjáð, að ekki þurfi að gera nema mjög lítils háttar breytingar á sjónvarpsviðtækjum, til þess að þau geti notað bæði kerfin jöfnum höndum. Þá mundi að Keflavíkursjónvarpinu og starfsemi þess óbreyttri skapast sú aðstaða, að helmingur þjóðarinnar eða þar um bil veldi á milli íslenzks sjónvarps, sem fyrstu árin sjónvarpaði sennilega skamman tíma, e. t. v. ekki nema 2 klst. á dag eða svo, og hermannasjónvarpsins, sem mér er tjáð að sjónvarpi miklu lengri dagskrá.

Ég vænti þess, að hæstv. menntmrh. sjái sér fært að gera hér nokkra grein fyrir því, hve langt er komið athugunum um íslenzkt sjónvarp, hvernig það mál horfir við nú í dag.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Fyrirspyrjandi spyr um það í fyrsta lagi, hvort gerðar hafi verið athuganir og áætlanir um kostnað íslenzks sjónvarps, stofnkostnað og rekstrarkostnað, og í öðru lagi, hvort það sé tæknilega mögulegt og fjárhagslega kleift, að íslenzkt sjónvarp geti á skömmum tíma náð til allra landshluta.

Á undanförnum árum hafa ýmsar athuganir verið á því gerðar, hvað það mundi kosta að koma á fót sjónvarpi á Íslandi. Hefur annars vegar verið athugað, hver væri lágmarkskostnaður við að koma á fót sjónvarpsstöð, er einvörðungu annaðist nokkurs konar tilraunasjónvarp, sem tæki aðeins til Reykjavíkur og næsta nágrennis, en hins vegar, hvað það mundi kosta, ef því væri ætlað að ná til fleiri landsmanna og landsins alls. Hefur m. a. verið ráðgazt um þessi atriði við erlenda sérfræðinga, og ber þar sérstaklega að nefna yfirverkfræðing Evrópusambands útvarpsstöðva og sjónvarpsstöðva, Belgíumanninn G. Hansen, sem var hér sumarið 1961. Auk áætlana, sem gerðar hafa verið um stofnkostnað sjónvarpsstöðvar í Reykjavík og endurvarpsstöðva víðs vegar um landið, hafa verið gerðar lauslegar áætlanir um kostnað við gerð sjónvarpsdagskrár og þá venjulega miðað við 2—3 stunda sjónvarpstíma á dag. Enn fremur hafa verið gerðar lauslegar áætlanir um væntanlega fjölgun sjónvarpsnotenda, ef til íslenzks sjónvarps kæmi, til þess að unnt sé að gera sér grein fyrir fjárhagsgrundvelli slíks rekstrar.

Allar þær áætlanir, sem hingað til hafa verið gerðar, eru þó svo lauslegar og svo mörg atriði óviss í þessu sambandi, að ég hef ekki talið þær nægilega öruggan grundvöll undir tillögugerð um framkvæmdir í þessum efnum. Þess vegna fól menntmrn. með bréfi, dags. 22. nóv. s. l., útvarpsráði og útvarpsstjóra að gera nákvæmar og sundurliðaðar áætlanir um stofnkostnað og rekstrarkostnað íslenzks sjónvarps. Hafa þessir aðilar undanfarna mánuði unnið að þessum málum með miklum dugnaði Verkefnið er hins vegar vandasamt og flókið, og er starfinu ekki lokið enn. Ég geri mér þó vonir um, að endanlegar niðurstöður liggi fyrir, áður en langt um líður. Mun ríkisstj. þá taka þær til vandlegrar íhugunar og mynda sér skoðun um, fyrir hvaða ráðstöfunum hún vill beita sér í þessum efnum. En ríkisstj. hefur enn að sjálfsögðu ekki tekið neinar ákvarðanir í þessu máli, þar eð þær hljóta að byggjast á niðurstöðum þeirrar rannsóknar, sem nú fer fram í ríkisútvarpinu með aðstoð sérfræðinga landssímans og annarra sérfróðra aðila. Ég skal þó gera grein fyrir lauslegum bráðabirgðaniðurstöðum um kostnað við stofnun sjónvarpsstöðvar í Reykjavík, er nægt gæti borginni og Suðurnesjum, og síðan lauslega áætlun um kostnað við dreifingu sjónvarpsefnis um landið allt. Ég verð þó að taka fram, að hér er um frumáætlanir að ræða og geta þær átt eftir að breytast við endanlega meðferð málsins.

Talið er, að 500 watta sendistöð, sem nægja mundi Reykjavíkurborg og Suðurnesjum, kosti um 3 millj. kr. Nauðsynlegar byggingar mundu kosta um 2 millj. kr. og nauðsynlegur stúdíóbúnaður um 5 millj. kr. Stofnkostnaður sjónvarpsstöðvar, sem nægja mundi Reykjavíkurborg og Suðurnesjum, mundi því verða um 10 millj. kr. Ætti sjónvarpið að taka til Miðvesturlands og Suðurlands, mundu nauðsynlegar endurvarpsstöðvar og stöðvarhús kosta um 24 millj. kr. til viðbótar. Endurvarpsstöðvar og byggingar fyrir Vestfirði mundu kosta aðrar 24 millj. kr. Endurvarpsstöðvar og byggingar fyrir Norðurland mundu kosta um 31 millj. kr., en endurvarpsstöðvar og stöðvarhús fyrir Austfirði og Suðausturland mundu kosta um 48 millj. kr. Mælingar og undirbúningsvinna er talin munu kosta um 3 millj. kr. Heildarstofnkostnaður vegna dreifingar sjónvarpsefnis um allt Ísland mundi því nema samtals um 140 millj. kr. Eru tollar af tækjum taldir í þessari tölu, en þeir munu nema um 50 millj. kr.

Frá tæknilegu sjónarmiði gæti sjónvarpsstöð, sem tæki til Reykjavíkur og Suðurnesja verið komin upp í ársbyrjun 1966, en byggingu endurvarpsstöðva og nauðsynlegra stöðvarhúsa fyrir landið allt gæti verið lokið sumarið 1970, ef afráðið væri að verja til þessa nauðsynlegum fjármunum. Ég geri hins vegar ráð fyrir, að margir muni telja, að hér sé um meiri fjárfestingu að ræða en svo, að talið verði unnt að efna til hennar allrar á næstu 5—6 árum. Ég fyrir mitt leyti er hins vegar þeirrar skoðunar, að ekki megi dragast lengur að taka ákvörðun um, að efnt skuli til íslenzks sjónvarps. Ég tel jafnframt sjálfsagt, að stefnt verði að því, að sjónvarpið nái smám saman til allra landsmanna. Spurningin er um það, hversu örar framkvæmdirnar eiga að vera, þ. e. hversu langan tíma það á að taka að koma upp dreifingarkerfi fyrir allt landið. Verður að meta það með hliðsjón af öðrum verkefnum, sem á döfinni eru og einnig eru nauðsynleg. Á þessu stigi treysti ég mér ekki til að mynda mér rökstudda skoðun á þessu

atriði. Það verður ekki hægt, fyrr en fullnaðaráætlanir um stofnkostnað liggja fyrir. Þá verður að vega og meta niðurstöður þeirra sem hugsanlegan lið í heildarframkvæmdum þjóðarinnar á næstu árum. Hins vegar tel ég nú þegar orðið ljóst, að stofnkostnaður sjónvarpsstöðvar, er tæki til Reykjavíkur og Suðurnesja og jafnvel Miðvesturlands og Suðurlands, er ekki meiri en svo, að sá kostnaður ætti að teljast vel viðráðanlegur og því ekki ástæða til að fresta ákvörðun um beinar framkvæmdir af þeim sökum.

Áætlanir allar um rekstrarkostnað sjónvarps hljóta að sjálfsögðu að vera miklum mun óvissari, þar eð þær eru ekki einungis háðar því, við hversu langan sjónvarpstíma er miðað, heldur ekki síður hinu, hvers konar sjónvarpsefni gert er ráð fyrir. Miðað við 2—3 stunda sjónvarpstíma á dag mun þó varla vera hægt að gera ráð fyrir lægri rekstrarkostnaði en 10 millj. kr. á ári í byrjun. Er og eflaust ekki óvarlegt að gera ráð fyrir, að hann tvöfaldist á ekki löngu árabili með vaxandi kröfum til sjónvarpsefnis og lengingu sjónvarpstímans. Tekna væri sjálfsagt að afla sumpart með afnotagjöldum og sumpart með auglýsingum og tilkynningum, líkt og ríkisútvarpið gerir nú. Yrði þó án efa að gera ráð fyrir verulegum rekstrarhalla fyrstu árin. Slíkt átti sér einnig stað um ríkisútvarpið á sínum tíma. Sá halli var sumpart jafnaður með aðflutningsgjöldum af útvarpstækjum. Til greina kæmi, að aðflutningsgjöld af sjónvarpstækjum gengju að einhverju leyti til greiðslu á rekstrarhalla sjónvarpsins fyrstu árin auk stofnkostnaðar. Einnig væri hugsanlegt, að ríkisútvarpið léti hluta af tekjum sínum ganga til greiðslu á rekstrarhalla sjónvarpsins, meðan það ætti við byrjunarörðugleika að etja. Fleiri leiðir kæmu og til greina, þótt ekki sé ástæða til að ræða þær nánar að svo vöxnu máli.

Þá er í þriðja lagi spurt, hvort ríkisstj. telji eðlilegt, eins og segir í fsp., að leyfður verði í landinu rekstur erlends hermannasjónvarps, eftir að starfsemi íslenzks sjónvarps yrði hafin. Spurningin um það, hvort það hafi verið rétt á sínum tíma, fyrir rúmum áratug, að leyfa bandarískra varnarliðinu starfrækslu sjónvarpsstöðvar, er í sjálfu sér alveg óviðkomandi spurningunni um það, hvort Íslendingar eigi eða hafi bolmagn til að koma á fót íslenzku sjónvarpi. Sjónvarp Bandaríkjamanna á Keflavíkurflugvelli var og er ætlað þeim Bandaríkjamönnum, sem hér dveljast, þótt margir Íslendingar horfi einnig nú á það sjónvarp, eftir að sjónvarpsstöðin var stækkuð. Hins vegar er íslenzka sjónvarpið auðvitað ætlað íslenzkum sjónvarpsnotendum og þeim einum. Hafi það verið eðlilegt fyrir rúmum áratug að leyfa varnarliðinu rekstur sjónvarpsstöðvar fyrir þá Bandaríkjamenn, sem hér dveljast, virðist það, að íslenzka ríkið efni til sjónvarps fyrir Íslendinga, varla geta skoðazt rök fyrir því að svipta varnarliðið þeirri heimild, sem það hefur haft í meira en áratug til þess að veita bandarískum mönnum, sem hér dveljast, kost á að sjá og heyra bandarískt sjónvarp.

Fyrirspyrjandi (Gils Guðmundsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. menntmrh. fyrir þá skýrslu, sem hann hefur hér gefið, og ég lít þannig á, að eftir atvikum hafi ekki verið við því að búast á þessu stigi málsins, að sú skýrsla væri ýtarlegri en nú er fram komið. Þar eð vitað er, að þessi mál eru enn á rannsóknar- og athugunarstigi. Það er hins vegar svo, að marga fýsir að vita sem allra fyrst, hvaða grundvöllur kann að vera undir rekstri íslenzks sjónvarps, og einnig býst ég við, að ýmsa hafi fýst að vita, hver vera muni afstaða íslenzkra ráðamanna til þeirrar spurningar, sem þá kæmi upp og ég hreyfði í þriðja lið þessara spurninga, — afstaðan til þess að hafa hér í landi samtímis íslenzkt sjónvarp og erlent hermannasjónvarp, það sjónvarp, sem nú er. Ég er sannfærður um, að það mun margur skoða hug sinn um það og athuga sína afstöðu út frá því sjónarmiði, hvort hér er ætlunin að hafa tvenns konar sjónvarp, annað íslenzkt tilraunasjónvarp fyrst um sinn með stuttum starfstíma hvern dag og svo hins vegar það erlenda sjónvarp, sem nú er þegar komið. Hæstv. ráðh. lýsti þeirri skoðun sinni, að þetta væru tvö óskyld mál, og það var ekki annað á honum að skilja en hann teldi það algerlega eðlilegt, að leyfið fyrir hinu erlenda hermannasjónvarpi yrði látið standa eftir sem áður, jafnt þó að íslenzkt sjónvarp væri komið upp. En við það er þetta að athuga m. a., að eftir að íslenzkt sjónvarp hefði hafið starfsemi sína og sjónvarpstæki væru á tiltölulega skömmum tíma vafalaust komin á meira en annað hvert heimili í landinu, fer það að skipta afar miklu máli, hvort íslenzka sjónvarpið er eitt á ferð eða ekki.

Hvað sem um sjónvarp almennt má segja, bæði gott og illt, mun enginn neita því, að sjónvarp er ákaflega öflugt og áhrifamikið tæki og það hlýtur að eiga sinn stóra þátt í því að móta þær kynslóðir, sem búa við það, jafnvel allt frá fyrstu bernsku. Og vilji menn ekki beinlínis og með ráðnum hug ameríkanísera íslenzku þjóðina, þá held ég, að það væri ráð að loka fyrir hermannasjónvarpið í Keflavík ekki síðar en þann dag, þegar íslenzkt sjónvarp tæki til starfa. Í þessu sambandi dettur mér í hug saga, sem ég heyrði nýlega. Ég sel hana ekki dýrar en ég keypti hana. Hún var af ungri íslenzkri fjölskyldu, sem stundar fast Keflavíkursjónvarpið. Frúin sagði frá því býsna hreykin, hvað barnið í vöggunni væri orðið sólgið í það að horfa á sjónvarpið og njóta þess, sem þar fer fram. Og nú væri hið efnilega barn byrjað að tala og eitt hið fyrsta skiljanlega, sem það sagði, var að biðja um „milk" í pelann.

Nei, ég held, að menn ættu að hugsa sig nokkuð vel um, áður en þeir sætta sig við það, að íslenzkt sjónvarp á byrjunarstigi a. m. k. yrði eins og einhver lítilfjörleg viðbót við Keflavíkursjónvarpið. Ég býst við, að ýmsir mundu þá segja: Annaðhvort ekkert sjónvarp eða íslenzkt sjónvarp eingöngu.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Það er ánægjulegt, að fram skuli koma áhugi á því á Alþingi að fá upplýsingar um, hvort grundvöllur er til fyrir rekstri íslenzks sjónvarps. Alþingi hefur að vísu sýnt vilja sinn með samþykkt fyrir 2 árum um það, að ágóði af innflutningi

sjónvarpstækja skuli renna til þess, að ríkisútvarpið geti undirbúið og rekið íslenzkt sjónvarp. Fyrir þessa samþykkt hefur safnazt nokkurt fé, þótt ekki sé mikið miðað við verkefnið.

Ég er tvímælalaust þeirrar skoðunar, að hægt sé að skapa hér á landi grundvöll undir rekstur á íslenzku sjónvarpi. Ef það er athugað, hvað þjóðin leyfir sér í mörgum atriðum þeirra lífskjara sem nú tíðkast, þá er ekki, jafnvel með þeim kostnaði, sem hér var nefndur, um að ræða svo mikla fjármuni, að þjóðin hafi ekki ráð á þeim. Hins vegar er hér, eins og á fleiri sviðum, um það að ræða að velja og hafna. Þjóðin þarf að gera sér grein fyrir, hvort hún vill hafna sjónvarpi um árabil og nota fjármuni sína til annars eða hvort hún vill byrja strax að byggja upp íslenzkt sjónvarp.

Ég er þeirrar skoðunar, að sjónvarp verði í framtíðinni svo mikilvægur liður í lífi allra þjóða, að ráðlegt sé fyrir okkur að byrja sem fyrst, byrja hóflega og byrja með því að kynna okkur, hvað þessi nýi miðill er, hvernig við getum beitt honum í okkar þarfir og þjálfað nauðsynlegt starfslið.

Ég hef hugsað mikið um þessi mál, talað og skrifað. Hefur nokkrum sinnum komið fyrir, að menn, sem eru andvígir ríkjandi utanríkisstefnu, hafa gagnrýnt mig fyrir, að ég og ýmsir, sem svipað hugsa í þessum efnum, notuðu Keflavíkursjónvarpið til þess að ýta sjónvarpinu að Íslendingum fyrir tímann. Nú var talað um íslenzkt sjónvarp í ríkisútvarpinu fyrir 25 ára afmæli þess, 1954—1955, og oft síðan, svo að sjónvarp mundi koma, hvað sem varnarliðssjónvarpi líður. En ég skal játa það, að ég hef ekki séð neitt á móti því að nota tilveru Keflavíkursjónvarpsins til að reyna að hraða því, að Íslendingar kæmu sínum eigin sjónvarpsmálum fram.

Nú kemur hins vegar á daginn, að andstæðingar þeirrar utanríkisstefnu, sem hér hefur ríkt og oft hefur verið deilt um, eru byrjaðir að reyna að nota hið ófædda íslenzka sjónvarp sjálfum sér til framdráttar í baráttu gegn utanríkisstefnunni. Áður en byrjað er á íslenzku sjónvarpi, er reynt að gera það að aðalatriði, hvað verður um Keflavíkurstöðina. Ég skal ekki draga úr því, að menn ræði það og hugsi á hverjum tíma, hvað þeim finnst um Keflavíkursjónvarpið. En ég vil aðeins biðja um, að menn ráðist ekki á nýja menningargrein svo snemma eða reyni að hagnýta sér hana á óeðlilegan hátt. Það verður nógur tími til að ræða Keflavíkurmálið fyrir utan íslenzk sjónvarpsmál. Það verður nógur tími til að ræða á öðrum vettvangi um framtíð sjónvarps þar, bæði meðan verið er að undirbúa íslenzkt sjónvarp og eftir að það kemst í gang. Ef menn ætla að ýta Keflavíkurmálinu fram fyrir, og jafnvel, eins og stundum liggur við, nota það sem átyllu til að stöðva eðlilega þróun íslenzks sjónvarps, þá vil ég biðja menn að gera íslenzka sjónvarpinu ekki þann óleik. Og ég skil ekki það sjónarmið að vilja heldur hermannasjónvarpið eitt en hafa íslenzkt sjónvarp með því. Það er mér gersamlega óskiljanlegt.

Íslenzka sjónvarpið mun örugglega geta staðið sig í samkeppni við erlent sjónvarp þann tíma, sem dagskráin gæti staðið. Um það er ég sannfærður og hef athugað þessi mál ofan í kjölinn. Íslenzkt sjónvarp mundi í fyrsta lagi þýða mikla styttingu og mikinn frádrátt frá Keflavíkursjónvarpinu og ætti a. m. k. á engan hátt að torvelda baráttu þeirra manna, sem vilja losna við það.

Þessu vildi ég skjóta inn í umræðurnar og biðja menn um að blanda ekki málum svo saman, að það verði til að tefja eðlilega þróun íslenzks sjónvarps, og unna okkur þess, sem í þessu stöndum öðrum fremur, að hafa einhvern hag af Keflavíkursjónvarpinu, ef það verður til þess, að við getum á eðlilegan hátt komið upp íslenzku sjónvarpi örlitlu fyrr en ella. Hér er aðeins um að ræða tímamismun, e. t. v. 2—4 ár í mesta lagi, sem Keflavíkursjónvarpið hefur áhrif til þess að flýta íslenzku sjónvarpi, ef það gengur eins og vonir standa nú til.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég vildi segja það aðeins af þessu tilefni fyrir mitt leyti um sjónvarp, að það gleður mig að heyra það á þeim tölum eða þeim upplýsingum, sem hér hafa verið nefndar, að það sýnist ekki vera neitt sérstaklega fjárhagslega örðugt að koma sjónvarpinu um allt landið, því að það tel ég ekki fjárhagslega örðugleika, þó að það ætti að kosta 140 millj. og þar af væru 50 millj. tollar til ríkissjóðs. Ég held ég hafi tekið rétt eftir þessum tölum. Þetta gleður mig mjög, og mér finnst þess vegna, að það ætti að leggja mikla áherzlu á, að þegar sjónvarpið kemur, komi það sem allra víðast og þá eins fljótt og mögulegt er. Það ætti að breiða það út um landið með sem allra mestum hraða, og mér skilst á þessu, að það sé ákaflega vel viðráðanlegt fjárhagslega. Annars hef ég persónulega verið fylgjandi sjónvarpi og er það enn og álít, að það ætti að hraða því sem mest, að íslenzkt sjónvarp geti komið, og líka, að það geti þá orðið sameign allra landsmanna. Og ég er sérstaklega ánægður yfir því að heyra, að það virðist ekki vera fjárhagslega neitt í vegi þess.

10. Niðursuðuverksmiðja ríkisins á Siglufirði.

Á 38. fundi í Sþ., 5. febr., var útbýtt:

Fsp. til ríkisstj. varðandi niðursuðuverksmiðju ríkisins á Siglufirði [134. mál, 2] (A. 239).

Á 39. fundi í Sþ., 6. febr., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 35 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Sþ., 12. febr., var fsp. tekin til umræðu.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 43. fundi í Sþ., 19. febr., var fsp. aftur tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Fyrir um það bil tveimur árum tók til

starfa á Siglufirði ný verksmiðja til niðurlagningar á síld á vegum síldarverksmiðja ríkisins. Framleiðslan gekk mjög vel frá upphafi og hin svokallaða Siglósíld varð strax mjög eftirsótt neyzluvara á innanlandsmarkaði. Miklar vonir voru bundnar við þessa verksmiðju, sérstaklega meðal almennings á Siglufirði, því að stöðug framleiðsla að vetrarlagi hefði getað gerbreytt atvinnuhorfum á staðnum, sem hafa verið heldur slæmar. Reyndar má segja, að víða á Norður- og Austurlandi hafi menn horft vonaraugum á þetta nýja fyrirtæki, því að allt mælir með því, að niðurlagning á síld geti orðið framtíðaratvinnuvegur fyrir marga smærri staði. sem litla atvinnu hafa að vetrinum.

En þessi verksmiðja hafði ekki starfað nema eitt ár, þegar öll framleiðsla var stöðvuð. Þegar þetta gerðist, eða seinni partinn í fyrravetur, kvaddi Gunnar Jóhannsson sér hljóðs utan dagskrár hér í þinginu og spurðist fyrir um, hverju þetta sætti. Sagðist hann að vísu vita það, að illa hefði gengið að selja framleiðsluna á erlendum mörkuðum, en það væri ekki nema að nokkru leyti eðlilegt, þar sem algerlega hefði skort rekstrarfé til að hefja söluherferð erlendis, og jafnframt minnti hann á, að Siglósíldin hefði alls staðar fengið mjög góða dóma fyrir gæði erlendis, þar sem hún hefði verið á boðstólum til reynslu.

Hæstv. sjútvmrh. svaraði þessari fsp. Gunnars Jóhannssonar hér í þinginu og sagðist því miður ekki geta lagt neitt til málanna að sinni, þar sem hann þekkti ekki til málsins og sér hefði ekki verið kunnugt um, að verksmiðjunni hefði verið lokað. En jafnframt hét hann því að kynna sér málið og athuga, hvað væri unnt að gera.

Það er skemmst af því að segja, að síðan þessar umr. fóru fram hér í þinginu, hefur niðurlagningarverksmiðjan á Siglufirði svo til ekkert starfað. Í sumar var engin síld söltuð fyrir verksmiðjuna á Siglufirði, en í haust voru keyptar nokkur hundruð tunnur austur á fjörðum fyrir verksmiðjuna, og mun það vera nokkurra daga verk að vinna úr þeirri síld, og er eitthvað byrjað á því, að því er ég held. Niðurlagningarverksmiðjan hefur hins vegar legið með allmikið af óseldum dósum frá fyrra ári, og virðist ekki hafa verið talin ástæða til að hefja starfrækslu á ný, fyrr en markaður væri fundinn fyrir framleiðsluna. Verðmæti hinnar óseldu framleiðslu er tæplega 1½ millj. kr., og verður að fleygja öllum þessum verðmætum í sjóinn, ef ekki tekst að selja vöruna núna alveg á næstu mánuðum.

Nú gerðist það í vetur, að Austur-Þjóðverjar buðust til þess að kaupa allar óseldar birgðir, sem verksmiðjan liggur nú með, á fullu verði. Þessu tilboði fylgdi aðeins eitt skilyrði, að Þjóðverjum yrðu útveguð nokkur hundruð tonn af síldarmjöli, sem þá vanhagaði mjög um. Ég þarf varla að taka það fram, að þegar þessi tíðindi spurðust til Siglufjarðar, vöktu þau ósvikna gleði. Bæjarstjórn Siglufjarðar samþykkti einróma að skora á stjórn síldarverksmiðjanna að semja á þessum grundvelli og reyna jafnframt að tryggja markað fyrir niðurlagða síld í Austur-Þýzkalandi til frambúðar. Stjórn síldarverksmiðja ríkisins samþykkti einnig samhljóða að selja Þjóðverjum síldina og útvega þeim 500 tonn af síldarmjöli. Nú fyndist manni, að fátt væri eftir, svo að samningar gætu tekizt, enda mun það vera staðreynd, að Austur-Þjóðverjar láta sér nægja þessi umtöluðu 500 tonn, sem þeim er nú boðið upp á að kaupa. En enn þá hefur ekkert orðið af samningum, og því er spurt, eins og gert er með seinni fsp. á þskj. 239, lið 1 og 2, sem sagt í fyrsta lagi: „Hvað líður sölu á framleiðslu niðurlagningarverksmiðjunnar?“ Og í öðru lagi: „Hefur ríkisstj. verið fús til að aðstoða við sölu á þessari síld, t. d. með því að tengja slíka sölu við önnur verzlunarviðskipti?“

Eins og kunnugt er, fer verzlun okkar við Austur-Þjóðverja fram fyrst og fremst með vöruviðskiptum. Það er því ljóst, að Íslendingar verða að kaupa austurþýzkar vörur í stað þess, sem selt er. Nú er mér að vísu kunnugt um það, að ríkisstj. hefur lítið gert til þess að örva viðskipti okkar við Austur-Þjóðverja, enda hefur stórlega dregið úr innkaupum okkar þaðan seinni árin. En bágt á ég með að trúa því að óreyndu, að hæstv. ríkisstj. standi bókstaflega sagt í vegi fyrir þessari sölu, þegar ljóst er, að svo mikil verðmæti eru í húfi.

Um þessar mundir hafa Siglfirðingar, eins og mörg önnur byggðarlög, hug á því að kaupa nokkra fiskibáta erlendis frá til að örva atvinnulífið heima fyrir. Mér er kunnugt um, að meðal þeirra, sem til þekkja, eru austurþýzkir bátar í mjög miklu áliti, bæði meðal útgerðarmanna og annarra, sem til þekkja. Áreiðanlega þættu mörgum það glæpsamleg vinnubrögð, ef milljónaverðmætum, sem nota má til að greiða upp í verð þessara báta, væri kastað í sjóinn, eins og nú horfir, eftir 1—2 mánuði.

Þriðja spurningin, sem ég hef hér lagt fyrir ríkisstj., fjallar um starfrækslu og stjórn niðurlagningarverksmiðjunnar í framtíðinni. Þeir, sem þetta mál þekkja, munu flestir vera sammála um, að gæfulegasta fyrirkomulagið í framtíðinni á þessari stjórn sé það, að niðurlagningarverksmiðjan verði sett undir sérstaka stjórn, henni veitt sérstök fjárveiting úr ríkissjóði til tilrauna- og auglýsingastarfsemi, þannig að verksmiðjan eigi þess kost að brjótast fram úr byrjunarörðugleikunum.

Siglóverksmiðjan hefur fram að þessu verið rekin á vegum stjórnar síldarverksmiðja ríkisins. Full ástæða er til að ætla, að sérstök stjórn fyrir verksmiðjuna mundi betur geta einbeitt sér að því verkefni að brjótast inn á erlenda síldarmarkaði og laga sig að óskum og vilja erlendra neytenda, enda væri óhjákvæmilegt, að stjórn verksmiðjunnar fengi ríflega fjárveitingu í nokkur ár, t. d. 2 millj. á ári, til þess að vinna slíkt brautryðjendastarf fyrir íslenzkan síldariðnað. Ég vil skjóta því hér inn, að þetta sjónarmið er reyndar nákvæmlega hið sama og fram kom hjá hv. 3. þm. Norðurl. v., Jóni Kjartanssyni, þar sem hann benti á, að þetta væri einmitt nauðsynin, ef unnt ætti að vera að byggja upp síldariðnað á Siglufirði. Stjórn síldarverksmiðja ríkisins mun hafa fullan skilning á þessum málum, og hún hefur þegar ritað sjútvmrh. bréf og farið fram á, að þetta verði

gert, að Siglóverksmiðjan verði sett undir sérstaka stjórn. Mér er ekki kunnugt um, að í stjórn síldarverksmiðjanna hafi verið neinn ágreiningur um þetta atriði. Nú er nauðsynlegt að fá að vita, hver eru svör hæstv. ráðh., og sem sagt, hvort hann er reiðubúinn að láta undirbúa sérstaka löggjöf um síldariðnað ríkisins, enda virðist það sjálfgefið, að hin nýja stjórn niðurlagningarverksmiðjunnar mundi einnig hafa forgöngu um uppbyggingu síldariðnaðar víðar í bæjum og þorpum á Norður- og Austurlandi. Í þessari þriðju spurningu felst að sjálfsögðu einnig það, hvaða aðrar ráðstafanir hæstv, ráðh. hyggst gera, til þess að starfræksla niðurlagningarverksmiðjunnar geti hafizt að nýju.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Með lögum frá 1946 og síðari viðbót frá 1947 var ákveðið að heimila ríkisstj. að stofna niðurlagningarverksmiðju á Siglufirði í tilraunaskyni. Síðan var ekkert gert í málinu í mörg ár, og fyrst á árinu 1960 var hafizt handa um framkvæmdir. Þær stjórnir, sem í millitíðinni sátu, virtust ekki hafa þann áhuga fyrir málinu, að til framkvæmda kæmi, og var þess vegna, eins og ég segi, fyrst á árinu 1960 hafizt handa um bygginguna, og hún tók til starfa á fyrri hluta ársins 1961. Það var þegar í upphafi ákveðið, að verksmiðjan skyldi byggð og rekin í upphafi sem tilraun, þannig að úr því fengist skorið, hvort þarna yrði hægt að framleiða vöru, sem líkaði það vel og væri framleidd við slíku verði, að hún ætti greiðan aðgang eða a. m. k. einhvern aðgang að mörkuðum erlendis. Þegar kom fram á árið 1963, var komið svo, að birgðir höfðu safnazt og sala hafði ekki tekizt sem neinu nam á erlendum markaði. Það, sem seldist, fór allt á innlendan markað að heita mátti. Meiningin var, að ef þessi tilraun gengi vel, yrði þessi verksmiðja eða verksmiðjubygging, og vélar, sem þar voru, þeim yrði þannig komið fyrir, að hún gæti fallið inn í stærri verksmiðju, sem gæti þá framleitt miklu meira og væri rekin á hreinum viðskiptalega heilbrigðum grundvelli, en rekstur þessarar verksmiðju í upphafi var, eins og ég sagði, af öllum aðilum talinn að þyrfti að vera nokkurs konar tilraunastarfsemi.

Hvernig gengið hefur að selja afurðirnar frá verksmiðjunni, má bezt marka af því, að á þessum tíma, sem verksmiðjan starfaði, fram til haustsins 1963 eða síðari hluta ársins 1963, hafði verið selt á innlendum markaði fyrir 2.1 millj. kr., en á erlendum markaði hafði ekki tekizt að selja nema innan við 100 þús. kr. — 100 þús. kr. í söluvarningi fóru til útlanda, en 2.1 millj. var andvirði þess, sem selt var á innlendum markaði. Það var þess vegna sýnilegt, að *hér var við mjög ramman reip að draga.*

Eins og hv. fyrirspyrjandi gat um, kom hér fram á Alþingi á s. l. ári, þegar verksmiðjan stöðvaðist, fsp. um það, hverju þetta sætti. Ég gekk þá eftir að fá skýrslu um ástand og horfur í verksmiðjunni og fékk hana allýtarlega síðari hluta ársins 1963. Í þessari skýrslu koma m. a. fram þær upplýsingar, sem ég hef gefið um byggingu verksmiðjunnar og annað þess háttar og framleiðsluvöru og sölu hennar. En þá, þegar skýrslan var gefin, voru óseldar af birgðum fyrirtækisins fullunnar framleiðsluvörur fyrir um það bil 2 millj. kr. Nú eru þessar birgðir samkv. upplýsingum, sem ég hef fengið, ekki 1½ millj., eins og hv. fyrirspyrjandi sagði, heldur 1.2 millj., þannig að það virðist hafa tekizt að selja og þá að ég ætla að langsamlega mestu leyti á innlendum markaði tæplega helminginn af þeim birgðum, sem fyrir voru s. l. haust.

Þetta er því miður þannig. að einhverra orsaka vegna, og ég skal ekki um það fella nokkurn dóm, hverjar þær orsakir eru, þá hefur á engan hátt tekizt að selja með eðlilegum hætti þessa vöru á erlendan markað. Það hefur verið leitað sölu í Bandaríkjunum, í Rússlandi, í Englandi, í Þýzkalandi, á Norðurlöndum og víðar, en hvergi tekizt sala sem neinu nam. Það getur vel verið, að þetta sé ódugnaði að kenna og að ekki hafi verið eytt nógu miklu fé, eins og hv. fyrirspyrjandi vildi láta liggja að, til þess að hefja söluherferð á heimsmarkaðinum, eins og hann orðaði það. En eins og málið lítur út í dag virðist ekki, að það séu möguleikar til þess að selja, eins og ég segi, með eðlilegum hætti þessa vöru neins staðar. Og vitanlega þýðir ekki, meðan svo stendur, að reka þessa tilraunaverksmiðju áfram. Meiningin var, að hefði tilraunin tekizt eins og búizt var við og vonazt var eftir, þá yrði verksmiðjan þegar í stað stækkuð og rekin á allt öðrum grundvelli og framleiðslan aukin verulega, en að ráðast í það, meðan engin vissa liggur fyrir um, að nokkur sala sé möguleg, er vitaskuld út í hött. Það verður fyrst að fást nokkurn veginn öruggur markaður fyrir vöruna, til þess að hægt sé að hugsa sér að halda áfram framleiðslu.

Hv. þm. spurðist fyrir um, eins og raunar í fsp. sjálfri greinir, hvort ríkisstj. hafi verið fús til að aðstoða við sölu á niðurlagðri síld til Austur-Þýzkalands, t. d. með því að tengja slíka sölu við önnur verzlunarviðskipti. Ég ætla, að þessu atriði verði bezt svarað með grg., sem ég hef fengið um þetta mál frá viðskmrn. og er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Um mánaðamótin nóvember-desember 1963 spurðist herra Sveinn Benediktsson, formaður stjórnar síldarverksmiðja ríkisins, fyrir um það munnlega, hvort útflutningsleyfi fengist fyrir niðurlagðri síld til Austur-Þýzkalands, að verðmæti ca. 1.2 millj. kr. ásamt 600—750 tonnum“ — ekki 500 tonnum, eins og hv. fyrirspyrjandi sagði, heldur 600—750 tonnum — „af síldarmjöli. Tekið var fram, að skilyrði fyrir sölu síldarinnar væri, að útflutningsleyfi væri samtímis veitt fyrir síldarmjölinu. Að athuguðu máli var Sveini tjáð, að útflutningsleyfi yrði veitt fyrir síldinni, en ekki fyrir mjölinu. Ástæðurnar fyrir þessari afgreiðslu voru þær, sem hér greinir:

1) Enginn kvóti er í vöruskiptasamningum við Austur-Þýzkaland fyrir fiskimjöl.

2) Um þetta leyti voru takmarkaðar birgðir til í landinu af síldarmjöli, og nægðu þær birgðir tæplega til að mæta þegar gerðum fyrirframsamningum. Auk þessa hefði það skapað hættulegt fordæmi með tilliti til viðskipta við önnur jafnkeypislönd að láta þrefalt verðmæti af mjöli til að tryggja sölu á áðurgreindri niðurlagðri síld.

Hinn 30. nóv. 1963 var skuld Austur-Þýzkalands á viðskiptareikningi hjá Seðlabanka Íslands 657 434 dollarar eða ca. 28 millj. ísl. kr. Um þetta leyti hafði verið samið um sölu á freðsíld og saltsíld til Austur-Þýzkalands fyrir ca. 42 millj. kr., þannig að inneignin að viðbættum væntanlegum sölum, sem búizt var við í náinni framtíð, nam 70 millj. kr. Gjaldeyrissala vegna innflutnings frá Austur-Þýzkalandi nam á öllu árinu 1963 aðeins 46.9 millj. kr. og hefur lækkað mjög verulega frá fyrri árum. Mjög hefur verið erfitt með ýmsa vöruafgreiðslu frá Austur-Þýzkalandi undanfarið, og sumar þýðingarmiklar vörur, sem samið hefur verið um, hafa alls ekki fengizt afgreiddar á árinu. Hin gagnkvæma yfirdráttarheimild í viðskiptum landanna er 900 þús. dollarar, þ. e. a. s. á tímabilinu frá 30. apríl til 30. sept., en aðra mánuði ársins má yfirdrátturinn fara í 1.2 millj. Til þess að greiða fyrir viðskiptum við Austur-Þýzkaland hefur Seðlabankinn fallizt á, að yfirdrátturinn megi fara í 1.2 millj. dala allt árið."

Við þetta er eiginlega litlu að bæta. Íslendingar hafa s. l. 4—5 ár átt stöðugt inni í Austur-Þýzkalandi ekki minna en 500—600 þús. dollara allt þetta tímabil, sem hefur verið stöðug skuld Austur-Þýzkalands við Seðlabankann. Seðlabankinn var þess vegna mjög tregur til þess og raunar algerlega andvígur því, að þessi sala á tiltölulega mjög litlu magni af niðurlagðri síld yrði bundin við þrefalt verðmæti í síldarmjöli, sem vitanlega hefði ekki verið greitt fyrr en hver veit hvenær, vegna þess að innstæða okkar þar hefði verið miklu meiri en svo, að hún hefði neitt nálægt því borgazt upp á þessum árum.

Sleggjudómum og glósum hv. þm. um það, að lítið hafi verið gert til þess að örva viðskiptin, vísa ég alveg til föðurhúsanna. Við höfum reynt og margreynt að örva þessi viðskipti og raunar lagt okkur alveg í líma til þess að gera það. Hann sagði, að austur-þýzkir bátar væru eftirsóttir, og það er rétt. En það er ekki rétt nema að nokkru leyti. Austur-þýzka báta vill enginn kaupa með austur-þýzkum vélum. Allar vélar í þau skip verður að kaupa frá Vestur-Evrópu, þannig að það er ekki nema helmingurinn af andvirði skipsins, sem greiðist með austur-þýzkum gjaldeyri. Eigi að síður var í það ráðizt fyrir meðalgöngu Seðlabankans m. a. á s. l. ári að gera samning um 6 ný, stór skip í Austur-Þýzkalandi til þess að reyna að létta á þessum viðskiptum. Þessi samningur hefur verið gerður, og skipin er verið að smíða, og þetta eru stór skip, þau eru yfir 200 tonn, að ég ætla góð fiskiskip, en vegna þess að það er ekki nema helmingur af andvirðinu, sem greiðist í austur-þýzkum gjaldeyri, þá kemur ekki út úr þessu, þegar öll skipin eru komin heim, nema kringum 30 millj. kr. Það er ekki nema gott um þetta að segja. En það hefur samt ekki tekizt þrátt fyrir ýtarlegar tilraunir að lækka skuld Austur-Þjóðverja hér, og að selja harðgjaldeyrisvöru eins og síldarmjölið upp á mjög langa kredit, vöru, sem mögulegt er að selja hvaða dag sem er á Vesturmarkaði frjálsri sölu, það er hlutur, sem þrátt fyrir allan velvilja og viðleitni er ekki hægt að gera.

Ég játa, að það er andstyggileg tilhugsun að þurfa að kasta síldinni í sjóinn, ef svo fer. Ég vona, að til þess komi ekki, vegna þess að samkvæmt þeim upplýsingum, sem nú liggja fyrir, virðist eins og hafi tekizt að losa sig við upp undir helminginn af birgðunum, sem voru s. l. haust innanlands. En að stofna svo til frekari framleiðslu, án þess að nokkur botn sé fundinn í málinu, er vitanlega ekki hægt.

Síðasta spurningin, sem hv. þm. beindi til mín, er svo hljóðandi: „Er ríkisstj. fús til að fallast á þá till. stjórnar síldarverksmiðja ríkisins, að niðursuðuverksmiðja ríkisins verði sett undir sérstaka stjórn?" Á þessu stigi málsins teldi ég enga ástæðu til að gera það. Það má ræða um það, þegar komin er mikil framleiðsla, en á þessu tilraunastigi hefur verið talið eðlilegt og verður kannske eðlilegt í framtíðinni, að stjórn síldarverksmiðja ríkisins fari með stjórn þessa fyrirtækis. Það er margt þar sameiginlegt. Verksmiðjan er reist á lóð síldarverksmiðjanna, síldarverksmiðjustjórnin hefur farið með stjórn og fylgzt með rekstrinum að undanförnu og hefur, eftir því sem ég bezt veit, mikinn áhuga á því, að þessi tilraun takist. Það er ýmislegt í rekstrinum, sem getur notið styrks af því að vera í beinu sambandi við síldarverksmiðjustjórnina, og ýmislegt, sem verksmiðjan og síldarverksmiðjurnar geta hugsanlega haft sameiginlegt. Ég hef þess vegna ekki talið eðlilegt að skipta um stjórn, enda ekki sótt fast af síldarverksmiðjustjórninni, það er langt frá því. Það hefur einu sinni verið nefnt munnlega við mig, hvort ríkisstj. hefði nokkurn áhuga á því að skipta um stjórn. Ég svaraði því, að ég hefði það ekki, svo náði það mál ekki lengra.

Tali hv. fyrirspyrjanda um glæpsamleg vinnubrögð í þessu sambandi vísa ég alveg frá mér, því að það hefur ekkert verið í þessu sambandi, sem má flokka undir það hugtak.

Fyrirspyrjandi (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég er þeirrar skoðunar, að frumskilyrðið til þess, að menn geti fjallað um þessi síldariðnaðarmál og síldarniðurlagningarmál af einhverri fyrirhyggju og viti, sé, að menn skilji, hve feikilega mikils virði síldariðnaðurinn er fyrir Ísland í dag og hlýtur að verða. Ég er ekki þeirrar skoðunar, að hæstv. ráðh. skilji þetta alveg nógu vel, ef marka má það, sem fram kom í ræðu hans hér áðan. Ég vil aðeins minna á, að við niðurlagningu á síld fimmfaldast verðmæti síldarinnar, og á því má sjá, hversu gífurlegur hagnaður það er fyrir þjóðarbúið, ef tekst að byggja upp voldugan síldariðnað á Íslandi. Niðurlagning á 10 þús. síldartunnum er talin munu geta veitt 90 stúlkum og 20 karlmönnum vinnu í rúma 8 mánuði á ári, en auðvitað geta slíkar verksmiðjur verið af ýmsum stærðum. Af þessu má líka sjá, hve feikileg atvinnuaukning er að uppbyggingu síldariðnaðar, sérstaklega þegar þar kemur til viðbótar, að slíkar verksmiðjur yrðu reistar þar, sem nú er mjög erfitt atvinnuástand, og þannig væri hagnýtt ónotað vinnuafl víða á Norður- og Austurlandi. Það er því ljóst, að það verður að gera allt — bókstaflega allt — til þess að það geti heppnazt að byggja upp traustan síldariðnað á Íslandi.

Hæstv. ráðh. lagði á það áherzlu í upphafi máls síns, að hér hefði verið um tilraun að ræða. Hann sagði, að þetta hefði verið tilraun og mikið hefði oltið á því, hvort hún heppnaðist í upphafi, en það var á honum að skilja, að það hefði ekki verið. Ég vil leggja á það áherzlu, að hér var um tvenns konar tilraun að ræða. Það var í fyrsta lagi tilraun með framleiðsluna sjálfa, og það var í öðru lagi tilraun með sölu á þessari framleiðslu. Það getur enginn neitað því, að þessi framleiðslutilraun á síld hefur tekizt með miklum ágætum, og allir munu sammála um, að þetta er einhver mesta afbragðsvara, sem hér hefur verið framleidd, og yfirleitt ein bezta síldarvara, sem framleidd er í heiminum. Að því leyti hefur tilraunin heppnazt alveg prýðilega. Því getur enginn mótmælt. Hitt er rétt, að tilraunin með að selja síldina hefur gersamlega misheppnazt. Finnst mönnum ekki nokkur mótsögn í því fólgin, að svo ágæt síld, sem öllum kemur saman um að sé fyrsta flokks verðmæti, skuli ekki seljast? Jú, auðvitað er skýringin á þessari mótsögn eingöngu í því fólgin, að tilraunin með sölu á síldinni hefur misheppnazt vegna þess, að ekki hefur nægilega verið unnið að því. Það er ljóst, að aldrei verður unnt að selja síldina, nema ákveðin stjórn taki að sér að einbeita sér að þessu verkefni. Þessi stjórn þarf t. d. að fá upp í hendurnar 2 millj. á hverju ári í t. d. 5 ár til þess að brjótast inn á nýja síldarmarkaði. Það er öllum ljóst, að þetta er gífurlegt átak. Það er öllum ljóst, að það hefst ekki með því að senda nokkrar dósir á ákveðinn stað í Ameríku og aðrar til Englands eða annarra landa og fylgja ekki nægilega eftir með miklum mannafla og öðru því, sem til þarf. Það er áreiðanlegt, að stjórn síldarverksmiðja ríkisins hefur ekki verið í neinni aðstöðu til þess að vinna þetta brautryðjendastarf sitt, vegna þess að hún hefur ekki haft fjármuni í höndum til þess að vinna verkið.

Hæstv. ráðh. sagði, að það gæti vel verið, að hér væri um ódugnað að ræða, og ég vil aðeins undirstrika það. Það er svo. Hér er um ódugnað að ræða, og hér verður að verða breyting á, ef á að takast að vinna upp þennan síldariðnað. (**Forseti:** Ræðutíminn er búinn.) Já. Ég virðist nú hafa tekið eftir því hér í umr. um fsp., að menn fá kannske eina mín. eða tvær fram yfir sinn venjulega ræðutíma, og ef forseti mótmælir því ekki, þá treysti ég því, að mér verði leyft það einnig. Er mér heimilað það? (**Forseti:** Örstutt.) Ég vil aðeins undirstrika það, sem hæstv. ráðh. sagði hér áðan, að það sé ekki tímabært að setja upp sérstaka stjórn, þar sem ekki hefði tekizt að selja síldina. Ég vil aðeins undirstrika, að það er eitt af skilyrðunum til þess, að hægt verði að selja þessa síld, að sett verði upp sérstök stjórn fyrir verksmiðjuna og unnið að síldarsölunni af einbeitingu og dugnaði.

Að lokum vil ég aðeins minna á það, hvort eigi að eyðileggja þessa framleiðslu að verðmæti 1.2 millj. Því spursmáli svaraði ráðh. á þann máta, að ríkisstj. réði ekki við þetta, Austur-Þjóðverjarnir skulduðu það mikið og við hefðum ekki keypt nægilega mikið af þeim. Þar af leiðandi gætum við ekki selt þeim þetta litla magn af síldarmjöli. Ég vil aðeins benda á, að ríkisstj. sjálf hlýtur að ráða nokkru um það, hvernig háttað er viðskiptum okkar við Austur-Þýzkaland, og mér dettur ekki í hug að sleppa því hér í þessum umr., að þetta ástand, sem skapazt hefur í viðskiptum okkar við Austur-Þýzkaland, er áreiðanlega ekki eingöngu Austur-Þjóðverjum að kenna, heldur kemur þar einnig til afstaða íslenzku ríkisstjórnarinnar. Það segir sig sjálft, að fjöldamargt er unnt að kaupa af Austur-Þjóðverjum, ef einhver vilji er fyrir hendi. Og ég vil aðeins undirstrika, að síldariðnaðurinn íslenzki er allt of mikið stórmál til þess, að ein 600 tonn af síldarmjöli megi þar vera til fyrirstöðu. Ef okkur tekst í þetta sinn að taka þessu tilboði Austur-Þjóðverja og selja þetta síldarmagn, þá skapast miklir möguleikar á því, að unnt verði að halda þessum viðskiptum við Austur-Þjóðverjana áfram.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Mig langar að nota rétt minn til þess að segja fáein orð í þessu sambandi, af því að ég er í stjórn síldarverksmiðja ríkisins og hef þar af leiðandi fylgzt með þessu máli frá byrjun.

Hér er um tilraun að ræða, og sú tilraun hefur sýnt, að það er hægt að framleiða hér góða vöru, niðurlagða síld, sem jafnast á við það, sem bezt er annars staðar, og líka hægt að framleiða hana með sambærilegu verði. Það er sýnilegt af þeim verðreikningum, sem gerðir hafa verið á vegum verksmiðjunnar, og tilraunum, að ef umbúðamálunum er komið í fullkomið lag, þá er hægt að bjóða þessa vöru með samkeppnisfæru verði. Þetta liggur nú orðið fyrir og er út af fyrir sig nokkuð merkilegur árangur af því, sem gert hefur verið.

Á hinn bóginn vil ég taka undir það með þeim, sem flytur þessa fsp., að sölutilraunir hafa ekki nema að sáralitlu leyti komizt í framkvæmd. Það er mín skoðun. Og þess vegna kemur ekki til mála að hætta við þetta mál, eins og það stendur nú, heldur verður að fara að á þá lund, sem síldarverksmiðjustjórnin hefur lagt til: Í fyrsta lagi að setja þessu fyrirtæki sérstaka stjórn, og það er í raun og veru aðalatriðið, því að síldarverksmiðjustjórn ríkisins hefur enga aðstöðu, innan um allt, sem hún hefur að gera, til að sinna þessu mikla verkefni eins og þarf, því að þótt hér sé ekki framleitt mikið magn, þá á Ísland meira undir því en ýmsu öðru, hvernig tekst að selja, vegna þess að hér er um svo þýðingarmikla byrjun að ræða. Þess vegna á þetta ekki að vera aukaverk á vegum þeirra, sem eru önnum kafnir við annað, eins og framkvæmdastjóri síldarverksmiðja ríkisins og stjórn síldarverksmiðja ríkisins. Það á því einmitt strax á þessu stigi að setja fyrirtækinu sérstaka stjórn, eins og stjórn síldarverksmiðja ríkisins sjálf hefur lagt til. Ég hygg það misskilning hæstv. ráðh., að það sé ekki áhugamál stjórnar síldarverksmiðjanna, að þetta sé gert, a. m. k. er það mjög mikið áhugamál mitt, að þetta verði gert, eftir þá reynslu, sem ég hef af þessum málum.

Það hefur verið reynt að fá íslenzk fyrirtæki, sem flytja út vörur, til þess að selja þessa vöru, og sum af þeim hafa reynt það, en með sáralitlum árangri. Önnur hafa færzt undan að reyna.

Það er ekki fyrir það, að varan sé ekki góð, að því er sagt er, eða verðið of hátt, heldur fyrir hitt, að á markaðinum er mikið af góðri vöru með sambærilegu verði, en sjálfsagt ekkert betri vörur og ekki heldur með betra verði. En það er þægilegra fyrir þá, sem fást við þessi mál erlendis, að hafa á boðstólum þekkt merki, sem fólkið spyr eftir, en að taka að sér nýtt.

Þess vegna er augljóst mál, að það verður að eyða miklu fé, a. m. k. milljónum, ef á að verða nokkur minnsta von til þess að brjótast í gegn með algerlega nýja vöru, þó að hún sé jafngóð og sú, sem fyrir er. Þetta verða menn að gera sér ljóst. Menn verða að leggja 10—20 millj. fram alveg kalt og rólega, ef þess þarf, til þess að hægt sé að koma við öllum þeim sölutilraunum, sem duglegir menn geta fundið upp og skynsamlegar teljast.

En síldarverksmiðjustjórnin hefur sem sagt lagt til, að það verði sett sérstök stjórn fyrir fyrirtækið og að það verði veitt aukið fjármagn til fyrirtækisins, nokkurt fjármagn í rekstrarfé og sérstaklega til að standa undir markaðsleitinni.

Hitt vil ég svo taka undir, sem hæstv. ráðh. sagði, að það þýðir ekki að framleiða mikið magn á lager og hafa ekki hugmynd um, hvernig menn geta selt það. Það verða að fara saman tilraunaframleiðsla og söluherferðir. En þá mega menn ekki heldur spara það fé, sem í þetta er lagt, svo að hvort tveggja geti átt sér stað, bæði nægileg tilraunaframleiðsla og herferðir í sölumennsku, þó að kosti talsvert fé.

Ég vil enn fremur segja frá því hér, að það hefur ekki tekizt að fá framkvæmdastjóra fyrir verksmiðjuna. Það hefur verið reynt á annað ár að fá framkvæmdastjóra fyrir þetta fyrirtæki, sem væri sérlega vel til þess fallinn að sjá um sölumennskuna, en það hefur ekki tekizt. Það hefur ekki verið hægt, að því er þeir segja, sem hafa í því staðið sérstaklega, ekki hægt að fá mann, sem vel hentaði í þetta. Og það er sannast að segja ekki skemmtilegt, að það skuli ekki einhver af þeim efnilegu, ungu og vel menntuðu mönnum, sem Íslendingar hafa á að skipa í skyldum greinum eins og þessum, gefa sig fram til að taka að sér slíkt starf, sem gæti verið vel launað. En við verðum að vona, að hægt verði að leysa þetta mál, að fá framkvæmdastjóra, sem gæti séð um söluherferðina, en framkvæmdastjóraleysið hefur valdið miklum erfiðleikum.

Sem sagt það, sem fyrir liggur að mínu viti og ég veit ekki betur en stjórn síldarverksmiðja ríkisins sé alveg sammála um, er að fá sérstaka stjórn fyrir fyrirtækið, sem getur helgað sig því mikilsverða verkefni að ryðja íslenzkri niðurlagningarvöru braut á erlendum markaði. Það má ekki vera hjáverk neinna, því að hér er mikið í húfi. Það hefur auðvitað verið algert hjáverk. Í annan stað þarf að fá fjármagn af ríkisins hendi til þess að standa undir þessari starfsemi. Þar er ekki um neitt gífurlegt fé að ræða. Það eru smámunir að leggja slíkt út í samanburði við það, sem getur fengizt í aðra hönd. Í þriðja lagi þarf náttúrlega að brjótast í því að ná í skeleggan framkvæmdastjóra, því að framkvæmdastjórar síldarverksmiðja ríkisins, sem eru afbragðsmenn, telja sig ekki með neinu móti geta staðið að því í hjáverkum að vera framkvæmdastjórar fyrir fyrirtæki eins og þetta með öllu því, sem þeir hafa að gera, og geta menn ímyndað sér, hvort það er ekki rétt. (**Forseti:** Tíminn er búinn.) Tíminn er búinn, enda er ég líka búinn og vil segja aðeins að lokum varðandi söluna til austursvæðisins, að ég tel, að við ættum hiklaust að láta nokkuð af síldarmjöli, ef það gæti orðið til þess að opna þar einhvern markað fyrir vörur verksmiðjunnar.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Í þessum umr. hefur komið fram, að ríkisstj. hefur ekki viljað fallast á að heimila sölu á framleiðslu þessarar niðurlagningarverksmiðju til Austur-Þýzkalands vegna þess, að hún hefur ekki getað fallizt á það, að með þessari framleiðslu, sem hér um ræðir, verði seld 600—700 tonn af fiskimjöli til Austur-Þýzkalands. Það er sem sagt upplýst í þessum umr., að hér hefur verið efnt til mikillar og merkilegrar starfsemi, sem átti að hafa allmikla þýðingu í sambandi við framleiðslumál landsins, og þessi tilraunastarfsemi hefur gengið fremur illa, eftir því sem upplýst er af hæstv. ráðh., en þannig er fyrirgreiðslan sýnilega af hálfu ríkisstj. í sambandi við annan aðalþátt málsins, sem er salan á erlendum vettvangi, að þegar um það er að ræða að komast inn á nýjan markað og það þarf að heimila að selja til viðskiptaþjóða okkar fiskimjöl upp á 3—3½ millj. kr., þá má ekki veita slíkt leyfi. Og svo er látið í það skína, að þessi neitun sé vegna mjög merkilegrar „prinsip"-afstöðu. Auðvitað snýr þetta alveg öfugt við. Við eigum alveg hliðstæð viðskipti við ýmsar aðrar þjóðir og þau, sem við eigum við Austur-Þýzkaland. Við seljum okkar afurðir alveg á hliðstæðan hátt bæði til Tékkóslóvakíu og eins til Póllands. Báðar þessar þjóðir fá svo að þúsundum tonna skiptir af fiskimjöli og hafa fengið í nokkur ár, og er þó ekki hægt að segja á neinn hátt, að viðskiptin við þær séu neitt betri okkur, nema síður sé, því að markaður sá, sem við höfum haft í Austur-Þýzkalandi, bæði fyrir frosna síld, fyrir frosin fiskflök og fyrir saltsíld, hefur hiklaust verið langbezti markaðurinn, sem Íslendingar hafa haft. Útflytjendur eru a. m. k. ekki í neinum vafa um það, þó að hæstv. ríkisstj. hafi kannske ekki áttað sig á því.

Auðvitað er ég ekki í neinum vafa um, að Austur-Þjóðverjar munu fara fram á það mjög stíft nú, ekki aðeins í sambandi við kaupin á þessum litla slatta frá niðurlagningarverksmiðjunni á Siglufirði, að þeir fái að kaupa nokkuð af fiskimjöli eða síldarmjöli eins og aðrar okkar viðskiptaþjóðir. Þeir munu gera þetta, þeir hafa sett fram þessa ósk, og þeir vilja fá þetta og fá það alveg hiklaust. Við höfum engin efni á því, nema þá að hér sé rekin bein skemmdarstarfsemi í sambandi við okkar viðskipti við aðrar þjóðir, að ætla að neita þeim um nokkurn hluta af jafnmikilli framleiðslu og við eigum af síldarmjöli, til þess að geta tryggt okkur slíkan markað eins og við höfum átt í því landi fyrir t. d. saltsíld af þeirri gerð, sem við höfum ekki getað selt annars staðar. En ég álít, að þetta atriði sýni mjög ljóslega, að skilningur ríkisstj.

og vilji hennar til að láta þessa tilraun, sem þarna átti að framkvæma á Siglufirði, heppnast hefur enginn verið. Viljinn hefur enginn verið. Það er eins og hér hefur réttilega verið bent á, að þessi tilraun, sem þarna átti að fara fram, var auðvitað tvíþætt, annars vegar var vinnslan sjálf á Siglufirði, hvort okkur tækist með eðlilegum hætti að framleiða þá vöru, sem markaðirnir vildu eða teldu góða, og hins vegar vitanlega að brjótast í gegn á mörkuðunum og finna okkur fasta kaupendur. Ég held, að það sé ekki nokkur minnsti vafi á því, að það hefur lítið sem ekkert verið gert í því að útvega markaði fyrir þessar vörur.

Við höfðum fyrir nokkrum árum gert tilraunir með að semja við Sovétríkin um sölu á niðursoðnum fiskafurðum og niðurlögðum, og við gerðum samning við Sovétríkin upp á 20 millj. kr. á einu ári, gátum ekki afhent upp í þetta nema lítinn hluta, og næst þegar samningur var gerður, komu kröfur frá okkur um að minnka þetta magn, af því að við gætum ekki afhent það. Það er alveg rétt, að kaupendur frá Sovétríkjunum munu hafa svarað því til, þegar þeim var boðið upp á lítinn slatta í sambandi við framleiðsluna frá Siglufirði, að þetta væri framleiðsla af þeirri gerð, sem þau óskuðu ekki fyrst og fremst eftir. Hér var um mjög dýrar umbúðir að ræða, yfirleitt mun dýrari en tíðkast utan um niðursoðnar eða niðurlagðar vörur, og framleiðslan var tiltölulega dýr. En það var vitanlega hægt að taka upp framleiðslu fyrir þennan markað á þeim grundvelli, sem hann yndi betur við, og þannig þurfti auðvitað að halda tilrauninni áfram. Ég verð að segja það líka, að það er vitanlega algerlega röng mynd, sem hér kom fram hjá hæstv. ráðh. í sambandi við viðskipti okkar við Austur-Þýzkaland. Þó að svo hafi til tekizt vegna mikillar tregðu í viðskiptastefnunni hér heima, að viðskiptin hafi þar minnkað á tímabili, þá er það ekki að kenna fyrst og fremst afgreiðslu á vörum frá hálfu Austur-Þýzkalands. Það er rétt, við höfum ekki fengið á tímabili allar þær vörur, sem við vildum sérstaklega velja þar úr. En á því hefur nú orðið breyting, þannig að allar þær vörur, sem íslenzkir aðilar lögðu kapp á á s. l. ári að fá frá Austur-Þýzkalandi, hafa þeir fengið nú og í ríkari mæli en Íslendingarnir gátu tekið við þeim, eftir að þeir höfðu þó sett fram kröfu um þær. Enda hefur nú færzt nýr fjörkippur í verzlunina við Austur-Þýzkaland, eins og sagt hefur verið frá í stjórnarblöðunum síðustu daga, og ég efast ekkert um, að það er lítill vandi að láta enn meiri og stærri fjörkipp koma í þau viðskipti og skapa okkur þar möguleika til þess að selja alla þá framleiðslu, sem þessi litla verksmiðja á Siglufirði getur framleitt, ef bara væri staðið að því á réttan hátt.

Jón Kjartansson: Herra forseti. Það má segja, að það hafi orðið bylting í atvinnulífi Íslendinga, þegar síldveiðar hófust hér við Norðurland kringum aldamótin og upp úr þeim, og það voru, eins og vitað er, Norðmenn, sem hófu þær og kenndu Íslendingum þær, og Íslendingar fetuðu síðan í fótspor þeirra og byrjuðu sjálfir að veiða. Fyrst í stað voru það útlendingar, aðallega Norðmenn, sem áttu síldarsöltunarstöðvar á Norðurlandi og þá fyrst og fremst á Siglufirði og gerðu síldina að markaðshæfri vöru. Það er eftirtektarvert, að núna, 60 árum seinna, er svo að segja öll síld, sem veidd er við Íslandsstrendur og seld er úr landi, flutt út í nákvæmlega sömu umbúðum og var gert 1904 og á árunum þar á eftir, illa þrifnum síldartunnum. Þannig voru umbúðirnar laust eftir aldamótin, og þannig eru þær í dag.

Fjöldamargir Íslendingar hafa skrifað um nauðsyn þess að betrumbæta þetta ástand, og þeir hafa fullyrt það með sanni, að þetta væri eins og hjá nýlendunum, að hráefnið væri flutt út og svo væru það auðugri þjóðirnar, sem gerðu það að enn þá dýrmætari vöru. Þetta hefur alveg sannazt á okkur Íslendingum s. l. hálfa öld. Það var mikið ritað og rætt um það að stofna og starfrækja niðurlagningarverksmiðjur á Íslandi og nokkrir einstaklingar hafa ríðið á vaðið og gengið misjafnlega. Það varð almenn gleði allra þeirra, sem eitthvað vilja hugsa um þessi mál, þegar núv. hæstv. ríkisstj. ákvað að hefja rekstur niðursuðuverksmiðju á Siglufirði í tilraunaskyni, og auðvitað varð fögnuðurinn alveg sérstaklega hjá fólki á Siglufirði, eða þeim stað, þar sem verksmiðjuna átti að reisa. En við skulum rifja hér aðeins upp að gefnu tilefni sögu þessarar verksmiðju.

Ríkisstj. ákveður og heimilar stjórn síldarverksmiðja ríkisins að hefja rekstur niðurlagningarverksmiðjunnar, hún skal sjá um framkvæmdir og húsakost. En hæstv. ríkisstj. segir ekki einu orði við verksmiðjustjórn, hvaða fé hún megi nota til þessa. Þess vegna kom það fram strax hjá stjórn síldarverksmiðja ríkisins, að niðurlagningarverksmiðjan og síldarverksmiðjur ríkisins eru ekki sama fyrirtæki, og það mun að sjálfsögðu alveg réttur skilningur. Það kom fram hjá stjórnarmeðlimum verksmiðjanna, að þeir hefðu tæpast heimild til að ráðstafa nokkru verulegu fé til niðurlagningarverksmiðjunnar. Samt sem áður lagði stjórn síldarverksmiðja ríkisins fram allmikið fé, og á tímabili, held ég, að hún hafi átt 3—4 millj. hjá niðurlagningarverksmiðjunni. En það var þetta andrúmsloft, sem ég tel að hafi verið í fyrstu fjötur um fót þessa fyrirtækis. Fyrirtækin voru tvö, stjórnin var ein, annað fyrirtækið átti engan pening. Það má líkja þessari verksmiðju við lítið barn, sem er verið að koma í fóstur, og þeir, sem komu því fyrir, létu engan framfærslueyri fylgja. Síðan var hafizt handa í verksmiðjunni og framleidd ein sú bezta vara á þessu sviði, eftir því sem kunnugir menn segja. Það er selt þó nokkuð mikið innanlands, og landsmenn taka þessu vel, en erlendis selst ekki neitt, eða eins og hæstv. sjútvmrh. sagði fyrir tæpar 100 þús. kr. Þetta er sama og ekki neitt. Og það er sagt hér, að það var leitað markaða í Ameríku, það var leitað markaða í Englandi, það var leitað markaða í Þýzkalandi og á Norðurlöndum. En ég vil leyfa mér að segja, að eftir því sem ég bezt veit, hefur þessi markaðsleit verið kák. Ég vona, að hæstv. ríkisstj. taki þetta mál föstum tökum. Ef hún er þeirrar skoðunar, en sú skoðun er fyllilega frambærileg, að stjórn síldar-

verksmiðja ríkisins eigi að fara með stjórn verksmiðjunnar, þá lít ég svo á, að það þurfi að sameina þessar verksmiðjur og niðurlagningarverksmiðjan eigi að vera eign síldarverksmiðja ríkisins, ein deild í síldarverksmiðjum ríkisins, alveg eins og hraðfrystihúsin, því að þótt einhverjir útvegsmenn segi e. t. v., að það sé óskylt að reka niðursuðuverksmiðju og síldarverksmiðju, þá er niðurlagningarverksmiðjan bara nokkurs konar líftryggingarfyrirtæki fyrir síldarverksmiðjur ríkisins til að tryggja sér verkafólk, þegar mest á ríður.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Spurningin um, hvort okkur tekst með þessa niðursuðuverksmiðju, er raunverulega spurningin um það, hvort okkur tekst að koma á nokkurs konar iðnbyltingu í okkar matvælaiðnaði og að gerbreyta smám saman þannig um, að við getum fjór- til fimmfaldað það verðmæti af síldinni, sem við flytjum út. Hæstv. ráðh. gerir sér það í hugarlund, að þetta sé hægt og það sé reynt með eðlilegum hætti. Það er ekki mikið orðið eftir af eðlilegum hætti í viðskiptunum í heiminum núna, ef við eigum við eðlilega og frjálsa samkeppni upp á gamla móðinn. Í sósialistísku löndunum eru það ríkisstj., sem hafa með þetta að gera, og þar verður að eiga í samningum við þær. Í kapítalistískum löndum eru það auðhringar, sem einoka nokkurn veginn þessa markaði. Og við vitum ósköp vel, að hvað snertir niðurlögðu síldina, eru mjög sterkir aðilar í Noregi, og núna er það ABA í Svíþjóð, sem hefur sameinazt í eitt. Þessir sterkustu hringar, sem hafa verið í þessu, hafa núna slegið sér saman og einokað svo að segja allan þennan markað og hafa öll sín sambönd út um allan heim, þannig að þegar við ætlum að fara að berjast á þessum mörkuðum, verðum við að skoða þetta eins og hverja aðra efnahagslega sjálfstæðisbaráttu, sem við erum að heyja, og leggja verulega mikið í sölurnar.

Hvernig höfum við farið að því að byggja upp t. d. í Bandaríkjunum söluskipulag Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna? Við höfum gert það á grundvelli þess, að í mörg ár hefur Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna samið fyrir fram um ⅔ hluta af öllum freðfiskinum við Sovétríkin og önnur sósialistísk lönd og fengið þetta borgað „kontant" við afskipun og notað þessa peninga til þess að byggja upp sölukerfið í Bandaríkjunum, þannig að um leið og verzlunarviðskiptin stöðvuðust 1960 við Sovétríkin, gátu hraðfrystihúsin svo að segja ekkert borgað út, eins og mikið var rætt hér um á Alþingi þá. M. ö. o.: við höfum reynt að taka upp þessa góðu reglu, að gera stórsamninga við sósialistísk lönd, til þess að geta selt nokkurn veginn „kontant", og nota þetta fé til þess að berjast með síðan í hinum löndunum. Svona held ég, að við þurfum að fara að, ef við ætlum að vinna upp okkar framleiðslu í matvælaiðnaði eins og síldarniðurlagningunni. Við verðum að reyna að semja við Sovétríkin, Austur-Þýzkaland og önnur slík, tryggja okkur með fyrirframsamningi sölu á við skulum segja ⅔ af framleiðslunni til þess að vera vissir um að geta afskipað þessu jafnóðum, því að eins og við vitum, þolir þetta ekki geymslu nema upp á 6—9 mánuði, og geta síðan með hinum hluta framleiðslunnar, því sem við seljum ekki innanlands, barizt á útlendu, kapítalistísku mörkuðunum. Svona verðum við að skipuleggja þetta. Það er rétt, það getur verið erfitt um tíma viðvíkjandi Austur-Þýzkalandi, þegar við verðum að lána kannske heilmikið. En ég veit ekki betur en á sama tíma láni t. d. Rússar okkur stórfé, þannig að þótt Austur-Þýzkaland sé í einhverri skuld við okkur, þá munum við vera í stærri skuld við Sovétríkin, svo að við getum e. t. v. látið það mætast. En þarna er um þýðingarmikið mál að ræða, því að hverjar 100 þús. tunnur af síld, sem við flytjum út með þessu móti, fimmfaldast í verði.

Við höfum verið hráefnaframleiðendur fyrir sænska hringa í hálfa öld, og það er tími til kominn, að við losum okkur úr því. Fyrst við höfum loksins getað sýnt það, að við getum framleitt jafngóða vöru og þeir, og unnið þar stórsigur, megum við ekki gefast upp í þessu út af markaðsmálunum, og ef pólitík ríkisstj., verzlunarpólitík hennar, dugir ekki til þessa, verður að breyta þeirri verzlunarpólitík. Hún hefur verið vitlaus frá upphafi, og það er eins og hver önnur tálvon að gera sér það í hugarlund, að menn geti með almennri frjálsri samkeppni brotizt eitthvað áfram í heiminum núna. Nei, menn verða að gera það með því að skipuleggja sínar verksmiðjur, hagnýta allar aðstæður, skipuleggja m. a. innkaupin til Íslands öllsömun þannig, að við ráðum því, hvernig kaupgeta Íslendinga sé notuð, en ekki þessir útlendu auðhringar, sem geta notað íslenzka markaðinn eins og þeim þóknast án þess að kaupa nokkuð af okkur.

Með þeirri verzlunarpólitík, sem nú er rekin, svokallaðri frjálsri verzlun, drepum við niður þann iðnað, sem við þurfum að skapa sjálfir, og við getum margfaldað okkar verðmæti, ef við bara þorum að fara inn á rétta pólitík í þessum efnum. En ég skil það vel, að með þessum eðlilega hætti, sem hæstv. ráðh. talar um, drepum við síldarverksmiðjuna á Siglufirði, þá látum við síldarverksmiðju, ef Tryggvi Ófeigsson vill koma upp einni, standa ónotaða, þá drepum við síldarverksmiðjuna hjá Haraldi Böðvarssyni, þá höldum við niðri þróuninni í matvælaiðnaðinum íslenzka. Við ættum að geta komið hér upp einum 10—20 verksmiðjum á Íslandi til útflutnings, ef við aðeins þorum að skipuleggja þetta allt saman réttilega. Ég veit ekki betur en við kaupum inn í hópum báta núna hvert einasta ár frá Noregi og Svíþjóð, sem við hefðum getað keypt frá Austur-Þýzkalandi, ef þetta væri skipulagt, og ég efast um, að það séu betri bátar, sem við fáum þaðan, heldur en frá Austur-Þýzkalandi. En við þurfum að hugsa þetta fyrir fram, og við þurfum að skipuleggja það. Ég vildi þess vegna aðeins láta það koma fram, að það dugir ekki, þó að röng verzlunarpólitík hafi staðið í vegi fyrir því fram að þessu, að láta það drepa þróun þessa matvælaiðnaðar á Íslandi.

Björn Pálsson: Herra forseti. Því hefur verið slegið fram hér, að síldarverðmæti mundu fimmfaldast við að leggja síldina niður. Ég held, að þetta sé dálítið fáránleg kenning, því að vitan-

lega geta aðrar þjóðir keypt saltsíld og lagt hana niður alveg eins og við, og það mótar markaðinn, en ekki þó að við ætlum að margfalda með fimm. Það er ekki hægt að ganga fram hjá kostnaðinum við að gera þetta, bæði umbúðum og vinnu, þannig að ég held, að það þýði ekki að vera að blekkja sig á því. Við getum ekki búizt við að hafa meira upp úr því að verka síld á annan hátt en vinnulaunin, því að aðrar þjóðir hafa möguleika á að fá þetta hráefni og geta þá boðið það á svipuðu verði. Það þýðir ekkert að segja svona vitleysu, að þetta margfaldaðist allt. Við fáum fyrir okkar vinnu, og það er líka allt í lagi að fá það. Hitt er annað mál, að atvinnuástandið er þannig norðanlands, að það veitir sannarlega ekki af því að gera eitthvað til þess að bæta úr þeim vinnuskorti, sem er hjá vissum hluta fólksins yfir háveturinn, og það er stórmál út af fyrir sig, þó að við fáum ekkert annað en kaup handa þessu fólki við að breyta vörunni í verðmætara ástand.

Ég er alveg sammála hv. 1. þm. Austf. um, að það á að skipa sérstaka nefnd, en ekki vera að bæta þessu á verksmiðjustjórnina. Ég álít, að sú nefnd eigi ekki að vera eingöngu til að stjórna þessari verksmiðju, sem raunar er nú bara á tilraunastigi, heldur eigi þetta að vera fagmenn í verzlunarmálum og í iðnaðarmálum. Ég sé ekki, að það hafi verið gert neitt til að koma þessari vöru í verð erlendis. Það eru beðnir einhverjir menn um að reyna að selja, þetta er algert aukastarf fyrir þá, og þess vegna gengur hvorki né rekur. Það þarf að athuga, hvort ekki er hægt að komast í samband við erlenda menn, sem hafa bæði tæknikunnáttu og dreifingarkerfi, aðstöðu til að dreifa vörunni. Við hættum engu, þó að við reynum að semja við einhverja erlenda aðila um slíka hluti, sem þegar eru búnir að vinna sig inn á markaðinn. Ég hef heyrt, að slíkt sé í bruggi hér við Faxaflóa, ef það er ekki þegar byrjað. Því ættum við ekki að geta notað kunnáttu og verzlunaraðstöðu erlendra manna, ef þeir eru aðeins fáanlegir til þess að vinna með okkur? Það gæti á engan hátt verið hættulegt fyrir okkur. Það er ekki eðlilegt, að einstaklingar vilji leggja sína fjármuni í hættu til þess að hefja tilraunastarfsemi á þessu sviði. Það væri ekkert óeðlilegt, þó að ríkið kostaði einhverju til. Við skulum ekki vera að blekkja okkur á því, að við getum margfaldað verðmæti hráefnisins. Við getum ekki búizt við því. En ef þetta gæti orðið til þess að tryggja atvinnu og auka atvinnutekjur fólksins í þeim kauptúnum og bæjarfélögum, sem helzt þurfa þess með, þá er um stórmál að ræða, sem ég álít að alls ekki sé hægt að ganga fram hjá. Þess vegna á að skipa sérstaka nefnd til að vinna að þessum málum. Það eiga bæði að vera verzlunarmenn og fagmenn í síldariðnaði. Það borgar sig að hafa 3 manna nefnd til að rannsaka, hvað hægt er að gera í þessu. Það er ekki hægt að fara ýtarlega út í þetta nú, en ég álít, að hér sé um framtíðarmál að ræða og stórmál, ekki sízt fyrir þau kauptún, sem standa illa að vígi í atvinnumálum. Það má alls ekki dragast, að eitthvað sé gert. Hitt er annað mál, að Alþb.-menn eru alltaf viðkvæmir fyrir öllum verzlunarviðskiptum fyrir austan járntjald. Við höfum vitanlega engin efni á því að einangra okkur viðskiptalega. Annars skal ég ekki leggja dóm á það, hvort tilvinnandi er að selja svona mikið síldarmél fyrir ekki meira magn af niðurlagðri síld. En það verður a. m. k. að athuga allar leiðir, sem færar eru, og ég hef mikla trú á því, að við getum aukið viðskipti okkar við Austur-Þýzkaland. Þeim mun tæknilega fara fram. Þeir hafa haft erfiða aðstöðu hingað til.

Jón Skaftason: Herra forseti. Mig langar til að vekja athygli hv. þm. á setningu, sem kom fram í svari hæstv. ráðh. við þeirri fsp., sem hér er verið að ræða. Ég tók svo eftir, að hæstv. ráðh. segði, að eins og málin stæðu nú, teldi hann enga ástæðu til þess að skipa niðurlagningarverksmiðjunni á Siglufirði sérstaka stjórn, og vel mátti skilja ummæli hans þannig, að ríkisstj. sæi ekki heldur ástæðu til að leggja verksmiðjunni fé. eins og málin standa. Ég vil vekja athygli á því, að ef þetta er skilningur hæstv. ríkisstj. á þeirri tilraunastarfsemi, sem verið er að byrja norður á Siglufirði og var hafin í tíð sömu ríkisstj. og nú situr í dag, þýðir þessi boðskapur hvorki meira né minna en það, að niðurlagningarverksmiðjan á Siglufirði er dæmd til þess að deyja á næstu mánuðum og næstu árum, því að ég veit ekki, hvaða hugsun liggur að baki þess framferðis hjá ríkisstj., í fyrstunni á árinu 1960 að leyfa að reisa þessa verksmiðju og verja til byggingarinnar nokkrum millj. kr., en ætlast svo til þess, að sú framleiðsla, sem þarna er unnin, selji sig nánast sjálf, án þess að nokkrir sérstakir menn hafi þar um fjallað og án þess að þeir hafi nokkur fjárráð til þess að annast það nauðsynlega sölustarf, sem brýna nauðsyn ber til, til þess að koma vörunni á markaðinn.

Mér er það fyllilega ljóst, að saltsíldarmarkaðurinn er flest árin yfirfullur og ekki sízt sá markaður, sem tekur á móti niðurlagðri og niðursoðinni síld, og að honum sitja, eins og hv. 3. þm. Reykv. gat hér réttilega um áðan, mjög sterkir söluhringar, sem láta ekki hrekja sig út af þeim markaði nema fyrir mjög verulegt átak í okkar efnum. Það kæmi vissulega til álíta fyrir Íslendinga að taka til athugunar, hvort það sé rétt stefna hjá okkur í síldarsölumálunum að selja saltsíldina í stórum umbúðum, í tunnum, sem innihalda um 100 kg, svo til óunna. Það er einmitt þessi síld, sem þannig er flutt út og þá aðallega til Sviþjóðar, sem framleiðendurnir þar, ABA, Bjelland o. fl., nota til þess að fylla þessa sömu markaði með, sem við erum nú að reyna að koma niðursuðuverksmiðjuframleiðslunni frá Siglufirði inn á. Ég vil því eindregið hvetja hæstv. ríkisstj. til þess að hætta ekki við hálfunnið verk. Henni ber siðferðileg skylda til að leggja fram fé til að reyna að koma framleiðslunni frá niðurlagningarverksmiðjunni á Siglufirði inn á markaðinn. Henni ber siðferðileg skylda til þess, ekki aðeins vegna þess, að atvinnuástandið á Siglufirði sé bágt, heldur ber henni skylda til þess, vegna þess að þarna er verið að stiga spor í þá stefnu að gera framleiðslu okkar verðmeiri og gera það mögulegt að vinna hana meir í landinu en okkur hefur tekizt til þessa.

Við Íslendingar þykjumst það vel menntaðir og það vel efnaðir, að við viljum ógjarnan láta setja okkur á bekk með nýlenduþjóðum, sem framleiða oft einungis hráefni, sem þær svo senda til þeirra þjóða annarra, sem lengra eru komnar í iðnvæðingu, er vinna svo úr þessu hráefni. Þannig er með saltsíldina. Við þurfum sjálfir að vinna hana miklu meira í landinu en gert hefur verið til þessa, og það er algerlega vonlaust, að það muni nokkurn tíma takast, nema einhverjir taki að sér forustuna í því hlutverki og Íslendingar leggi fram nauðsynlegt fjármagn til þess, að þessi starfsemi geti verið unnin sómasamlega.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég þarf ekki að vera margorður í svörum, því að það hefur að heita má ekki margt nýtt komið fram í umr. Hv. fyrirspyrjandi taldi að vísu, að ég hefði ekki skilið eðli málsins nógu vel, ég hafi ekki gert mér grein fyrir því, að verðmætið ferfaldaðist eða jafnvel fimmfaldaðist við vinnsluna, að þetta væri atvinnuaukning og annað þess háttar. En ég verð að segja honum, að ég hef haft allt þetta í huga. Ég veit þetta ofur vel og kannske fullt eins vel og hann. En það er bara ekki á þessu skilningsleysi, sem málið hefur strandað. Málið hefur í bili strandað á því, að það hefur ekki tekizt að selja framleiðsluvöruna. Ég er alveg sammála öllum þeim hv. ræðumönnum, sem hér hafa tekið til máls, um það, að þessi starfsemi er afar æskileg og afar nauðsynleg, en því aðeins er hún möguleg, að okkur takist að selja það, sem framleitt er.

Mér hefur skilizt á sumum ræðumönnunum, að það væri ekki mikill vilji hjá ríkisstj. til þess að efla viðskiptin við Austur-Þýzkaland eða austurblokkina yfirleitt. Þetta er mikill misskilningur. Ég hef ekki haft meiri áhuga á því að koma vörunum vestur á bóginn heldur en austur á bóginn, síður en svo. Það gildir mig alveg einu, hvora leiðina varan fer, ef þjóðin fær fyrir framleiðsluna það verð, sem bezt er og bezt mögulegt er hægt að fá. Þessi vara, sem hér er framleidd, er góð, okkur finnst hún góð, og við höfum notið við framleiðsluna aðstoðar sérfræðinga á þessu sviði, m. a. Sigurðar Péturssonar gerlafræðings, sem hefur fylgzt með málinu alveg frá upphafi og lagt á ráð með framleiðslustarfsemina. Við höfum notið aðstoðar norskra sérfræðinga, sem bæði hafa komið hér upp og starfað að framleiðslunni og líka gefið góð ráð. Allt þetta hefur verið gert til þess að reyna að gera framleiðsluna eins góða og mögulegt er. En smekkur manna er misjafn. Ég skal, með leyfi hæstv. forseta, leyfa mér að lesa hér upp kafla úr grg. stjórnar síldarverksmiðja ríkisins til mín, dags. núna fyrir nokkrum dögum, en þar segir svo:

„Þá höfðu þeir, formaður verksmiðjustjórnar og viðskiptaframkvæmdastjóri, einnig átt tal við verzlunarfulltrúa Austur-Þýzkalands um möguleika á sölu núverandi birgða verksmiðjunnar til Austur-Þýzkalands. Taldi verzlunarfulltrúinn, að áhugi mundi ekki vera fyrir hendi á kaupum á niðurlagðri síld nema þá í sambandi við kaup á fiskimjöli. Jafnframt taldi hann, að bragð af síld þeirri, sem hann hefði fengið sýnishorn af, mundi ekki falla í smekk Þjóðverja, þannig að það virðist eins og það mundi hafa þurft einhverja enn aðra framleiðsluaðferð, til þess að hún félli í þeirra smekk, og sýnilegt, að viðskipti um þessa vöru helgast ekki af því, þó að þeir fái að kaupa hér nokkur hundruð tonn af síldarmjöli í sambandi við söluna á þessu litla magni.“

Það eru þess vegna fleiri erfiðleikar á þessum viðskiptum heldur en menn við fyrsta álit skyldu halda.

Í þessu bréfi stjórnar síldarverksmiðja ríkisins er líka lýsing á þeim tilraunum, sem gerðar hafa verið á sölu til Rússlands. Formaður og framkvæmdastjóri skýrðu frá því, með leyfi hæstv. forseta:

„Formaður og framkvæmdastjóri skýrðu frá því, að formaður hafi eftir samþykkt verksmiðjustjórnarinnar átt viðtal við verzlunarfulltrúa Sovétríkjanna um möguleika á sölu framleiðslu niðurlagningarverksmiðjunnar á vöruskiptagrundvelli. Svar hefur nú borizt frá Prodentorg, þar sem þeir telja, að þeir hafi ekki heldur áhuga fyrir kaupum á þessum grundvelli. Í samtali í morgun við formann og framkvæmdastjóra skýrði verzlunarfulltrúinn frá því, að þar sem þetta væri í þriðja sinn, sem Prodentorg hafnaði kaupum á þessari vöru, teldu þeir tilgangslaust, að þessum viðræðum yrði haldið áfram.“

Þetta sýnir, að það er ekki vegna þess, að það hafi ekki verið leitað eftir þessum sölum, það er ekki vegna þess, að það hafi ekki verið gerðar þær ýtrustu tilraunir, sem hægt var, til þess að reyna að koma þessum sölum í kring, og í því sambandi vil ég benda á, að ég tel það tæplega rétt, sem hér hefur komið fram í umr., að þessar tilraunir hafi ekkert verið annað en kák. Það hefur í þeim samningaumleitunum, sem gerðar hafa verið við stjórnvöld og verzlunarfulltrúa Austurlanda, ef ég má orða svo, verið ítrekað eins og mögulegt er, að kaupin gætu gerzt, en niðurstaðan hefur orðið sú sama. Vitanlega höfðum við líka og höfum haft samband í aðrar áttir og reynt að ná sölum þar, en niðurstaðan hefur orðið svipuð.

Hér var sagt áðan, að það væri engin ástæða til þess að selja ekki Austur-Þjóðverjum nokkuð af mjöli, þótt við ættum hjá þeim talsverðar upphæðir. Slíkar sölur færu fram á sama grundvelli til Póllands, til Tékkóslóvakíu og jafnvel annarra landa. En þar vildi ég benda á þann höfuðmismun, sem hér er á og í þessu tilviki, að skuld þessara landa við okkur er ekkert svipuð því eins og skuld Austur-Þýzkalands hefur verið, ekki einasta í dag, heldur undanfarin 4—5 ár, þegar hún aldrei nokkurn tíma úr árinu hefur komizt undir ½ millj. dollara.

Þá hefur verið hér rætt nokkuð um fyrirkomulag yfirstjórnar fyrirtækisins, og einn hv. þm. vildi líkja stöðu verksmiðjunnar við lítið fósturbarn, sem ætti miður góða stjúpforeldra. Og þar sem sumir ræðumenn hér nálgast nú það að vera í stjúpforeldrastaðnum, þá hafa þeir náttúrlega möguleika til þess að svara fyrir sig að þessu leytinu. En það er mín skoðun, að síldarverksmiðjustjórnin hafi haft fullkominn áhuga fyrir því að beina málum verksmiðjunn-

ar í þá átt, sem æskilegast hefði verið, þ. e. a. s. að koma þeim á það stig, að hægt væri að stækka verksmiðjuna og hefja framleiðslu í stórum stíl. Að því er stefnt, og að því verður að stefna. Og ég vil mjög taka undir það, sem hér hefur komið fram, að það verði ekki hætt á þessu stigi málsins, það dettur engum í hug. (**EystJ**: Það eru svo mörg börn á heimilinu, ráðh.) Já, það má vel vera, að stjúpforeldrarnir í stjórn síldarverksmiðjanna eigi nokkuð marga krakkana, en í þessu tilfelli er þó ekki að mínu viti annað að gera á þessu fyrsta stigi, þegar framleiðslan er svona lítil og einföld eins og hún er í dag, heldur en að skipuleggja söluherferð, og það er vissulega ekki meira verkefni en það, að stjórn síldarverksmiðja ríkisins ætti ekki að vera ofvaxið að gera það, því að hún fer ekki sjálf að leita eftir mörkuðum, og sú nýja stjórn, sem e. t. v. yrði sett yfir fyrirtækið, fer ekki sjálf að leita að mörkuðum. Það, sem þær eiga að gera, er að koma skipulagi á sölutilraunirnar, og þegar búið er að koma því skipulagi á, eiga aðrir að framkvæma verkið, og hvort það er framkvæmt undir stjórn síldarverksmiðja ríkisins eða enn annarri stjórn, það sé ég ekki að hafi neina úrslitaþýðingu. En mér finnst ýmislegt annað benda til þess, að það sé heppilegra á þessu stigi málsins að láta stjórn síldarverksmiðjanna fara með málið. Það er ekki svo mikið verk út af fyrir sig, eins og málum er nú háttað, að síldarverksmiðjustjórnin ráði ekki við það, aðrir eins garpar og þar eru í stjórn.

Hv. 4. þm. Reykn. lagði hér orð í belg að lokum og sagði, eða mér virtist hann vilja láta liggja að því, að ef ríkisstj. vildi ekki sérstaka stjórn á fyrirtækinu, þýddi það, að hún vildi ekki láta því í té neitt fé. Þetta tvennt þarf alls ekki að fara saman. Ríkisstj. getur vel hugsað sér það, — og náttúrlega er það fyrst og fremst Alþingi þá, sem á að gera það, — að leggja fé til handa þeirri nýju verksmiðju til markaðsöflunar eða rekstrar, ef með þarf. En að það sé bundið við það, að ný stjórn fari með fyrirtækið, það sé ég ekki að þurfi að vera neitt skilyrði. Það getur alveg eins gerzt, þó að stjórn síldarverksmiðja ríkisins fari með málið. Og að einu leyti finnst mér, að það sé m. a. miklu heppilegra, að það sé stjórn síldarverksmiðjanna, og það er vegna þess, að stjórn síldarverksmiðjanna er svo stórt fyrirtæki, að hana munar ekki nokkurn skapaðan hlut um það að leggja þessu fósturbarni sínu svolítið lið með framlagi, ef á þarf að halda. Þar sem umsettir eru margir tugir millj., jafnvel hundruð millj. á ári, skiptir það að mínu viti sáralitlu máli, þó að hún léti þessu unga og vanmegnuga fyrirtæki nokkra fyrirgreiðslu í té, og ég er nærri viss um, að það væri hægt að fá samþykkt meiri hl. Alþingis hér fyrir því, ef á þyrfti að halda.

Hvað vakti fyrir ríkisstj. 1960? spurði hv. 4. þm. Reykn. Það vakti fyrir henni þá, þegar þetta fyrirtæki var sett á stofn, að gera tilraun með það í fullri alvöru, hvort tækist að hefja þessa starfsemi í landinu með góðum árangri. Það er rétt, sem hér hefur verið sagt, tilraunin er í tvennu lagi. Það vitum við allir. Hún er í fyrsta lagi í því fólgin að kanna, hvort hægt sé að framleiða góða vöru, og síðan í öðru lagi, hvort það sé hægt að afla þeirra markaða, sem nauðsynlegir eru. Hið fyrra hefur tekizt, vil ég meina, hið síðara hefur ekki tekizt. En það, að þetta hafi ekki tekizt enn, og það, að stjórn síldarverksmiðja ríkisins var falið að halda áfram málinu, þýðir ekki, að það verði hætt við tilraunina. Henni verður vissulega haldið áfram, og ég hef þá trú, að þá muni takast fyrr eða síðar, þótt við öfluga hringa sé að etja í þessu efni, að koma okkar vöru á markaðinn, því að við höfum ýmis skilyrði til þess að geta keppt við þá.

Ég held ekki, að það hafi verið miklu meira, sem ég þarf að svara. Ég vildi aðeins undirstrika það, að ég tel, að hér sé um mjög merkilega tilraun að ræða. Hún er að vísu ekki löng. Hún hefur staðið í tvö ár, frá því í marz 1961 og fram á árið 1963 og lítils háttar eftir það. En niðurstaðan af þessari tilraun er sú, að varan er góð, en sölumöguleikana vantar, og þá verðum við að finna. Ég álít, að það sé möguleiki til þess að finna þá, og ef ég get lagt nokkurn hlut að því, að þessar tilraunir með söluna geti haldið áfram, þá skal ekki á því standa, að ég reyni að leggja þeim lið.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil taka undir þau ummæli hv. 4. þm. Reykn. o. fl. þm., sem hér hafa talað um þetta mál, að það þarf að leggja fram fé til að bera kostnað við markaðsöflun fyrir þessar nýju vörur frá verksmiðjunni á Siglufirði. Það þarf að senda ötula menn suður og austur og vestur í heim til að kynna vöruna og reyna að selja hana, og ég vil skora á hæstv. ríkisstj. að leggja fram nauðsynlegt fé í þessu skyni. Hún getur vafalaust fengið sérstaka heimild frá Alþingi til þess, ef hún telur þess þörf. Fyrr en þetta hefur verið gert, lagt fram þetta nauðsynlega fjármagn til markaðsöflunar, hefur sú tilraun, sem hér var byrjað á fyrir nokkru, ekki verið gerð nema að nokkru leyti.

11. Herlið, herflugvélar og hernaðarmannvirki.

Á 40. fundi í Sþ., 12. febr., var útbýtt:
Fsp. til utanrrh. um herlið, herflugvélar og hernaðarmannvirki [147. mál] (A. 267).

Á 41. fundi í Sþ., 13. febr., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 33:2 atkv.

Á 43. fundi í Sþ., 19. febr., var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég hef lagt hér fram fjórar spurningar, sem allar snerta Keflavíkurflugvöll og herstöð Bandaríkjamanna: „1) Hversu margir bandarískir hermenn eru nú hér á landi, og er það rétt, að fækkað hafi verið í herliðinu að undanförnu? 2) Hvaða tegundir flugvéla eru hér staðsettar á

vegum Bandaríkjahers, og til hvers eru þær ætlaðar? 3) Hafa flugvélar með kjarnorkuvopn haft aðsetur eða viðdvöl á Íslandi? 4) Hvaða mannvirki á Keflavíkurflugvelli eru eingöngu til hernaðarnota?"

Þessar spurningar þarfnast ekki mikilla skýringa af minni hendi, enda er um einfalt og sjálfsagt mál að ræða. Ef vel væri og ef hæstv. utanrrh. hegðaði sér yfirleitt eins og starfsbræður hans í öðrum löndum gera, mundi hann flytja slíka skýrslu á Alþingi eins og hér er beðið um á hverju einasta ári og það að eigin frumkvæði. En úr því að hæstv. utanrrh. hefur ekki séð ástæðu til að veita slíkar upplýsingar óumbeðinn, er óhjákvæmilegt, að einhver spyrji. Þær upplýsingar, sem hér er beðið um, eru nauðsynlegar hverjum þeim manni, sem vill íhuga gildi herstöðvanna og rökræða um málið á opinberum vettvangi. Bæði þeir, sem telja einhverja vörn í hersetunni, og líka allir hinir, sem telja vernd hersins aðeins ömurlegan skripaleik, þurfa á þessum upplýsingum að halda.

Þessar spurningar, sem ég hef hér lagt fram, eru allar það almenns eðlis, að þær eiga ekki að geta verið leyndarmál. Þjóðin á heimtingu á að fá að vita um allar staðreyndir þessa máls, allar almennar staðreyndir, svo að hún geti dæmt um, hvenær eigi að hætta þessum skripaleik, sem kallaður er varnir landsins. Sú ósvinna hefur lengi tíðkazt hjá hæstv. utanrrh., að farið er með utanríkismál þjóðarinnar eins og einkamál eða fjölskylduleyndarmál ráðh., og einu fréttirnar, sem Íslendingar fá af herstöðvunum, koma yfirleitt úr erlendum blöðum. Loks má minna á, að aldrei ráðfærir hæstv. utanrrh. sig við utanrmn., þegar eitthvað nýtt er á döfinni í hernámsmálunum. Þetta furðulega pukur er að sjálfsögðu óþolandi í lýðræðisríki, enda þekkjast ekki slík vinnubrögð í nokkru nálægu landi. Í von um, að hæstv. utanrrh. sé mér sammála um, að hin fyrri vinnubrögð séu forkastanleg, hef ég leyft mér að bera fram þessar fjórar spurningar.

Utanrrh. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Hv. þm., sem var að ljúka máli sínu, hefur borið hér fram fjórar spurningar viðkomandi vörnum landsins. Það, sem um er spurt, er ekki annað en atriði, sem oft og mörgum sinnum áður hefur komið fram opinberlega, og hver og einn, sem hefur augun opin, getur séð svörin við sumum eða flestum spurningunum fyrir framan sig daglega. Engu að síður tel ég sjálfsagt og er mér sönn ánægja að endurtaka hér það, sem sennilega flestir hv. alþm. vita og hafa vitað lengi.

Í fyrsta lagi er spurt, hversu margir bandarískir hermenn séu hér á landi og hvort fækkað hafi verið í herliðinu að undanförnu. Eins og málum nú er skipað, dveljast hér að jafnaði rúmlega 3 þús. varnarliðsmenn. Þessi tala er hins vegar nokkuð breytileg vegna flutninga varnarliðsmanna til og frá varnarstöðvum á Íslandi. Varnarliðsmenn dveljast hér aðeins um takmarkaðan tíma, og breytist því heildartala þeirra lítillega eftir því, hvort þeir, sem taka eiga við varnarstöðvum á Íslandi, koma á undan eða eftir þeim, sem láta af störfum hverju sinni. Að undanförnu hefur engin breyting verið á fjölda bandarískra varnarliðsmanna hér á landi önnur en sú, sem leiðir af þessum tilflutningi.

Í öðru lagi er spurt um, hvaða tegundir flugvéla séu hér staðsettar á vegum Bandaríkjahers og til hvers þær séu ætlaðar. Á Keflavíkurflugvelli eru staðsettar á vegum varnarliðsins herflugvélar, sem eingöngu eru gerðar til varna, flutningavélar til flutninga á varningi og fólki og björgunarflugvélar. Eins og allir þeir, sem í kringum flugvöllinn búa og flugvélagerðir þekkja, vita, er tegund þessara flugvéla, sem hér eru, það eru Lockhead, Constellation, Neptune, Delta, Douglas DC-3 og DC-4.

Í þriðja lagi er spurt um, hvort flugvélar með kjarnorkuvopn hafi haft aðsetur eða viðdvöl á Íslandi. Þessari spurningu hef ég oft svarað áður, m. a. hér á hv. Alþingi. Hér eru engin kjarnorkuvopn og hafa ekki verið.

Í fjórða lagi er spurt um, hvaða mannvirki á Keflavíkurflugvelli séu eingöngu til hernaðarnota. Mannvirki þau, sem varnarliðið hefur látið gera á Keflavíkurflugvelli samkv. varnarsamningnum frá 1951, svo og mannvirki þau, sem varnarliðið tók við, er það kom hingað, eru til afnota fyrir varnarliðið vegna varna landsins. Af sumum þessara mannvirkja hafa Íslendingar þó einnig afnot, m. a. vegna flugsins.

Fyrirspyrjandi (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. utanrrh. fyrir einkar skýr og stuttorð og góð svör. Ég vil aðeins undirstrika það, sem ég sagði hér áðan, að í öllum umr. um þessi mál er mjög nauðsynlegt að hafa réttar og sannar upplýsingar fyrir hendi. T. d. er það óhjákvæmilegt fyrir þá þm., sem hafa kannske í huga tillöguflutning í sambandi við hernámsmálin, en hér virðist ekki hafa verið neinu sérstöku að leyna, og þakka ég þess vegna fyrir þessi skýru svör.

Í sambandi við 3. liðinn, þ. e. a. s.: hafa flugvélar með kjarnorkuvopn haft aðsetur eða viðdvöl á Íslandi? vil ég taka það fram, að ég skal að vísu játa, að mér þóttu svör ráðh. ekki vera algerlega fullnægjandi varðandi þennan lið. Að vísu fullyrðir hann, að kjarnorkuvopn séu ekki hér staðsett og hafi ekki verið það. En hitt er annað mál, að í erlendum blöðum hefur hvað eftir annað komið fram, að Keflavíkurflugvöllur væri notaður sem varalendingarflugvöllur fyrir flugvélar, sem bera kjarnorkuvopn. Ég þarf varla að taka það fram, að í þessu efni er ég ekki neitt „átoritet" og get ekkert um það rætt, en ég vil aðeins spyrja að því, ef ég hef skilið ráðh. nógu vel, hvort það sé óhugsandi, að flugvélum með kjarnorkuvopn sé leyft að lenda hér og flugvöllurinn sé þannig notaður sem varalendingarvöllur fyrir flugvélar, sem borið geta kjarnorkuvopn. Að öðru leyti þakka ég ráðh. fyrir skýr svör við þessum spurningum, sem ég taldi nauðsynlegt að fá svör við, og þakka fyrir.

Utanrrh. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Svar mitt að því er kjarnorkuvopnin varðaði var algert. Það átti bæði við

það, að hér hefðu kjarnorkuvopn ekki verið staðsett og ekki heldur í farartækjum, sem hér hafa farið um. Af hálfu ríkisstj. hefur aldrei verið gefið neitt leyfi til þess, að hér væru staðsett eða flutt um kjarnorkuvopn. Það hefur aldrei verið farið fram á neitt slíkt, og eftir því sem við getum fylgzt með og eftir því sem við erum fullvissaðir um, hefur slíkt aldrei átt sér stað.

Ég vil mjög vara hv. þm. við að festa trúnað á það, sem hann kann að sjá um þetta í vissum erlendum blöðum. Það er sennilega mestmegnis komið frá fólki á Íslandi, sem er mjög óábyggilegt og óáreiðanlegt í þessum efnum, og ætti hv. þm. að gjalda varhug við að trúa slíku bæði utanlands og innan.

12. Alþýðuskólar.

Á 43. fundi í Sþ., 19. febr., var útbýtt:

Fsp. til menntmrh. um framkvæmd þál. um undirbúning löggjafar um óháða alþýðuskóla [162. mál, 2] (A. 295).

Á 44. fundi í Sþ., 20. febr., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 32 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Sþ., 26. febr., var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Daníel Ágústínusson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp. á þskj. 295, svo hljóðandi:

„Hvað líður framkvæmd þál. um óháða alþýðuskóla frá 2. des. 1955?"

Þál. frá 2. des. 1955 hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Alþ. ályktar að skora á ríkisstj. að undirbúa löggjöf um stofnun eins eða fleiri æskulýðsskóla og sérskóla, enda verði landspróf ekki haldið í þeim skólum. Jafnframt verði athugað, hvort ekki er hægt að ná þessu marki með því að breyta einum eða fleiri skólum gagnfræðastigsins í þessa átt. Leitað sé m. a. álits Ungmennafélags Íslands um þetta mál og till. ríkisstj. um það lagðar fyrir næsta reglulegt Alþ."

Það er komið á níunda ár, síðan till. þessi var samþ. hér á hv. Alþ. Hins vegar bólar ekkert á umræddri löggjöf. Á Alþ. 1960 gerði ég sams konar fyrirspurn til hæstv. menntmrh. ásamt hv. þm. Ásgeiri Bjarnasyni. Þá skýrði hæstv. menntmrh. frá því, að þriggja manna nefnd hefði verið skipuð af ráðuneytinu 31. des. 1955 til að athuga mál þetta og gera um það till. til ráðuneytisins. Hann skýrði síðan frá álitsgerð nefndarinnar, sagði enn fremur, að ekki hefði þá verið tímabært að hefjast handa um framkvæmdir, m. a. vegna þess, að þá hefði staðið yfir heildarendurskoðun fræðslulöggjafarinnar, og taldi rétt að bíða eftir henni, áður en ráðizt yrði í að stofna nýjar tegundir skóla. Síðar sagði hæstv. ráðh. orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Þessari endurskoðun fræðslulöggjafarinnar er nú nýlokið, og eru till. þeirrar nefndar, sem um það mál fjalla, til athugunar í ráðuneytinu, og mun menntmrn. leggja sérstaka áherzlu á að ljúka þeirri athugun af sinni hálfu í sumar (þ. e. 1960), þannig að það af till. þeirrar nefndar, sem menntmrn. vill gera að sínum, verði komið fyrir Alþ. næsta haust (þ. e. 1960). Í því sambandi er einnig eðlilegt, að þetta mál komi til athugunar."

Samþykkt skólamálanefndarinnar, sem lauk störfum 17. ágúst 1959, var þannig í máli þessu, með leyfi hæstv. forseta:

„Nefndin telur, að breyta þurfi lögum um skólaskyldu og fræðslukerfi í það horf, að hægt sé að styrkja af almannafé skóla, sem ekki eru liðir í hinu samfellda skólakerfi, t. d. lýðháskóla og aðra óháða alþýðuskóla, kvöldskóla. og litur svo á, að æskilegt sé, að hér á landi verði komið upp lýðháskólum með líku sniði og tíðkast á Norðurlöndum."

Það er viðurkennd staðreynd, að alger eyða sé í skólakerfi Íslendinga, meðan óháðir alþýðuskólar eru ekki stofnaðir. Það má raunar segja, að með fyrstu héraðsskólunum hafi verið myndaður vísir að óháðum alþýðuskólum á Íslandi. En starfsemi þeirra sveigðist fljótlega í farveg skyldulærdóms, og með fræðslulöggjöfinni frá 1946 eru þeir felldir inn í fræðslukerfið og hverfa þá algerlega frá því ætlunarverki, sem sumir þeirra voru upphaflega stofnaðir til.

Frændur vorir á Norðurlöndum telja lýðháskólana gagnmerkan þátt í skólakerfinu, enda er starfsemi þeirra alls staðar veigamikil, þótt hún muni vera með mestum blóma í Danmörku — landi Grundtvigs og Kristofers Colds. Í hartnær öld hafa nemendur dönsku lýðháskólanna verið afl í menningarlífi þjóðarinnar. Þeir hafa haft mikil áhrif til vakningar, ábyrgðartilfinningar og heilbrigðrar þjóðrækni. Þeir eru jafnframt öflugir í norrænu samstarfi, svo sem Íslendingar mega gjarnan minnast vegna drengilegs stuðnings danskra lýðháskólamanna við málstað Íslands í handritamálinu. Óháðir alþýðuskólar taka á móti nemendum á ýmsum aldri, sem náð hafa fullum þroska, nemendum frá ýmsum störfum og stéttum þjóðfélagsins, sem vilja leita fræðslu og þekkingar án þess að vera rígbundnir við prófkerfi fræðslulaganna, nemendum, sem vilja efla með sér félagshæfni, þjóðrækni og virðingu fyrir frjálsu menningarlífi á Íslandi. Draumurinn um slíkan skóla hefur áreiðanlega vakað fyrir flm. þáltill. þeirrar, sem samþ. var hér á Alþ. 1955. Ég efast ekki um, að sá velvilji gagnvart máli þessu, sem þá kom fram á Alþ., sé enn fyrir hendi, aðeins ef forusta er tekin fyrir því. Ég tel því mikilvægt að heyra svör hæstv. menntmrh. um það, hvað gert hefur verið í málinu og hvers má vænta um framkvæmdir.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Á Alþ. 1960 bar fyrirspyrjandi ásamt hv. 1. þm. Vesturl., Ásgeiri Bjarnasyni, fram sams konar fsp. og hann hefur nú borið fram. Svaraði ég henni í Sþ. 18. maí 1960. Skýrði ég þá frá því, að í framhaldi af þál., sem samþ. hafði verið 2. des. 1955, hafi menntmrn. 31. des. 1955 falið þeim

Helga Elíassyni fræðslumálastjóra, séra Eiríki J. Eirikssyni, forseta Ungmennafélags Íslands, og Magnúsi Gíslasyni námsstjóra að athuga þetta mál og gera um það till. til ráðuneytisins. Enn fremur gat ég þess, að álitsgerð þeirra hefði borizt ráðuneytinu með bréfi, dags. 9. nóv. 1957, og leggur nefndin til í álitsgerðinni, að stofnaður verði lýðháskóli á einhverjum sögufrægum stað, t. d. Þingvöllum eða nágrenni, og hafi helztu félagasamtök landsins forgöngu um stofnun hans, og benti nefndin á eftirtalda aðila sem stofnendur skólans: Ungmennafélag Íslands, Íþróttasamband Íslands og Alþýðusamband Íslands. Nefndin taldi aðalmarkmið skólans eiga að vera að efla þjóðrækni, íslenzk fræði, félagsþroska og kristilegt siðgæðisuppeldi. Þá gerði nefndin ráð fyrir því, að stofnendur skólans útveguðu fé til þess að greiða a. m. k. ¼ stofnkostnaðar og önnuðust greiðslu a. m. k. helmings rekstrarkostnaðar. Að öðru leyti átti ríkið að greiða kostnað við stofnun og rekstur skólans.

Ég fyrir mitt leyti hafði þá og hef ekki enn neitt á móti því, að stofnaður sé lýðháskóli hér á landi, t. d. með líku sniði og tíðkast á Norðurlöndum. Skólamálanefndin, sem hafði fengið íslenzka fræðslulöggjöf til endurskoðunar á árinu 1957 og lauk störfum 1959, taldi slíka skóla einnig í sjálfu sér æskilega. Frelsi varðandi kennsluhætti og námsval er æskilegt. Eitt af því, sem finna má að skólakerfi okkar Íslendinga, eins og það er nú, er einmitt, að það er að sumu leyti komið í of fastar skorður. Hitt er svo annað mál, að ég er sammála nefndinni, sem starfaði að þessu máli á árunum 1956 og 1957, um það, að ríkið sjálft á ekki að hafa forgöngu um stofnun slíkra skóla eins og nú stendur, heldur á það að vera verkefni frjálsra félagssamtaka með stuðningi ríkisvaldsins. Þetta var og í rauninni álit eða stefna skólamálanefndarinnar, sem lauk störfum 1959. Þó að margir skólamenn og æskulýðsfrömuðir séu sammála um nauðsyn á starfi slíkra lýðháskóla og ég sé þeim í grundvallaratriðum sammála, ef skólastarfinu er sniðinn líkur stakkur og t. d. á sér stað á Norðurlöndum, þá er ekki þar með sagt, að nægilegur áhugi sé á slíku skólastarfi hjá æskulýðnum sjálfum.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að þess gætir nokkuð hjá íslenzkum æskulýð, sem nefna mætti skólaþreytu. Skyldunámið tekur yfir 8 ár, og þar á eftir taka við ýmiss konar sérskólar, þar sem stefnt er að ákveðnum prófum, sem yfirleitt veita tiltekin réttindi. Um marga möguleika er að velja í þessum efnum, og sem betur fer er það aðalregla hér á landi, að skólar eru algerlega reknir af hinu opinbera og nám því ókeypis. Þetta veldur því, að reynsla hefur sýnt, að æskufólk virðist fremur tregt að sækja skóla, sem eru með frjálsu sniði og veita ekki tiltekin réttindi, jafnvel þótt skólavist þar sé ókeypis, hvað þá ef hún þarf að kosta eitthvað. Skilyrði fyrir slíkum skólarekstri virðist því vera, að hann hafi að bakhjarli samtök, sem hafa virkan og vakandi áhuga á því, að starfræksla hans heppnist, og hafi innan sinna vébanda æskufólk, sem vill sækja slíka skóla. Þetta virðist hafa verið skoðun nefndarinnar, sem að málinu starfaði 1956 og 1957, þ. e. hún gerði ráð fyrir því, að helztu félagasambönd landsins hefðu forgöngu um stofnun slíks lýðháskóla, svo sem Ungmennafélag Íslands, Íþróttasamband Íslands og Alþýðusamband Íslands. Í þessu grundvallaratriði er ég nefndinni sammála. Ég hef þess vegna ekki talið það hlutverk ríkisvaldsins að hafa forgöngu um stofnun slíks skóla. Ef áhugi væri fyrir stofnun hans hjá þessum félagasamtökum, sem nefnd voru, eða fleirum, þá teldi ég sjálfsagt, að ríkisvaldið tæki til athugunar, hvað það væri fúst að leggja af mörkum til stofnkostnaðar og rekstrarkostnaðar slíks skóla.

Fyrirspyrjandi (Daníel Ágústínusson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. menntmrh. fyrir svör hans við fsp. þeirri, sem hér liggur fyrir til umræðu. Hins vegar verð ég að segja það, að ég hef orðið fyrir nokkrum vonbrigðum yfir því, að hann virðist algerlega hafa gefið málið frá sér. Þegar þessi fsp. var á dagskrá 1960, gaf hann yfirlýsingu um, að ráðuneytið mundi þá innan skamms tíma beita sér fyrir löggjöf í framhaldi af tillögum skólamálanefndarinnar, sem hér hefur verið lýst að framan, og ég er þeirrar skoðunar, að enda þótt ýmis félagasamtök eigi að standa að þeim skóla, sem hér um ræðir, þá verði forustan í þessum efnum að koma frá ríkisvaldinu. Stuðningur ríkisvaldsins við þetta mál hlýtur að verða mjög veigamikill, og þess vegna var gert ráð fyrir því upphaflega, þegar þessi þáltill. var samþ. hér 1955, að ríkisstj. léti gera löggjöf um óháðan alþýðuskóla á Íslandi, og þá var einmitt tekið fram, að slíkur alþýðuskóli ætti að vera í samvinnu við ýmis félagssamtök í landinu, eins og ráðh. las upp og ræddi nánar um. Ég held þess vegna, að ráðh. megi ekki láta hendur fallast í þessu máli, enda þótt félagssamtökin hafi ekki komið fram með tillögu um ákveðna löggjöf í því, heldur sé æskilegt og nauðsynlegt, svo að málið komist á rekspöl, að hæstv. menntmrh. láti undirbúa löggjöf að slíkum skólum í samvinnu við þau félagssamtök, sem hér hefur verið minnzt á að framan. Ég verð þess vegna að harma, að það hefur ekkert verið gert í þessu máli undanfarin 4 ár, þrátt fyrir þá von og þau fyrirheit, sem svar hæstv. ráðh. 1960 gaf í sambandi við undirbúning þessa merka og nauðsynlega máls, sem ég er alveg sannfærður um að á mikinn hljómgrunn meðal þjóðarinnar, ef forusta væri tekin upp fyrir því.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég get ekki fallizt á það með hv. fyrirspyrjanda, að ekkert hafi verið í þessu máli gert af hálfu hins opinbera, síðan málið var hér rætt síðast 1960, einnig að hans frumkvæði. Það er rétt, sem hv. fyrirspyrjandi sagði, að ég taldi þá rétt að bíða álits nefndar, sem starfaði að heildarendurskoðun skólalaganna. Mér þótti sjálfsagt að fá vitneskju um, hvaða till. hún kynni að gera varðandi m. a. þetta mál. En það kom í ljós, að nefndin var sammála þeirri nefnd, sem fjallað hafði um fyrstu till. Alþ. í málinu, að hér væri um að ræða mál, sem eðlilegast væri að frjáls félagasamtök í landinu hefðu forustu um, vegna þess að slíkur skóli sem þessi ætti ekki að verða liður í hinu lögbundna skólakerfi ríkis-

ins. Sú skoðun, sem ég hafði á málinu, var því í raun og veru alveg staðfest með starfi og áliti skólamálanefndarinnar, sem lauk starfi 1959. Síðan hef ég ekki talið, að neitt stæði upp á mig eða menntmrn. eða ríkisvaldið í þessum efnum. Það tilboð, sem ég gerði þá og get gjarnan endurtekið enn, hefur staðið öll undanfarin ár, að ef áhugi væri fyrir stofnun slíks skóla hjá frjálsum félagasamtökum í landinu, Ungmennafélagi Íslands, Íþróttasambandi Íslands, Alþýðusambandinu — það eru þau félög, sem upphaflega voru nefnd fyrir einum 7 árum, — ef áhugi væri fyrir stofnun og rekstri slíks skóla hjá þeim eða öðrum samtökum, svo sem kirkjunnar t. d., þá er sjálfsagt, þá skal ekki standa á mér að athuga, hvern stuðning ríkisvaldið gæti og ætti að veita við stofnun og starfrækslu slíks skóla. En í þau 7 ár, sem ég hef gegnt starfi menntmrh., hefur aldrei verið rætt við mig af neinum fulltrúa Ungmennafélags Íslands, Í. S. Í. eða A. S. Í. varðandi ósk um stofnun eða starfrækslu slíks skóla. Og meðan svo er, tel ég ekki, að neitt standi upp á mig eða mína stjórnardeild varðandi þessi efni.

Hitt get ég svo gjarnan endurtekið og lokið máli mínu með því, að ég tel hugmyndina um lýðháskóla að norrænni fyrirmynd vera ágæta hugmynd, mjög æskilega hugmynd, sem sé alls góðs stuðnings verð og muni eiga stuðning vísan, ef að henni er unnið og hún undirbúin af nægilegum áhuga og á réttan hátt.

Gunnar Gíslason: Herra forseti. Á síðasta Alþ. voru samþ. lög um afhendingu Skálholts til þjóðkirkju Íslands. Það hefur að sjálfsögðu verið mikið rætt um það, hver skuli vera framtíð Skálholtsstaðar, hvað þar skuli vera og hvað þar skuli gera. Eitt af því, sem hefur verið nefnt í því sambandi, er kristilegur lýðskóli eða lýðháskóli. Mér er kunnugt um það, að prestastéttin styður þá hugmynd, og ég veit ekki betur en að því sé unnið, að sú hugmynd komist í framkvæmd. Ég vil aðeins minna á þetta í sambandi við þá fyrirspurn, sem hér er fram borin, um leið og ég fagna þeim orðum hæstv. menntmrh., að hann heitir öllum stuðningi sínum við hugmyndina um slíkan skóla, ef einhver samtök í landinu — kirkjan eða önnur — beita sér fyrir því og hafa áhuga á því, að slíkur skóli rísi í landinu.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil vekja athygli á því, að þáltill., sem samþ. var 1955 um þetta mál, fól í sér áskorun til ríkisstj. um að undirbúa löggjöf um óháða alþýðuskóla og leggja till., þ. e. a. s. frv. að slíkri löggjöf, fyrir Alþ. Þetta hefur ekki verið gert þrátt fyrir þessa samþykkt Alþingis.

13. Norðurlandsborinn.

Á 43. fundi í Sþ., 19. febr., var útbýtt:

Fsp. til raforkumrh. varðandi Norðurlandsborinn [162. mál, 1] (A. 295).

Á 44. fundi í Sþ., 20. febr., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 32 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Sþ., 26. febr., var fsp. tekin til umræðu.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 49. fundi í Sþ., 4. marz, var fsp. aftur tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Ég hef leyft mér að beina til hæstv. raforkumrh. þremur spurningum, sem varða jarðhitaleit á Norðurlandi og einkum þó stóra Norðurlandsborinn svonefnda, sem nú hefur verið fluttur suður til Vestmannaeyja til þess að bora þar eftir neyzluvatni. Ákvörðunin um að flytja Norðurlandsborinn frá Húsavík virðist hafa verið tekin af nokkurri skyndingu, a. m. k. kom fréttin um ákvörðun þessa nokkuð flatt upp á borgara í Húsavíkurkaupstað og raunar engu síður bæjaryfirvöld þar. Er sú saga nokkuð kunn af blaðafréttum og vafalaust enn í fersku minni flestum hv. þm. Ég skal því ekki rekja það mál nánar. Hitt vil ég taka fram og undirstrika, að þessi ákvörðun um flutning borsins frá Norðurlandi til Vestmannaeyja hefur ekki síður vakið athygli í öðrum byggðarlögum á Norðurlandi, og ég vil einnig undirstrika það, að þær spurningar, sem ég hef hér borið fram við hæstv. ráðh., eru einmitt þær spurningar, sem almenning norðanlands fýsir að fá svör við. Almenningur á Norðurlandi lítur svo á, að stóri Norðurlandsborinn hafi verið keyptur í þeim tilgangi að vinna að jarðhitarannsóknum á Norðurlandi, en í þeim efnum er geysimikið starf óunnið í öllum sýslum Norðlendingafjórðungs, þó að alkunna sé, að jarðhitasvæði eru mörg og dreifð um allar sýslur fjórðungsins, Húnavatnssýslu, Skagafjörð, Eyjafjörð og Þingeyjarsýslur.

Ég held, að það geti ekki farið milli mála, að sú skoðun var rétt og er rétt, að stóri Norðurlandsborinn var keyptur til landsins til þess að vinna með honum að jarðhitarannsóknum á Norðurlandi einvörðungu. Í 22. gr. fjárl. fyrir árið 1959 er að finna ákvæði, sem segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstj. er heimilt að kaupa í samráði við jarðhitadeild raforkumálaskrifstofunnar jarðbor, sem notaður verði til jarðhitarannsókna á Norðurlandi."

Þessi heimild var að vísu ekki notuð þá þegar, en málinu var haldið vakandi, einkum fyrir tilstuðlan þm. á Norðurlandi, og á fjárlögum 1960 voru veittar 2 millj. kr. til kaupa á bornum. Í ársbyrjun 1961 kom borinn til landsins, en var ekki tekinn til notkunar á Norðurlandi fyrr en komið var fram á sumar 1962, en þá var hafin borun í Ólafsfirði í leit að auknu vatni fyrir hitaveitu kaupstaðarins. Bar sú borun mjög góðan árangur að segja má, og því mátti segja,

að borinn hefði þegar í stað sannað nauðsyn sína og gildi. Að lokinni borun í Ólafsfirði var borinn fluttur austur í Þingeyjarsýslu, fyrst í Námaskarð og síðan til Húsavíkur. Árangur af borun í Húsavík var því miður ekki sá, sem vænzt hafði verið, og fer þó fjarri, að búið sé að gefa upp vonina um, að heitt vatn finnist þar sem þess virtist helzt að leita. Og ég treysti mér auðvitað ekki til að gagnrýna það í sjálfu sér, að borun skyldi hætt í bili í Húsavík, eins og árangri starfsins var háttað til þessa. En hins vegar gat ekki hjá því farið, að spurningar vöknuðu um það, hvers vegna ekki var búið að undirbúa borun annars staðar á Norðurlandi, þannig að tryggt væri, að borinn yrði jafnan notaður í Norðlendingafjórðungi, þar sem verkefni eru næg og þar sem Alþ. hafði ætlað bornum að starfa, svo lengi sem verkefni væru fyrir hendi.

Ég vil ekki hafa þessi formálsorð lengri. Fyrirspurnir mínar eru, að ég held, svo skýrar, að þær geta ekki valdið neinum misskilningi. En ég vil endurtaka það, að þessar spurningar eru einmitt þær sömu sem almenningur norðanlands fýsir mest að vita í sambandi við Norðurlandsborinn og jarðhitamálin á Norðurlandi, en þessar fyrirspurnir eru þannig:

„1) Hvaða verkefni eru Norðurlandsbornum ætluð að lokinni borun í Vestmannaeyjum? 2) Hvað er áætlað, að borunin í Vestmannaeyjum taki langan tíma? 3) Hvaða áætlanir liggja fyrir um jarðhitaleit á Norðurlandi nú og í næstu framtíð?“

Ég vænti þess, að hæstv. raforkumrh. geti veitt fullnægjandi svör við þessum fsp.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það er út af fyrir sig eðlilegt, að fsp. komi fram um mál eins og þetta og svara sé óskað við því, sem ekki kann að vera kunnugt í þessu máli.

Það er þá fyrsta spurning: „Hvaða verkefni eru Norðurlandsbornum ætluð að lokinni borun í Vestmannaeyjum?“ Það er fljótt því til að svara, að það eru margs konar verkefni norðanlands, sem bíða og er nú unnið við undirbúning að, áður en heppilegt þykir að taka Norðurlandsborinn þar í notkun, eins og ég mun víkja að síðar.

Og önnur spurning: „Hvað er áætlað, að borunin í Vestmannaeyjum taki langan tíma?“ Það er áætlað, að það geti tekið 3—4 mán.

Og þriðja spurning: „Hvaða áætlanir liggja fyrir um jarðhitaleit á Norðurlandi nú og í næstu framtíð?“ Það eru margar áætlanir um það, og skal ég koma að því og lesa nokkuð úr skýrslu Gunnars Böðvarssonar um það atriði, en hann hefur unnið að þessum málum, eins og kunnugt er, og má ætla hann fróðastan um jarðhita hér á landi. Og ég vil upplýsa það, að það var í samráði við hann, sem borinn var fluttur til Vestmannaeyja, því að þótt það sé í aðalatriðum rétt, sem hv. fyrirspyrjandi sagði hér áðan, að þessi bor hafi verið ætlaður sérstaklega til jarðhitarannsókna norðanlands, þá verður þó að segja, að það var gert með það í huga, að hann væri ekki staðbundinn á Norðurlandi, ef það hentaði að flytja hann til, og eins og núna er, þá þótti ekki heppilegt að bora meira á Húsavík með þessum bor, fyrr en athugun hefði farið fram. Hins vegar er gert ráð fyrir, að það verði haldið áfram borun á Húsavík með smærri borum. Í Akureyrarlandinu, þar sem gera má ráð fyrir að næst verði borað með Norðurlandsbornum, er enn ekki lokið undirbúningi og rannsóknum, áður en borunin getur hafizt, því að það þurfa að fara fram allvíðtækar rannsóknir, áður en borunin hefst, til þess að gera sér grein fyrir því, hvað er líklegast að ná árangri, og að þessu er unnið. Þess vegna má segja það, að á næstu vikum var ekki verkefni hentugt fyrir Norðurlandsborinn fyrir norðan. Hins vegar var tekin ákvörðun um það að leita að vatni í Vestmannaeyjum, og Norðurlandsborinn þótti sérstaklega hentugur við það verk, því að það er gert ráð fyrir að bora þar miklu dýpra en hinir minni borar ná til, en Reykjavíkurborinn hins vegar of stór.

Ég hygg, að þegar menn athuga þetta, verði engin óánægja út af því, þó að þessi flutningur hafi átt sér stað á bornum. Borinn er vitanlega eign landsmanna allra og til þess ætlazt, að hann sé notaður hverju sinni eftir því, sem ætla má, að hann nýtist bezt.

Ég vil lesa hér nokkuð upp úr skýrslu Gunnars Böðvarssonar um næstu verkefni á Norðurlandi í sambandi við jarðhitaleit. Gunnar Böðvarsson segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Með nýrri tækni hafa vinnslumöguleikar aukizt. Gufubor ríkisins og Reykjavíkurborgar og Norðurlandsborinn geta gert holur niður í allt að 2000 m dýpt. Djúpvatnsvinnsla er að sjálfsögðu talsvert fyrirtæki og kostnaður vatnseiningar tiltölulega mikill. Þannig mun vinnslukostnaður í Reykjavík vera um 150 þús. kr. á hvern lítra á sekúndu af vatni, miðað við frjálst rennsli úr borholum. Undirbúningskostnaður getur skipt milljónum, og kostnaður einn af borholum niður á 1000 m dýpt mun nú vera 1.5—2 millj. kr. Er því augljóst, að vinnsla af þessu tagi kemur aðeins til greina fyrir meiri háttar kaupstaði, minni notendur verða enn að sætta sig við hin takmörkuðu afnot jarðvarma frá laugum eða úr efstu jarðlögum. Djúpboranir koma naumast til greina á þeim stöðum.

Varmaveitur eru í Ólafsfirði og á Sauðárkróki. Á þessum stöðum eru vinnsluaðstæður tiltölulega auðveldar, einkum við Sauðárkrók. Gera má ráð fyrir því, að auknar boranir muni á báðum stöðum auka nýtilegt vatnsrennsli og því megi stækka þessar veitur nokkuð. Í Húsavík er greinilega jarðhiti, og jarðhitadeildin hefur verið þeirrar skoðunar, að þar mætti tiltölulega auðveldlega ná nægilegu rennsli af 60 gráðu til 100 gráðu heitu vatni til hitunar Húsavíkurkaupstaðar. Fyrir skömmu var tilraunaborun gerð í Húsavík. Dýpt hennar er 1560 m. En árangur var þó enginn, þótt borun hafi gengið greiðlega. Þessi neikvæði árangur er að vísu bagalegur, en jarðhitadeildin telur þó engan veginn ástæðu til þess að örvænta um árangur á Húsavík og telur rétt að halda boruninni áfram. Í umræddri borholu er um 90 gráðu hiti á 400 m dýpt, og bendir ýmislegt til þess, að á þessari dýpt megi vinna heitt vatn. Deildin telur því horfur á því, að Húsavíkurkaupstaður muni á næstu árum geta komið upp varmaveitu.

Meginverkefni jarðvarmarannsókna á Norðurlandi er að kanna, hvort vinna megi heitt vatn fyrir Akureyri og Siglufjarðarkaupstað. Akureyri virðist nægilega stórt veitusvæði til þess að bera djúpvatnsvinnslu. Um Siglufjörð verður ekkert fullyrt að sinni, en málið er til athugunar. Auk þessa eru ýmis minni háttar verkefni, þ. e. rannsóknir fyrir einstaklinga og minni kauptún. Einkum má nefna verkefni fyrir Dalvík, en nokkur jarðhiti er í nágrenni kauptúnsins.

Þeim jarðhitarannsóknum, sem unnið er að, má skipta í tvo flokka, þ. e. almennar rannsóknir á hita, leka og gerð berggrunnsins á Norðurlandi og leit að jarðhita í efri berglögum á ákveðnum stöðum. Hér skal í stuttu máli greint frá þessum athugunum.

Gerðar hafa verið víðs vegar á landinu grunnar borholur til þess að mæla hita og varmastraum í jörðu. Tvær slíkar holur eru á Norðurlandi, ein á Vaðlaheiði og ein á Vatnsskarði í Skagafirði. Þessar athuganir hafa enn ekki borið árangur, og mælingarnar á Vaðlaheiði eru ekki í samræmi við niðurstöður á flestum öðrum stöðum á landinu. Hitinn á Vaðlaheiði virðist vera tiltölulega lágur, og er nauðsynlegt að kanna þetta betur. En ef notaðar eru niðurstöður frá öðrum stöðum slíkra mælinga, virðist hiti í bergi á 1000 m dýpt vera frá 40 og allt í 150 gráður. Um Eyjafjarðarsvæðið er enn ekki vitað með fullri vissu. Tilgangur hinna almennu rannsókna er að kanna, hvort djúpvatnsvinnsla komi til greina á Norðurlandi og þá einkum á svæðinu umhverfis Akureyri. Að svo stöddu verður ekkert fullyrt um möguleika, en þó má telja réttlætanlegt að gera fyrstu könnunarboranir á svæðinu. Verða þær væntanlega gerðar á næstkomandi vori.

Undanfarin ár hefur jarðhitadeildin gert athugun á jarðhita á allmörgum stöðum á Norðurlandi. Flestar þessara athugana hafa verið gerðar með það fyrir augum að kanna, hvort auka megi með borunum rennsli til afmarkaðra jarðhitasvæða. Leit að berggöngum er eitt meginverkefnið, og hefur sú leit yfirleitt borið árangur í Eyjafirði. Þar virðast nær allar laugar tengdar við bergganga. Þegar borað er eftir vatni á þessum stöðum, ber að skera gangana á hæfilegri dýpt. Þá eru efnagreiningar laugavatns þýðingarmikill liður. Einkum getur kísilsýruinnihald vatnsins gefið hugmynd um botnhita jarðhitasvæða og getur þannig gefið mjög mikilsverðar upplýsingar. Nú munu allar laugar á landinu hafa verið efnagreindar, og liggur því fyrir mjög mikið efni til úrvinnslu."

Þetta er úr skýrslu Gunnars Böðvarssonar, og eins og fram kemur, er ljóst, að verkefni eru allmikil á Norðurlandi í sambandi við jarðhitarannsóknir, og við skulum vænta þess, að Akureyrarsvæðið svari því, að það verði talið sjálfsagt að byrja borun þar, þegar borinn verður fluttur frá Vestmannaeyjum, og eins og fram kemur í þessari skýrslu, þá kemur einnig til athugunar að nota þennan bor á Siglufirði. Húsavík, jafnvel Sauðárkróki og Ólafsfirði enn frekar en verið hefur. Ég vænti svo, að fsp. hafi verið svarað með þeim upplýsingum, sem hér hafa komið fram.

Fyrirspyrjandi (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. svör hans. Það kom margt gagnlegt fram í hans svörum, og ég tel líka, að það hafi verið mjög til gagns, að hann birti þessa skýrslu frá raforkumálaskrifstofunni, því að ég get fullvissað hæstv. ráðh. og Alþ. um, að það er mjög fylgzt með þessu máli af hálfu almennings á Norðurlandi og áreiðanlega fylgzt vel með því, hvað verður um Norðurlandsborinn og hvar hann verður staðsettur í náinni framtíð og hvaða verkefni honum verða falin. Það er áreiðanlegt, að hvorki ég né aðrir Norðlendingar höfum neitt á móti því, að honum tækist að finna vatn í Vestmannaeyjum. En samt sem áður hljótum við að leggja á það megináherzlu, að Norðurlandsborinn var keyptur til þess að vinna með honum að jarðhitarannsóknum á Norðurlandi, og það þarf því mjög gild rök til stuðnings því, ef hann er fluttur í burtu í aðra landsfjórðunga.

Út af fyrir sig fagna ég því, sem nú er unnið á raforkumálaskrifstofunni varðandi þessi mál, og ég vil þá jafnframt taka undir það, sem sagt hefur verið um nauðsyn á því, að hraðað verði undirbúningsvinnu, sem ekki virðist liggja fyrir, undir allsherjaráætlun um jarðhitaleit á Norðurlandi. Þar er um svo brýnt verkefni að ræða og áreiðanlega um margra ára vinnu að ræða í sambandi við þau mál norðanlands, allt frá Húnavatnssýslum og austur um til Þingeyjarsýslna.

Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir þessi svör hans. Þó langar mig til þess aðeins að víkja að einu, hvort ég hafi skilið hann rétt, að líkur séu til þess, að borinn verði fluttur aftur nú að lokinni borun í Vestmannaeyjum, — hvort ég hafi skilið hann rétt, að hann verði væntanlega fluttur aftur norður í land að lokinni borun í Vestmannaeyjum, þ. e. a. s. nú í sumar. Ég vil biðja hæstv. ráðh. að svara því.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég ætlaði að segja það svo skýrt, að það skildist, að það er meiningin að flytja borinn norður og bora á Akureyrarsvæðinu, þegar borinn hefur lokið því, sem honum er ætlað að gera í Vestmannaeyjum, en það er talið, að það taki 3—4 mánuði. Og það er og verður unnin undirbúningsvinna á Akureyrarsvæðinu á þessum tíma.

14. Skipting framkvæmdalánsins.

Á 46. fundi í Sþ., 26. febr., var útbýtt:

Fsp. til fjmrh. um skiptingu framkvæmdalánsins (enska lánsins), sem tekið var samkv. l. nr. 86 1962 [174. mál] (A. 321).

Á 47. fundi í Sþ., 27. febr., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 42 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Sþ., 4. marz, var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Í l. nr. 86 frá 24. nóv. 1962 var hæstv. ríkisstj. veitt heimild til lántöku í Bretlandi að fjárhæð 2 millj. sterlingspunda. Þessi lántökuheimild var notuð þá um haustið, og var lánið greitt inn á gjalddögunum 15. des. 1962, 15. febr. 1963 og 15. maí 1963. Í 2. gr. laganna í 2. mgr. segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Ríkisstj. ákveður skiptingu lánsfjárins í samráði við fjvn. Alþ., áður en reglulegu Alþ. 1962 lýkur.“

Með bréfi hinn 8. apríl 1963, sem ríkisstj. ritaði hv. fjvn. Alþ., gerir hún grein fyrir málinu og enn fremur hvernig hún leggi til, að því verði skipt til 8 málaflokka, sem eru þessir og til þeirra þessar fjárhæðir, sem ég nú skal greina: 1) Til fiskiðnaðarins í landinu 50 millj. kr., og segir þar um, að meginátherzla verði lögð á það að stuðla að betri nýtingu og verðmætisaukningu fiskaflans. 2) Til iðnaðarins 10 millj. kr. og verði því varið til iðnaðarbygginga eftir nánari ákvörðun. 3) Til raforku- og jarðhitamála vegna framkvæmda fyrir árslok 1962 40 millj. kr. 4) Til raforkuframkvæmda samkv. 10 ára áætluninni 44 millj. kr. til framkvæmda á árinu 1963. 5) Til Sogsvirkjunar 10 millj. og skyldi sú lánsfjárhæð notast til þess að ljúka stækkun Írafossstöðvarinnar. 6) Virkjunarrannsóknir 6 millj. kr., og átti að nota þá fjárhæð á árinu 1963 til rannsókna. 7) Byrjunarframkvæmdir við raforkuver 20 millj. kr., og var þá gert ráð fyrir að nota það til að hefja byrjunarframkvæmdir við raforkuver á Suður- eða Vesturlandi. 8) Til hafnargerða 50 millj. kr. eftir nánari skiptingu og ákvörðun ríkisstj. í samráði við vitamálastjóra.

Eins og sést af þessu bréfi, var hér lögð til skipting fjárins í stórum dráttum, og samþykkti meiri hl. fjvn. þessa skiptingu á fundi sínum 20. apríl s. l. En eins og skiptingin ber með sér, segir hún takmarkað um það, hvernig fénu hefur verið varið, og var gert ráð fyrir því af hendi okkar minni hl. í fjvn., að samráð við fjvn. færi fram með öðrum hætti. Vegna þess að hér er mjög takmarkaðar upplýsingar að finna, höfum við hv. 6. þm. Sunnl. leyft okkur að flytja á þskj. 321 fsp. til hæstv. fjmrh. um skiptingu á framkvæmdaláninu. Í fyrsta lagi spyrjum við: „Til hvaða framkvæmda á vegum ríkisins var fé varið af þessu láni og hve mikilli fjárhæð varið til hverrar framkvæmdar.“ Í öðru lagi: „Hvaða aðilar, fyrirtæki og einstaklingar, fengu hluta af láninu? Hve háa fjárhæð fékk hver aðili, til hvaða verks og með hvaða kjörum?“

Ég leyfi mér að vænta þess, að hæstv. fjmrh. gefi upplýsingar um þetta.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi hefur rakið lagaákvæði um þetta mál og meginefni bréfs ríkisstj. til fjvn. 8. apríl 1963 um skiptingu framkvæmdalánsins í stórum dráttum, og get ég því sleppt að rekja það mál hér frekar. Í fsp. er spurt annars vegar um það, til hvaða framkvæmda á vegum ríkisins hafi verið varið fé af þessu láni, og hins vegar, hve miklu hafi verið varið til annarra aðila. Varðandi fyrri fsp., um ráðstafanir til framkvæmda á vegum ríkisins, er þetta að segja:

I. Raforkuframkvæmdir:

1. Til raforku- og jarðhitamála vegna framkvæmda fyrir árslok 1962	40	millj.	kr.
2. Til raforkuframkvæmda á árinu 1963 í samræmi við 10 ára raforkuáætlunina	44	—	—
3. Til virkjunarrannsókna	6	—	—
4. Til byrjunarframkvæmda við raforkuver	20	—	—

II. Hafnargerðir.

a. Til landshafnar í Rifi	17	—	—
b. Til landshafnar í Keflavík	5	—	—

III. Fiskiðnaður:

Til síldarverksmiðja ríkisins	8.5	millj.	kr.

Þetta er það fé, sem ráðstafað hefur verið til framkvæmda á vegum ríkisins.

Þá er 2. liður fsp. um það, hvað aðrir aðilar hafi fengið af þessu láni.

Það er í fyrsta lagi Sogsvirkjunin, til þess að ljúka stækkun Írafossstöðvar 10 millj. kr.

Í öðru lagi var ráðstafað til hafnargerða í heild 50 millj. kr.

Af því fóru, eins og áður er greint, 22 millj. kr. til landshafna. 16.2 millj. er enn þá óskipt milli einstakra hafna, en því, sem þá er eftir, sem er 21.8 millj., var úthlutað sem hér segir:

Árskógsstrandarhreppur	1	millj.	kr.
Bolungarvík	7.3	—	—
Reyðarfjörður	1.5	—	—
Dalvík	1.2	—	—
Eyrarbakki	500	þús.	—
Grundarfjörður	500	—	—
Grindavík	500	—	—
Haganesvík	800	—	—
Hrísey	1	millj.	—
Húsavík	1	—	—
Neskaupstaður	500	þús.	—
Ólafsvík	500	—	—
Sandgerði	500	—	—
Sauðárkrókur	1	millj.	—
Skagaströnd	500	þús.	—
Suðureyri	1	millj.	—
Tálknafjörður	1	—	—
Vestmannaeyjar	1	—	—
Þórshöfn	500	þús.	—
Samtals	21.8	millj.	kr.

Í þriðja lagi, til fiskiðnaðar 50 millj. Af þessari fjárhæð var ráðstafað til síldarverksmiðja 41.3 millj. Af því gengu 8½ millj. til síldarverksmiðja ríkisins og munu aðallega hafa verið notaðar til framkvæmda á Reyðarfirði og Seyðisfirði. Afganginum, 32.8 millj., var úthlutað sem hér segir:

Rauðka, Siglufirði	3	millj.	kr.
Hraðfrystihús Ólafsfjarðar	1	—	—
Kveldúlfur h/f, Hjalteyri	3	—	—
Sandvík h/f, Bakkafirði	1	—	—
Síldar- og fiskimjölsverksmiðjan, Borgarfirði eystra	2	—	—
Hraðfrystihús Eskifjarðar	3	—	—
Síldar- og fiskimjölsverksmiðjan, Breiðdalsvík	2	—	—
Hraðfrystihús Vestmannaeyja	1½	—	—

Fiskimjölsverksmiðjan Vestm.-eyjum	1	millj.	kr.
Guðmundur Jónsson, Rafnkelsstöðum	3	—	—
Síldar- og fiskimjölsverksmiðjan, Reykjavík	2	—	—
Fiskimjölsverksmiðjan í Ólafsvík	1	—	—
Dánarbú Þorbjörns Áskelssonar, Patreksfirði	1	—	—
Hraðfrystihús Tálknafjarðar	1	—	—
Hraðfrystihús Dýrfirðinga	500	þús.	—
Ísver h/f, Suðureyri	800	—	—
Síldarbræðslan h/f, Dalvík	3	millj.	—
Einar Guðfinnsson, Bolungarvík	3	—	—

Samtals eru þetta 32.8 millj. kr.

Af áðurgreindum 50 millj. til fiskiðnaðar var einnig ráðstafað til fiskvinnslustöðva 8.7 millj. Þessum 8.7 millj. af enska láninu ásamt 12.3 millj. af öðru fé var úthlutað í einu lagi til 31 fiskvinnslustöðvar víðs vegar um land. Ekki liggur fyrir, hve mikið hver fiskvinnslustöð fékk af hvoru láninu um sig, og leiðir af því, að ekki er hægt að birta sundurliðun fyrir enska lánið sérstaklega varðandi þessar 8.7 millj. til fiskvinnslustöðva.

Eins og tekið var fram í bréfi fjmrh. 8. apríl 1963 til fjvn., voru varðandi úthlutun á þessum 50 millj. til fiskiðnaðar fengnar till. frá fulltrúum Seðlabankans, Landsbankans og Útvegsbankans.

Í fjórða lagi eru til iðnaðar 10 millj. kr. Hlutafélaginu Iðngörðum hefur verið úthlutað þessu fé til byggingar iðnaðarhúsahverfis í Reykjavík, en það lán hefur ekki verið afgreitt enn þá.

Þá er loks varðandi lánskjörin. Skuldabréf fyrir lánunum eru í sterlingspundum. Vextir af öllum lánunum eru 7½%. Hver lántaki greiðir við lántöku 1½% af lánsupphæð í lántökugjald. Hafnarlánin eru til 20 ára og endurgreiðast með jöfnum hálfsárslegum greiðslum afborgana og vaxta, annuitet. Fyrsta afborgun greiðist 1. maí 1964, en fyrsta vaxtagreiðsla var 1. nóv. 1963. Lán til síldarverksmiðja og fiskvinnslustöðva eru til 10 ára, en endurgreiðast að öðru leyti eins og hafnarlánin. Raforkulánin eru afborgunarlaus til 1. maí 1967, en endurgreiðast frá og með þeim degi á 20 árum á sama hátt og um getur hér að framan um önnur lán. Til 1. nóv. 1966 greiðast vextir af raforkulánunum á sömu gjalddögum og að framan segir. Lánið til Sogsvirkjunarinnar er til 20 ára með 7½% vöxtum.

Fyrirspyrjandi (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. fjmrh. fyrir þau svör, sem hann gaf við þessari fsp., að því leyti sem hann leysti úr þeim. Hins vegar fannst mér nokkur galli á gjöf Njarðar, að ekki skyldi gefin sundurliðuð skýrsla um lán til fiskiðjuveranna, eins og til annarra lántakenda í þessum lánaflokki. Hæstv. ráðh. taldi það vera vegna þess, að viðbótarfjárhæð hefði komið til þessara lánveitinga, og mér skilst því, að til þess að fá þá sundurliðun, þurfi þá að gera nýja fsp., sem nái yfir þennan hluta, og verður það þá að bíða betri tíma, og þakka ég fyrir.

15. Stöðvun á fólksflótta úr Vestfjarðakjördæmi.

Á 49. fundi í Sþ., 4. marz, var útbýtt:

Fsp. til ríkisstj. um fimm ára framkvæmdaáætlun til stöðvunar á fólksflótta úr Vestfjarðakjördæmi [183. mál] (A. 343).

Á 50. fundi í Sþ., 5. marz, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 41 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Sþ., 11. marz, var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Sigurvin Einarsson): Herra forseti. Við hv. 1. þm. Vestf. höfum leyft okkur að flytja fsp. til hæstv. ríkisstj. á þskj. 343. Hún er í tveimur liðum og er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Er lokið áætlun þeirri og tillögugerð til stöðvunar á fólksflótta úr Vestfjarðakjördæmi, sem Alþingi með þál. 19. apríl 1963 skoraði á ríkisstj. að fela Framkvæmdabanka Íslands í samráði við stjórn atvinnubótasjóðs og hlutaðeigandi sýslunefndir og bæjarstjórnir að gera fyrir árslok 1963?

2. Á hvern hátt hefur verið haft samráð við sýslunefndir og bæjarstjórn á Vestfjörðum um hina fyrirhuguðu áætlunar- og tillögugerð?"

Á Alþingi 19. apríl 1963 var samþ. svo hljóðandi till. til þál., með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að fela Framkvæmdabanka Íslands að semja 5 ára framkvæmdaáætlun í samráði við stjórn atvinnubótasjóðs og hlutaðeigandi sýslunefndir og bæjarstjórn til stöðvunar fólksflóttanum úr Vestfjarðakjördæmi. Einkum skal miða áætlunina við það, að framkvæmdirnar verði liður í uppbyggingu þeirra staða, sem fólksfækkunin gerir illkleift að halda í byggð, þótt öll skilyrði séu þar til góðra lífskjara, ef búið væri að þeim á borð við aðra staði. Skal áætluninni lokið fyrir lok þessa árs og hún þá lögð fyrir Alþingi ásamt till. um fjáröflun."

Nú er liðinn nokkur tími frá því, að framkvæmdaáætlun og till. um fjáröflun átti að vera lokið samkv. þeirri þáltill., sem ég las hér. Okkur flm. þessarar fsp. er hins vegar ókunnugt um, hvort fyrrnefnd ályktun hefur verið framkvæmd eða ekki, og okkur er einnig ókunnugt um, með hvaða hætti Framkvæmdabankinn kann að hafa haft samráð við sýslunefndir og bæjarstjórn á Vestfjörðum um þetta mál. Þess vegna er um þetta spurt hér.

Fólksfækkun hefur orðið ískyggilega mikil á Vestfjörðum á síðari árum. Á s. l. 53 árum, eða frá 1910, hefur fólkinu fækkað þar úr 13386 íbúum í 10583, eða um tæplega 21%. En á 30 árum á þessum tímabili, þ. e. frá 1910—1940, var fækkunin þó ekki nema rúmlega 3%. Hins vegar hefur fólksfækkunin orðið hér um bil 18% frá 1940 til 1963, eða á 23 árum. Á sama tíma sem fólkinu fækkar á Vestfjörðum, eins og ég hef hér sagt, um 21%, fjölgar fólkinu í landinu í heild um 119%. Ef fólksfjölgun hefði orðið á Vestfjörðum eins og varð í landinu í heild,

byggju þar nú um 29300 manns, en það eru þar ekki nema um 10600, eins og ég sagði áðan. Að sjálfsögðu er fólksfækkunin mest í sveitum, og í 7 sveitarfélögum voru t. d. fyrir 53 árum 2250 íbúar, en í þessum sömu sveitarfélögum eru nú 329. 85% af þessu fólki er farið burt. Áhrifin af þessum gífurlega fólksflótta ættu öllum að vera augljós, og er ekki þörf á eða tækifæri til að ræða þá hlið málsins nú. En sé hv. Alþ. alvara með að stöðva þá skriðu fólksflóttans, sem um getur í þáltill. frá síðasta þingi og eykur hraðann með hverju missiri sem líður, má engin töf verða á ráðstöfunum til úrbóta, ef nokkur árangur á að nást. En byggðarlög þessa lands eru þjóðinni dýrmætari en svo, að Alþ. megi horfa upp á það, að þau leggist í auðn, án þess að það hafist nokkuð að.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Spurt er: „Er lokið áætlun þeirri og tillögugerð til stöðvunar fólksflótta úr Vestfjarðakjördæmi, sem Alþ. með þál. 19. apríl 1963 skoraði á ríkisstj. að fela Framkvæmdabanka Íslands í samráði við stjórn atvinnubótasjóðs og hlutaðeigandi sýslunefndir og bæjarstjórn að gera fyrir árslok 1963? Á hvern hátt hefur verið haft samráð við sýslunefndir og bæjarstjórn á Vestfjörðum um hina fyrirhuguðu áætlunar- og tillögugerð?"

Þál., sem hér er vitnað til, var samþ. á Alþ. 19. apríl, eins og í fsp. greinir, og fór í aðalatriðum í þá átt að skora á ríkisstj. að fela Framkvæmdabankanum að semja 5 ára framkvæmdaáætlun í samráði við stjórn atvinnubótasjóðs og hlutaðeigandi sýslunefndir og bæjarstjórn til stöðvunar fólksflóttanum úr Vestfjarðakjördæmi. Þessi þáltill. var send félmrn. snemma í maímánuði 1963, og hlutverk rn. var í rauninni ekki annað, a. m. k. ekki til að byrja með, heldur en koma henni áleiðis til Framkvæmdabankans með tilmælum um það, að hann innti af höndum þá athugun og þá tillögugerð, sem í þál. felst. Þetta bréf var sent Framkvæmdabankanum 27. maí 1963. Það hefur þess vegna verið spurzt fyrir um það hjá Framkvæmdabanka Íslands, hvað þessum störfum liði, og mér hefur borizt frá Framkvæmdabankanum svar við því með bréfi, dags. í gær. Ég held, að ég skýri málið bezt með því, að ég lesi það upp, með leyfi hæstv. forseta. Bréfið er svo hljóðandi:

„Sem svar við bréfi hins háa ráðuneytis, dags. hinn 6. marz s. l., um þál. um 5 ára framkvæmdaáætlun til stöðvunar fólksflótta úr Vestfjarðakjördæmi, sem samþ. var á Alþingi 19. apríl 1963, vill bankinn hér með taka fram eftirfarandi:

Félmrn. sendi þál. til Framkvæmdabankans með bréfi hinn 27. maí 1963. Þar sem hagdeild Framkvæmdabankans hafði verið flutt til Efnahagsstofnunarinnar hinn 1. júlí 1962, tók bankastjórinn, sem á sæti í stjórn Efnahagsstofnunarinnar, málið upp við forstjóra hennar, Jónas Haralz, og varð það að samkomulagi, að Efnahagsstofnunin skyldi taka að sér að vinna verkefnið í samráði við Framkvæmdabankann, enda er verkið nátengt ýmsum þeim verkefnum, sem Efnahagsstofnunin starfar að. Fyrsta skrefið var að ráða Valdimar Kristinsson viðskiptafræðing til þess að vinna að málinu með gagnasöfnun og rannsóknum. Seðlabankinn samþykkti, að Valdimar mætti taka að sér verkið, en hann er fastur starfsmaður Seðlabankans. Síðar var þess farið á leit við Efnahags- og framfarastofnunina í París, að hún greiddi kostnað við dvöl erlends sérfræðings hér á landi til þess að vinna með Valdimar. Samþykkti Efnahags- og framfarastofnunin þessa málaleitan, og var leitað eftir því að fá sérfræðing frá Distrikternes utbygningsfond í Noregi, en það er sú stofnun í nágrannalöndunum, sem einna mesta reynslu hefur á þessu sviði. Var þessari málaleitun vel tekið af Norðmönnum, en sökum anna þeirra sérfræðinga, sem til greina koma, hefur enn ekki verið hægt að fá fullnaðarákvörðun um það, hvaða sérfræðingur getur komið né hvenær, en hans er von í sumar.

Framkvæmdabankinn hefur skrifað sýslum Vestfjarða og Ísafjarðarkaupstað og óskað athugana og hugmynda varðandi málið, ef til séu. Ætlunin er að ljúka verkinu á þessu ári, en um þetta er erfitt að fullyrða, meðan hinn erlendi sérfræðingur er enn ófenginn. Undanfarið hefur Valdimar Kristinsson rætt opinberlega vandamál strjálbýlis og fólksfækkunar, en þau mál eru að sjálfsögðu þáttur þess starfs, sem hann hefur tekið að sér."

Þetta er svar Framkvæmdabankans, og ég ætla, að svarið skýri nokkurn veginn til fulls það, sem um er spurt. Það hefur verið leitað aðstoðar hinna færustu manna til þess að fá skynsamlega lausn á þessu máli. Að vísu dregst það lengur en þáltill. gerir ráð fyrir, en í það tel ég að ekki sé horfandi, ef um meiri háttar rannsókn og viðtæka verður að ræða á málinu, sem von er til með aðstoð hins íslenzka starfsmanns og tilkomu hins erlenda sérfræðings. Ég ætla, að þetta sé nokkurn veginn tæmandi svar við því, sem um hefur verið spurt.

Fyrirspyrjandi (Sigurvin Einarsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. félmrh. fyrir svör hans við þessari fyrirspurn. Hann taldi, að hlutverk rn. hefði ekki verið annað en að senda ályktunina til Framkvæmdabankans. Það kann að vera, að það megi skilja orðalag ályktunarinnar á þennan veg. En ég held, að Alþ. hafi meint meira, þegar það var að samþ. þessa ályktun, heldur en bara þetta. Ég held, að það sé ótvírætt, að Alþ. hafi ætlazt til þess, að hæstv. ríkisstj. beitti sér fyrir því, að þegar væri hafizt handa um ráðstafanir til þess að stöðva fólksflótta, en ekki aðeins það að senda Framkvæmdabankanum ályktunina og láta þar við sitja.

Þetta hefði auðvitað ekki þurft að koma að neinni sök, ef brugðið hefði verið við og eitthvað gert í málinu, en það lítur svo út, að Framkvæmdabankinn hafi ekki haft neinn hraða á í þessu. Samkv. ályktuninni átti Framkvæmdabankinn m. a. að hafa samráð við stjórn atvinnubótasjóðs. Hefur hann gert það? Hann átti að hafa samráð við sýslunefndir og bæjarstjórn á Vestfjörðum. Mér er kunnugt um, að það var ekki farið að skrifa þessum aðilum seint í nóvember s. l. vetur. Hvenær það hefur svo verið gert, það veit ég ekki, hvort þau bréf hafa kom-

izt af stað, áður en átti að vera búið að ljúka tillögugerð um ráðstafanir gegn þessum fólksflótta. Mér sýnist hægagangurinn hafa verið með mesta móti í málinu.

Hæstv. ráðh. segir, að Framkvæmdabankinn hafi vikið þessu yfir til Efnahagsstofnunarinnar. Ég hef ekkert út á það að setja. Ég treysti henni alveg eins og engu síður til þess að framkvæma þessa ályktun. Síðan er ráðinn maður frá þriðju stofnuninni, frá Seðlabankanum. Það er rétt, að sá maður hefur fyrir fáum dögum skrifað eitthvað opinberlega um jafnvægi í byggð landsins, en hvað hann hefur gert í þessu máli, er mér algerlega ókunnugt um, ef hann hefur þá gert nokkuð. Þá hefur verið leitað til Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu um sérfræðing. Ekki skal ég finna að því. en hann er enginn fenginn og enginn veit, hvenær hann kemur. Og hvað ætli flytji margt fólk af Vestfjörðum, meðan allt þetta gengur fyrir sig? Var virkilega ekki hægt að hefjast handa með ráðum Íslendinga sjálfra í þessu máli? Ég er ekki að finna að því, þótt erlendur sérfræðingur sé fenginn, öðru nær. En var ekki hægt að fara að ræða þetta mál við forustumenn Vestfirðinga, við stjórn atvinnubótasjóðs og sjá, hvað þeir, sem allra kunnugastir eru öllum málum Vestfirðinga, sýslunefndir og bæjarstjórn, segðu um þetta mál? Það hefði mátt fá sérfræðinginn fyrir það. En meðan verið er að bíða eftir honum, a. m. k. 1 ár. kannske 2 ár, hefði ekki komið að sök, að það hefði verið gert.

Ég vænti þess, að hæstv. ráðh. beiti sér fyrir því, að meiri hraði verði hafður á þessu hér eftir en hingað til.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Þegar fram kom á síðasta Alþ. till. til þál. þess efnis að skora á ríkisstj. að fela Framkvæmdabanka Íslands í samráði við stjórn atvinnubótasjóðs og hlutaðeigandi sýslunefndir og bæjarstjórn Ísafjarðar að gera athugun á því og flytja till. um það, hvernig mætti stöðva fólksflóttann á Vestfjörðum, þá varð mér á að brosa, það verð ég að segja. Það fannst mér hláleg tillögugerð og bersýnilega til þess eins að sýnast. Þm., sem höfðu setið á Alþ., sumir hverjir milli 20 og 30 ár, báðu þá ríkisstj. um að gera nú athugun á því, hvað ætti að gera til þess að stöðva fólksflóttann úr þeirra eigin kjördæmum. Hvílík forsmán! Hverjir áttu að vita það betur en fólkið í þessum byggðarlögum og viðkomandi þm., hvað væri vænlegt til þess að stöðva fólksflóttann, þegar þau höfðu horft upp á hverja sveitina tæmast af fólki á fætur annarri? Ætli aðrir menn og aðrar stofnanir væru líklegri til þess að hafa lagt sig í bleyti til að hugsa um þessi mál en þm., sem höfðu horft upp á þessa þróun? Mér finnst það ekki líklegt, ég verð að segja það. Það er því fjarri mér að áfellast félmrn. fyrir það, þó að hér standi upp um það bil ári síðar hæstv. félmrh. og játi það, að félmrn. gat harla lítið í þessum málum gert. Það gat raunar lítið annað gert en það, sem hæstv. ráðh. sagði, að senda þessa fáránlegu till., yfirdrepskapartill., hræsnismeistarastykki þm., til hlutaðeigandi stofnunar, Framkvæmdabankans, og biðja hann um að fara að athuga þetta mál. Og þetta gerði rn. Og það er enginn Pílatusarþvottur hjá hæstv. ráðh., þegar hann segir: Hvað áttum við að gera annað? Við gátum ekkert annað gert. — En hann segir annað, og þá brosi ég ekki, þá bara liggur mér við að skellihlæja. Það er búið að skrifa til Parísarborgar og til virðulegrar stofnunar þar, efnahagsmálastofnunar á alheimsmælikvarða, því að málið er nú í höndum efnahagsmálastofnunar á Íslandi. Nú eru þessir menn beðnir ásjár í viðbót við íslenzku efnahagsmálastofnunina að gefa okkur nú ráð um. hvernig við eigum að koma í veg fyrir fólksflótta á Vestfjörðum, því að Sléttuhreppur hafi lagzt í eyði og Grunnavíkurhreppur hafi farið sömu leið og hálfur Snæfjallahreppur sé líka í eyði og býli hingað og þangað um allt Ísafjarðardjúp séu að leggjast í eyði, ekki sízt stórjarðirnar. Jú, þeir taka þetta mjög alvarlega í París, og þeir segja: Við skulum senda ykkur mann næsta sumar, hann er væntanlegur næsta sumar. — Og á nú að fara að glugga í þetta og gefa okkur ráð. Er þetta ekki viturlegt? Og er þetta ekki af heilindum allt saman? Þvílík háðung, segi ég aftur. Og ég meina það. Þetta er eitt hið háðulegasta furðuverk, sem ég hef hlustað á á Alþ. Jæja, hann kemur í sumar. Það er gott að eiga vonina í því, að það kemur sérfræðingur, sérfræðingur í eyðingu byggða á Vestfjörðum, frá París á komandi sumri. Ég held, að við Vestfirðingar megum nú vera rólegir, þegar við vitum þetta.

En ég spyr: Hefur ekki verið hægt að toga nein svör út úr atvinnubótasjóðsstjórninni? Það er eitthvað af þm. Vestfjarða í þeirri stjórn, og þeir eru sannast að segja miklu færari um það, eða ættu að vera það, en þessi sérfræðingur frá París að segja eitthvað um það, hvað ráðlegt væri til þess að hefta fólksflótta frá Vestfjörðum. Hefur ekki verið hægt að toga neitt svar út úr atvinnubótasjóðsstjórninni? Og ekki heldur úr sýslunefndunum á Vestfjörðum? Og ekki heldur frá bæjarstjórn Ísafjarðar? Kemur það ekki fyrr en í sumar, eftir að efnahagsmálasérfræðingurinn frá París er búinn að krefja þá um þessar heimildir og þessi gögn? Það er rétt, sem hv. frummælandi sagði hér áðan, það hefur ekki verið neinn ofsahraði á þessu, og hraðinn kemur sennilega ekki á þetta, fyrr en sérfræðingurinn frá París hefur fjallað um málið. (**Forseti:** Ræðutíminn er búinn.) Nú, fyrirgefið. Ég vil aðeins fá leyfi hæstv. forseta til að bæta við einni eða tveimur setningum. Ég uggði ekki að mér, þetta er fyrirspurnatími og 5 mín. ræðutími.

Ég hef nýlega séð í merku riti Seðlabankans ritgerð, sem hefur verið birt í mörgum blöðum, um þróunarsvæðin á Íslandi, og þar er kafli, rúml. fingurhæð, um Vestfirði. Það er svona undirþróunarsvæði og þar á að gera ýmislegt, segir höfundurinn. Hann segir, að það eigi að nema burt þann þröskuld, sem Breiðadalsheiðin sé í samgöngukerfinu milli Ísafjarðar og Önundarfjarðar. Og hann segir, að það þurfi að sjá Vestfirðingum fyrir sæmilegum samgöngum á sjó og það þurfi að sjá aðalþróunarmiðstöðinni, Ísafjarðarkaupstað, fyrir forustuaðstöðu fyrir þetta svæði í menningarmálum, ekki aðeins atvinnumálum og samgöngumálum, heldur einnig

menningarmálum og heilbrigðismálum. Nú hafa hér á Alþ. verið flutt frv. um jarðgöng gegnum Breiðadalsheiði, um Vestfjarðaskip til að bæta úr samgöngum á sjó, um menntaskóla á Vestfjörðum til þess að bæta aðstöðuna í menningarmálum, um fjórðungsskiptingu landsspítalans til þess að bæta aðstöðuna í heilbrigðismálum. Ef þm. Vestfjarða hefði verið alvara í því að hefta flótta fólksins af Vestfjörðum hefðu þeir átt að veita þessum málum stuðning. Og ef þeir meina eitthvað með þessu hjali sínu, eiga þeir að veita þessum málum stuðning, sem liggja mörg hver fyrir þinginu núna. En það hefur ekki heyrzt frá stjórnarflokkunum neitt í þá átt, en þeir biðja um sérfræðing í eyðingu Vestfjarðabyggða frá París.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Það stendur nú að vísu öðrum nær en mér að ræða um málefni Vestfjarða sérstaklega en þó fæ ég ekki orða bundizt í sambandi við þetta mál, eftir að skýrsla hefur verið gefin um framkvæmd þál. um 5 ára framkvæmdaáætlun til stöðvunar á fólksflótta úr Vestfjarðakjördæmi. Ég tók nokkurn þátt í umræðum um þetta mál í fyrra, þegar það var lagt fyrir, og átti sömuleiðis sæti í nefnd þeirri, sem fjallaði um málið á síðasta þingi, og það er eiginlega nokkuð í sambandi við það, að mér þykir nú ástæða til þess að taka til máls stuttlega.

Ég hafði orð á því, þegar þessi till. var lögð hér fyrir af tveimur þáv. þm. Vestfjarða, Gísla Jónssyni og Kjartani J. Jóhannssyni, að ég ætla, að mér hefði eiginlega þótt fara betur á því, að flutt væri fram till. til þál. um að gera slíka áætlun til stöðvunar á fólksflótta almennt fyrir þá landshluta, þar sem þessi fólksflótti á sér stað eða hefur átt sér stað. Samt lét ég það koma fram strax við fyrstu umr. þessa máls, að þessa till. mundi ég styðja eigi að síður og það yrði að viðurkenna, að þótt fólksflóttinn væri víða eða um það að ræða, að landshlutar héldu ekki sinni eðlilegu fólksfjölgun, þá hefðu samt Vestfirðir orðið harðast úti, og það er ómótmælanlegt. Einn af hv. þm. Vestf., hv. 3. þm. Vestf., nefndi áðan tölur í þessu sambandi. Og allshn. Sþ. mælti einróma með samþykkt till. um sérstaka áætlun fyrir Vestfirði, með þeirri breyt., sem gerð var, að haft skyldi samráð við sýslunefndir og bæjarstjórn á Vestfjörðum. Og ég get ekki látið vera að harma það, að framkvæmdum skuli ekki hafa verið hraðað í þessu máli meira en gert hefur verið og í samræmi við það, sem Alþ. samþ. einróma, því að Alþ. samþ. að skora á ríkisstj. að hlutast til um, að áætlun yrði lokið „fyrir lok þessa árs", þ. e. a. s. ársins 1963. Nú má segja, að þar hafi verið nokkuð stuttur frestur settur og að slíkt sé ekki venjulegt, ef til vill, að svona tímatakmark sé í þál., en til þess voru góðar og gildar ástæður, að þessi tímatakmörk voru sett, því að þetta, að ráða bót á fólksflóttanum af Vestfjörðum og annars staðar, þar sem svipað stendur á, er svo aðkallandi mál, að aðgerðir í þeim efnum mega ekki bíða. Og hættan í þessum efnum verður stöðugt meiri og meiri. Þess er að gæta, að þegar t. d. eitthvert sveitarfélag er komið á eitthvert visst stig, brestur viðnámið allt í einu, þess eru dæmi. Það kannske leggst í eyði eitt og eitt býli á ári. Svo þegar komið er að vissu marki, þegar sveitarfélagið er orðið svo lítið og fámennt, að menn eru þess ekki umkomnir að inna af hendi hin félagslegu verkefni, þá brestur viðnámið. Sveitin tæmist. Þetta hefur þegar skeð í tveimur hreppum á Vestfjörðum, sem eru orðnir auðir af mönnum.

Ég vil segja það og taka undir það með hv. 5. þm. Vestf., að mér þykja það ekki eðlileg vinnubrögð, sem við hafa verið höfð, og mér finnst þau minna á skriffinnsku. Þetta eru skriffinnskuvinnubrögð. Það er náttúrlega eðlilegt að skrifa Framkvæmdabankanum, og það er ekkert við því að segja, að hann leiti til Efnahagsstofnunarinnar. En að viðhafa þessi vinnubrögð, að skrifa út til Parísar og svo þaðan aftur til Noregs, þau eru nokkuð hláleg, og svo er sýslunefndunum og bæjarstjórn skrifað, að nú sé loksins von á Norðmanni á næsta ári, að því er virðist nýlega. Annars vildi ég spyrja um það, hvenær sýslunefndum og bæjarstjórn á Vestfjörðum hafi verið skrifað. (**Forseti:** Ræðutíminn er búinn.) Ég skal vera mjög stuttorður hér eftir, en vænti, að ég megi bæta aðeins fáum orðum við, eins og síðasti ræðumaður fékk að gera.

Það út af fyrir sig er ágætt að fá upplýsingar hjá Distrikternes utbygningsfond í Noregi. Sú stofnun fjallar einmitt um slík mál. Ég vil lýsa ánægju minni yfir því út af fyrir sig, að menn hafa haft auga fyrir því, að það þurfti að gera. En það er óþarfi að vera að bíða eftir því, að Norðmaður komi hingað heim. Það getur einhver farið héðan til Noregs til þess að kynna sér meðferð þessara mála þar. Það mundi taka miklu skemmri tíma. Ég hefði líka talið eðlilegt, að unnið hefði verið að þessu máli þannig á byrjunarstigi, að kvaddir hefðu verið til menn með staðarþekkingu beinlínis í nefnd eða til samvinnu við Efnahagsstofnunina til þess að fjalla um þetta mál, menn með staðarþekkingu, menn búsettir á Vestfjörðum.

Nú má segja, að það sé kannske ekki aðalatriðið að vera að sakast um það, sem orðið er í þessu efni, en ég vildi mjög eindregið skora á hæstv. ríkisstj. að láta nú hendur standa fram úr ermum í þessu máli og framkvæma þessa áætlun með þeim hraða, sem ályktunin sjálf ber vott um að vakað hefur fyrir Alþ. í fyrra, þegar hún var samþykkt.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Það er hér um að ræða svo mikið mál, að það er auðvitað ógerlegt að ræða það efnislega í fyrirspurnatíma. Ástæðan til þess, að ég stend hér upp, er eingöngu sú, að hér hefur verið bent á það af ýmsum ræðumanna, að í þessari till. eða ályktun Alþingis hafi verið gert ráð fyrir, sem rétt er, að Framkvæmdabankinn annaðist rannsókn þessa máls, m. a. í samráði við stjórn atvinnubótasjóðs. Við stjórn atvinnubótasjóðs hefur ekki verið haft neitt sérstakt samráð um málið enn sem komið er, og skal ég ekkert um það segja, hvort það verður gert eða ekki. Ég skal heldur ekkert um það dæma, hvort hér hafa verið eðlileg vinnubrögð höfð eða ekki. En fram hjá því er auðvitað ekki hægt að ganga, að það er rétt,

sem hæstv. ráðh. sagði, að ríkisstj. væri ekki beinlínis falið að gera þetta á þann hátt, sem venja er með þál., heldur er henni aðeins falið að fela tiltekinni stofnun að framkvæma verkið. Hvort það hefur verið illa að því unnið eða ekki, skal ég ekki heldur um dæma, en vildi þó aðeins segja það, sem ég held að okkur hljóti öllum að geta komið saman um, að ef það er ekki meira vandamál en það að stöðva fólksflóttann, sem kallað er, úr heilum landsfjórðungi, en að það taki 4—5 mánuði að komast að niðurstöðu um það, hvaða úrræði séu til þess, þá held ég, að hér væri ekki um eins mikið vandamál að ræða og þessi atvinnumál strjálbýlisins þó raunverulega eru, því að það vitum við og það er vitanlega rétt, sem hv. 5. þm. Vestf. sagði, að þetta eru þau mál, sem þm. hinna einstöku kjördæma viðs vegar um land hafa árum og áratugum saman verið að fást við og reyna að benda á ein og önnur úrræði til þess að vega þarna upp á móti því jafnvægisleysi, sem oft hefur skapazt.

Um Vestfirði er það að segja, að það hefur verið erfitt ástand að þessu leyti, þó að það hafi að ýmsu leyti samt batnað, að ég hygg, og það vill a. m. k. svo til, að á síðasta ári, — ég býst nú ekki við, að það sé að þakka þessari þál. sérstaklega, en það hefur orðið svo á síðasta ári, að það hefur orðið smávægileg fjölgun fólks í Vestfirðingafjórðungi, þannig að atvinnuhættir þar hafa sem víða annars staðar um landið, eins og við þekkjum, breytzt mjög á seinni árum til batnaðar, og ber vissulega að fagna því. En það breytir ekki hinu, að enn þá er um að ræða mjög alvarlegt jafnvægisleysi að þessu leyti. En við skulum þó ekki loka augunum fyrir því, að við getum aldrei búizt við og það er ekki þjóðhagslega endilega rétt að stefna að því, að allar byggðir landsins, sem einhvern tíma hafa byggzt, haldist endilega þannig í byggð, að þaðan flytjist ekki fólk. Það er stefna okkar, sem er auðvitað sjálfsögð og eðlileg, að hafa sem jafnasta byggð um landið allt með þeirri forsendu, að sú byggð haldist, þar sem atvinnuskilyrði og framleiðslumöguleikar eru slíkir, að það sé þjóðhagslega eðlilegt, að þangað sé beint okkar vinnuafli og takmörkuðum starfskröftum. Að málinu verður að vinna á þeim grundvelli, en ekki endilega hinum, að það hljóti að vera voðalegt böl, að einhver afdalabyggð fari í eyði. Ég held, að það sé ekkert böl og það sé ekki annað en eðlileg þróun í hvaða þjóðfélagi sem er. En það er hins vegar alveg rétt, að það verður að vinna að þessum málum á skipulagðari hátt en gert hefur verið og kanna það rækilega niður í kjölinn, hvar aðstæður eru fyrir hendi úti um landið til þess að byggja upp þroskavænleg athafnasvæði til að hagnýta framleiðsluskilyrði í viðkomandi byggðarlögum, hvort sem er til sjávar eða til landsins, og það mál þarf að taka upp kerfisbundið, ekki aðeins á Vestfjörðum, heldur víðar um landið. Og ég er ekkert fjarri því, að það væri eðlilegt, eftir að atvinnubótasjóður hefur verið lögfestur sem ákveðin stofnun, sem að vísu hefur allt of lítið fé, ef út í þá sálma ætti að fara, að starfssvið þess sjóðs yrði útvíkkað og stjórn hans yrði falið að einhverju leyti að annast slíka kerfisbundna athugun og hafa forustu um aðgerðir til úrbóta á þessum sviðum. Þá þyrfti sjóðurinn í senn að hafa miklu meira fé og jafnframt yfir að ráða vissum starfskröftum til þess að athuga þessa hluti.

Ég skal taka undir það, að ég álít, að það sé mjög vafasamt, hve mikið við eigum að leita í þessum efnum til erlendra þjóða. Hér er sérstaða töluverð hjá okkur umfram það, sem er hjá öðrum þjóðum, og þó að margt kunni mega af þeim læra, verður fyrst og fremst að byggja á okkar eigin reynslu, þó að ég skuli ekki lasta það, að ábendinga sé leitað annars staðar.

Ég skal ekki, herra forseti, brjóta hér neinar reglur, en vildi aðeins koma þessu hér að og tel rétt, að það sé íhugað, að það er nauðsynlegt að vinna kerfisbundið að þessu, hvort sem það verður stjórn atvinnubótasjóðs, Framkvæmdabanki eða aðrir aðilar, sem það gera, ekki aðeins með hliðsjón af Vestfjörðum, heldur landsbyggðinni í heild, og hvort sem það verður byggt upp á þann hátt að byggja upp sérstakar þéttbýlisstöðvar í strjálbýlinu eða ekki, — það er mjög athyglisverð hugmynd, — eða hvernig sem á annan hátt verður að því unnið. Þetta þarf að gerast, en við skulum ekki loka augunum fyrir því, að þetta er auðvitað löng þróun og tekur miklu lengri tíma en nokkra mánuði að fá í því viðunandi niðurstöðu.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vildi aðeins segja það í sambandi við þær umr., sem hér hafa orðið um þetta mál, að þarna verða menn að gera sér ljóst, að það er um miklu djúpstæðari orsakir að ræða en þær, sem verða læknaðar með aðgerðum einhverra nefnda, eins og þeirrar, sem sett var með þeirri till., sem þessi fsp. byggist á. Það, sem er að verki í eyðingu þessara byggða og í fólksflóttanum, er sjálft lögmál peningavaldsins, sem hefur þann eiginleika, að það dregur atvinnuna þangað, sem hún er fyrir, og hrannar saman á einn eða fáa staði, þar sem fjármagnið er fyrir, því fjármagni, sem er að skapast. Og lækningin við þessu er einvörðungu sú, að þjóðfélagið sjálft taki að sér vísvitandi stjórnina á þessu fjármagni, að þjóðfélagið sjálft ráði því, hvert þetta fjármagn fer, út frá því, sem þjóðhagslega er praktískt á hverjum tíma.

Það var gerð nokkur tilraun um þetta í tíð nýsköpunarstjórnarinnar með áætlunargerð þá og settir niður þá allmargir togarar á Vestfjörðum m. a., og það var gerð tilraun til þess aftur, þegar vinstri stjórnin var mynduð, að fá alveg skipulagt samstarf um það að skapa áætlunarráð, sem um leið væri bankaráð Seðlabankans, áætlunarráð ríkisstj., sem réði þar með yfir fjármagnsflutningunum í landinu. Alþfl. og Alþb. höfðu samstarf um að vilja gera þetta, en Framsfl. þverneitaði þá að fallast á það. Þetta er hins vegar eina ráðið, að mennirnir, að þjóðfélagið sjálft stjórni þróun fjármagnsins, staðsetningu atvinnutækjanna og miði þar við almennan þjóðarhag, en ekki við það, sem einstökum atvinnurekendum kann að finnast gróðavænlegt á hverju augnabliki. Ég held, að menn verði að hafa þetta í huga, þegar menn eru að ræða þessi miklu vandamál. Þetta er heildarþjóðfélagsvandamál, sem verður ekki stjórnað nema af þjóðfélaginu sjálfu og með aðgerðum

svo að segja frá miðstöð þess. Það þarf, eins og hv. síðasti ræðumaður minntist á, ekki bara stjórn atvinnubótasjóðs, hann kom réttilega inn á, að hann gæti litið. Það er stjórnin sjálf á allri fjárfestingunni í landinu, sem spurningin stendur þarna um. Það er heildarstjórnin á sjálfum þjóðarbúskapnum og fyrst og fremst fjárfestingunni í landinu, það er það, sem ræður fólksstraumnum, og það skulum við gera okkur ljóst. Meðan við þorum ekki að kryfja þetta til mergjar á þennan hátt og finna ráðið við þessu, eru sérstakar nefndir, jafnvel þótt við fáum sérfræðinga frá París, og slíkar aðgerðir þar eins og að kasta snjóboltum í helvíti.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég skal nú ekki fara út í það að ræða mikið þetta mál efnislega, enda er, eins og hér hefur verið sagt, ekki réttur vettvangur að gera það í fyrirspurnatíma, þar sem menn hafa aðeins 5 mínútur til umráða. Málið er miklu stærra en það, að sá tími nægi, til þess að menn geti gert nægjanlega eða rækilega grein fyrir skoðunum sínum á þessum vanda, sem fyrir liggur. En það eru aðeins nokkur orð um málsmeðferðina, sem ég vildi hér segja.

Það kom fram í ræðu fyrirspyrjanda, síðari ræðu hans, að hann vildi láta liggja að því, að ríkisstj. hefði ekki gert það, sem henni var falið með till. En ég hélt því fram aftur á móti, og geri enn, að í till., eins og hún er orðuð, sé ekki gert ráð fyrir því, að ríkisstj. eigi annan hlut að þessu máli en þann að fela Framkvæmdabanka Íslands að hefja þá rannsókn og gera þá áætlun, sem þáltill. gerir ráð fyrir. Þetta gerði rn. strax. Getur raunar meira en svo orkað tvímælis, hvaða rn. eigi að gera þetta, þó að félmrn. yrði til þess að gera það, vegna þess að þá var talið, að það yrði kannske því skyldast. En þegar Alþ. sendi ríkisstj. till., þá ekki einasta sendi hún félmrn. hana, heldur tveimur rn. öðrum, af því að það virtist, að það lægi ekki alveg ljóst fyrir, hver þarna ætti að vera aðili að málinu. En sem sagt, félmrn. tók að sér að gera það, sem till. gerir ráð fyrir að ríkisstj. eigi að gera í málinu.

Þá hefur það komið fram í umr. hér, að mönnum þykir, að ekki sé nægilega hratt unnið að málinu, og í annan stað, að menn hafa gert að því góðlátlegt gaman, eins og einn hv. þm. gerði hér a. m. k. og meira að segja einn hv. þm. Vestf., að hér hafi verið fenginn erlendur maður til skrafs og ráðagerða, og talið það eiginlega fyrir neðan allar hellur, að það væri gert. **(Gripið fram í:** Það er hlægilegt.) Þetta þykir kannske hv. þm. hlægilegt, en ég vil í þessu sambandi vitna til þess, að hv. 3. þm. Norðurl. e., að ég ætla, lýsti því hér yfir og það með mörgum fögrum orðum á sínni tíð, þegar rætt var um jafnvægi í byggð landsins, hvernig Norðmenn hefðu farið að í þessu efni og hvaða ráðstafanir þeir og þeirra sérfræðingar hefðu í málinu gert. Ég varð ekki var við þá, að hv. 3. þm. Norðurl. e. væri neitt tortrygginn á það starf, sem þar væri unnið, heldur hafi talið það mjög til fyrirmyndar, og mér er alveg sama, þó að hv. 5. þm. Vestf. vilji gera grín að þessum ráðstöfunum. Ég tel það fyrir neðan allar hellur, að hann skuli leyfa sér að líta þannig á málin. Ég tel mjög æskilegt, að það fáist einmitt maður frá þeim stöðum, þar sem hliðstætt mál hefur verið rætt og rakið og tekið upp til meðferðar með góðum árangri, að hann verði fenginn hingað til þess að líta á þau vandamál, sem fyrir eru, og gefa góð ráð. Annars var það ekki mín till., að þetta væri gert, ég skal játa það, það var Framkvæmdabankinn eða Efnahagsstofnunin, sem hefur gert þessar ráðstafanir, og kannske ekki mitt verk að bera í bætifláka fyrir það, ef það er eitthvað varhugavert. En mér finnst eðlilegt og sanngjarnt, að þetta væri gert.

Það var líka sagt hér áðan, að þetta væri meira vandamál en svo, að það þurfi að gera því skóna, að það verði leyst á nokkrum vikum eða jafnvel mánuðum. Það þarf mikla og rækilega gagnasöfnun, það þarf undirbúning að þeim till., sem gerðar kunna að verða, og það er enginn vafi á því, að það var mjög erfitt, að ég ekki segi ómögulegt, að ljúka framkvæmd þessa verks fyrir s. l. áramót. Ég held þess vegna, að það skynsamlegasta í málinu sé, að fengnir verði til þeir menn, sem hafa reynslu og þekkingu og hafa séð málin þróast í sínu heimalandi í rétta átt, til þess að koma hingað og líta á málin og bera saman við þeirra vandamál og þeirra úrlausnir og sjá, hvort það getur nokkuð hjálpað. Það, sem gert hefur verið hingað til hér í þessum málum, er sjálfsagt planlítið. Það, sem hefur verið gert til aðstoðar, bæði í þessum landsfjórðungi og öðrum, er það, að veitt hefur verið til ýmiss konar atvinnufyrirtækja úr atvinnubótasjóði nokkurt fé, og ég tel og það hefur verið fullyrt við mig af þeim, sem til þekkja, að þetta hafi borið nokkurn árangur, en sjálfsagt ekki þann árangur, að með því sé málið endanlega leyst. Þess vegna held ég, að það sé vissulega þess virði, að það sé offrað kannske hálfu öðru ári í staðinn fyrir hálft ár til þess að reyna að komast að einhverjum endanlegum og nytsömum till., frekar en flaustra því af á nokkrum vikum og standa svo kannske í sömu sporunum á eftir, eins og maður stóð áður. Það er hægt að segja þessa hluti, en ég held, að til þess að fá vænlegan árangur sé miklu betra að undirbyggja málið með sérfræðingum í samráði við staðarins yfirvöld, eins og mér virðist að Efnahagsstofnunin eða Framkvæmdabankinn hafi gert. Það er hægt að fara til Noregs og hefði mátt flýta málinu þannig, var sagt hér áðan. En ég held, að það sé ekki leiðin, heldur sé leiðin að fá sérfræðing, sem þekkir málin í Noregi og getur borið sína reynslu saman við vandamálin hér, þess vegna þurfi sérfræðingurinn að koma hingað, en við ekki til hans.

Eins og ég sagði í upphafi, ætla ég mér ekki og tel ekki rétt í þessum fyrirspurnatíma að ræða þetta vandamál í heild sinni, en vildi aðeins segja þessi orð um framkvæmd málsins.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Því miður varð ég að vera fjarverandi í upphafi fundarins og fylgdist ekki með þessum umr., en ég kvaddi mér hljóðs vegna þess, að rétt í því, að ég kom hér inn í salinn, var hv. 3. þm. Reykv. (EOl) rétt einu sinni að gefa yfirlýsingu um, að Alþb. og Alþfl. hefðu báðir sameiginlega í

vinstri stjórninni viljað koma upp áætlunarráði, sem hefði átt að stjórna Seðlabankanum, en Framsfl. hefði komið í veg fyrir þetta. Þetta er hrein þjóðsaga og úr lausu lofti gripið, og ég vil ekki láta þetta standa ómótmælt. Ég hef mótmælt þessu áður af hendi hv. þm.

En fyrst ég er kominn, vil ég bæta því við, að Framsfl. hefur ævinlega verið mjög hlynntur áætlunargerð, eins og þráfaldlega hefur komið fram í till. hans og framkvæmdum. Enn fremur vil ég taka undir þær raddir, sem hér hafa komið fram um að hraða sem mest þeirri athugun, sem á að fara fram, og mér fyndist eðlilegast að skipa sérstaka, innlenda aðila til þess að framkvæma þetta verk.

Það er sagt hér, að þetta mál hafi verið sent Framkvæmdabankanum, og ég dreg ekki í efa, að það sé rétt. Ég á sæti í stjórn þess banka, og mig rekur ekki minni til, að þetta mál hafi nokkurn tíma verið lagt fyrir bankaráð þess banka, og mér hefur ekki verið kunnugt um meðferð þess af hálfu þeirrar stofnunar, þó að ég eigi sæti í bankaráðinu. Og ég held, að mér sé óhætt að segja það alveg hiklaust, að hefði þetta mál komið fyrir stjórn þeirrar stofnunar, hefði ég ekki lagt til eða fylgt því, að það væri afgreitt í þeirri stofnun með því einu að senda það til Efnahagsstofnunarinnar, heldur hefði ég viljað hafa á því annan hátt.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Út af ummælum, sem hv. 6. þm. Norðurl. e. (MJ) lét falla hér áðan, vil ég láta það í ljós sem mína skoðun, svo að ekki orki tvímælis, að ég tel, að vinna beri gegn því og reyna að koma í veg fyrir það, eftir því sem unnt er, að lífvænleg byggðarlög fari í eyði, hvar sem er á landinu, það eigi að koma í veg fyrir það, ef unnt er. Hitt er svo annað mál, þó að ekki verði við því spornað, að einstök býli, sem eru illa sett að því er samgöngur varðar og að öðru leyti, fari í eyði, en þarna verður að gera mun á byggðarlögum og einstökum býlum. Lífvænleg byggðarlög eiga ekki að fara í eyði á þessu landi, ef unnt er að koma í veg fyrir það.

Ég skal nú ekki ræða mikið um þá till., sem er tilefni fsp. hér í dag, en ég get tekið undir það, sem hér kom fram áðan í umr., að út af fyrir sig er framkvæmd þessarar till. og áætlun, sem gerð er á nokkrum mánuðum, engin fullnaðarlausn í máli eins og þessu, en hún er bráðabirgðaaðgerð í málinu, sem Alþ. ætlaðist til í fyrra að framkvæmt yrði tafarlaust á skömmum tíma. Hitt er svo annað mál, að hér er um miklu stærra viðfangsefni að ræða, viðfangsefni á landsvísu, viðfangsefni á miklu breiðara grundvelli, því að þótt fólksfækkunin sé aðallega á Vestfjörðum, er hún miklu víðar. Við framsóknarmenn höfum flutt á þessu þingi í hv. Nd. frv. um ráðstafanir til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Þar er gert ráð fyrir því, að tilgangur l. sé að stuðla að jafnvægi í byggð landsins með rannsóknarstörfum, áætlanagerð og fjárhagslegum stuðningi til framkvæmda og eflingar atvinnulífi í þeim landshlutum, þar sem bein eða hlutfallsleg fólksfækkun hefur átt sér stað undanfarið eða er talin yfirvofandi. Ég hef hér yfir orðalag 1. gr. frv., með leyfi hæstv. forseta.

Það er gert ráð fyrir því að koma upp í þessu skyni fastri stofnun og að sú stofnun fái fastan tekjustofn, sem er tiltekinn í frv., tiltekinn hluti af ríkistekjunum. Og ég lít svo á og við aðrir, sem að þessu frv. stöndum, að í þessu máli gagni ekki annað en það sé sett upp föst stofnun og stöðug starfsemi á þessu sviði, stofnun, sem fylgist með þróuninni og geri þær till. og þær ráðstafanir, sem þróunin bendir til að þurfi að gera. Hitt er svo annað mál, að ég endurtek það, sem ég sagði áðan, að það er ekki nema gott um það að segja, að haft sé samráð við Norðmenn um slíka hluti, því að þeir hafa hafið myndarlegt framtak í sínum jafnvægismálum þegar fyrir áratug. En ég álít ekki, að við eigum að gera það á þann hátt að bíða í 1—2 ár eftir því, að þeir geti sent mann hingað, heldur eigum við að fara til þeirra og kynna okkur staðhættina hjá þeim og hvernig þeir hafa leyst sín mál. Þetta eru líka miklu betri vinnubrögð en að útlendingur sé fenginn til að koma hingað ókunnugur í þetta land til að gera till. hér. En það er vissulega ástæða til þess að kynna sér það, sem Norðmenn hafa gert í þessum málum. En þetta frv., sem við framsóknarmenn fluttum í hv. Nd. í byrjun þessa þings og var vísað til n. í októbermánuði, hefur enn ekki verið afgr. úr nefnd. Það er kannske sama værðin, sem því veldur, eins og sú værð, sem virðist hafa sýnt sig í framkvæmd þál., sem hér hefur verið vikið að.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Hv. 6. þm. Norðurl. e. (MJ) sagði hér áðan, — og hann mun vera formaður stjórnar atvinnubótasjóðs, — að enn þá hafi ekki verið haft samráð við stjórn atvinnubótasjóðs um rannsókn þessa máls. Þar kemur að nokkurri vanrækslu frá annaðhvort félmrn. eða Framkvæmdabanka Íslands, en það voru aðilarnir, sem áttu að framkvæma þessa rannsókn, og hafði þá tillögumönnum sýnilega ekki dottið í hug Parísarmaðurinn, því að þeir héldu sig við innlenda aðila. Hér kemur svo hv. 1. þm. Austf. (EystJ) og segir, að hann hafi ekki orðið var við þetta mál í stjórn Framkvæmdabankans. Þá fer nú að verða nokkuð opinbert, hversu föstum tökum málið hefur verið tekið hér innanlands. Það hefur náttúrlega verið hnykkt enn þá betur á suður í París. En m. ö. o., það hefur ekki frétzt af málinu hjá stjórnendum Framkvæmdabankans og ekki heldur hjá formanni atvinnubótasjóðs.

Hæstv. ráðh. talaði hér, eftir að Magnús Jónsson hafði lokið máli sínu, og gerði enga aths. við þessar upplýsingar. Ég spurði um það, hvenær bæjarstjórn Ísafjarðar hefði verið skrifað og sýslunefndunum á Vestfjörðum, og dagsetningin á því fæst ekki upplýst, en fullyrt af frsm., að málið hafi aðeins borizt til þeirra mjög seint. Þetta upplýsir það, að það hefur verið af litilli alvöru og mikilli linkind og hæglæti unnið að málinu, og skal ég þá þar með ekki sýkna félmrh., þó að ég gerði það að mestu í fyrri ræðu, áður en upplýsingarnar komu fram.

Það er fjarri því, að ég harmi afdalakotin, sem Magnús Jónsson minntist á. Þau mega leggjast í eyði, ef þau veita ekki góð lífskjör því fólki, sem þar býr. Það eru ekki þau, sem ég er

að harma. Það er, þegar blómlegar byggðir með góð lífsskilyrði leggjast í auðn, það ber að harma. Og það eiga ekki alþm., sízt af öllu alþm. kjördæmisins, að horfa á aðgerðalausir ár eftir ár og áratug eftir áratug. Það er of mikið sinnuleysi. Það var hér á Alþ. í fyrra till. um það að sporna við eyðingu byggðar í Snæfjallahreppi. Eyðingin er komin gegnum Sléttuhrepp, Grunnavíkurhrepp og í miðjan Snæfjallahrepp, og þar er Æðey, stórbýlið Unaðsdalur og stórbýlið Bæir til landvarnar, ef fólkið fær þar hjálp. En hún fékkst ekki, Alþingi svaf. Þarna er ungt, glæsilegt, atorkumikið fólk, sem vill veita viðnám, og ef viðnámið verður ekki veitt þarna í Norður-Ísafjarðarsýslu, verður það ekki veitt annars staðar.

Hvað er það, sem þarf að gera, og hverja þarf að spyrja? Það þarf að létta lífsbaráttu fólksins, sem þarna býr, og það liggur ekki nær að spyrja mann suður í París eða neina vísindastofnun þar, hvað eigi að gera, heldur en fólkið, sem hefur lífsreynsluna af þeirri lífsbaráttu, sem þarna hefur verið háð. Við fáum viturlegri svör frá fólkinu, sem hefur lifað við þessi kjör, sem þarf að bæta, heldur en spyrja sprenglærðan Parísarbúa um það. Það er mín afstaða a. m. k. Vita ekki Norðmenn vel um þetta? Jú, þeir hafa lífsreynslu líka og við af byggðum Norður-Noregs, sem voru að eyðast, en þá svaf Stórþingið ekki. Og við þurfum ekki að fara til Noregs og við þurfum ekki að biðja um Norðmann hingað, við vitum um Norður-Noregsplanið, við höfum það fyrir okkur á bókum og við höfum kynnt okkur það, og við eigum sjálfir, sem þekkjum aðstæðurnar hér, að geta bezt dæmt um það, hvað þar eigi við af aðgerðunum, sem Norðmenn beittu. Norðmenn vita það síður en við, hvað hér eigi við. Við vitum ósköp vel, að það þarf að jafna aðstöðu fólksins í þessum byggðarlögum við aðra landsmenn, veita þeim jafnréttisaðstöðu í atvinnumálum. Það á að byggja hafnir á Vestfjörðum. Það þarf að opna vegasambönd. Heil byggðarlög hafa verið einangruð fram á þetta ár og eru það enn. Það þarf að opna sambandið milli Ísafjarðarkaupstaðar og sveitanna vestur á bóginn, það þarf að opna vegasambandið norður á bóginn, inn um Djúp frá Ísafirði við sveitirnar þar. Þetta vitum við. Það þarf að sjá fyrir góðum flugsamgöngum, og það þarf umfram allt að tryggja öruggar sjósamgöngur við Vestfirði. Það þarf að veita Vestfirðingum jafnréttisaðstöðu í menningarmálum og heilbrigðismálum, veita þeim öryggi og aðstöðu til að lifa í sínum landshluta, sem er eins gjöfull og hver annar landshluti, og þm. Vestf. mega sízt af öllu lúta flokksræðinu um það að svíkja hin vestfirzku mál, þegar þau liggja hér fyrir Alþingi.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég veit ekki, hvort það þýðir nokkuð að reyna að rifja upp og bæta minnið hjá hv. 1. þm. Austf., formanni Framsfl., en það er rétt, að ég geri þó tilraun til þess.

Í samningunum um vinstri stjórn var samið um það að koma hér upp heildarstjórn á þjóðarbúskapnum, eins konar áætlunarráði. Í sambandi við það, þegar stjórnarflokkarnir ákváðu að leysa bankamálin, var sett nefnd af hálfu stjórnarflokkanna í þetta. Í þeirri nefnd var af hálfu Framsfl. Skúli Guðmundsson, af hálfu Alþfl. Friðjón Skarphéðinsson, af hálfu Alþb. ég. Og þessi nefnd vann að þessum málum, og við Friðjón Skarphéðinsson komum okkur saman um till., þar sem lagt var til, að stofnað yrði áætlunarráð, sem yrði um leið yfirstjórn Seðlabankans, og við stóðum saman um þessa till., og það var lengi þrefað um þetta og við höfðum okkar þingflokka á bak við okkur í því. En Skúli Guðmundsson sem fulltrúi Framsfl. og vafalaust með þingflokkinn að baki þverneitaði að fallast á þetta, og þess vegna sprakk þessi nefnd og skilaði áliti í tveimur hlutum. Og þessar till., sem ég hafði að miklu leyti útbúið og við Friðjón urðum sammála um, voru sendar til ríkisstj., og ég hef þær enn þá og get birt þær, ef á þarf að halda. En það var ekkert með það gert, og síðan, eftir diktati annars staðar frá, voru þau mál leyst og það tvímælalaust á mjög óheppilegan hátt, þó að maður hafi yfirleitt staðið með því. Það er þess vegna ekki vert fyrir Framsfl. og sízt forustu hans, sem ber ábyrgð á þessu, að rifja þessa hluti upp. Framsfl. sveikst um allan tímann í vinstri stjórninni að framkvæma það, sem hann hafði lofað viðvíkjandi einmitt heildarstjórn á þjóðarbúskapnum, og það var eitt af því, sem olli óförum vinstri stjórnarinnar, þó að hins vegar okkar menn í ríkisstj. gerðu það, sem þeir gátu, til þess að koma upp nógu miklu af atvinnutækjum og sérstaklega skipum til þess að bæta úr og afnema atvinnuleysi úti um allt land. En áætlun fengum við aldrei að gera í þessum efnum. Og Landsbankanum var stjórnað af einræðisstjórn af hálfu Framsóknar þá, þannig að það er ekki vert fyrir hv. formann Framsfl. að fara að rifja þá hluti upp. Við getum kannske fengið dálítið betra tækifæri til þess öðruvísi en í fyrirspurnatíma hér.

Ég sé, að Framsfl. hefur núna samþ. heilmikla ályktun um heildaráætlun, nýafstaðinn miðstjórnarfundur, og var birt núna í Tímanum. Það er alveg hreint eftir allri kokkabók Framsfl. Það er fjandskapazt við þessi góðu mál og nauðsynlegu, meðan Framsókn er í ríkisstj., og þau eru drepin með ofriki. En um leið og Framsókn er komin í stjórnarandstöðu, þykist Framsókn standa algerlega með þessum málum. Þetta er hræsni.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég vil aðeins segja út af þessum orðum hv. þm., að mér er ekki kunnugt um, hvað gerðist í þeirri nefnd, sem hv. þm. ræðir um. Hitt veit ég, að það skarst ekki í odda um þessi efni í ríkisstj. á þann hátt, sem hann vill vera láta eða láta skilja á sér. (Gripið fram í.) Það er mér kunnara um en hv. þm. og veit betur um það en hann. Í ríkisstj. eru þessi mál afgerð, og það, sem máli skiptir í þessu, er það, hverju haldið er fram þar og hvað ákveðið er þar. Það er þess vegna rangt, sem hann sagði um þetta, að það hefði strandað á okkur í ríkisstj., að það yrði sett upp áætlunarráð. Það er það, sem máli skiptir í þessu sambandi.

Hvað því viðvíkur, að Framsfl. hafi verið tregur til þess að fallast á, að áætlanir væru

gerðar um þjóðarbúskapinn, þá er það algerlega úr lausu lofti gripið hjá hv. þm., bæði nú og áður, þegar hann hefur haldið þessu fram. Framsfl. stóð að skipulagsnefnd atvinnuveganna á sínum tíma, svokallaðri Rauðku. Framsfl. stóð að fjárhagsráði. Framsfl. stóð að því að gera ráð fyrir því í sambandi við lögin um Framkvæmdabankann, að unnið yrði að þjóðhagsáætlunum, og til þess rétt að gefa hv. þm. sýnishorn af því, hvernig um þessi mál hefur verið hugsað og hvernig að þeim hefur verið starfað í Framsfl., ætla ég að lesa hér upp, með leyfi hæstv. forseta, örstuttan kafla úr fjárlagaræðu, sem ég flutti 1956, einmitt á dögum vinstri stj., um þetta efni, en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Eitt af því, sem mundi geta glætt skilning á þessum efnum og bætt vinnuskilyrði þeirra á Alþingi og utan þings, sem að þessu vilja keppa, sem sagt heildarstjórn á þessum málum og yfirliti, væri þjóðhagsáætlun, sem fylgdi fjárlagafrv. hverju sinni, eins konar fjárlög fyrir þjóðarbúskapinn í heild, þar sem reynt væri að gera grein fyrir tekjum og gjöldum þjóðarbúsins ásamt fyrirhuguðum framkvæmdum, svo að nokkur atriði séu nefnd."

Þetta er það sjónarmið, sem ég túlka í þessari fjárlagaræðu. Síðan ræði ég um, hvað Framkvæmdabankahagdeildinni hafi verið ætlað að gera í þessu sambandi, og segi, með leyfi hæstv. forseta:

„Samkv. lögum Framkvæmdabankans er í þeirri stofnun dregið saman mikið efni í slíka þjóðhagsáætlun, og ég vona, að þess verði ekki langt að bíða úr þessu, að þjóðhagsáætlun geti fylgt sjálfu fjárlagafrv."

Þannig var nú hugsað um þessi mál og að þeim unnið, og var vel á veg komið að undirbúa þessi efni.

16. Lóðamál sjómannaskólans.

Á 52. fundi í Sþ., 11. marz, var útbýtt:

Fsp. til menntmrh. um lóðamál Sjómannaskólans [187. mál, 1] (A. 365).

Á 53. fundi í Sþ., 12. marz., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 36 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Sþ., 18. marz, var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Gils Guðmundsson): Herra forseti. Árið 1941 var hafizt handa um undirbúning að byggingu nýs sjómannaskóla hér í Reykjavík. Þar skyldi verða húsakostur nægur fyrir helztu menntastofnanir sjómannastéttarinnar, svo sem stýrimannaskóla og vélstjóraskóla. Á skömmum tíma var á fögrum stað í bænum reist veglegt hús, enda þótti ekki annað sæma en hafa hér á nokkurn myndarbrag, þegar loks var hafizt handa um að reisa menningarsetur íslenzkra sjómanna. Var í umr. um mál þetta, bæði á hv. Alþingi, af hálfu ríkisvalds og dagblaða, lögð á það áherzla, að þjóðin ætti sjómannastéttinni svo mikið að þakka og afkoma þjóðarbúsins væri svo háð dugnaði hennar, kunnáttu og atgervi, að sjálfsagt væri að veita sjómannaefnum sem bezt menntunarskilyrði. Reykjavíkurborg vildi fyrir sitt leyti heiðra sjómannastéttina og stuðla að því, að menntasetur hennar kæmist upp, með því að gefa undir skólann stóra lóð á ágætum stað. Um þetta segir svo í skýrslu þeirri um byggingu skólans, sem lögð var í hornstein skólahússins, þegar vígsluathöfn þess fór fram vorið 1944:

„Bæjarstjórn Reykjavíkur hefur gefið lóð undir húsið og aðrar byggingar, sem reistar kunna að verða í sambandi við skólann, en endanleg takmörk lóðarinnar hafa ekki enn verið ákveðin."

Í ræðu Friðriks V. Ólafssonar, þáv. skólastjóra stýrimannaskólans, um byggingamál skólans, fluttri við sama tækifæri, segir á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Byggingarnefndin skoðaði nokkra staði í bænum og nágrenni hans, sem til greina gátu komið, og varð sammála um að mæla með þeim stað, sem skólinn hefur nú verið reistur á. Skýrði hún rn. frá því með bréfi, dags. 23. júlí 1941, og lagði jafnframt til, að skólinn fengi til umráða nægilega stóra lóð, til þess að hægt yrði að koma þar fyrir þeim byggingum, sem æskilegt þætti að reisa í sambandi við skólana, svo sem leikfimishúsi og vélahúsi, kennarabústöðum og sjóminjasafni. Jafnframt vakti fyrir n. að tryggja það, að þessar byggingar fengju notið sín þannig, að ekki verði aðrar byggingar reistar nálægt þessum, svo að byrgi fyrir frjálsa útsýn. Rn. sneri sér til bæjarstjórnar Reykjavíkur með tilmælum um, að bærinn legði skólanum til umrædda lóð endurgjaldslaust. Eftir að hafa fengið álit skipulagsnefndar, sem mælti með því, að skólinn yrði reistur á þessum stað, samþykkti bæjarstjórn á fundi sínum 2. okt. samkv. till. bæjarráðs að gefa skólanum lóðina, þótt endanleg takmörk hennar verði ekki ákveðin fyrr en síðar. Jafnframt lofaði bæjarstjórn að ráðstafa ekki svæðinu þannig, að hætta verði á, að þær byggingar, sem reistar verða í sambandi við skólann, fái ekki notið sín."

Þetta voru ummæli skólastjóra stýrimannaskólans. Nú, 20 árum síðar, situr allt við hið sama að því leyti, að lóð sjómannaskólans hefur ekki verið, að því er ég bezt veit, endanlega ákvörðuð eða formlega afhent. Hins vegar hafa þegar verið teknir undir byggingar nær 6000 fermetrar af því svæði, sem forráðamenn skólans töldu æskilegt að hann hefði til umráða og munu hafa fengið fyrirheit eða a. m. k. ádrátt um að honum væri ætlað. Á lóðinni er nú risin allstór kirkja. Þar mun í ráði að reisa tækniskóla og eitt eða jafnvel tvö hús sóknarpresta Háteigssóknar. Mikið hefur verið byggt umhverfis skólann, og enn er sótt fast á að reisa byggingar á skólasvæðinu. Og lóðin sjálf hið næsta skólanum er að mestu leyti með sömu ummerkjum og hún var í upphafi. Fyrir utan lagningu nauðsynlegra akbrauta hefur svo til ekkert verið gert til þess að fegra hana eða prýða á nokkurn hátt.

Þetta lóðamál skólans er fyrir löngu orðið eiganda hans, íslenzka ríkinu, til mikils vansa. Skólahúsið nýtur sín engan veginn eins nú og það gerði í upphafi, meðan verulega rúmt var um það. Og fáist ekki tafarlaust útmælt sjómannaskólanum til handa svo stórt landssvæði sem nú verður framast viðkomið, ber ég hinn mesta kvíðboga fyrir því, að hrúgað verði á hæðina, sem hann stendur á, svo miklu af byggingum, að engin þeirra njóti sín, að þar gerist svipuð saga og á Skólavörðuholti, þar sem stórbyggingar hafa risið og eru að rísa að því er virðist skipulagslaust í einum þéttum hnapp og æpa svo að segja hver á aðra. Í von um, að enn megi takast að forða sjómannaskólanum og hæðinni, sem hann stendur á, að verða skipulagsleysinu og stílleysinu að algerri bráð, er fsp. mín fram borin.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Við sjómannaskólann starfar húsbygginganefnd og hefur gert frá upphafi byggingarframkvæmda þar, og er formaður hennar nú Jónas Sigurðsson, skólastjóri stýrimannaskólans. Þar sem allar byggingarframkvæmdir og framkvæmdir varðandi bygginguna, þar á meðal lóðaframkvæmdir, eru í höndum þessarar húsbygginganefndar, beindi ég þessum fsp. til hennar og óskaði eftir því, að nefndin léti rn. í té skoðun sína eða svör við þessum spurningum hv. fyrirspyrjanda. Og n. hefur í bréfi til rn. látið í té þetta svar, sem ég skal leyfa mér að lesa, með leyfi hæstv. forseta. Varðandi fyrri spurninguna segir húsbygginganefnd:

„Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir af hálfu n., frá því að sjómannaskólinn tók til starfa, hafa lóðarmörk byggingarinnar ekki fengizt ákveðin enn sem komið er. Hins vegar leyfir n. sér að vona eftir síðustu viðræður, sem skólastjórar stýrimannaskólans og vélskólans hafa átt við borgarverkfræðing um þetta mál, að það muni verða leyst, áður en langt um líður."

Um aðra spurninguna segir húsbygginganefndin:

„Nefndin telur ekki koma til greina að skipuleggja lóð sjómannaskólans, fyrr en endanlegur úrskurður er fenginn um lóðatakmörk byggingarinnar. Strax að honum fengnum hefur hún hugsað sér að gera ráðstafanir til, að lóðin verði skipulögð, og láta hefja vinnu við að ganga frá henni, eftir því sem fjárveiting leyfir, en til þessa hefur fjárveiting til frekari framkvæmda ekki verið fyrir hendi."

Með þessu leyfi ég mér að vona, að fsp. sé fullsvarað.

Fyrirspyrjandi (Gils Guðmundsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svar hans. Það var að vísu stutt og í því var ekki að fá miklar upplýsingar fram yfir það, sem ég raunar vissi, þegar ég lagði spurninguna fram. Hæstv. ráðh. hefur snúið sér til byggingarnefndar skólans, sem enn er starfandi. Mig langar til þess að beina þeirri fsp. til hæstv. ráðh. nú til viðbótar í tilefni af þessu, hvort það muni vera rétt, sem mér er tjáð, að í rauninni sé þarna ekki um að ræða lengur annað en hluta af byggingarnefndinni, sem upphaflega var ákveðið að vera skyldi 7 manna nefnd. Það munu þrír a. m. k. vera látnir af þeim mönnum, sem upphaflega sátu í byggingarnefnd skólans, og ég veit ekki til þess, að aðrir hafi verið skipaðir í þeirra stað, þannig að það munu ekki vera starfandi nema 4 af þeim 7 mönnum, sem ætlað er að vera í þessari nefnd.

Samkv. því, sem upplýstist í svari hæstv. ráðh., er það rétt, sem ég hélt fram, að lóðamörk þessarar byggingar hafa enn ekki fengizt endanlega ákveðin, enda þótt 22 ár séu liðin síðan fyrirheit var gefið um lóð undir skólann, og það er staðreynd, að það er mjög fast sótt á um það af ýmsum aðilum að fá skákir af þessu svæði til byggingarframkvæmda. Ég hefði talið mjög æskilegt, að það hefði komið fram í svari hæstv. menntmrh., hvort hann vildi nú ekki sem æðsti yfirmaður skólans beita áhrifum sínum í því skyni að fá því kippt í lag, sem þarna virðist vera full þörf á að fá umbætur á: í fyrsta lagi, að staðið verði við það fyrirheit að úthluta skólanum nægilega stórri lóð, og í öðru lagi, að þegar sú lóð hefur verið afhent, verði veitt nægileg fjárveiting til þess að gera hana sómasamlega úr garði, þannig að hún væri ekki öllu lengur til vansa þeim aðilum, sem þar ættu fyrst og fremst um að fjalla, eigendum skólans.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég er hv. fyrirspyrjanda alveg sammála um, að það er ekki viðunandi, að svo langur tími skuli hafa liðið sem raun ber vitni, án þess að mörk sjómannaskólalóðarinnar hafi verið endanlega ákveðin. Ég skal með ánægju lýsa yfir því, að ég mun beita mér fyrir, að máli þessu verði komið endanlega í höfn, og síðan í samræmi við vilja húsbygginganefndarinnar, þegar lóðamörkin hafa verið ákveðin, að fé verði veitt til þess að ganga endanlega frá skipulagi og skreytingu lóðarinnar.

17. Fjarskiptastöðvar í íslenzkum skipum.

Á 52. fundi í Sþ., 11. marz, var útbýtt:

Fsp. til samgmrh. um endurskoðun laga og reglugerðar um fjarskiptastöðvar í íslenzkum skipum [187. mál, 2] (A. 365).

Á 53. fundi í Sþ., 12. marz, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 36 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Sþ., 18. marz, var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Snemma árs 1960 var samþykkt hér í sameinuðu Alþingi þáltill., sem ég flutti, þess efnis, að Alþingi ákvæði að endurskoða lög og reglur um fjarskiptastöðvar í íslenzkum skipum. Í framsöguræðu minni fyrir þessu máli rakti ég nokkuð sögu þessara mála. Ég benti á ákveðið dæmi, um ákveðinn atburð, sem nýlega hafði

átt sér stað, er mjög studdi þessa ósk, og einnig benti ég á þær framfarir, sem orðið hefðu á tæknisviðinu í þessum málum, og taldi, að það gæti ekki verið vansalaust fyrir Alþingi að láta þetta mál afskiptalaust öllu lengur. Í lok ræðu minnar sagði ég frá því, að þótt þessi endurskoðun laga og reglugerða um þetta ákveðna atriði fjarskiptalaganna væri tímabær, svo tímabær, að skjótra aðgerða væri þörf, og einnig það, að ég hefði í þessu máli bundið mig við þá hlið, sem vissi að öryggi sjómanna, þá benti ég einnig á, að heildarendurskoðunar fjarskiptalaganna væri mikil þörf, og benti á því til stuðnings fullyrðingar ýmissa fagmanna um, að þessi lög mundu beinlínis vinna gegn tæknilegum framförum á þessu sviði hér á landi. Hv. alþm. munu hafa veitt athygli nú upp á síðkastið, að um þetta hafa spunnizt nokkrar umr. Nú langar mig að vita með þessari fsp., sem ég hef lagt fram við hæstv. samgmrh., hvað líði framkvæmd þessarar þál. frá 9. marz 1960, um endurskoðun laga og reglugerða um fjarskiptastöðvar í íslenzkum skipum.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það er eðlilegt, að spurt sé um, hvað hefur gerzt í sambandi við þá till., sem samþ. var í hv. Alþingi 9. marz 1960. Hér er um öryggismál að ræða og eðlilegt, að að því hefði verið unnið. En till. þessi var send til skipaskoðunarstjóra og fyrir hann lagt að gera till. um þetta mál. Og hann hefur notið aðstoðar eftirlitsmanns landssímans. Hefur skipaskoðunarstjóri lokið samningu uppkasts að nýjum reglum fyrir fjarskiptatæki fyrir skip, sem koma eiga í stað gildandi ákvæða um þessi efni. Póst- og símamálastjóri hefur fjallað um uppkast þetta og ekkert haft við það efnislega að athuga. Uppkastið barst rn. í lok fyrra mánaðar og hefur nú verið sent til umsagnar L. Í. Ú., A. S. Í. og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands. Er þess vænzt, að unnt verði að gera út um umræddar reglur mjög fljótlega. Það skal tekið fram, að það hefur verið sent til þessara samtaka til þess að gefa þeim tækifæri til að koma á framfæri aths., ef þau óska, í sambandi við þetta mál, því að allir eru vitanlega sammála um það að reyna að gera þetta þannig úr garði, að það geti skapað fyllsta öryggi fyrir sjómenn.

Fyrirspyrjandi (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans. Þótt ég harmi, hve lengi hefur dregizt að framkvæma þessa þál., þá verð ég hins vegar að fagna því, að þetta skuli þó vera komið á þann rekspöl, sem það virðist vera á nú. Ég vil hins vegar beina því til hæstv. ráðh., að þessar till. verði sendar viðar en fram hefur komið í svari hans. Ég vil leyfa mér að benda á, að nú starfar nefnd skipuð af ráðh. að því að rannsaka og gera till. um, hvernig bezt verði haft daglegt eftirlit með fiskiskipum. Ég á sjálfur sæti í þessari n., og mér er kunnugt um, að þetta mál hefur komið þar á dagskrá, og ég vil mælast til þess, að þessar till. verði sendar til n. til athugunar og ábendingar, ef með þarf. Einnig vil ég benda á það, að í Sþ. á s. l. þingi var kjörin nefnd til þess að rannsaka orsakir sjóslysa. Í þessari n. hefur einnig komið fram þetta atriði, skipti sjómanna og skipa við landsstöðvar, og ég teldi einnig ærna ástæðu til, að þessi n. fengi einnig að segja álit sitt á þessu máli. Þá vil ég leyfa mér jafnframt, að óska eftir því við ráðh., að þeim aðila, sem fer með sérgreinamál sjómanna innan A. S. Í., Sjómannasambandi Íslands, verði einnig sent málið til umsagnar. — Ég þakka ráðh. fyrir greinargóð svör.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég tel sjálfsagt að verða við þeim ábendingum og óskum, sem hv. fyrirspyrjandi hefur borið hér fram, og senda uppkastið að fyrrnefndri reglugerð til umsagnar og ábendingar þessum þremur aðilum, sem hann minntist á.

18. Vörukaupalán í Bandaríkjunum.

Á 52. fundi í Sþ., 11. marz, var útbýtt:
Fsp. til ríkisstj. um vörukaupalán í Bandaríkjunum o. fl. [187. mál, 3] (A. 365).

Á 53. fundi í Sþ., 12. marz, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 36 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Sþ., 18. marz, var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Eins og kunnugt er, hefur það tíðkazt seinustu 7 árin, að hæstv. ríkisstj. hefur hlotið ákveðinn skerf af offramleiðslubirgðum Bandaríkjanna í formi vörukaupalána, sem bera heitið PL-480. Ég hef leyft mér að bera hér fram fsp. í 4 liðum um þessi vörukaupalán, og hljóða spurningarnar þannig:

„1. Hve miklu nema svonefnd PL-480 lán, sem tekin hafa verið í Bandaríkjunum, þ. e. andvirði keyptra vara, sundurliðað frá ári til árs, ásamt ónotuðum kaupheimildum?

2. Hverjum hafa lán þessi verið framlánuð?

3. Hve miklu nema þær greiðslur samanlagt, sem Bandaríkin hafa fengið endurgreiddar í íslenzkum peningum fyrir Marshallfé og PL-480 lán og þau mega ráðstafa að vild sinni hér á landi?

4. Er ríkisstj. kunnugt um, hvernig Bandaríkjastjórn og bandarísk sendiráðið hafa ráðstafað þessu fé hér á landi?"

Eins og sjá má af þessum spurningum, er hér fyrst og fremst um tvö mál að ræða. Annars vegar er spurt um sjálf lánin, upphæð þeirra, bæði sundurliðuð og samanlagt, og hvernig þeim hafi verið ráðstafað. Hins vegar er spurt um þann hluta af mótvirði vörulánanna, sem fallið hefur í hlut Bandaríkjastjórnar hverju sinni og hún hefur heimild til að ráðstafa að sinni vild hér á landi með aðstoð bandarísku sendiráðsins.

Um fyrra atriðið hefur áður verið spurt hér í þinginu, fyrir tæpum 4 árum. Hæstv. fjmrh. veitti þá upplýsingar um andvirði þeirra vara, sem þá höfðu verið keyptar, hve miklu af þessu fé mætti ráðstafa til útlána hér innanlands og

til hvaða framkvæmda því hefði verið varið. Þar sem vörukaupalán munu árlega hafa verið tekin í Bandaríkjunum, er fróðlegt að fá nú nýjar upplýsingar um stöðu þessara mála í dag.

Síðara atriðið, sem fólgið er í 3. og 4. spurningunni, hefur ekki komið beint til umr. í hv. Alþingi, svo að mér sé kunnugt um. Að vísu var það upplýst á sínum tíma, fyrir tæpum 10 árum, að Bandaríkjastjórn fengi að ráðstafa 5—10% af mótvirði Marshallfjárins til eigin þarfa á Íslandi, og vissu menn, að þessi upphæð skipti tugum millj. í íslenzkum peningum. Hins vegar er mér ekki kunnugt um, að komið hafi fram opinberlega, hvaða hliðstæð ákvæði gildi um hin árlegu PL-480 lán. En þó kann að vera, að þetta standi í samningnum, en ég hef ekki séð hann. Með þriðju spurningunni er spurt um, hve há sú fjárhæð sé orðin, sem Bandaríkjamenn hafa fengið greidda aftur í íslenzkum peningum og þau hafa mátt ráðstafa hér á landi að eigin geðþótta, annars vegar fyrir Marshallframlögin og hins vegar fyrir PL-480 lánin. Á sínum tíma var vitað, eins og ég sagði, að upphæðin, sem bandaríska sendiráðið hafði til ráðstöfunar, skipti tugum milljóna, en nú væri fróðlegt að vita, hvort sú upphæð væri farin að telja hundruðin. Loks er spurt, hvort ríkisstj. sé kunnugt um, hvernig bandarísku sendiráðið hafi ráðstafað þessu fé.

Engum heilvita manni mun til hugar koma, að öllu þessu fé hafi verið eytt í skrifstofukostnað sendiráðsins, og þó að hugsanlegt væri, að eitthvað af þessu fé hefði runnið til hernámsframkvæmda, er það ekki verulega líklegt, enda eru slíkar framkvæmdir yfirleitt kostaðar af sérstökum fjárframlögum til Bandaríkjahers. Hins vegar hefur það verið á almannavitorði, að Bandaríkjamenn hafa styrkt með einhverju af þessu fé ýmsa þá starfsemi hér innanlands, sem þeim hefur verið sérstaklega að skapi. Því er spurt, hvort ríkisstj. hafi ekkert eftirlit með því, til hvaða aðila hér innanlands þessar miklu fjárhæðir fara, og sé svarið neitandi, hlýtur hæstv. ráðh. að svara því, hvort hæstv. ríkisstj. finnist ekki bæði óeðlilegt og óheilbrigt, að erlent sendiráð hafi tugi og jafnvel hundruð millj. í íslenzkri mynt umfram venjulegar þarfir til hömlulausrar ráðstöfunar í íslenzku efnahagslífi og íslenzkum stjórnmálum.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Fyrsta spurningin er á þessa leið: „Hve miklu nema svonefnd PL-480 lán, sem tekin hafa verið í Bandaríkjunum, þ. e. andvirði keyptra vara, sundurliðað frá ári til árs, ásamt ónotuðum kaupheimildum."

Síðan 1957 hafa árlega verið gerðir PL-480 vörukaupasamningar milli ríkisstj. Bandaríkjanna og Íslands. Samningar þessir hafa gert ráð fyrir kaupum á bandarískum landbúnaðarvörum, svo sem fóðurvörum, hveiti, tóbaki, ávöxtum o. fl., gegn greiðslu í íslenzkum krónum. Samkv. samningunum hefur andvirði þeirra skipzt í tvo hluta. Annar hlutinn, um 75% andvirðisins, hefur gengið til lánveitinga hér innanlands. Hinn hlutann, um 25% andvirðisins, hefur Bandaríkjastjórn fengið til ráðstöfunar vegna eigin þarfa hér á landi. Heildarupphæð þeirra vörukaupasamninga, sem gerðir hafa verið árlega á tímabilinu 1957—1963, nemur 15 millj. 820 þús. dollurum, sem sundurliðast þannig:

Árið 1957 2 millj. 785 þús. dollarar.
Árið 1958 3 millj. 60 þús. dollarar.
Árið 1959 2 millj. 575 þús. dollarar.
Árið 1960 1 millj. 925 þús. dollarar.
Árið 1961 1 millj. 840 þús. dollarar.
Árið 1962 1 millj. 745 þús. dollarar.
Árið 1963 1 millj. 890 þús. dollarar.
Samtals 15 millj. 820 þús. dollarar.

16. þ. m. námu greiðslur fyrir keyptar vörur samkv. samningum þessum alls 14½ millj. dollara eða í íslenzkum krónum 463.5 millj. á því gengi, sem gilti, er innflytjendur greiddu vörurnar. Mismunurinn á heildarupphæð samninganna og þessum greiðslum er því um 1.3 millj. dollara. Af þeirri upphæð er 1 millj. 75 þús. dollarar ónotaðar eftirstöðvar kaupaheimilda samkv. samningunum frá 1957—1962, og eru þær úr gildi fallnar. En um 225 þús. dollarar eru kaupaheimildir samkv. samningunum frá 1963, en ekki er enn þá vitað um, að hve miklu leyti þær notast.

13. febr. s. l. var gert samkomulag við Bandaríkjastjórn um kaup á landbúnaðarvörum á árinu 1964 fyrir alls 2 millj. 200 þús. dollara, en ekkert af þeim er enn komið til landsins.

Önnur spurningin er á þessa leið: „Hverjum hafa lán þessi verið framlánuð?" Á árunum 1957—1963 var lánum ráðstafað til innlendra framkvæmda að upphæð 347.7 millj. kr., er sundurliðast þannig: Sogsvirkjunin 92.9 millj., iðnlánasjóður 50.5 millj., stofnlánadeild landbúnaðarins 49 millj., ýmsar hafnir 30.5 millj., fiskveiðasjóður 29 millj., raforkusjóður 27.1 millj., Hitaveita Reykjavíkur 25 millj., Keflavíkurvegur 21.9 millj., Rafmagnsveitur ríkisins 15 millj., Rafmagnsveita Reykjavíkur 5.5 millj., ýmsir einkaaðilar 1.3 millj. Samtals 347.7 millj. ísl. kr. Auk þess er óráðstafað 2½ millj. kr. Ef samningurinn frá 1963 nýtist að fullu, þ. e. a. s. allar innkaupaheimildir verða notaðar, en ógerlegt er að segja til um það að svo stöddu, mundu um það bil 6 millj. bætast við til ráðstöfunar. Liðurinn: ýmsir einkaaðilar 1.3 millj., er þannig til kominn, að vörukaupasamningurinn frá 1957 kvað svo á, að jafnvirði 50 þús. dollara skyldi lánað einkaaðilum. Framkvæmdabankinn lánaði það fé til nokkurra fyrirtækja.

Þriðja spurningin hljóðar svo: „Hve miklu nema þær greiðslur samanlagt, sem Bandaríkin hafa fengið endurgreiddar í íslenzkum peningum fyrir Marshallfé og PL-480 lán og þau mega ráðstafa að vild sinni hér á landi?" Af því mótvirðisfé, sem myndaðist við hin óafturkræfu Marshallframlög, voru í fyrstu 5% og síðar 10% andvirðisins lögð inn á sérstakan reikning Bandaríkjastjórnar, er henni var heimilt að ráðstafa hér á landi. Inn á þennan reikning voru alls greiddar 27.5 millj. kr. Af andvirði keyptra vara samkv. PL-480 vörukaupsamningunum hefur Bandaríkjastjórn, eins og áður segir, fengið í sinn hlut tæplega 25% eða alls um 113 millj. kr. PL-480 lán, sem tekin voru árin 1957, 1958 og 1959, endurgreiðast að langmestu leyti í dollurum, en þau, sem tekin voru 1960—1963, endurgreiðast í ísl. krónum. Til þessa hafa afborganir

og vextir af þessum lánum numið alls 17.4 millj. kr.

Fjórða spurningin er svo hljóðandi: „Er ríkisstj. kunnugt um, hvernig Bandaríkjastjórn og bandarískа sendiráðið hafa ráðstafað þessu fé hér á landi?“ Eins og áður er getið, hlaut Bandaríkjastjórn 27.5 millj. af óafturkræfu Marshallfé til eigin ráðstöfunar. Fé þessu varði hún þannig: Til bandarísku flughersins á Keflavíkurflugvelli, 14.9 millj. Til bandarísku sendiráðsins vegna byggingar, launagreiðslna, skrifstofukostnaðar o. fl. 7 millj. kr. Til Efnahagssamvinnustofnunar Bandaríkjanna, — ég vil taka það fram, að þegar Marshallhjálpin var við lýði, var sérstök stofnun á vegum Bandaríkjanna í hverju því landi, sem naut Marshallhjálparinnar, og það er þessi stofnun, sem átt er við, — til Efnahagssamvinnustofnunar Bandaríkjanna vegna launagreiðslna, skrifstofukostnaðar, tæknlaðstoðar, aðstoðar til iðnaðar, landbúnaðar, sjávarútvegs o. fl. 5.6 millj. Samtals 27½ millj. Af fyrrnefndum 113 millj. ísl. króna hefur Bandaríkjastjórn gefið Háskóla Íslands 5 millj. kr. til byggingar raunvísindastofnunar. Að öðru leyti hefur hún ráðstafað hlut sínum til greiðslu á kostnaði vegna bandarísku sendiráðsins hér og varnarliðsins.

Samkv. lánssamningunum er Bandaríkjastjórn heimilt að verja þeim afborgunum og vöxtum af PL-480 lánum, sem greiðast í ísl. krónum, til greiðslu á eigin útgjöldum hér á landi, enda taki hún tillit til efnahagsástandsins í landinu á hverjum tíma við notkun þess fjár. En eins og áður segir, nemur þessi fjárhæð um 17.4 millj. kr.

Fyrirspyrjandi (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir skýr og greinargóð svör. Það var afskaplega fróðlegt að fá þessar upplýsingar um það, hversu hárri upphæð þessi lán nema, og er gott að geta rannsakað það nánar, þegar betri tími gefst. Og einnig var gott að fá upplýsingar um það, í hvað framlögin hafa farið. En langmerkilegast við upplýsingarnar að mínu viti var það, sem fram kom um þær fjárhæðir, sem Bandaríkjastjórn hefur fengið endurgreiddar í íslenzkri mynt og hún hefur heimild til að ráðstafa að vild sinni. Eins og fram kom hjá hæstv. ráðh., námu Marshallframlögin 27.5 millj. Samkv. lauslegum útreikningi mínum mun þetta nema um 74 millj. samkv. núv. gengi. Það kom fram hjá ráðh., í hvað þetta hefði farið. Hann nefndi fyrst og fremst flugherinn, launagreiðslur sendiráðs og byggingarkostnað og annað því um líkt og einnig Efnahagssamvinnustofnun Bandaríkjanna.

Ég vil aðeins geta þess í þessu sambandi, enda þótt ekki sé hægt að fara nánar út í það, að þegar um þetta sama mál var rætt fyrir 9 árum, svaraði hæstv. viðskmrh. fsp. um það, í hvað þetta fé hefði farið, enda þótt hann fengist þá ekki til að nefna neina upphæð. Hann sagði þá orðrétt:

„Hluta af fé þessu hefur verið varið til stuðnings tilrauna og fræðslustarfsemi í þágu íslenzks landbúnaðar og fiskveiða og einnig til styrktar Iðnaðarmálastofnuninni.“

Aðrar upplýsingar fékkst hann ekki til þess að gefa, og mér sýnist í fljótu bragði, að þarna sé nokkur mismunur á svörum hæstv. fyrrv. ráðh. og hæstv. núv. ráðh. Það kom fram í svari ráðh., að Bandaríkjastjórn hefur fengið til eigin ráðstöfunar um 113 millj. Af því kvað ráðh., að 5 millj. hefðu farið til Raunvísindastofnunarinnar, en að öðru leyti hefði þetta fé farið til varnarliðsins og til þarfa bandarísku sendiráðsins. Nú hef ég að sjálfsögðu enga aðstöðu til að vefengja þessar upplýsingar, enda kann vel að vera, að hæstv. ráðh. hafi ekki aðrar upplýsingar í sínum höndum. Hins vegar verður ekki hjá því komizt að geta þess, að það hefur löngum verið á almannavitorði, að þessir peningar hafa viljað fara í fleiri staði en hér voru nefndir. Það hefur verið á almannavitorði, að ýmis pólitísk útgáfustarfsemi hefur verið styrkt, og bandarísku sendiráðið hefur verið í aðstöðu til þess að stunda útlánastarfsemi í íslenzku efnahagslífi. Það hljóta auðvitað allir að sjá, að heilbrigðu efnahags- og stjórnmálalífi er mikil hætta búin, þegar erlendu stórveldi, sem mikilla hagsmuna hefur að gæta hér á Íslandi, hefur verið sköpuð svo einkar auðveld aðstaða til annarlegra fjárhagsáhrifa í þjóðlífi okkar Íslendinga. Að öðru leyti er að sjálfsögðu ekki hægt að ræða þetta mál hér í fsp.-tíma, og vil ég endurtaka, að ég þakka ráðh. fyrir upplýsingarnar.

19. Ljósmæðraskóli Íslands.

Á 54. fundi í Sþ., 18. marz, var útbýtt:

Fsp. til heilbrmrh. um Ljósmæðraskóla Íslands og endurskoðun ljósmæðralaga [192. mál, 1] (A. 387).

Á 55. fundi í Sþ., 19. marz, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 34 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Sþ., 1. apríl, var fsp. tekin til umræðu.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Meðan Kristján Thorlacius deildarstjóri átti hér sæti á hv. Alþingi sem varamaður hv. 5. þm. Reykv., lagði hann fram ásamt mér fsp. í tveimur liðum til hæstv. heilbrmrh. um Ljósmæðraskóla Íslands og endurskoðun ljósmæðralaga. Síðan þessi fsp. var fram lögð, hefur verið lagt hér fram á hv. Alþingi frv. til l. um Ljósmæðraskóla Íslands, svo að sjálfsögðu kemur sú fsp. því ekki til umr. Hinn liður þessarar fsp. er sá, hvað líður endurskoðun ljósmæðralaganna. Er ætlun hæstv. ríkisstj. að flytja frv. til nýrra ljósmæðralaga og þá hvenær? Eins og kunnugt er, eru núgildandi lög um ljósmæður frá 1933 og eru þau orðin í alla staði úrelt, bæði að launakjörum og skipulagi. Afleiðingin af þessu hefur orðið sú, að erfitt er að fá ljósmæður til starfa og mörg sveitarfélög landsins, jafnvel þau stærri, hafa orðið að greiða sérstaklega úr sveitarsjóðum til þess að halda ljósmæðrum í

störfum eða fá þangað aðrar nýjar. Óhjákvæmilegt er því að athuga og endurskoða þessi lög, og hef ég von um, að verið sé að vinna að þeirri endurskoðun, en þessi fsp. er fram borin til þess að vita, hvað því máli líður.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Eins og hv. fyrirspyrjandi tók fram, fjallar fyrri fsp. um breyt. á fyrirkomulagi ljósmæðranámsins, en sama dag og hún var leyfð, eða 19. marz, var lagt fram stjfrv. til laga um Ljósmæðraskóla Íslands, og ég geri ráð fyrir, að það frv. komi á dagskrá Nd. á morgun og því eðlilegt, eins og hv. fyrirspyrjandi sagði, að frekar sé ekki á þessu stigi um það mál fjallað.

Önnur fsp. var um það, hvað liði endurskoðun ljósmæðralaganna og hvort ríkisstj. hygðist flytja frv. til nýrra ljósmæðralaga, og ef svo væri, hvenær. Um það vil ég leyfa mér að segja þetta:

Þann 14. júní s. l. ritaði Ljósmæðrafélag Íslands heilbrmrn. svofellt bréf:

„Ljósmæðrafélag Íslands fer þess á leit við rn., að það vinsamlegast skipi nefnd til þess að taka til endurskoðunar lög um laun ljósmæðra, er starfa í héruðum úti á landi, þar sem þær hafa lengi búið við óviðunandi kjör. Ljósmæðrafélagið óskar eftir að eiga fulltrúa í n."

Með bréfi, dags. 20. júní s. l., sendi rn. fyrrnefnt bréf til umsagnar landlæknis, sem svaraði með bréfi, dags. 17. júlí s. l., þannig:

„Þar sem ákvæði ljósmæðralaganna um laun ljósmæðra utan kaupstaða munu nú vera orðin 15 ára gömul, sbr. lög nr. 23 1948, um breyt. á l. nr. 23 1947, um breyt. á ljósmæðralögum, nr. 17 frá 1933, tel ég ekki óeðlilegt, að slíkrar endurskoðunar sé óskað, og mæli með því, að nefnd verði skipuð í því skyni."

Þar eð rn. taldi, að e. t. v. væri rétt, að fleiri atriði ljósmæðralaga en launaákvæðin ein yrðu tekin til endurskoðunar, var í samráði við landlækni ritað svo hljóðandi bréf til allra sýslumanna, dags. 11. okt. s. l.:

„Hér með skal þess óskað að tilmælum landlæknis, að þér, herra sýslumaður, leitið upplýsinga um eftirfarandi atriði: 1) Hve mörg ljósmæðraumdæmi eru í sýslunni og hve margar ljósmæður? 2) Hver voru laun ljósmæðranna, hverrar einstakrar, s. l. ár? 3) Teljið þér æskilegt eða fært að fækka ljósmæðraumdæmum frá því. sem nú er?"

Svör við bréfi þessu hafa nú borizt rn., og það síðasta barst 7. febr. s. l. Þess skal getið, að fulltrúi Ljósmæðrafélagsins, Freyja Antonsdóttir, hefur fylgzt með undirbúningi þessa máls. Það, sem næst liggur fyrir, er að vinna úr þeim gögnum, sem borizt hafa. Þess er ekki að vænta, svo langt sem liðið er á þing, að frv. til nýrra ljósmæðralaga verði lagt fyrir Alþingi fyrr en næsta haust. En ég vil geta þess, að gerðar hafa verið ráðstafanir til þess að bæta úr launakjörum ljósmæðranna til bráðabirgða, meðan ný löggjöf hefur ekki verið sett.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að færa hæstv. ráðh. þakkir fyrir hans svör. Þau voru greinagóð og fullkomin, og ég treysti því, að þannig verði á þessu máli haldið af hálfu stjórnarvalda landsins, að til frekari vandræða en nú er orðið þurfi ekki að koma, bæði viðvíkjandi launakjörum og eins hinu, að lögin í heild verði endurskoðuð.

20. Lán til fiskvinnslustöðva.

Á 54. fundi í Sþ., 18. marz, var útbýtt:
Fsp. til fjmrh. um lán til fiskvinnslustöðva [192. mál, 2] (A. 387).

Á 55. fundi í Sþ., 19. marz, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skuli.
Fsp. leyfð með 34 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Sþ., 1. apríl, var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Fyrr í vetur bárum við hv. 6. þm. Sunnl., Helgi Bergs og ég, fram fsp. til hæstv. fjmrh. í sambandi við skiptingu á enska láninu. Þegar hæstv. ráðh. svaraði þeirri fsp., kom það fram í svari hans, að nokkur hluti af láninu hefði verið lánaður fiskvinnslustöðvum ásamt öðrum fjármunum og ekki væri hægt að sundurgreina það. Í tilefni af því höfum við leyft okkur að flytja á ný fsp. á þskj. 387, þar sem við spyrjum hæstv. fjmrh. um það, hver hafi fengið þessi lán og með hvaða kjörum, og væntum svars við því.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Það er spurt um, hvaða fiskvinnslustöðvar fengu hluta af þeirri 21 millj. kr., sem ríkið lánaði til fiskvinnslustöðva á árinu 1963, hve mikið fékk hver fiskvinnslustöð, til hverra framkvæmda og með hvaða kjörum?

Til frystihúsa voru lánaðar 16.5 millj. kr., til niðursuðuiðnaðar 2.8 millj., til síldarsöltunarstöðva 1.2 millj. og til saltverkunarstöðva ½ millj., eða samtals 21 millj. kr. Einstakir aðilar fengu lán sem hér segir:

Fyrst til frystihúsa: Bæjarútgerð Reykjavíkur 1.2 millj., Fiskiðjusamlag Húsavíkur 1.2 millj., Frosti h/f, Súðavík, 400 þús., Hraðfrystihús Gerðabátanna 1.3 millj., Hraðfrystihúsið, Innri-Njarðvík, 600 þús., Hraðfrystihús Ólafsvíkur 1 millj., Hraðfrystihús Stokkseyrar 1.5 millj., Ísbjörninn h/f, Reykjavík, 1 millj., Magnús Gamalíelsson, Ólafsfirði, 300 þús., Þorbjörn Áskelsson, dánarbú, Patreksfirði, 1.2 millj., Hraðfrystihús, Þorkötlustöðum, 700 þús., Ísfélag Vestmannaeyja 700 þús., Stefán Guðnason, Reykjavík, 300 þús., Jón Gíslason s/f, Hafnarfirði, 750 þús., Sveinbjörn Árnason, Garði, 300 þús., Eyjaver s/f, Vestmannaeyjum, 300 þús., Hraðfrystihús Grundarfjarðar 500 þús., Hraðfrystihús Sigurðar Ágústssonar, Stykkishólmi, 500 þús., Fiskiðjan h/f, Vestmannaeyjum, 750 þús., Ver h/f, Ytri-Njarðvík, 1 millj., Vinnslustöðin h/f, Vestmannaeyjum, 500 þús., Ólafur

Lárusson, Keflavík, 500 þús. Samtals til frystihúsa 16.5 millj. kr.

Í öðru lagi til niðursuðuiðnaðar: Niðursuðuverksmiðjan Ora, Kjöt & rengi, ½ millj. kr., Egill Stefánsson, Siglufirði, 500 þús., Gunnar Guðjónsson, Ingólfsfirði, 300 þús., Norðurstjarnan h/f, Hafnarfirði, 1.5 millj. Samtals til niðursuðuiðnaðar 2.8 millj. kr.

Í þriðja lagi til síldarsöltunarstöðva: Söltunarstöðin Máni, Neskaupstað, 300 þús., Ströndin h/f, Seyðisfirði, 300 þús., Neptún h/f, Seyðisfirði, 300 þús., Arnþór Jensen, Eskifirði, 300 þús. Samtals til síldarsöltunarstöðva 1.2 millj. kr.

Í fjórða lagi til saltfiskverkunar: Faxafiskur, Hafnarfirði, 500 þús.

Samtals námu því lánin til fiskvinnslustöðva eins og áður er getið, 21 millj. kr. Lánskjörin eru þau, að lánin eru veitt til 10 ára með 7½% vöxtum, endurgreiðsla fer fram tvisvar á ári sem annuitet. Lántaki greiðir við lántöku 1½% af lánsupphæðinni í lántökugjald.

Fyrirspyrjandi (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég leyfi mér að þakka hæstv. fjmrh. fyrir hans greinargóðu svör, sem gefa ekki ástæðu til aths. af minni hálfu.

21. Ríkisábyrgðir.

Á 54. fundi í Sþ., 18. marz, var útbýtt:
Fsp. til fjmrh. um ríkisábyrgðir [192. mál, 3] (A. 387).

Á 55. fundi í Sþ., 19. marz, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 34 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Sþ., 1. apríl, var fsp. tekin til umræðu.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 59. fundi í Sþ., 8. apríl, var fsp. aftur tekin til umræðu.

Helgi Bergs: Herra forseti. Hv. 1. flm. þessarar fsp. hefur nú vikið af þingi um sinn, og það fellur því í minn hlut sem meðflm. að reifa þessa fsp. Ég þarf ekki að gera það með mörgum orðum.

Skýrslur um greiðslur vegna ríkisábyrgða fylgdu ríkisreikningum, áður en ríkisábyrgðasjóður var stofnaður. En þeir komu gjarnan það seint fram, að fyrirspurnir af þessu tagi voru iðulega lagðar fram á vormánuðunum um greiðslur næsta árs á undan, og fyrirspurn af þessu tagi er því ekki nýjung hér á hv. Alþingi. Síðan ríkisábyrgðasjóður var stofnaður, fylgja ekki reikningar hans ríkisreikningnum, og er því sérstakt tilefni til þess nú að gera fsp. af þessu tagi. Jafnvel þó að gera mætti ráð fyrir, að sá háttur yrði á ný tekinn upp, að skýrslur um greiðslur vegna ríkisábyrgða fylgdu ríkisreikningum, er hér um að ræða svo þýðingarmikinn þátt í fjármálum þjóðarinnar, að ekki er að ástæðulausu, þó að þm. óski upplýsinga um það, fyrr en ríkisreikningarnir koma fram. Við höfum því leyft okkur að bera fram þessa fsp., sem er á þskj. 387, 3. tölul., og er svo hljóðandi:

„Hve mikið hefur ríkisábyrgðasjóður greitt vegna ríkisábyrgða á árinu 1963, fyrir hverja og hve mikið fyrir hvern?"

Ég leyfi mér að vænta, að hæstv. fjmrh. sjái sér fært að svara þessari fsp. okkar.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Í sambandi við afgreiðslu ríkisreiknings fyrir árið 1962 skýrði ég frá því, að birt yrði með ríkisreikningi ársins 1963 skýrsla um greiðslur ríkisábyrgðasjóðs fyrir árin 1962 og 1963 vegna ábyrgðarlána. Ríkisreikningurinn fyrir 1963 er að sjálfsögðu ekki fullbúinn enn. Hins vegar hef ég látið gera útdrátt úr reikningum ríkisábyrgðasjóðs fyrir bæði árin 1962 og 1963. Útdrátturinn felur í sér svör við fsp. hv. þm.

Það tæki langan tíma að lesa upp allar þær tölur og nöfn fyrir tvö ár, enda verður viðskiptum hvers aðila við sjóðinn oft ekki lýst á viðhlítandi hátt, nema lesnar séu fleiri tölur en ein fyrir hvort árið. Ég hef því talið heppilegri vinnubrögð að afhenda fjvn. og fyrirspyrjendum eintök af hinum áðurnefnda, sundurliðaða útdrætti, sem er um 13 blaðsíður vélritaðar, og vænti ég þess, að það verði talið fullnægjandi.

Helgi Bergs: Herra forseti. Ég hef fengið í hendur þessa skýrslu frá hæstv. fjmrh., og hef ég að sjálfsögðu ekki, þar sem ég fékk hana í hendur nú á þessari stundu, haft tækifæri til þess að skoða hana, en ég þykist sjá, að hér muni vera svarað þeirri fsp., sem ég lagði fram. Það var ekki ætlun okkar flm. að efna til neinna umr. um þetta mál, og ég sé þess vegna ekki ástæðu til neinna aths. við þetta. Við munum kynna okkur þessi plögg, og ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir þau.

22. Greiðslur vegna ríkisábyrgða.

Á 54. fundi í Sþ., 18. marz, var útbýtt:
Fsp. til fjmrh. um greiðslur vegna ríkisábyrgða á árunum 1962 og 1963 [192. mál, 4] (A. 387).

Á 55. fundi í Sþ., 19. marz, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfði með 34 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Sþ., 1. apríl, var fsp. tekin til umræðu.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 59. fundi í Sþ., 8. apríl, var fsp. aftur tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Gils Guðmundsson): Herra forseti. Fsp. mín á þskj. 387, 4. tölul., fjallar um sama efni og næsta fsp. hér á undan. Hún er einungis viðtækari að því leyti, að hún tekur

til tveggja ára. Spurt er um greiðslur úr ríkisábyrgðasjóði árið 1962 auk ársins 1963.

Eins og fram hefur komið, hefur það um nokkuð langt skeið verið venja, að í ríkisreikningnum hafa birzt ár hvert skýrslur um greiðslur vegna ríkisábyrgðalána. En þetta féll niður frá og með árinu 1962, eftir að ríkisábyrgðasjóður tók til starfa. Hins vegar verður það að teljast mjög óeðlilegt, og þess vegna var það, sem endurskoðunarmenn ríkisreikninga gerðu aths. um þetta efni við ríkisreikninginn árið 1962, og hæstv. fjmrh. svaraði því til, að hann teldi aths. eðlilega og mundu verða gerðar ráðstafanir til þess, að framvegis yrðu slíkar skýrslur birtar með ríkisreikningunum.

Ég hef nú fyrir 1—2 mínútum fengið í hendur þessar skýrslur fyrir árin 1962 og 1963, og það er að sjálfsögðu bæði vegna þess, hve skammt er síðan ég fékk þær í hendur, og svo vegna þess, hve fyrirspurnatími er skammtaður, þá er ekki fært að fara að ræða þessar skýrslur eða draga miklar ályktanir af þeim.

Ástæðurnar til þess, að ég taldi rétt, að Alþingi og þjóðin fengi nánari grg. um þessar greiðslur vegna ábyrgðarlána, eru fyrst og fremst þær, að þessar greiðslur hafa hækkað ískyggilega ört á síðari árum. Árið 1958 námu þær til að mynda 23.2 millj. kr., en eru nú meira en tvöfaldar, að því er mér virðist, og jafnvel töluvert fram yfir það. En hin ástæðan til þess, að eðlilegt er, að Alþingi og þjóðin fylgist nokkuð með þessum málum, er sú, að svo virðist, m. a. af þeim skrám, sem þegar liggja fyrir, allt til og með árinu 1962, að einstaklingar og fyrirtæki, sem ekki hafa séð sér fært að standa við skuldbindingar sínar og ríkissjóður og ríkisábyrgðasjóður verða að greiða fyrir milljónir króna ár eftir ár, þessir sömu aðilar geta á sama tíma, að því er virðist, komizt yfir fjármagn til þess að leggja í nýjar stórframkvæmdir. Þeir geta keypt ný og dýr skip á ábyrgð hins opinbera, reist nýjar síldarverksmiðjur og fiskvinnslustöðvar, jafnvel fyrir tugi millj. kr. Menn spyrja því eðlilega: Hvernig getur þetta skeð og hversu lengi getur það gengið, að aðilar, sem láta milljónaábyrgðir falla á ríkissjóð, geti, eins og ekkert hafi í skorizt, aflað sér fjármuna til tugmilljóna nýrrar fjárfestingar og fengið stöðugt nýjar ríkisábyrgðir til skipakaupa og til margvíslegra annarra framkvæmda? Þetta m. a. hefur valdið því, að það er eðlilegt og sjálfsagt, að Alþingi og þjóðin fái að fylgjast með því, hvernig háttað er þeim greiðslum vegna ábyrgðarlána, sem falla á ríkissjóð eða ríkisábyrgðasjóð ár hvert.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Fsp. á þskj. 387, nr. 3 og 4, eru, eins og hv. fyrirspyrjandi tók nú fram, shlj. efnislega að öðru leyti en því, að seinni fsp. fjallar um bæði árin 1962 og 1963, en sú fyrri aðeins um árið 1963. Ég taldi samkv. eðli málsins eðlilegast að svara þessum fsp. í einu lagi, eins og ég gerði með svari við fyrri fsp., og tel því ekki ástæðu til þess að rekja það hér frekar.

En út af ummælum hv. 5. þm. Reykn. um ríkisábyrgðir almennt og fleiri hugleiðingar í því sambandi þykir mér rétt að benda á það, að ríkisábyrgðir voru hér fyrir fáum árum komnar út í algert öngþveiti, og var kvíðvænlegt að horfa fram á, hvert stefndi í því efni. Fyrir þær sakir voru sett tvenn lög á árunum 1960 og 1961, um ríkisábyrgðir og stofnun ríkisábyrgðasjóðs, og með þessum ráðstöfunum er reynt að veita meira aðhald og eftirlit en áður var um þessi efni. Það er þegar kominn í ljós árangur af þessum ráðstöfunum. Það mátti auðvitað gera ráð fyrir því, að vanskil vegna ábyrgða, sem veittar voru fyrir 1960, héldu áfram á næstu árum að falla á ríkissjóð í allstórum stíl. En bæði sú gerbreyting að veita nú yfirleitt einfaldar ábyrgðir í stað sjálfsskuldarábyrgða og að stofna sérstakan ríkisábyrgðasjóð og fela vörzlu hans Seðlabankanum, hefur þegar sem sagt borið verulegan árangur. Að vísu hafa áfallnar ábyrgðir í heild orðið mjög miklar á árinu 1962, hærri en áður, en það er þó nokkur vonargeisli í þessu eða ljósgeisli, að á árinu 1963 urðu hinar áföllnu ábyrgðir nokkru lægri en árið áður. Það er von mín, að svo haldi fram sem horfir, að þessi nýju lög tvenn og það aukna aðhald og eftirlit, sem nú er upp tekið, verði til þess að draga úr útgjöldum vegna vanskila af völdum ríkisábyrgða.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég vildi leyfa mér að vekja athygli á því, að fsp. til ríkisstj. hefur að þessu sinni verið svarað á óvenjulegan hátt. Þegar gerðar eru fsp., er það venja, að þeim er af hlutaðeigandi ráðh. svarað í heyranda hljóði, þannig að svörin koma fyrir eyru allra hv. þm. og eru opinber, svör gefin á opnum fundi. Að þessu sinni hefur verið svarað á þann hátt, að fyrirspyrjendum er send skýrsla, sem á að fela í sér efni svarsins, og hefur hæstv. fjmrh. skýrt það, hvernig á því standi. En ég vildi leyfa mér að vekja athygli á þessu og jafnframt spyrjast fyrir um það hjá hæstv. ráðh., hvort hann teldi sér ekki fært að láta öllum alþm. í té þessa skýrslu, sem hann hefur þegar látið fyrirspyrjendunum í té.

Bergur Sigurbjörnsson: Herra forseti. Það eru aðeins tvö atriði, sem ég vildi drepa á í sambandi við þá fsp., sem hér er til umræðu. Fyrra atriðið er það, sem hv. síðasti ræðumaður minntist á, að hér er um mjög nýstárlega aðferð að ræða við að svara fsp. hér á þingi, og ég vildi mega vænta þess, að hér væri ekki um fordæmi að nýrri aðferð til að svara fsp. að ræða. Ef fsp. er svarað þannig, að svör ráðh. eru afhent vélrituð fyrirspyrjendum einum og e. t. v. einhverri þn., þá koma svör ekki inn í þingtíðindi t. d., og það er nokkuð mikið atriði, ekki nema því aðeins að fyrirspyrjendur fái þá tíma til að lesa svör ráðh. upp.

Hitt atriðið, sem ég vildi mega hreyfa í sambandi við þetta mikla mál, því að hér er vissulega um mjög mikið og alvarlegt mál að ræða, eins og greinilega kom fram í þeim fáu orðum, sem hæstv. ráðh. sagði hér um málið, er, hvort það hefur ekki verið athugað af hæstv. ríkisstj. í sambandi við þessar ríkisábyrgðir að taka upp þá reglu eða þann hátt, að ríkið gangi ekki í ábyrgð fyrir aðila, hvort sem er um að ræða

einstakling eða félag, sem það hefur áður orðið að greiða ábyrgðarskuldbindingar fyrir, nema því aðeins að hann hafi þá greitt upp það, sem ríkið hafði áður fyrir hann greitt. Mér er nær að halda, að það sé almenn regla og algild í viðskiptalífinu, hvort sem um er að ræða einstaklinga, fyrirtæki eða stofnanir, eins og t. d. banka, að það sé mjög fátítt, ef ekki óþekkt, að fyrirtæki eða banki láni aðila, sem lent hefur í vanskilum og ekki greitt þær skuldir, sem hann áður stóð í, og ég held, að það væri mjög til athugunar fyrir ríkið að taka upp þennan sama hátt. Aðilar, hvort sem það eru einstaklingar eða félög, sem hafa orðið uppvísir að því að standa ekki í skilum, heldur láta skuldirnar falla á ríkið og þar með á almenning, ættu ekki — eða manni sýnist svo — að fá nýjar ríkisábyrgðir strax á eftir eða fljótlega á eftir, ekki nema þeir hefðu gert skil fyrir fyrri skuld. Ég vildi mega skjóta því til hæstv. fjmrh., hvort þetta hefur verið athugað, eða ef það hefur ekki verið athugað, hvort ríkisstj. vildi þá ekki athuga þetta í framtíðinni, því að þessum málum er hvergi nærri lokið. Þessar ríkisábyrgðir eru á döfinni og verða enn um sinn.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Tveir hv. þm. hafa talið, að með svörum við þessum fsp. væri um nýstárlega aðferð að ræða, og má það vissulega til sanns vegar færa. En það stafar einfaldlega af því, að fsp. eru nokkuð nýstárlegar. Þær eru nýstárlegar að því leyti, að það er spurt um svo sundurliðuð atriði, að ég ætla, að ekki hafi áður verið bornar fram fsp., þar sem farið er fram á svör jafnlöng, ýtarleg og sundurliðuð eins og hér er gert. Hér er ekki aðeins spurt um það, hversu miklar greiðslur hafi fallið á ríkisábyrgðasjóð vegna ábyrgða á tveimur árum, heldur óskað sundurliðaðra upplýsinga, hvað hafi verið greitt fyrir hvern einstakan aðila. Nú er að sjálfsögðu rétt að veita þessar upplýsingar til fulls, og það hefur verið gert með þeim skrám, sem fyrirspyrjendum hafa verið afhentar.

En ég vil aðeins vekja athygli á því í sambandi við fsp. almennt, að þær geta verið þess eðlis, að komið sé út fyrir þann tilgang, sem vakti fyrir löggjafanum, þegar ákvæðin voru sett í þingsköp um fsp. Við gætum tekið sem dæmi, að í fsp. væri beðið um sundurliðaða skýrslu um allar ríkisábyrgðir, þ. e. allar ábyrgðir, sem ríkið væri í. Nú er slík skýrsla jafnan birt í ríkisreikningi, og vegna þess að hann getur ekki orðið til fyrr en í sumar, þá vildu þm. fyrr fá upplýsingar um það, en þessi skýrsla tekur hvorki meira né minna en 40 bls. í ríkisreikningi og ekki með ýkjastóru letri. Ég held sannast sagna, að engum ráðh. né heldur hv. þm. dytti í hug að ætlast til þess, að slíkri fsp. ætti að svara með því að lesa upp slíka skýrslu, sem tæki nokkrar klukkustundir að lesa yfir hv. þm., enda gersamlega ástæðulaust, þar sem hinum sama tilgangi má ná með því að afhenda skriflega sundurliðaða skýrslu.

Ég er ekki með þessum orðum að halda því fram, að hv. fyrirspyrjendur hafi farið út fyrir nein mörk, sem þingsköp ætlast til að fylgt sé, en ég bendi aðeins á það vegna þess, að hér er um nokkurt nýmæli að ræða, að fyrirspurnir geta verið þess eðlis, að ekki er unnt og ekki er til þess ætlazt, að lesið sé upp orði til orðs og tala fyrir tölu allt það, sem spurt er um. Þessu vil ég beina til þeirra hv. þingmanna, sem töldu, að hér væri um nýstárlega aðferð að ræða.

Þá var spurt um það, hvort aðrir þm. en fyrirspyrjendur gætu fengið þessa skýrslu, og er því til að svara að að sjálfsögðu getur hver einasti hv. þm. fengið þessa skýrslu, sem þess óskar. En ég vil enn fremur bæta því við, að allt kemur þetta prentað í ríkisreikningi, þegar hann liggur fyrir. Í rauninni hefði það getað komið til mála að svara þessari fsp. á þá leið, að þessar upplýsingar kæmu allar í ríkisreikningi á sínum tíma. Ég taldi hins vegar enga ástæðu til að skorast undan því að veita hv. fyrirspyrjendum nú þegar þær upplýsingar, sem unnt var, og því var þessi háttur á hafður.

Hv. síðasti ræðumaður taldi á þessu svari þann annmarka, að það kæmi ekki í þingtíðindin. En því er til að svara, að þessar upplýsingar, sem ég hef gefið hér til fyrirspyrjenda, og miklu ýtarlegri koma prentaðar í ríkisreikningnum, og ætla ég, að það geri sama gagn og þó að það væri prentað í þingtíðindunum.

Hv. síðasti ræðumaður, hv. 3. þm. Reykv., taldi það ótækt að veita ríkisábyrgðir þeim aðilum, sem lent hefðu í vanskilum og ekki greitt. Þetta er að sjálfsögðu rétt athugasemd. Og hann spurðist fyrir um það, hvort þessu væri fylgt. Í því sambandi vil ég aðeins benda á það, að þetta er eitt af þeim atriðum, sem voru lögfest í lögunum um ríkisábyrgðir 1961, en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta, í þeim lögum, sem eru nr. 37 frá 1961, 3. gr.:

„Ekki má ríkissjóður takast á hendur ábyrgð fyrir aðila, sem eru í vanskilum með ríkisábyrgðarlán eða skulda ábyrgðargreiðslur, er ríkissjóður hefur innt af hendi, nema um slíkar greiðslur hafi verið samið."

M. ö. o.: ef aðili, sem lent hefur í vanskilum með ríkisábyrgðarlán, sækir um ríkisábyrgð að nýju, verður hann annaðhvort að greiða vanskilin upp að fullu eða ná samningum við ríkisábyrgðasjóð um skil á þeim.

Þessu til viðbótar er svo ákvæði í sömu gr. um, að ríkissjóður má ekki ganga í ábyrgð, nema sett sé trygging, sem fjmrh. metur gilda.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Hér hefur verið gerð að umræðuefni sú aðferð hæstv. fjmrh. að svara fsp. skriflega í staðinn fyrir að svara henni munnlega.

Í ræðu minni áðan fann ég ekki að því út af fyrir sig, að fsp. hefði verið svarað skriflega. Ég ræddi það efni ekki. Ég gat aðeins um, að þetta væri óvenjuleg aðferð, sem rétt er. Ég lagði þá engan dóm á það, hvort ég teldi þessa aðferð eftir atvikum eðlilega eða óeðlilega. En ég vakti athygli á því, að fsp. væri svarað skriflega á þann hátt, að svarið væri aðeins sent fyrirspyrjendum og einni þn. Ég vakti athygli á þessu vegna þess, að þetta fannst mér óeðlilegt. Þegar fsp. er svarað skriflega, þá á að svara henni skriflega með svari, sem sent er öllum hv. þm., og það er ekkert einkamál þeirra, sem

spyrja hér á hinu háa Alþingi, sem á fram að fara í sambandi við slíka fsp. Hæstv. ráðh. gat þess, að þm. gætu að sjálfsögðu fengið þessar upplýsingar, sem hann hefði gefið fyrirspyrjendum og hv. fjvn. En ég spurði um það, hvort hann mundi ekki sjá sér fært að gera ráðstafanir til þess, að þm. fengju þessi svör, og ég vil endurtaka þá spurningu. Það er nokkuð annað, ef ráðh. gefur sjálfur þetta svar skriflega, af því að hann kýs að gera það þannig, en að einstakir þm. þurfi að ganga eftir því í ráðuneytinu.

Fyrirspyrjandi (Gils Guðmundsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. fjmrh. fyrir það að hafa afhent okkur fyrirspyrjendum þessa sundurliðuðu skýrslu, og út af fyrir sig skal ég ekki áfellast hæstv. ráðh. fyrir það, þó að hann læsi ekki þessa löngu skrá upp orði til orðs. Hins vegar, þegar um slík svör skrifleg er að ræða, þá vil ég taka undir það, að ég teldi mjög eðlilegan og sjálfsagðan hátt að afhenda í fyrsta lagi öllum hv. alþm. afrit af slíku skriflegu svari og í öðru lagi blöðum og útvarpi. Og þess er að vænta, að þessir aðilar fái afrit af þessari býsna fróðlegu skýrslu. Jafnframt hefði hæstv. ráðh. að sjálfsögðu getað, án þess að eyða í það miklum tíma, gefið nokkrar fróðlegar upplýsingar, svo sem um heildarupphæðir þessara ábyrgðargreiðslna og upphæðir á hinar einstöku greinar. En til þess aðeins að leggja á það áherzlu, að hér er um býsna stórt mál að ræða, þá ætla ég að nefna hér, hverjar hafa verið heildargreiðslur vegna ríkisábyrgða á árunum 1958—1963.

1958 námu greiðslur þessar 23.2 millj. kr., 1959 voru þær 28.9 millj., 1960 49.9 millj., 1961 68 millj., 1962 129 millj., 1963 68 millj.

Hér er sem sagt um býsna háar tölur að ræða, og bendir það til þess, að það var ekki að ófyrirsynju, að þessar fsp. voru fram bornar.

Bergur Sigurbjörnsson: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. upplýsti það hér áðan, að í l. 1961 hefðu verið sett ákvæði um það, að þeim, sem væri skuldugur ríkissjóði, vegna þess að ábyrgð hefði á hann fallið, skyldi ekki lánað, fyrr en samið hefði verið um þær skuldir. Spurninguna er þá réttara að orða þannig: Hvað strangt er þessu ákvæði fylgt? Nægir t. d. fyrir menn, sem hafa lent í vanskilum við ríkissjóð vegna ábyrgðarskuldbindinga, að stofna nýtt hlutafélag, og geta þeir þá fengið nýjar ríkisábyrgðir, án þess að hafa samið um gömlu skuldirnar? Allir sömu menn eru t. d. í hinu nýja hlutafélagi og voru í því félagi, sem áður lenti í miklum vanskilum við ríkissjóð. Ef þetta er möguleiki, sem almenningur segir að sé og þannig sé málum háttað í dag, þá er sem sagt lagaákvæðið frá 1961 ekki nægilega fullkomið eða eftirlitið með, að því sé fylgt út í æsar, ekki nóg. Lög eru ágæt út af fyrir sig, en það skiptir öllu, að þau nái fyllilega tilgangi sínum, en ekki það, að þau séu sett sem pappírsgagn, sem síðan sé með auðveldu móti sniðgengið.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þegar verið var að undirbúa svör við þessum fsp., átti ég von á því, að kæmi fram gagnrýni á þessari aðferð, að lesa ekki orði til orðs allt, sem í þessum upplýsingum felst. Hins vegar er mér það gleðiefni, að mér skilst, að allir ræðumenn, sem hér hafa talað, séu nú í rauninni farnir að viðurkenna, að það hafi ekki verið óeðlilegt að svara með skriflegri skýrslu, eins og sakir standa. Og ég býst við því, að ef fsp. koma framvegis, t. d. þar sem spurt er eða óskað upplýsinga um heila kafla úr væntanlegum ríkisreikningi, þá verði að hafa svipaðan hátt á, að veita skriflegar upplýsingar, en ekki lesa það allt hér orði til orðs. Um þetta virðast menn vera sammála.

Þá er hitt atriðið, hvort í slíkum tilfellum ætti að senda öllum hv. alþm. slíka skýrslu. Í þessu tilfelli þótti rétt að láta skýrsluna nú þegar í té fyrirspyrjendum og hv. fjvn. En eins og ég tók fram, er að sjálfsögðu öllum hv. alþm. heimilt að fá skýrsluna. Nú hefur komið fram ósk frá hv. 3. þm. Norðurl. e. um, að öllum hv. þm. verði send þessi skýrsla, hvort sem þeir beiðast þess sérstaklega eða ekki, og mér finnst sjálfsagt að verða við þeirri ósk. Út af hinu, sem kom fram frá hv. 5. þm. Reykn., hvort á að senda hana einnig út fyrir raðir alþm., tel ég, að þurfi nánar athugunar við og hversu mörgum aðilum utan Alþingis ætti þá að senda hana. En ég vil bæta hinu við, að því fer svo fjarri, að hér sé um nokkurt launungar- eða pukursmál að ræða, að hvert einasta nafn og hver einasta tala, sem í þessari skýrslu felst, kemur síðar á þessu ári í hinum prentaða ríkisreikningi, sem er opinbert plagg.

Varðandi fsp. hv. 3. þm. Reykv. um framkvæmdina á ákvæði 3. gr. laganna um ríkisábyrgðir, vil ég svara því til, að þessu ákvæði er, eftir því sem ég bezt veit, stranglega framfylgt, þannig að engum aðila er veitt ný ríkisábyrgð, ef hann hefur áður verið í vanskilum, nema hann hafi greitt þau vanskil eða náð samningum við ríkisábyrgðasjóð um þau. Það, sem hv. þm. kom hér inn á, var spurningin um það, hvernig væri hægt að fara í kringum lögin. Ég tel ekki ástæðu til þess hér, að við förum að skeggræða um það, hverjar leiðir kunni helzt að vera til að fara í kringum þetta lagaákvæði eða önnur. En ef svo virðist sem einhver aðili, í þessu tilfelli eða öðru, sé að gera tilraun til þess að sneiða fram hjá lögum, þá verður það auðvitað að grandskoðast í hverju tilfelli, og ég býst við, að stjórn ríkisábyrgðasjóðs muni hafa fullar gætur á slíku. Varðandi það, sem hann sagði um hlutafélög, ef hlutafélag væri í vanskilum, en hluthafar þess stofnuðu þá nýtt hlutafélag, í því sambandi er aðeins rétt að benda á þau ákvæði íslenzkra laga, að hluthafar í hlutafélagi bera ekki persónulega ábyrgð á skuldbindingum hlutafélagsins, nema þeir hafi tekizt þær á hendur alveg sérstaklega.

Ég tel svo ekki ástæðu til að fara frekar út í málið að sinni.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Það hefur nú komið hér fram, að hæstv. ráðh. mun hlutast til um það, að allir þm. fái þessa skýrslu um greiðslur vegna ríkisábyrgða síðustu 2 árin, og einnig liggur fyrir yfirlýsing frá honum um,

að þessi skýrsla muni verða birt með ríkisreikningnum 1963, þegar hann verður prentaður. Mér sýnist nú, að þá megi við þetta una. En ég vildi vekja athygli á því, að ef til þess kæmi síðar, að ríkisstj. teldi óþægilegt að lesa upp sundurliðuð svör við fsp., t. d. vegna þess, að þar væri um svo langar skýrslur að ræða, að það mundi taka óeðlilega langan tíma, eins og hæstv. fjmrh. gerði hér að umtalsefni áðan, þá finnst mér, að sú leið væri auðveld að láta prenta þessi svör sem þskj. og útbýta svörunum þannig á prentuðum þskj. Þá komast þessar skýrslur inn í þingtíðindin eins fyrir því, þó að þær séu ekki lesnar upp hér á þingfundi frá orði til orðs. Á þessa aðferð vildi ég benda, að vel mætti nota hana, ef þarna væri um svo margbrotin mál að ræða, að það þætti óeðlilegt að tefja þingfundi með því að lesa upp svörin.

23. Endurskoðun laga um atvinnuleysistryggingar.

Á 59. fundi í Sþ., 8. apríl, var útbýtt:
Fsp. til félmrh. um endurskoðun laga um atvinnuleysistryggingar [206. mál] (A. 439).

Á 60. fundi í Sþ., 9. apríl, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 35 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Sþ., 15. apríl, var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Óskar Jónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. 1. þm. Norðurl. e., Ingvari Gíslasyni, að bera fram fsp. til hæstv. félmrh. á þskj. 439, sem er svo hljóðandi:

„1) Eru lögin um atvinnuleysistryggingar í endurskoðun? Ef svo er, er árangurs af þeirri endurskoðun að vænta á þessu þingi?

2) Hefur verið tekið tillit til þess við endurskoðun laganna, að verzlunarmannasamtökin eiga nú aðild að Alþýðusambandi Íslands, og þeim tryggð þátttaka í atvinnuleysistryggingasjóði á sama hátt og öðrum verkalýðsfélögum?"

Núgildandi lög um atvinnuleysistryggingar eru að meginefni til frá 7. apríl 1956. Í 4. gr. þessara l. er sérstaklega tekið fram, að félög skrifstofu- og afgreiðslufólks í verzlunum skuli ekki teljast til verkalýðsfélaga og því eigi hlutgeng sem aðilar að lögunum. Nú hefur hins vegar sú skipan orðið á, að samtök þessa fólks hafa verið viðurkennd fullgildir aðilar að Alþýðusambandi Íslands og þar með sem verkalýðsfélög. En einmitt það atriðið að vera í Alþýðusambandinu virðist hafa ráðið um það, þegar lögin um atvinnuleysistryggingar voru sett, hverjir skyldu eiga aðild að lögunum, þ. e. a. s. að atvinnuleysistryggingasjóði. Með því að verzlunarmannastéttin hefur nú hlotið inngöngu í Alþýðusambandið, virðist sjálfsagt og eðlilegt, að verzlunarmannastéttin öðlist réttindi til þess að vera hlutgeng að atvinnuleysistryggingasjóði, enda er ríkur áhugi fyrir því meðal stéttarinnar.

Af framangreindum ástæðum eru þessar fsp. fram bornar, svo að kannað sé, hvort á þetta sjónarmið hafi verið litið við endurskoðun, þar sem heyrzt hefur, að l. hafi þegar verið endurskoðuð. Dreg ég eigi í efa, að hæstv. félmrh. gefi um þetta efni greinargóðar upplýsingar.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þessi spurning er í tvennu lagi. Fyrri hluti hennar hljóðar svo:

„Eru lögin um atvinnuleysistryggingar í endurskoðun, og ef svo er, er árangurs af þeirri endurskoðun að vænta á þessu þingi?"

Þessu get ég svarað þannig, að í l. nr. 29 1956, um atvinnuleysistryggingar, var svo ákveðið í 22. gr., að lögin skyldu endurskoðuð í samráði við verkalýðssamtökin og samtök atvinnurekenda eftir 2 ár. En með l. nr. 4 20. jan. 1959 var frestur þessi til endurskoðunar á l. framlengdur um 2 ár. Í samræmi við þessi lagaákvæði skipaði félmrh. nefnd til að endurskoða gildandi lög um atvinnuleysistryggingar með bréfi, dags. 28. sept. 1960. Í nefndina voru þessir menn skipaðir: Hjálmar Vilhjálmsson ráðuneytisstjóri, sem skipaður var formaður n., Björgvin Sigurðsson framkvstj., Eðvarð Sigurðsson alþm., Guðmundur Vignir Jósefsson skrifstofustjóri og Óskar Hallgrímsson framkvstj. N. lauk störfum 14. marz 1964, þ. e. a. s. fyrir um það bil mánuði, og hefur nú skilað frv. til l. um atvinnuleysistryggingarnar til ríkisstj. Samkomulag varð ekki í n. um frv. og gerðu tveir nm. ágreining með sérstakri bókun og sérstaka grein fyrir afstöðu sinni.

Þetta frv. til breyt. á l. um atvinnuleysistryggingar var strax þegar það barst mér sent öllum ráðh. í ríkisstj. til athugunar, og það er enn hjá þeim, en hefur ekki verið tekið til meðferðar og varla að búast við, að það verði tekið til meðferðar og afgreiðslu í ríkisstj. það fljótt, að málið geti komið til kasta Alþingis að þessu sinni, alveg sérstaklega vegna þessa ágreinings, sem í n. varð og þarf sérstakrar athugunar við.

Síðari hluti fsp. er svo hljóðandi:

„Hefur verið tekið tillit til þess við endurskoðun l., að verzlunarmannasamtökin eiga nú aðild að A. S. Í., og þeim tryggð þátttaka í atvinnuleysistryggingasjóði á sama hátt og öðrum verkalýðsfélögum?"

Þessu get ég svarað á þann hátt, að í frv. n. er lagt til, að verzlunarfólk fái aðild að atvinnuleysistryggingunum framvegis. En einn nm. hefur þó tjáð sig andvígan þessu ákvæði frv. — Ég vænti, að með þessu sé fsp. að fullu svarað.

Fyrirspyrjandi (Óskar Jónsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. félmrh. fyrir greinargóðar og glöggar upplýsingar um það, sem fsp. mín hljóðaði um. Fyrst það, að lögin um atvinnuleysistryggingar hafi þegar verið endurskoðuð og í frv. því, sem samið hefur verið nú og lagt fyrir ríkisstj., felist það, að verzlunarmannasamtökin verði fullgildur aðili að atvinnuleysistryggingasjóði. Þetta þykir mér mjög vænt um að heyra, og ég veit, að verzlunarmannastétt-

in öll er mjög ánægð með það, að þetta nái fram að ganga sem fyrst. Ég get skilið það, fyrst einhver ágreiningur er enn uppi um þetta, að þá verði erfitt fyrir ríkisstj. að leggja frv. fyrir á þessu þingi, en ég vil mega vænta þess og vona það, að við sjáum fram á, þó ekki innan langs tíma, að við verzlunarmenn fáum aðild að atvinnuleysistryggingasjóði.

Atvinnuleysistryggingasjóðir eru þegar orðnir starfandi víða um hinn menntaða heim og hafa verið starfandi lengi, sérstaklega á Norðurlöndum. Þetta eru orðnar öflugar stofnanir víða. Það var sannarlega ánægjulegt, þegar atvinnuleysistryggingasjóður var stofnaður hér á landi. Það eru einmitt svona sjóðsstofnanir, svipaðar og þessi, sem geta verið og eru lyftistöng og bjargráð fyrir ýmiss konar framkvæmdir í landinu, hjálpað til við uppbygginguna á verulegan hátt. Og með það fyrir augum sérstaklega finnst mér ég horfa fram á það, að atvinnuleysistryggingasjóður ætti að vera mikil lyftistöng, sérstaklega undir smáíbúðabyggingar, því að óneitanlega er það víst, að þetta verður mjög öflugur sjóður innan skamms og er reyndar þegar orðinn, og því meira eflist hann, ef verzlunarmannasamtökin yrðu tekin sem aðili að sjóðnum. Ég skal aðeins nefna það sem dæmi, að það mundi þýða árlega aukningu á sjóðnum, eins og nú er, ef verzlunarmannasamtökin væru þar með, um 20 millj. kr. En þetta gæti einmitt orðið til þess að hjálpa til við hvers konar þjóðnýta uppbyggingu, sem alls staðar er fjárvana, til að geta notið sín eins og skyldi. — Svo þakka ég enn þá hæstv. ráðh. fyrir svörin.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Það er ánægjulegt til þess að vita, ef sú breyting, sem fyrirhuguð er á l. um atvinnuleysistryggingar, nær fram að ganga, að verzlunarmannasamtökin eignist þar aðild að. Það er þó ekki sérstakleg þakkarvert, að þessi breyting verði á þessu gerð. Þar með er ólögum hrundið, sem verzlunarmenn hafa átt við að búa nú í ein 8 ár. Þegar verkalýðsfélögin sömdu um atvinnuleysistryggingasjóð, eða raunar var það að frumkvæði þeirrar sáttanefndar, sem skipuð var árið 1955 í sambandi við lausn þeirrar miklu vinnudeilu, sem þá var í aprílmánuði, voru verzlunarmenn ekki aðilar þar að. Þeir sömdu þá í kjölfarið í maímánuði sama ár og áttu þá um það að velja að fá aðild að atvinnuleysistryggingum eða að fá stofnaðan lífeyrissjóð. Þeir tóku þann kostinn, sem ég hygg að þá hafi verið rétt, að velja sinn lífeyrissjóð, sem hefur orðið þeim til mikils framdráttar, sér í lagi í sambandi við íbúðabyggingar. Fljótlega kom þó í ljós, að verzlunarmenn reistu sínar kröfur og töldu sig eiga rétt á að eiga aðild að atvinnuleysistryggingum með tilliti til þess, að ýmis verkalýðsfélög, svo sem Iðja, fengu þá fljótlega kröfum sínum um lífeyrissjóð framgengt. Það mun hafa verið, að mig minnir, árið 1957. Þegar við í kjarabaráttunni 1957 sendum þessa kröfu fram, vísuðu vinnuveitendur einfaldlega til þess, að í l., sem sett voru um atvinnuleysistryggingar, stæði, að „félög skrifstofufólks og afgreiðslufólks í verzlunum teljast ekki til verkalýðsfélaga", og er þetta eitt makalausasta ákvæði, sem ég man eftir að hafa séð í íslenzkri löggjöf. Þess vegna og þar af leiðandi var ekki um það að ræða, að við gætum með frjálsum samningum við vinnuveitendur náð þessari sanngirniskröfu okkar fram, og við það hefur setið, að enn í dag höfum við ekki eignazt þessa aðild, og mér heyrðist á hæstv. félmrh., að enn um hríð verðum við að bíða eftir að fá þessu sanngirnismáli okkar fram komið.

Ég vil svo að lokum taka fram, að það er sannfæring mín, að þegar þetta kemur til kasta hins háa Alþingis, breytingar á l., þá muni þetta okkar sjálfsagða réttlætismál ná fram að ganga og við verzlunarmenn eignast fulla aðild að atvinnuleysistryggingasjóði.

24. Síldarleit.

Á 63. fundi í Sþ., 15. apríl, var útbýtt:
Fsp. til sjútvmrh. um síldarleit [214. mál] (A. 462).

Á 65. fundi í Sþ., 16. apríl, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 38 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Sþ., 18. apríl, var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Gils Guðmundsson): Herra forseti. Eins og kunnugt er, hefur síldarleit á vegum hins opinbera verið stunduð um alllangt skeið í sambandi við veiðar í herpinót. Nokkur fyrstu árin fór þessi leit eingöngu fram úr flugvél. Leitin var þá bundin við aðalveiðitímann fyrir Norðurlandi og bar því aðeins einhvern árangur, að skyggni væri gott og síldin væði, sem kallað er. Árangur þessarar síldarleitar úr flugvél var stundum nokkur, en þó næsta takmarkaður. Fyrir nokkrum árum, þegar veiðileitartæki komu til sögunnar, breyttist öll veiðitækni við síldveiðar. Nú var hægt að finna síldartorfurnar og kasta á þær, án þess að síldin væði. Þessi gerbreyting hefur átt sinn ríka þátt í því, að sumarsíldveiði fyrir Norður- og Austurlandi hefur verið allgóð og stundum ágæt síðustu árin. Og þessari nýju tækni er það vafalaust að þakka, að haust-, vetrar- og vorsíldveiði er nú orðin nokkuð árviss og umtalsverður atvinnuvegur hér fyrir Suður- og Vesturlandi.

Eftir tilkomu fiskileitartækjanna var tekið að gera hér tilraunir með síldarleit á skipum, sem sérstaklega voru til þess útbúin og höfðu það að meginverkefni vissa tíma árs að leita síldar. Þetta gaf fljótt góða raun, og segja má, að núna allra síðustu árin hafi síldarleitin sannað gildi sitt svo rækilega, að ekki verður um villzt. Síldveiðisjómenn og útgerðarmenn eru á einu máli um, að undir forustu vísindamannsins og hins harðduglega leitarstjóra, Jakobs Jakobssonar fiskifræðings, hafi starfsemi þessi fært þjóðarbúinu í auknum síldarafla verðmæti, sem

nema milljónatugum, e. t. v. hundruðum milljóna.

Nú má heita fullsannað, að síld má veiða einhvers staðar hér við land svo að segja allt árið. Það skiptir því orðið afar miklu máli fyrir útgerðina og fyrir þjóðarbúskapinn í heild, að hægt sé að framkvæma síldarleit nokkurn veginn að staðaldri á hentugum og vel búnum skipum. Meðan telja mátti, að síldarleitin væri enn á tilraunastigi og hefði ekki fullsannað gildi sitt til frambúðar, var eðlilegt að notast við leiguskip og þá varðskipin, að svo miklu leyti sem samrýmanlegt var aðalstarfi varðskipanna. Þetta hefur líka verið gert, og við það situr enn. Hins vegar hefur þessi þjónusta í þágu útvegsins nú sannað gildi sitt svo rækilega, eins og ég áðan sagði, að fyllilega virðist tími til kominn, að hér verði bráðlega breyting á.

Leiguskip til síldarleitar eru ófullnægjandi frambúðarlausn. Ríkið þarf að eignast síldarleitarskip af hentugri stærð, ekki færri en tvö, og búa þau hinum fullkomnustu leitartækjum. Fróðir menn og reyndir telja, að þessi skip þyrftu ekki að vera öllu stærri en hin nýjustu og beztu síldveiðiskip, svo sem um 250 smál. En með föstum síldarleitarskipum ynnist margt. Leitarskipin væru tiltæk árið um kring. Þau væri hægt að útbúa betur til þessa sérstaka starfa en leiguskip, sem oft eru í þeirri þjónustu stuttan tíma í senn. Þá mætti gera ráð fyrir, og það skiptir verulegu máli, að á hinum föstu leitarskipum yrðu að miklu leyti sömu áhafnirnar væntanlega vertíð eftir vertíð, sem fengju þá mikla þjálfun í þessu vandasama starfi. Loks mætti vafalaust, að vissu marki a. m. k., sameina síldarleit og síldar- og hafrannsóknir, sem okkur er án efa mikilvægt að leggja aukna stund á.

Eins og kunnugt er, vildi það óhapp til í vetur, að varðskipið Ægir varð fyrir áfalli í slipp hér í Reykjavík. Ægir mun hafa verið búinn beztum síldarleitartækjum þeirra skipa, sem hér hafa fengizt við slíka leit. Mér er tjáð, að við þetta áfall hafi tækin í Ægi stórskemmzt, jafnvel eyðilagzt. Nú er sá tími kominn, að menn fara að hugsa til vorsíldveiða hér við Suður- og Vesturland, a. m. k. jafnskjótt og dregur úr hinum mikla þorskafla, sem verið hefur hér við suðurströndina undanfarnar vikur. Þá styttist og óðum sá frestur, sem gefst til að undirbúa sem rækilegasta síldarleit fyrir Norður- og Austurlandi í sumar, en hún þyrfti að geta hafizt um mánaðamótin maí—júní.

Með hliðsjón af þessu, svo og því, sem ég áðan sagði um frambúðarskipan þessara mála, hef ég leyft mér að beina til hæstv. sjútvmrh. fsp. í tveim liðum. Í fyrsta lagi spyr ég um þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið, til þess að hægt sé með sem beztum árangri að framkvæma síldarleit hér syðra og vestra í vor og nyrðra og eystra í sumar. Í öðru lagi spyr ég, hvaða ráðagerðir kunni að vera uppi um kaup á síldarleitarskipum og frambúðarskipulag síldarleitar. Mér er um það kunnugt, að sjómenn og útvegsmenn telja miklu skipta, að vel sé búið að þessari starfsemi. Á fiskiþingum síðustu ára hafa verið samþykktar till. um málið. Skipstjórar og félög þeirra hafa einnig bent marg-sinnis á nauðsyn þess að efla síldarleitina og fá til hennar fastan skipakost. Ég vænti þess, að hæstv. sjútvmrh. og hæstv. ríkisstj. öll hafi á því fullan skilning, að hér er um mikilvægt mál að ræða.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Spurt er, hvaða ráðstafanir hafi verið gerðar til þess, að hægt verði að framkvæma síldarleit á vorvertíð fyrir Suður- og Vesturlandi og á sumarvertíð fyrir Norður- og Austurlandi. Og í öðru lagi: Hafa verið gerðar ráðstafanir um öflun varanlegs skipakosts til síldarleitar?

Sem svar við þessum fsp. get ég upplýst, að Jakob Jakobsson fiskifræðingur hefur gert till. til rn. um skipaþörf og rekstur síldarleitarinnar frá 1. apríl og til ársloka 1964. Í þessari áætlun er gert ráð fyrir 150—250 lesta skipi, t. d. mótorskipinu Fanney, frá 20. marz til 30. sept., einu 250—500 lesta skipi frá 1. júní og til ársloka og 500 lesta skipi, t. d. varðskipinu Ægi, frá 20. maí til 30. okt. Með hliðsjón af þessum till. gerði rn. áætlun um kostnað vegna síldar- og fiskileitarinnar. Varð niðurstaðan sú, að heildarkostnaður við síldar- og fiskileit yrði samkv. áætluninni 15.7 millj. kr. í ár, en þar af yrði kostnaður við fiskileit vegna togaranna 5.7 millj. kr.

Kostnaður við síldarleit og veiðitilraunir hefur farið ört vaxandi undanfarin ár. Árið 1962 voru veittar í þessu skyni 7 millj. og 50 þús. kr. til fiskileitar, síldarrannsókna og veiðitilrauna. En útgjöldin urðu raunverulega 7.2 millj. rúmar. Árið 1963 voru veittar 9 millj. 50 þús. kr. í þessu skyni, en kostnaðurinn varð 9.6 millj. rúmar á árinu 1963.

Í þessa árs fjárlögum eru veittar 9 millj. og 50 þús. kr. til síldar- og fiskileitar, og í 3. mgr. 2. gr. l. nr. 11 1964, um aðstoð við sjávarútveginn, er gert ráð fyrir 4 millj. kr. framlagi til viðbótar til fiskileitar á þessu ári. Samtals eru því veittar 13 millj. kr. til síldar- og fiskileitar í ár, um 4 millj. meira en undanfarin ár, en eins og áður segir, var reiknað með, að kostnaður þyrfti að vera meiri ef till. fiskideildarinnar og rn. yrðu framkvæmdar að fullu. Þrátt fyrir þennan mismun hefur rn. ákveðið að freista að halda uppi þeirri leit, sem gert er ráð fyrir hér að framan, og í samræmi við þá ákvörðun hefur mótorskipið Fanney verið leigt til síldarleitar, og hefur hún þegar hafið leit við Suðuvesturlandið. M/s Ægir mun hefja síldarleit 20. maí, eins og áætlunin kveður á um, og gerðir hafa verið samningar um leigu á mótorskipinu Pétri Thorsteinsson, en fiskifræðingarnir telja það skip hentugast til síldarleitar af þeim skipum, sem til greina koma. Verður mótorskipið Pétur Thorsteinsson leigt frá 1. júní og til ársloka.

Þá er rétt að skýra frá því um leið, að ríkisstj. hefur ákveðið í samræmi við lög nr. 1 1964, að b/v Þorsteinn þorskabítur verði notaður til fiskileitar fyrir togarana. B/v Þorsteinn þorskabítur hefur verið í síldarleit að mestu leyti síðan í septemberbyrjun s. l., en þessi nýja fiskileit, sem honum er nú ætluð, það sem eftir er af árinu, er að því leyti til nýmæli, að það er stöðug fiskileit þennan síðari hluta ársins eða það sem eftir er af árinu.

Hvað því viðvíkur að fá endanlega lausn og sérstök skip í þessu skyni, eins og hv. fyrirspyrjandi gat um, vildi ég segja það, að ríkissjóður hefur í sinni umsjá nú ágætisskip til þessara starfa, sem er Þorsteinn þorskabítur, og enn fremur hefur Fanney, sem að mestu leyti er í opinberri eigu eða að öllu leyti í opinberri eigu raunar, verið mjög við þessar rannsóknir riðin. Það hefur þess vegna verið talið rétt að halda þessum rannsóknum og fiski- og síldarleit uppi með svipuðum hætti og gert hefur verið á undanförnum árum, þó með mikilli aukningu, allt að því 50% aukningu, a. m. k. frá því, sem verið hefur undanfarin ár, þó að hitt sé sjálfsagt rétt hjá hv. fyrirspyrjanda, að framtíðarfyrirkomulagið verði það, að föst skip verði höfð til þessarar þjónustu allt árið. En sem sagt, þessi 4 skip, sem ég nefndi, verða við síldar- og fiskileit mikið til, það sem eftir er af árinu.

Fyrirspyrjandi (Gils Guðmundsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svörin við fsp. minum. Það er vissulega gott til þess að vita út af fyrir sig, að nú þegar hafa verið gerðar allmiklar ráðstafanir til þess að bjarga síldarleitinni í bili eða á þessu ári. Og vissulega er sjálfsagt að meta það, að svo hefur verið gert eða ætlunin er að gera það eftir atvikum allmyndarlega. En eins og ég tók fram og lagði áherzlu á í þeim orðum, sem ég sagði áðan, tel ég þessi leiguskip eða þau skip, sem eru fengin tíma og tíma, til þess að sinna síldarleitinni, ekki frambúðarlausn á þeim málum og raunar tók hæstv. ráðh. undir þau orð mín. Við þurfum alveg tvímælalaust að stefna að því að eignast sem allra fyrst a. m. k. 2 hentug og hæfilega stór skip, sem væru sérstaklega búin út til síldarleitar að staðaldri og stunduðu það verk sem aðalviðfangsefni sitt. Og það gefur auga leið, að það ætti að verða meiri árangur af leit slíkra skipa heldur en þó að fengin séu skip annað slagið til þess að vinna við síldarleit, sem eru svo tekin til annarra starfa, til leitar fyrir togarana eða til landhelgisgæzlu, vissa hluta ársins. Ég held, að þessi mál séu þá fyrst komin í sæmilegt horf, miðað við þörfina, þegar tvö föst leitarskip væru við síldarleit svo að segja allt árið og síðan væri svo gripið til varðskipa að einhverju leyti eða leiguskipa um mesta annatímann við síldarleitina, þ. e. a. s. yfir hásumarið. Ég er alveg sannfærður um, að þetta mál er mjög mikilvægt þjóðhagslega skoðað og þeir fjármunir, sem í það verða lagðir að búa sem allra bezt að síldarleitinni, eru líklegir til þess að skila sér margfaldlega aftur.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Mig langar aðeins að minnast hér á eitt atriði, af því að tækifæri gefst til þess. Það er nú augljóst, að það hefur verið aukin síldarleit verulega, og það er ágætt og þarf enn að efla þessa leit. Það er sérstaklega eitt atriði, sem mér finnst liggja í augum uppi, að sé nokkuð áfátt um síldarleitina, og það er, að sé ekki fylgt nógu vel eftir á haustin að fylgjast með því, hvað af síldinni verður, þ. e. a. s. sumarsíldinni, hvað af henni verður á haustin. Og mér finnst, að það þyrfti að leggja mjög aukna áherzlu á að fylgjast rækilega með þessu, hvað af síldinni verður á haustin, um það leyti sem síldveiðin hér fjarar út. Hún fer sjálfsagt ekki langar leiðir í burtu, eins og fiskifræðingar hafa bent á, en þetta finnst mér þurfa að vita meira um. Vildi ég biðja hæstv. ráðh. að taka vel öllum málaleitunum, sem koma fram í þessa átt, því að ég veit, að fiskifræðingarnir hafa áhuga á þessu, sem sé að styðja þá kröftuglega í þessari grein framkvæmdanna.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Hér hefur verið drepið á mál, sem vert er að gefa góðan gaum. Ég ætla mér ekki að bæta miklu við þær stuttu umr., sem hafa orðið út af fsp. hv. 5. þm. Reykn., en ég vil taka undir þá kröfu hv. þm., að síldarleitin verði efld og komið á töluvert traustari grundvöll.

Ég vil svo leyfa mér að nota þetta tækifæri til þess að minna á náskyld efni. Ég vil minna á, að á undanförnum sumrum hafa komið fram umkvartanir frá fjöldamörgum aðilum á Norðurlandi um það, að síldarleit þar sé ónóg, þegar líður á sumarið og athyglin beinist að síldarmiðunum austan við landið. Ég hef fulla ástæðu til að ætla, að þessar umkvartanir hafi haft við nokkur rök að styðjast, og ég vil nota þetta tækifæri til að minna á þetta mál, þar sem það hefur að sjálfsögðu alveg stórkostlega þýðingu fyrir síldarbæina á Norðurlandi.

Í öðru lagi ætlaði ég mér, þegar ég kvaddi mér hér hljóðs, að minnast á hið sama mál, sem hv. 1. þm. Austf. hefur þegar gert, þ. e. a. s. spurninguna um það, hvað af síldinni verður á haustin, og í þessu sambandi er þá rétt að minna sérstaklega á þær hugmyndir, sem hafa komið fram um það, að síldarleit fari einnig fram að vetrarlagi fyrir Norður- og Norðausturlandi. Ýmislegt hefur þótt benda til þess, að síld væri fyrir Norðausturlandi, e. t. v. nokkuð langt frá landi, ekki aðeins yfir sumartímann, heldur einnig að vetrinum. Ég hef að sjálfsögðu enga aðstöðu til að fullyrða um það, hvort hér er rétt með farið eða ekki, en það er ljóst, að nú er komin ný tækni til sögunnar. Síldin þarf ekki að vaða lengur, til þess að unnt sé að veiða hana. Bátarnir eru stærri og þola verri veður, og það er af, sem áður var, að ekki sé hægt að stunda síldveiðar fyrir Norðurlandi að vetrarlagi. Það má nærri geta, hvílík búbót það væri fyrir síldarbæina á Norðurlandi, ef vetrarsíld fengist. Þarna hefur verið, eins og öllum er kunnugt, ákaflega erfitt atvinnuástand að vetrinum. Virðist mér því sjálfsagt, að lagt sé í nokkurn kostnað til þess að rannsaka þetta mál til hlítar.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Það var nú aðallega út af aths. hv. 1. þm. Austf., sem ég vildi segja nokkur orð til viðbótar.

Það er alveg rétt hjá honum, að það er ástæða til þess að reyna að fylgja síldinni eftir á sumrin og raunar á veturna líka, þegar hún er á göngu, og sjá, hvert hún stefnir og hvort það er ekki hægt að halda veiðinni lengur áfram en meðan hún er rétt upp við landsteinana. En ég vil í þessu efni segja það, að yfirleitt held ég, þó að sjálfsagt megi deila um einstök framkvæmdaatriði í þessari síldarleit, hafi verið farið eftir

þeim till., sem fiskifræðingarnir hafa lagt til í þessu efni, eins náið og hægt hefur verið að gera. En jafnvel það getur orkað tvímælis, eins og bezt kom fram fyrir Norðurlandi í sumar, eins og hv. 5. landsk. þm. nefndi hér áðan. Þá var gerð samþykkt um það á Siglufirði, að leitin yrði stunduð meira á vestursvæðinu en gert var, en það varð til þess, að áskoranir komu frá nærri öllum skipstjórum á síldveiðiskipunum um það, að leitinni yrði haldið áfram í svipuðu horfi og gert var, og þar sem leitarstjóranum, Jakobi Jakobssyni fiskifræðingi, var vottað fullt traust fyrir hans framkvæmd á síldarleitinni. Þetta getur í einstaka tilfelli orkað tvímælis, en yfirleitt er framkvæmd leitarinnar í höndum fiskifræðinganna, og verður sjálfsagt bezt að framkvæma hana á þann hátt yfirleitt, sem þeir leggja til, og ég ætla, að það hafi líka yfirleitt verið gert. Þó að einhverjum finnist, að betur mætti gera, þá getur það náttúrlega alltaf orkað tvímælis og ekki eftir öðru að fara í þessu efni en því, sem fiskifræðingarnir leggja til.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég vil bara í tilefni af því, sem hæstv. ráðh. sagði, benda á, að ég held, að það séu allir sammála um það, sem þekkja vel til þessara mála, að veikur punktur sé í þessu kerfi, og sérstaklega þá, að ekki sé enn nægilega athugað eða fylgt eftir, hvað verður af síldinni og hvar hún heldur sig að haustinu, upp úr því, að síldveiðar fjara út. Það er áreiðanlega veikur punktur þarna. Ég skal ekkert um segja, hvernig á því stendur, og engum kenna um neitt í því sambandi, ekkert gera annað en fara fram á það við hæstv. ráðh., að hann kynni sér þetta mál með sínum mönnum og eigi hlut að því, að þarna verði meiri áherzla á lögð, að fylgjast með þetta tímabil.

25. Lánveitingar úr byggingarsjóði ríkisins.

Á 68. fundi í Sþ., 22. apríl, var útbýtt:
Fsp. til félmrh. um lánveitingar úr byggingarsjóði ríkisins [218. mál, 2] (A. 486).

Á 69. fundi í Sþ., 24. apríl, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 34 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Sþ., 29. apríl, var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Á þskj. 486 hef ég borið fram fsp. til hæstv. félmrh. um lánveitingar úr byggingarsjóði ríkisins. Fsp. eru í tveim liðum, svo hljóðandi:
„1) Hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar til þess að afla byggingarsjóði ríkisins fjár til íbúðarlána á þessu ári?
2) Hve hárri upphæð má búast við, að sjóðurinn geti úthlutað í ár, og hvenær á árinu?“

Um s. l. mánaðamót munu um 2200 umsóknir hafa legið fyrir hjá húsnæðismálastjórn um lán úr byggingarsjóði ríkisins, og er það meiri fjöldi óafgreiddra umsókna en nokkru sinni hefur áður verið um að ræða. Þessar umsóknir eru bæði um byrjunarlán og viðbótarlán, þannig að sumir umsækjendur hafa enn alls ekkert fengið úr byggingarsjóði, en aðrir einhver byrjunarlán. Húsbyggingum sumra umsækjenda er ekki svo langt komið, að þær séu lánshæfar, og kæmi því ekki til úthlutunar á lánum vegna þeirra, þótt fé væri fyrir hendi. Þegar tekið er tillit til alls þessa, mun ekki fjarri lagi að áætla, að byggingarsjóður ríkisins þyrfti um 200—230 millj. kr. til þess að geta fullnægt öllum lánshæfum umsóknum, sem nú liggja fyrir, og er sjóðurinn því fjær því en áður að geta sinnt því hlutverki, sem honum er ætlað.

Fjölmargir húsbyggjendur standa uppi með hús sín hálfgerð, leigja sér á sama tíma húsnæði dýru verði, greiða vexti af því fjármagni, sem í húsbyggingu þeirra er komið, og verða jafnvel að greiða kyndingarkostnað á báðum stöðum. Þessum og öllum þeim öðrum mönnum, sem bíða nú eftir lánsfé, ríður því á miklu að fá að vita sem allra fyrst um þá fyrirgreiðslu, sem þeir geta átt von á frá byggingarsjóði ríkisins, þó að sú upphæð geti aldrei orðið há, sem þeir gætu hæst fengið. Einkum kemur það húsbyggjendum illa, að þriðjungur ársins skuli vera liðinn, án þess að þeir fái nokkra vitneskju um, hvers þeir mega vænta á þessu ári, og er því ókleift að gera þær bindandi skuldbindingar, sem óhjákvæmilegar eru til þess að tryggja sér efni og vinnuafl í tæka tíð fyrir sumarið. Allt frá því í des. s. l. hefur fjöldi þessara húsbyggjenda átt stöðug viðtöl við stjórnarmenn í húsnæðismálastjórn án þess að verða nokkru nær um það, hve hárri upphæð má búast við að byggingarsjóður geti úthlutað á þessu ári og hvenær á árinu. Því hef ég talið rétt, að þessum spurningum, sem húsbyggjendum er nauðsyn að fá svar við, verði svarað hér á hv. Alþingi, fyrst þau svör hafa ekki fengizt annars staðar.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Það er í fyrsta lagi spurt, hvaða ráðstafanir hafi verið gerðar til þess að afla byggingarsjóði ríkisins fjár til íbúðarlána á þessu ári. Þessu get ég svarað þannig, að flutt hefur verið frv. um hækkun á skyldusparnaði ungs fólks úr 6% í 15%. Þessi hækkun á, á ársgrundvelli, að geta gefið um 30 millj. kr. Í öðru lagi hefur verið lagt fram frv. til laga um ávöxtun á fé byggingarfélaga, þar sem gert er ráð fyrir skyldu líftryggingarfélaga til þess að kaupa íbúðalánabréf húsnæðismálastofnunar ríkisins fyrir 25% af ráðstöfunarfé sínu. Enn fremur, að ráðherra verði heimilað að skylda önnur tryggingarfélög til þess að kaupa slík bréf fyrir allt að 25% af sínu ráðstöfunarfé. Í þriðja lagi mun atvinnuleysistryggingasjóður samkv. ósk ríkisstj. kaupa íbúðalánabréf af húsnæðismálastofnun ríkisins fyrir 37 millj. kr. á þessu ári. Auk þessa hafa svo staðið yfir samningar við lífeyrissjóðina um kaup þeirra á íbúðalánabréfum á þessu ári. Að svo stöddu liggur ekki fyrir, hvern árangur þessar samningaumleitanir bera, en stjórnir

þessara lífeyrissjóða, sem talað hefur verið við, segja, að þar sé lítið fé annað að hafa en það, sem þeir nota til að lána meðlimum lífeyrissjóðanna sjálfum. Í fimmta lagi má svo geta þess, að frekari fjáraflanir eru í athugun hjá ríkisstj., sem enn liggur ekki fyrir árangur af, en verður gengið eftir á næstunni.

Ég get aðeins bætt því við út af þessum lið, að til viðbótar þessu kemur svo eigið ráðstöfunarfé húsnæðismálastjórnar sjálfrar.

2. liður fsp. hljóðar þannig: „Hve hárri upphæð má búast við, að byggingarsjóðurinn geti úthlutað í ár, og hvenær á árinu?"

Samkv. því svari, sem ég hef nú gefið við fyrri lið fsp., þá liggur ekki enn fyrir, hve hárri fjárhæð verður hægt að úthluta úr byggingarsjóði til íbúðalána á þessu ári enn þá. Næsta úthlutun á vegum húsnæðismálastjórnar fer væntanlega fram innan skamms, þegar fyrir liggur, hve mikið fé verður til ráðstöfunar á árinu og hvenær það verður til ráðstöfunar.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Við hv. 10. landsk. þm. höfum lagt fram hér alveg samtímis fyrirspurnir til hæstv. félmrh. varðandi húsnæðismál. Fsp. okkar eru að efni til, sýnist mér, alveg samhljóða og fjalla um það, hvenær næst verði úthlutað úr byggingarsjóði, hversu há upphæð verður til úthlutunar og þá hvenær á árinu. Hæstv. félmrh. hefur nú svarað þessu, og skal ég ekki fara frekar út í það. En ástæðan til þess, að ég fór að hreyfa þessum fsp., er sá dráttur, sem orðinn er á úthlutun byggingarlána á þessu vori. Ég hygg, að það hafi yfirleitt verið venja undanfarin ár að úthluta byggingarlánum frá húsnæðismálastjórn ekki síðar en í marz eða apríl, en nú er komið fram í síðustu viku aprílmánaðar og úthlutun ekki hafin enn þá, og eins og hæstv. ráðh. upplýsti hér áðan, þá er allt í óvissu um það, hvenær úthlutun fer fram. Ég tel, að full ástæða sé til þess að finna að þessum vinnubrögðum. Þessi dráttur er óeðlilega mikill og kemur sér afar illa fyrir húsbyggjendur, eins og hv. fyrirspyrjandi greindi frá hér áðan, því að húsbyggjendur hafa yfirleitt lifað í voninni um að fá úrlausn nú fyrr á árinu en reyndin virðist ætla að verða, enda eiga húsbyggjendur kröfu á því að fá upplýst, hvers sé að vænta í sambandi við næstu úthlutun, bæði þá fjárupphæð, sem til skipta verður, og eins um það, hvenær úthlutað verði. Það svar hefur nú fengizt, en er svo óljóst, að hæstv. ráðh. segir, að það verði „innan skamms", en hvenær það verður, er allt óvitað enn þá.

Samkv. upplýsingum, sem ég hef aflað mér nú nýlega, munu fyrirliggjandi umsóknir hjá húsnæðismálastjórn vera um 2800—3000 og fer vafalaust fjölgandi. Og miðað við það, þá hefur verið talið af fróðum mönnum, að lánsfjárþörfin nú sé ekki undir 280 millj. kr., bara til þess að bæta úr brýnustu þörfunum. Hér er því mikils átaks þörf í byggingarmálunum, og sú skylda hvílir á ríkisvaldinu að leysa hinn bráða vanda, sem mest er knýjandi. En hitt er ekki síður mikilvægt, að leiða hugann að framtíðarskipulagi húsnæðismálanna, og mundi ég segja, að það væri höfuðatriðið.

Ég ætla ekki að þessu sinni að fara út í húsnæðismálin eða ræða þau á mjög víðum grundvelli, en þó vil ég láta þess getið, að húsnæðismálin eru með allra þýðingarmestu landsmálum, og skipan þeirra kann að hafa meiri áhrif á gang efnahagsmálanna en flest önnur einstök mál. Það hefur verið rík tilhneiging stjórnarvalda að láta vaða á súðum í sambandi við húsnæðismál. Þau hafa ekki verið tekin þeim tökum hér á landi sem víðast hvar annars staðar. Húsbyggingar hér hafa mótazt að verulegu leyti af verðbólgukapphlaupinu, gengisfellingarsiðferðinu. Þær hafa verið óskipulagsbundnar og oftast óhagkvæmar, og hér ber meira á óeðlilega stórum íbúðum og íburðarmiklum en í flestum öðrum löndum. Nýting húsrýmis er m. ö. o. stórum lakari hér en meðal sambærilegra menningarþjóða, eins og margsinnis hefur verið bent á af hálfu erlendra sérfræðinga, sem kynnt hafa sér húsnæðismálin hér á landi. Hitt vekur þó meiri athygli og jafnvel furðu, hversu lánastarfsemi til íbúðabygginga hér á landi er ófullkomin. Því er veitt athygli, að Íslendingar verja hlutfallslega af þjóðarframleiðslu sinni meira til íbúðabygginga en flestar aðrar þjóðir, en nýting þessa fjármagns til aukningar á íbúðafjöldanum er miklu lélegri en í öðrum löndum. Ástæðan er sú án efa, að þetta fjármagn fer að miklu leyti í súginn fyrir skipulagsleysi í byggingarháttum og gífurlegan fjármagnskostnað. Við eyðum fram yfir normalkostnað á nær öllum kostnaðarliðum og byggjum auk þess óhentugt húsnæði, sem ekki leysir húsnæðisvandann.

Að mínum dómi ber okkur Íslendingum að leysa húsnæðismál okkar eða koma frambúðarskipulagi á þau mál með eftirfarandi höfuðatriði í huga: Í fyrsta lagi: Húsnæði er frumþörf sérhverrar fjölskyldu, og þjóðfélaginu ber að stuðla að því með opinberum ráðstöfunum, að þessari þörf sé fullnægt með jöfnuði og réttlæti. Þetta er það höfuðmarkmið, sem við verðum að hafa í huga, þegar kemur að lausn húsnæðisvandans. — En ég skal ekki syndga upp á náðina hjá hæstv. forseta og lýk máli mínu.

Fyrirspyrjandi (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. svör hans. Hann minntist m. a. á það frv. til laga um ávöxtun fjár tryggingafélaga, sem útbýtt var hér áðan. Það er vissulega til mikilla bóta að fá með þeim væntanlegu l. um 20 millj. kr. árlega inn í lánskerfið til íbúðabygginga. Þó er það nú ekki svo, að það hafi ekki fengizt eitthvert fé frá þessum félögum áður, og þessar 20 millj. kr. eru þar af leiðandi ekki bein viðbót við þær upphæðir, sem til skiptanna koma. Enn meiri þörf virðist þó á því að afla fjár til kerfisins á þann hátt, að það verði óendurkræf framlög, svo að kerfið sé ekki bundið af þeim vöxtum, sem það verður að greiða þeim, sem fé láta af hendi.

Að öðru leyti verð ég að segja það, að svör hæstv. ráðh. voru því miður ekki uppörvandi fyrir húsbyggjendur í landinu, þar sem allar líkur eru á, að auk þess sem nú liggur fyrir, að seinna verður úthlutað á þessu ári en í fyrra, verði upphæðin stórum minni, og eftir því sem ráðh. sagði, fullkomin óvissa um, hvenær af

úthlutun getur orðið. Í fyrra var úthlutað úr byggingarsjóði ríkisins um 130 millj. kr., en síðan í febrúar 1963 hefur byggingarkostnaður hækkað um nálega 15%, svo að íbúð af miðlungsstærð hefur hækkað um um það bil 75 þús. kr. á þessu eina ári, þ. e. a. s. byggingarkostnaður. Söluverð hefur hækkað miklum mun meira, svo að þótt ekki væri nema vegna hækkunarinnar einnar er orðin brýn þörf á að hækka verulega einstök lán, sem nú eru miðuð við 150 þús. kr. á íbúð. Þessi 75 þús. kr. hækkun á s. l. ári er ekki nema hluti af þeirri hækkun, sem orðið hefur á byggingarkostnaði, síðan hámarksupphæð lána var miðuð við 150 þús. kr. En eigi að hækka einstök lán, þarf heildarupphæð sú, sem byggingarsjóður hefur til ráðstöfunar, að verða verulega hærri en í fyrra.

Það er ekki aðstaða til þess í fsp.-tíma að rekja, hversu erfið er orðin aðstaða þeirra, sem nú eru að basla við að koma sér upp húsnæði, eða lýsa neyðarástandi, sem víða er að skapast hjá þeim, sem ekki eiga íbúðir og þurfa að keppa hver við annan eftir leiguíbúðum á uppsprengdu verði. Hámarkslán úr byggingarsjóði ríkisins, húsnæðismálasjóðslánin svokölluðu, eru nú 150 þús. kr. Eftir þeim bíða nú milli 2 og 3 þús. umsækjendur, sem ekkert vita um, hvernig umsóknum þeirra kann að reiða af. Hámarkslánin eru 150 þús. kr., en síðan núv. hæstv. ríkisstj. tók við völdum, hefur byggingarkostnaður 350 rúmmetra íbúðar, sem er heldur minna en meðalstærð, hækkað um nálega 270 þús. kr. Það þýðir, að hækkun byggingarkostnaðar á þessum árum er að verða tvöföld sú hámarksupphæð, sem heimilt er að veita einstökum umsækjendum úr byggingarsjóði. Hámarkslánið gerir því ekki öllu meira í dag en að duga fyrir helmingnum af hækkun byggingarkostnaðar örfá síðustu ár. Ekkert kemur upp í helminginn af hækkuninni og ekkert upp í þann byggingarkostnað, sem fyrir var og áður var lánað 100 þús. kr. til þess að greiða. Það, sem áður voru húsnæðismálasjóðslán, hefur því í rauninni verið afnumið með öllu og byggingarsjóður einungis látinn lána helminginn af þeirri hækkun á byggingarkostnaði, sem orðið hefur, síðan hæstv. núv. ríkisstj. tók við völdum. Hinn helminginn af hækkuninni og allan þann byggingarkostnað, sem fyrir var, verða húsbyggjendur því að kljást við án aðstoðar, því að yfirleitt á almenningur engan aðgang að lánastofnunum til íbúðalána.

Það er því naumast að undra, að húsbyggjendum þyki illa að sér búið í dag, þegar þeir hafa allt frá því í des. s. l., þegar síðasta úthlutun lána fór fram, mætt til viðtals hjá stjórnarmönnum í húsnæðismálastjórn án þess að vita enn, hvort þeir geti gert sér vonir um að fá á þessu sumri þótt ekki væri nema lítinn hluta þess fjár, sem byggingarsjóði er samkv. l. heimilt að lána þeim, til þess að greiða annan helminginn af þeirri hækkun á byggingarkostnaði, sem orðið hefur í tíð hæstv. ríkisstj.

Það er óhjákvæmilegt fyrir þá, sem ætla að reyna að þoka áfram húsbyggingum sínum og þurfa að tryggja sér ýmsa hluti, efni og vinnu, að fá að vita sem fyrst á árinu, á hverju þeir mega eiga von í lánamálum, svo að þeir geti tekið ákvarðanir í samræmi við það. Þess vegna þarf lánaúthlutun að geta farið fram miklu fyrr á árinu en verið hefur. Í fyrra var um 80—90 millj. kr. úthlutað í einu lagi, að því er mig minnir um mánaðamótin marz-apríl. Þá stóð til, að tveimur mánuðum síðar úthlutuðu húsbyggjendur eins og aðrir landsmenn atkvæðum sínum við þingkosningar, og má vera, að það hafi haft jákvæð áhrif á upphæðina. Nú er aprílmánuði að ljúka, ekkert sérstakt stendur til í því efni, að húsbyggjendur geti sýnt vald sitt á þessu sumri, enda bólar lítið á úthlutun lána hjá byggingarsjóði og óvissan í því efni hefur valdið fjölmörgum húsbyggjendum stórvandræðum. Það hlýtur að vera krafa húsbyggjenda, að allt sé gert, sem unnt er, til þess að afla fjár til lána úr byggingarsjóði, en það er hverjum manni augljóst, að það kerfi, sem byggt hefur verið á til þessa, að byggingarsjóður hafi ekki yfir öðru fé að ráða til útlána en því, sem honum tekst að kría að láni annars staðar til framlána, getur ekki gengið lengur. Þess vegna verður að tryggja það, að húsnæðismálasjóður fái sem fyrst óendurkræf framlög, sem hann getur ráðið yfir, og þarf þá ekki að binda sig við þá háu vexti, sem nú er um að ræða.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Það er vissulega rétt, að það er mikilla peninga þörf, mikils fjár þörf til húsbygginga á okkar landi, og lítill vandi að benda á það. Hitt er öllu meiri vandi, að sjá leiðir til þess að útvega allt það fé, sem þarf. Í þessu sambandi vildi ég þó benda á, að samkvæmt yfirliti, sem gert hefur verið, bæði af innlendum sérfræðingum og erlendum, er talið, að þörf landsmanna í heild fyrir íbúðabyggingar sé um 1500 íbúðir á ári. Þar af er gert ráð fyrir, að húsnæðismálastjórn eða hið almenna veðlánakerfi útvegi lán til helmings þessara íbúða eða 750 talsins, lífeyrissjóðirnir standi undir lánum til 500 íbúða og verkamannabústaðir og íbúðir, sem byggðar eru til útrýmingar heilsuspillandi íbúðum, séu 150 og veðlánakerfi sveitanna sjái um 100, eða samtals 1500. Með þeim hámarkslánum, sem nú eru lánuð, sem ég vissulega viðurkenni að eru ónóg, ættu lánveitingar húsnæðismálastjórnar til 750 íbúða að nema rúmum 112 millj. kr. eða þar í kring. Og það liggur ákaflega nærri, að þessari fjárhæð hafi verið úthlutað á árinu sem leið, en þá er talið, að lán húsnæðismálastofnunarinnar hafi numið á því ári 110 millj. auk þeirra lána, sem gengu til útrýmingar heilsuspillandi íbúða, og vitaskuld án þess, að þar sé tekið tillit til þess fjár, sem veitt var til verkamannabústaða.

Ég veit og viðurkenni, að hvort tveggja er, að upphæð hinna einstöku lána er of lág, og einnig hitt, að fleiri eru í gangi með byggingar en sem svarar því, sem sérfræðingar telja eðlilegt, þ. e. a. s. miklu fleiri, sem hafa leitað húsnæðismálastjórnar, heldur en þeir 750, sem gert er ráð fyrir að ætti að vera normalt. Ríkisstj. mun gera allt sem í hennar valdi stendur til þess að greiða úr þessu og leitast við að útvega viðbótarfé, til þess að lánveitingar geti orðið sem allra mestar, og liggur þá náttúrlega einnig nærri að ákveða hærri hámarkslán. Ég vil líka geta þess, að eitthvað getur það dregið úr spennunni hjá húsnæðismálastjórn, ef lífeyrissjóðirn-

ir taka á sig alla fyrirgreiðslu sinna manna, en hingað til mun það hafa tíðkazt, að ýmsir, sem eru meðlimir lífeyrissjóðanna og hafa fengið lán hjá þeim, hafa einnig fengið talsvert lán hjá húsnæðismálastjórn. En þar sem þeir vilja ekki taka neinn þátt í hinu almenna veðlánakerfi, er ekki óeðlilegt, að þeir standi sjálfir undir lánveitingum til sinna manna eingöngu og a. m. k. komi ekki til greina við úthlutun húsnæðismálastjórnar fyrr en þeir hafa fengið fyrirgreiðslu, sem enga von eða getu hafa til þess að fá lán annars staðar. Þetta verður líka til þess að lækka þá tölu, sem hér hefur verið nefnd, að biði eftir lánum.

Ég skal viðurkenna, að það er þörf á meiri fyrirgreiðslu en þeirri, sem veitt hefur verið, en ég vil ekki segja, að það sé átöluvert eða ámælisvert, eins og hv. fyrirspyrjandi vildi vera láta, hvernig að þessum málum hefur verið staðið. Það hefur verið í sívaxandi mæli veitt fyrirgreiðsla hjá húsnæðismálastjórn og verður leitazt við að gera það enn betur á þessu ári, sem kemur.

26. Byggingarlán.

Á 68. fundi í Sþ., 22. apríl, var útbýtt:
Fsp. til fjmrh. varðandi úthlutun byggingarlána [218. mál, 3] (A. 486).

Á 69. fundi í Sþ., 24. apríl, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 34 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Sþ., 29. apríl, var fsp. tekin til umræðu.
Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar (sbr. umræður um næstu fsp. hér að framan).

27. Stóreignaskattur.

Á 68. fundi í Sþ., 22. apríl, var útbýtt:
Fsp. til fjmrh. um stóreignaskatt [218. mál, 1] (A. 486).

Á 69. fundi í Sþ., 24. apríl, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 34 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Sþ., 29. apríl, var fsp. tekin til umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 73. fundi í Sþ., 6. maí, var fsp. aftur tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Með l. nr. 44 3. júní 1957 var ákveðið, að á skyldi lagður sérstakur skattur á stóreignir. Í 9. gr. þeirra l. var svo fyrir mælt, að ⅔ hlutar skattsins skyldu renna til byggingarsjóðs ríkisins til íbúðarhúsalána, en ⅓ hluti skattsins átti að ganga til veðdeildar Búnaðarbankans. Þegar l. um þennan skatt voru til afgreiðslu í þinginu, var talið, að skatturinn mundi ekki nema lægri fjárhæð en um 80 millj. kr., en þó tekið fram, að erfitt væri að segja fyrir um, hve hár skatturinn mundi verða á lagður. Nokkru síðar kom fram í umr. á Alþingi, að skatturinn mundi sennilega verða um 135 millj. kr. Það voru meginatriði þessa sérstaka stóreignaskatts, að hann skyldi einvörðungu lagður á hreinar eignir umfram 1 millj. kr. og að skatturinn skyldi ganga til íbúðarlána almennings og til veðdeildar Búnaðarbankans.

Þegar skattur þessi var á lagður, voru ýmsir framámenn í Sjálfstfl. mjög andvígir þessari skattlagningarleið, og síðar kom í ljós, að þeir reyndu mjög til þess að fá skattinn ógiltan. Nú skipaðist málum þannig, nokkru eftir að skatturinn átti að koma til innheimtu, að þeir, sem mest höfðu verið á móti skattinum, fengu úrslitaáhrif um innheimtu skattsins. Að sjálfsögðu eiga ekki persónulegar skoðanir einstakra ráðh. eða hagsmunir einstakra flokka að ráða um framkvæmd laga, sem Alþingi hefur samþykkt. Lögin eiga að gilda og álagðir skattar að innheimtast. Nú efast ég nokkuð um, að stóreignaskattsl. frá 1957 hafi verið framkvæmd svo sem laganna bókstafur mælir fyrir um. Ég hef því leyft mér að leggja fyrir hæstv. fjmrh. svo hljóðandi spurningar:

1) Hve miklu nam álagður stóreignaskattur samkv. l. nr. 44 3. júní 1957?

2) Hve mikið hefur verið innheimt af skattinum og hve mikið á árunum 1961, 1962 og 1963 hverju um sig?

3) Hve mikið af þessu fé hefur þegar verið afhent byggingarsjóði ríkisins vegna íbúðarhúsalána?

Ég vil vænta þess, að hæstv. fjmrh. sjái sér fært að svara þessum spurningum.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Fyrsta spurning hv. þm. er á þessa leið: „Hve miklu nam álagður stóreignaskattur samkv. l. nr. 44 3. júní 1957?“ Þótt spurningin sé einföld, er svarið flókið, því að af þeim skatti, sem upphaflega var á lagður, stendur tæpur helmingur eftir. Dómstólar hafa farið höndum um skattalögin og dæmt sum ákvæði þeirra stjórnarskrárbrot. En ef litið er yfir upphæðir skattsins og þær breytingar, sem þær hafa tekið, þá er sú saga í stórum dráttum á þessa leið:

Álagningu skatts þessa var upphaflega lokið 15. febr. 1958. Var talið, að skatturinn næmi um 135 millj. En mjög fljótt varð vart villu í þessari tölu, og reyndist skatturinn eiga að vera 136.6 millj. kr. Margir skattþegnar kærðu skattálagninguna til skattstjórans í Reykjavík, sem lagði á þennan skatt. Skattstjórinn mun hafa lokið við að afgreiða kærur og reikna út skattinn að nýju í ágúst 1958. Þá var talið, að heildarskatturinn næmi 125.9 millj. kr.

29. nóv. 1958 gekk hæstaréttardómur í máli Guðmundar Guðmundssonar o. fl. gegn fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs. Með þessum dómi voru

felldar úr gildi reglur l. nr. 44 frá 1957 varðandi verðmætismat á eign í hlutafélögum og talið, að hlutabréf skyldu við álagningu þessa skatts metin á sannvirði. Hæstiréttur lagði fyrir skattayfirvöld að leggja skattinn á að nýju miðað við þessar reglur.

Skattstjórinn í Reykjavík hófst nú handa að meta sannvirði hlutabréfa og reikna skattinn að nýju. Var því lokið í marzmánuði 1959. Var nú talið, að heildarskatturinn næmi 113.3 millj. kr.

Þessi skattákvörðun og verðmætismat var síðan kært til ríkisskattanefndar. Í maímánuði 1959 ákvað ríkisskattanefnd nýjan grundvöll fyrir verðmætismati á hlutabréfum. Var síðan hafizt handa um að endurreikna skattinn með hliðsjón af úrskurði þessum og öðrum úrskurðum ríkisskattanefndar, er almenna þýðingu höfðu. Þessum endurreikningi var lokið í des. 1959. Var nú talið, að heildarskattfjárhæðin væri alls 73.5 millj. kr.

Í des. 1959 gekk hæstaréttardómur í síðari hluta máls Guðmundar Guðmundssonar o. fl. varðandi skattinn. Voru þá felld úr gildi ákvæði l. nr. 44 frá 1957 um fyrirframgreiddan arf. Þessi dómur hafði í för með sér, að nauðsynlegt var að reikna skatt margra aðila að nýju.

Í okt. 1962 gekk dómur hæstaréttar í máli Eimskipafélags Íslands gegn fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs. Með þeim dómi var stórlækkað verðmætismat skattyfirvalda á hlutabréfum í Eimskipafélagi Íslands.

Eftir þeim upplýsingum, sem nú eru fyrir hendi, nemur skatturinn um 65.8 millj. kr. Hefur hann þá við dóma hæstaréttar og úrskurði skattyfirvalda lækkað úr 136.6 millj. um 70.8 millj. niður í 65.8. Þessi fjárhæð kann að breytast sökum þess, að enn er ólokið málum, sem risu út af þessari skattlagningu.

Önnur spurning hv. þm. er þessi: „Hve mikið hefur verið innheimt af skattinum og hve mikið á árunum 1961, 1962 og 1963 hverju um sig?“ Samkv. l. um stóreignaskattinn skyldi skatturinn greiddur að nokkru í peningum, en að öðru leyti í skuldabréfum til 10 ára. Af skattinum hafa verið greiddar í peningum og með skuldabréfum alls 39 millj. 881 þús., þar af árið 1961 2 millj. 923 þús., árið 1962 542 þús. og árið 1963 mínus 366 þús., þar sem á því ári þurfti að endurgreiða af því, sem áður hafði verið greitt af skattinum. Í sambandi við þetta er rétt að upplýsa, að vextir og afborganir af hinum umræddu skuldabréfum, sem þegar hefur verið greitt, nema 13.6 millj. kr.

Þriðja spurning hv. þm. er þessi: „Hve mikið af þessu fé hefur þegar verið afhent byggingarsjóði ríkisins vegna íbúðarhúsalána?“ Byggingarsjóði ríkisins hafa verið greiddar 14 millj. 746 þús. kr.

Ég hef þá svarað spurningum hv. þm., en tel rétt að bæta nokkrum aths. um mál þetta við svörin.

Lögin frá 1957 um stóreignaskatt voru sérstæð og óvenjuleg lög. Eins og hv. þm. er kunnugt, urðu miklar deilur á Alþingi um þau lög. Skal ég ekki rekja þær hér, en það var bent á af gagnrýnendum, að l. væru ósanngjörn, mismunuðu aðilum, væru varhugaverð gagnvart atvinnuvegum þjóðarinnar, þar sem þau íþyngdu þeim, og að með sumum ákvæðum l. og jafnvel l. í heild væri höggvið nærri stjórnarskránni. En saga þessara l., síðan Alþingi afgreiddi þau, er líka einstæð. Dómstólar landsins hafa árum saman síðan þurft að glíma við þann vanda, hvort þessi lög í heild eða einstök ákvæði þeirra væru brot gegn stjórnarskrá landsins. Hæstiréttur hefur beinlínis úrskurðað, að tiltekin ákvæði l. samrýmist ekki stjórnarskránni. Hæstiréttur dæmdi, að 4. gr. 1. mgr. l. um skattmat á eignum hluthafa í hlutafélögum samrýmdist ekki 67. gr. stjórnarskrárinnar, heldur skyldi miða skatt við sannvirði hlutabréfa. Í annan stað úrskurðaði hæstiréttur sem stjórnarskrárbrot ákvæði 2. gr. l. um, að fyrirframgreiddur arfur á árinu 1956 skyldi leggjast við eign þess, er greiðsluna innti af hendi, en l. voru staðfest 3. júní 1957 og áttu því að verka aftur fyrir sig að þessu leyti. Auk þessara lagaákvæða, sem hæstiréttur beinlínis ógilti, metur hann ýmis önnur ákvæði l. með gagnrýni, án þess að hann telji alveg fullnægjandi ástæðu til að fella þau ákvæði úr gildi.

Þar sem hér er um mjög mikilsvert mál að ræða, tel ég rétt að rekja aðeins í stuttu máli nokkur atriði úr dómum hæstaréttar varðandi það.

Í dómi hæstaréttar frá 29. nóv. 1958 segir hæstiréttur svo um mismunun félagsforma, eins og hann kemst að orði:

„Samkv. gögnum málsins eiga hlutafélög samkv. l. nr. 44 frá 1957 að svara til skatts sem nemur röskum 81 millj. kr., en samvinnufélög skulu standa skil á sköttum, sem nema 312 þús. kr.

Með ákvæði 4. gr. 2. mgr. l. er að vísu vikið frá þeim grundvelli, sem eignarskatturinn almennt er reistur á, og verður því ekki neitað, að þessum félagsformum er gert mishátt undir höfði með þessum skatthættum. Allt að einu er ekki unnt að telja lög nr. 44 1957 ógilda réttarheimild af þeim sökum.“

Í sama dómi segir hæstiréttur um verðmætismat við skattaákvörðun:

„Í reglum l. nr. 44 frá 1957 er hvikað í veigamiklum atriðum frá verðmætisreglum hinna almennu eignarskattslaga.

Skal landsnefnd sú, sem starfaði samkv. l. nr. 33 1955, endurskoða mat á lóðum og hækka það, ef henni lízt svo, en við þá hækkun á síðar að bæta 200% álagi.“

Síðar eru í dóminum raktar sérreglur um mat frystihúsa, sláturhúsa, vinnslustöðva sjávarafurða og landbúnaðarafurða, aðrar matsreglur fyrir flugvélar og fiskiskip og enn aðrar fyrir önnur skip. Hæstiréttur segir:

„Með þessu ákvæði (þ. e. 2. gr. l.) er verið að gera skattgjaldendum mishátt undir höfði.“

Um ákvæði 3. gr. l. um, að sum skuldabréf skuli undanþegin skattinum, segir hæstiréttur:

„Ákvæði þetta getur leitt til mismununar milli skattgjaldenda.“

Og að lokum segir svo í þessum dómi:

„Svo sem greint er hér að framan, fela ýmsar reglur l. nr. 44 1957 það í sér, að þeim skattaðilum, sem greindir eru í hinni almennu eignarskattslöggjöf, einstaklingum og félögum, er gert mishátt undir höfði.

Þykir ekki alveg fullnægjandi ástæða til að telja, að skattastefna l. nr. 44 1957 sé andstæð 67. gr. stjórnarskrárinnar".

Meðan dómar dundu yfir og hvert ákvæði l. eftir annað var ýmist fellt úr gildi sem stjórnarskrárbrot eða talið höggva mjög nærri því, meðan heildarskatturinn hrynur úr 136.6 millj. kr. niður í tæpan helming, vegna þess að l. og framkvæmd þeirra fá ekki staðizt nema að nokkru leyti og að ýmsum aðilum þurfti að endurgreiða, það þurfti að endurskoða skuldabréf og stórlækka þau, svo að nam mörgum millj. kr., — meðan þessu fór fram, þótti ekki fært að ganga svo að um innheimtuaðgerðir að selja á uppboði eignir manna, sem teknar höfðu verið lögtaki til greiðslu á skattinum. Það mátti búast við nýjum endurgreiðslum og ómerkingum einhverra ákvæða. Þá var farið inn á þá braut, í stað þess að leggja út á þá varhugaverðu leið að hefja uppboð og sölu á lögteknum eignum, að allir aðilar, sem ekki höfðu greitt eða gefið út skuldabréf, skyldu setja fullnægjandi tryggingar fyrir ógoldnum skatti. Það var gert, og eru lögmætar kröfur ríkissjóðs vegna stóreignaskattsins fulltryggðar.

Því er ekki að neita, að vegna þessarar sögu allrar hefur skapazt nýtt misræmi. Vegna allrar þessarar óvissu hefur orðið nokkurt misræmi gagnvart þeim, sem í upphafi greiddu skattinn og gáfu út skuldabréf og hafa síðan innt af hendi tilskildar afborganir og vexti.

En málin eru ekki útkljáð enn, því að málaferli standa enn yfir. Ég vil nefna tvö mál, sem liggja nú fyrir hæstarétti. Annað snýst um það, hvernig ákveða skuli skattinn, þegar aðili, sem situr í óskiptu búi eftir látinn maka, greiðir börnum þeirra eignir sem fyrirframgreiddan arf, og annað mál snýst um mat á hlutabréfum þess félags, sem þar á hlut að máli. En þrátt fyrir þetta líður nú senn að því, að lokið verði dómum í þessu máli, og þá þarf að finna sem skásta lausn á því, hvernig á að fara með þau slitur af stóreignaskattsl., sem eftir eru eða verða.

Ég vil segja það sem mína persónulegu skoðun, að með hliðsjón af því, hversu langan tíma þetta allt hefur tekið, hversu langur tími hefur farið í þessi málaferli, teldi ég sanngjarnt að lengja nokkuð greiðslutíma skuldabréfanna, sem upphaflega var ákveðinn 10 ár í l. frá 1957. Saga þessa máls ætti svo að verða hv. alþm. til varnaðar í framtíðinni, og vonandi draga menn lærdóm af þessari sorgarsögu, sem hefur orðið elzta löggjafarþingi veraldar til lítils sóma.

Fyrirspyrjandi (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir þau svör, sem hann hefur hér gefið við þessum spurningum, sem mér finnst að leiði í ljós býsna einkennilega framkvæmd á þessum lögum. Mér skilst á orðum hæstv. ráðh., að augljóst sé, að hæstiréttur hefur ekki viljað fallast á það, að þessi skattur brjóti í öllum meginatriðum í bága við stjórnarskrá landsins, svo að dómur hæstaréttar í þeim efnum hefur þegar fallið. Hins vegar hafði hæstiréttur gert aths. við tvö atriði, að mér skildist varðandi mat á hlutabréfum og fyrirframgreiddan arf, en slíkt voru vitanlega engin meginatriði í þessari löggjöf. En hins vegar er alveg greinilegt, að það hefur verið haldið á innheimtu á þessum skatti á allt annan hátt en gert hefur verið í öðrum tilfellum, þegar skattar hafa verið á lagðir í þessu landi, og sýnilega ekki einu sinni farið eftir því að innheimta þann skatt, sem óumdeilanlega stendur þó á lagður og enginn dómstóll út af fyrir sig hefur reynt að hnekkja. Verulegur hluti skattsins er enn þannig óinnheimtur. En horfið hefur verið að því ráði, sagði hæstv. ráðh., að láta þá sem áttu að vera búnir að greiða skattinn, setja greiðslutryggingu fyrir skattinum. Það er vitanlega allt annað en l. mæla fyrir um og allt annað en gert er í öðrum tilfellum.

Það er svo auðvitað mál út af fyrir sig, vangaveltur hæstaréttardómara í dómi sínum um það, hvað megi teljast sanngjarnt og hvað ekki sanngjarnt, þó að það raski ekki stjórnarskrárákvæðum, eins og t. d. það, að verið sé að mismuna vissum rekstrarformum, það sé verið að gera einu rekstrarforminu hærra undir höfði en öðru. Skyldum við hér á Alþingi vera óvanir því, að það séu ákveðnir mismunandi skattstigar á hina ýmsu aðila í landinu? Ég veit ekki betur en það liggi nú frv. fyrir þinginu, þar sem gert er ráð fyrir mismunandi skattstigum á hin ýmsu rekstrarform í landinu eftir því, hvort rekstrarformið er viðvíkjandi sjávarútvegi, iðnaði eða öðru. Það er vitanlega ekkert nýtt atriði. Og hvað sem hæstaréttardómarar segja um það, hvað þeim þykir sanngjarnt eða ekki sanngjarnt í þeim efnum, þá skiptir það ekki máli.

Nei, hér hefur sýnilega verið hafður sá háttur á, að sérstaklega nú síðustu árin, 1961, 1962 og 1963, hefur svo að segja verið horfið frá því að framfylgja l. Af þeim rúmlega 39 millj. kr. af skattinum, sem hafa verið innheimtar, hefur innheimtan 1961 verið 2.9 millj. og 1962 542 þús. og 1963 mínus 366 þús. kr. Það er alveg augljóst af þessu, að það hefur beinlínis verið horfið frá því að framfylgja l., horfið frá því að innheimta skattinn. Þetta tel ég vítavert og það eigi ekki að skipta máli, eins og ég sagði hér í upphafi míns máls, hvort viðkomandi ráðh. eða viðkomandi ríkisstj. er óánægð með lagasetninguna eða ekki. Það á ekki að ráða úrslitum um það, hvernig á að halda á meðferð þeirra laga, sem sett hafa verið á Alþingi. Það er svo hins vegar ljóst, að hæstv. fjmrh. er að hugleiða það að láta breyta þessum lögum, m. a. að gefa þeim, sem áttu að greiða skattinn, enn þá lengri greiðslufrest, ef það mætti þá kannske halda áfram þessum leik að efna til málaferla, eins og gert hefur verið, og tefja framkvæmdina á þann hátt. En sé það meining ríkisstj. að breyta l., þá á vitanlega að fara lagalega leið að því, leggja hér fram frv. um það á Alþingi og breyta þannig lögunum.

Mér sýnist sem sagt, að það sé alveg augljóst mál, að hér hafi verið farið í bága við gildandi lagaákvæði.

Það er svo ekki tími til þess hér í þessum fyrirspurnatíma að ræða um þau rök, sem lágu að álagningu skattsins og réttmæti skattsins, borið saman við aðra skattstofna ýmsa. Til þess er ekki tími. En ég hlýt að finna að því, að það skuli ekki hafa verið farið eftir gildandi l. um innheimtu á þessum skatti og þeir fengið að

njóta skattsins, sem áttu samkv. l. að njóta hans.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Það er nú örstutt mál, eins og vera ber eftir þingsköpunum.

Stóreignaskatturinn var lögleiddur árið 1957, eins og hér var sagt áðan, og í stóreignaskattsl. frá 1957 var í öllum aðaldráttum farið eftir sömu reglu og í stóreignaskattsl. frá 1950, sem Sjálfstfl. stóð að ásamt Framsfl. Það var búið eins að félögunum í báðum þessum skattalagabálkum, og ákvæðin um mat á eignum til skatts voru yfir höfuð byggð í aðalatriðum á sömu reglu. Hvor tveggja þessi lög voru byggð á því að meta eignir undir þáv. gangverði til þess að vera alveg vissir um, að ekki væri gengið of langt í skattlagningunni, og eignir í hlutafélögum átti að meta eftir verðmæti þeirra á sama hátt og aðrar eignir, en skattleggja hvern einstakling aðeins, en ekki félögin, og þá einstaklinga í landinu af þeirri eign, sem þeir ættu samtals í öllum félögum, hvort sem það voru samvinnufélög eða hlutafélög. Þetta voru fullkomlega réttmæt og réttlát skattalög, bæði þau, sem gerð voru 1950, og þau, sem gerð voru 1957.

En svo bregður þannig við, að þegar síðari lögin eru sett, er stofnað sérstakt félag til þess að reyna að komast hjá því með öllu hugsanlegu móti að greiða skattgjöldin samkv. lagaákvæðunum og farið í margvísleg mál til þess að reyna að véfengja einstök atriði í skattabálkinum. Og þar kom, að dómstólarnir dæmdu, að ólöglegt væri eða bryti í bága við stjórnarskrána að meta eignirnar í félögunum eftir innra verðmæti hlutabréfanna, en það var það, sem l. fjölluðu um, heldur ætti að meta hlutabréfin sjálf eftir líklegu söluverði eða gangverði þeirra. En þessi meginregla í seinni l. var sú sama og í þeim fyrri, en nú var reglan metin ólögleg. Þá varð að taka skattinn upp allan, eins og hæstv. fjmrh. gat um. Hér var um svo stórkostlegt atriði að ræða, að skatturinn lækkaði út af því mjög verulega, eins og hann gerði grein fyrir.

Þetta vildi ég nú segja út af þeim viðbótaraths., sem hæstv. ráðh. var að flytja hér áðan, að það hefði verið illa frá skattalögunum gengið.

Nú er það augljóst, að hæstv. ráðh. hefur ekki gengið fram í því að innheimta skattinn, eins og hefði átt að vera, og hann segir það vera vegna þess, að enn sé ólokið einhverjum málum út af skattinum. En hæstv. ráðh. veit það auðvitað jafnvel og við öll, sem hér erum inni, að það eru ævinlega í gangi margir tugir mála út af álagningu tekju- og eignarskatts, og ekki dettur nokkrum fjmrh. í hug, að það eigi að hætta við innheimtu á tekju- og eignarskattinum og bíða eftir því, að öllum málum ljúki. Það yrði þokkaleg innheimta á tekju- og eignarskatti, ef þannig ætti að haga sér. Slíkt er ekki hugsanlegt. Það eru ævinlega í gangi tugir mála fyrir dómstólum út af tekju- og eignarskattslöggjöfinni, hvort rétt sé farið að í framkvæmd hennar í einu og öðru tilliti. Slíkan hátt er því auðvitað ekki hægt að hafa á.

Ég ámæli hæstv. ráðh. ekki fyrir það, þó að hinkrað væri við, meðan stærsta málið var til meðferðar, því að það greip svo víða um sig. En nú síðustu árin hefði vitanlega átt að innheimta hiklaust stóreignaskattinn þrátt fyrir þessi smærri málaferli, sem hafa verið í gangi, að ég nú ekki tali um þessi smæstu mál, sem enn er ólokið.

Sjá allir, að hér liggur fiskur undir steini og skattborgararnir eru ekki látnir allir sitja við sama borð, því að þessi hæstv. fjmrh. er duglegur skattheimtumaður, — það held ég, að verði aldrei af honum skafið, — og leggur ekki fingurna á milli í því tilliti, því að hann er t. d. eini fjmrh. í sögu Íslands, sem hefur gengið svo langt að leggja skatt á fisksoðningu manna. En fram að þessu hefur hún verið óskattlögð.

Þá veit ég ekki til annars en þessi hæstv. ráðh. hafi látið ganga hraustlega fram í því að innheimta tekjuskattinn af tekjum manna og það af þeim, sem hafa haft minna undir höndum en þeir, sem eiga að greiða stóreignaskattinn. Þar hafa ekki verið lagðir fingurnir á milli. En það er eins og þar stendur, það er ekki sama Jón og séra Jón.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Það er auðvitað fróðlegt að heyra þá yfirlýsingu frá einum aðalhöfundi þessara laga enn í dag, að þetta séu réttmæt og réttlát skattalög. Hv. 1. þm. Austf. (EystJ) virðist ekki skipta það nokkru minnsta máli, hvað æðsti dómstóll landsins segir um l. Þó að hann sé búinn að ógilda viss ákvæði l. og fara þeim ummælum um mörg ákvæði þeirra og l. í heild, að jafnvel við að verði að fella þau úr gildi, þá kemur það auðvitað ekki við hv. 1. þm. Austf. Hann stendur á því enn þá, að þessi lög séu í einu og öllu réttmæt og réttlát.

Hv. 1. þm. Austf. segir, að það sé engin ástæða til þess að fresta framkvæmd l., þótt í gangi séu einhver málaferli út af þeim, þannig sé það um tekjuskatt og eignarskatt, að málin gangi jafnan út af þeim l. Skil ég ekki, hvernig hv. þm. dettur í hug að jafna slíku saman. Vitanlega fara menn í mál út af útsvari sínu og tekjuskatti og mörg slík mál í gangi á hverju ári. En er hægt að jafna því saman við löggjöf, þar sem þegar er búið að ógilda af æðsta dómstóli þjóðarinnar veruleg atriði löggjafarinnar og gagnrýna hana harðlega í öllum meginatriðum? Þetta er auðvitað ekki sambærilegur hlutur, enda eru þessi stóreignaskattslög frá 1957, sem betur fer, algert einsdæmi í sögu landsins.

Hv. sami þm. segir, að l. frá 1957 séu í öllum aðalatriðum byggð á stóreignaskattsl. frá 1950. Nú vil ég taka það fram, að ég fyrir mitt leyti var ekki ánægður með l. frá 1950 í öllum greinum. En ég vil taka það skýrt fram, að hér er farið með alveg staðlausa stafi, því að í mörgum meginatriðum eru l. frá 1957 á allt annan veg en l. frá 1950. Það þarf ekki frekar vitnanna við heldur en benda á þá dóma, sem gengið hafa í málunum.

Varðandi innheimtuna verð ég að segja það, að mér virðist nú skörin vera farin að færast upp í bekkinn, þegar tveir af þeim ráðh. úr vinstri stjórninni, sem stóðu að setningu þessarar endemislöggjafar, leyfa sér að koma hing-

að og deila á núv. ríkisstj. fyrir, að hún hafi brotið af sér í þessum efnum. Hv. þm. segja: Það átti að innheimta skattinn með harðri hendi. — Við skulum líta á, hvernig það hefði litið út. Upphaflega er skatturinn um 137 millj. Við skulum segja, að það hefði verið gengið eftir honum með harðri hendi og skilað þeim skatti og því, sem inn kom af skuldabréfum, til þeirra aðila, sem áttu að fá hann, undireins, þ. e. a. s. húsnæðismálastjórn ⅔ og veðdeild Búnaðarbankans ⅓. Síðan, þegar upp er staðið, er kannske búið að lækka skattinn niður í 60 millj. Hvað átti þá að gera? Átti þá ríkissjóður við endurgreiðslurnar, sem varð að inna af hendi, að snara út þeim tugum millj., sem þannig hefði verið búið að innheimta með hörkuaðgerðum, lögtökum og uppboðum að ólögum, eða átti að endurheimta það frá þeim húsbyggjendum, sem búnir voru að fá þetta að láni gegnum húsnæðismálastjórn og veðdeild? Hvernig dettur hv. þm. í hug að færa fram slíkar fjarstæður? Það liggur fyrir, að vegna þess, hve l. voru meingölluð og brutu í bág við stjórnarskrána, er skatturinn nú í dag tæpur helmingur af því, sem hann var í upphafi á lagður, og ef þetta hefði allt verið innheimt og afhent til lánveitinga handa húsnæðismálastjórn og Búnaðarbankanum, þá getur hver maður skilið sjálfur, hvar við stöndum.

Það er í rauninni ekki ástæða til þess að fara fleiri orðum um þetta mál. Ég held, að ég hafi gert næga grein fyrir því í minni fyrri ræðu. En hv. 5. þm. Austf. (LJós) lét orð falla á þá leið, að framkvæmd laga gæti ekki oltið á því, hvort einhver ráðh. eða einhver ríkisstj. væri óánægð með l. og hefði verið andvíg þeim. Það er ekki þetta, sem um er að ræða. Það, sem um er að ræða, er það, hvort þessi lög standast eða að hve miklu leyti þau standast fyrir dómstólum landsins, og ríkisstj. á Íslandi og einstakir ráðh. hafa engin áhrif á þá dóma, sem hæstiréttur kveður upp. Ég held, að hver maður, sem vill líta á þessi mál af sanngirni, hljóti að sannfærast um, að það hefði verið fásinna, meðan þessir dómar dundu yfir og hrikti í l. og vafasamt um tíma, hvort þau mundu standast í heild, — ég held, að hver sanngjarn maður hljóti að sjá, að það hefði verið fásinna ein og dregið mjög alvarlegan dilk á eftir sér, ef l. hefðu verið framkvæmd með harðri hendi og gengið í innheimtuaðgerðir, eins og ég lýsti áðan, með þeim afleiðingum, sem það hefði haft. Þetta held ég að flestir skilji nema þessir tveir hæstv. fyrrv. ráðh., sem náttúrlega eiga í vök að verjast, þar sem þeir voru aðalhöfundar laganna.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Það er ekki miklu við að bæta. Hæstv. ráðh. sagði, að það væri ólíku saman að jafna. Menn færu svo oft í mál út af útsvarinu sínu og tekjuskattinum, það væri ekki hægt að bíða eftir öllum þeim sæg af málum. En þetta er ekki rétt hjá hæstv. ráðh. Það er ekki venja manna, heldur hitt, að kæra útsvörin og tekjuskattinn. En það er samt oft í gangi fjöldamargt af málum út af prinsip-atriðum í sambandi við tekjuskattsl. eins og prinsipatriðum í sambandi við stóreignaskattsl., og dettur samt engum manni í hug að bíða eftir því með innheimtur, að þar sé algerlega hreint borð. Það er þetta, sem máli skiptir.

Hæstv. ráðh. segir, að stóreignaskattsl. frá 1957 séu í mörgum meginatriðum öðruvísi en stóreignaskattsl. frá 1950. Þetta er algerlega rangt hjá hæstv. ráðh., eins og ég upplýsti áðan, því að í l. frá 1957 eru í öllum aðalatriðum, bæði að því er varðar skattlagningu á eignir í félögum og eins að því er varðar matið á eignum til skatts, hliðstæð ákvæði og í flestum þeim atriðum alveg eins ákvæði og l. frá 1950. Hitt er svo annað mál, að menn fundu upp á því að reyna að nota alls konar undanbrögð til að komast hjá því að greiða skattinn eftir l. frá 1957, sem mönnum hafði ekki verið eins ríkt í huga 1950.

Ég hef aldrei sagt, að það hafi átt að innheimta skattinn með harðri hendi, áður en prinsip-dómurinn gekk um matið á hlutabréfunum, eins og hæstv. ráðh. vildi halda fram að ég hefði sagt. Ég sagði þvert á móti, að ég teldi, að það hefði verið eðlilegt að bíða eftir þeim dómi, vegna þess að hann var svo stórkostlegt atriði og gat raskað grundvellinum svo mjög. En þegar sá dómur var kominn, átti að mínu viti að ganga í eðlilega innheimtu á þessum skatti, eins og gert er, þegar hliðstætt stendur á í sambandi við tekju- og eignarskattinn.

28. Frestun verklegra framkvæmda 1964.

Á 70. fundi í Sþ., 29. apríl, var útbýtt:
Fsp. til ríkisstj. um frestun verklegra framkvæmda á árinu 1964 [219. mál] (A. 512).

Á 71. fundi í Sþ., 30. apríl, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 36 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Sþ., 6. maí, var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Í l. nr. 1. 1964 er hæstv. ríkisstj. heimilað að fresta framkvæmdum, sem fé er veitt til á fjárl. 1964. Nú er spurningin, sem hér er borin fram: Hyggst ríkisstj. nota þessa heimild, og sé svo, þá hvaða framkvæmdum hyggst hún fresta?

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ríkisstj. hefur enn ekki tekið ákvörðun um neina frestun framkvæmda samkv. þeim l., sem hér er vitnað til, og hvort svo verður gert, fer algerlega eftir framvindu efnahagsmála á þeim hluta ársins, sem eftir er.

Fyrirspyrjandi (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Mér þykir miður, að hæstv. ráðh. skuli ekki geta gefið mönnum upplýsingar um þetta, því að það hefði verið afar æskilegt fyrir þm. að fá hugmynd um stefnu ríkisstj. í þessu, áður en þeir fara heim af þingi. En e. t. v. gæti stjórn-

in í næstu viku eða síðustu viku þingsins, sem kannske verður næsta vika, gefið þessar upplýsingar. En ég vil nota þetta tækifæri, um leið og ég stend upp aftur, til að segja, að mín skoðun er sú, að ástandið í skólamálum, sjúkrahúsmálum, samgöngumálum, hafnarmálum og þvílíkum efnum, sem fé er veitt til á fjárl., sé slíkt, að ekki eigi að koma til mála að láta takmarkaðar fjárveitingar til þessara mála á fjárl. standa ónotaðar. Mín skoðun er sú, að sé skortur á vinnuafli, beri að draga úr öðrum framkvæmdum en þessum, sem minni þýðingu hafa þjóðhagslega, svo að vinnuaflið gæti fengizt í þessar framkvæmdir, sem fé er veitt til, og einnig handa sjálfri framleiðslunni. Þetta vil ég, að komi fram í sambandi við þetta mál.

29. Áburðarverksmiðja.

Á 73. fundi í Sþ., 6. maí, var útbýtt:
Fsp. til landbrh. um Áburðarverksmiðjuna h/f [226. mál] (A. 576).

Á 74. fundi í Sþ., 8. maí, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfði skyldi.
Fsp. leyfð með 37 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Sþ., 13. maí, var fsp. tekin til umræðu.
Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.